

SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

FYRIR ÁRIN 2005-2006



SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árin 2005 og 2006

SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árin 2005 og 2006



Skipan óbyggðanefndar árin 2005 og 2006:

Kristján Torfason fyrrverandi dómstjóri, formaður
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

Varamenn:

Benedikt Bogason héraðsdómari
Halldór Jónsson hæstaréttarlögmaður
Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómslögmaður (veitt lausn 2006)
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri (skipuð 2006)

Ritarar:

Hulda Árnadóttir lögfræðingur
Guðjón Ármannsson lögfræðingur
Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur

Umbrot og prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Forsíðumyndir © Mats Wibe Lund – www.mats.is
Esja, Trölladyngja, Stóra-Reykjafell og Bláfjöll

1. prentun, nóvember 2008

Útgefandi: Óbyggðanefnd

Efnisyfirlit

Formáli	7
Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu	10
Úrskurður í máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd	
Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að engar þjóðlendar væru á svæðinu. Þau svæði sem þjóðlendukrafa ríkisins tók til voru talin eignarlönd, innan marka jarða. Þ.á m. er landsvæði sem ríkið nefndi „Suðurnesjaalmenning“.....	13
Úrskurður í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið	
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Reykjavíkur, Seltjarnarness og Kópavogs, var úrskurðaður þjóðlenda og afréttur. Hluti eignarlandskröfusvæðis eigenda jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns talinn innan þjóðlendunnar. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluti Almennings-skóga Álftaness), nú Garðabæjar, Hafnarfjarðar og sveitarfélagsins Álftaness, úrskurðaður þjóðlenda og afréttur. Þjóðlendukröfu íslenska ríkisins til „Almennings í Hafnarfirði“, „fjallendis Garðakirkju“, „eyðijarðarinnar Vilborgarkots“ og þess hluta Mosfellsheiðar sem er innan marka jarðarinnar Stóra-Mosfells, samkvæmt landamerkjabréfi, var öllum hafnað.	287
Úrskurður í máli nr. 3–4/2004, Kjalarnes og Kjós	
Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að engar þjóðlendar væru á svæðinu. Þjóðlendukröfu ríkisins til efsta hluta Esju og Blikdals var þannig hafnað. Svæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða á Kjalarnesi og í Kjós.	607
Úrskurður í máli nr. 5/2004, Grafningur ásamt Þingvallasveit	
Grafningsafréttur var úrskurðaður þjóðlenda og afréttur jarða í fyrrum Grafningshreppi. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins á svæðinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða.....	813
Úrskurður í máli nr. 6/2004, Ölfus	
Ölfus- og Selvogsafréttir úrskurðaðir þjóðlendar og afréttir. Athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur í Sleggjubeinsskarði talið eignarland. Hluti eignarlandskröfusvæðis Orkuveitu Reykjavíkur vegna jarðanna Þurár, Núpa, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu og Litla- og Stóra-Saurbæjar var talinn falla utan marka jarðanna og úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign.	885
Kort af þjóðlendlínu á Suðvesturlandi sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1–6/2004.	1080

FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í fjórða sinn og tekur til árána 2005 og 2006. Í henni eru birtir fimm úrskurðir sem nefndin kvað upp árið 2006 og varða landsvæði á Suðvesturlandi. Þess ber að geta að frá uppkvaðningardegi hafa úrskurðirnir verið öllum aðgengilegir á heimasíðu óbyggðanefndar.

Helstu verkefni óbyggðanefndar á árunum 2005 og 2006 voru uppkvaðning úrskurða í málum nr. 1–5/2004, á Suðvesturlandi (svæði 4 hjá óbyggðanefnd), meðferð mála nr. 1–5/2005 (svæði 5) og meðferð austanverðs Norðurlands (svæði 6).

Á því tímabili sem skýrslan tekur til lét undirritaður af starfi framkvæmdastjóra óbyggðanefndar og við starfinu tók Sif Guðjónsdóttir, áður skrifstofustjóri. Sú breyting varð á skipan varamanna í óbyggðanefnd að Ragnheiði Bragadóttur var veitt lausn að eigin ósk og Sif Guðjónsdóttir var skipuð í hennar stað.

Nokkrar breytingar urðu á starfslíði skrifstofunnar. Hulda Árnadóttir lögfræðingur og Kristjana Hildur Kristjánadóttir landfræðingur létu af störfum og eru þeim þökkuað vel unnin störf fyrir óbyggðanefnd. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur og lögfræðingarnir Guðjón Ármannsson og Kristín María Gunnarsdóttir komu í þeirra stað. Hvort sumar starfaði einn laganemi á skrifstofunni, þeir Ólafur Freyr Frímannsson 2005 og Þorsteinn Magnússon 2006.

Að því er varðar nánar framvindu áðurnefndra verkefna ber þess fyrst að geta að úrskurðir í málum nr. 1–5/2004, á Suðvesturlandi (svæði 4), voru kveðnir upp hinn 31. maí 2006. Um er að ræða þjóðlendukröfussvæði íslenska ríkisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og þeim hluta Árnassýslu sem nefndin hafði ekki þegar úrskurðað um. Úrskurðirnir eru birtir í heild sinni í þessu riti.

Kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendu á Norðausturlandi (svæði 5) fóru í lögboðna kynningu snemma árs 2005 og var lýst eftir kröfum þeirra er teldu sig eiga þar öndverðra hagsmuna að gæta. Eftir að kröfur gagnadila íslenska ríkisins bárust fór fram kynning á heildarkröfum á svæðinu og lauk henni fyrir hluta sumars. Ákveðið var að skipta svæðinu í fimm mál og fóru fyrstu fyrirtökur fram síðsumars. Svæði 5 tekur til Öxarfjarðarhrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps, Fljótaldshrepps og hluta Fljótaldshéraðs (fyrrum Norður-Hérað og Fellahreppur).

Á árinu 2006 tók óbyggðanefnd til meðferðar austanvert Norðurland (svæði 6), nánar tiltekið Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp, Þingeyjarsveit, Skútustaðahrepp, Aðaldælahrepp, Tjörneshrepp og þann hluta Norðurþings sem áður tilheyrði sveitarfélagunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi. Auk þess fellur svokölluð Krepputunga innan svæðis 6, en hún var á sínum tíma skilin frá svæði 5 hjá óbyggðanefnd. Ákvörðun um meðferð svæðisins var tilkynnt fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um miðjan júní og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendu á svæðinu. Kröfur fjármálaráðherra bárust nefndinni í byrjun nóvember árið 2006.

Árið 2005 gengu tveir dómur í Hæstarétti sem vörðuðu þjóðlendumál. Þar reyndi fremur á reglur einkamálaréttarfars og þær málsmeðferðarreglur sem gilda fyrir óbyggðanefnd en sönnun um eignarréttarlega stöðu landsvæða. Annars vegar er um að ræða dóm réttarins 13. maí í máli nr. 217/2005 (Hólar) og hins vegar 6. september í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III). Af síðarnefnda dómnum verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Því er brýnna en ella að málsaðilar vandi til kröfugerða sinna fyrir nefndinni.

Árið 2006 kvað Hæstiréttur upp sjö dóma varðandi þjóðlendumál. Í einum þeirra, þ.e. dómi réttarins 12. október í máli nr. 93/2006 (Hólar), reyndi einkum á reglur einkamálaréttarfars. Í hinum sex dómunum reyndi hins vegar á heimildamat og sönnunarkröfur en þar dæmdi Hæstiréttur um eignarréttarlega stöðu landsvæða sem óbyggðanefnd hafði áður fjallað um. Nánar tiltekið er þar um að ræða þrjá dóma réttarins frá 11. maí 2006 í málum nr. 345/2005 (Fell), nr. 454/2005 (Ærfjall) og nr. 496/2005 (Skaftafell II, Breiðármörk og Fjall); tvo dóma frá 28. september, í málum nr. 497/2005 (Hoffellslambatungur) og nr. 498/2005 (Stafafell) og tvo dóma frá 5. október í málum nr. 67/2006 (Skjaldbreiður og nágrenni) og nr. 133/2006 (Hrunaheiðar).

Í framangreindum dómum Hæstaréttar staðfesti rétturinn niðurstöður óbyggðanefndar varðandi Skaftafell II (mál nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd), Hoffellslambatungur (mál nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd), Stafafell (mál nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd), Skjaldbreið og nágrenni (mál nr. 2/2000 hjá óbyggðanefnd) og Hrunaheiðar (mál nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd). Rétturinn komst hins vegar að annarri niðurstöðu en nefndin varðandi Fell (mál nr. 2/2001 hjá óbyggðanefnd), Ærfjall (mál nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd), Breiðármörk (mál nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd) og Fjall (mál nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd). Við úrskurði á svæði 4 var litið til þeirra dóma sem fallnir voru áður en úrskurðirnir voru kveðnir upp.

Af dómsforsendum Hæstaréttar í málum Hoffellslambatungna, Stafafells, Skjaldbreiðs og Hrunaheiða má ráða að rétturinn byggir að miklu leyti á sjónarmiðum sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar. Í máli Stafafells er staðfest sú niðurstaða óbyggðanefndar að landamerkjabréf jarða séu ekki óbyggðandi heimildir um afmörkun þeirra ef eldri heimildir mæla þeim í mót. Þá benda dómur réttarins í málum Hoffellslambatungna og Hrunaheiða, þar sem niðurstaðan var sú að um þjóðlendir í afréttareign væri að ræða, til þess að mat réttarins á heimildum um eignarréttarlega stöðu afrétta einstakra jarða eða stofnana sé með sambærilegum hætti og hjá óbyggðanefnd. Dómur Hæstaréttar varðandi Fell, Fjall og Breiðármörk gefa hins vegar tilefni til vangaveltna um hvort rétturinn geri strangari kröfur en óbyggðanefnd um sönnun þess að land falli innan marka jarða, svo og þess að land innan marka jarða sé háð beinum eignarrétti. Þó ber að hafa í huga að mörg atriði eru samofin og lögð til grundvallar hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu ber því að fara varlega í að draga víðtækar ályktanir af hinum síðastnefndu dómum.

Umsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Þorsteins Magnússonar og Kristínar Maríu Gunnarsdóttur, lögfræðinga hjá óbyggðanefnd. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir framlag þeirra.

Reykjavík, 15. október 2008

Kristján Torfason

YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐ




ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)

- Málsmeðferð lokið
- Málsmeðferð á lokastigi
- Málsmeðferð hafin
- Málsmeðferð ekki hafið

ÖLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



og úrskurðir kveðnir upp

stigi og úrskurða að vænta

afin

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

mál nr. 1/2004

Grindavík og Vatnsleysuströnd



31. maí 2006

EFNISYFIRLIT

1.	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	17
2.	MÁLSMEÐFERÐ	18
2.1.	Hlutverk og skipan óbyggðanefndar.....	18
2.2.	Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar.....	18
2.3.	Lýstar kröfur og kynning.....	19
2.4.	Mál nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.....	20
3.	KRÖFUGERÐ	22
3.1.	Kröfur íslenska ríkisins.....	22
3.2.	Kröfur Eggerts Kristmundssonar o.fl. vegna jarða í Brunnastaðahverfi (Austurkots, Efri-Brunnastaða, Halakots, Naustakots, Neðri-Brunnastaða, Skjaldarkots, Suðurkots I-II og Traðarkots).....	22
3.3.	Kröfur eigenda jarða í Hlöðuneshverfi (Halldórsstaða, Hlöðuness og Narfakots).....	23
3.4.	Kröfur Helga Davíðssonar o.fl. vegna jarða í Ásláksstaðahverfi (Ásláksstaða og Sjónarhóls).....	24
3.5.	Kröfur Birgis Þórarinssonar o.fl. vegna jarðarinnar Knarrarness (Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I og II).....	24
3.6.	Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Breiðagerðis.....	25
3.7.	Kröfur eigenda jarða innan Auðnahverfis (Auðna, Bergskots og Höfða).....	26
3.8.	Kröfur Margrétar Guðnadóttur vegna jarðarinnar Landakots.....	27
3.9.	Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Þórustaða.....	28
3.10.	Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Kálfatjarnar.....	28
3.11.	Kröfur Sæmundar Þórðarsonar o.fl. vegna jarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu.....	29
3.12.	Kröfur Sauðafells sf. vegna jarðanna Hvassahrauns I og II.....	30
3.13.	Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna spildu úr landi Hvassahrauns.....	31
3.14.	Kröfur Sigurðar Guðjóns Gíslasonar o.fl. vegna jarðarinnar Hrauns.....	31
3.15.	Kröfur Héraðsnefndar Suðurnesja vegna jarðarinnar Krýsuvíkur.....	32
4.	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	35
4.1.	Inngangur.....	35
4.2.	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	35
4.3.	Vettvangsferð.....	36
4.4.	Skýrslutökur.....	37
5.	SAGA JARÐA OG AFRETTARNOTA	38
5.1.	Inngangur.....	38
5.2.	Landnám á Reykjanesskaga.....	38
5.3.	Grindavíkurhreppur.....	39
5.3.1.	<i>Lýsing Grindavíkursóknar</i>	39
5.3.2.	<i>Hraun</i>	40
5.3.3.	<i>Krýsuvík</i>	49
5.4.	Vatnsleysustrandarhreppur.....	70
5.4.1.	<i>Brunnastaðahverfi</i>	70
5.4.2.	<i>Hlöðuneshverfi</i>	73
5.4.3.	<i>Ásláksstaðahverfi</i>	75
5.4.4.	<i>Knarrarnes</i>	78
5.4.5.	<i>Breiðagerði</i>	81
5.4.6.	<i>Auðnahverfi</i>	84
5.4.7.	<i>Landakot</i>	87
5.4.8.	<i>Þórustaðir</i>	89
5.4.9.	<i>Kálfatjörn</i>	92
5.4.10.	<i>Flekkuvík</i>	100

5.4.11.	<i>Stóra- og Minni-Vatnsleysa</i>	101
5.4.12.	<i>Hvassahraun</i>	106
5.5.	Seljabúskapur á Suðurnesjum	108
5.6.	Afréttarnot í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi	112
5.7.	Almenningar á Suðurnesjum	119
6.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	125
6.1.	Inngangur	125
6.2.	Landnám	127
6.3.	Hraun	128
6.4.	Krýsuvík	133
6.5.	Brunnastaðarhverfi	141
6.6.	Hlöðuneshverfi	145
6.7.	Ásláksstaðarhverfi	149
6.8.	Knarrarnes	154
6.9.	Breiðagerði	158
6.10.	Auðnahverfi	162
6.11.	Landakot	167
6.12.	Þórustaðir	171
6.13.	Kálfatjörn	175
6.14.	Vatnsleysa	180
6.15.	Hvassahraun	185
6.16.	Réttarstaða ætlaðra almenninga í Grindavík og á Vatnsleysuströnd	189
6.17.	Um málskostnað	193
7.	ÚRSKURÐARORÐ	194

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og 7/2006, tekið fyrir málið

**nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan Vagn Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl. og Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Eggert Kristmundsson o.fl. vegna jarða í Brunnastaðahverfi (Austurkots, Efri-Brunnastaða, Halakots, Naustakots, Neðri-Brunnastaða, Skjaldarkots, Suðurkots I–II og Traðarkots).

Nesbúegg ehf. o.fl. vegna jarða í Hlöðuneshverfi (Halldórsstaða, Hlöðuness og Narfakots).

Helgi Davíðsson o.fl. vegna jarða í Ásláksstaðahverfi (Ásláksstaða og Sjónarhóls).

Birgir Þórarinnsson o.fl. vegna jarðarinnar Knarrarness (Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I og II).

Hitaveita Suðurnesja vegna jarðanna Breiðagerðis, Þórustaða, Kálfatjarnar og spildu úr landi Hvassahrauns.

Jakob Árnason o.fl. vegna jarða í Auðnahverfi (Auðna, Bergskots og Höfða).

Margrét Guðnadóttir vegna jarðarinnar Landakots.

Sæmundur Þórðarson o.fl. vegna jarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu.

¹Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Sauðafell sf. vegna jarðanna Hvassahrauns I–II.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Sigurður Guðjón Gíslason o.fl. vegna jarðarinnar Hrauns.

Héraðsnefnd Suðurnesja vegna jarðarinnar Krýsuvíkur.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Hlutverk og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000 og 7/2005. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómsslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 27. október 2003, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum, auk þess hluta Árnassýslu sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið fjórða sem kemur til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til norðurs af mörkum Kjósarhrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem fylgja suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi, en þau byrja við Botnsvog og enda í Háu-Súlu, og þegar austar dregur af suðurmörkum þeirra jarða sem óbyggðanefnd tók afstöðu til í málum á svæði 1 (nr. 1–7/2000, varðandi uppsveitir Árnassýslu). Að austan afmarkast svæðið af Þjórsá, en að sunnan og vestan

af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.² Fjármálaráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Árborgar, auk Bændasamtaka Íslands, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 20. febrúar 2004, og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi bárust 20. febrúar 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004, Fréttablaðinu 4. mars og Morgunblaðinu 7. mars, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 3. júní 2004. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

²Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort).

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítilliga í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í lok júní 2004.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, frá 1. júlí til 3. ágúst 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 10. ágúst 2004. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 7 hlutum og 4 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 61 kröfulýsing ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Kröfulýsingar þessar taka til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða á Suðvesturlandi, stundum sameiginlega.

2.4. Mál nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd

Í ágúst 2004 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í sex mál, þ.e. mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd, mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið, mál nr. 3/2004 Kjalarnes, mál nr. 4/2004 Kjós, mál nr. 5/2004 Grafningur og mál nr. 6/2004 Ölfus.

Mál nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd, sem fjallar um landsvæði í sveitarfélaginu Vogum og Grindavík, var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 24. ágúst 2004. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málinu og færi gefið á athugasemdum. Engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna

að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendlaga. Þá var eftirfarandi fært til bókar: „Með bréfi, dags. 10.3.2004, gerði Vatsleysustrandarhreppur athugasemd við þau hreppamörk sem stuðst var við í kröfugerð íslenska ríkisins þar sem ekki var gert ráð fyrir óvissu um mörk Grindavíkur og Vatsleysustrandarhrepps. Af því tilefni ritaði óbyggðanefnd Vatsleysustrandarhreppi bréf þar sem útskýrt var að íslenska ríkið hefði dregið kröfur sínar inn á kortagrunn Landmælinga Íslands og að í þessum gögnum fælist ekki afstaða óbyggðanefndar til sveitarfélagamarka.“ Jafnframt segir svo: „Að gefnu tilefni vill óbyggðanefnd láta færa það til bókar að í skiptingu svæðisins í mál felist á engan hátt afstaða nefndarinnar til sveitarfélagamarka á svæðinu. Sé ágreiningur um sveitafélagamörk þarfnast það sérstakrar athugunar og hugsanlega málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, sbr. bráðabirgðaákvæði sveitastjórnarlaga.“ Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við aðra fyrirtöku málsins, 21. september 2004, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 19. október sama ár, var lögð fram ein slík greinargerð og önnur við fjórðu fyrirtöku, 17. febrúar 2005. Við þessi tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar sem og fyrirkomulag vettvangsferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 21., 22. og 24. febrúar 2005 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Fram kom að lögmenn hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í Eldborg, Grindavíkurkaupstað. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.–4.4. og vísast þangað.

Þann 11. maí 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ³

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er gerð sú krafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Grindavík og Vatnsleysuströnd:

„Fyrsti punktur á þessu kröfuvæði gagnvart Grindavík er í Fagradalsvatnsfelli (A) þaðan í Hraunsselsvatnsfell (B) og síðan til austurs í Selsvallafjall (C) rétt norðan við Þrengslin. Frá punktinum í Selsvallarfjalli skal draga línu í Trölladyngju (D) og þaðan skal draga línuna yfir punkt n. v. við Fjallið Eina (E), þaðan í Vatnsskarð (F) og svo austur í syðra horn á Fagradalsbrún (G), síðan eftir línu, sem dregin er milli Lyngskjaldar og Breiðadals suður í Lyngskjöld (H). Frá Lyngskildi skal draga línu í skurðpunkt á sýslumörkum (I), þar sem lína úr Kistufelli sjónhendingu í Kálfahvamm vestan í Geitafelli sker sýslumörkin.

Fyrsti punktur í norðurlínu kröfugerðar um þjóðlendumörk gagnvart Vatnsleysustrandarhreppi er sá sami og upphafspunktur á suðurlínu gagnvart Grindavík, eða Fagradalsvatnsfell (A). Þaðan er dregin lína beint í Keili (B) og þaðan í hornpunkt á mörkum (C) Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlið Hvassahraunlands. Þaðan er fylgt teiknuðum jaðri Almenninga inn fyrir mörk Hafnarfjarðar á mörkum jarðanna Lónskots, Óttarstaða, Þorbjarnarstaða (D).“

3.2. Kröfur Eggerts Kristmundssonar o.fl. vegna jarða í Brunnastaðahverfi (Austurkots, Efri-Brunnastaða, Halakots, Naustakots, Neðri-Brunnastaða, Skjaldarkots, Suðurkots I-II og Traðarkots)

Af hálfu Eggerts Kristmundssonar o.fl. vegna jarða í Brunnastaðahverfi (Austurkots, Efri-Brunnastaða, Halakots, Naustakots, Neðri-Brunnastaða, Skjaldarkots, Suðurkots I–II og Traðarkots) er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hverfisins séu þessi:

Landamerkjalyking Brunnastaðahverfis er frá 20. maí 1890. Undir það er ritað vegna Hlöðuneshverfis og fyrir Norður-Suður Voga:

1. Landamerki milli Hlöðuness og Brunnastaðahverfis eru úr Markakletti (p. 1)... þaðan beina línu norðanhalt við Brunnastaðasel (p. 2) og svo þaðan beina línu til fjalls, svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland er talið (p. 3).

2. Landamerki milli Brunnastaðahverfis, Norður og Suðurvoganna eru: Úr dýpsta ós (p. 4) sem til sjávar fellur í Djúpavogi, upp í vörðu sem stendur fyrir framan

³Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Sjá einnig umfjöllun í kafla 6.1. um breytingar á kröfum og aðild vegna jarða í Vogatorfu og jarðarinnar Flekkuvíkur.

presthóla, þaðan í vörðu á Hrafnagjárnarmí „Leif-Þórð“ (p. 5) ..., þaðan í markhól (p. 6) og þaðan beina línu upp í fjall, svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland er talið (p. 7).“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3. Kröfur eigenda jarða í Hlöðuneshverfi (Halldórsstaða, Hlöðuness og Narfakots)

Af hálfu Nesbúeggja o.fl. vegna jarða í Hlöðuneshverfi (Halldórsstaða, Hlöðuness og Narfakots) er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hverfisins séu þessi:

Landamerkjabréf Hlöðuneshverfis er ritað 22. maí 1890 og samþykkt vegna Brunnastaðahverfa, Hlöðuneshverfis og Ásláksstaðahverfis. Það lýsir merkjum þannig:

Milli Hlöðuness og Brunnastaðahverfa: Frá svonefndum markakletti (p. 1). þaðan beina línu norðanvert við Brunnastaðasel (p. 2) til fjalls svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær (p. 3).

Milli Hlöðuness og Ásláksstaðahverfa: Frá ós þeim sem lengst skerst uppá land inn úr svokölluðu Álfasundi (p. 8) ... og þaðan beina línu sunnan til við gamla Hlöðunessel (p. 10) til fjalls svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær (p. 11).“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4. Kröfur Helga Davíðssonar o.fl. vegna jarða í Ásláksstaðahverfi (Ásláksstaða og Sjónarhóls)

Af hálfu Helga Davíðssonar o.fl. vegna jarða í Ásláksstaðahverfi (Ásláksstaða og Sjónarhóls) er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hverfisins séu þessi:

Landamerkjalyýsing jarðarinnar er rituð 31. desember 1921 og samþykkt frá Sjónarhól, Innri-Ásláksstöðum, Hallandanum, Miðbæjarbúð, Ytri Ásláksstöðum, Móakoti, Knarrarnesi.

Merkjalyýsingin hefst á þessum orðum: „Ásláksstaða-hverfi tilheyrir land allt, girt og ógirt á milli Hlöðuness-hverfis að sunnan og Knarrarness að innan, svo langt til heiðar eða fjalls, sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær.“

1. Að sunnan milli Hlöðunes-hverfis annars vegar og Ásláksstaðahverfis hins vegar (að innan) eru þessi landamerki: ... í Álfshól (p. 9) beina stefnu í hól, sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli sunnan til við Ásláksstaðaholt í Hrafnshóla sunnan til við gamla Hlöðunes (p. 10) til fjalls (p. 11).

2. Að innan milli (Sjónarhóls) Ásláksstaðahverfis að sunnan og Knarrarness að innan, eru þessi landa- og fjöruerki: ... beint í Knarrarnesholt (p. 14), þaðan í Eldborgargreni (p. 15), þaðan beint í Krísuvíkurland (p. 16).“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Kröfur Birgis Þórarinssonar o.fl. vegna jarðarinnar Knarrarness (Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I og II)

Af hálfu Birgis Þórarinssonar o.fl. vegna jarðarinnar Knarrarness (Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I og II) er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Landamerkjabréf jarðarinnar er ritað 11. júní 1886 og lýsingin felur í sér merki jarðanna Stóra-Knarranesi og Minna-Knarranesi og eru mörkin þessi:

1. Að austanverðu milli Stóra-Knarrarness að vestan og Breiðagerðis að austan: ... þaðan í neðri enda svonefnds Merkigarðs (p. 18), er liggur fyrir austurenda Stóra-Knarrarnestúns, og er garður þessi í mörkum það sem hann nær, upp að túngarði, þaðan í nyrðri (eystri) Geldingarhól (p. 19), þaðan um nyrðri Keilisbróður (p. 20) beint að landi Krísuvíkur (p. 21). Einungis frá þeim enda Merkjagarðs, er til heiðar snýr, er heiðin óskipt land, er eigendur Knarrarnesja eiga saman eftir jarðarhundraða tiltölu.

2. Að vestanverðu milli Knarrarness og Ásláksstaða: ... þaðan sunnan til við svonefnda Digruvörðu (p. 13) fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarrarnesholt sunnanhalt (p. 14), þaðan í Eldborgargren (p. 15), þaðan beint í Krísuvíkurland (p. 16). Hversu sunnanhöll við markalínuna að Digravarða og Knarrarnesholti eru, sést þegar bein lína er dregin frá Klöppinni í Eldborgargren.“

Við aðalmeðferð málsins, 24. febrúar 2005, var bókað að gerð væri sú breyting á kröfulínum á korti vegna Knarrarness að þær skyldu ná alla leið að Krýsuvíkurlandi.

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6. Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Breiðagerðis

Af hálfu Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Breiðagerðis, ofan Vatnsleysustrandarvegar, er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðarinnar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Landamerkjalysing Breiðagerðis er rituð 11. júní 1886. Undir það er ritað samþykki fyrir Knarrarnes, Hrólfsskála, Bergskots og Auðnahverfi, auk Höfða.

Lýsingin byrjar þannig, að jörðinni tilheyri land allt með gögnum og gæðum til lands og sjávar milli Bergskots, Höfða og Auðna að norðanverðu og Stóra-Knarrarness að sunnanverðu. Síðan er nánar farið í merki:

1. Milli Bergskots, Höfða og Auðna að norðanverðu og Breiðagerðis að sunnanverðu: ... Frá flæðarmáli til heiðar liggja mörkin eftir beinni stefnu úr Blákletti

(p. 22), norðanvert við efri Sundvörðuna um Þúfuhól þann, er hún stendur á, skammt fyrir austan tómhúsið Hól; þaðan eftir vörðum upp heiðina, milli Auðna, Klofinga og Breiðagerðis-Skjólgarðs (p. 23), spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróður (p. 24), að Hraunsels-Vatnsfelli (p. 25) allt af landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi við Framfell (p. 26)

2. Milli Stóra-Knarrarness að sunnanverðu og Breiðagerðis að norðanverðu eru þessi landamerki: ... frá efri enda merkjagarðs (p. 18) liggja mörkin í nyrðri Geldingarhól (p. 19); þaðan í nyrðri Keilisbróður (p. 20) og eftir þeirri stefnu alla leið að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi.“(p. 21)

Við aðalmeðferð málsins, 24. febrúar 2005, var bókað að gerð væri sú breyting á kröfulfnum á korti vegna Breiðagerðis að þær skyldu ná alla leið að Krýsuvíkurlandi.

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7. Kröfur eigenda jarða innan Auðnahverfis (Auðna, Bergskots og Höfða)

Af hálfu Jakobs Árnasonar o.fl. vegna jarða í Auðnahverfi (Auðna, Bergskots og Höfða) er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Landamerkjabréf hverfisins er ritað 12. júní 1886. Það er samþykkt frá vissum hlutum Auðnahverfis, frá Landakoti og Bergskoti.

1. Milli Auðnahverfis og Landakots er lýst merkjum: ...þaðan er Klofa (p. 30/31) og eftir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keili allt að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi (p. 32 /33)

2. Milli Auðnahverfis og Breiðagerðis er lýst merkjum: ... Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eftir vörðum upp á heiðina milli Auðna, Klofninga og Breiðagerðis-Skjólgarðs (p. 23) spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróður (Litlahrút) (p. 24) alla leið að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi. (p.26)

Innbyrðis ágreiningur er milli Landakots og Auðnahverfis um punktinn Klofa. [...]. Ágreiningur þessi á ekki undir óbyggðanefnd.“

Við aðalmeðferð málsins, 24. febrúar 2005, var bókað að gerð væri sú breyting á kröfufénum á korti vegna Auðnahverfis að þær skyldu ná alla leið að Krýsuvíkurlandi.

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.8. Kröfur Margrétar Guðnadóttur vegna jarðarinnar Landakots

Af hálfu Margrétar Guðnadóttur vegna jarðarinnar Landakots er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðarinnar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Landamerkjabréf jarðarinnar er ritað 12. júní 1886. Það er undirritað um samþykki frá Landakoti, hálfum Þórustöðum og nokkrum hluta Auðnahverfis.

Segir í upphafi bréfsins að Landakoti á Vatnsleysuströnd tilheyri land allt með gögnum og gæðum milli Þórustaða að norðanverðu og Auðnahverfis-jarðanna, Auðna, Höfða, Bergskots að sunnanverðu.

1. Milli Þórustaða og Landakots: ... allt upp að túngarði, þaðan beina stefnu eftir vörðum upp eftir heiðinni sunnanvert í rætur Keilis (p. 37) alla leið að landi Krýsuvíkur í Grindavíkurbreppi:

2. Milli Landakots og Auðnahverfis ... þaðan í Klofa (p. 30/31) og eftir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keili, allt að landi Krýsuvíkur í Grindavíkurbreppi (p. 32).

Innbyrðis ágreiningur er milli Landakots og Auðnahverfis um punktinn Klofa. [...]. Ágreiningur þessi á ekki undir óbyggðanefnd.“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.9. Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Þórustaða

Af hálfu Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Þórustaða, ofan Vatnsleysustrandarvegar, er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Landamerkjabréf Þórustaða er ritað 27. maí 1886 og samþykkt frá Þórustöðum, Landakoti og Kálfatjarnarkirkju.

Samkvæmt bréfinu tilheyrir jörðinni land allt með gögnum og gæðum til lands og sjávar milli Kálfatjarnar-kirkjueignar að norðanverðu og Landakots að sunnanverðu. Lýst er merkjum milli Kálfatjarnar að norðan og Þórustaða að sunnan og eru byggðamörk glögg, en er fjær liggur byggð er þessi lýsing: ... þaðan í Sýrholt (p. 42), þaðan í Hrafnafell (p. 43), sem er lítið fell fyrir norðan Keili, þaðan beina stefnu alla leið að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi (p. 44), eftir sjónhendingu úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á Grænavatnsengjum.

Milli Landakots að sunnanverðu og Þórustaða að norðanverðu er þessi lýsing er fjær dregur byggð ... þaðan beina stefnu eftir vörðum upp eftir heiðinni sunnanvert við rætur Keilis (p. 37) alla leið að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi (p. 38).“

„Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.10. Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Kálfatjarnar

Af hálfu Hitaveitu Suðurnesja vegna jarðarinnar Kálfatjarnar, ofan Vatnsleysustrandarvegar, er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Landamerkjalýsing fyrir Kálfatjarnarhverfi er rituð 30. desember 1921. Það er samþykkt fyrir Flekkuvík, Norðurkot, Litlabæ og Bakka. Í þessu merkjabréfi er vísað til ákveðinnar línu, sem liggur í Einiberjahól (p. 49), en þar taki við merkjalína sú á

milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu, sem lýst sé í bréfinu 1884. Þar er að finna þessa lýsingu: ... Liggur fyrir túni Kálfatjarnarhjáleigunnar Goðhóla og hins vegar fyrir túni Norðurkots, þaðan í Þórustaðaborg (p. 40), þaðan í Lynghól (p. 41), þaðan að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi beina stefnu um Sýrholt (p. 42). Segir svo síðar í bréfinu að jörðin eigi selstöðu í Sogaseli.

Landamerkjum við Þórustaði er lýst í landamerkjabréfi Þórustaða sem er ritað 27. maí 1886 og samþykkt frá Þórustöðum, Landakoti og Kálfatjarnarkirkju. Lýst er merkjum milli Kálfatjarnar að norðan og Þórustaða að sunnan og eru byggðamörk glögg, en er fjær liggur byggð er þessi lýsing: ... þaðan í Sýrholt (p. 42), þaðan í Hrafnafell (p. 43), sem er lítið fell fyrir norðan Keili, þaðan beina stefnu alla leið að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi (p. 44), eftir sjónhendingu úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á Grænavatnsengjum.“

„Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um Þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.11. Kröfur Sæmundar Þórðarsonar o.fl. vegna jarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu

Af hálfu Sæmundar Þórðarsonar o.fl. vegna jarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með 1. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Milli Stóru- og Minni-Vatnsleysu og Hvassahrauns: Úr innra hraunshorninu í Fögruvík (p. 52) og þaðan í afstapaþúfu (p. 53), og þaðan beina stefnu í Snókafell (p. 54), og úr Snókafelli beina stefnu í Krísuvíkurland (p. 55).

Milli Kálfatjarnarhverfis og Stóru- og Minni-Vatnsleysu: Í landamerkjabréfi frá 1921 er vísað til ákveðinnar línu, sem liggur í Einiberjahól (p. 49), en þar taki við merkjalína sú á milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu, sem lýst sé í landamerkjabréfi, dags. 9.6.1884, þinglýst 15.6.1885, þar sem segir: þaðan í Einiberjahól (p. 49), þaðan um Kolhól (p. 50) beina stefnu að Krísuvíkurlandi (p. 51).“

„Lítið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Pá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.12. Kröfur Sauðafells sf. vegna jarðanna Hvassahrauns I og II

Af hálfu Sauðafells sf. vegna jarðanna Hvassahrauns I og II, ofan Vatnsleysustrandarvegjar, er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Landamerkjabréf milli Hvassahrauns og Lónakots er ritað 7. júní 1890 og undirritað af tveimur aðilum. Lýsingin er þessi: Merkin byrja í svonefndum Markakletti við sjóinn, austanvert við Hraunsnes, úr þeim kletti í Skógarhól, úr honum í Stóragrænahól, úr honum í Hólbrunnsvörðu, úr henni í Skorásvörðu, úr henni í Miðkrossstapa, sem er hornmark í Lónakotslandi.

Landamerkjabréf milli Óttarsstaða og Hvassahrauns er ritað 26. maí 1890 og undirritað vegna Óttarsstaða, Hvassahrauns og Krísuvíkur. Lýsing merkja er svona: Landamerki milli Óttarsstaða og Hvassahrauns byrja í Mið Krossstapa (p. 60), frá honum í Klofningsklett (p. 61), sem er varða er hjá, sunnanvert við Einirhól. Frá Klofningskletti í Búðarvatnsstæði (p. 62), frá þeim stað í Markhelluhól (p. 63), sem er hornmark frá Óttarsstöðum, Hvassahrauni og Krísuvík; í hann er klappað: Ótta, Hvass., Krv.

Landamerkjabréf er til milli Hvassahrauns, Lónakots og Óttarsstaða, ritað 13. júní 1890, samþykkt frá öllum þremur jörðunum. Lýsing merkja er þessi: Merkin byrja í svonefndum Markaklett (p. 56) við sjóinn austanvert við Hraunsnes, úr Markakletti í Skógarhól (p. 57), úr Skógarhól í Stóragrænhól (p. 58), úr Stóragrænhól í Hólbrunnsvörðu (p. 59) úr henni í Skorásvörðu, úr henni í Miðkrossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi, svo heldur áfram sömu stefnu millum Hvassahrauns og Óttarsstaða úr Miðkrossstapa í Klofningsklett (p. 61) með vörðu sunnanvert við Einirhól, úr Klofningskletti í Búðarvatnsstæði (p. 62) úr Búðarvatnsstæði í Markhelluhól (p. 63), sem er hornmark frá Hvassahrauni, Óttarsstöðum og Krísuvík.

Landamerkjabréf er til milli Hvassahrauns og sameignarjarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ritað 15. júní 1889. Þar er merkjum svo lýst: Úr innra hraunshorninu í Fögruvík (p. 52) og þaðan í afstapaþúfu (p. 53), og þaðan beina stefnu í Snókafell (p. 54), og úr Snókafelli beina stefnu í Krísuvíkurland (p. 55).

Merki þessi eru samþykkt af öllum hlutaðeigandi.“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.13. Kröfur Hitaveitu Suðurnesja vegna spildu úr landi Hvassahrauns

Af hálfu Hitaveitu Suðurnesja vegna Hvassahraunsspildu nr. 179799 er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi „ofangreindrar landareignar hafi beinan eignarétt að henni, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með l. nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki eignarinnar séu þessi:

Að vestan milli spildunnar Stóru- og Minni-Vatnsleysu eru merkin skv. gömlu landamerkjabréfi milli Hvassahrauns og sameignarjarðanna Stóru- og Minni Vatnsleysu, ritað 15. júní 1889: Úr innra hraunshorninu í Fögruvík (p. 52) og þaðan í afstapaþúfu (p. 53), og þaðan beina stefnu í Snókafell (p. 54), og úr Snókafelli beina stefnu í Krísuvíkurland (p. 55).

Að austan milli spildunnar og Hvassahraunslands skv. afsali 11. maí 1955: Frá vík í svonefndum Látrum, sem næst skerst veginum — Reykjanesbraut — þar sem víkin nær alveg upp að honum, jafnbreiðri frá fjöru til fjalls, eins langt og landareignin nær.“

„Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins, dags. 17. september 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.14. Kröfur Sigurðar Guðjóns Gíslasonar o.fl. vegna jarðarinnar Hrauns

Af hálfu Sigurðar Guðjóns Gíslasonar o.fl. vegna jarðarinnar Hrauns er þess krafist að „öllum kröfum íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu innan þinglýstra merkja jarðarinnar Hrauns verði hafnað.“

Merki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjabréfi, dagsettu 17. júní 1890 og þinglýstu hinn 20. júní 1890, sem hér segir: ... úr miðjum „markabás“ (p. 1) í fjöru er

mark á klöpp er aðskilur land jarðarinnar frá landi jarðarinnar Þórkötlustaðir, þaðan liggja mörkin til heiðar vestan til við Húsafell (p. 3) og yfir Vatnsheiðina (p. 4), þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum (p. 5) fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selvallafjall (p. 6) upp af Sogaseldal, þá eftir Selsvallafjalli til suðurs samhliða landamerkjum jarðarinnar Krýsuvíkur þar til að mið suður-öxl á Borgarfjalli ber í merktan klett (p. 7) við götuna á Móklettum (p. 8). Skal sú sjónhending ráða merkjum frá landi jarðarinnar Ísólfsskála, þaðan til suðurs fram yfir festargnípu (p. 9) í fjöru ...

Punktur nr. 2 í kröfugerð á landakorti er ekki nefndur í landamerkjabréfinu 1890, en við hann hefur verið miðað svo lengi sem elstu menn muna og er hann í svokölluðum Leitishól, en merki milli Hrauns og Þórkötlustaða hafa svo lengi sem elstu menn muna og lengur verið miðuð við hól þennan. Um legu merkja jarðarinnar vísast að öðru leyti til framlagðs landakorts, sjá [skjal nr.] 20(1).

Eigendur Hrauns krefjast jafnframt viðurkenningar óbyggðanefndar á því að allt land innan þinglýstra merkja jarðarinnar teljist óskoruð eign þeirra með þeim takmörkunum sem leiða af samningum sem eigendur jarðarinnar hafa gert við þriðja aðila og þinglýst eru.“

[Eigendur Hrauns] „líta svo á, að í kröfugerð þeirra felist jafnframt — komi til þess að einhver hluti lands þeirra teljist vera í þjóðlendu — þá teljist það land afréttareign þeirra og þeirri eign fylgi öll þau not og allur sá nýtingarréttur, sem jörðinni Hrauni hafa fylgt að fornu og nýju.

Þess er krafist að óbyggðanefnd úrskurði um greiðslu kostnaðar eigenda Hrauns af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd vegna krafna íslenska ríkisins fyrir nefndinni til og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við ákvörðun kostnaðar er þess krafist að ekki verði gerður neinn frádráttur vegna þess að [eigendur Hrauns] hafa ekki sameinast um lögmann með öðrum, enda eiga [þeir] ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta með öðrum á svæðinu að undanskilinni e.t.v. héraðsnefnd sýslunnar sem eiganda Krýsuvíkur, en hún og eigendur Hrauns hafa sama lögmann í máli þessu. Miklu frekar er um hagsmunaárekstra að ræða við aðra á svæðinu.

Þess er krafist að kostnaður verði ákveðinn eigendum Hrauns að skaðlausu, enda hafa þeir ekki gefið neitt tilefni til málareksturs þessa, heldur verður hann einungis rakinn til óþarfa málsýfingar af hálfu ríkisvaldsins.“

3.15. Kröfur Héraðsnefndar Suðurnesja vegna jarðarinnar Krýsuvíkur

Af hálfu Héraðsnefndar Suðurnesja vegna jarðarinnar Krýsuvíkur, að undanskildu landi Hafnarfjarðarkaupstaðar, er þess krafist að „að öllum kröfum íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu innan þinglýstra merkja jarðarinnar Krýsuvíkur verði hafnað.

Merki jarðarinnar eru samkvæmt lögbundnum gerðardómi uppkveðnum 4. nóvember 1938 og afsali íslenska ríkisins á landi Krýsuvíkurtorfunnar til sýslunefndar Gullbringusýslu, dags. 29. september 1941 og þinglýstu 18. nóvember 1941, svo og samkvæmt dómi landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964 uppkveðnum 14. desember 1971, sem hér segir: „Að vestan eru landamerkin sjónhending úr Dágon (p. 1), sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju (p. 2) að vestan og þaðan í Markhelluhól (p. 3) svonefndan við Búðarvatns stæði. Þaðan að norðan sjónhending norðanvert við Fjallið eina í Melrakkagil í Undirhlíðum (p. 4) og þaðan sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur í punkt, sem ákveðinn er í dómi landamerkjadóms 14. desember 1971 (p. 5). En að austan vesturmörk Herdísarvíkur, og eru þau sjónhending úr Kóngsfelli í Seljabótarnef (p. 7), sem er klettur við í sjó fram. Að sunnan nær landið að sjó.“ Í greinargerð eiganda Krýsuvíkur, dags. 25. október 2004, sagði að síðastnefnd lína væri „...nú á korti dregin frá punkti 5 í svonefndan Sýslustein (p. 6) og þaðan í Seljabótarnef (p. 7).“

Samkvæmt fyrrgreindu afsali er undanskilið land, sem íslenska ríkið afsalaði Hafnarfjarðarkaupstað með afsalsbréfi, dags. 20. febrúar 1941, og er þannig afmarkað: Að vestan, beina stefnu í norður úr Hælsvík (p. 8) í Borgarhól (p. 9), þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns (p. 10), að bera í ysta odda Hvammholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn, í syðsta odda víkur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða (p. 11) og að austan þaðan beina stefnu í réttvísandi suður til sjávar, í Keflavík (p. 12). Að sunnan ræður sjór þó þannig, að óhindraður umferðarréttur áskilst Gullbringusýslu fyrir búpening og til annarrar umferðar, um svæði upp frá sjó, er sé a.m.k. 60 metrar á breidd, enda séu engar girðingar eða umferðarhindranir á þeirri leið.

Landamerki þessi voru ákveðin af matsnefnd skv. lögum nr. 11/1936, sem skipuð var til að meta jarðirnar Krýsuvík og Nýjabæ. Ríkisstjórnin, sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórnin í Hafnarfirði, óskuðu eftir því að nefndin ákvæði merki milli lands þess í Krýsuvík, sem féll til Hafnarfjarðar og þess sem féll til sýslunnar. Var það gert á fundi nefndarinnar 1. nóvember 1939. Merkjunum er lýst með orðum nákvæmlega eins og í fyrrgreindu afsali. Jafnframt afmarkaði nefndin merkin á kort, sem fylgir fundargerð fundarins. Eins og kort þetta ber með sér ber að draga beina línu úr Borgarhóli (p. 9) í vestustu vík Kleifarvatns (p. 10).

Í landamerkjaskrá fyrir Krýsuvík, dags. 14. maí 1890 [og] lesinni á manntalsþingi fyrir Grindavíkurbrepp að Járngerðarstöðum hinn 20. júní 1890, segir [svo]: „Landamerki Krýsuvíkur eru:

1. að vestan: sjónhending úr Dágon (Raufarkletti), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum, í Trölladyngjujfallsrætur að vestan, sem er útbrunnið eldfjall norðanvert í Vesturhálsi; þaðan bein stefna í Markhelluhól háan steindranga við Búðarvatnsstæði.

2) að norðan: Úr Markhelluhól sjónhending norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (=Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

3) að austan: Samþykkt og þinglýst vesturmörk Herdísarvíkur: sjónhending úr Kóngsfelli sem er lág mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram.

4) að sunnan nær landið allt að sjó.“

Eigandi Krýsuvíkur krefst jafnframt viðurkenningar óbyggðanefndar á því að allt land innan þinglýstra merkja jarðarinnar, að landi Hafnarfjarðar undanskildu, teljist óskoruð eign hans með þeim takmörkunum sem leiða af samningum sem eigendur jarðarinnar kunna að hafa gert við þriðja aðila og þinglýst eru.

[Eigandi Krýsuvíkur] lítur svo á, að í kröfugerð hans felist jafnframt — komi til þess að einhver hluti lands hans teljist vera í þjóðlendu — þá teljist það land afréttareign hans og þeirri eign fylgi öll þau not og allur sá nýtingarréttur, sem jörðinni Krýsuvík hafa fylgt að fornu og nýju.

Þess er krafist að óbyggðanefnd úrskurði um greiðslu kostnaðar eiganda Krýsuvíkur af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd vegna krafna íslenska ríkisins fyrir nefndinni til og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við ákvörðun kostnaðar er þess krafist að ekki verði gerður neinn frádráttur vegna þess að [eigandi Krýsuvíkur] hafi ekki sameinast um lögmenn með öðrum, enda eiga [þeir] ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta með öðrum á svæðinu að undanskildum e.t.v. eigendum Hrauns, en [eigandi Krýsuvíkur] og eigendur Hrauns hafa sama lögmenn í máli þessu. Miklu frekar er um hagsmunaárekstra að ræða við aðra á svæðinu.

Þess er krafist að kostnaður verði ákveðinn eiganda Krýsuvíkur að skaðlausu, enda [hefur hann] ekki gefið neitt tilefni til málareksturs þessa, heldur verður hann einungis rakinn til óþarfa málsýfingar af hálfu ríkisvaldsins.“

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–27 ásamt undirskjöllum eða samtals 473 skjöl, auk 21 hliðsjónargagns. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. 1. nr. 65/2000. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3

og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað frá skrifstofu óbyggðanefndar að Hverfisgötu 4a, Reykjavík, að morgni mánudagsins 21. febrúar 2005, í þökkalegu skyggni. Með í för auk óbyggðanefndar, fundarritara, starfsmanns nefndarinnar og lögmannna málsaðila voru Guðmundur Á. Gíslason og Guðmundur Ingimundarson (báðir vegna Hvassahrauns) og Margrét Guðnadóttir (vegna Landakots).

Haldið var út á Reykjanesbraut og við álverið í Straumsvík kom í bifreiðina Sesselja Guðlaug Guðmundsdóttir landfræðingur, (kvödd til af Ólafi Björnssyni hrl.). Staðnæmst var við mörk Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps, þar sem einnig eru merki Hvassahrauns. Þar lýsti Guðmundur Ingimundarson merkjum.

Við Kúagerði var beygt inn á Höskuldavallaveg. Þar komu í bifreiðina eftirtaldir: Ólafur Guðbergsson (v/Stóra-Knarrarness), Sæmundur Þórðarson (v/Vatnsleysubæja), Jakob Árnason (v/Auðna), Sigurður Ólafsson (frá Hitaveitu Suðurnesja), Sigurður Valtýsson (frá Hitaveitu Suðurnesja), Sigurður Gíslason (v/Hrauns), Gísli Sigurðsson (v/Hrauns) og Hörður Sigurðsson (v/Hrauns). Sæmundur Þórðarson tók við leiðsögn ásamt Ólafi Björnssyni hdl. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins sker Höskuldavallaveg norðaustur af Keili. Hjá Oddafelli komu í bifreiðina þeir Birgir Þórarinsson (v/Knarrarness og Vatnsleysustrandarhrepps) og Magnús Ágústsson (v/Brunnastaðahverfis).

Haldið var inn að Höskuldavöllum og svipast þar um. Að svo búnu var haldið að Eldborg, þar sem verið hefur náma, og síðan til baka að Höskuldavöllum og meðfram þeim, þar til stöðvað var undir Trölladyngju. Haldið var áfram, að borholu Orkuveitu Suðurnesja undir Oddafelli. Gengið var upp að Sogaseli og nokkru lengra, allt þar til sást vel inn að Selvöllum. Síðan var haldið til baka sömu leið. Sæmundur Þórðarson og Ólafur Björnsson hdl. önnuðust leiðsögn. Skammt frá Oddafelli hætti Magnús Ágústsson þátttöku í vettvangsferð, við Reykjanesbraut þeir Ólafur Guðbergsson, Sæmundur Þórðarson, Jakob Árnason, Sigurður Ólafsson og Sigurður Valtýsson og við álverið í Straumsvík Sesselja Guðlaug Guðmundsdóttir.

Við álverið í Straumsvík var haldið af Reykjanesbraut og inn á Krýsuvíkurveg. Þar tóku við leiðsögn þeir Sigurður Gíslason bóndi í Hrauni og Gísli Sigurðsson frá Hrauni. Vegna aurbleytu var ekki unnt að aka Vigdísarvallaleið. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins sker Krýsuvíkurveg við Vatnsskarð en Kleifarvatn er utan ágreiningssvæðis. Skyggni fór versnandi og var orðið mjög slæmt við Kleifarvatn. Ekið var framhjá bæjarhúsum að Hrauni og fyrirsvarsmenn jarðarinnar lýstu merkjum hennar. Af Krýsuvíkurvegi var beygt vestur Ísólfskálaveg og ekið inn í Grindavík. Þar hættu þátttöku í vettvangsferð þeir Sigurður Gíslason, Gísli Sigurðsson og Hörður

Sigurðsson. Að svo búnu var haldið norður Grindavíkurveg, út á Reykjanesbraut og því næst Vatnsleysustrandarveg. Við Knarrarnes hætti Birgir Þórarinsson þátttöku í vettvangsferð. Haldið var út á Reykjanesbraut og til Reykjavíkur. Komið var til baka á skrifstofu óbyggðanefndar kl. 16:15 og lauk þar með vettvangsferð.

4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af eftirtöldum: 1. Sesselja Guðlaug Guðmundsdóttir, Urðarholti 5, Mosfellsbæ. Sesselja er landfræðingur að mennt. Hún hefur um árabíl rannsakað örnefni á þessu svæði og ritað bók um það efni (gefin út af Lionsklúbbum Keili 1995). 2. Guðmundur Ingimundarson, Grenigrund 14, Kópavogi, fyrirsvarsmaður félags eigenda jarða við Hvassahraun. 3. Sæmundur Ásgeir Þórðarson, bóndi í Stóru-Vatnsleysu, fæddur þar og upp alinn. 4. Margrét Guðnadóttir, eigandi Landakots, fædd þar og uppalin. 5. Steingrímur Magnús Ágústsson, Hafnargötu 9, Vogum, á ½ hlut í Halakoti og 1/3 í Austurkoti í Vogum. Hreppsnefndarmaður í áratugi, oddviti og hreppstjóri. 6. Jakob Árnason, eigandi Auðna. 7. Birgir Þórarinsson, eigandi Minna-Knarrarness og vel kunnugur þar frá barnæsku, varaoddviti í Vatnsleysustrandarhreppi. 8. Sigurður Guðjón Gíslason, eigandi að ½ Hrauni og búsettur þar, fæddur og uppalinn. 9. Gísli Grétar Sigurðsson frá Hrauni. 10. Hjörtur Sigurðsson frá Hrauni og búsettur þar. Fjallkóngur frá 1998 og hefur tekið þátt í smölun í 20 ár.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

5.1. Inngangur

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er og síðan rakin í stórum dráttum saga jarða og landsvæða, sem ágreiningur er um í máli þessu, afmörkun þeirra, ráðstafanir á eignarrétti og nýting. Að lokum er gerð grein fyrir heimildum um seljabúskap og sögu afrétta frá öndverðu til þessa dags, fjallskilareglugerðum og umfjöllun um almenninga á Suðurnesjum.⁴

5.2. Landnám á Reykjanesskaga

Landnámabók getur ýmissa manna, sem námu land á þessu svæði. Fyrstur landnámsmanna var Ingólfur Arnarson:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.⁵

Um landnám á því svæði, sem Grindavíkurhreppur náði yfir, ber Landnámugerðum ekki saman að öllu leyti:

Þórir haustmyrkr nam Selvág ok Krýsuvík, en Heggr son hans bjó at Vági.⁶

En um várit eptir fóru þeir Molda-Gnúpr vestr í Grindavík ok staðfestisk þar; ...⁷

Björn [Molda-Gnúpsson] fór í Grindavík ok staðfestisk þar.⁸

Þórir haustmyrkrur nemur því austasta hlutann af því svæði sem hér er til umfjöllunar.

Molda-Gnúpr hafði numið Álftaver en hrakist þaðan undan jarðeldum vestur til Höfðabrekku og lent þar í ófriði og vígaferlum. Sturlubók segir Molda-Gnúpr hafa flutt til Grindavíkur með sonum sínum, en samkvæmt Hauksbók féll Molda-Gnúpr ásamt sonum sínum tveimur, en Björn sonur hans hafi hefnt föður síns og bræðra og farið síðan í Grindavík

Mörk landnáma Þóris haustmyrkurs og Molda-Gnúpssona eru ekki nefnd í Landnámu. Því segir Haraldur Matthíasson, að um vesturmörk landnáms Þóris sé það eitt vitað að þau séu fyrir utan Krýsuvík.⁹ Á þessu svæði hafa orðið miklar landbreytingar vegna eldgosa og gróðureyðingar. Athugandi er að landamerki Krýsuvíkur og Ísólfskála eru vestan við Ögmundarhraun, sem Jón Jónsson

⁴Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 24. Þó hefur verið felld út umfjöllun um þær jarðir sem liggja utan við ágreiningssvæði málsaðila. Einnig hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁵Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. Íslensk fornrit, I. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík. 1986. S. 45 (Sturlubók og Hauksbók).

⁶Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 392 (Sturlubók) og 393 (Hauksbók).

⁷Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 330 (Sturlubók).

⁸Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 331 (Hauksbók).

⁹Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. Reykjavík. 1982. S. 507.

jarðfræðingur telur hafa runnið um 1040 en Haukur Jóhannesson jarðfræðingur telur frá árinu 1151.¹⁰

Landnám Molda-Gnúpssona er talið hafa náð til Reykjaness, en þar tók við landnám Herjólfss Bádássonar, frænda og fóstbróður Ingólfs Arnarsonar.¹¹

Landnámabók getur tveggja manna sem námu Vatnsleysuströnd, Steinunnar gömlu, frændkonu Ingólfs Arnarsonar, og Eyvindar, frænda og fóstara Steinunnar:

Steinuðr en gamla frændkona Ingólfs, fór til Íslands ok var með Ingólfi enn fyrsta vetr. Hann bauð at gefa henni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun, en hon gaf fyrir heklum flekkótta ok vildi kaup kalla; henni þótti þat óhættara við riptingum.¹²

Steinunnr hin gamla, frændkona Ingólfs, fór til Íslands ok var með honum hinn fyrsta vetr. Hann bauð at gefa henni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun, en hon <gaf fyrir> heklum flekkótta enska ok vildi kaup kalla; henni þótt þat óhættara við riptingum.¹³

Eyvindr hét maðr, frændi Steinunnar og fóstari; honum gaf hon land milli Kvíguvágabjarga og Hvassahrauns.¹⁴

Eyvindr var síðar neyddur til landaskipta við Hrolleif Einarsson, Ölvissonar barnakarl, en landnámsmörk virðast hafa haldist.¹⁵ Kvíguvágar nefnast nú Vogar og Kvíguvágabjörg Vogastapi. Landnám Eyvindar er talið ná inn til Hvassahrauns, en Hvassahraunsbærinn tilheyrir Vatnsleysustrandarhreppi, en næsta landnám er frá Hvassahrauni:

Ásbjörn Özurarson, bróðurson Ingólfs, nam land milli Hraunholtslækjar ok Hvassahrauns, Álptanes allt, ok bjó á Skúlastöðum.¹⁶

5.3. Grindavíkurbærur

5.3.1. Lýsing Grindavíkursóknar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er lýsing á landkostum í Grindavík:

Um alla þessa sveit er það að nótera að með því hjer er so víða neyðarlegur grasbrestur á túnum og haga, þá fæðist hjer kvikfjenaður, bæði naut og sauðir, mikinn part á fjöru, sölvum og murukjarna. Þar með kappkostar fólk að draga til sín á haustin ofan úr heiðum hrís og lýng so mikið sem hvör megnar, og á

¹⁰Jón Þ. Þór. *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*. Grindavíkurbær. 1994. S. 158.

¹¹Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1886. S. 132 (Sturlubók), s. 395 (Hauksbók). Haraldur Matthíasson 2 (1982). S. 509 og 510.

¹²Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 392 (Sturlubók).

¹³Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 393 (Hauksbók).

¹⁴Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 394 (Sturlubók). Landnámsmörkunum er eins lýst í Hauksbók (*Landnámabók* 1886. S. 395).

¹⁵Skjal nr. 4(61). *Landnámabók* 1986. S. 389 og 391 (Hauksbók).

¹⁶Skjal nr. 4(61). *Landnámabók*. 1986. S. 394 (Sturlubók). Mörkin eru þau sömu í Hauksbók (*Landnámabók* 1886, s. 395).

Þessu helst peningurinn við lífið og gjörir gagn, þó hebjörg sé lítil, og er ekki kvikfjenaðurinn á þenna framflutning settur í þessari jarðabók.¹⁷

Í „Lýsingu Grindavíkursóknar 1840–1841“ eftir Geir Bachmann, sem skráð er í verki *Landnám Ingólfs*, stendur eftirfarandi um sóknarmörkin:

Að norðanverðu við núnefnda markalínu (þ.e. úr Stapafelli í Fagradalshagafell), eiga Njarðvíkingar og Vogamenn land móts við Grindvíkinga að sunnan. Enn eru takmörk sóknarinnar sjónhending fjallasýn úr Fagradalshagafelli til austurs landsuðurs í enn eitt fell, Hraunsselsvatnsfell, aftur í sömu átt þaðan í Framfelli, en á Vigdísarvöllum Vesturfell kallað, og er þá að norðan og landnorðanverðu Strandarmanna land og hinn svo nefndi Almennigur. Úr Vesturfelli beygjast mörk sóknarinnar til suðurs réttu suðurs, niður í Hamradal kallaðan, og þaðan beint í Núphlíð, hvaðan þau eru sjónhending yfir ófæruhraun á Selatanga. — Vegalengdin úr Vesturfelli suður á Selatanga er á að gizka 2 mílur, ef beint yrði farið. Á móts við Grindvíkinga að vestan eiga Krýsuvíkingar land að austanverðu við síðst nefnd mörk úr Framfelli. Á Selatöngum er drangi eða klettur í fjörinni, Dagon kallaður, og skilur hann bæði land og reka Krýsu- og Grindavíkur.¹⁸

5.3.2. Hraun

Hrauns er fyrst getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270.¹⁹

Máldagi Viðeyjarklausturs frá því um 1284 sem greinir frá ítökum í annarra manna jarðir er varðveittur í þremur gerðum. Í b-gerðinni stendur:

Savda hofnn j hrvnslandi j grindavik. j c. gielldings. hvsvrm fiarmanni vit þridia mann þott þurfi. kietil ok elldivid og blondv leigvlaust. ... Samvidvnnar skog j hrvnvm vt fra hvaleyri. jtem skogar topt j selvikar skogvm.

Í c-gerðinni segir:

Saudhøfnn j hrauns land j Grindavijk hundrad Gielldingz. hüsrüm farmonnum vid þridia mann þo þurfe. kietil ok eldevid og blöndv leigulaust. ... Samvidunar skog j hraunum ut fra Hvaleyri. jtem Skogartupt j Selvikar skogie.²⁰

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var árið 1703 fyrir Grindavíkurhrepp, má ætla að Hraun hafi átt selstöðu í eigin landi:

Selstaða langt í frá og þó sæmilega góð.²¹

¹⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. Kaupmannahöfn. 1923. S. 24.

¹⁸Landnám Ingólfs. 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Reykjavík. 1937–1939. S. 124–125.

¹⁹Skjal nr. 4(23).

²⁰Skjal nr. 4(27).

²¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 11.

Í ritinu Jarðatal á Íslandi, eftir J. Johnsen, kemur fram að stólsjörðin Hraun hafi verið seld 8. ágúst 1787.²²

Í kaflanum um Hraun í Jarðamati 1849–1850 stendur m.a.:

Landrymi mikið, en landið uppblásið. Sumarheit góð í seli upp til fjalla. Vetrarhagar langt frá og rírir...²³

Landamerkjabréf Hrauns var samið 12. október 1889 og þinglesið 20. júní 1890:

Í miðjum „marka-bás“ í fjöru er mark á klöpp, er aðskilur land jarðarinnar frá landi jarðarinnar Þorkötlustaða, þaðan liggja mörkin til heiðar vestan til við „Húsafell“ og yfir „Vatnsheiði“, þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf „Sogasels-dal“, þá eptir Selsvalla-fjalli, til suðurs, samhliða landamerkjum jarðarinnar „Krisuvíkur“ þar til að mið suður-öxl á Borgarfjalli ber í merktan klett við götuna á „móklettum“, skal sú sjónhending ráða merkjum frá landi jarðarinnar „Ísólfskála“, þaðan til suðurs fram yfir festar-gnípu í fjöru.

Einkennismark marksteinanna er L.M. er þýðir landamerki.²⁴

Lýsing þessi var samþykkt af eigendum og umráðamönnum Ísólfskála, Klappar, hálfvæstarbæjarins og miðbæjarins á Þorkötlustöðum, Kálfatjarnarkirkjúlunds og óstaðsetts vesturbæjar [líklega er átt við vesturbæ á Þorkötlustöðum].

Fyrir neðan ofanefndar undirskriftir stendur eftirfarandi:

Hinsvegar tilgreind landamerki jarðarinnar Hrauns í Grindavík samþykkjast hjermeð að því leyti sem þau ekki koma í bága við landamerkjalyýsingu Krisuvíkur, sem naumast getur hugsast, þar sem allir þeir eigendur Hrauns hafa samþykkt og undirskrifað hana óbreytta.

Undir þennan texta skrifar Á. Gíslason, Krýsuvík 17. júní 1890.

Á manntalsþingi fyrir Grindavíkurbæ sem haldið var 1. júní árið 1900 var þinglesið skjal frá eigendum og ábúendum jarðarinnar Hrauns. Í skjalinu kom fram að fyrrnefndir aðilar hefðu ákveðið að banna allskonar landríf í landareign jarðarinnar, að undanskildum mosa. Bannið skyldi taka gildi sama dag og skjalið var þinglesið þ.e. 1. júní.²⁵

Í greinargerð í fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 er greint frá landamerkjum jarðarinnar Hrauns:

²²Skjal nr. 4(34).

²³Skjal nr. 2(47) a–b.

²⁴Skjal nr. 2(22).

²⁵Skjal nr. 2 (89).

Landamerki að vestanverðu, svonefndur markabás á Slokatá þaðan beina línu vestan í vatnsheiði [fell yfirstríkað] í Kálffell, þaðan í vatns katla (steinker) fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan að Sogaseli fyrir norðan Selsvelli í Selsvalla fjalli, þaðan til suður eftir háfjallinu í göngumannaskarð á Núphlíd, þaðan í götuna hjá móklettum, þaðan yfir há — Festarfjall á sjó út.

Þar kemur einnig fram að útengi sé ekkert og að útbeit sé fjalllendi.²⁶

Í maí 1920 gáfu umráðamenn eftirtalinna jarða á Vatnsleysuströnd yfirlýsingu um afnot á landi ofan jarðanna:

Vjer undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna: Knarrarnes, Breiðagerði, Auðnar, Landakot, Þórustaðir og Kálfatjörn, allar í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, lýsum því yfir með skjali þessu að vjer í samráði við hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, fyrirbjóðum innbyggendum Grindavíkurhrepps, innan Gullbringusýslu, öll afnot af landi því, er, samkvæmt landamerkjalyking fyrir Knarranesi, þinglesin á manntalsþingi Vatnsleysustrandar- og Grindavíkurhrepps 1887, sem eru:

Þaðan sunnan til við svonefnda digrurvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarrarnesholt sunnanhalt, þaðan í Eldborgargren, þaðan beint í Krísuvíkurland. Hversu sunnahöll við markalínuna að Digurvarða og Knarrarnesholt eru, sjest, þegar bein lína er dregin frá klöppinni (í fjörunni) í Eldborgargren ...

Allt það land sem fyrir innan þessa línu er, eða er milli hennar og Krísuvíkurlands, teljum vjer eign áðurnefndra jarða sbr. landamerkjalykingar fyrir öllum áðurnefndum jörðum, þinglesnar á báðum stöðunum 1886 og 1887 og undirskrifaðar af Árna sál. Gíslasyni í Krísuvík 1891.²⁷

Þann 31. maí 1920 var haldið manntalsþing í Grindavíkurhreppi. Á því þingi mótmælti Hafliði Magnússon, bóndi á Hrauni, landamerkjalykingu fyrir Auðnahverfi í Vatnsleysustrandarhreppi, dagsettri 12. júní 1886, og yfirlýsingunni um landamerki fyrir jarðirnar Knarrarnes, Breiðagerði, Auðna, Landakot, Þórustaði og Kálfatjörn, sem gefin var út í maí 1920, en þessi skjöl voru þinglesin á manntalsþinginu. Hafliði greindi einnig frá því hver hann teldi landamerki Hrauns og Þórkötlustaða, þar sem þau liggja að landi Strandahrepps, eiga að vera:

Lína tekin úr Sogaseldal beint vestur í Kálffell og þaðan beina línu í þúfuna á litla Skógfelli.

Fram kom í máli Hafliða að þessum landamerkjum hefði áður verið lýst á manntalsþingi í Grindavík hinn 12. október 1889.²⁸

²⁶ Skjal nr. 2(42) a–b.

²⁷ Skjal nr. 2(19) a–b.

²⁸ Skjal nr. 2(90).

Í þeim hluta fasteignamatsins 1932 sem fjallar um jörðina Hraun stendur m.a. að beitiland hennar sé víðlent og skjólsælt. Deilur séu um landamerki milli eiganda og Vatnsleysustrandarhrepps.²⁹

Í október 1992 sendi Sesselja Guðmundsdóttir, höfundur bókarinnar „*Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi*“,³⁰ hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps greinargerð sem hún hafði tekið saman um landamerki hreppsins. Í greinargerðinni kemur fram að hún er samin:

vegna áætlaðra girðingaframkvæmda bænda í Grindavík á Selsvallasvæðinu sem mjög líklega tilheyrir Vatnsleysustr.hr.³¹

Nokkrum mánuðum síðar, eða í mars 1993, sendi Sesselja frá sér aðra greinargerð, nú til fulltrúa hjá sýslumannsembættinu í Keflavík. Í þessari greinargerð er ítarlegri umfjöllun um þá þætti sem fjallað var um í hinni greinargerðinni auk þess sem þar er að finna umfjöllun um fleiri atriði sem snerta landamerki Vatnsleysustrandarhrepps. Þessi greinargerð hafði svipaðan tilgang og sú fyrri, þ.e. að benda á að:

svo virðist sem Grindvíkingar hafi, í gegnum tíðina, verið að eigna sér hluta hreppslandsins³²

Í greinargerðunum er að finna umfjöllun um svokallaðan Sogaselsdal en á hann er minnst í landamerkjabréfi Hrauns frá árinu 1890. Hér verður notast við efni úr síðari greinargerðinni, enda er hún ítarlegri, en þar sem það á við verður texta úr þeirri fyrri bætt inn í, innan hornklofa:

Nú er komið að mörkum Hrauns í Grindavík og Vatnsleysustrandarhrepps og hafa þar orðið einar og aðrar breytingar í tímanna rás og fáar Vatnsleysustrandarhreppi í hag. Lítum fyrst í landamerkjabréf Hrauns, I-257 dags. 17/6 1890, þinglýst 20/6 1890, „... að *Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, upp af Sogaselsdal*“, þá eftir *Selsvallafjalli til suðurs* ...

Setningin „... upp af „*Sogaselsdal*“ er alfarið á skjön við næsta örnefni í undan, þ.e. Selsvallafjall, því fjallið er miklu sunnar og „dalurinn“ umræddi því alls ekki neðan fjallsins. Með því að nota „*Sogaselsdal*“ sem mark í lýsingunni færast stór þríhyrningur af Vatnsleysustrandarlandi inn í Hraunlandið og þar með ein fegursta náttúruperla Reykjanesskagans, Selsvellirnar.

[Setningin „upp af „*Sogaselsdal*““ er alfarið á skjön við örnefnin beggja megin við. Sóknarlýsingin 1840 [sóknarlýsing Grindavíkursóknar] segir

²⁹Skjal nr. 4(37).

³⁰Sesselja Guðmundsdóttir. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins)*. Lionsklúbburinn Keilir. [Keflavík] 1995.

³¹Skjal nr. 4(53).

³²Skjal nr. 4(52).

línuna í Framfell en Hraunsbréfið segir í Selsvallafjall. Ekki er fullvíst hvar Framfell (Vesturfell) er en mjög líklega er það hæsta fjallið (359 m) á hálsinum milli Vigdísarvalla og Þrengsla. Með því að nota „Sogaselsdal“ sem mark færast stór þríhyrningur af okkar landi inn í Hraunlandið (sjá kross á korti [sjá skjal nr. 4 (53)]) og þar með Selsvellirnir.^{33]}

Nú getur verið að Hraunsmenn hafi notað nafnið Selsvallafjall yfir allt fjallið sem nær frá Sogum og suður fyrir Selsvelli enda eiga Grindvíkingar greinilega fleiri örnefni á þessu svæði en Vatnsleysustrandarmenn enda með selstöðu á Selsvöllum í langan tíma. Dr. Bjarni Sæmundsson, sem var Grindvíkingur, lýsir umhverfi Selsvallanna í bók sinni Um láð og lög og nefnir aðeins Vesturhálsinn, ekki Selsvallafjall. Þorvaldur Thorodsen notar orðið Núphlíðarháls yfir allan hálsinn, allt að Dyngjum. Á korti Landmælinga Íslands frá 1910 er heitið Núphlíðarháls notað yfir hálsinn sunnan Selsvalla en Grænadyngja heitir þar sem nú eru Grænavatnseggjar og þá Selsvallafjall samkvæmt Hraunsbréfinu. Í þeim tveimur örnefnalýsingum sem til eru frá sjónarhóli Grindvíkinga segir annarsvegar: „... *Selsvellir ... Heitir fjallið þar upp af Selsvallafjall.*“ (Loftur Jónsson, Örnefnastofnun). Í hinni lýsingunni segir: „... *Selsvellir ... Sunnan við þá er Núphlíð, eftir henni eru mörk milli Krísuvíkur og Grindavíkur. Inn af Núphlíð* (þ.e. inn eftir, séð frá Grindavík. S.G.) *er Selsvallaháls*“ (Þorsteinn Bjarnason, Örnefnastofnun).

Undir Hraunsbréfið skrifaði aðeins einn hreppsúi og það sjálfur presturinn á Kálfatjörn, séra Árni Þorsteinsson, og er það í meira lagi undarlegt. Hraunsbréfið var samið og þinglýst aðeins 4 árum eftir að flestum landamerkjabréfum bænda héðan var þinglýst og furðulegt að enginn Stranda<r>bóndinn hafi séð ástæðu til þess að mótmæla þeim gjörningi.

Undir bréfið skrifar einnig Árni Gíslason í Krýsuvík og segir:

„Hinsvegar tilgreind landamerki jarðarinnar Hrauns í Grindavík samþykkjast hjermeð að því leyti sem þau ekki koma í bága við landamerkjalyðingu Krísuvíkur, sem naumast getur getur hugsast, þar sem allir þrír eigendur Hrauns hafa samþykkt og undirritað hana óbreytta.“ Nú er augljóst að Hraunsbréfið „kemur í bága“ við Krísuvíkurbréfið eins og sést á eftirfarandi:

Ef Krýsuvíkurbréfið (dags. 14/5 og þingl. 20/6 1890) er fullgilt sem líklegt má telja, þ.e. „... *sjónhending úr Dágon ... í Trölladyngjujfallsrætur að vestan*“ því allir aðilar skrifuðu undir það, einnig Hraunsmenn, þá fellur Hraunsbréfið (dags. 17/6 og þingl. 20/6 1890) um sjálft sig þar sem segir: „... *þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogaselsdal*“ því þegar lína er dregin um Trölladyngjujfallsrætur samkvæmt Krýsuvíkurbréfinu og um ætlað „Selsvallafjall“ uppaf „Sogaselsdal“ samkvæmt Hraunsbréfinu þá skarast

³³Skjal nr. 4(53).

löndin um ca 1 kílómetra og það Krýsuvík í hag því Hraunsbréfið var samið rétt rúmum mánuði eftir að Krýsuvíkurbréfið var gert og aðeins þremur dögum fyrir þinglýsingu beggja bréfanna. Árni Gíslason í Krýsuvík hefur heldur betur skotið öllum hinum landeigendunum ref fyrir rass með Krýsuvíkurbréfinu svo og kænskulegum athugasemdum og undirskriftum á öðrum bréfum.

Jarðabókin 1703 segir að Staður og Húsatóftir hafi selstöðu á Selsvöllum en um Hraun er sagt: „*Selstaða langt í frá en þó sæmilega góð.*“

Sóknarlýsing Grindavíkursóknar frá 1840 segir að Selsvellir séu „... *Í Strandamannalandi eður fyrir norðan Grindavíkurlandamerki*“ og einnig „*Litlu vestar en Selsvellir er selstaða frá Hrauni ... og eru landamörk á milli seljanna í svokölluðum Þrengslum ...*“ Nú gætu eflaust allir staðkunnugir bændur orðið sammála um það að selstaða á Selsvöllum er ólíkt betri en sú sem Hraun hafði í Þrengslunum og þá óskiljanlegt af hverju Hraun nýtti ekki eigið (betra) land fyrir eigið sel.

[Ef rétt er að elstu heimildir gildi í landamerkjadeilum er óyggjandi að samkv. sóknarlýsingu Grindavíkursóknar frá 1840 eru Selsvellir „í Strandamannalandi eður fyrir norðan Grindavíkurlandamerki...“ Þar segir einnig að línan sé í Framfell (Vesturfell) en það er mjög líklega á Vesturhálsinum vestan Vigdísarvalla (sjá kort [sjá skjal nr. 4 (53).] óbrotin lína)...³⁴]

Í landamerkjabréfi Staðar í Grindavík frá júní 1890, segir undir liðnum önnur eign og ítök Staðarkirkju. “3. *Selsvellir að selstöðu og hagagangi.*³⁵”

Árið 1920 var þinglýst á manntalsþingi Grindavíkur yfirlýsing frá 8 bændum hér í hreppnum þar sem ... [*Þessi yfirlýsing er skrifuð upp hér nokkru frammar og því sleppt úr greinargerð Sesselju*]. Þarna er greinilega átt við Selsvallasvæðið og því enn frekari staðfesting á því að Grindavíkurbændur hafa verið að seilast inn á okkar land fyrir og eftir aldamótin síðustu.

Árni Gíslason í Krýsuvík virðist þarna hafa viðurkennt og undirritað „rétt“ mörk og það aðeins ári eftir að hann samþykkir „röng“ mörk Hraunsbréfsins.

Landamerkjabréf Vatnsleysustrandarjarða eru ekki undirskrifuð af jarðeigendum þeirra jarða Grindavíkurhrepps sem eiga lönd að Vatnsleysustrandarhreppi, s.s. Þórkötlustaða- og Hraunseigendum, og Árni í Krýsuvík virðist ekki hafa undirritað bréfin fyrr en 4–5 árum eftir þinglýsingu þeirra. Landeigendur hér hafa greinilega lagt allt kapp á að lýsa mörkum milli jarða innbyrðis og látið hreppamörkin liggja á milli hluta.

³⁴Skjal nr. 4(53).

³⁵[Í frumriti stendur: „og hagagöngu“].

Einn slæmur galli er á landamerkjalyðingum héðan og hann er sá að yfirleitt eru engin örnefni tiltekin á markalínunni ofarlega í landinu. Aðeins í Þórustaðabréfinu er greint frá örnefni rétt við Krýsuvíkurlínuna og er það Grænavatnseggar, hin eru öll drjúgum neðar, s.s. Keilisbróðir, Klofi og Hrafnafell.

Í Knarrarnesbréfinu (vesturmörk) er fyrst farið að tala um „... að landi Krýsuvíku“ og er svo áfram inn úr en í lýsingum allra bæja sunnan Knarrarness segir „... svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær“ eða „... upp í fjall“ og undirstrikar það ennfrekar að Knarrarnes er fyrsti bær á Ströndinni sem á land að Krýsuvíkurlandi en ekki Hraunlandi.

Ef Hraunsbréfið lýsir „réttum“ mörkum hvernig ætli standi þá á því að í öllum landamerkjabréfum, hér í hrepp, innan Ásláksstaða er sagt „...að landi Krýsuvíku“ en ekki Hrauns sem væri að sjálfsögðu eðlilegra ...³⁶

Þá er upptalið allt það markverðasta sem Sesselja hafði að segja um Sogaselsdal.

Hér að framan hefur verið minnst á greinargerðir Sesselju Guðmundsdóttur frá árunum 1992 og 1993. Meðal þess sem fjallað er um í þessum greinargerðum eru svokallaðir Vatnskatlar³⁷ sem minnst er á í landamerkjabréfum Hrauns, frá 1890, Þórkötlustaða, frá 1889, og Voga, frá árinu 1890:

Næst skulum við athuga eitt örnefnið enn sem tengist mörkum Hrauns og Vatnsleysustrandarhrepps, og er tiltekið í Hraunsbréfinu, en það eru Vatnskatlarnir, norðaustan Fagradalsfjalls. Í sóknarlýsingu Geirs Bachmann frá 1840 eru Vatnskatlar ekki nefndir, heldur „... sjónhendring fjallasýn úr Fagradalshagafelli til austurs landsuður í enn eitt fell, Hraunsselsvatnsfell ...“ Tvö fell eru norðaustan Fagradalsfjalls, þ.e. Vatnsfell, eða Fagradalsvatnsfell, nær fjallinu, og svo Hagafell, eða Fagradalshagafell, sem er samtengt Vatnsfellinu til austurs.

Í sóknarlýsingu Kálfatjarnarsóknar frá 1840 eftir séra Pétur Jónsson eru talin upp: Fagradalsfjall, Hagafell, og loks Keilir, en hann minnst ekki einu orði á Vatnsfell né Vatnskatla frekar en Grindavíkurpresturinn.

Svo virðist sem nafnið Vatnskatlar (Vatnsfell) hafi tapast en fundist aftur og sett á bréfin frá um 1890 því í Þórkötlustaðarbréfinu segir: „... þaðan að Kálffelli, þaðan að Vatnskötum (Vatnsfelli) fyrir norðan Fagradal, (samkvæmt landamerkjum frá 1270, endurnýjuðum 28. júní 1620³⁸), ...“

³⁶Skjöl nr. 4(52) og 4(53).

³⁷Smá klausa úr fyrri greinargerðinni verður sett inn í þennan kafla, afmörkuð með hornklofum.

³⁸Tilvitnunin er röng. Rétt heimildin er rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270, í afskrift frá því um 1600. Sjá skjal nr.4(18).

Vatnskatlar eru 2–3 gamlir gígar norðantil í Vatnsfellinu og í einum þeirra er alltaf vatn þrátt fyrir þurrkatíð. Hér áður fyrr hefur líklega verið miklu meira vatn þarna en nú er.

Þá vaknar sú spurning hvort Vatnskatlarnir séu hinn rétti landamerkjapunktur eða Hagafellið sjálft sem liggur spöl norðaustar. Ef dregin er bein lína úr Kálffelli í Vesturfell (Framfell) á Núphlíðarhálsi falla Vatnskatlarnir, Hraunsselsvatnsfell og Þrengslin inn í línuna en allt eru þetta punktar sem nefndir eru í heimildum og tengjast landamörkum. Reglustríkunotkun hefur ekki tíðkast á tímum forfeðranna en vel má ætla að umrædd lína hafi einhvern tímann verið fullgild sem hreppamörk.

Á kortum Landmælinga Íslands allt frá 1910 er línun alltaf sýnd norðan Vatnskatlanna en þó mismunandi norðarlega. Ef kort frá 1910 og til dagsins í dag eru skoðuð hefur línun úr Kálffelli og að Búðarvatnsstaði verið á sífellnum flækingi enda mörkin alltaf sögð „óviss“.

Á kortinu frá 1910 er línun frá Kálffelli og beint í Keili, úr Keili í Sogin o.s.frv. Hvorki fyrr né síðar hefur Grindvíkingum verið „eignaður“ svo stór hluti Vatnsleysustrandarhreppslands eins og á því korti. Það sama kemur fyrir á korti frá 1936. Lengi vel var línun um Litla Keili en á hann er aldrei minnst í landamerkjabréfum.

[Útgefin kort 1936 og 1940 sýna ... suðurlínuna [þ.e. Grindavíkurlínuna] enn um Keili. Á sérkortu frá 1986 er ... suðurlínan í Litla-Keili en á hann er aldrei minnst í landamerkjalyðsingum.³⁹]

Nýjustu kortin (staðfræðikort 1989) sýna línuna nokkru norðar en Hraunsbreiðið frá 1890 segir til um og veit ég að ef Landmælingamenn hefðu borið mörkin undir bændur hér í hrepp hefðu þeir seint sæst á legu línunnar eins og hún er í dag.

Þegar kort L.Í. eru athuguð sést vel að heimildarmenn örnefnanna í kring um hreppamörkin hafa verið Grindvíkingar því nokkrir staðir heita allt öðrum nöfnum hér í hrepp, t.d. voru Fagradalshagafell og Fagradalsvatnsfell aldrei kölluð hér annað en Hagafell og Vatnsfell. Það sama má segja um hnúkana sem nú heita á kortum Litli Keilir og Litli Hrútur en hér í hrepp hétu þeir Keilisbræður eða, á seinni tímum; Litli og Stóri Hrútur.

Árið 1887 lætur Jón, bóndi, Daníelsson í Stóru-Vogum þinglýsa landamörkum jarðar sinnar en undir hana skrifa þrír Vogamenn sem vottar að réttu lýsingu. Þessi landamerkjalyðsing er skrifuð árið 1840 eða 47 árum áður en henni er þinglýst. Í lýsingunni er getið um að mörkin séu í Rauðgil (eyða í handriti) ... fyrir sunnan Dalsel. Þetta eru einu heimildirnar sem segja

³⁹Skjal nr. 4(53).

hreppamörkin svo sunnarlega og í Jarðabók 1703 segir um Stóru - Voga: „Selstöðu vísa á jörðin eina nærri þar sem kallað er Vogaholt, aðra vill hún eigna sér þar sem heitir Fagridalur, en þar eru um misgreiningar því Járngerðastaðarmenn í Grindavík vilja eigna sér þessa selstöðu, þó segja menn að Fagridalur liggir fyrir norðan og vestan þann fjallahrygg, sem hæst liggur millum Grindavíkur og Vatnsleysustrandar.“

Um Járngerðarstaði segir Jarðabókin: „Selstaða á Baðsvöllum ... deilur við Vogamenn um selstöðu í Fagradal.“ Engar aðrar heimildir finnast sem staðfesta lýsingu Jóns Daníelssonar um landamörkin svo sunnarlega. ...⁴⁰

Hér lýkur útdrætti úr umfjöllun Sesselju um Vatnskatla.

Fyrsta dag ágústmánaðar 1996 fóru fulltrúar sýslumannsins í Keflavík, Stóru-Vatnsleysu og Hrauns í vettvangsgöngu til þess að skoða landamerki jarðanna Minni- og Stóru-Vatnsleysu, Hrauns og Krýsuvíkur. Fulltrúi frá landbúnaðarráðuneytinu var einnig með í för vegna Krýsuvíkur og Kálfatjarnar. Ekið var sem leið lá inn að Spákonuvatni og litið eftir línu sem liggur frá Grænavatnseggjum um Kolhól að Einiberjahóli. Þá var ekið að Reykjanesbraut og litið eftir flöggum á Einiberjahóli og Kolhóli sem Sæmundur Þórðarson, bóndi á Stóru-Vatnsleysu, hafði sett upp. Sáust þau nokkuð vel í sjónauka þegar gengið hafði verið um 100 m í suður frá Reykjanesbraut. Sæmundur upplýsti að hann hefði farið ca 1994 með Gunnari Erlendssyni, Kálfatjörn, Gylfa Má Guðbergssyni prófessor og Sesselju Guðmundsdóttur, höfundu bókarinnar Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi, og hefðu þau í þeirri ferð staðsett Kolhól. Sigurður Gíslason, bóndi á Hrauni, tjáði síðan göngumönnum að hann hefði séð Dágon, u.þ.b. 1934–35, ca 13–14 ára. Um hafi verið að ræða klöpp sem hafi náð honum í hné u.þ.b. metri í þvermál. Faðir hans, Gísli Hafliðason, og Guðjón Guðmundsson (fæddur og uppalinn í Krýsuvík og lengi búsettur að Hrauni) bentu Sigurði á þetta og kváðu vera Dágon. Dágon hafði verið „upp af vestri hleininni“, en sjáist nú ekki lengur, „það sé alveg öruggt“.

Eftir því er tekið við skoðun þessa máls að þrjár jarðir, Ísólfskáli, Hraun og Þórustaðir, teljast skv. landamerkjabréfum eiga mörk í Vesturhálsi, öðru nafni Selsvallahálsi. Sigurður segir hálsinn heita Selsvallaháls en Vesturháls sé nýsmíði.⁴¹

Í þinglýsingarvottorðum frá 25. mars 2004 kemur fram að jörðin Hraun er í einkaeign,⁴² en úr því hafa verið seldar spildur sem ekki munu koma inn á kröfuvæði.

Í ódagsettu bréfi mótmæla Hraunsmenn málflutningi Sesselju Guðmundsdóttur varðandi örnefni Framfell og Vesturfell og benda á ókunnugleika Geirs Bachmanns sem samdi sóknarlýsingu Staðarsóknar 1840–1841. [Geir kom í brauðið árið 1835].

⁴⁰Skjal nr. 4(52).

⁴¹Skjal nr. 4(50).

⁴²Skjöl nr. 20(2)–20(3).

Sömuleiðis segja þeir Selsvallafjall ná inn að Sogum en þar taki Grænadyngja við, Fíflavallafjall sé fyrir austan en Trölladyngja fyrir vestan.⁴³

5.3.3. Krýsuvík

Í kirknaskrá frá árinu 1200 kemur fram að kirkja sé í Krýsuvík.⁴⁴

Í máldaga Krýsuvíkur frá því um 1275 segir að kirkjan eigi:
...heimaland alltt. Herdijsarvík. ix. mæla land a þorkotlustöðum.⁴⁵

Í máldaga Krýsuvíkur frá því um 1307 segir að kirkjan eigi:
...heimaland alltt. Herdysarvík. ix. mæla land aa þorkotlustöðum.⁴⁶

(Máldagi frá 1367 samhljóða, sbr. Íslenzkt fornbréfasafn, III. b. s. 222, einnig frá því um 1477, sbr. Íslenzkt fornbréfasafn, VI. b. s. 124, einnig frá 1553–54, sbr. Íslenzkt fornbréfasafn, XII. b. s. 662).

Í máldaga Krýsuvíkurkirkju frá 1375 kemur fram að henni hafi verið ánafnaður fjórðungspartur í jörðinni Vatnsleysu [ekki kemur fram við hvaða Vatnsleysu er átt en ljóst er af öðrum heimildum að það er sú á Vatnsleysuströnd].⁴⁷

Í visitasíu sem gerð var í Krýsuvík árið 1395 stendur eftirfarandi:

... Reiknadist svo micid goss kirkiunnar j Krýsuvíkj ad auk fomra maldaga vc.

portio vmm .ij. är hälf .xiiij. alin⁴⁸

Þann 28. apríl 1479 vottuðu tveir aðilar skriflega að þeir, ásamt öðrum, hefðu heyrt eiginkonu fyrrum eiganda jarðarinnar Vatnsleysu lýsa því yfir að:

... kirkian kryssvvik ætti þar j xc ...⁴⁹

Árið 1525 ákvað Ögmundur Pálsson, biskup í Skálholti, að Krýsuvíkurkirkja skyldi selja eignarhlut sinn í Vatnsleysulandi til Viðeyjarklausturs.⁵⁰

Þann 27. september 1563 á Bessastöðum var sóknarkirkja í Krýsuvík lögð niður að beiðni Gísla biskups Jónssonar.⁵¹

Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar segir að kirkjan í Krýsuvík eigi:

„...heimaland alltt. Herdijsarvík. ix mælaland ä Thorkøtlustöðum.“⁵²

Í kjölfar þess að ágreiningur reis um landamerki Krýsuvíkur í upphafi 17. aldar vitnuðu nokkrir aðilar um merkin síðla árs 1603 og snemma árs 1604.⁵³

⁴³Skjal nr. 20(21).

⁴⁴Skjal nr. 4(33).

⁴⁵Íslenzkt fornbréfasafn, III. b. Kaupmannahöfn. 1896. S. 3.

⁴⁶Skjal nr. 4(28).

⁴⁷Íslenzkt fornbréfasafn, III. b. 1896. S. 291.

⁴⁸Skjal nr. 4(30).

⁴⁹Skjal nr. 4(31).

⁵⁰Skjal nr. 4(32).

⁵¹Íslenzkt fornbréfasafn, XIV. b. Reykjavík. 1944–1949. S. 158–159.

⁵²Íslenzkt fornbréfasafn, XV. b. Reykjavík 1947–1950. S. 641.

⁵³Vitnisburðimir eru teknir úr afriti sem var gert í Skálholti árið 1719.

Tvö vitni gáfu samhljóða lýsingu á landamerkjum Krýsuvíkur sem byggð var á vitnisburði þriðja manns⁵⁴ 26. desember 1603. Lýsing vitnanna var svohljóðandi:

... Krýsuvík ætti austur frá sér allt land að Skildi og þaðan sjónhending suður í sjó í þann stein sem stendur fyrir vestan þann hellir sem er framan í berginu við vatnsstæði eður leirtjörn, hvör leirtjörn þó uppþornar stundum, og aftur sjónhending úr Skildi í miðjan Breiðdal og vestur í Markrakkagil. Úr Markrakkagili og vestur yfir Sliturin fyrir norðan Fjallið eina. Þaðan sjónhending og í Dyngju, úr Dyngju og fram eftir miðjum Selsvallahálsi, úr hálsinum og suður í Raufarklett við Selatanga.

Tveir menn gáfu nánast samhljóða vitnisburð. Sá vitnisburður var efnislega á þessa leið:

Krýsuvík á land allt að steini þeim sem stendur uppá fjallinu hjá Skildi og sjónhending þaðan suður í sjó. Síðan sjónhending úr Skildi og í miðjan Breiðdal, úr Breiðdal og vestur í Markrakkagil, úr Markrakkagili og vestur yfir Sliturin fyrir norðan Fjallið eina. Þaðan sjónhending og í Dyngju, úr Dyngju og fram eftir Selsvallarhálsi [annar aðilinn segir Selsvallarhálsi en hinn segir Selsvallakálfi] og suður í Raufarklett sem stendur við Seltanga.

Samkvæmt einu vitnanna:

á Krýsuvík austur frá sér land allt að Skildi og þaðan sjónhending suður í sjó.

Sem staðfestingu á framburði sínum greindi vitnið frá því að það hefði eitt sitt heyrt menn segja að:

... Krýsuvík ætti land allt austur yfir haan⁵⁵ hraun hvert hraun að liggur fyrir austan Geitahlíð.

Sjötta vitnið greindi frá því að það kannaðist ekki við annað en að:

Krýsuvík ætti land allt austur á eystri hraunsbrún á hrauni því sem liggur fyrir austan Hlíðarhorn.

Til þess að styrkja frásögn sína greindi vitnið frá því að það hefði heyrt að á þeim tíma sem séra Guðmundur hélt Krýsuvíkurstað hefði það verið almæli allra manna að hraunið væri Krýsuvíkureign með réttu.⁵⁶

Að sögn sjöunda vitnisins átti Krýsuvík:

... land allt að steini þeim sem stendur uppá fjallinu hjá Skildi og þaðan sjónhending suður í sjó.

Vitnið kvaðst einnig hafa heyrt að:

⁵⁴[Sá maður var á áttæðisaldri og hafði ávallt átt heima í Grindavíkursveit og var uppallinn í Krýsuvík.]

⁵⁵Verður helst lesið svo.

⁵⁶Prestatal og prófatast getur ekki um neinn Guðmund prest í Krýsuvík. E.t.v. er hér um að ræða Guðmund Þórðarson (1521–um 1590), sem var prestur á Arnarbæli. Sjá; Páll Eggert Ólafsson. *Íslenskar æviskrár frá landnámstímanum til ársloka 1940*, II. b. Reykjavík. 1949. S. 188.

... Krýsuvík ætti land allt að Skildi og sjónhending suður í sjó í þann stein sem stendur fyrir vestan þann helli sem er framan í berginu við vatnsstæði, hvert vatnsstæði, eður leirtjörn þó upp þornar á sumarið, og ættu þessir sömu steinar að standast á.

Einnig hafði vitnið heyrt að :

... það hefði ætíð verið almæli allra manna, að selstaða ætti að leggjast frá Krýsuvík til Herdísarvíkur en frá Herdísarvík skyldi koma skipstaða.⁵⁷

Í júní árið 1961 skrifaði Magnús Már Lárusson greinargerð um merki Krýsuvíkurlands.⁵⁸ Meðal þess sem hann fjallaði um voru vitnisburðir frá árunum 1603 og 1604, sem áður hefur verið getið. Samdi Magnús eftirfarandi yfirlit um efni vitnisburðanna.

Vitnisburðirnir eru í tveim flokkum. Nr. 2, 5 og 6 greina öll merki, en nr. 3,4 og 7 merkin að austan.

Þeir eru mismunandi ýtarlegir, en þó enginn munur á frumstaðreyndum.

Nr. 3 segir, að Krýsuvík eigi land allt austur á eystri hraunsbrún á hrauni því, sem liggur fyrir austan Hlíðarhorn. (Hlíðarhorn á við Geitahlíð, sem endar í bröttu horni, er skagar fram til landsuðurs).

Nr. 4 segir, að Krýsuvík eigi austur frá sér land allt að Skildi; þaðan sjónhending suður í sjó. Enn fremur segir, að Krýsuvík eigi land allt austur yfir Háahraun, er liggur fyrir austan Geitahlíð.

Nr. 7 segir, að Krýsuvík eigi land allt að þeim steini, er stendur á Fjalli hjá Skildi; þaðan sjónhending suður í sjó í þann stein, sem stendur fyrir vestan þann helli, sem er framan í berginu við vatnsstæði, hvert vatnsstæði er leirtjörn, þó uppþornuð að sumrinu. Og ættu þessir sömu steinar að standast á.

Skjöldur er óefað stuttmynd fyrir Lyngskjöld, og Fjall fyrir Herdísarvíkurfjall. Í sóknarlýsingu sira Jóns Vestmanns segir, að Lyngskjöldur sé óbrunninn blettur yzt í Herdísarvíkurfjalli.

Nr. 2, 5 og 6 segja Krýsuvík eiga land allt að steininum hjá Skildi, þaðan sjónhending suður í sjó, og bætir nr. 5 þá við svo til sama vitnisburði um steininn fyrir vestan helling.

Hellir þessi er sennilegast sá, sem nefndur er Krýsuvíkurhellir í Örnefnaskrá Þjóðminjasafns.

Nr. 2, 3 og 6 eru sammála um að telja svo sjónhendingu í miðjan Breiðdal úr

⁵⁷Skjal nr. 2(38).

⁵⁸Það kemur fram í greinargerðinni að Magnús Már telur að Kongsfell, sem nefnt er í landamerkjalyðsingum og sóknalyðsingum, sé Litla-Kongsfell.

Skildi.

Þeir eru sammála um að telja svo úr Breiðdal vestur (þó sleppt í nr. 6) í Markrakkagil⁵⁹ (!). Úr Markrakkagili vestur yfir Sliturinn (!) fyrir norðan Fjallið eina. Þaðan í Dyngju. Úr Dyngju fram eftir Selsvallahálsi og suður í Raufarklett við Selatanga. Nr. 3 segir þó: frameftir miðjum Selsvallahálsi.

Slitur virðist vera týnt örnefni, en gæti verið réttnefni á hinu sprungna og úfna gjásvæði N og V við Fjallið eina. Selsvallaháls heitir nú Núpshlíðar og, eða, Vesturháls.

Merkjalýsingar þessar eru sá grundvöllur, sem stóllinn gat byggt á, ef merki Krýsuvíkur yrðu véfengd. Þó vantar punktinn, er komið var vestur yfir Sliturinn.⁶⁰

Árið 1629 er vottað, að árið 1621 hafi Skálholtsbiskupi verið afhentir vitnisburðir þriggja vitna. Eru þeir meðal kirkjuskjala Staðar í Grindavík og hljóða svo:

... að Krýsivík ... ætti austur frá sér land allt að Skildi og þaðan sjónhending austur í sjó í þann stein sem stendur fyrir vestan þann hellir sem er framan í berginu við vatnsstæði eður leirtjörn, hvör leirtjörn þó uppþornar stundum. Og aftur sjónhending úr Skildi í miðjan Leirdal vestur í Markagil, úr Markagili vestur yfir Slitrin fyrir norðan Fjallið eina, þaðan sjónhending og í Dyngju, úr Dyngju þeirri og frameftir miðjum Selsvallahálsi, úr hálsinum og suður í Raufarklett við Selatanga.⁶¹

Í tíð Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups, nánar tiltekið árið 1642, var jörðin Krýsuvík vísiteruð. Hluti skýrslunnar, sem unnin var eftir vísitasíuna, fer hér á eftir:

Mariukyrkia að Krýsivýk ä að mäldógum heimaland allt Herðisar výk 9 mæla land að Þorkótlustodum ...

För þetta alltt frammi i Krýsivýk Anno 1642.

(Undir þetta rita Þorsteinn Erlingsson, Hallur Árnason, Pétur Gissursson og Stefán Ólafsson).⁶²

Þrjátíu og sex árum eftir að Brynjólfur Sveinsson stóð fyrir vísitasíu í Krýsuvík var kirkjan vísiteruð af nýjum biskupi. Þá var Þórður Þorláksson biskup í Skálholti. Í vísitasíunni, sem fór fram 28. ágúst 1678, kom eftirfarandi fram:

⁵⁹Magnús Már staðsetur Markrakka-/Markraka-/Melrakkagil (hornmark Garðakirkjulands, Hvaleyrarlands og punktur á norðurtakmörkum Krýsuvíkurlands) sem 3. gil í Undirhlíðum frá Vatnsskarði, sem sé annað gil en það sem nú er kallað Vatnsskarð. Magnús Már segir að til sé skjalfestur vitnisburður um merkigilið frá Kjartani Sveinssyni skalaverði.

⁶⁰Skjal nr. 4(60).

⁶¹Skjal nr. 2(38).

⁶²Skjal nr. 2(60) a–b.

... Mariæ kkaa ad Krysivýk hefur att ad fomngilldu ... heima land allt Herdýsarvuk ...et, Enn er nu eigninn óll kominn undir Skalhollts domkku og henni til dæmd af hofudzmannj Pälj Stígssyni og hr. Gisla Jonssyni med tilftardömi, huad þessi kyrkia hefur frammar átt i rekum og i sökum utvysa maldagar sem eru i Skalholltj.

(Undir þetta rita Bjarni Jónsson, Eiríkur Magnússon, Bjarni Sigurðsson, Jón Jónsson og Árni Gíslason).⁶³

Jörðin Krýsuvík var metin árið 1703. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram að Krýsuvík eigi hjáleigurnar Nýjabæ, Litla-Nýjabæ, Norðurhjáleigu, Suðurhjáleigu og Austurhús. Þar stendur einnig eftirfarandi:

Skógur lítill þó til kolagjörðar fyrir ábúendur og líka að nokkru leyti til eldiviðar.

Afrjett fyrir jaðarinnar pening nægileg, en er þó öngvum burtu ljeð.⁶⁴

Í kaflanum um Austurhús kemur eftirfarandi fram:

Selstöður tvær á jörðin, aðra til fjalls en aðra nálægt sjó, báðar merkilega góðar. Og mega þær nýta hjáleigumenn og bóndi.⁶⁵

Í Jarðabók Árna og Páls stendur eftirfarandi um Þórkötlustaði:

Selstöðu brúkar jörðin og hefur lengi brúkað í Krýsivíkurlandi, þar sem heitir á Vigdísarvöllum, segja menn að selstaðan sje ljeð frá Krýsivík, en Krýsivík aftur ljeð skipstaða fyrir Þórkötlustaða landi. Er selstaðan að sönnu góð, en miklega langt og erfitt til að sækja.⁶⁶

Á tíma Jóns Vídalíns Skálholtsbiskups var Krýsuvík vísiteruð á nýjan leik 18. ágúst 1703. Í vísitasíubókinni er ekki að finna neinar gagnlegar upplýsingar.⁶⁷

Jón Árnason Skálholtsbiskup vísiteraði Krýsuvík þann 8. maí 1723. Í vísitasíunni er staðfest það sem fram kom í vísitasíunni árið 1642 um jarðeignir Krýsuvíkur:

Anno ut supra þann 8. Maji var visiterud kirkiann ad Krysuvik. Hún ä efter visitatiu herra Gisla Jónssonar heimaland allt, Herdysarvik, ix mäla land ä Þorkötlustódum ...

(Undir þetta rita Halldór Einarsson, Arngrímur Bjarnason, Jón Magnússon, Ólafur Gissursson og Jón Bjarnason).⁶⁸

⁶³Skjal nr. 2(61) a–b.

⁶⁴Í Jarðabókinni er einnig minnst á jörðina Gestsstæði sem hafði lengi legið í eyði og heyrði undir Krýsuvík.

⁶⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3 b. 1923. S. 4–7.

⁶⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 14.

⁶⁷Skjal nr. 2(62) a–b.

⁶⁸Skjal nr. 2(63) a–b.

Rúmum 28 árum síðar, nánar tiltekið þann 10. júní árið 1751, var Krýsuvík vísiteruð af Ólafi Gíslasyni biskupi í Skálholti. Í vísítasíunni er minnst á jarðeignir sem voru einnig í eigu Krýsuvíkur er vísítasíur voru gerðar þar árin 1642 og 1723 þ.e.:

... heimaland allt, Herdysarvök, 9 mæla land að Þorkótlustodum ...

(Undir þetta rita Ólafur Gíslason, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Ólafsson, Magnús Jónsson, Jón Sigmundsson).⁶⁹

Þann 28. maí 1758 var Krýsuvík vísiteruð af Finni Jónssyni Skálholtsbiskupi. Í vísítasíubókinni stendur eftirfarandi:

... vísiterud kkian að Krysuvik Hun á efter þeim gomlu maldogium heimaland allt enn nu orden stols Jord. Efter Vilchins maldaga a hun, alla Herdysarvyk, ix mæla lands a Þorkotlustódum ... Enn efter maldaga Gísla bps. á hun Herdysarvyk og ix mæla land á Þorkotlustodum ...

(Undir þetta rita Finnur Jónsson, Jón Magnússon, Jón Sigmundsson og Sigurður Sæmundsson).⁷⁰

J. Johnsen minnst á það í bók sinni, Jarðatal á Íslandi, að stólsjörðin Krýsuvík hafi verið seld þann 8. ágúst 1787.⁷¹ Þann 26. júní 1790 er gefinn vitnisburður um landamerki Krýsuvíkur. Þar greinir sá sem skrifar undir lýsinguna frá því að hann hafi:

... heyrt af vissum mönnum, sem hér í Krísivík hafa verið, um landamerki þau, sem heyrt hafa henni, Krísivík, til, eru svoleiðis: Úr Raufarklett á Selatöngum og í Trölladyngju, úr Trölladyngju og í Gráhellu, úr Gráhellu og í Markrakkagil, úr Markrakkagili og Mígandagröf á fjalli, úr Mígandagröf á fjalli og í stein á Herdísarvíkurfjalli, úr þeim steini og á Seljabótarnef við sjó.⁷²

Landamerkjalyking þessi er staðfest af tveimur mönnum.

Um mitt ár 1800, en þá var Geir Vídalín biskup, var Krýsuvík vísiteruð. Í greinargerðinni, sem samin var vegna þessarar eftirlitsferðar, kemur eftirfarandi fram:

Anno 1800 þann 1sta Julii, visiteradi Biskupinn Geir Vidalin Kirkiuna að Krysevík; hun hefur ad fornu átt heimaland allt, síðann var hun i meir enn 200 ár, Skálholts Biskupsstolls, égn, og er nu loks, asamt öðrum Biskupstólsins fastégnum, ásamt jördinni, af Kongl. Hátign burtuseld, svo hun er nu bónda egn — hún á alla Herdisarvik, ix Mælira lands á Þorkótlustodum ...

⁶⁹Skjal nr. 2(64) a–b.

⁷⁰Skjal nr. 2(65) a–b.

⁷¹Skjal nr. 4(34).

⁷²Skjal nr. 2(39).

(Undir skrifna: Arne Nathanaelss., Geir Vidalin, B. Sveinson, Gudmundur Þorsteinsson).⁷³

Í kaflanum um Krýsuvík með hjáleigunum Suðurkoti, Norðurkoti, Stóra-Nýjabæ og Litla-Nýjabæ í jarðamati 1804 stendur:

Jorden har god Udegang for Faar og Heste, af de sidste indtages nogle fra Fremmede mod Betaling 1 rdlr. aarlig. Tillige ejer den Sætter til Fiælds, hvoraf for nærværende, ogsaa 2 andre Jorde betjene sig, mod Betaling 20 al. aarlig af hver. Endelig findes her en god Svoelmine som dog ej benyttes, da urensset Svoel ikke finder Afsætning, og kan dette derfor ikke evalueres.

Í athugasemdum um Krýsuvík segir, sem gilda mun um sýsluna í heild:

Paa Grund af at Udegang for Beder i Almindelighed her i Sysselet saa god, at disse Creature, de fleste Vintere (undertiden endog Faar og Lam) blot eller da for det meste leve ved at gaae ude, haves desuden de færreste Stæder i nogen betydelig Mængde, uden hvor Udegangen er fortrinlig god, saa formeenes Nedsættelse af denne Herlighed ikke fornöden, uden i Følge særdeles Omstændigheder, der da paa vedkommende Stæder skal blive anmærket.⁷⁴

Þann 12. ágúst 1838 seldi Erlendur Jónsson á Brunnastöðum P.C. Knudtzon jörðina Krýsuvík. Henni fylgdu hjáleigurnar Stóri-Nýibær, Litli-Nýibær, Norðurkot, Suðurkot, Austurhús og Vesturhús, og tvær nýlendur; Vigdísarvellir og Garðshorn.⁷⁵

Árið 1839 settist Einar Þórðarson að á nýbýlinu Bala sem var nálægt bænum Vigdísarvöllum en þar bjó bóndinn Jón Þorsteinsson. Hann var ósáttur við veru Einars á Bala og þann 20. maí 1840 samdist þeim Einari um að sá síðarnefndi myndi flytja frá Bala á næstu fardögum.⁷⁶

Bali er þó talinn meðal hjáleigna Krýsuvíkur í Jarðatali Johnsens og Nýrri jarðabók, eins og síðar verður nefnt, en ekki hefur verið kannað í sóknarmannatölum hvernig búsetu var háttað þar.

Í sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu er að finna lýsingu Páls Melsted, frá árinu 1842, á mörkum Árnassýslu annars vegar og Gullbringu- og Kjósasýslu hins vegar:

Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árnass- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýsl[u]steinar undir Geitahlíð millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnassýslu og Krýsuvíkur, sem tilheyrir Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslutakmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn; þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mosfellsheiði; þaðan í Syðri-Moldbrekkur; þaðan í Rjúpnagil millum bæjanna Stardals í Kjósar- og Stíflisdals í Árnassýslu:

⁷³Skjal nr. 2(66) a–b.

⁷⁴Skjal nr. 2(46).

⁷⁵Skjal nr. 2(33).

⁷⁶Skjal nr. 2(59) a–b.

þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafelli; þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá; þaðan í Steinkirkju; þaðan í Súlu.⁷⁷

Í lýsingu Garðaprestakalls í ritinu Landnám Ingólfs. Sýslulýsingar og sóknalýsingar stendur eftirfarandi:

Hverjir bæir eiga selstöður etc? Svar: Ég veit ekki nema það, að Garðar eiga selstöðu í því svokallaða Kirkjulandi, sem liggur fyrir ofan byggðina, frá Elliðavatns- og Vatnsendalandi, suður að Krísvíkurlandi og upp undir fjöllin. Hitt veit ég og, að nú brúkar enginn hér selstöður og séu Garðar undanteknir, sem höfðu pening í seli til 1832, hafa ei selstöður héðan verið brúkaðar í næstliðin 50 a 60 ár.⁷⁸

Samkvæmt bókinni Jarðatal á Íslandi, sem gefin var út 1847, fylgja Krísvík sjö hjáleigur, Suðurkot, Norðurkot, Stóri- og Litli-Nýibær, Vigdísarvellir, Bali og Lækur.⁷⁹

Í Jarðamati 1849–1850 er kafli um Krísvík og hjáleignar, Suðurkot, Norðurkot, Stóra-Nýjabæ, Litla-Nýjabæ, Vigdísarvelli, Bala, Læk og Fitjar. Þar stendur m.a.:

Landrymi mjög mikið. ... Skógarló. Talsverður brennusteinn. ... Jörðin að flestum inytjum mjög örðug og fólksfrek, þareð þær liggja langt frá og eru sumar sameinaðar lífshættu.⁸⁰

Í afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu frá árunum 1848–1862 kemur fram að eigandi hálftrar Krísvíkur hafi leigt Jóni Hjaltalín námarétt og gefið byggingarleyfi þann 13. september 1851. Þar kemur einnig fram að þann 30. september 1858 selja eigendur Krísvíkur Joseph William Busby esq. brennisteinsnámur í landi Krísvíkurtorfu og Herdísarvíkur og að eigandi hálftrar Krísvíkur og Herdísarvíkur hafi heitið því þann 4. september 1858 að selja Jóni Hjaltalín námuréttindi.⁸¹

Manntalsþing var haldið í Innri-Njarðvík þann 20. júní árið 1859. Þar var auglýstur samningur sem Sverrir Eiríksson í Krísvík hafði gert við dr. Jón Hjaltalín þann 4. september 1858 um að Sverrir seldi Jóni sinn helming úr Krísvíkurtorfunni ef leyfi fengist ekki til þess að selja sérstaklega undan jörðinni brennisteinsnámur þær sem þar voru.

Á manntalsþinginu var einnig þinglýst afsalsbréfum sem eigendur Krísvíkur, S. Sivertsen og Sverrir Eiríksson, gáfu út síðla árs 1858.⁸² Í þeim kemur fram að þeir selji Joseph William Busby Esq. allar námur í Krísvíkurlandi.⁸³

⁷⁷ Árnassýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Reykjavík. 1979. S. 18.

⁷⁸ Árni Helgason. „Lýsing Garðaprestakalls, 1842“ í *Landnám Ingólfs*, III. 3. Reykjavík. 1939. S. 209.

⁷⁹ Skjal nr. 4(34).

⁸⁰ Skjal nr. 2(47) a–b.

⁸¹ Skjal nr. 2(30), 2(31) og 2(32).

⁸² Annað bréfið var dagsett 30. september en hitt 4. október.

⁸³ Skjal nr. 2(88).

Í bókinni „Ný jarðabók fyrir Ísland“ frá árinu 1861 kemur fram að Krýsuvík fylgi átta hjáleigur; Suðurkot, Norðurkot, Stóri- og Litli-Nýibær, Vigdísarvellir, Bali, Lækur og Fitjar.⁸⁴

Í byrjun janúar 1870 sendi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hreppstjóra Vatnsleysustrandarhrepps fyrirspurn um það hvort tiltekinn maður, sem sýslumaðurinn taldi búsettan á Vigdísarvöllum, væri heimilisfastur í Vatnsleysustrandarhreppi. Ástæða fyrirspurnarinnar var sú að téður maður hafði neitað að greiða tíund í Grindavík á þeirri forsendu að hann hefði greitt hana í Vatnsleysustrandarhreppi. Í svarbréfi til sýslumannsins greindi hreppstjórinn frá því að hann teldi manninn heimilisfastan á Vatnsleysuströnd, þó hann flytti sig og fé sitt um sumartímamann á Vigdísarvelli, líkt og þegar Grindavíkurmenn hefðu í seli á Selsvöllum.⁸⁵

Í byrjun 8. áratugar 19. aldar reis upp ágreiningur milli Þorkels Bjarnasonar á Mosfelli, vegna Mosfellskirkju, og Ófeigs Vigfússonar á Nesjum í Grafningi, um landamerki þessara tveggja jarða á Mosfellsheiðinni. Málið fór fyrir dóm og voru þar lögð fram margvísleg gögn. Þann 22. september 1873 var vitnisburður Árna Björnssonar, frá 9. september 1869, um sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu samhliða Borgarfjarðarsýslu annars vegar og Árnassýslu hins vegar lagður fram:

Sýslusteinn í Krýsuvíkurbergi. Þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Liklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil, ...⁸⁶

Þá voru einnig lagðir fram vitnisburðir Ingimundar Gíslasonar, frá 29. júlí 1869, og Guðmundar Jakobssonar, frá 26. apríl 1871, um mörk Árnes- og Gullbringusýslu (og Kjósarsýslu).

Í vitnisburði Ingimundar stóð eftirfarandi:

Sýslusteinn í Krýsuvíkurbergi. Þaðan fjöll norður í Kóns fell. Þá yfir Likla fell, (hvar stór steinn stendur norðanvert við fellinu sem þeir kölluðu alt til sýslustein.) ...⁸⁷

Í vitnisburði Guðmundar kom eftirfarandi fram:

... endamörk, að sunnan, væri i svo kallaðan sislustein, undir geitahlið, og beina stefnu eftir há fiöllum til Norðurs, sem þá væri um hæst Vífil fell ...⁸⁸

Samningur milli eigenda Krýsuvíkur og Herdísarvíkur og Patersons um námur frá 2. desember 1871 var þinglesinn þann 20. júní 1877.⁸⁹

Þann 20. nóvember 1886 var skrifað undir landamerkjalytingu jarðarinnar Herdísarvíkur. Lýsingunni var þinglýst 3. júní 1889:

⁸⁴Skjal nr. 4(35).

⁸⁵Skjal nr. 2(98).

⁸⁶Skjal nr. 2(43) í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið.

⁸⁷Skjal nr. 2(42) í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið.

⁸⁸Skjal nr. 2(35) í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið.

⁸⁹Sbr. skjal nr. 2 (A.6.63 a–b).

Maríu kirkja í Krísuvík á í Arnessýslu samkvæmt máldögum jörðina Herdísarvík.

Landamerki Herdísarvíkur eru þau er nú skal greina:

...

að vestanverðu, milli Herdísarvíkur og Krísuvíkur ræður mörkum stefnulína frá áður nefndu Kongsfelli í Seljabótarnef lágan hraunhnúk, vestast í Seljabót, við sjó fram. –

Kirkjan á ... sömuleiðis allar landsnyttjar innan hjer taldra ummerkja, með þeim takmörkunum, er síðar greinir (sbr. No 2). ...⁹⁰

Landamerkjabréf Krýsuvíkur var undirritað 14. maí 1890 og þinglesið 20. júní s.á.:

...

1. að vestan: sjónhending úr Dagon (= Raufarkletti), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum í Trölladyngjufjallsrætur að vestan, sem er útbrunnið eldfjall norðanvert í Vesturhálsi; þaðan bein stefna í Markhelluhól háan steindranga við Búðarvatnsstæði.
2. að norðan: úr Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (= Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu.
3. að austan: samþykkt og þinglýst vesturmörk Herdísarvíkur, s: [þ.e.] sjónhending úr Kongsfelli sem er lág mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg, á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram.
4. að sunnan nær landið allt að sjó.

Í landamerkjabréfinu kemur einnig fram hver hafi verið ítök kirkjunnar.

Einnig er greint frá því í landamerkjabréfinu að Strandarkirkja og Kálfatjarnarkirkja eigi ítök í landi kirkjunnar, þar á meðal mánaðarselsátur í Sogum, sunnanvert við Trölladyngju, samkvæmt munnmælum og vitnisburði kunnugra manna, eign Kálfatjarnarkirkju, og að allar brennisteinsnámur á Krýsuvíkur- og Herdísarvíkurlandi séu í eigu útlendinga. Þar stendur einnig:

Þess skal hjer getið, að ýmsir eigna kirkjunni talsvert meira land, sem jeg ekki finn ástæðu til að taka til greina, geti hlutaðeigendur orðið ásáttir um landamerki þau, sem hjer eru talin.

Landamerkjabréfið er samþykkt af eigendum Ísólfskála, Hrauns og Vatnsleysulands, eigendum og umboðsmönnum Knarrarnesja og Ásláksstaða, eigendum og umráðamönnum Brunnastaðatorfu, eiganda Þórustaða og Landakots og eiganda og umboðsmanni Auðnahverfis og 1/3 Breiðagerðis auk umboðsmanns

⁹⁰Skjal nr. 4(117) a–b, í máli nr. 6/2004, Ölfus.

skólasjóðsins. Það er einnig samþykkt af forráðamönnum Óttarsstaða og Strandarkirkju og umboðsmanni Hlöðunesstorfu svo og Garðapresti. Nokkrir þeirra sem skrifuðu undir gerðu athugasemdir við landamerkjabréfið. Umboðsmaður jarðanna Staðar og Húsatópta skrifaði:

Hinsvegar skráðum landamerkjum Krísvíkur verð jeg að mótmæla hvað 1. tölulið snertir um sjónhending úr Dagon í Trölladyngju fjallsrætur að vestan þar jeg hefi aldrei annað heyrt frekar, en Krísvík ætti land úr Dagon, eptir Núpshlíð og vesturfjallgarði áfram N-austur eptir, en að öðru leyti hefi jeg ekki að athuga nema óráðið mun um rjetta þekkingu á „Markhelli“ að vestanverðu.

Eftirfarandi athugasemd kom frá eigendum og umboðsmönnum Hvassahrauns:

Sem eigendur og umboðsmenn Hvassahraunshverfis leyfum við oss að gjöra þá athugasemd við framanskráð landamerki að í staðinn fyrir „Markhelli“ sje settur „Markhelluhóll“. Að öðru leyti samþykkt.

Fjárráðandi Kálfatjarnarkirkjulands lét líka skrá niður athugasemd:

Framanskráðu landamerkjaskjali er jeg samþykkur sem fjárráðandi Kálfatjarnarkirkjulands, að undanskildum tölulið 2. í ítökum Kirkjunnar þ.e. Krísvíkurkirkju, þar eð Kálfatjarnarkirkju er í máldögum eignaður allur reki á Selatöngum; mótmæli eg þessvegna nefndum tölulið 2.

Í lok landamerkjabréfsins er eftirfarandi athugasemd:

Af ókunnugleik mínum hef jeg látið sýna landamerkjalytingu þessa sumum, sem engan eignarrjett hafa yfir landi við landamerkin að vestan (jeg vildi vera viss um að engum yrði sleppt, sem land ætti að), t.d. Grindavíkurstreiti, eigendum Brunnastaðatorfunnar o.fl., svo ekki verður af undirskiptunum einum ráðið, að hinir undirskrifaðir eigi allir land að landamerkjum Krísvíkur, og verður það bezt sjeð á merkjalýsingum þeirra þegar þær koma í ljós, svo hinar óþörfu undirskriptir þurfa engan vafa eða misskilning að gjöra. Á. Gíslason.⁹¹

Landamerkjabréf fyrir Garða var undirritað 7. júní 1890 og þinglýst tveimur dögum síðar. Í því kemur eftirfarandi fram:

þaðan til austurs landsuðurs í miðt Húsfelli, úr miðju Húsfelli beint til suðurs í efri Strandartorfu, þaðan beint í (suður) Markkra í Dauðadöllum, þaðan til vesturs í Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina, þaðan til norðurs ofanvert við Hvaleyrar- og Áslönd í Steinhús⁹²

Á hreppsnefndarfundi Grindavíkurhrepps, sem haldinn var 9. mars 1895, var ákveðið að hafna kröfu eiganda og ábúanda Krísvíkur, um að hrossa- og sauðfjáreigendur í Grindavík greiddu sér hagatoll fyrir sumarreit í

⁹¹Skjal nr. 2(25) a–b.

⁹²Skjal nr. 2(107).

Krýsuvíkurlandareign. Rökin fyrir þessari ákvörðun voru þau að sárafátt fé Grindvíkinga hefði beit í Krýsuvíkurlandi enda hefðu þeir nóg upprekstrarland.⁹³

Árið 1911 sendu ábúendur Krýsuvíkur hreppsnefnd Grindavíkur bréf þar sem þeir kröfðust greiðslu fyrir sumarreit í Krýsuvíkurlandi. Þann 25. júní 1911 tók hreppsnefnd Grindavíkur þetta bréf fyrir. Á fundinum kom fram óánægja með kröfuna því að Grindvíkingar hefðu í mörg ár hjálpað Krýsuvíkingum við smölun vor og haust og sú aðstoð hlyti að teljast nægileg greiðsla fyrir sumarreitina. Eftir að hafa rætt málið komust nefndarmenn að þeirri niðurstöðu að þeir væru tilbúnir að greiða fyrir reitina en þá myndi hreppurinn líka draga úr þjónustu sinni. Hreppsnefndarmenn voru tilbúnir að greiða ábúendum Krýsuvíkur 50 kr., en þá myndi falla niður hjálp við haustsmölun, eða 30 kr. auk aðstoðar við smölun á Vigdísarvöllum.⁹⁴

Í fylgiskjali nr. 8. b. með hreppsreikningi 1910–1911 kemur fram greiðsla fyrir sumarreit í Krýsuvík, 50 kr.⁹⁵

Í þeim hluta fasteignamats Gullbringu- og Kjósarsýslu 1916–1918 sem fjallar um jörðina Krýsuvík kemur fram að útreit sé heiðarland og hraun og að jörðinni fylgi hjáleigan Stóri-Nýibær.⁹⁶

Fasteignabók 1921 minnst ekki á að Krýsuvík fylgi nein hjáleiga þótt enn hafi verið búið í Stóra-Nýjabæ.⁹⁷

Í kaflanum um Krýsuvík í fasteignamati árið 1932 kemur m.a. fram að þar sé ekkert beitarland nema heimaland jarðarinnar. Þar segir einnig að á jörðinni sé góð mótekja og að þar séu hverir og jarðhiti. Einnig kemur þar fram að landamerki séu ágreiningslaus.

Í fasteignamati 1932 er sérkafla um jörðina Stóra-Nýjabæ sem er hjáleiga frá Krýsuvík. Meðal þess sem þar er greint frá er að býlið hafi ekkert upprekstrarland enda hafi jörðin næg beitolönd. Þar kemur einnig fram að býlið hafi mótak og að hverir séu í landi jarðarinnar. Síðan segir að býlið hafi eggjatekju og fuglaveiði á litlum parti í Krýsuvíkurbjargi. Í kaflanum er einnig greint frá því að býlið hafi óskipt beitoland við Krýsuvík og að merki séu glögg á engjum og túnum. Stóri-Nýibær hefur engin ítök og landamerki býlisins eru óumdeild.⁹⁸

Íslenska ríkinu var heimilað með lögum nr. 11 1936 að taka jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ eignarnámi. Var skipuð sérstök matsnefnd til þess að ákvarða bætur. Skilaði nefndin matsgerð dagsettri 4. nóvember 1936. Í matsgerðinni er litið til landamerkjaskrár 14. maí 1890 og segir nefndin landamerkin virðast ágreiningslaus. Um jörðina segir nefndin:

⁹³Skjal nr. 2(91).

⁹⁴Skjal nr. 2(92).

⁹⁵Skjal nr. 2(92).

⁹⁶Skjal nr. 2(42) a–b.

⁹⁷Skjal nr. 4(36).

⁹⁸Skjal nr. 4(37).

Jörðinni Krýsuvík hafa fyrrum fylgt 7 hjáleigur (sbr. Jarðatal Johnsens bls. 84), en allar hafa þær verið lagðar undir aðaljörðina, nema Stóri-Nýjabær, sem verið hefur í sjálfstæðri byggingu fram á síðustu ár, en er nú í eyði, eins og segja má, að sjálft aðalbólið, Krýsuvík, sé líka.

Um óræktanlegt land Krýsuvíkur segir:

Það er, sem fyrr er sagt, að miklu leyti fjöll, hraun og sandar. [Áður sagt í matsgerðinni að það yrði aðeins notað sem afréttarland]. En það er þó víða dágott sauðland, enda hafa ábúendur á jörðum þessum verið sauðmargir löngum, miðað við það, sem hér á landi hefur tíðkapt. En auk fjár ábúenda Krýsuvíkurtorfunnar hafa víst ýms eða flest byggðarlög þar syðra haft not landsins til sumarhaga fyrir sauðfé sitt, enda er svo látið um mælt í 1. málsg. 2. gr. laga nr. 11/1936, að afhenda skuli Gullbringusýslu lítt ræktanlegt beittland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, þegar ríkið hafi tekið lönd þessi eignarnámi. Óræktanlega eða lítt ræktanlega land jarðanna er því vitanlega nokkurs virði. Það, sem næst Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ liggur, en það virðist vera gott sauðland víða, mundi að sjálfsögðu verða notað til vetrar- vor- og hausthaga fé því, er nytjendur þeirrar byggðar, sem þar mundi rísa upp, kynnu að hafa. En það af landi þessu, sem fjær liggur, til upprekstrarlands fyrir sauðfé ýmsra hreppa Gullbringusýslu. Það er um þenna hluta lands Krýsuvíkurtorfunnar sem önnur gögn hennar, að erfitt er að ákveða verð þess. En kunnugt er það, að upprekstrarlönd hafa verið seld hér á landi fyrir meðaljarðir eftir því, sem þá tíðkaðist, og þekkir einn okkar undirritaðra slíkt dæmi. Þess skal getið, að Vigdísarvellir eru hér með taldir. Er þar að vísu gamalt túnstæði, talið 5 ha., en annars er þar ekki eða lítt ræktunarahæft land. Óræktanlega eða lítt ræktanlega landið þykir mega áætla 5000,00 — fimm þúsund — króna virði.⁹⁹

Matsnefndin ákvað landamerki lands þess, sem selja skyldi Hafnarfjarðarbæjar, á fundi 1. maí 1939¹⁰⁰ og var það selt samkvæmt þeim mörkum árið 1941.

Þann 15. maí árið 1939 hafnaði sýslunefnd Gullbringusýslu beiðni Ingólfs Sigurjónssonar á Jófríðarstöðum um að fá að leigja land á gamla túninu á Vigdísarvöllum undir nýbýli. Rök sýslunefndarinnar voru þau að ekki væri hægt að minnka landið sem sýslunni væri ætlað til sauðfjarbeitar úr Krýsuvíkur- og Nýjabæjarlandi.¹⁰¹

Þann 20. febrúar 1941 seldi ríkissjóður Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar (Krýsuvíkurtorfunni). Hið selda land afmarkaðist af eftirfarandi landamerkjum:

⁹⁹Skjal nr. 21(2).

¹⁰⁰Skjal nr. 21(4).

¹⁰¹Skjal nr. 2(93).

Að vestan, beina stefnu í norður úr Hælsvík í Borgarhól, þar sem hann er hæstur, úr Borgarhóli eftir Sveifluhálsi í vestustu vík Kleifarvatns, að ber í ysta odda Hvammholtstanga. Að norðan ræður Kleifarvatn, í syðsta odda víkur þeirrar, er gengur úr vatninu vestan við Geithöfða og að austan þaðan beina stefnu í rjettvísandi suður til sjávar, í Keflavík. Að sunnan ræður sjór þó þannig, að óhindraður umferðarréttur áskilst Gullbringusýslu fyrir búpening og til annarar umferðar, um svæði upp frá sjó, er sé a.m.k. 60 metrar á breidd, enda séu engar girðingar eða umferðarhindranir á þeirri leið.

Hafnarfjarðarkaupstaður fékk einnig eignarráð yfir hitaveituréttindum í allri Krýsuvíkurtorfunni og aðstöðu til að notfæra sér þau, líka afnot af Kleifarvatni, svo og allan veiðirétt í vatninu. Hann mátti þó ekki setja girðingar meðfram vatninu nema fyrir sínu landi.

Einnig fékk Hafnarfjörður í hendur þau réttindi og skyldur sem fylgdu ítökum Krýsuvíkurtorfunnar í annarra manna löndum og ítökum annarra í löndum Krýsuvíkurtorfunnar. Þessu ákvæði fylgdi sú undantekning að eigandi námuréttinda á landssvæðinu hélt sinni eign og átti hann samkvæmt afsalsbréfinu að hafa óhindraðan umferðar- og afnotarétt af hinu afmarkaða svæði Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Í afsalsbréfinu kemur einnig fram að ríkissjóður skyldi hafa rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kynni að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað, og Hafnarfjarðarkaupstaður þyrfti ekki á að halda til sinna þarfa.¹⁰²

Landbúnaðarráðherra skrifaði þann 29. september 1941 undir afsalsbréf þar sem hann, fyrir hönd ríkisins, seldi sýslusjóði Gullbringusýslu allt lítt ræktanlegt beitiland jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar (Krýsuvíkurtorfan) til sumarþeirrar fyrir sauðfé. Undanskilið sölunni var land það sem ríkið hafi selt Hafnarfjarðarkaupstað þann 20. febrúar sama ár.

Kaupunum fylgdu heldur ekki önnur afnot af svæðinu, ítök og hlunnindi. Þeir sem áttu þau gæði höfðu samkvæmt afsalsbréfinu rétt á óhindruðum umferðarrétti á svæðinu og aðstöðu til að notfæra sér þau.¹⁰³

Í Fasteignabók 1942–1943 er Krýsuvík með Stóra-Nýjabæ sögð í eign og ábúð eign Hafnarfjarðarbæjar, en beitilandið eign sýslunnar [þ. e. Gullbringusýslu].¹⁰⁴

Í lögum nr. 31 1959 um breytingu á lögum nr. 33 1929 um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Í 1. grein er lýst takmörkum kaupstaðarsvæðisins:

... 10. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan Ketshelli. 14. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markkraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakkagil) að

¹⁰²Skjal nr. 2(53).

¹⁰³Skjal nr. 2(54).

¹⁰⁴Skjal nr. 4(38).

Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. ...¹⁰⁵

Á sjöunda áratug síðustu aldar reis upp ágreiningur um norðurmörk Krýsuvíkurlands og suðurmörk Hafnarfjarðarbæjar. Í þessu máli tókust á annars vegar Jarðeignadeild ríkisins og Gullbringusýsla og hins vegar Hafnarfjarðarbær. Deila þessi fór fyrir landamerkjadóm Gullbringu- og Kjósarsýslu sem kvað upp dóm sinn 14. desember 1971. Niðurstaða dómsins var eftirfarandi:

Norðurmörk jarðarinnar Krýsuvíkur í Grindavíkurhreppi skulu vera þessi: Bein lína frá vörðu á Markhelluhól ... um punktin M á uppdrætti af landinu, sem fylgir dómnum [fylgir ekki með], ... að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.

Suðurmörk lands Hafnarfjarðarkaupstaðar skulu vera þessi: Bein lína frá punkti D á meðfylgjandi uppdrætti af landinu [fylgir ekki með], ... í punktin M ... og fylgja mörkin þaðan markalínu Krýsuvíkur að Krýsuvíkurvegi. ...¹⁰⁶

Í greinargerð, sem samin var af sýslumanninum í Keflavík þann 25. júní 1979, kemur fram að svokallað Seljabótarnef á sunnanverðu Reykjanesinu er ekki þar sem menn höfðu talið. Þessi uppgötvun gerir það að verkum að fjörumörk Gullbringu- og Árnessýslu og jarðanna Krýsuvíkur og Herdísarvíkur færast til en þau voru bæði miðuð við Seljabótarnefið í landamerkjálýsingum.

Í greinargerðinni kom einnig fram að árið 1832 ákváðu sýslumenn Árnes- og Gullbringusýslna að svokallaður Sýslusteinn væri merki milli sýslanna tveggja.¹⁰⁷

Þann 25. janúar 1980 var útbúið landamerkjabréf þar sem skráð voru mörk Árnessýslu og Grindavíkur. Mörk jarðanna Krýsuvík og Herdísarvík falla saman við þessi mörk. Samkvæmt bréfinu eru landamerkin eftirfarandi:

Mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru bein lína úr hápunkti Litla Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslusteini undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.

Merkjalínur þessar eru sýndar á meðfylgjandi uppdrætti [fylgir ekki með] gerðum af Landmælingum Íslands.

Samkvæmt áritun á uppdráttinn eru punktar þeir, sem marka Seljabótarnef og Sýslusteinn, innmældir og reiknaðir af Landmælingum Íslands sumarið 1979, en Litla Kóngsfell ákveðið af Forverki h.f., sbr. landamerkjadóm uppkveðinn 14. des. 1971 í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað.

¹⁰⁵Stjt. 1959 A. S. 132.

¹⁰⁶Hliðsjónargagn í málinu.

¹⁰⁷Skjal nr. 4(56).

Stefnur eru reiknaðar hjá Landmælingum Íslands.

Staðsetning (hnit) samkvæmt mælikerfi Landmælinga Íslands er þessi:

Litla-Kónsfell:	X-682760,0,	Y-390000,0.
Sýslusteinn:	X-692533,8,	Y-378925,4.
Seljabótarnef:	X-692603,2	Y-376523,0.

...

Lýsing þessi var samþykkt af sýslumanni í Árnessýslu fyrir hönd sýslunnar, oddvita Selvogshrepps fyrir hönd hreppsins, háskólarektor fyrir hönd H.Í. og bæjarstjóranum í Grindavík fyrir hönd bæjarfélagsins. Einnig skrifaði oddviti sýslunefndar Gullbringusýslu undir fyrir hönd sýslufélagsins og landbúnaðarráðherra fyrir hönd ráðuneytisins.¹⁰⁸

Í bréfi, sem embætti sýslumannsins í Keflavík sendi Landmælingum Íslands þann 1. september 1992, var kvartað yfir því hvernig norður- og austurmörk Krýsuvíkur voru merkt inná kort sem Landmælingar gáfu út 1989. Það sem embættinu þótti ámælisvert var að stofnunin byggði þessi mörk á óundirritaðri og ódagsettri greinargerð frá Garðabæ en í henni er dómur frá 14. desember 1971 um norðurmörk jarðarinnar Krýsuvíkur véfengdur nokkuð, sem sýslumannsembættið taldi að væri vanhugsað.

Með bréfinu fylgdi greinargerð Garðabæjar. Í henni voru dregnar eftirfarandi ályktanir:

...

1. Að sýslumörk Árnessýslu liggi eftir vatnaskilum um háhrygg Bláfjalla og af syðstu öxl Bláfjalla í Kistufell og þaðan um Lyngskjöld og Sýslustein í Seljabótarnef.
2. Að norðurmörk Krýsuvíkur samkvæmt dómi hinn 14. des. 1971 fái ekki staðist og kemur þar þrennt til:
3. Lína sú, sem þar er ákveðin frá Markhelluhól um punktinn M í Undirhlíðum liggur langt norðan nyrstu marka Herdísarvíkur sem eru í Kónsfell, og þessi lína sker ekki sýslumörk Árnessýslu fyrr en í Bláfjöllum í námd við Hácoll. Ekki fær staðist, að Krýsuvík hafi átt land þangað austur.
4. Lýsing almenningsskóga Álftaneshrepps telur suðurmörk þess lands vera af syðstu öxl Bláfjalla í Kistufell og þaðan niður í syðra horn á Fagradalsbrún og þaðan í Markrakagil. Línan af Fagradalsbrún í Markrakagil liggur um Breiðdal. Samkvæmt þessari lýsingu gæti Krýsuvík ekki átt land nema að línunni Kistufell-Fagradalsbrún.

¹⁰⁸Skjal nr. 4(55).

5. Samkvæmt vitnisburðum Árna Björnssonar o. fl. frá 1603 þá eru austurmörk Krísuvíkur af Lyngskildi í miðjum Breiðdal og þaðan í Markrakagil. Sú lína liggur einmitt um suðurbrún Fagradals og kemur þessi vitnisburður þar með heim og saman við lýsingu almenningsskóga Álftaneshrepps nær 250 árum síðar. Sú þríhyrnda landsspilda, sem hefur hornpunkta í Lyngskildi, suðurbrún Fagradals og Kistufelli hefur því sennilega verið almenningur.

Í greinargerðinni stóð einnig:

Hafa ber í huga í þessu sambandi, að markalýsingar eiga að öllu jöfnu við heimalönd jarðanna en almenningum er miður eða ekki lýst. Undantekning er þó hin ítarlega lýsing á almenningsskógi Álftaneshrepps. Við afmörkum hreppamarka inn á kort á síðari árum hefur þessi almenningur Áftnesinga gleymst, að því er virðist. Suðurmörk Garðakirkjulands virðast jafnframt talin norðurmörk Krísuvíkur og eru framlengd allt austur í Stóra-Kóngsfell. Þetta er augljóslega rangt. Með vísan til framanritaðs eru suðurmörk almenningsskógar Álftaneshrepps nú talin mörk Garðabæjar, með þeirri breytingu, að línan Bláfjöll-Kistufell er sveigð til norðurs um Kóngsfell til samræmis við markalýsingu Herdísarvíkur.

Samkvæmt greinargerðinni eru fyrrnefndar ályktanir byggðar á eftirfarandi gögnum:

...

1. Vitnisburðum Árna Björnssonar o.fl. frá því snemma á 17. öld.
2. Lýsingu Almenningsskógar Álftaneshrepps frá 21. júní 1849.
3. Lýsingu P. Melsted frá 1842 á mörkum Árnessýslu annars vegar og Gullbringu- og Kjósarsýslu hins vegar.
4. Vitnisburðum Á[rna] Björnssonar og Guðmundar Jakobssonar sem lagðir voru fram í aukarétti Árnessýslu 22. september 1873.
5. Merkjalýsingu Krísuvíkurlands sem gerð var í Krísuvík hinn 14. maí 1890.
6. Þinglýstum mörkum Herdísarvíkur sem dagsett eru 20. nóvember 1886.
7. Merkjalýsingu Garðakirkjulands samkvæmt landamerkjabréfi sem var undirritað 7. júní 1890.
8. Landamerkjadómi varðandi landamerki Krísuvíkur og Hafnarfjarðar sem kveðinn var upp 14. desember 1971.
9. Lögum nr. 34, 12. maí 1978 um breytingu á lögum nr. 46, 16. apríl 1971 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.
10. Lögum nr. 22, frá 20. maí 1985 um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

Fjallað er um síðustu ályktarnirnar þrjár, þ.e. þær sem snúa að dómnum frá 1971, í bréfi sýslumannsembættisins. Þar segir:

Fyrsta röksemd er að Krísuvík hafi ekki átt land til Bláfjalla og að Herdísarvík eigi einungis land að Kistufelli. Dómlínan nær einungis rétt norður fyrir Litla-Kóngsfell, en ekki til Bláfjalla eins og segir í greinargerðinni.

Önnur röksemd er að suðurmörk almenningsskóga Álftanesshrepps séu frá syðstu öxl Álftanesshrepps í Kistufell og þaðan í syðra horn á Fagradalsbrún og þaðan í Markrakaagil. Krísuvík geti því ekki hafa átt þetta land. Í eignarrétti eru almenningar talin þau landsvæði sem enginn á tilkall til. Ef nokkur eignarréttur hefur stofnast Álftanesshreppi til handa, er þar í mesta lagi um skógarítak að ræða, en ekki beinan eignarrétt. Dæmi um slíkt ítak er að finna víða hér á landi, en fátítt er að menn byggi beinan eignarrétt sinn á landi á ítaki.

Þriðja röksemdin er vitnisburður Árna Björnssonar o.fl. frá 1603 um landamerki Krísuvíkur. Undirritaður hefur því miður ekki komist í þennan vitnisburð og getur því ekki tjáð sig um hann. Hugsanlegt er þó að landamerki geti hafa breyst með samningum, hefð eða dómum frá 1603 til 1971 en ekkert verður fullyrt um það. Það breytir hins vegar engu um það að dómar skulu standa og einnig dómurinn frá 14. desember 1971. ...¹⁰⁹

Áður hefur verið vitnað í greinargerðir Sesselju Guðmundsdóttur um landamerki Vatnsleysustrandarhrepps frá því í október 1992 og mars 1993. Hér á eftir fara nokkur atriði úr þeim greinargerðum.

Í seinni greinargerð Sesselju er að finna athugasemd um svokallaða Markhelli/Markhelluhól sem minnst er á í landamerkjabréfum Krýsuvíkur, Hvassahrauns og Óttarsstaða frá árinu 1890:

en að öðru leyti hefi jeg ekki að athuga [við landamerkjabréf Krýsuvíkur] nema óráðið mun um rjetta þekkingu á „Markhelli að vestanverðu“. Undir þetta skrifar Oddur V. Gíslason prestur á Stað í Grindavík ...

Önnur athugasemd var gerð við bréfið og var hún svohljóðandi:

Sem eigendur og umboðsmenn Hvassahraunshverfisins leyfum við oss að gjöra þá athugasemd við framanskráð landamerki að í staðinn fyrir „Markhelli“ sjé settur Markhelluhóll. Að öðru leyti samþykkt. Þetta undirskrifa Einar Þorláksson og Sigurmundur Sigurðsson.

Athugasemdin um Markhelluhól hefur verið tekin til greina því skjalinu er þinglýst með því nafni.

Setninguna „... Markhelluhól, háan steindranga við Búðarvatnsstaði“¹¹⁰ er vert að athuga nánar. Ca km fyrir ofan vatnsstaðið er trúlega hinn eini sanni Markhelluhóll og á landakortum síðustu ára eru mörkin um hann. Á hólnum

¹⁰⁹Skjal nr. 4(58).

¹¹⁰[Er í landamerkjabréfi Krýsuvíkur.]

er varða og stendur hann rétt ofan við djúpa en þrönga gjá og eru stafirnir sem getið er um í landamerkjabréfi Óttastaða — Hvassahrauns meitlaðir stórum stöfum á hólklöppina sem snýr til norðausturs. Það er merkilegt hvað stafirnir eru greinilegir ennþá og vel getur verið að þeir hafi verið skýrðir upp einhverntíman á þessari öld.

Steindranginn sem nefndur er í Lýsingunni er til þarna í nágrenninu og er hann spöl neðan og vestan við hólinn út í illfæru og grófu apalhrauni. Rétt við steindranginn er gömul mosagróin varða, há og mikil um sig, hlaðin úr stórum hraunhellum. Í Lýsingunni hefur því verið blandað saman í eitt mark, hólnum og drangnum og eins gæti hugsast, að mörkin hafi einhverntímann legið neðar, þ.e.a.s um drangann en ekki hólinn. Hvassahraunsbændur gerðu sér grein fyrir því, við undirskrift bréfsins) að hægt var að ruglast á þessu tvennu og lögðu áheyrslu á örnefnið Markhelluhól sem er drjúgum ofar...¹¹¹

Meðal þess sem fjallað er um í greinargerðum Sesselju eru svokallaðar Trölladyngjufjallsrætur en á þær er minnst í landamerkjabréfi Krýsuvíkur frá árinu 1890. Hér verður notað efni úr síðari greinargerðinni, enda er hún ítarlegri, en þar sem það á við verður texta úr þeirri fyrri bætt inn í, innan hornklofa:

Hinsvegar skráðum landamerkjum Krýsuvíkur verð jeg að mótmæla hvað 1. tölulið snertir um sjónhending úr Dagon í Trölladyngjufjallsrætur að vestan þar jeg hefi aldrei annað heyrt frekar, en Krýsuvík ætti land úr Dagon, eptir Núpshlíð og vesturfjallgarði áfram N-austur eptir, en að öðru leyti hefi jeg ekki að athuga nema óráðið mun um rjetta þekkingu á „Markhelli“ að vestanverðu.

Undir þetta skrifar Oddur V. Gíslason prestur á Stað í Grindavík og er þarna líklega að reyna að vernda selstöðu Grindvíkinga á Selsvöllum. ...

Lítum nú á Krýsuvíkurbréfið, þ.e. athugasemd séra Odds á Stað:

„ ... um sjónhending úr Dagon í Trölladyngjufjallsrætur að vestan ...“ Mörg rök má færa fyrir því að mörkin hafi legið á Vesturhálsinum sjálfum eins og séra Oddur heldur fram en ekki neðan hans eins og segir í Krýsuvíkurbréfinu og má finna þau í eldri heimildum.

Í jarðabók 1703 segir um Kálfatjörn: „Selstöðu á staðurinn þar sem kallað er Sogasel og er í Stóru-Vatnsleysulandi ...“ Þessi skrif eru í andstöðu við Krýsuvíkurbréfið því samkvæmt því ætti Sogasel að vera í Krýsuvíkurlandi ef mörkin eru um Trölladyngjufjallsrætur.

Í lýsingu Grindavíkursóknar frá 1840 eftir séra Geir Bachmann segir:

¹¹¹Skjal nr. 4(52).

„ ... Enn eru takmörk sóknarinnar sjónhending fjallasýn úr Fagradalshagafelli til austurs landsuðurs í enn eitt fell, Hraunselsvatnsfell, aftur í sömu átt þaðan í Framfelli, en á Vigdísarvöllum Vesturfell kallað, og er þá að norðan og landnorðanverðu Strandamanna land “ Í þessari lýsingu mætast línur Grindavíkursóknar og Krýsuvíkursóknar á miðjum hálsi (í Framfelli) en ekki neðan hans.

Lítum svo í lýsingu Selvogspinga eftir séra Jón Vestmann frá sama tíma: „ ... Hennar (Krýsuvíkursóknar. S.G.) takmark að norðan: ... í Kleifar, norðan til við Kleifarvatn. Þaðan til útsuðurs (suðvesturs. S.G.) fram eftir Vigdísarhálsi fram á Núphlíð“ . Hér segir einnig eftir hálsinum en ekki neðan hans. Þarna er hálsinn reyndar kallaður Vigdísarháls og ekki ljóst hvort átt er við hálsinn sem nú er nefndur Bæjarháls, þ.e. lága hálsinn fyrir ofan bæjarrústirnar og sunnan við Krókamýrina, eða Vesturhálsinn sjálfan. Mjög líklega er átt við Vesturhálsinn því „sýnin“ (lýsingin) er úr Selvogi til vesturs en þeim megin hálsins eru Vigdísarvellir. Líka er getið um Núphlíð í beinu framhaldi en svo heitir syðsti endi Vesturhálsins. Alla vega er ljóst af báðum fyrrnefndum lýsingum að mörkin voru ekki vestan hálsins.

Í landamerkjalyýsingu Þórustaða í Vatnsleysustrandarhreppi frá 1886 segir „ ... úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á Grænavatnseggjum“ . Þarna er enn eitt örnefnið á hálsinum sjálfum sem styður það sem á undan er sagt.

Nú er staðreyndin sú að allir Strandarbændur, svo og Hraunsmenn, samþykktu Krýsuvíkurbréfið með undirskrift sinni, og þar með mörkin í Trölladyngju fjallsrætur. Ef dregin er bein lína frá Dágon í Trölladyngju fjallsrætur klýfur markalínan Selsvellina sem í elstu heimildum eru sagðir „... í Strandamannalandi“ og verður þá efri hluti vallanna í Krýsuvíkurlandi. Líklega hafa Strandarbændur skrifað undir lýsinguna í fullvissu um að „ ... sjónhending úr Dágon ...“ í Trölladyngju fjallsrætur væri um Vesturhálsinn sjálfan (sem var þá í samræmi við 40 árum eldri lýsingu) en ekki sléttlendið vestan hans. Hitt er illskiljanlegra af hverju Hraunsmenn gáfu eftir af „sínu“ landi og það hálfa Selsvellina svo og „Selsvallafjallið“ allt til Soga en sömdu svo landamerkjabréf fyrir eigin jörð rúmum mánuði seinna þar sem mörkin eru sögð. „á Selsvallafjall, upp af „Sogaselstal“. Allt bendir þetta til þess að Hraunsmenn hafi túlkað „sjónhending úr Dágon“ á nákvæmlega sama hátt og Vatnsleysustrandarbændur, þ.e. línuna eftir hálsinum sjálfum...“

[Í landamerkjabréfi Krýsuvíkur frá 1890 segir að mörk jarðarinnar séu „sjónhending úr Dágon (Raufarkletti) ... í Trölladyngju fjallsrætur að vestan.“ Með því að draga beint strik milli punktanna (sjá meðf. kort, brotin lína [kort 2.A.1.30.g]) lendir markalínan um miðja Selsvelli og þá ætti Krýsuvík en ekki Hraun að eiga hlutann næst fjallinu.

...

Ef athuguð eru kort frá Landmælingum Íslands sést að línar hefur lengi verið á flækingsi og skráð sem óviss mörk. Kort frá 1910, mælt 1908, sýnir Krýsuvíkurlínuna (austurlínuna) um efstu brúnir Grænudyngju ... Útgefin kort 1936 og 1940 sýna austurlínuna í dalnum milli Dyngnanna ... Á sérkorti frá 1986 er austurlína komin í Trölladyngjufjallsrætur, vestanverðar ... ¹¹²¹¹³

Hér lýkur útdrættinum úr umfjöllun Sesselju um Trölladyngjufjallsrætur.

Fyrsta dag ágústmánaðar 1996 fóru fulltrúar sýslumannsins í Keflavík, Stóru-Vatnsleysu og Hrauns í vettvangsgöngu til þess að skoða landamerki jarðanna Minni- og Stóru-Vatnsleysu, Hrauns og Krýsuvíkur. Frá þessari göngu er greint í kafla 5.3.2 um Hraun.¹¹⁴

Framar var greint frá því að þann 21. febrúar 1941 hefði ríkið selt Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar. Árið 1998 fór þetta mál fyrir dómstóla en þá krafðist Hafnarfjarðarbær þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að ríkinu yrði gert að gefa út og afhenda Hafnarfirði afsal fyrir öllu landi og hlunnindum ofanefndra jarða með eftirfarandi takmörkunum:

1. Undanskilið skyldi vera það land sem þegar hafði verið afsalað með afsalsbréfi til stefnanda af stefnda og var útgefið 21. febrúar 1941. Landamerkja þess svæðis var getið ofar í þessum kafla.
2. Undan skyldi skilið sem áhvílandi kvöð á landinu sumarreitarréttur fyrir sauðfé sem réttargæslustefndi¹¹⁵ nyti og er nánar tiltekið á lítt eða óræktuðu afmörkuðu landssvæði og er á því landi Krýsuvíkurtorfunnar sem liggur utan við þau landamörk sem fjallað er um í lið 1.
3. Undan skildu skilin námuréttindi brennisteins-, leir- og koparmarnáma, en ekki malar- og hrauntökuréttindi.
4. Landinu skyldi afsalað með þeim kvöðum, að stefnanda yrði óheimilt að selja landið og að hafi yrði að hafa samráð við Bændasamtök Íslands um ræktun þess. Þá skyldi stefndi hafa rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kynni að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað og stefnandi þyrfti ekki á að halda til sinna þarfa.

Ríkið krafðist þess á móti að það væri sýknað af öllum kröfum stefnanda.

Þann 30. desember 1998 kvað héraðsdómur upp þann úrskurð að ríkið skyldi sýknað af öllum kröfum stefnandans. Úrskurður dómsins byggðist á eftirfarandi forsendum:

¹¹²Skjal nr. 4(53).

¹¹³Skjal nr. 4(52).

¹¹⁴Skjal nr. 4(50).

¹¹⁵Hér er átt við héraðsnefnd Suðurnesja en hún gætti þeirra hagsmuna sem sýslunefnd Gullbringusýslu samdi um við ríkið þann 29. september 1941. Um þann samning er fjallað hér að framan.

1. Hann túlkaði lög nr. 101/1940, sem fjalla um sölu ríkisins á landi til Hafnarfjarðarkaupstaðar og Gullbringusýslu, ríkinu í vil.
2. Dómurinn leit til þess að svo virtist sem allir hlutaðeigandi, bæði fulltrúar ríkisvaldsins og fyrirsvarmenn stefnanda, hafi á þeim tíma álitnið, að stefnandinn hafi með afsalinu frá 20. febrúar 1941 fengið það sem lögin frá 1940 mæltu fyrir um.
3. Að mati dómsins styrktu lög nr. 40/1946 og nr. 46/1964 málflutning ríkisvaldsins.
4. Í landamerkjamáli nr. 329/1964, en í því er fjallað um ágreining um norðurmörk Krýsuvíkurlands og suðurmörk Hafnarfjarðarbæjar, er hvergi minnst á að stefnandi kunni að eiga grunneignarrétt að þeim hluta Krýsuvíkurlands, sem hann gerði nú kröfu til.
5. Hann leit til áratuga aðgerðarleysis og tómlætis stefnanda.

Þann 2. febrúar 1999 áfrýjaði Hafnarfjarðarbær dómnum til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar, sem var kveðinn upp 18. júní 1999, var niðurstaða héraðsdóms staðfest.¹¹⁶

5.4. Vatnsleysustrandarhreppur

5.4.1. Brunnastaðahverfi

Í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá árinu 1395 kemur fram að klaustrið á jörð sem kallast Brunnastaðir.¹¹⁷

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 voru Brunnastaðir í eigu Viðeyjarklausturs.¹¹⁸

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703 fylgdu Brunnastöðum hjáleigurnar Halakot, Brunnastaðakot, Stöðlakot, Tangabúð, Skjaldarkot, Traðarkot (Fjósahjáleiga), Vesturhús (Stephanarkot), Naustakot, Austurhús og Suðurhús. Fimm síðustu hjáleigurnar voru í eyði þegar Árni og Páll sömdu skýrslu sína. Í greinargerð þeirra stendur eftirfarandi:

Selstöðu hefur jörðin við fjallgarð, eru þar hagar litlir, en vatnsskortur að miklu meini, þegar þerrar gánga. ...

Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum. ...

Lýngrif og hríssrif lítið langt til að sækja hefur jörðin, og þó ekki fyrir utan stóran ágreining við Vogamenn.¹¹⁹

¹¹⁶Hliðsjónargagn, Hrd. 1999, bls. 2777.

¹¹⁷Skjal nr. 4(7).

¹¹⁸Skjal nr. 4(15).

¹¹⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 123–127.

Árið 1755 létu opinberir aðilar meta jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi. Í skýrslu þeirri sem var unnin um Brunnastaði stóð meðal annars.:

... Jorden følger Selstade til Malke Qvæget, som Aarligen kand forbruges, mens underrettes at dend er Blevn meget slet, udeen Vand og neppelig Værd med Umage at forbruges. Anden Græsgang eller Fædrift følger Jorden noget liden, Næmlig i mellem Brynnestad og Woge hvor Torvskiæren haver været hidintil forbrugt, ...

(Með Brunnastöðum eru þá taldar hjáleigurnar Brunnastaðakot, Naustakot, Skjaldakot, Austurkot, Tangabúð og Halakot og 2–3 hjáleigur í eyði).¹²⁰

Þann 17. maí 1786 hvarf jörðin Brunnastaðir úr eigu konungs.¹²¹

Í kaflanum um Brunnastaði í jarðamati 1804 kemur fram að fylgja hjáleigurnar Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot og Skjaldarkot.¹²²

Í kaflanum um Brunnastaði og hjáleigurnar: Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot, í Jarðamati 1849–1850, kemur fram að landrými jarðarinnar sé talsvert.¹²³

Landamerkjabréf Brunnastaðahverfis gagnvart Hlöðunesi og Vogum var undirritað 22. maí 1890. Bréfið var þinglesið 16. júní 1890:

Landamerki milli Hlöðunes og Brunnastaðahverfisins eru úr Markakletti sem stendur ofarlega í fjöru fyrir innan Skjaldakot, uppá uppmjóa þúfu sem stendur á klöpp að innanverðu við túngarðinn í Skjaldakoti, þaðan beina línu í aðra þúfu líka hinni í laginu sem stendur nokkru ofar, þaðan beina línu norðanhallt við Brunnastaðasel og svo þaðan beina línu til fjalls, svo langt sem Vatnsleysustrandarhrepps er talið. Landamerki milli Brunnastaðahverfisins, Norður- og Suðurvoganna eru: Úr dýpsta ós sem til sjáfar fellur í djúpavogi, uppí vörðu sem stendur fyrir sunnan presthóla, þaðan beina línu í vörðu sem stendur á Hrafnagjá og kölluð er leifur Þórður, þaðan í markhól og þaðan beina línu uppí fjall, svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland er talið.¹²⁴

Undir landamerkjabréfið skrifa Teitur Þórðarson og Björn Einarsson fyrir Hlöðuneshverfi og Klemens Egilsson og Guðm. J. Waage fyrir Norður og Suður-Voga.

Í köflum þeim sem fjalla um Brunnastaðahverfið¹²⁵ í fasteignamati 1916–1918

¹²⁰Skjal nr. 2(52) a–b.

¹²¹Skjal nr. 4(34).

¹²²Skjal nr. 2(49).

¹²³Skjal nr. 2(50).

¹²⁴Skjal nr. 2(7) a–b.

¹²⁵Jarðir Brunnastaðahverfisins eru: Neðri- og Efri-Brunnastaðir, Brunnastaðir (annað býli), erfðafestulandið Hvammur og hjáleigurnar; Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldarkot og Traðarkot. Skjal nr. 2(42) a–b.

stendur að tún og garðar séu úrskift, en að heiðarland og hagbeit séu í sameign Brunnastaðahverfisjarðanna.¹²⁶

Annað landamerkjabréf er samið fyrir Brunnastaðahverfi árið 1921. Það er undirritað 20. desember það ár og fært í landamerkjabók 7. mars 1922. Þetta landamerkjabréf er aðeins um landið næst bæjunum en ekki heiðarlandið sem er í óskiptri sameign. Í því kemur fram að:

enginn ágreiningur á milli jarða, hvorki með tún- nje fjörumörk. En landamerkji milli „hverfa“ vísast til sýslubókanna frá 16. júní 1890; þá gjörð landamerkji milli Voga, Brunnastaða- og Hlöðuneshverfis, eftir samkomulagi þáverandi hlutaðeigenda.¹²⁷

Landamerkjabréfið er vottað af: Ágústi Guðmundssyni, Halakoti, Símoni Símonarsyni, Skólanum, Gísla Eiríkssyni, Naustakoti, Helga Jónssyni og Guðjóni Péturssyni, Brunnastöðum, Gunnari Gíslasyni, Skjaldarkoti, Kristjáni Hannessyni, Grund, Þórdísi Guðmundsdóttur, Traðarkoti og Bjargmundi Hannessyni, Suðurkoti.

Í fasteignamati 1932 er að finna lýsingar ábúenda eftirfarandi jarða í Brunnastaðahverfi: Skjaldarkot, Traðarkot, Austurkot, Neðri-Brunnastaðir, Efri-Brunnastaðir, Suðurkot I og II, Naustakot og Halakot.

Í kaflanum um Skjaldarkot segir að landamerkjalyking sé til og enginn ágreiningur sé um hana.

Samkvæmt skýrslunni um Traðarkot hefur jörðin ekki afréttarland. Hvað landamerki varðar er vísað til þeirrar landamerkjalykingar sem hefur verið gerð fyrir hverfið í heild sinni.

Í kaflanum um Austurkot kemur fram að beutiland jarðarinnar sé í meðallagi víðlent. Jörðin á sameiginleg landamerki [með öðrum jörðum Brunnastaðahverfisins] og eru þau ágreiningslaus.

Samkvæmt jarðalykingu Neðri-Brunnastaða er enginn ágreiningur er um landamerki jarðarinnar.

Efri-Brunnastaðir hafa í meðallagi víðlent beutiland. Enginn ágreiningur er um landamerki jarðarinnar.

Í skýrslunni um Suðurkot kemur fram að jörðin eigi rétt til upprekstrar á landi sem sé í eigu jarðanna í Brunnastaðahverfinu. Enginn ágreiningur er um landamerkin.

Að sögn ábúanda á Suðurkoti II er enginn ágreiningur um landamerki jarðarinnar.

Á meðal þess sem kemur fram í kaflanum um Naustakot er að heiðarland sé í sameign við aðrar jarðir í hreppnum og að landamerki séu ágreiningslaus.¹²⁸

Í þinglýsingarvottorðum, sem gefin voru út í júní 2004, kemur fram að í Brunnastaðahverfinu séu: Skjaldarkot, Traðarkot, Austurkot, Neðri-Brunnastaðir,

¹²⁶Skjal nr. 2(41) a–b.

¹²⁷Skjal nr. 2(8) a–b.

¹²⁸Skjal nr. 2(51).

Efri-Brunnastaðir, Suðurkot, Naustakot og Halakot. Margir eignaraðilar eru að sumum jörðum.¹²⁹

5.4.2. Hlöðuneshverfi

Þann 9. september 1447 seldi Viðeyjarklaustur fjórar jarðir. Kaupandinn greiddi fyrir þær með fjórum jörðum er voru í hans eigu. Ein þeirra jarða sem klaustrið eignaðist í þessum viðskiptum var Hlöðunes.¹³⁰

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 var Hlöðunes í eigu Viðeyjarklausturs.¹³¹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703 segir eftirfarandi um Hlöðunesi:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hlöðunesskinn, og eru þar hagar bjarglegir en vatnsból í lakasta máta, so orðið hefur fyrir vatnsskort að flytja heim úr selinu.

Hlöðunesi fylgdi hjáleigan Hlöðuneskot.¹³²

Árið 1755 fór fram mat á jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Í greinargerðinni, sem var skrifuð um jörðina Hlöðunes, stóð m.a.:

Selstade op til Fields følger með Jorden som Aarligen kand Forbruges, Mens Fæedrivt og Græsgang for Heste og Studer meget lidt, undtagen hvis som kand erholdes udi Bermelte Selstade, og ude een Moe Sydvest fra Tunet ...¹³³

J. Johnsen minnst á það í bók sinni, Jarðatal á Íslandi, að konungsjörðin Hlöðunes hafi verið seld þann 19. apríl 1837.¹³⁴

Eigandi hálf austurhluta Hlöðuness seldi eign sína þann 17. júní 1839. Samkvæmt afsalsbréfinu þá var hér um að ræða bæ, útmælt tún og túngarð. Í skjalinu kemur einnig fram að eignir og ítök til lands og vatns, sem eru tún og úthagar til fjalls og fjöru, og veiða- og rekahlunnindi hafi fylgt með í sölunni.¹³⁵

Í Jarðamati 1849–1850 stendur eftirfarandi um jörðina Hlöðunes og býlin Hlöðuneskot og Vesturkot:

Sumar- og vetrarþeir allgóð í óskiptu landi utangarða.¹³⁶

Þann 25. nóvember 1869 seldi eigandi Hlöðuneskots bóndanum á Minni-Vatnsleysu jörðina. Í afsalsbréfinu kemur fram að jörðin er seld með:

¹²⁹Skjal nr. 9(13)–9(19).

¹³⁰Skjal nr. 4(8).

¹³¹Skjal nr. 4(15).

¹³²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3.b. 1923. S. 127–129.

¹³³Skjal nr. 2(52).

¹³⁴Skjal nr. 4(34).

¹³⁵Skjal nr. 2(35).

¹³⁶Skjal nr. 2(50).

öllum þeim húsum og byggingum, eignum og ítökum, til sjós og lands, er ... fylgt hefur og fylgja ber til ystu ummerkja, að afsöluðum öllum óðals og innlausnarrjétti frá minni og erfingja minna hálfu ...¹³⁷

Landamerkjabréf Hlöðunesshverfis gagnvart Brunnastaðum og Ásláksstöðum var undirritað 22. maí 1890. Bréfið var þinglesið 16. júní 1890:

Milli Hlöðunes og Brunnastaðahverfa: frá svokölluðum markakletti, sem stendur ofarlega í fjöru skammt fyrir innan Skjaldakot beina línu uppí uppí uppmjóa þúfu er stendur á klöpp innan vert við túngarðinn í Skjaldakoti, þaðan beina línu í aðra þúfu líka hinni síðastnefndu í laginu, sem er nokkrum föðmum ofar og þaðan beina línu norðanvert við Brunnastaðasel til fjalls svo langt, sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær. Milli Hlöðunes og Ásláksstaðahverfis frá ós þeim sem lengst skerst uppí land innúr svokölluðu Álfasundi, þaðan beina línu í svokallaðan Álfhól, þaðan beina línu í hól sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli, þaðan beina línu sunnan til við Ásláksstaðaholt uppí Hrafnhóla og þaðan beina línu sunnan til við gamla Hlöðunes<s>el til fjalls svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær.¹³⁸

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af eigendum og ábúendum Brunnastaðahverfis og Ásláksstaðahverfis.

Í þeim hluta fasteignamats Gullbringu- og Kjósarsýslu 1916–1918 sem fjallar um jörðina Hlöðunes er að finna landamerkjalyýsingu fyrir hverfið. Hún er samhljóða þeim hluta landamerkjabréfsins frá 22. maí 1890 sem fjallar um landamerki milli Hlöðuness og Brunnastaðahverfa.

Í köflunum um Hlöðunes og býlin Halldórsstaði og Narfakot í sama riti kemur fram að tún og matjurtagarðar séu úrskift en heiðarland og hagbeit í félagi.¹³⁹

Í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar var samið annað landamerkjabréf fyrir Hlöðuneshverfi sem nær til túna og fjöru. Það var undirritað 27. desember 1921 og innritað í landamerkjabók 12. janúar 1922. Þar kemur m.a. fram að:

Landamerkjalyýsing þessi innibindur Hlöðuneshverfi í Vatnsleysustrandarhreppi; Hlöðunes, Halldórsstaði, Narfakot og Miðhús, sem takmarkast af Brunnastaðahverfi að sunnan og Ásláksstaðahverfi að norðan (innan) samkvæmt landamerkjalyýsing útgefin og þinglesinni 1890 og athugasemdarlaust undirskrifaðri af öllum hlutaðeigendum, bæði hvað fjöru og heiðarmörk snertir en áðurnefnd merkjalýsing, tekur ekki neitt til um túnmörk innan hverfis, en þau eru sem hjer segir:¹⁴⁰

Eigendur Halldórsstaða og Miðhúsa auk eiganda Hlöðuness og umboðsmanns eiganda Narfakots skrifuðu undir landamerkjabréfið.

¹³⁷Skjal nr. 2(35).

¹³⁸Skjal nr. 2(9) a–b.

¹³⁹Skjal nr. 2(41) a–b.

¹⁴⁰Skjal nr. 2(10) a–b.

Í Fasteignamati 1932 er að finna lýsingar á jörðum í Hlöðuneshverfi: Halldórsstöðum, Narfakoti og Hlöðunesi.

Í skýrslunni um Halldórsstaði segir að heiðarland sé óskipt og að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus og þinglesin.

Í kaflanum um Narfakot kemur fram að jörðin hafi víðlent beitiland og að henni fylgi sameiginlegt upprekstrarland. Túnið er girt með girðingu og landamerki eru ágreiningslaus samkvæmt landamerkjabréfi frá 1921.

Samkvæmt ábúanda á Hlöðunesi er beitarland jarðarinnar víðlent. Hann greinir líka frá því að jörðin eigi land til upprekstrar með öðrum jörðum í hreppnum. Þetta upprekstrarland hafa jarðir í öðrum sveitum einnig getað nýtt gegn greiðslu. Í skýrslunni kemur líka fram að landamerki eru ágreiningslaus samkvæmt landamerkjabréfi frá 1921.¹⁴¹

Í þinglýsingarvottorðum sem gefin voru út 15. júní 2004 kemur fram að Hlöðuneshverfinu tilheyri býlin: Hlöðunes, Halldórsstaðir og Narfakot. Hluti Narfakots í óskiptu landi ofan Vatnsleysustrandarveggar hefur verið seldur Hitaveitu Suðurnesja með kaupsamningi 1. september 2000, en samningurinn fylgir ekki.¹⁴²

5.4.3. Ásláksstaðahverfi

Þann 9. september 1447 seldi Viðeyjarklaustur fjórar jarðir. Kaupandinn greiddi fyrir þær með fjórum jörðum er voru í hans eigu. Ein þeirra jarða sem klaustrið eignaðist í þessum viðskiptum var Ásláksstaðir.¹⁴³

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 voru Stóru- og Minni-Ásláksstaðir í eigu Viðeyjarklausturs.¹⁴⁴

Ásláksstaðahverfið var metið árið 1703. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram að Stóru Ásláksstaðir eigi hjáleiguna Atlagerði. Þar stendur einnig eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin frí þar sem heita Knararness sel, og eru þar hagar í lakasta máta en vatnsbrestur til stórmeina ...

Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin i almenningum frí.¹⁴⁵

Í greinargerð sem var unnin um jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi árið 1755 eru kaflar um bæði Stóru- og Minni-Ásláksstaði.

Um Stóru-Ásláksstaði segir m.a.:

... Selstade Følger Jorden som Aarlig kand forbruges, mens Græsgang og Fædrift til liden nytte, uden hvis som er at faae paa bemelte Selstade ...

¹⁴¹Skjal nr. 2(51).

¹⁴²Skjöl nr. 11(4–5).

¹⁴³Skjal nr. 4(2).

¹⁴⁴*Íslenskt fornbréfasafn*, XII, b. 923–1932. S. 114–115.

¹⁴⁵Skjal nr. 4(14).

Í kaflanum um Minni-Ásláksstaði stendur m.a.:

... Selstade til Malke Qvæg følger Jorden som Aarligen forbruges, Mens Græsgang eller Fædrivt icke meget andet end som paa Berørte Selstade og hvad der kand være i fælles. Fædrivten med Store Axlestade efter foranførte, ...¹⁴⁶

Jörðin Ásláksstaðir hvarf úr eigu konungs þann 7. ágúst 1813.¹⁴⁷

Eitt af því sem sagt er um Innri-Ásláksstaði í Jarðamati 1849–1850 er:

Sumar og vetrararbeit lítil í óskiptu landi.¹⁴⁸

Í Fasteignamati ársins 1849 segir um Ytri-Ásláksstaði:

Utangarða óskipt lóð.¹⁴⁹

Í þeim köflum í fasteignamati 1916–1918 sem fjalla um jarðirnar í Ásláksstaðahverfinu, Ytri-og Innri Ásláksstaði og Sjónarhól, kemur fram að tún og matjurtagarðar þeirra séu úrskipt en að heiðarland og hagbeit séu í sameign jarðanna þriggja.¹⁵⁰

Landamerkjabréf Ásláksstaðahverfis var undirritað 31. desember 1921. Bréfið var fært í landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 7. mars 1922:

Landamerkjalysing þessi, innibindur Ásláksstaðahverfi en það eru þessar jarðir og býli: Sjónarhóll, Innri-Ásláksstaðir, Hallandi (Nýjibær), Ytri Ásláksstaðir og Móakot. Ásláksstaðahverfi, tilheyrir land alt, girt og ógirt á milli Hlöðunes-hverfis, að sunnan og Knarraness að innan, svo langt til heiðar eða fjalls, sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær. Að sunnan, milli Hlöðuneshverfis annarsvegar og Ásláksstaðahverfis hinsvegar (að innan) eru þessi landamerki: Álfasund frá ós þeim sem lengst skerst uppí land, úr Álfasundi og ræður framhald á þeim ós einnig mörkum á milli hverfanna, alla leið til sjáfar fram um fjöru; í Álfshól beina stefnu í Hól, sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli sunnan til við Ásláksstaðaholt í Hrafnshóla sunnan til við gamla Hlöðunes<sel> til fjalls. Að innan, milli (Sjónarhóls) Ásláksstaðahverfis að sunnan og Knarraness að innan, eru þessi landa- og fjöruerki: úr ós upp eftir fjöru í klöpp er liggur í svonefndum girðingum hjer um bil til miðsvæðis ofan til við flæðarmál, þaðan sunnantil við svo nefnda Digruvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarranessholt þaðan í Eldborgargreni, þaðan beint í Krísuvíkurland. Hversu sunnanhöll við markalínuna að Digruvarða og Knarranesholt eru sjest þegar bein lína er dregin frá Klöppinni í Eldborgargren. Austast í Ásláksstaðahverfi að Knarranessmörkum innan girðingar og fjöru liggur:

¹⁴⁶Skjal nr. 2(52) a–b.

¹⁴⁷Skjal nr. 4(34).

¹⁴⁸Skjal nr. 2(50) a–b.

¹⁴⁹Skjal nr. 2(50) a–b.

¹⁵⁰Skjal nr. 2(41) a–b.

1. Sjónarhóll: Tún hans takmarkast af heiðargarði, alla leið frá túni Ytri Ásláksstaða og austur að garði þeim er liggur í norður, fyrir austurkanti Sjónarhóls-túns á milli þess og girðinga þeirra, er honum tilheyra og eru þar heiðar og sjáfarmegin afgirtar með görðum og gaddavír og ná næstum, þó ekki alveg að mörkum Knarrarnes og Ásláksstaðahverfis. Austast í girðingum þessum er nýbýlið Garðhús með þurrabúðar útmæling; matjurtagarð á býli þetta fyrir neðan eða sjáfarmegin við girðingarnar og annan fyrir ofan þær, lóð býlis þessa er eign Sjónarhóls ásamt girðingunum. Að norðan liggur tún Sjónarhóls alt að sjó; að vestan takmarkast það af grjótagarði, sem er á milli Hallanda og Sjónarhólstúns og liggur hann að austurhorni á matjurtagarði þeim, sem er eign Ytri-Ásláksstaða, eftir garðsvegg þessum meðan hann nær yfir Traðargötu á milli bæanna eftir vírgirðingu, sem kemur dálítið vestar, en í beinni línu eftir þeim mörkum sem áður er lýst og liggur með dálitlum boga, út að heiðargarði túnanna, í stóran stein merktan M ...

... [Framhaldslýsingar eiga eingöngu við heimalönd innan garðs.]

...Utangarðs er heyðarland alt óskift og tilheyrir eftir hundraðshlutföllum innanhverfis. Þess skal loks getið að árið 1918 var selt með samningi útgefnum og þinglesnum það ár lóðarspilda undir vitanum og í kringum hann.¹⁵¹

Þetta landamerkjabréf er vottað af bændunum á Knarrarnessbæjunum að áður sé lesið milli hverfa.

Í fasteignamati 1932 er að finna jarðalýsingar ábúenda Sjónarhóls, Ytri-Ásláksstaða, Nýjabæjar og Móakots.

Í skýrslunni um Sjónarhól kemur fram að beitiland býlisins sé frekar þröngt en skjólgott. Sjónarhóll hefur allt sitt upprekstrarland á heimalandi. Landamerki jarðarinnar eru óumdeild.

Í svörum ábúanda á Ytri-Ásláksstöðum kemur fram að landamerkin séu ekki vafalaus.

Í spurningalistanum sem ábúandi á Nýjabæ fyllti út kemur fram að beitiland Nýjabæjar sé víðlent og að landamerkjalyking sé til.

Að sögn ábúanda í Móakoti eru landamerki ágreiningslaus.¹⁵²

Í þinglýsingarvottorði frá 26. maí 2004 kemur fram að Sjónarhóll sé í eigu nokkurra aðila.¹⁵³

¹⁵¹Skjal nr. 2(11) a–b.

¹⁵²Skjal nr. 2(51).

¹⁵³Skjal nr. 7(2).

Þann 14. júní 2004 var gefið út þinglýsingarvottorð fyrir jörðina Ásláksstaði. Þar kemur fram að Ásláksstaðir séu í sameign allnokkurra aðila.¹⁵⁴

5.4.4. Knarrarnes

Þann 9. september 1447 seldi Viðeyjarklaustur fjórar jarðir. Kaupandinn greiddi fyrir þær með fjórum jörðum er voru í hans eigu. Ein þeirra jarða sem klaustrið eignaðist í þessum viðskiptum var Knarrarnes.¹⁵⁵

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 var Stóra- og Minna-Knarrarnes í eigu Viðeyjarklausturs.¹⁵⁶

Lagt var mat á Knarrarnesjarðirnar árið 1703. Í Jarðabók Árna og Páls stendur eftirfarandi um Litla-Knarrarnes:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Knarrarness sel, og eru þar hagar í lakasta máta, en vatnsból brestur til stórmeina. ...

Skóg til kolgjörðar á jörðin frí í almenningum.

Í kaflanum um Stóra-Knarrarnes kemur eftirfarandi fram:

Selstaða þar sem heitir Knarrarness sel; eru hagar litlir mjög, en vatnsskortur til stórmeina, so að selstöðuna hafa menn næsta því forlátið, og kaupir bóndinn nokkrum sinnum selstöðu í fjarlægð.

Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum.¹⁵⁷

Eftirfarandi texta er að finna í mati sem unnið var um býlið Stóra-Knarrarnes árið 1755:

Selstade Følger som Aarlig forbruges, Mens Græsgang og Fædrift til liden nytte undtagen Bemeldte Selstade, Hvor udjnden der er største mangel paa Huusse og Høe Torv Skiæren uden giærde...¹⁵⁸

Í ritinu Jarðatal á Íslandi, eftir J. Johnsen, kemur fram að konungsjörðin Stærra-Knarrarnes hafi verið seld þann 19. apríl 1837.¹⁵⁹

Þann 13. júní 1838 hvarf jörðin Minna-Knarrarnes úr eigu konungs.¹⁶⁰

Í umfjölluninni um Stóra-Knarrarnes í Jarðamati 1849–1850 kemur m.a. fram að:

Hagbeit sumar og vetur rír í óskiptu landi utangarða ...¹⁶¹

¹⁵⁴Skjal nr. 7(3).

¹⁵⁵Skjal nr. 4(13).

¹⁵⁶Skjal nr. 4(14).

¹⁵⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 133–136.

¹⁵⁸Skjal nr. 2(52) a–b.

¹⁵⁹Skjal nr. 4(34).

¹⁶⁰Skjal nr. 4(34).

¹⁶¹Skjal nr. 2(50) a–b.

Í kafla þeim sem helgaður er Litla-Knarrarnesi í Jarðamati 1849–1850 stendur m.a. að:

... Sumar og vetrararbeit lítil í óskiptu landi utangarða. ...¹⁶²

Landamerkjabréf Knarrarness var undirritað 11. júní 1886 og þinglesið fjórum dögum síðar:

Landamerkjalyýsing þessi innibindur jarðirnar Stóra-Knararnes og Minna-Knararnes og eru mörkin þessi:

1. Að austanverðu milli Stóra-Knararness að vestan og Breiðagerðis að austan: Frá Selskeri sem er lítið sker milli skerjanna Söðuls og Þríhyrnings, upp eptir maðkasandinum, í Duggusker, þannig, að tveir þriðjungar þess eru eign Stóra-Knararness; þaðan í neðri enda svo nefnds Merkjagarðs, er liggur fyrir austurenda Stóra-Knararnesstúns, og er garður þessi í mörkum það sem hann nær, upp að túngarði; þaðan í nyrðri (eystri) Geldingahól, þaðan um nyrðri Keilisbróður beint að landi Krísivíkur.

Einungis frá þeim enda Merkjagarðs, er til heiðar snýr, er heiðin óskipt land, er eigendur Knararnesja eiga saman eptir jarðarhundraða tiltölu. En túnmörk eru:

- a) milli austurparts og vesturparts Stóra-Knararness: Úr ós við Fjöruvatnsgranda austanverðan allt upp í Skeljavík; þaðan í tvær þúfur á Knararneshöfða er bera skulu hvora í aðra og þá eptir garðlagi og götu milli túnanna heim að bæ og um bæinn, eptir tröðinni út að túngarðahliði.
- b) Milli Stóra-Knararness og Minna-Knararness. Úr syðra parti Vörðuskers (2/3 þess er eign Stóra-Knararness) beint eptir fjörunum í Markaklöpp; þaðan í Krosshóla í túni, og eptir garðlagi því, er þaðan liggur suður og upp tún út að túngarði.

2. Að vestanverðu milli Knararness og Ásláksstaða: Úr ós eptir fjöru í Klöpp, er liggur í svo nefndum girðingum hjer um bil miðsvæðis, ofan til við flæðarmál, þaðan sunnan til við svo nefnda Digruvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knararnesholt sunnanhalt, þaðan í Eldborgargren, þaðan beint í Krísuvíkurland.

Hversu sunnanhöll við markalínuna að Digravarða og Knararnesholt eru, sjest, þegar bein lína er dregin frá Klöppinni í Eldborgargren.¹⁶³

Bréfið var samþykkt af fjórum mönnum, eigendum Breiðagerðis og Innri-Ásláksstaða.

Í lok bréfsins bæta eigendur vesturparts Stóra-Knararness og ¾ Minna-Knararness við athugasemd:

¹⁶²Skjal nr. 2(50) a–b.

¹⁶³Skjal nr. 2(12) a–b.

Við Sigurður Gíslason og Stefán Jónsson erum samþykkir mörkunum að sunnan, en ekki að innan.

Í kaflanum um Minna-Knarrarnes í Fasteignamati 1916–1918 koma fram upplýsingar um landamerki:

Landamerki milli Aslaksstaða og Knarrarnes eru við sjó er steinn á Klapparhorni við svonefndar girðingar í svokallaðan Markhól þaðan beina línu til heiðar í stóra hrút fyrir norðan Hagafell þaðan norður í litla Hrút, þaðan í innri geldingahól, þaðan niður í merkisgarð, þaðan í svonefndan Selastein í fjöru.

Í köflunum um Minna-Knarrarnes og hinar tvær jarðirnar í Knarrarneshverfinu, Stóra-Knarrarnes (tvær háflendur með sama nafni) í sama riti kemur fram að tún og matjurtagarðar séu úrskift en heiðarland og hagbeit séu í félagi jarðanna þriggja.¹⁶⁴

Í maí 1920 gáfu nokkrir aðilar út yfirlýsingu um afnot á hluta lands Knarrarness:

Vjer undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna: Knarrarnes, Breiðagerði, Auðnar, Landakot, Þórustaðir og Kálfatjörn, allar í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, lýsum því yfir með skjali þessu að vjer í samráði við hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, fyrirbjóðum innbyggendum Grindavíkurhrepps, innan Gullbringusýslu, öll afnot af landi því, er, samkvæmt landamerkjalyásing fyrir Knarrarnesi, þinglesin á manntalsþingi Vatnsleysustrandar- og Grindavíkurhrepps 1887, sem eru:

„Þaðan sunnan til við svonefnda digrúvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarrarnesholt sunnanhalt, þaðan í Eldborgargren, þaðan beint í Krísuvíkurland. Hversu sunnahöll við markalínuna að Digurvarða og Knarrarnesholt eru, sjest, þegar bein lína er dregin frá klöppinni (í fjörunni) í Eldborgargren....”

Allt það land sem fyrir innan þessa línu er, eða er milli hennar og Krísuvíkurlands, teljum vjer eign áðurnefndra jarða sbr. landamerkjalyásingar fyrir öllum áðurnefndum jörðum, þinglesnar á báðum stöðunum 1886 og 1887 og undirskrifaðar af Árna sál. Gíslasyni í Krísuvík 1891.¹⁶⁵

Undir þessa yfirlýsingu skrifa; Sæmundur Kr. Klemensson, fyrir hönd skólanefndarinnar, eigendur Knarrarnesjanna, umboðsmaður alls Breiðagerðisins og viss hluta Auðnahverfis, Þórarinn Einarsson [Bergskoti], Benedikt Þorláksson [Höfða], eigandi nokkurs hluta Þórustaða og hreppsnefndaroddivitinn.

Þann 31. maí 1920 var haldið manntalsþingi í Grindavíkurhreppi. Á því þingi mótmælti Hafliði Magnússon, bóndi á Hrauni, landamerkjalyásingu fyrir Auðnahverfi í

¹⁶⁴Skjal nr. 2(41) a–b.

¹⁶⁵Skjal nr. 2(19) a–b.

Vatnsleysustrandarhreppi, dagsettri 12. júní 1886, og yfirlýsingu um landamerki fyrir jarðirnar Knarrarnes, Breiðagerði, Auðnir, Landakot, Þórustaði og Kálfatjörn sem gefin var út í maí 1920, en þessi skjöl voru þinglesin á manntalsþinginu. Hafliði greindi einnig frá því hver hann teldi landamerki Hrauns og Þórkötlustaða þar sem þau liggja að landi Strandahrepps eiga að vera:

Lína tekin úr Sogaselsdal beint vestur í Kálffell og þaðan beina línu í þúfuna á litla Skógfelli.

Fram kom í máli Hafliða að þessum landamerkjum hefði áður verið lýst á manntalsþingi í Grindavík hinn 12. október 1889.¹⁶⁶

Í fasteignamati 1932 er að finna jarðalýsingu ábúenda á eftirfarandi jörðum í Knarrarneshverfi; Stóra-Knarrarnes I, Stóra-Knarrarnes II (Austurbær) og Minna-Knarrarnes.

Að sögn ábúanda á Stóra-Knarrarnesi er beitolandið víðlent. Hann greinir einnig frá því að jörðin eigi sameiginlegt beitoland við háflenduna [Stóra-Knarrarnes II] og Minna-Knarrarnes. Einnig nefnir hann að landamerki séu þinglesin og enginn ágreiningur sé um þau.

Samkvæmt upplýsingum ábúanda á Stóra-Knarrarnesi II (Austurbæ) er beitoland býlisins nægilegt. Einnig nefnir hann í skýrslu sinni að jörðin eigi rétt til upprekstrar í afrétt. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus.

Í svörum ábúanda á Minna-Knarrarnesi kemur fram að beitolandið sé fremur þröngt.¹⁶⁷

Af þinglýsingarvottorðum dagsettum 15. og 21. júní 2004 má ráða að í Knarrarnestorfunni séu; Minna-Knarrarnes, Stóra-Knarrarnes I og Stóra-Knarrarnes II. Fjölmarginir eigendur eru að Stóra-Knarrarnesi I.¹⁶⁸

5.4.5. Breiðagerði

Þann 9. september 1447 seldi Viðeyjarklaustur fjórar jarðir. Kaupandinn greiddi fyrir þær með fjórum jörðum er voru í hans eigu. Ein þeirra jarða sem klaustrið eignaðist í þessum viðskiptum var jörðin Breiðagerði.¹⁶⁹

Þann 13. september árið 1500 áttu sér stað eigendaskipti á jörðinni Breiðagerði. Henni fylgdu öll gögn og gæði.¹⁷⁰

Viðeyjarklaustur eignaðist jörðina aftur 30. maí 1501.¹⁷¹

¹⁶⁶Skjal nr. 2(90).

¹⁶⁷Skjal nr. 2(51).

¹⁶⁸Skjöl nr. 15(3)–15(4).

¹⁶⁹Skjal nr. 4(5).

¹⁷⁰Skjal nr. 4(6).

¹⁷¹*Íslenskt fornbréfasafn*, VII. b. 1903–1907. S. 560–561.

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 var Breiðagerði í eigu Viðeyjar-klausturs.¹⁷²

Árið 1703 var jörðin Breiðagerði metin. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir:

Selstöðu brúkar jörðin þar sem kallað er Knararness sel, eru þar hagar mjög litlir og vatnsbrestur til stórmeina. ...

Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin frí í almenningum.¹⁷³

Í opinberri skýrslu sem gerð var um jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi árið 1755 stendur eftirfarandi um býlið Breiðagerði:

... Selstade Følger Jorden som aarlig forbruges, Mens Græsgang og Fædrift undtagen bemelte Selstade icke til nogen betydelig nytte, hvoraf flyder huse og Høe torves Mangel...¹⁷⁴

Í Jarðamatinu 1849–1850 segir m.a. um jörðina Breiðagerði:

Hagbeit sæmileg sumar og vetur í óskiptu landi utangarða. ...¹⁷⁵

J. Johnsen minnst á það í bók sinni, Jarðatal á Íslandi, að konungsjörðin Breiðagerði hafi verið seld þann 2. maí 1827.¹⁷⁶

Landamerkjabréf Breiðagerðis var undirritað 11. júní 1886 og þinglesið fjórum dögum síðar: Landamerkin eru þessi:

Breiðagerði tilheyrir land allt með gögnum og gæðum til lands og sjáfar milli Bergskots, Höfða og Auðna að norðanverðu og Stóra-Knararness að sunnanverðu. Landamerkin eru þessi

1. Milli Bergskots, Höfða og Auðna að norðanverðu og Breiðagerðis að sunnanverðu: Lendingarósinn, sem liggur út frá lendingum Bergskots og Breiðagerðis, sunnanvert við Bláklett, sem er hár klettur fyrir norðan og utan Bergskots-lendinguna. Frá flæðarmáli til heiðar liggja mörkin eptir beinni stefnu úr Blákletti, norðanvert við efri Sundvörðuna um Þúfuhól þann, er hún stendur á, skammt fyrir austan tómhúsið Hól; þaðan eptir vörðum upp heiðina, milli Auðna — Klofninga og Breiðagerðis — Skjólgarðs, spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróðir, allt að landi Krísuvíkur í Grindavíkurhreppi.
2. Milli Stóra-Knararness að sunnanverðu og Breiðagerðis að norðanverðu eru þessi landamerki: Selsker, sem er lítið sker milli skerjanna Söðuls og Þríhyrnings; þaðan upp eptir maðkasandinum í sprungu, sem er nokkru norðar en í miðju Dugguskeri, sem er stórt

¹⁷²Skjal nr. 4(14).

¹⁷³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 136.

¹⁷⁴Skjal nr. 2(52).

¹⁷⁵Skjal nr. 2(50) a–b.

¹⁷⁶Skjal nr. 4(34).

sker á sandinum milli Knaranes og Breiðagerðis: — Stóra-Knararnesi tilheyrir því tveir þriðjungar af Dugguskeri, en Breiðagerði einn þriðjungur. Úr þessari sprungu liggja mörkin beint í litla klöpp, sem er í flæðarmáli við neðri enda merkjagarðsins, er liggur fyrir austurenda Stóra-Knararnesstúnsins frá sjó upp að túngarði, og eptir þessum merkjagarði meðan hann nær til, en frá efri enda hans liggja mörkin í nyrðri Geldingahól; þaðan í nyrðri Keilisbróðir og eptir þeirri stefnu alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.¹⁷⁷

Landamerkin eru samþykkt af eigendum Auðnahverfis og umráðamanni Stóra-Knarrarness.

Í kaflanum um Breiðagerði í fsteignamati 1916–1918 stendur að heiðarland og hagbeit séu í félagi við nágrannajarðir.¹⁷⁸

Að framan undir liðum 5.3.2. Hraun og 5.4.4. Knarrarnes er greint frá ágreiningi bænda á jörðum á Vatnsleysuströnd (frá Knarrarnesi að Kálfatjörn) og bónda á Hrauni í Grindavík varðandi landamerki, sem kom fram árið 1920. Vísast til þess en verður ekki endurtekið hér.

Í fsteignamati 1932 er að finna lýsingu ábúanda Breiðagerðis á jörðinni. Í henni kemur fram að tún eru girt af með grjótgarði og beutiland með gaddavír. Þar stendur einnig að jörðin eigi óskipt beutiland og að þar sé talsvert af grjóti sem nota megir sem byggingarefni. Landamerki Breiðagerðis eru ágreiningslaus. Jörðin fylgir Auðnum.¹⁷⁹

Þann 7. október 2002 var farið í vettvangsgöngu um land Breiðagerðis. Í göngunni voru fulltrúar Hitaveitu Suðurnesja (sem á Breiðagerði ofan Vatnsleysustrandarvegar) og Auðna. Þeir gengu frá mörkum Breiðagerðis og Auðna við sjóinn að Reykjanesbrautinni. Göngumenn staðsettu Bláklett, efri Sundvörðu, Þúfuhól og Breiðagerðis-Skjólgarða og ákveðið var að þessi kennileiti yrðu síðar mæld nákvæmlega með GPS staðsetningartæki. Göngumenn fundu nokkrar vörður og vörðubrot og munu nokkrar þeirra hafa verið betrumbættar. Sumar þessara varða geta verið á landamörkum.¹⁸⁰

Vatnsleysustrandarhreppur seldi Hitaveitu Suðurnesja land ofan Vatnsleysustrandarvegar (gamla þjóðvegarins), sem tilheyrir hafði jörðinni Breiðagerði, þann 1. september 2004. Landið afmarkaðist af Knarrarnesi til suðvesturs, Auðnahverfi til norðausturs, en heiðarmörk til suðausturs liggja móti landi Krýsuvíkur.¹⁸¹

¹⁷⁷Skjal nr. 2(13) a–b.

¹⁷⁸Skjal nr. 2(41) a–b.

¹⁷⁹Skjal nr. 2(51).

¹⁸⁰Skjal nr. 4(49).

¹⁸¹Skjal nr. 8(2).

5.4.6. Auðnahverfi

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 voru Auðnir í eigu Viðeyjarklausturs.¹⁸²

Auðnir voru metnar árið 1703. Þeim fylgdu hjáleigurnar Auðnahjáleiga, Lönd, Hjáleiga og Hólmsteinshús. Í Jarðabók Árna og Páls stendur eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin og brúkar þar sem kallað er Auðnasel, þar eru hagar nýtandi, en vatnsskortur til stórmeina margoft. ...

Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum.

Í Jarðabókinni kemur fram að jörðin Landakot sé háflenda Auðna og er selstaða ekki nefnd við þá jörð.¹⁸³

Árið 1755 var lagt mat á jörðina Auðna. Í þeirri úttekt kom m.a. fram að:

Jorden følger Selstade sem Aarlige Forbruges, mens udmark meget slet hvoraf følger Torveskiærs Mangel at dække med Husse og Høe, hvis Aarssage Torvet er skaaren jnden Gierdes Tunet til Største Bedervelse...¹⁸⁴

Í jarðamati árið 1804 kemur fram að Auðnum fylgir hjáleigan Auðnakot.¹⁸⁵

Jörðin Auðnar hvarf úr eigu konungs þann 19. apríl 1837.¹⁸⁶

Í kaflanum um Auðna, með hjáleigunni Bergskoti, í Jarðamati 1849–1850 kemur m.a. eftirfarandi fram:

Nokkur hagbeit sumar og vetur í óskiptu landi utangarða.¹⁸⁷

Landamerkjabréf Auðnahverfis var undirritað 12. júní 1886 og þinglesið þremur dögum síðar:

Landamerkjalysing þessi innibindur jarðirnar Auðna (norður- og suður-part heimajarðarinnar), Höfða og Bergskot. Eiga þessar jarðir land allt með gögnum og gæðum til lands og sjávar milli Landakots að norðanverðu og Breiðagerðis að sunnanverðu. Fjörinni er skipt í spildur með hverri jörð fyrir sig; sömuleiðis eru tún jarðanna aðgreind hvert frá öðru, ýmist með grjótgörðum eða járnþráðargirðingum, en heiðarland allt milli Landakots og Breiðagerðis tilheyrir þessum þrem jörðum sameiginlega og ber hverri jörð af því eptir hundraðatölu hennar.

1. Að norðanverðu milli Auðnahverfis og Landakots eru landamerki þessi: Fyrir neðan flæðarmál: Markaós, sem er austasti ósinn, er skerst inn úr aðalós þeim, er liggur inn á milli Landakotstanga og Sífalónsskers. Fyrir ofan flæðarmál eru mörkin við suðurenda stakkstæðis, sem Landakoti tilheyrir og um krók þann, er sjávangarðar Landakots og Auðna mynda, þar sem þeir mætast; þaðan eptir

¹⁸²Skjal nr. 4(1).

¹⁸³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 137–139.

¹⁸⁴Skjal nr. 2(52).

¹⁸⁵Skjal nr. 2(49).

¹⁸⁶Skjal nr. 4(34).

¹⁸⁷Skjal nr. 2(50) a–b.

járnþráðargirðingu í syðsta horn á sjávarkálgarði Landakots, þaðan um Brunnhóla eftir grjótgarði; þaðan eftir gömlu torf-garðlagi og járnþráðargirðingu um sunnanverðan Landakotshól; þaðan út að túngarði eftir gömlu grjótgarðlagi og járnþráðargirðingu; þaðan um Skálholt sunnanvert og um sunnanverða Auðna-Klofninga yfir Stórhæð; þaðan í Klofa og eftir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keilir allt að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.

2. Að sunnanverðu milli Auðnahverfis og Breiðagerðis eru þessi landamerki: Lendingarósinn sem liggur út frá lendingum Bergskots og Breiðagerðis fyrir sunnan Bláklett. Frá flæðarmáli liggja mörkin eftir beinni stefnu úr Blákletti í Þúfuhól þann, sem efri Sundvarðan stendur á, skammt fyrir austan tómhúsið „Hól“. Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eftir vörðum upp heiðina milli Auðna-Klofninga og Breiðagerðis-Skjólgarðs spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróðir (Litla hrút) alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.¹⁸⁸

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af eiganda Landakots.

Í fasteignamati 1916–1918 er greint frá landamerkjum Auðna:

Landamerki að sunnan við Auðnahverfi er norðan við Breiðagerði. Lendingarósinn sem liggur út frá lendingu Bergskots og Breiðagerðis, fyrir sunnan Bláklett. Frá flæðarmáli liggja mörkin eftir beinni stefnu úr Blákletti í Þúfuhól, þann sem efri sundvarðan stendur á, skamt fyrir austan tómhúsið Hól. Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eftir vörðum upp heiðina milli Auðnaklofninga og Breiðagerðis-skjólgarðs, spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróðir, Litla hrút alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.

Að norðanverðu við Auðnahverfi og milli Landakots eru mörkin þessi. Fyrir neðan flæðarmál Markaðs, sem er austasti ósinn, skerst innúr aðalós þeim, er liggur á milli Landakotstanga og Sílalónsskers. Fyrir ofan flæðarmál eru mörkin við suðurenda stakkstæðis, sem Landakoti til heyrir og um Krók þann, er sjávargarður Landakots og Auðna mynda, þar sem þeir mætast. Þaðan eftir járnþráðargirðingu í syðsta horn á sjávarkálgarði Landakots; þaðan um Brunnhóla eftir grjótgarði; þaðan eftir gömlu torfgarðlagi og járnþráðargirðingu um sunnanverðan Landakotshól; þaðan út að túngarði eftir gömlu grjótgarðlagi og járnþráðargirðingu. Þaðan um Skálholt sunnanvert og um sunnanverða Auðnaklofninga yfir Stórhæð; þaðan í Klofa og eftir stefnu þeirri, spölkorn fyrir sunnan Keilir, alt að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.

Í sama riti kemur fram að býlin í Auðnahverfi, Auðnir, Bergskot og Höfði, hafa sameiginlegt heiðarland og hagbeit.¹⁸⁹

¹⁸⁸Skjal nr. 2(14) a–b.

¹⁸⁹Skjal nr. 2(41) a–b.

Í köflum 5.3.2. um Hraun og 5.4.4. um Knarrarnes er greint frá ágreiningi bænda á jörðum á Vatnsleysuströnd (frá Knarrarnesi að Kálfatjörn) og bónda á Hrauni í Grindavík varðandi landamerki, sem kom fram árið 1920. Vísast til þess en verður ekki endurtekið hér.

Greinargerð í fasteignamati 1932 geymir jarðalýsingar ábúenda eftirfarandi jarða í Auðnahverfi: Bergskot, Höfði og Auðnar.

Í kaflanum um Bergskot kemur fram að glögg landamerkjalyking sé til.

Í skýrslu þeirri sem fjallar um Höfða stendur að enginn ágreiningur sé um landamerki.

Samkvæmt ábúanda á Auðnum á jörðin óskipt heiðarland. Landamerki eru ágreiningslaus.¹⁹⁰

Í byrjun nóvember 1999, nánar tiltekið 8. dag mánaðarins, var farin vettvangsganga til þess að skoða merki milli Landakots annars vegar og Auðna, Höfða og Bergskots hins vegar. Fulltrúar þessara fjögurra jarða tóku þátt í göngunni. Gengið var á landamerki frá sjó og upp að Vatnsleysustrandarvegi og voru merki ágreiningslaus. Ágreiningur var hins vegar um merki við Skálholt og náðust ekki sættir um þau.¹⁹¹

Í kaupsamningi sem gerður var 1. nóvember 2001 var hluti Bergskots og Höfða í óskiptri sameign Auðnahverfis (Auðnir ekki aðilar samnings) seldur Hitaveitu Suðurnesja. Hið óskipta land markast af merkjum Landakots að norðan, Breiðagerðis að sunnan og Krýsuvíkur að austanverðu (suðausturátt). Að vestanverðu af Reykjanesbraut.¹⁹²

Þann 3. október 2002 fóru fulltrúar Hitaveitu Suðurnesja, Landakots og Auðna í vettvangsgöngu um mörk jarða Landakots og Auðna. Í henni kom m.a. fram að eigendur Landakots og Auðna voru sammála um að miða mörk frá Vatnsleysustrandarvegi við hornstaur á girðingu um Skálholt og þaðan í punkt sem fundinn yrði í Auðna-Klofningum. Eftir að hæll var rekinn niður við Auðna-Klofninga reyndu göngumenn að finna kennileitið Klofa.¹⁹³

Nokkrum dögum síðar, eða þann 7. október, var farið í vettvangsgöngu um land Breiðagerðis. Í göngunni voru fulltrúar Hitaveitu Suðurnesja (sem á Breiðagerði ofan Vatnsleysuvegar) og Auðna. Sagt er frá göngunni í kaflanum um Breiðagerði hér að framan.¹⁹⁴

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ. ehf, sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin

¹⁹⁰Skjal nr. 2(51).

¹⁹¹Skjal nr. 4(51).

¹⁹²Skjal nr. 6(1).

¹⁹³Skjal nr. 4(49).

¹⁹⁴Skjal nr. 4(49).

voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.¹⁹⁵

Í þinglýsingarvottorði fyrir Auðna, dagsettu 15. júní 2004, kemur fram að úr landi Auðna hafa verið seldar eða leigðar lóðir undir loðdýrabú og sumarbústaði. Jörðin virðist að öðru leyti haldast.¹⁹⁶

5.4.7. Landakot

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 var Landakot í eigu Viðeyjarklausturs.¹⁹⁷

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um Landakot árið 1703:

Landakot háflenda so kölluð, því hún hefur ekki fyrirvar, nema til helmíngs á móts við lögbýlisjarðir.¹⁹⁸

Árið 1755 voru jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi metnar. Í skýrslunni um Landakot kom m.a. fram að:

Selstade følger Jorden som Aarlig Forbruges, Men Græsgang Gandske lidet andet end som haves udi berørte Selstade, Hvoraf flyder Huusse og Høe Torve Mangel ...¹⁹⁹

Í ritinu Jarðatal á Íslandi, eftir J. Johnsen, kemur fram að konungsjörðin Landakot hafi verið seld þann 13. júní 1838.²⁰⁰

Í Jarðamati 1849–1850 stendur m.a. um jörðina Landakot:

... Hagbeit sumar og vetur sæmileg í óskiptu landi utangarða. ...²⁰¹

Landamerkjabréf Landakots var undirritað 12. júní 1886 og þinglesið þremur dögum síðar:

Landakoti á Vatnsleysuströnd tilheyrir land allt með gögnum og gæðum milli Þórustaða að norðanverðu og Auðnahverfis-jarðanna Auðna, Höfða og Bergskots að sunnanverðu. — Landamerkin eru þessi:

1. Milli Þórustaða að norðanverðu og Landakots að sunnanverðu eru þessi landamerki:

¹⁹⁵Sjá skjal nr. 5(6). Landamerki milli Kálfatjarnar/Þórustaða annars vegar og Kálfatjarnar/Flekkuvíkur hins vegar eru tekin af uppdrætti frá verkfræðistofunni HNIT hf. teikning nr. 15-240/L-1 dags. 9. september 1996. Vesturmörk Krísvíkur eru dregin upp skv. GPS-mælingu á vörðu á Markhelluhól, þaðan dregin lína í Grænavatnseggar skv. korti og þaðan dregin lína skv. GPS-mælingu í klettinn Dágon sem er í flæðarmálinu á Selatöngum. Varðan á Markhelluhól var mæld á staðnum skv. landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971, mál. nr. 329/1964.

¹⁹⁶Skjal nr. 6(6).

¹⁹⁷Skjal nr. 4(15).

¹⁹⁸Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 139.

¹⁹⁹Skjal nr. 2(52) a–b.

²⁰⁰Skjal nr. 4(34).

²⁰¹Skjal nr. 2(50) a–b.

Sundsker, sem tilheyrir báðum jörðunum að helmingi hvorri; þaðan um hinar svonefndu Markaflúðir, sem liggja á sandinum, beina stefnu í brunninn Djúpugróf; þaðan eptir eptir markasteinum og gömlu garðarlagi, sem aðskilur tún jarðanna, allt upp að túngarði; þaðan beina stefnu eptir vörðum upp eptir heiðinni sunnanvert í rætur Keilis alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.

2. Að sunnanverðu milli Landakots og Auðnahverfis (nefnil. Auðna, Höfða og Bergskots) eru landamerkin: fyrir neðan flæðarmál: Markaós, sem er austasti ósinn; er gengur inn úr aðalós þeim, sem liggur í milli Landakotstanga og Sílalónsskers. Fyrir ofan flæðarmál eru mörkin við suðurenda stakkstæðis, sem Landakoti tilheyrir, og um krók eða hlykk þann, er sjávargarðar Landakots og Auðna mynda, þar sem þeir mætast; þaðan eptir járnþráðargirðingu í syðsta horn á sjávarkálgarði Landakots; þaðan um Brunnhóla sunnanverða eptir grjótgarði, sem þar er hlaðinn; þaðan eptir gömlu torfgarðlagi og járnþráðargirðingu um sunnanverðan Landakotshól; þaðan út að túngarði eptir gömlu grjótgarðlagi og járnþráðargirðingu, þaðan um Skálholt sunnanvert og um sunnanverða Auðnaklofninga yfir Stórhæð; þaðan í Klofa og eptir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keilir, allt að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.²⁰²

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af eigendum Auðnahverfis og eiganda hálfra Þórustaða.

Í kaflanum um Landakot í fasteignamati 1916–1918 er greint frá landamerkjum jarðarinnar:

að sunnan ræður landamerki Auðnaland. Að norðan í 2 flúðir í fjöru sem nefnast markaflúðir, þaðan uppeftir grjótgarði milli Þórustaða og Landakots, þaðan sjónhending eftir vörðum upp heiðina alt til fjalls.

Á öðrum stað í sama riti kemur fram að bærinn Tíðagerði, sem er í eigu eiganda Landakots, deili heiðarlandi og hagbeit með þeirri jörð.²⁰³

Í umfjöllun um Hraun og Knarrarnes er greint frá ágreiningi bænda á jörðum á Vatnsleysuströnd (frá Knarrarnesi að Kálfatjörn) og bónda á Hrauni í Grindavík varðandi landamerki, sem kom fram árið 1920. Vísast til þess en verður ekki endurtekið hér.

Í byrjun nóvember 1999 fóru fulltrúar jarðanna Þórustaða og Landakots auk aðila frá Hitaveitu Suðurnesja í vettvangsgöngu um téðar jarðir til þess að kynna sér landamerki á milli þeirra. Gengið var á landamerki milli jarðanna svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfum frá 12. júní 1886 og 27. maí 1886, frá sjó og að Vatnsleysustrandarvegi. Ekki fundust neinar vörður ofan vegarins eins og lýst er í

²⁰²Skjal nr. 2(15) a–b.

²⁰³Skjal nr. 2(41) a–b.

landamerkjabréfum. Í göngunni kom fram að Margrét Guðnadóttir, frá Landakoti, sem fædd er og uppalin þar, man ekki eftir að hafa séð neinar merkjavörður eða heyrð um þær talað. Göngumenn ráku hæla niður í garðlagið frá sjó og að Vatnsleysustrandarvegi.²⁰⁴

Önnur vettvangsganga var farin 8. nóvember 1999 til þess að skoða merki milli Landakots annars vegar og Auðna, Höfða og Bergskots hins vegar. Sagt er frá þessari göngu í kaflanum um Auðnahverfi hér að framan.²⁰⁵

Þann 2. október 2002 var farið í vettvangsgöngu um mörk jarða Landakots og Þórustaða. Fulltrúar beggja þessara jarða tóku þátt í göngunni. Tilgangur hennar var að leita að vörðum á landamerkjum Landakots og Þórustaða. Í göngunni kom fram að Margrét Guðnadóttir, eigandi Landakots, telur að þessar vörður eða vörðubrot séu löngu horfnar. Hún kvaðst vera mjög kunnug á heiðinni en hún smalaði þar á yngri árum.²⁰⁶

Degi síðar eða 3. október fóru fulltrúar Hitaveitu Suðurnesja, Landakots og Auðna í vettvangsgöngu um mörk jarða Landakots og Auðna. Um þessa göngu er fjallað í kaflanum um Auðnahverfi hér að framan.²⁰⁷

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ ehf., sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.²⁰⁸

Lesi má úr þinglýsingarvottorði fyrir Landakot, frá 10. júní 2004, að jörðin virðist hafa verið allengi í eigu sömu fjölskyldu.²⁰⁹

5.4.8. Þórustaðir

Samkvæmt fíngtareikningum frá 1547–1548 voru Þórustaðir í eigu Viðeyjarklausturs.²¹⁰

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns áttu Þórustaðir selstöðu á Fornuselshæðum í landi Kálfatjarnar:

²⁰⁴Skjal nr. 4(51).

²⁰⁵Skjal nr. 4(51).

²⁰⁶Skjal nr. 4(49).

²⁰⁷Skjal nr. 4(49).

²⁰⁸Skjal nr. 5(6). Landamerki milli Kálfatjarnar/Þórustaða annars vegar og Kálfatjarnar/Flekkuvíkur hins vegar eru tekin af uppdrætti frá verkfræðistofunni HNIT hf., teikning nr. 15-240/L-1 dags. 9. september 1996. Vesturmörk Krísuvíkur eru dregin upp skv. GPS-mælingu á vörðu á Markhelluhól, þaðan dregin lína í Grænavatnseggjar skv. korti og þaðan dregin lína skv. GPS-mælingu í klettinn Dágon sem er í flæðarmálinu á Selatöngum. Varðan á Markhelluhól var mæld á staðnum skv. landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971, mál. nr. 329/1964.

²⁰⁹Skjal nr 16(3).

²¹⁰Skjal nr. 4(15).

Selstöðu á jörðin þar sem kallaðar eru Fornuselshæðir, þar eru hagar næsta að þrotum komnir, en vatnsból so lakt, að fyrir þann skort er selstaðan aflögð orðin, og hefur því bóndinn selstöðu að annara láni með miklum óhægðum og langt í burtu.

Þórustöðum fylgdu hjáleignar; Norðurhjáleiga og Suðurhjáleiga.²¹¹

Árið 1755 voru jarðir í Vatsleysustrandarhreppi metnar. Í matsgerðinni um Þórustaði stendur m.a.:

Selstade Følger Jorden som Aarligen Forbruges, men anden Græsgang er meget liden...²¹²

Þann 19. apríl 1837 hvarf jörðin Þórustaðir úr eigu konungs.²¹³

Í Jarðamati 1849–1850 stendur m.a. um jörðina Þórustaði:

... Hagbeit sumar og vetur sæmileg í óskiptu landi utangarða.²¹⁴

Landamerkjabréf Þórustaða var undirritað 27. maí 1886. Bréfið var þinglesið 15. júní 1886. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Þórustöðum tilheyrir land allt með gögnum og gæðum til lands og sjávar milli Kálfatjarnar-kirkjueignar að norðanverðu og Landakots að sunnanverðu. Landamerkin eru þessi:

1. Milli Kálfatjarnar að norðanverðu og Þórustaða að sunnanverðu: Markklettur, sem er hátt sker fyrir landi, er tilheyrir báðum jörðunum, að helmingi hvorri; þaðan eptir svonefndum Merkjagarði, er liggur sunnanvert við tún kirkjuhjáleigunnar Goðhóla, en norðanvert við móa þann, sem kallaður er Vatnagarður og tilheyrir Þórustöðum; þaðan í hólinn Þórustaðaborg, sem er hæsti hóllinn af hólum þeim, er standa norðanvert við gamalt stekkjartún, sem nefnt er Þórustaðaborg eptir hólnum. Þaðan í hólinn Stóra-Lynghól miðjan; þaðan í Sýrholt; þaðan í Hrafnafell, sem er lítið fell fyrir norðan Keilir; þaðan beina stefnu alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi, eptir sjónhendingu úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á Grænavatnsengjum.
2. Milli Landakots að sunnanverðu og Þórustaða að norðanverðu eru landamerki þessi: Sundsker, sem tilheyrir báðum jörðunum, nefnilega að helmingi hvorri; þaðan um svonefndar Markaflúðir beina stefnu í brunninn Djúpugróf; (þaðan eptir marksteinum og gömlu garðlagi, sem aðskilur tún jarðanna, allt upp að túngarði; þaðan beina stefnu eptir vörðum upp eptir heiðinni sunnarvert við rætur Keilis alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi.²¹⁵

²¹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. 1923. S. 141, sbr. s. 142 varðandi Kálfatjörn.

²¹² Skjal nr. 2(52).

²¹³ Skjal nr. 4(34).

²¹⁴ Skjal nr. 2(50).

²¹⁵ Skjal nr. 2(17) a–b.

Landamerkjabréfið er samþykkt af eiganda Landakots sem líka var eigandi hálfra Þórustaða. Einnig er skrifað uppá landamerkjabréfið af sóknarpresti fyrir hönd Kálfatjarnarkirkju. Prestur tekur fram að hann samþykki landamerkjabréfið að því leyti sem það er samhljóða landamerkjalyðingu Kálfatjarnarkirkju sem var þinglesin 1885.

Í kaflanum um Þórustaði í Fasteignamati 1916–1918 kemur fram að jörðin sé að hálfu í eigu eiganda Landakots. Í sama riti kemur einnig fram að jörðin Hellukot deili heiðarlandi og hagbeit við Þórustaði.²¹⁶

Í köflum 5.3.2. um Hraun og 5.4.4. um Knarrarnes er greint frá ágreiningi bænda á jörðum á Vatnsleysuströnd (frá Knarrarnesi að Kálfatjörn) og bónda á Hrauni í Grindavík varðandi landamerki, sem kom fram árið 1920. Vísast til þess en verður ekki endurtekið hér.

Í fasteignamati því sem staðfest var árið 1932 er að finna jarðalyðingu ábúenda á eftirfarandi jörðum í Þórustaðahverfi: Norðurkot, Þórustaðir, Hellukot.

Að sögn ábúanda í Norðurkoti er landamerkjalyðing ekki til. Í skýrslunni er einnig minnst á býlið Tíðagerði.

Samkvæmt ábúanda á Þórustöðum er beitiland víðlent.

Í svörum ábúanda á Hellukoti kemur fram að beitilandið sé líkt og það sem Þórustaðir hafa. Hann greinir einnig frá því að landamerki jarðarinnar sé þau sömu og Þórustaða.²¹⁷

Þann 21. maí 1999 var land Þórustaða ofan Vatnsleysustrandarvegar selt Hitaveitu Suðurnesja.²¹⁸ Jörðin er að öðru leyti í einkaeign.²¹⁹

Í byrjun nóvember 1999 fóru fulltrúar jarðanna Þórustaða og Landakots auk aðila frá Hitaveitu Suðurnesja í vettvangsgöngu um téðar jarðir til þess að kynna sér landamerki á milli þeirra. Sagt er frá þessari göngu í kaflanum um Landakot hér að framan.²²⁰

Þann 2. október 2002 var farið í vettvangsgöngu um mörk jarða Landakots og Þórustaða. Frá þessari ferð er sagt í kaflanum um Landakot hér að framan.²²¹

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ ehf., sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.²²²

²¹⁶Skjal nr. 2(41) a–b.

²¹⁷Skjal nr. 2(51).

²¹⁸Skjal nr. 19(3).

²¹⁹Skjal nr. 19(4).

²²⁰Skjal nr. 4(51).

²²¹Skjal nr. 4(49).

²²²Skjal nr. 5(6). Landamerki milli Kálfatjarnar/Þórustaða annars vegar og Kálfatjarnar/Flekkuvíkur hins vegar eru tekin af uppdrætti frá verkfræðistofunni HNIT hf., teikning nr. 15-240/L-1, dags. 9. september 1996. Vesturmörk Krísuvíkur eru dregin upp skv. GPS-mælingu á vörðu á Markhelluhól,

5.4.9. Kálfatjörn

Í kirknaskrá frá því um 1200 kemur fram að kirkja er á Kálfatjörn.²²³

Í máldaga Péturskirkju á Kálfatjörn frá 1379 er að finna upplýsingar um eignir kirkjunnar. Í honum stendur m.a. að:

Petvr[s] kirkia aa kaalfatiornn. hvnn aa heima land alltt med gognvm ok gædvvm. hvn aa backa ok fleckv vik. hvnn aa allann reka j millvm Hravnnes ok ranga giogvrs ok firr nefnd fleckv[v]ik aa allann þridivng j vatzleysv jord. j rekvm. skogi ok hagabeit. fra nýia gordvm ok in at gardi þeim er geingvr ofan vr Hravne fram at sia firir innann akvrgerdi. ...²²⁴

Árið 1397 lét Vilchin Skálholtsbiskup útbúa máldaga fyrir Péturskirkju á Kálfatjörn. Þar stendur m.a.:

Pieturskirkia ad Galmatiorn a Heimaland allt oc Backa oc Fleckuvijk ...²²⁵

Í tíð Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups, nánar tiltekið árið 1642, var Kálfatjörn vísiteruð:

Peturskyrckia ad Kalfatiörn a heimaland allt mz gógnum og giædum, epter þeim máldaga sem vænst er ad sie ä dömkyrckiunni og Bessastodum Hun ä Backaland og fleckiuvýk. ... vænist bpinn M. Brynjolfur Ss suornum landamerkiom i millum Kalfatiarnar og Skalholltsstadar dömkyrckiu²²⁶ sem vitni umm bera og afhenda vilia enn nu i dag mz suornum eidum, uppä hinar fyrri, og lögfestir Bp allt ad fyrr suordum takmarkum, lysandi öheimilld ä þvö aullu sem þaðan mä flutt verid hafa og hann mä sauk [a] gefa h. Skalhollts kkiu vegna. ... fyrrnefnd fleckuvýk ä allann þridjung i Vatsleysu jórd (epter brefinu ohandskrifudu sem liggur a kyrckunni og visitatiubok h. Gýsla J.s.) i rekum skögi og hagabeit, frá Nyagardum og Inn ad gardi þeim, er geingur ofan vr hrauninu og framm ad sjö, fyrer Innan Akurgierdi, ... Seigir fyrrnefnd visitatiu bök, Fleckuvýk eigi allann þridjung i Vatsleisu Jordu, er liggur i Kalfatiarnarkkiu sókn, i rekum skögi hagabeit frá Nyagardum og Inn ad gardi þeim er geingur ofan ür hrauninu og framm ad siö fyrer Innan Akurgierdi...

Actum Kalfatiörn Anno 1642 Die ut supra.

(Undir þetta rita Ámundi Ormsson, Sumarliði Jónsson, Pétur Gissursson og Einar Oddsson).²²⁷

þaðan dregin lína í Grænavatnseggar skv. korti og þaðan dregin lína skv. GPS-mælingu í klettinn Dágon sem er í flæðarmálinu á Selatöngum. Varðan á Markhelluhól var mæld á staðnum skv. landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971, mál. nr. 329/1964.

²²³Skjal nr. 4(12).

²²⁴Skjal nr. 4(3).

²²⁵Skjal nr. 4(11).

²²⁶Yfirstrikað frá: Kalfatiarnar ... Á spássú er ritað: Krisuvikur og isuskála fyrir hvorz ysuskala landj m... reki Kalfatiarnar liggur fra Langagiögri og austur efter.

²²⁷Skjal nr. 2(76) a–b.

Þrjátíu og sex árum síðar stóð Þórður Þorláksson, biskup í Skálholti, fyrir vísitasíu á Kálfatjörn. Í vísitasíunni, sem fór fram 20. ágúst 1678, kom eftirfarandi fram:

visiterud Peturs kyrkia ad Kalfatiorn hun a efter maldaga heimaland allt med gognum og giædum Backa land og fleckuvýk ... firr nefnd fleckuvýk a allann þridiung i Vatnzleisu jórdu i rekum skogie og hagabeit fra nýugórdum og inn ad gardi þeim er geingur ofann ur hrauninu og framm ad siö fyrir innann Akurgierdj, Borgar Kot nu leigt fyrer iijj vættir er ei innfært i firri maldaga enn þo kyrkiunnar eign efter undirrietting Sr. Sigurdar Eyolfssonar.

(Undir þetta rita Sigurður Eyjólfsson, Einar Einarsson, Árni Gíslason, Bjarni Jónsson og Bjarni Sigurðsson).²²⁸

Kálfatjörn var tekin til mats árið 1703, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Henni fylgdu hjáleigurnar; Naustakot, Móakot, Flóakot, Hólakot, Hátún, Árnahús og Borgarkot.

Í Jarðabókinni er eftirtektarverð umsögn um selstöður Kálfatjarnar:

Selstöðu á staðurinn þar sem kallað er Sogasel, og er í Stóru-Vatnsleysu landi; áður hefur hann og brúkað selstöðu þar sem staður á sjálfur land, þar sem heitir Fornuselshæði, þar er mein stórt að vatnsbresti og hagar naumir, en í Sogaseli skortir hvorki vatn nje gras, þó er þangað langt og erfitt að sækja.²²⁹

Sömmuleiðis segir um kirkjujörðina Bakka, sem síðar varð tómt hús frá Kálfatjörn.²³⁰

Selstöðu brúkar jörðin ásamt staðarhaldaranum í Sogaseli í Stóru-Vatnsleysu landi.²³¹

Á tíma Jóns Vídalíns Skálholtsbiskups var Kálfatjörn vísiteruð þann 10. ágúst 1703. Skýrslan sem unnin var í þessari eftirlitsferð er mjög svipuð þeirri sem var samin í kjölfar vísitasíunar 1678:

hun ä heimaland allt med gögnum og giædum Backaland, og Fleckuvik, allann reka mille Hraunsnefz og Rängagiógurs / afast vid Krisevikur reka, reka millum Markskletts og nýugarda, kirkian ä efter mäldögum allann þridiung i Watnsleisu Jördu — i rekum sköge og haga, beit frá nýugórdum og inn ad garde þeim Er geingur ofann ür hrauninu og framm ad siö fyrir innann Akurgerde, Borgarkot nu leigt fyrer iijj vætter ä kirkian.

(Undir þetta rita Ólafur Pétursson, Benedikt Einarsson, Oddur Árnason, Jón Halldórsson og Árni Gíslason).²³²

²²⁸Skjal nr. 2(77) a–b.

²²⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 142–145.

²³⁰Skjal nr. 4(34).

²³¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 145.

²³²Skjal nr. 2(78) a–b.

Jón Árnason Skálholtsbiskup vísiteraði Kálfatjörn þann 7. maí 1724. Fyrsti hluti greinargerðarinnar sem samin var í þessari vísitasíu þar sem eru þau atriði sem skipta helst máli hvað varðar þjóðlendumál, er nánast samhljóða skýrslunni sem útbúin var í vísitasíunni árið 1703. Hér verður því vísað í hana.²³³

Ólafur Gíslason biskup í Skálholti vísiteraði á Kálfatjörn 17. júní árið 1751. Skýrslan sem samin var vegna vísitasíunnar er svipuð þeirri sem gerð var árið 1703 nema eftirfarandi texti:

Borgar kot sem adur hefur vered leigt fyrir 4 vætter, er nu i eide og hefur leinge leiged, sókum siäfar ägangs, sosem Þyng vitned i kyrkiubókena innfært, liösast hermer.

(Undir þetta rita Ólafur Gíslason, S. Jónsson, Sigurður Ólafsson, S. Sigurðsson).²³⁴

Þann 4. júní 1758 var Kálfatjörn vísiteruð af Finni Jónssyni Skálholtsbiskupi. Greinargerðin sem útbúin var um þennan atburð er sambærileg þeirri frá 1751.²³⁵

Þann 28. maí 1790 skrifaði presturinn á Kálfatjörn undir svohljóðandi lögfestu fyrir staðinn:

Ég, Guðmundur Magnússon prestur til Kálfatjarnar, lögfesti hér með sama staðar kirkjuland til lands og vatns, nefnilega reka allan frá Markkletti og inntil Nýjugarða, þaðan og í Arnarvörðu, þaðan og í Flekkuvíkursel, svo og frá áðurnefndum Nýjugörðum þriðjung allan í Vatnsleysu jörðu í rekum, skógum og hagabeit, inn að garði þeim sem gengur inn úr hrauninu og fram að sjó fyrir innan Akurgerði. En á aðra síðu frá Markklett og upp eftir Vatnagarði milli Kálfatjarnar og Þórisstaða, í Þórisstaðaborg, þaðan og í Sýruholt.

Sömuleiðis lögfesti ég Kálfatjarnar selstöðu sunnanvert í Dyngjunni með öllum nærliggjandi Sogum að vestan og austan og ýtrustu högum sem greindu Sogaseli að undanfögnu fylgt hafa, ítem reka allan millum Hraunsnefs og Rangagjögurs áfast við Krísivíkurreka.

Þetta allt undir sömu skilmálum með réttum lögum fyrirbýð ég einum og sérhverjum að fráteknum kirkjujarðanna Bakka og Flekkuvíkur ábúendum og heimajarðarinnar Kálfatjarnar hjáleigumönnum áðurnefnt Kálfatjarnarkirkju land, hollt og haga, lóð og allar landsnytjar, lyngnám og torfskurð að yrkja, vinna eður sér í nyt færa utan mitt leyfi.

Einnin fyrirbýð ég þessum sem öðrum áðursagðan kirkjunnar reka, hvort

²³³Skjal nr. 2(79) a–b.

²³⁴Skjal nr. 2(80) a–b.

²³⁵Skjal nr. 2(81) a–b.

heldur í heima- eður Vatnsleysulandi uppdrífa kann, sér að nýta eður skipta án minnar vitundar og leyfis. ...²³⁶

Lögfestan var lesin upp í Kálfatjarnarkirkju á trinitatishátíð [þrenningarhátíð, fyrsti sunnudagur eftir hvítasunnu] sama ár.

Árið 1800, en þá var Geir Vídalín biskup, var Kálfatjörn vísiteruð. Í vísitasíubókinni stendur eftirfarandi:

Anno 1800 þann 6tta Julii, visiteradi Biskupinn Geir Vidalin ad endadri heilagri þíonustugiörd, Kirkiuna ad Kálfatiörn; hún á heimaland allt med gögnum og giædum, Backaland og Fleckuvík; ... hun á og eftir gömlum Máldögum, þridiung í Vatnsleysu jördu, í Rekum Skógi og haga, beit frá Níugördum og inn ad Gardi þeim, sem gengur innann ur Hrauninu og framm ad síó fyrir innann Akurgerdi — it(em) Borgarkot, sem nú er eydilagt af Siáfargangi; — allt þetta enn í dag óátalid. ...

(Undir skrifa: Geir Vidalin, G. Magnússon, Olafur Gudmundson, Magnus Gudmundsson, T. Jonsson).²³⁷

Í þeim hluta jarðamatsins frá árinu 1804 sem fjallar um jörðina Kálfatjörn kemur fram að henni fylgja hjáleigurnar: Naustakot, Móakot, Hátún og Fjósakot. Í lýsingu gæða Kálfatjarnar segir m.a.:

Her have Sætter Jorden tilhörende.²³⁸

Lagt var mat á Kálfatjarnarprestakall árið 1839:

Jtök eru: allur Reki fyrir heima- og Kirkiujardanna landi; ... Reka fyrir mesta-hluta lands beggia Vatnsleysanna, einninn þridiungur beitar í sömu landegn, og líka Skógs, sem laungu sídann, er öldungis eydilagdur; Selstada uppundir Fiöllum í svokölluðu Sogaseli; ...²³⁹

Í kaflanum um Kálfatjörn og hjáleigur hennar, Naustakot, Móakot, Hátún og Fjósakot í Jarðamati 1849–1850 stendur m.a.:

Landrymi mikið. ... Kyrkjan á þriðjúng alls reka á Stóru og Minni-Vatnsleysu fjörum, einnig hagbeit fyrir geldinga í landi þessara jarða. ...²⁴⁰

Árið 1855 var Kálfatjarnarprestakall metið. Í skýrslunni stendur eftirfarandi:

Skýrsla um tekjur og útgjöld Kálfatjarnar prestakalls í Gullbrýngusýslu eptir 3 ára medaltali 1851–1853.

... Utheyisslæur eru eingar. Fjöru beit er opt góð fyrir fénað á vetrum, en heidarbeit ordin lakari ad sínu leyti, nema svo langt í burtu ad ei verður til náð. ...

²³⁶Skjal nr. 2(36).

²³⁷Skjal nr. 2(82) a–b.

²³⁸Skjal nr. 2(49).

²³⁹Skjal nr. 2(83) a–b.

²⁴⁰Skjal nr. 2(50) a–b.

Kálfatjörn á selstöðu í svonefndu Sogaseli og hefur hún í margt ár ekki verid notud, því vegur er þangað svo langur og ógreidur að ekki væri til vinnandi, nema fyrir svo mikin fénað, sem jörðin ber ekki, nema hún fengi því meiri endurbætur. Selstodur eru að sönnu nedar í heidini en þar fæst ekkert vatn handa fénaðinum, þegar þessar ganga á sumrum. ...²⁴¹

Enn var Kálfatjarnarprestakall metið árið 1867. Hluti skýrslunnar sem saminn var við þetta tækifæri fer hér á eftir:

Skýrsla um tekjur og útgjöld Kálfatjarnar prestakalls í Gullbringu og Kjósar prófastsdæmi eptir 5 ára meðaltali, frá fardogum 1862 til fardaga 1867.

... Selstada fylgir jörðinni í svo nefndu Sogaseli, en er vart notandi sakir fjarlægðar og óvegs þangað. ...

... Kirkjujarðir ... Eydijörðin Bakki ... En með því land allt utan túns var óskipt milli þessarar jardar og prestssetursins, hlýtur það nú að teljast með landi þess.

2. Tekjur af ískyldum, ítökum og hlynnindum, sem fylgja prestakallinu eptir máldögum eða öðrum skjölum:

a. Brúkuð af prestinum sjálfum:

Samkvæmt máldagabók Gísla biskups Jónssonar á kirkjujörðin „Flekkuvík þridjung í Vatnsleysujördu í rekum, skógi, hagbeit“. En þetta hefur ávallt Beneficiarius notad, sem tilheyrandi prestakallinu, ... Skógur er nú enginn til í landi kirkjunnar eða Vatnsleysanna, og hagbeit í Vatnsleysulandi er arðlaus, (því þó kind og kind hafi slangrad þangað þá eru hagar heimajardarinnar full nógir og jafnvel betri en Vatnsleysanna). ...

Athugasemdir ...

... Þessa hjáleigu [Naustakot] lagdi eg undir heimajörðina árið 1861; því sjórinn hafði þá brotid svo land að kotinu að áhætta var að hafa þar menn lengur, enda var ekki unnt að fá ábúanda að býlinu sem afl hafði á að bæta árlegar skemmdir sem hjáleigan beið af sjó; svo var og komið svo mikið undir sjó af túninu að það var vart fyrir kú. Síðan hefi ég þó ekki getað varið túnið svo að það hafi ekki horfið í sjó að mun. ...²⁴²

Landamerkjabréf Kálfatjarnarkirkjueignar var undirritað 9. júní 1884 og þinglesið 15. júní 1885. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Kirkjan á heimaland allt með gögnum gæðum til lands og sjávar, Bakkaland, Borgarkotsland (hvorttveggja nú eyðijarðir) og Flekkuvík sömuleiðis með öllum gögnum og gæðum til lands og sjávar. En landamerki eru þessi:

1. milli Þórustaða og Norðurkots að sunnanverðu og Kálfatjarnar hins vegar: Markklettur, sem er hátt sker fyrir landi, þaðan eftir svo nefndum merkjagarði er liggur fyrir túni Kálfatjarnarhjáleigunnar Goðhóla og hinsvegar fyrir túni Norðurkots, þaðan í Þórustaðaborg,

²⁴¹Skjal nr. 2(84) a–b.

²⁴²Skjal nr. 2(85) a–b.

þaðan í Lynghól, þaðan að landi Krýsivíkur í Grindavíkurbreppi beina stefnu um Sýrholt.

2. Milli Minni-Vatnsleysu og Stóru-Vatnsleysu og hinsvegar Kálfatjarnar: Klettur út við sjó, hjer um bil miðja vega milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu, sá er Klukka er nefndur, þaðan í Hádegishóla, þaðan í Eystri-Hafnhól, þaðan um nyrðri Flekkuvíkurás, þaðan í Einiberjahól, þaðan um Kolhól beina stefnu að Krýsivíkurlandi.

Reka allan á kirkjan frá miðjum Markkletti og í Klukku áður nefnda. Hún á og þriðjung í Vatnsleysujörðu í rekum, skógi og haga, beit frá Klukku og inn að garði þeim er gengur innan úr hrauninu og fram að sjó fyrir innan Akurgerði.

Kirkjan á enn fremur „allan reka milli Hraunnefs og Rangagjögurs.“ Loksins á og kirkjan selstöðu í Sogaseli.²⁴³

Landamerkjabréfið var samþykkt af eigendum Stóru-Vatnsleysu, eiganda Minni-Vatnsleysu og eiganda suðurhilmings Þórustaða. Eigandi norðurhilmings Þórustaða og eigandi Ísólfskála settu einnig nöfn sín undir landamerkjabréfið. Báðir aðilar skýrðu sínar undirskriftir. Sá fyrrnefndi samþykkti landamerkin milli Norðurkots og Kálfatjarnar en hinn samþykkti rekamörk gagnvart Ísólfskála.

Í fasteignamati 1916–1918 er lýsing á landamerkjum og ítökum Kálfatjarnar:

Landamerki: að sunnan Markklettur í sjó, þaðan í Þórustaðaborg, þaðan beina línu í Línghól, þaðan að landi Krýsivíkur, að norðan Keilisnes við sjó, þaðan beina línu í eystri Hafnhól, þaðan í Flekkuvíkurás, Einiberhóll, Kolhóll, þaðan beina stefnu að Krýsivíkurlandi.

Ennfremur 1/3 hluti í reka, skógi og haga í Vatnsleysujörðum, beit frá Klukku innfyrir Akurgerði. Reki milli Hraunsnefs og Dagón á Ísólfskálalandi. Selstaða í Sogaseli í Krýsivíkurlandi. Rekinn hefur verið leigður fyrir mest Kr 10,00, en hinar aðrar ínytjar hafa ekki komið jörðinni að neinu gagni.

Í sama riti kemur fram að Kálfatjörn er kirkjujörð og henni fylgja þrjár hjáleigur; Goðhóll, Fjósakot og Hátún og tvær erfðafestulóðir; Litlibær og Bakki.²⁴⁴

Í umfjöllun um Hraun í kafla 5.3.2. og Knarrarnes í kafla 5.4.4. er greint frá ágreiningi bænda á jörðum á Vatnsleysuströnd (frá Knarrarnesi að Kálfatjörn) og bónda á Hrauni í Grindavík varðandi landamerki, sem kom fram árið 1920. Vísast til þess en verður ekki endurtekið hér.

Landamerkjabréf Kálfatjarnar var undirritað 30. desember 1921 og samþykkt af hverfiseigendum Flekkuvíkur og Norðurkots og tveggja erfðafestulóða. Bréfið var þinglesið 14. júní 1922:

²⁴³Skjöl nr. 2(3) og nr. 2(96) a–b.

²⁴⁴Skjal nr. 2(41) a–b.

Kálfatjarnartorfunni tilheyrir alt það land er landamerkjalyásing frá 1884 tiltekur, að undanskildu landi Flekkuvíkur er selt hefur verið undan eigninni; jarðir þær og býli, sem tilheyra eigninni eru því nú: „Hlið“, „Litlibær“, „Bakki“, „Goðhóll“, „Bjarg“, „Hátún“, „Fjósakot“, „Kálfatjörn“ og „Móakot“.

Land Kálfatjarnartorfunnar takmarkast því nú á milli Flekkuvíkur að innan — og svo sem landamerkjalyásing frá 1884 tiltekur —, að Norðurkoti að sunnan. Á milli Flekkuvíkur annarsvegar og Kálfatjarnar hinsvegar eru þessi landamerki: „Keilisnes“ (neskletturinn) en það er klettur sá sem næstur er sjó, nokkuð stór um sig og liggur sunnan undir honum næstum kringlótt kyr fullt af sjó (lón). Þaðan eru mörkin tekin í „Hermannsvörðu“ sem er vörðubrot á hól spölkorn uppá Keilisnesi, sem ber austantil í Fagradalsfjall af Nesklettinum sjeð; þaðan beygjast mörkin nokkuð inn á við og í „Arnarvörðu“, þá í Flekkuvíkurselásinn vestri og í „Einiberjahól“ en þar tekur við markalína sú á milli Kálfatjarnar og Vatsleysu sem lýst er í landamerkjalyásingu 1884.

1. Hlið, er þurrabýli, sem á lóð að Norðurkotslandi annarsvegar og Goðhóls, á tvo vegu hinnsvegar, ein hlið lóðarinnar er heiðargarður, öll er lóðin afgyrt með grjótgörðum. ...
2. Litlibær ...
3. Bakki ...
4. Goðhóll, á tún að heiðargarði þeim sem er áframhald af heiðargarði Hliðs og Kálfatjarnar og alt til sjáfar og liggur tún Goðhóls því á milli Kálfatjarnartúns að norðan og austan og Norðurkotsvatnagarðs að sunnan og vestan. ...
5. Bjarg ...
6. Hátún, tún þess liggur til heiðar á tvo vegu og takmarkast tún þess af grjótgörðum er til heiðar snýr að austan og sunnan en að vestan af traðargarði er liggur heim að Kálfatjörn; úr traðargarðinum liggur vírgirðing í norður að tünamörkum Hátúns og Fjósakots og tilheyrir Hátúni og sömuleiðis er vír á milli Hátúns- og Fjósakotstúns. ...
7. Fjósakot ...
8. Kálfatjörn, heimajörðin, hún á tún alt milli heiðargarðs og að sjáfangarði; að austan eru traðir er liggja út að heiðargarði undan suðurhorni grafreitsins, tilheyra þær einsog verið hefur Kálfatjörn einni og eru í mörkum á milli Hátúns að svo mikluleyti, sem það nær með tröðunum, að vestan er garður er liggur frá heiðargarði og alla leið að sjáfangarði hann er merkjagarður milli Goðhóls og

Kálfatjarnar, þó bugðóttur sje. Að norðan og norðaustan liggur garður, bugðóttur mjög, alla leið frá sjáfargarði og að Fjósakotstúni, garður sá er í mörkum milli Kálfatjarnar og Móakots. Kálfatjörn á og girðingar þær er garður sá afmarkar er gengur frá þvergarði þeim í girðingunum er afmarkar Móakotspart af girðingunum; en garður sá er áframhald eða því sem næst af norðurtúngarði Móakots og stefnir í suðaustur út að ytri garði girðinganna. Kálfatjörn tilheyrir það sem fyrir norðan þennan garð er. Kálfatjörn tilheyrir einnig innangarðs alt hið forna Bakkaland að svo miklu leyti sem það hefur ekki verið selt á leigu og erfðafestu handa Bakka (nýja) Bjargi og Litlabæ. ...

9. Móakot...²⁴⁵

Staðfest af hreppstjóra [sem þá var orðinn umráðamaður Kálfatjarnar vegna Kirkjujarðasjóðs] og eigendum Flekkuvíkur, Norðurkots, Litlabæjar og Bakka.

Í fasteignamati 1932 er að finna jarðalýsingu ábúenda eftirfarandi jarða í Kálfatjarnarhverfi: Bakka, Litlabæ, Kálfatjörn, Móakoti, Fjósakoti, Hátúni og Godhóli.

Að sögn ábúanda á Bakka er beitarland jarðarinnar víðlent. Það er girt að hluta með vír. Í skýrslunni kemur einnig fram að landamerki jarðarinnar séu ekki skýr sem stendur.

Í svörum ábúanda á Litlabæ kemur fram að býlið sé erfðafesta úr Kálfatjörn.

Samkvæmt ábúanda á Kálfatjörn er beitaland jarðarinnar nokkuð víðlent. Hann segir einnig að sauðfjárbreit sé til heiðar. Einnig nefnir hann að tún, og nokkuð af beitarlandi sé girt með grjótgörðum og vír. Í skýrslunni kemur einnig fram að jörðin á 1/3 í reka, skógi og beit í Vatnsleysujörðum. Þessi hlunnindi hafa lítið verið notuð að undanfögnu að sögn ábúandans. Hann minnst einnig á að ekki alls fyrir löngu hafi reki á Selatöngum verið tekinn undan jörðinni.

Ábúandi á Godhóli nefnir að landamerki jarðarinnar séu þinglesin.²⁴⁶

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ ehf., sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.²⁴⁷

Vatnsleysustrandarhreppur keypti Kálfatjörn af jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins 27. ágúst 2001 með því skilyrði að niðurstæða óbyggðanefndar og/eða dómstóla varðandi landamerki og mörk gagnvart þjóðlendur yrði á ábyrgð kaupanda.²⁴⁸

²⁴⁵Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁴⁶Skjal nr. 2(51).

²⁴⁷Skjal nr. 5(6).

²⁴⁸Skjal nr. 14(3).

Landið ofan Vatnsleysustrandarvegjar var selt Hitaveitu Suðurnesja af Vatnsleysustrandarhreppi 28. desember 2001. Það land takmarkast að norðan af merkjum Flekkuvíkur að Einiberjahóli, en síðan Vatnsleysu, að austan af merkjum Krýsuvíkur (suðausturátt), að sunnanverðu af mörkum Þórustaða og að vestanverðu af gamla Vatnsleysustrandarveginum.²⁴⁹

5.4.10. Flekkuvík

Í máldaga Péturskirkju á Kálfatjörn frá 1379 er að finna upplýsingar um eignir kirkjunnar. Í honum stendur m.a. að:

Petvr[s] kirkia aa kaalfatiornn. hvnn aa heima land alltt med gognvm ok gædvmm. hvn aa backa ok fleckv vik. ...²⁵⁰

Árið 1397 lét Vilchin Skálholtsbiskup útbúa máldaga fyrir Péturskirkju á Kálfatjörn. Þar stendur m.a.:

Pieturskirkia ad Galmatiorn a Heimaland allt oc Backa oc Fleckuvijk ...²⁵¹

Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar segir um Kálfatjarnarkirkju:

hun ä Fleckuvijk. ... fjirnnefnd Fleckuvijk ä allann thridiung i Vatzleijsu Jorðu er liggur i Kálfatiarnar kirkiusokn. i rekum. sköge. Hagabeit. frá nijagördum. og Jnn ad garde theim er geingur ofann [eitt handrit segir: innan] vr hraunenu og fram ad siö fijrer Jnnan Akurgierde.²⁵²

Flekkuvík er ávallt talin meðal eigna Kálfatjarnarkirkju í visitasíum biskupa. Sjá Kálfatjörn hér næst á undan.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir varðandi selstöðu Flekkuvíkur:

Selstöðu á jörðin og brúkar þar sem heitir Flekkuvíkursel, eru þar hagar viðsæmandi, en stórt mein að vatnsleysi, og báglegt eldiviðartak.²⁵³

Ráðherra Íslands seldi Flekkuvík í tvennu lagi 31. ágúst 1909. Í virðingargerð frá 21. maí s.á. segir m.a.:

Utan túns land er talið að fylgi allri jörðinni frá landamerkjunum í milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu að austan, vestur í hinn svo nefnda Keilisnesklett.²⁵⁴

Hins vegar er landamerkjunum lýst þannig í matsgerð austurhlutans sama dag sem er í sérstöku skjali:

²⁴⁹Skjal nr. 14(41).

²⁵⁰Skjal nr. 4(3).

²⁵¹Skjal nr. 4(11).

²⁵²*Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. b. Reykjavík 1947–1950. S. 638.

²⁵³*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. 1923. S. 146–147.

²⁵⁴Skjal nr. 2(57).

Landamerki Flekkuvíkur eru frá MinniVatnsleysu landi að austanverðu, alt vestur í hinn svo nefnda Keilisnessklett, þaða upp Neshólana um Arnarvörðu, um sunnanvert Flekkuvíkursel, beina stefnu til fjalls, alla leið að Krýsivíkurlandi., og tilhyeyra austurhellingnum afnotin af nefndu utantúnslandi að hálfu í móti vesturháflendunni.²⁵⁵

Landamerkjabréf Kálfatjarnar var undirritað 30. desember 1921 og samþykkt af hverfiseigendum Flekkuvíkur og Norðurkots og tveggja erfðafestulóða. Bréfið var þinglesið 14. júní 1922. Í því segir m.a. eftirfarandi:

Á milli Flekkuvíkur annarsvegar og Kálfatjarnar hinsvegar eru þessi landamerki: „Keilisnes“ (neskletturinn) en það er klettur sá sem næstur er sjó, nokkuð stór um sig og liggur sunnan undir honum næstum kringlótt kyr fullt af sjó (lón). Þaðan eru mörkin tekin í „Hermannsvörðu“ sem er vörðubrot á hól spölkorn uppá Keilisnesi, sem ber austantil í Fagradalsfjall af Nesklettinum sjeð; þaðan beygjast mörkin nokkuð inn á við og í „Arnarvörðu“, þá í Flekkuvíkurselásinn vestri og í „Einiberjahól“ en þar tekur við markalína sú á milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu sem lýst er í landamerkjalyýsingu 1884.²⁵⁶

Staðfest af hreppstjóra og eigendum Flekkuvíkur, Norðurkots, Litlabæjar og Bakka.²⁵⁷

Í þinglýsingarvottorðum, sem gefin voru út 2. júní 2004, kemur fram að jörðin Flekkuvík sé komin í eigu Fjársýslu ríkisins.²⁵⁸

5.4.11. Stóra- og Minni-Vatnsleysa

Í máldaga Vatnsleysukirkju á Vatnsleysuströnd frá 1269 stendur eftirfarandi:

Allra heilagra kirkia a vatnslavsv a fimtan hvndrad j heima lande²⁵⁹

Í máldaga Péturskirkju á Kálfatjörn frá 1379 er að finna upplýsingar um eignir kirkjunnar. Í honum stendur m.a. að:

Petvr[s] kirkia aa kaalfatiornn. ... hvn aa backa ok fleckv vik. ... firr nefnd fleckv[v]ik aa allann þridivng j vatzleysv jord. j rekv. skogi ok hagabeit. fra nýia gordvm ok in at gardi þeim er geingvr ofan vr Hravne fram at sia firir innann akvrgerdi. ...²⁶⁰

Þann 28. apríl 1479 vottuðu tveir aðilar skriflega að þeir, ásamt öðrum, hefðu heyrt eiginkonu fyrrum eiganda jarðarinnar Vatnsleysu lýsa því yfir að:

²⁵⁵Skjal nr 2(57).

²⁵⁶[Skjal nr. 2(3).

²⁵⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁵⁸Skjöl nr. 10(3)–10(4).

²⁵⁹Skjal nr. 4(16).

²⁶⁰Skjal nr. 4(3).

... kirkian krysssvík ætti þar j xc ...²⁶¹

Árið 1525 ákvað Ögmundur Pálsson, biskup í Skálholti, að Krýsuvíkirkirkja skyldi selja eignarhlut sinn í Vatnsleysulandi til Viðeyjarklausturs.²⁶²

Samkvæmt fógetareikningum frá 1547–1548 voru Stóra- og Minni-Vatnsleysa í eigu Viðeyjarklausturs.²⁶³

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703 nefnir Sogasel í landi Stóru-Vatnsleysu, sem notað sé frá Kálfatjörn og kirkjujörðinni Bakka.²⁶⁴ Sömuleiðis lögfestir Guðmundur Magnússon Sogasel árið 1790, sbr. lögfestu Kálfatjarnarkirkju hér að framan varðandi Kálfatjörn:

Sömuleiðis lögfesti ég Kálfatjarnar selstöðu sunnanvert í Dyngjunni með öllum nærliggjandi Sogum að vestan og austan og ýtrustu högum sem greindu Sogaseli að undanfögnu fylgt hafa, ...²⁶⁵

Hins vegar áttu Vatnsleysurnar, Minni- og Stóra-, hvor sína selstöðuna samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703:

Minni-Vatnsleysa:

Selstöðu segja menn jörðin eigi þar sem heitir Oddafell, og er þángað bæði langt og erfitt að sækja, eru þar hjálplegir hagar og vatn nægilegt.²⁶⁶

Stóra-Vatnsleysa:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Rauðhólssel, eru þar hagar viðsæmandi, en stórt mein á vatnsskorti.²⁶⁷

Í Jarðabókinni kemur fram að Stóru-Vatnsleysu fylgi hjáleigurnar Vatnsleysukot, Akurgerði og þrjár ónefndar hjáleigur.²⁶⁸

J. Johnsen minnst á það í bók sinni, Jarðatal á Íslandi, að konungsjarðirnar Stóra- og Minni-Vatnsleysa hafi verið seldar þann 13. júní 1838.²⁶⁹

Nokkur munur er á gæðum Stóru- og Minni-Vatnsleysu samkvæmt Jarðamati 1849–1850. Í kaflanum um Stóru- Vatnsleysu í Fasteignamati ársins 1849 stendur m.a. að landrými sé talsvert. Í þeim hluta Jarðamats 1849 sem fjallar um Litlu-Vatnsleysu stendur hins vegar að landrými sé nokkurt.²⁷⁰

²⁶¹Skjal nr. 4(31).

²⁶²Skjal nr. 4(17).

²⁶³Skjal nr. 4(15).

²⁶⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 142 og 145.

²⁶⁵Skjal nr. 2(36).

²⁶⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 150.

²⁶⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 152.

²⁶⁸Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 153–154.

²⁶⁹Skjal nr. 4(34).

²⁷⁰Skjal nr. 2(50) a–b.

Í landamerkjabréfi Kálfatjarnar frá 9. júní 1884, sem eigendur Vatnsleysannasamþykktu er mörkum milli Kálfatjarnartorfu og Vatnsleysanna lýst þannig.

Milli Minni-Vatnsleysu og Stóru-Vatnsleysu og hinsvegar Kálfatjarnar: Klettur út við sjó, hjer um bil miðja vega milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu, sá er Klukka er nefndur, þaðan í Hádegishóla, þaðan í Eystri-Hafnhól, þaðan um nyrðri Flekkuvíkurás, þaðan í Einiberjahól, þaðan um Kolhól beina stefnu að Krýsivíkurlandi.

Reka allan á kirkjan frá miðjum Markkletti og í Klukku áður nefnda. Hún á og þriðjung í Vatnsleysujörðu í rekum, skógi og haga, beit frá Klukku og inn að „garði þeim er gengur innan úr hrauninu og fram að sjó fyrir innan Akurgerði.“

Kirkjan á ennfremur „allan reka milli Hraunnefs og Rangagjögurs.“ ... Loksins á og kirkjan selstöðu í Sogaseli.²⁷¹

Landamerkjabréf varðandi landamerki milli Hvassahrauns og sameignarjarðanna Stóru-Vatnsleysu og Minni-Vatnsleysu var undirritað 15. júní 1889 og samþykkt af búendum Hvassahrauns. Bréfið var þinglesið 17. júní 1889:

Úr Innra hraunshorninu í Fögruvík, og þaðan í afstapaþúfu, og þaðan beina stefnu í Snókafell, og úr Snókafelli beina stefnu í Krýsuvíkurland.²⁷²

Samkvæmt fasteignamati 1916–1918 eru þrjár jarðir á Vatnsleysulandi; Stóra- og Minni-Vatnsleysa og grasbýlið Miðengi. Jarðirnar deila með sér heiðarlandi og hagbeit. Í kaflanum um Stóru-Vatnsleysu er greint frá landamerkjum:

Landamerki eru milli Flekkuvíkur og Vatnsleysu úr Klukku við sjó, þaðan beint í litla Hafnhól um Vatnsleysuselás, þaðan í stóra Kolhól, þaðan í Hrafnafell, þaðan að Krýsuvíkurlandi, þá norður með Krýsuvíkurlandi. — Milli Hvassahrauns og Vatnsleysu er Klettur innan til við Fögruvík, þaðan í Afstapaþúfu þaðan í Snókafell, þaðan að Krýsuvíkurlandi.²⁷³

Í fasteignamati 1932 er að finna lýsingu ábúenda á jörðinni Stóru- og Minni-Vatnsleysu. Í skýrslu ábúendanna á Stóru-Vatnsleysu kemur m.a. fram að beitarlandið sé mikið og gott alla leið frá bænum og upp að Krýsuvíkurlandi. Þar kemur líka fram að túnið sé allt girt og að jörðin eigi rétt til upprekstrar í afrétt sem sé sveitareign. Einnig segir að landamerki séu skýr og þinglesin. Ábúendur jarðarinnar halda að á henni séu hverir.

Í greinargerð þeirra sem búa á Minni-Vatnsleysu stendur m.a. að beitarlandið sé víðlent. Þar kemur einnig fram að tún jarðarinnar sé girt með grjóti og vír og að

²⁷¹Skjöl nr. 2(3) og nr. 2(96) a–b.

²⁷²Skjal nr. 2(5) a–b.

²⁷³Skjal nr. 2(41) a–b.

jörðin eigi rétt til upprekstrar í afrétt sem sé sveitareign. Í skýrslunni stendur einnig að jörðin eigi hverri með Stóru-Vatnsleysu og að landamerki séu þinglesin og ágreiningslaus.²⁷⁴

Fyrsta dag ágústmánaðar 1996 fóru fulltrúar sýslumannsins í Keflavík, Stóru-Vatnsleysu og Hrauns í vettvangsgöngu til þess að skoða landamerki jarðanna Minni- og Stóru-Vatnsleysu, Hrauns og Krýsuvíkur. Fulltrúi frá landbúnaðarráðuneytinu var einnig með í för vegna Krýsuvíkur og Kálfatjarnar. Þessari vettvangsgöngu er lýst undir 6.9. Hrauni og verður því ekki endurtekin.

Eigandi Stóru-Vatnsleysu, Sæmundur Á. Þórðarson, skrifaði landbúnaðarráðuneytinu bréf 18. september 1996 þar sem hann gerði þá kröfu vegna Vatnsleysujarðanna að mörkum móti Krýsuvík yrði breytt. Vildi hann að merkin „verði miðuð við línu dregna af Grænavatnseggjum beina stefnu í Markhelli, háan steindrang við Búðavatnsstaði, sem jafnframt er hornmark Hvassahrauns, Óttastaða og Krýsuvíkur“.²⁷⁵

Bréfinu fylgdi „Greinargerð um Krýsuvíkurbréfið“, sem Sæmundur skrifaði 17. september 1996. Þar bar hann Krýsuvíkurbréfið saman við önnur landamerkjabréf og fleiri heimildir og taldi hann Árna Gíslason í Krýsuvík hafa leikið á þá sem undirrituðu bréfin athugasemdalaust.²⁷⁶

Þann 9. október 2002 var farið í vettvangsgöngu um jarðirnar Hvassahraun og Vatnsleysu. Í þessari ferð voru fulltrúar Stóru-Vatnsleysu og Hitaveitu Suðurnesja en hún á land sem áður tilheyrði Hvassahrauni. Aðilar skoðuðu merki við Fögruvík, en ca 100 m austan við hana er járnstöng í klöpp á hraunhorni, sem gengur út í sjó. Sæmundur Þórðarson, eigandi Stóru-Vatnsleysu greindi frá því að hann teldi þetta vera mörk Vatnsleysu og Hvassahrauns. Þegar hann var unglíngur gætti hann reka og hittust hann og drengir frá Hvassahrauni við girðingu sem þarna var en þeir voru í sömu erindagjörðum. Sæmundur sagði einnig að Sigurður, fyrrverandi eigandi Hvassahrauns, hafi kveðið þetta vera mörkin og hafi þau ætíð verið þrætulaus. Í vettvangsferðinni var einnig gengið á Afstapaþúfu, sem e.t.v. má segja að hafi tvo toppa. Merki frá Landmælingum Íslands (nr. 7194-1984-08) var á milli toppanna og urðu menn sammála að miða mörkin við þennan punkt. Síðan var ekið inn að Höskuldarvöllum. Settur var niður hæll á stað við Trölladyngju sem Sæmundur taldi vera mörk við Krýsuvík, en hællinn var settur niður við suðvesturrætur fjallsins.²⁷⁷

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ ehf., sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þorustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin

²⁷⁴Skjal nr. 2(51).

²⁷⁵Skjal nr. 17(6).

²⁷⁶Skjal nr. 17(10).

²⁷⁷Skjal nr. 4(49).

voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.²⁷⁸

Áður var minnst á bréf sem Sæmundur Þórðarson á Stóru-Vatnsleysu skrifaði landbúnaðarráðuneytinu þann 18. september 1996 varðandi landamerki Vatnsleysujarðanna og Krýsuvíkur. Sæmundur virðist hafa síðar skipt um skoðun því að í ódagsettri greinargerð um framkvæmdir á Stóru-Vatnsleysu [mun hafa verið skrifuð árið 2004] kemur Sæmundur með aðra ábendingu varðandi mörk Krýsuvíkur og Vatnsleysustrandarjarða: Í landamerkjabréfi Krýsuvíkur standi: „að vestan: sjónhending úr Dagon (= Raufarkletti), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum í Trölladyngjuþjallrætur að vestan sem er útbrunnið eldfjall ...“²⁷⁹ Ef þarna stæði „í vesturrætur Grænudyngju“ yrðu mörkin hárrétt, en Trölladyngja og Grænadyngja séu þarna hlið við hlið. E.t.v. hafi Krýsuvíkureigandi skrifað rangt örnefni sem öðrum hafi yfirsést að leiðrétta. Einnig segir Sæmundur varðandi merkjalýsingu Ísólfsskála þar sem nefnd er „sama sjónhending austur Selsvallafjall að landamerkjum Krýsuvíkur“, að það sanni að línan liggja upp á Selsvallafjall

enda eru gamlar heimildir um að hornmark strandajarða að suð-vestan hafi verið um Framfell, öðru nafni Vesturfell sem er inn á miðju Selsvallarfjalli þar sem það er breiðast, vestur af Vigdísarvöllum.

Samkvæmt þessari greinargerð Sæmundar hóf Stóru-Vatnsleysubóndi vegagerð til Höskuldarvalla og Eldborgar (gjallgígs NA af Trölladyngju) árið 1947. Á sama tíma voru Höskuldarvellir girtir af og var ræktað innan girðingar um 100 ha tún, en stórt bú var á Stóru-Vatnsleysu. Laxeldisstöð var byggð á Stóru-Vatnsleysu á árunum 1987–1990 og stóð til að virkja háhitasvæðið við Höskuldarvelli, Eldborg og Sogin. Orkustofnun var fengin til þess að gera umfangsmiklar rannsóknir á Trölladyngjusvæðinu auk rannsókna á magni og gæðum grunnvatns í landi Vatnsleysujarða. Rannsóknirnar hafi að mestu verið greiddar af eigendum Vatnsleysujarða, en þeir hafi jafnframt átt 49% í laxeldisstöðinni sem greiddi nokkurn hluta rannsóknarkostnaðarins. Sæmundur nefnir nokkra aðila, sem tekið hafi jarðefni í landi Stóru-Vatnsleysu, en segir ekki hvar. Raunar segir hann að allt frá því vegagerðin að Höskuldarvöllum hófst árið 1947 hafi verið tekið efni úr Eldborg ásamt bólstrabergi úr Rauðhólsfellunum.²⁸⁰

Í júní 2004 voru gefin út þinglýsingarvottorð fyrir jarðirnar Stóru- og Minni-Vatnsleysu. Þær virðast hafa verið allengi í eigu sömu fjölskyldu.²⁸¹

²⁷⁸Skjal nr. 5(6).

²⁷⁹Tilvitnaður texti er tekinn eftir landamerkjabréfinu sjálfu. Sæmundur er ekki sjálfum sér samkvæmur um orðanotkun.

²⁸⁰Skjal nr. 17(7).

²⁸¹Skjöl nr. 17(3)–17(4).

5.4.12. Hvassahraun

Í máldagaskrá um eignir kirkju og staðar í Viðey sem árssett hefur verið til um 1234 segir:

Magnvs biskvp gaf til staðar hinn siavnda lvt hvalreka ov viðreka j Hvassarauns landi.²⁸²

Samkvæmt fúgetareikningum frá 1547–1548 var hálf Hvassahraun í eigu Viðeyjarklausturs.²⁸³

Í jarðaskiptagjörningi, sem Páll Stígsson hirðstjóri, fyrir hönd konungs, átti við Gísla biskup Jónsson, fyrir hönd Skálholtsstól, og fram fór að Bessastöðum 27. september 1563, eignaðist konungur hinn helming jarðarinnar sem sögð var 10 hundruð að dýrleika.²⁸⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um hlunnindi jarðarinnar árið 1703:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hvassahraunssel; hagar eru þar sæmilegir en vatnsból brestur til stórmeina.

Rifhrís til kolgjörðar á jörðin í heimalandi, og líður hún á því hrísrifi stóran ágáng af Stærri og Minni Vatnsleysum, ábúendum og hjáleigumönnum. Annars brúkar jörðin þetta hrís til að fæða kvikfjenað í heyskortu.

Hvassahrauni fylgja þá þrjár hjáleigur. Ein kallast Þoroddskot en hinar bera ekki nöfn.²⁸⁵

Í jarðamati árið 1804 kemur fram að hjáleigan Hvassahraunskoti tilheyrir jörðinni Hvassahrauni.²⁸⁶

Jörðin Hvassahraun hvarf úr konungseigu þann 19. apríl 1837.²⁸⁷

Í Jarðamati 1849–1850 er kafli um Hvassahraun með Hvassahraunskoti og Sónghól. Í honum stendur m.a.:

Landrými mikið. Talsverður skógur.²⁸⁸

Landamerkjabréf milli Hvassahrauns og Lónakots var undirritað 7. júní 1890. Bréfið var þinglesið 16. júní 1890. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Merkin byrja í svonefndum markakletti við sjóinn, austanvert við Hraunsnæs, úr markakletti í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóragrænhól, úr Stóragrænhól í

²⁸²Íslenskt fornbréfasafn, I. b. Kaupmannahöfn. S. 507.

²⁸³Skjal nr. 4(15).

²⁸⁴Íslenskt fornbréfasafn, XIV. b. Reykjavík 1944–1949. S. 155–156.

²⁸⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 155–157.

²⁸⁶Skjal nr. 2(49).

²⁸⁷Skjal nr. 4(34).

²⁸⁸Skjal nr. 2(50).

hólbrunnsvörðu, úr hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu, úr Skorásvörðu í Miðkrossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi.²⁸⁹

Nokkrum dögum síðar, eða 13. júní 1890, var landamerkjabréf milli Hvassahrauns, Lónakots og Óttarsstaða undirritað. Það var samþykkt af fulltrúum Óttarsstaða og Lónakots. Bréfið var þinglesið 16. júní 1890:

Merkin byrja í svonefndum markaklett við sjóinn austanvert við Hraunsnes úr markaklett í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóragrænhól úr Stóragrænhól í Hólbrunnsvörðu úr hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu úr Skorásvörðu í Miðkrossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi, svo heldur áfram sömu stefnu millum Hvassahrauns og Óttarsstaða úr Miðkrossstapa í Klofningsklett með vörðu hjá sunnanvert við Einirhól, úr Klofningsklett í búðarvatnsstæði úr búðarvatnsstæði í Markhelluhól, sem er hornmark frá Hvassahrauni, Óttarstöðum og Krýsuvík með áklöppuðum stöfunum Hvass., Óttas. og Kr.vík.²⁹⁰

Í kaflanum um Hvassahraun (austurbær) í fasteignamati 1916–1918 er greint frá landamerkjum jarðarinnar:

Landamerki að sunnan: sjá landamerki Vatnsleysu [Milli Hvassahrauns og Vatnsleysu er klettur innan til við Fögurvík, þaðan í Afstapaþúfu þaðan í Snókafell, það<an> að Krýsuvíkurl<andi>.]

Að norðan, Hraunsnesvarða við sjó, þaðan í marka vörðu, þaðan í vörðu á Krossstapa, þaðan sömu stefnu til Krýsuvíkurland<s>.

Í sama riti kemur fram að Hvassahraunsbýlin, austur- og vesturbær, deila heiðalandi og hagbeit.²⁹¹

Í þeim hluta fasteignamats 1932 sem fjallar um lýsingu ábúenda á jörðinni Hvassahrauni kemur fram að beitiland jarðarinnar sé víðlent og skjólgott. Þar kemur líka fram að jörðin þurfi ekkert upprekstrarland því hún hafi það sjálf.²⁹²

Framar hefur verið minnst á greinargerðir Sesselju Guðmundsdóttur varðandi landamerki Vatnsleysustrandarhrepps frá árunum 1992 og 1993. Meðal annars fjallar hún um Markhellu/Markhelluhól, hornmark Hvassahrauns, Óttarsstaða og Krýsuvíkur. Er það tekið upp undir kafla 5.3.3. Krýsuvík og því ekki endurtekið hér.

Landið ofan Vatnsleysustrandarveggar er í sameign Sauðafells hf. og Fjáreigendafélags Reykjavíkur, sem hafa stofnað sameignarfélagið Sauðafell sf. (kt. 590204-3150) til að gæta hagsmuna sinna. Hitaveita Suðurnesja á 755 m breiða

²⁸⁹Skjal nr. 2(1) a–b.

²⁹⁰Skjal nr. 2(2) a–b.

²⁹¹Skjal nr. 2(41) a–b.

²⁹²Skjal nr. 2(51).

landspildu á mörkum Stóru-Vatnsleysu skv. kaupsamningi 6. október 1997²⁹³ og afsali 30. október s.á.²⁹⁴

Þann 9. október 2002 var farið í vettvangsgöngu um jarðirnar Hvassahraun og Vatnsleysu. Frá þessari göngu er greint í kaflanum um Stóru- og Minni-Vatnsleysu hér á undan.²⁹⁵

Á uppdrátt frá Tækniþjónustu SÁ ehf., sem dagsettur er 6. október 2003, eru dregin landamerki eftirtalinna jarða: Auðna, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur, Stóru- og Minni-Vatnsleysu og spildu úr Hvassahrauni. Landamerkin voru dregin samkvæmt tilvísunum eigenda og ábúenda fyrstu sjö jarðanna sem nefndar eru hér að ofan.²⁹⁶

Af þinglýsingarvottorðum frá 10. júní 2004 og 1. febrúar 2005 má ráða að Sauðafell sf. sé skráður þinglýstur eigandi Hvassahraunlands.²⁹⁷

5.5. Seljabúskapur á Suðurnesjum

Hér að framan hefur verið rakið varðandi einstakar jarðir, hvað Jarðabók Árna Magnússonar segir um selstöður. Sömuleiðis það, sem kemur fram í skoðunargerð á konungsjörðum 1755.

Í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1781 er í XI. kafla fjallað um hverja kirkjusókn fyrir sig og m.a. fjallað um tölu og ásigkomulag bújarða. Um Krýsuvík segir m.a.:

Bær þessi er tvær mílur frá lendingarstað sínum og telst því fremur sveitajörð en sjávar. Landrými er mikið; ... Jörðin er vel fallin til sauðfjárræktar og til mikils sauðfjárbótabús með yfir 1000 sauðfjár.²⁹⁸

Um Staðarsókn í Grindavík segir Skúli Magnússon árið 1781:

Þarna eru býlin fast með ströndinni, og liggur ekkert engi eða slægjuland undir þau nema túnin ein, sem er eigi unnt að auka, ... En 2 mílur í norðaustur frá byggðarlaginu, inni á milli fjallanna, eru góðir hagar. Hafa menn þar selstöður. En eigi eru þar skilyrði fyrir nýbýli.²⁹⁹

Skúli Magnússon tekur fram um Kirkjuvogssókn árið 1781 að selstöður séu 1 1/2 mílu norðaustur frá bæjunum, en engar selstöður séu í Hvalsnes- og Útskálasókn.³⁰⁰ Hins vegar eru taldar selstöður í Njarðvíkursókn.³⁰¹ Um

²⁹³Skjal nr. 12(16).

²⁹⁴Skjal nr. 13(2).

²⁹⁵Skjal nr. 4(49).

²⁹⁶Skjal nr. 5(6).

²⁹⁷Skjöl nr. 12(28) og 13(3).

²⁹⁸*Landnám Ingólfs*, 1. b. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta. Reykjavík 1935–1936. S. 109–110.

²⁹⁹*Landnám Ingólfs*, 1. b. 1935–1936. S. 112.

³⁰⁰*Landnám Ingólfs*, 1. b. 1935–1936. S. 114, 115 og 118.

³⁰¹*Landnám Ingólfs*, 1. b. 1935–1936. S. 119.

Kálfatjarnarsókn segir Skúli:

Frá flestum bæjum eru selstöður uppi til fjalla. Í sókninni er hvergi hagfelldur staður til nýbýla, en eitthvert hið bezta land til sauðfjárræktar, það er ég hefi séð á Íslandi, á fjöggra mílna svæði samhliða bæjunum. Á breiddina nær það svæði 2 mílur frá sjónum upp að háfjöllum, sem greina Gullbringusýslu frá Árnæssýslu. Þannig tekur svæði þetta yfir 8. fermílur.³⁰²

Geir Bachmann, prestur á Stað í Grindavík, samdi sóknalýsingu Staðarsóknar í Grindavík árin 1840–1841. Þar segir hann eftirfarandi um selstöðu Staðar:

Eftir jarðabókinni 1760 á Staður selstöðu á Selsvöllum, þó það nú sýnist orðið almennings selstaða úr allri Grindavík.³⁰³

Geir fjallar síðar nánar um selstöður í Staðarsókn í svari við 31. spurningu sóknarlýsinganna (selstöðum):

Þess er áður getið, að Staður eigi selstöðu á Selsvöllum. Selsvellir eru héðan í landnorður upp í fellum, og er Keilir, þegar í sel þetta er komið, rétt í útnorður. Stendur selið í Strandarmannalandi eður fyrir norðan Grindavíkur landamerki. Þar er all-grösugt, en bízt fljótt upp, því allir bæir í sókninni nema Hraun hafa þar í seli, og þó að engu goldið Staðarprestinum. Vilja menn hér gjöra þessa selstöðu almennung, og þyrfti þó ei að vera. Litlu vestar en Selsvellir er selstaða frá Hrauni; hér er árlega haft í seli frá bæ þessum, og eru landamerkin milli seljanna í svo kölluðum Þrengslum. Flestir bæir í Grindavík hafa haft í seli einhver staðar til fjalla; er mér sagt, að vatnsleysi olli því, að allar þær eru afræktar og getur vel verið sannleiki. Sú mun og orsök, að allir hafa þyrpzt á Selsvelli, því þar er dálítill rennandi lækur rétt við selið. ... 32. Ekkert er hér afréttarland; allt fé ungt og og gamalt, lömb og sauðir er rekið í selið og þar smalað á hverju máli; lömbin eru kefluð. Þó eru réttir í Stóru-Vogum, sóttar af Ströndinni, Rosmhvalaness-, Hafna- og Grindavíkurhreppum.³⁰⁴

Síðar átti Geir eftir að kvarta undan ágengni nággranna sinna í sellandi eins og kemur fram í grein Guðrúnar Ólafsdóttur, *Sel og selstöður í Grindavíkurhreppi*, sem birtist í afmælisriti Ólafs Hanssonar *Sögulóðir* árið 1979. Þar segir:

Til enn frekari áréttingar um mikilvægi þessara hlunninda [þ.e. selstöðu Grindavíkinga] má tilfæra bréf frá árinu 1844 frá sr. Geir Bachmann til biskups, þar sem hann kvartar yfir því, að allir nággrannar sínir noti selstöðuna á Selsvöllum án þess að greiða honum leigu fyrir, þótt hún sé sannanlega eign prestssetursins samkvæmt jarðabókinni 1760. Telur hann, að bændurnir hafi komist upp á að nota selstöðuna, þegar fyrirrennarar hans í prestsembættinu hafi verið svo fénaðarfáir, að þeim hafi ekki þótt svara kostnaði og fyrirhöfn,

³⁰² *Landnám Ingólfs*, 1. b. 1935–1936. S. 121.

³⁰³ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. Reykjavík 1937–1939. S. 134.

³⁰⁴ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. 1937–1939. S. 143–144.

að viðhalda selhúsum og hafa fólk yfir litlum fénaði og þess vegna leyft öðrum afnot af henni gegn leigu, sem síðan hafi fallið niður vegna hirðuleysis. Nú sé svo komið, að fyrir utan hann, sem hafi byrjað að nota selið 1837, þ. e. tveimur árum eftir að hann fékk brauðið, eigi sex búendur þar selhús og hafi þar allan sinn fénað og taki auk þess sumir fénað af öðrum til göngu og hirðingar. Telur hann, að sumarið áður hafi að minnsta kosti 500 fjár, ungt og gamalt, og 30 nautgripir auk inntökupenings gengið á völlum og geti menn getið sér þess nærri, að þvílíkur urmull af kúm og kindum geri „ærið usla og jarðnag í beitilands þrengslum“. Vegna hagleysis verði að reka allan fénað, sem tíðum sé kominn í selhagana löngu fyrir fráfarur í 7. viku sumars, heim á miðjum selvinnutímanum, ...³⁰⁵

Pétur Jónsson, prestur á Kálfatjörn, fjallar lítið um selstöður í lýsingu Njarðvíkur- og Kálfatjarnarsóknar árið 1840. Hann nefnir selstöðu frá Innri-Njarðvík, sem verið hafi við veginn frá Vogum að Grindavík, en síðar segir Pétur um Hvasshraun:

Hér hefir verið selstaða fyrrum eins og á öllum Strandarhrepps lögbýlum, en öll af lögd á seinni tímum; þau hafa öll eður flest vatnslaus verið og staðið hér um í miðri heiði, milli fjalls og fjöru.³⁰⁶

Árni Óla blaðamaður samdi bók, sem fjallar um Vatnsleysuströnd og Voga, *Strönd og Vogar*, og kom út árið 1961. Árni vísar þar á tveimur stöðum að seljum á svæðinu en getur ekki heimilda nema hann vitnar í seinna skiptið til frásagnar Benjamíns Halldórssonar:

Um alla heiðina eru rústir af gömlum seljum, ... Flekkuvíkursel lagðist ekki niður fyrr en um 1870, en þá höfðu öll hin selin verið lögd niður fyrir löngu. ...³⁰⁷

Hér verða nú taldar seljarústirnar í Vogaheiði og Strandarheiði, og er aðallega stuðzt við frásögn Benjamíns Halldórssonar og lýsingar hans á staðhátum.

1. *Selhólar* heita skammt fyrir ofan. Voga. ...
2. *Nýjasel* er við Snorrastaðatjarnir ofanverðar. ...
3. *Þórusel* er skammt austur af Vogum. ...
4. *Arahnúksel* er hjá Stóru-Aragjá ... og er þangað röskur hálfrar stundar gangur frá Vogum. Í Arahnúkseli eru glöggar seltóftir og allstórt seltún þar umhverfis, ... Túnið var seinast slegið 1917.
5. *Gamla-Vogasel* er austast í svonefndu Vogaholti. Þar eru greinilegar seltóftir og nokkuð stórt seltún...

³⁰⁵ *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum*. Guðrún Ólafsdóttir: „Um sel og selstöður í Grindavíkurhreppi“. Reykjavík. 1979. S. 137–138.

³⁰⁶ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. 1937–1939. S. 193.

³⁰⁷ Árni Óla. *Strönd og Vogar*. Reykjavík. 1961. S. 205.

6. *Dalsel* er í Fagradal við samnefnt fjall. Þar hafa sézt seltóftir til skamms tíma, en Fagradalur er nú uppblásinn fyrir löngu. Dalselið mun hafa verið notað frá Grindavík (Járngerðarstöðum). ...

7. *Gjásel* er um 3/4 klukkustundargang frá Brunnastöðum. Þar eru glöggar seltóftir, en lítið seltún. ...

8. *Brunnastaðasel* er austur af Gamla-Vogaseli. Mitt á milli þessara selja er Markhóll, sem skiptir löndum milli Voga og Brunnastaða. Þarna eru margar og allglöggar seltóftir og allstórt seltún, en ekkert vatn. Þangað mun vera um klukkustundar gangur frá Brunnastöðum. ...

9. *Hlöðunessel* er austur af Brunnastaðaseli. Þar eru litlar og ógreinilegar seltóftir og lítið seltún. ...

10. *Knarrarnessel* er norðaustur af Hlöðunesseli, um stundar gang frá Knarrarnesi. ... Þarna er stórt seltún og allmikið vatn í nokkuð stóru leirflagi. Í miklum þurrkum hefir vatn þetta þornað, og svo var fyrir 1920, en þá var grafin niður í leirflagið nokkuð djúp hola. Komu menn þar niður á mó, er reyndist góður eldiviður, en mós væðið takmarkast á alla vegu af hraunklöppum og var mórinn því fljótt upp urinn. ...

11. *Auðnasel* er austur af Knarrarnesseli. Þar eru margar greinilegar seltóftir og allstórt seltún. ...

12. *Kolgrafaholt* heitir um hálfra stundar gang frá Þórustöðum. ... [Árni Óla segir engar seltóftir sjást þarna en virðist giska á að þarna sé selstaða Þórustaða, Fornuselshæðir, sem Jarðabók Árna og Páls nefnir].

13. *Flekkuvíkursel* eru um 1/2 stundar gang frá Flekkuvík. Þar eru glöggar seltóftir, en ekki margar. Eru þær við berghamar hjá Hrafnagjá, ... Í Flekkuvíkurseli er lítið seltún, en nokkrar grasi grónar *flatir* austur og vestur frá selinu, ...

14. *Rauðhólssel* átti Stóra-Vatnsleysa. Það er við hraunjaðarinn, sem liggur frá Kúagerði, en vestur af Snókafelli, sem er úti í hrauninu. Í Rauðhólsseli eru glöggar seltóftir og allstórt seltún, ...

15. *Oddafell* heitir milli Keilis og Trölladyngju. Þar átti Minni-Vatnsleysa selstöðu. ...

16. *Sogasel*. Það er uppi í Vesturhálsi og í landi Stóru Vatnsleysu, en þar höfðu Kálfatjörn og Bakki selstöðu. Er þangað um 2 1/2 klukkustundar gangur frá Kálfatjörn. ...

17. *Hvassahraunssel* var vestast í Almenningum. ...³⁰⁸

Í áðurnefndri grein Guðrúnar Ólafsdóttur frá 1979 er gert ráð fyrir að selstöður, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir og jarðir í Grindavíkurhreppi nýttu, hafi verið innan marka hreppsins. Miðar Guðrún við kort Landmælinga Íslands, blað 27, Reykjavík, útgefið 1977, og blað 29, Krýsvík, gefið út 1969. Stangast það á við umsögn Geirs Bachmanns í sóknalýsingunni 1840–1841,

³⁰⁸ Árni Óla. 1961. S. 242–246.

sem segir Selsvelli í Strandamannalandi, og greinargerð Sesselju Guðmundsdóttur, sem oft hefur verið vitnað til hér að framan.

Guðrún telur hugsanlegt að ásókn Grindvíkinga í selstöðuna á Selsvöllum megi að einhverju leyti skýra með því að þeir höfðu ekki lengur haft innhlaup í selstöðurnar í Krýsuvíkurlandi eins og var á 18. öld. Þrjú nýbýli hafi risið í Krýsuvíkurlandi á 19. öld, öll í fyrri seljalöndum. Vigdísarvellir og Bali á Vigdísarvöllum og Fitjar í svonefndri Selöldu [sem er utan kröfufsvæðis]. Telur hún ólíklegt að Krýsuvíkurbændur hafi leigt út selstöður eftir að þessi býli byggðust.³⁰⁹

Guðrún Ólafsdóttir reynir að tímasetja hvenær selfarir í Grindavíkurreppi hafi hætt og vitnar til bókar Gísla Brynjólfssonar, „Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók“ (útgefinni 1973) og Ferðabókar Þorvalds Thoroddsens (útgefinni 1913), en Þorvaldur kom að Hraunseli, Selsvöllum, Baðsvöllum og Vigdísarvöllum árið 1883. Samkvæmt því hefðu selfarir hætt milli 1850 og 1883. En í þjóðháttasöfnun, árið 1976, hefði Magnús Hafliðason frá Hrauni (fæddur 1891) sagt foreldra sína hafa haft í seli í Hraunseli og talið að því hefði verið hætt um 1890.³¹⁰

Svo virðist sem Grindvíkingar hafi enn haft í seli um 1870 ef dæma má af bréfum hreppstjóra Vatnsleysustrandarhrepps 15. og 21. janúar 1870, sem telur mann, sem sýslumaður segir búsettan á Vigdísarvöllum, heimilisfastan á Vatnsleysuströnd, þó að hann flytji sig og fé sitt um sumartímann á Vigdísarvelli, líkt og þegar Grindavíkurmenn hafi í seli á Selsvöllum.³¹¹

5.6. Afréttarnot í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703 segir um Krýsuvík:

Afrjett fyrir jarðarinnar pening nægileg, en er þó öngvum burtu ljeð.³¹²

En Jarðabókin getur ekki annars staðar um afrétt í Grindavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum.

Um afrétt í Krýsuvík segir séra Jón Austmann í sóknarlýsingu sinni frá 1840:

Afréttarlönd í Selvogi er Heiðin háa, en í Krýsuvík fjöllin þar umhverfis.³¹³

Í lýsingu Staðarsóknar í Grindavík frá 1840–1841 segir Geir Bachmann, prestur á Stað:

32. Ekkert er hér afréttarland; allt fé ungt og og gamalt, lömb og sauðir er rekið í selið og þar smalað á hverju máli; lömbin eru kefluð. Þó eru réttir í

³⁰⁹ *Söguslóðir*. 1979. S. 138.

³¹⁰ *Söguslóðir*. 1979. S. 138–140.

³¹¹ Skjal nr. 2(98).

³¹² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. 1923. S. 3.

³¹³ *Landnám Ingólfs*, 3. b. 1937–1939. S. 106.

Stóru-Vogum, sóttar af Ströndinni, Rosmhvalaness-, Hafna- og Grindavíkurhreppum.³¹⁴

Áður hefur verið nefnd kvörtun Geirs undan ágengni nágranna sinna í sellandinu sem kemur fram í grein Guðrúnar Ólafsdóttur „Sel og selstöður í Grindavíkurhreppi“ sem birtist í afmælissriti Ólafs Hanssonar *Söguslóðir* árið 1979. Hér verður tekinn upp að nýju dálftill kafli.:

Til enn frekari áréttingar um mikilvægi þessara hlunninda [þ.e. selstöðu Grindvíkinga] má tilfæra bréf frá árinu 1844 frá sr. Geir Bachmann til biskups, þar sem hann kvartar yfir því, að allir nágrannar sínir noti selstöðuna á Selsvöllum án þess að greiða honum leigu fyrir, þótt hún sé sannanlega eign prestssetursins samkvæmt jarðabókinni 1760. ... Nú sé svo komið, að fyrir utan hann, sem hafi byrjað að nota selið 1837, þ. e. tveimur árum eftir að hann fékk brauðið, eigi sex búendur þar selhús og hafi þar allan sinn fénað og taki auk þess sumir fénað af öðrum til göngu og hirðingar. Telur hann, að sumarið áður hafi að minnsta kosti 500 fjár, ungt og gamalt, og 30 nautgripir auk inntökupenings gengið á völlum og geti menn getið sér þess nærri, að þvílíkur urmull af kúm og kindum geri „ærið usla og jarðnag í beitilands þrengslum. Vegna hagleysis verði að reka allan fénað, sem tíðum sé kominn í selhagana löngu fyrir fráfarur í 7. viku sumars, heim á miðjum selvinnutímanum, ...³¹⁵

Pétur Jónsson, prestur á Kálfatjörn, minnst ekki á afréttarnot í lýsingu sinni á Njarðvíkur- og Kálfatjarnarsóknum árið 1840.

Í Jarðamati 1849–1850 er minnst á sumarreit við allar jarðir í Grindavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum, misjafnlega góða. Virðist yfirleitt miðað við að beitin sé í heimalöndum jarðanna, nema um Hraun í Grindavík segir:

Sumarreit góð í seli upp til fjalla ...³¹⁶

Til er upphaf fjallskilaseðils af Vatnsleysuströnd sem ekki verður tímasettur en er væntanlega í sambandi við fjárkláðaskoðun á síðari hluta 19. aldar þar sem fjáreigendum á Vatnsleysum og Flekkuvík er falið að smala Dyngjur og Fíflavallafjall og koma fénu á Selsvelli á fimmtudagskvöldi, þar sem fjáreigendur eiga að mæta það kvöld og smala næsta dag ofan fjallið og heiðina.³¹⁷ Ekki er víst að af þessum seðli megi draga nokkrar ályktanir um smalanir á þessu svæði af því tilefnið mun líklega hafa verið sérstakt eins og áður var nefnt, þ.e. fjárkláðaskoðun.

Framar, undir kafla 5.3.3 Krýsuvík, er fjallað um kröfur Krýsuvíkurmanna á hendur Grindvíkingum á árunum 1895 og 1911 varðandi hagatoll og greiðslu fyrir sumarreit. Verður það því ekki endurtekið hér.

³¹⁴ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. 1937–1939. S. 143–144.

³¹⁵ *Söguslóðir*. 1979. S. 137–138.

³¹⁶ Skjal nr. 2(47).

³¹⁷ Skjal nr. 2(99).

Samkvæmt lýsingum á fáeinum jörðum á Vatsleysuströnd í fasteignamati 1932 mætti ætla að sveitin hafi þá orðið sér úti um afrétt. Segir um Stóra-Knarrarnes II að það eigi rétt til upprekstrar í afrétt og Stóra- og Minni-Vatsleysa eigi rétt til upprekstrar í afrétt sem er sveitareign. Hins vegar átti Traðarkot í Brunnastaðalandi ekki afréttarland.³¹⁸

Sveitarbækur Vatsleysustrandarhrepps frá því um 1930 eru ekki tiltækar á Þjóðskjalasafni svo að ekki hefur verið hægt að ganga úr skugga um hvaða afréttarland geti verið um að ræða og raunar verður ekki séð af afsals- og veðmálabókum að þinglesinn hafi verið nokkur leigusamningur um afrétt á þessu svæði.

Árið 1941 keypti sýslunefnd Gullbringusýslu allt lítt ræktanlegt beitiland Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar sem sumarbeitiland að undanskildu landi Hafnarfjarðarbæjar, sem bærinn hafði keypt fyrr á árinu 1941 og öðrum afnotum landsins, ítökum, hlunnindum og náma- og hitaréttindum.³¹⁹

Elsta fjallskilareglugerð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu er frá árinu 1891. Þar segir í 1. grein:

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álfur þess þörf, útvega hreppsþúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að álitu hreppsnefndar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.³²⁰

Í 6. grein eru ákvæði um að högun gangna skuli boðin með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur.

Næsta fjallskilareglugerð, 1896, kveður svo á í 1. grein:

Að svo miklu leyti sem heimalönd að álitu hreppsnefndar eru eigi nægileg til sumarbeitar, ber öllum, sem geldfjenað eiga, að reka hann til afréttar þar sem hann er, að öðrum kosti koma fjenaði sínum til göngu yfir sumartímann hjá öðrum, sem land hafa. Verði hlutaðeigandi óánægður með ráðstöfum hreppsnefndar, skal hlíta ítölu í landið. Sama gildir um þá, sem fjenað taka, ef þeir ofsetja í land sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje ekki vanrækt.³²¹

Óbreytt ákvæði voru í fjallskilareglugerð frá árinu 1902 en Gullbringusýsla og Hafnarfjörður fengu eigin fjallskilareglugerð árið 1914. Þar segir í 2. grein:

³¹⁸Skjal nr. 2(51).

³¹⁹Skjal nr. 2(54).

³²⁰Skjal nr. 4(39).

³²¹Skjal nr. 4(40).

Enginn má heimildarlaust reka sauðfjenað eða hross í land annars manns, nje heldur án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar ónáða fje á fjalli eða í annars manns landi.³²²

Hér virðist ekki gert ráð fyrir afréttum á viðkomandi svæði. Sama má segja um fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá árinu 1939, 4. grein

Skylt er öllum grasbýlismönnum og fjáreigendum að smala sjálfir heimalönd sín og koma fénaði þaðan til allra lögrétta.

Fjallskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Hann er og skyldur að sækja fé til rétta innan sýslugirðingar eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. ...³²³

Allnokkrar breytingar urðu í næstu fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðar árið 1965. Þá var fyrst tekið tillit til afréttarlands sýslunnar í Krýsuvík:

1. gr. Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Gullbringusýslu og Hafnarfirði. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmd mála þessara hver í sínum hreppi eða í samvinnu tvær eða fleiri saman, þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála að einhverju eða öllu leyti.

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. ...

3. gr. Afréttarnefnd, skipuð einum manni úr hverjum hreppi, hefur með höndum niðurröðun á fjallskilum á afréttarlandi sýslunnar í Krýsuvík. Nefnd þessi skal, eigi síðar en í 20. viku sumars hafa lokið störfum og sent hverju sveitarfélagi eða eftir atvikum fjallskilanevnd tilkynningu um hvað hverju sveitarfélagi (upprekstarfélagi) beri að leggja til fjallskila á þessu svæði. ...³²⁴

Árið 1988 voru afréttar- og fjallskilamálefni Hafnarfjarðar aðskilin frá Gullbringusýslu með staðfestingu fjallskilasamþykktar fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Þar eru eftirfarandi ákvæði:

1. gr. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar og fjallskilamála í Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og alla framkvæmd fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur og réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli sveitarstjórna út af fjallskilamálum sker sýslunefnd úr.

³²²Skjal nr. 4(41).

³²³Skjal nr. 4(44).

³²⁴Skjal nr. 4(46).

Heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála.

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. ...

3. gr. Öllum þeim sem jörð hafa til ábúðar eða umráða ber skylda til að smala land sitt á vorin eftir fyriræmum sveitarstjórnar ...

4. gr. Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland, þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekkert á veturnum sökum fjarlægðar frá byggð.

5. gr. Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar.³²⁵

Nú er í gildi fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar frá árinu 1996:

1. gr. Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr. Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilanevnd til að sjá um lögboðin fjallskil ...

5. gr. Upprekstarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla þessarar samþykktar. Skulu þau eingöngu nýtt til sumardeilna. ...

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstarland án leyfis sveitarstjórnar. ...³²⁶

Engin umfjöllun er um afréttarmálefni í Gullbringusýslu í bókinni *Göngur og réttir*.

³²⁵Skjal nr. 4(47).

³²⁶Skjal nr. 4(48).

Sigurður Gíslason á Hrauni í Grindavík lýsti smalamennsku í Grindavíkurhreppi (10. nóvember 2004):

Eftir að seljabúskap lauk voru lagðir til 20 menn í vorsmalamennsku í Krísuvík, sem tók minnst þrjá daga og allt upp í viku. Fyrst hafi verið smalað á Vigdísarvöllum, Selsvalla- og Sveiflubergshálsar og Selsvellir teknir með frá Núpshlíðarhálsi, Dyngjurnar, Höskuldarvellir inn á Norðlingaháls þegar Höskuldarvellir voru með í smölun. Oft hafi komið tveir til þrír menn af Ströndinni (þ. e. Vatnsleysuströnd). Daginn eftir, ef vel hafði gengið, voru tjöldin flutt vestur yfir Selsvallaháls, menn dreift sér í smölun frá Sogum vestur með Drif<f>felli, sunnan undir Keili, farið um Hemphól, vestasti maður farið fram Dalahraun og Beinavörðuhraun, þaðan um Bleikshól og þaðan austur að Borgarrétt. Í suður frá Sogum verið farið fram fyrir Hraunssel, syðsti maður sunnan við Méltunnuklif og Skála-Mælifell og réttað í Borgarhraunsrétt.

Haustsmölun hafi verið í 22. viku sumars. Á laugardegi var smalað í Krísuvík og féð rekið til Þorkötlustaðaréttar á sunnudegi en þann dag smalað Hraunsland frá Selsvallahálsi og Ísólfskála- og Þorkötlustaðalönd. Fjórir menn hafi farið að vestan um Skógfellin og Kálffellsheiði, innsti maður farið inn á Hemphól og beðið eftir þeim, sem komu að austan. Tuttugu manna hópur fór ríðandi inn Selsvelli, inn í Sog, í Keríð, þá ríðið inn með Trölladyngju, þar var skipt. Fimm menn látnir smala Dyngjurnar, austasti maður fór fyrir austan Fíflavallafjall og gat þurft að fara austur að Hofmannafliot ef fé sást þar. Aðrir fóru vestur yfir Oddafell að Keili og vestasti maður hitti þann, sem beið við Hemphól. Þaðan var haldið suður um Kálffell, Aura, Dalahraun og Beinavörðahraun [í lýsingunni er ýmist talað um Beinavörðu- eða Beinavörðahraun] fram Vatnsheiði til réttar. Austasti maður fór um Öbrennuhólma og þaðan um Miðreka og út um Selatanga, Mölvík til Ísólfskála og áfram til réttar. Fé hafi verið smalað til rúnings fram til ársins 1991 og menn haft stóð á fjalli, Ísólfskálabóndi fram til 1990.³²⁷

Lögð hefur verið fram lýsing Sæmundar Þórðarsonar á Stóru-Vatnsleysu á smalamenskum á Vatnsleysuströnd og Vogum sem stjórnað var af hreppsnefnd. Lýsingin er dagsett 27. október en án ártals. Segir hann bændur hafa smalað sjálfir heimalönd í Vatnsleysustrandarhreppi í sex einingum:

1. Hvassahraun (Hvassahraunsmenn smöluðu að Markhellu).
2. Vatnsleysubærir og Flekkuvík (í fyrstu rétt smalaðir Höskuldarvellir, farið upp Sog og vestur með Spákonuvatni og sigin norðan í Grænavatnseggjum og niður austan við Driffell og niður með Hrafnafelli, um Kolhól, Einiberjahól og Austari-Hrafnhól. Senda varð tvo menn til að smala tór sem liggja upp eftir Afstapahrauni, allt til

³²⁷Skjal nr. 20(23).

- Sóleyjarkrika. Með Flekkuvíkurmönnum var farið upp í Flekkuvíkursel og smalaður þríhyrningur, sem myndaðist milli Vatnsleysumanna og Kálfatjarnar- og Þórustaðamanna, milli Hafnhóla og Prestsborgar (Staðarborgar) og Keilisness. Þess hafi verið gætt að vera samsíða Kálfatjarnar-, Þórustaða-, Landakots og Auðnamönnum við smölun).
3. Kálfatjörn, Þórustaðir, Landakot og Auðnar (Sæmundur nefnir það Þórustaðaleit en ekki hve langt þeir hafi smalað).
 4. Knarrarnes.
 5. Hlöðunes og Brunnastaðahverfi.
 6. Vogar. (Sæmundur nefnir ekki hvert menn á svæðum 4–6 hafi smalað). Eftir að bílfært varð á Höskuldarvelli og upp í Eldborg og Sog hafi smalar verið fluttir á bílum upp eftir, og hafi allir nýtt sér það nema Brunnastaða- og Vogamenn. Á síðari árum hafi Brunnastaðamenn farið á bílum frá Ísólfseskála að Litlahrút og smalað þaðan til Brunnastaðaréttar. Smalamennskur í Krýsuvík hafi verið samstarfsverkefni Vatnsleysustrandarmanna og Grindvíkinga, réttað á Vigdísarvöllum á sumrum en rekið til Grindavíkur á haustum. Höskuldarvellir og Sóleyjarkrika hafi verið lífæð beitar yfir sumartímam, jafnvel þótt stór hluti hafi verið í rækt og þar heyjað. Þar hafi alltaf verið rennandi vatn.³²⁸

Margrét Guðnadóttir frá Landakoti á Vatnsleysuströnd lýsir nýtingu heiðalandins í æsku sinni (8. maí 2004):

Fé hafi verið sleppt í heiðina löngu fyrir sauðburð og gengið þar afskiptalaust fram í júlíbyrjun þegar smalað var til þess að marka lömb og rýja ær. Smalar á Þórustöðum, Kálfatjörn og Landakoti hafi gengið Þórustaðastíg og heiðina langt upp fyrir Keili að hæð sem nefnist Melhól, þaðan sé ekki langt í Grænavatnseggjar á mörkum Þórustaða og Krýsuvíkur. Smöluð hafi verið heiðin frá og með Kálfatjarnarlandi að Breiðagerðis- og Knarrarnesslöndum. Enginn fjárbóndi var á Auðnum en bændur á innströndinni máttu nýta þeirra hluta af heiðarlandinu. Margrét segir Krýsuvík hafa verið komna í eyði þegar hún fór að muna eftir sér. Segir hún innstrandarbændur hafa á uppvaxtarárum sínum farið „í fjallið“ á hverju hausti og verið viku í þeirri ferð, smalað allt Krýsuvíkurland og komist austur að Herdísarvík.³²⁹

Lagt hefur verið fram skjal varðandi tófugreni sem Grindvíkingar hafa legið á um langan aldur eða unnið. Er þar sagt að Grindvíkingar hafi frá alda öðli legið á grenjum í Hraunsseli, Selsvöllum, vestur af Grænavatnseggjum og sunnan við Driffell.³³⁰ Gera má ráð fyrir að grenjavinnsla í Krýsuvíkurlandi hafi færst meir á

³²⁸Skjal nr. 17(11).

³²⁹Skjal nr. 16(2).

³³⁰Skjal nr. 20(26).

hendur Grindvíkingum þegar byggð eyddist í Krýsuvík og minni fyrirstaða varð af fé úr Krýsuvík enda landið innan marka Grindavíkurhrepps fram yfir 1940. Hreppurinn hefur væntanlega borið ábyrgð á grenjavinnslu á svæðinu á meðan. Einnig má nefna að samkvæmt framkomnum upplýsingum nýttu Grindvíkingar Vigdísarvallaland til sumarþeir og því meiri ástæða til þess að þeir legðu til menn til þess að liggja þar á grenjum.

5.7. Almenningar á Suðurnesjum

Í hinni prentuðu gerð Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er aftan við umfjöllunina um Vatnsleysustrandarhrepp neðanmálgrein sem hefst á þessum orðum:

Í Jarðabókinni er séðill og á honum þetta, sem á hjer við:

Það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvasahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi, ...³³¹

Eftir orðanna hljóðan virðist sem Almenníngurinn takmarkist af landi Hvasahrauns og Trölladyngjum og sé því ekki innan Vatnsleysustrandarhrepps.

Í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands er vakin sérstök athygli á því hvaða jarðir á Suðurnesjum hafi átt rétt til kolgerðar í „almenníngi“ eða „almenníngum“ og vísað til orðalags í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703. Í Grindavíkurhreppi séu það Ísólfskáli, Hraun, Þorkötlustaðir, Hóp, Járngerðarstaðir, Þorkötlustaðir, Húsatóftir og Staður³³², þ.e. allar jarðir í hreppnum, hvort sem þær töldust eign Skálholtsstóls eða konungs, nema Krýsuvík, sem hafði eigin skóg en um það segir:

Skógur lítill þó til kolagerðar fyrir ábúendur og líka að nokkru leyti til eldiviðar. ...

Öll hlunnindi jarðarinnar, sem áður eru upptalin, mega hjáleigumenn allir nýta sjer hvör eftir eflí og nauðsyn, nema reka einn; ...³³³

Í Hafnahreppi voru byggðar jarðir annað hvort í einkaeign eða eign Kirkjuvogskirkju. Engin þeirra átti rétt til kolagerðar. Í Rosmhvalaneshreppi voru langflestar jarðir í eigu konungs; í byggð voru: Stafnes, Hvalsnes, Bursthús, Lönd, Másbúðir, Fúlavík (nú Fuglavík), Býarsker, Fitjar, Þórustaðir, Kirkjuból, Hafurbjarnarstaðir, Kolbeinsstaðir, Lambastaðir, Miðhús, Gerðar, Skúlahús, Gauksstaðir, Skeggjastaðir, Brekka, Varir, Kothús, Ívarshús, Meiðastaðir, Gufuskálar, Litlihólmur, Hróðurnes, Stórihólmur og Keflavík. Þær eru allar taldar brúka eða hafa skóg í almenníngum til kolagerðar, nema Bursthús, Fitjar, Lambastaðir og Skúlahús,

³³¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3.b. 1923. S. 157.

³³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3.b. 1923. S. 8, 10–13, 20 og 23.

³³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3.b. 1923. S. 5 og 9.

þar sem slíkt er ekki nefnt. Hins vegar eru kolskógarréttindi ekki nefnd við þær jarðir sem voru í einkaeign og voru: Uppsafir, Sandgerði, Flankastaðir, Krókur og Rafnkelsstaðir. Útskálar, sem voru staður (beneficium), eru ekki heldur með slík réttindi.

Konungur átti allar jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi, nema Kálfatjörn, Bakka og Flekkuvík, sem voru eign Kálfatjarnarkirkju. Allar jarðir í hreppnum brúkuðu skóg til kolgerðar í almenningi/almenningum nema Hvassahraun, sem átti skóg:

Rifhrís til kolgjörðar á jörðin í heimalandi, og líður hún á því hrísrifi stóran ágáng af Stærri og Minni Vatnsleysum, ábúendum og hjáleigumönnum. Annars brúkar jörðin þetta hrís til að fæða kvikfjenað í heyskort³³⁴

Raunar höfðu Stóruvogar átt skóg, sem þá var eyddur:

Skóg hefur jörðin átt til forna til kolgjörðar naumlega, nú er hann fyrir löngu so eyddur, að þar er valla rifhrís að fá, sem þjenu megi so styrkur heiti til eldiviðar. Og hefur hún að frjálsum kolgjörð í almenningum.³³⁵

Jarðir þær, sem konungur átti á Suðurnesjum, höfðu áður verið í eigu Viðeyjarklausturs, sem konungur sló eign sinni á, eða Skálholtsstóls. Hafði Skálholtsbiskup verið látinn skipta á jörðum við konungsvaldið með hirðstjórabréfi 27. september 1563.³³⁶

Eins og áður var nefnt getur Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þess ekki, að þær fáu jarðir, sem voru í einkaeign á Suðurnesjum, ættu rétt til kolagerðar í almenningi, ekki heldur Útskálar.

Í lýsingu Grindavíkursóknar 1840–1841 telur séra Geir Bachmann Almenning vera mjög víðtækan. Hann segir í lýsingu sinni á hraunum í Grindavík:

Það er að segja um öll þau hraun, sem finnast í Grindavík, að þau eru til samans tekin angar eða afleiðingar af þeim svo kallaða Almenningi fyrir sunnan Hafnarfjörð og ofan Vatnsleysuströnd.³³⁷

Síðar segir Geir:

Þess er áður getið, að *hraun* þau, sem í sókn þessari eru séu afleiðingar af Almenningnum. Hann liggur, sem kunnugt er, milli fjalls og sjóar, suður alla Vatnsleysuströnd, fyrir ofan Vogana, Vogastapa og Njarðvíkur. ... [Geir telur hraunin sem liggja vestur í Hafnir og suður í Grindavík til Almenningsins]. ... Þá er ennþá einn angi Almenningsins, sem skerst út úr fyrir sunnan Stóra-Skógfell, milli Svartsengis og Þorbjarnarfells að norðan, en Húsafells að sunnanverðu. Liggur sá armurinn fram í Þorkötlustaðanes.³³⁸

³³⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. 1923. S. 155.

³³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. 1923. S. 119.

³³⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, IV. b. 1897. S. 155–158.

³³⁷ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. 1937–1939. S. 127.

³³⁸ *Landnám Ingólfs*, 3. b. Sýslulýsingar og sóknalýsingar. 1937–1939. S. 128–129.

Ekki hefur fundist annar staður þar sem Almanningnum er svo lýst. Geir Bachmann var tiltölulega nýkominn til Staðarprestakalls, fékk kallið árið 1835, en hafði raunar dvalist í Keflavík frá árinu 1832.³³⁹

Í kjölfar þess að stiftamtmaðurinn á Íslandi komst að þeirri niðurstöðu að Almennings-skógarnir á Álftanesi væru ennþá í eigu danska konungsins skipaði hann svo fyrir að farin yrði skoðunarferð um svæðið til þess að kanna hvað af almenningnum væri beitarland og hvað skógland þannig að ákvarða mætti hvaða hluta hans hægt væri að friða.³⁴⁰

Áreiðin fór fram 2. júní 1848. Samkvæmt henni voru mörk skógarlandsins:

ad nedan byrjar það nyrdest við Kolbeinshæd, gengur svo til vesturs niður ad Markhólum fyrir nordan Lónakotssel, hvar skógurinn endar mót sudri. Þó gengur skógartúnga þríhyrnt niður frá Alfara-veginum. Hennar botn eda breidd er ad ofan, og gengur frá Laungubrekkum til sudurs ad Markhólum. Spordur skógarspildu þessarar endar í útnordri við Brunnhólavördu skamt fyrir ofan Lónakot.

ad nordan. gengur skógarlandid frá Kolbeinshæd til Landsudurs lángs med Kapelluhrauni og brunanum upp ad Stórhöfðastíg, þaðan til sudurs í Fremstahöfða lángs med brunanum sudur ad „fjallinu eina” þaðan til vesturs og útnordurs í krókum og hlikkjum alt niður ad Markhólum.

Alt þetta land, sem álitst ad vera 1 ferhyrnings míla ad stærð, vidurkenna allir þeir, sem mætt hafa, ad kallad sé med adalnafni (Generelt) Almenníngur. Landid er alt skógi vaxid, og er skógurinn ad nordann og ad ofan vída ílla högginn...

Gjördarmannanna álit og meining er, ad sú nýnefnda skógarspilda upp frá Lónakoti ad alfara-veginum hljóti ad vera beitarland bædi vegna nærlægðar þess við Lónakot og Ottarstadi, og líka hins, ad þetta skógarland er í sjálfu sér lítilfjörlegt. Þarámóti finna þeir ei ástæðu til ad skipta hinu öðru hér ad framan tilgreinda skógarlandi í tvent, ... Land það alt beri ad álíta sem skóg, er frida beri....

Eigendurnir af jördunum Þorbjarnastöðum, Straumi, Ottarstöðum og Lónakoti samt af Hvassahrauni athugudu ad selstöður þeirra lægju í því ad framan tiltekna skógarlandi, og ad þar hefði verið frá alda ödli, þótt med millibilum, haft í seli frá tedum jördum einsog þeir hefðu beitt fé sínu í þessu tilgreinda landi og yrkt þar skóg. Þeir geima ser því rett sinn í þessu tilliti um leid og þeir framleggja eitt bréf til Sýsslumansins [í Gullbringu- og Kjósarsýslu] ...

³³⁹Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár*, II. bindi. Reykjavík 1949. S. 30.

³⁴⁰Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Gull. & Kjós. um rétt til Almennings-skógarins í Álftanesshreppi og ákvörðun marka hans, 3. desember 1847. (Stiftamts- og suðuramtsbréfabók Rosenörns 1847–1848, 3 desember 1847. Sta. I, 78, nr. 574).

Bréfið hefst á tilvísun í tilkynningu hans til eigenda Hraunajarða um áreiðina. Síðan segir:

þar óckur eru ofann nemdar jarðer seldar undann tekníngarlaust med öllum Herlogheitumm gögnumm og gjædumm til ytstu Landa merki, ljka Sagdar ockar kaupenda, fullkomnasta eign þadann í fra — undann fillum vid því ecke hier underskrifader menn, ad begiöra af vidkomande Sýslumanne í sínu lögsagnar ummdæmi ad Seiga ockur enn Hrauna jarða landi Sem bruna Hraun Halda þad land kallast ad öðru nafne Almenníngur alt nidur ad sjó.

Einnig var framlagt bréf frá prestinum í Garðaprestakalli þar sem hann minnir á að nokkrum jörðum tengdum því sé í Jarðabókinni frá 1760 eignað skógarhögg í Almenníngnum.³⁴¹

Nánar er fjallað um áreiðargjörðina í kafla 5.34.2. um Almenníng og Almenníngsskóga Álftaness í greinargerð Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Stuttu eftir að áreiðargjörðin fór fram voru tveir vitnisburðir um landamerki Hraunajarða skráðir niður.

Sá fyrri var saminn þann 5. júní 1848 að beiðni eigenda Hraunajarða en þeir vildu fá upplýsingar um hvað ákveðnir aðilar vissu um eignir Hraunajarða og notkun þeirra. Samkvæmt vitnunum var það land sem afmarkaðist af svokölluðu brunahrauni, áður fyrr kallað Hraunapláss eða Almenníngur. Það land höfðu allar Hraunajarðir nýtt sér. Hver jörð hafði sitt svæði samkvæmt ákveðnum landamerkjum.

Seinni vitnisburðurinn var saminn degi seinna að undirlagi Guðmundar Guðmundssonar, bónda í Litla-Lambhaga, eigenda jarðarinnar Straums. Í honum greina vitni frá því hvað þeim hafi verið sagt varðandi landamerki jarðarinnar og notkun ábúenda á henni. Þessi lýsing fer hér á eftir:

Landa mörk höfumm vid heirt ad væru þesse — ad nordann vid sio — úr Briniólfs skarde í Hádeigeshæd frá Straume ur Hadeig<is>hæd í þufu á austur enda midmunda hæd fra Þorbiarnarstöðumm þadann beina stebnu uppa Hafurbiarnar Holt af þúfu á Hafurbiarnar Holte í Heimsta Höfda beint upp í bruna — ad sunnann — fra bruna firer ofann raud Hóla í nordasta Hraunhol beinastebnu í þufu á eiólfs hól sem er [sem er verður helzt lesið úr þessu orði] firer ofann steinhus þadann í nordur enda gvendarbrun<n>s Hædar So í nónhól af nonhól í Skip Hól þadann í markhól firer ofann vatna skier vid sjó.

Þann 7. júní samdi Guðmundur Guðmundsson bréf til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar kemur fram að hann hafi haft samband við stiftamtmanninn sem hafi hvatt hann til þess að sýna sýslumanninum vitnisburðina tvo þannig að hann gæti kynnt sér þá áður en hann léti skoðunargerðina frá 2. júní frá sér fara. Í bréfinu kemur einnig fram að eigendur Hraunajarða telja sig eiga landsvæði

³⁴¹Áreið á Almenníng Álftnesinga 2. júní 1848 (Gull. og Kjós. V, 8. Aukadómsmálabók 1844–1848). Yfirlýsing ábúenda í Hraunum 2. júní 1848. Yfirlýsing sóknarprests í Görðum, dags. 29. maí 1848. Gull. & Kjós. VII 5 a (dómsskjöl 1840–1850).

það sem er afmarkað af brunahrauninu og að þeir vilji að skóglendi þeirra á landspildunni verði friðað.

Premur dögum eftir að Guðmundur samdi bréfið til sýslumannsins, nánar tiltekið 10. júní, bað sá síðarnefndi stiftamtinninn um að svara því hvort fyrirhuguð friðlýsing almennings-skóga Álftaness gæti haft áhrif á nýtingarmöguleika Hraunajarða á því landi sem eigendur þeirra teldu sig eiga þar.³⁴²

Þann 19. júní 1848 voru almennings-skógar Álftaness gerðir að friðlýstu svæði og öðrum en ábúendum Hraunajarða bannað að nýta landið. Með yfirlýsingunni fylgdi lýsing á mörkum hins friðlýsta svæðis:

að neðan frá Kolbeinshæð alt suður að Markhólum að norðan frá Kolbeinshæð með Kapelluhrauni og brunanum að Stórhöfðastíg, þaðan til suðurs — í Fremstahöfða langs með brunanum suður að Fjallinu eina, þaðan til vesturs og útnorðurs niður að Markhólum.³⁴³

Þann 21. júní 1849 samdi umsjónarmaður almennings Álftaness greinargerð um umsjónarsvæði sitt. Í henni var m.a. lýsing á þessu svæði:

Fyrst milli Garðakirkju fjall->lands, ur steinhusi suður í Markagil á Marraka eður undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell af Húsfelli upp á Þríhnjuka þaðan á suðurenda Blafells, á milli afrjetta Alptanes og se->tjarnarneshreppa. A milli Gullbríngu og Arnessyslna af Bláfjöllum vestur á Kistufell. A milli Alptaneshrepps og almennings og Krísivíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradals-brún þaðan í Marrakagil, so í þúfu á fjallinu eina þaðan í Helguflöt norðaná Buðarhólum. A milli jarðanna Heimalands og afrjettar af Buðarhólum eptir Buðarhólagjá, þaðan aptur í Steinhús. ...

Nánari upplýsingar um greinargerðina er að finna í kafla 5.34.2. um Almennung og Almennings-skóga Álftaness í greinargerð Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Í yfirlýsingum, dagsettum 12. og 24. júní 1865, kemur fram að umboðsmenn Hraunajarða hafi ákveðið að banna notkun á skógi þessara jarða. Samkvæmt yfirlýsingunni frá 24. júní liggur skógurinn fyrir neðan hinn svokallaða Almennung eftir þeim landamerkjum sem voru ákveðin við áreiðargjörð árið 1848.³⁴⁴ Yfirlýsingin frá 24. júní var þinglesin tveimur dögum síðar.³⁴⁵

³⁴²Bréf sýslumanns í Gull. & Kjós. til stiftamtmanns 10. júní 1848 varðandi áreið á Almennings-skógin. Áreiðargerðin (útskrift úr dóma- og þingbók).

³⁴³Friðlýsing Almennings-skóga í Álftaneshreppi, dags. 19. júní 1847.

³⁴⁴Í skjalinu, sem er að finna í Jarðaskjölum Gullbringu- og Kjósarsýslu og Afsals- og veðmálábók 1861–1868, stendur 1847. Þetta hlýtur að vera villa því í Aukadómsmálábók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1844–1848 sem er samtímaheimild, og jarðaskjalinu frá 12. júní, stendur 1848.

³⁴⁵Bann við notkun á skógi Hraunajarða, sem liggur fyrir neðan þann svokallaða Almennung, 24. júní 1865. (Gull. & Kjós. XIX, 4. Afs. og veðmáláb. D 1861–1868, nr. 225) og bann við hrísrífi í landi Hraunjarða, dags. 12. júní 1865 og 24. júní 1865 (jarðaskjöl).

Hinn 12. september 1874 var, að beiðni Árna bónda Hildibrandssonar í Hafnarfirði, gerð áreið á landamerki Hraunajarða og Almenningskóganna til að ákveða landamerki milli þessara staða. Áreiðarmenn urðu sammála um að:

bein stefna af kletti þeim, er liggur næst fyrir ofan Snókalönd, á Stórasteini, þaðan á Eyólfsbala og þaðan í Háholt sem liggur nálægt landamerkjum Hvassahrauns og Lónakots, [Yfirstrikun] væri sanngjarnlegust og réttust landamerki milli Almenningskógar og Hraunjarða. Til glöggvari auðkenningar hlóðu áreiðarmenn vörðu á Eyólfsbala, og aðra ofaná Stórastein. En fremur eru [yfirstrikun] 2 vörður í beinni stefnu milli Stórasteins og klettsins hjá Snókalöndum, er áður var getið. Þá kom og áreiðarmönnum saman um, að bezt væri að hlaða vörðu á þennan stein hjá Snókalöndum, til þess að landamerki yrðu sem glöggvust og lofaði herra Árni Hildibrandsson að sjá um að það yrði gjört.³⁴⁶

Þann 29. júní 1875 var áreiðargjörðin á landamerki Hraunajarða, sem farin var í september árið áður, þinglesin á manntalsþingi Álftaneshrepps.³⁴⁷

³⁴⁶Áreið á landamerki Hraunajarða og Almenningskóga, dags. 12. september 1874. (Gull. og Kjós. V, 14. Aukadómsmálabók 1874–1877) og landamerki ákveðin, dags. 29. maí 1875.

³⁴⁷Manntalsþing 29. júní 1875 fyrir Álftaneshrepp. Þinglesin áreiðargerð á landamerki Hraunajarða. Aukadómsmálabók Gull. & Kjós. V, 14, bls. 134.

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Ágreiningur aðila máls þessa varðar eignarréttarlega stöðu landsvæða sem í kröfugerð íslenska ríkisins eru nefnd Suðurnesjaalmenningur, Selsvellir og Grindavíkuralmenningur, þ.e. hvort þar sé eignarland eða þjóðlenda.

Kröfum aðila er lýst í kafla 3 en hér skal þess getið að upphaflega var lýst eignarlandskröfum vegna jarða í Vogatorfu (Austurkots, Háþágar, Minni-Voga, Nýþágar, Stóru-Voga, Suðurkots og Tumakots). Við 2. fyrirtöku málsins, 21. september 2004, var því hins vegar lýst yfir af hálfu jarðeigenda að við nánari athugun hafi komið í ljós að þeir eigi ekki hagsmuna að gæta í málinu. Þá var lögð fram kröfulýsing vegna jarðarinnar Flekkuvíkur, með eftirfarandi athugasemd: „Ríkið dregur ekki kröfulínu sína inn á þessa jörð, en umþjóðanda mínum þykir rétt, vegna rannsóknarreglu óbyggðanefndar að setja neðangreinda kröfulýsingu fram.“ Við endurupptöku málsins þann 11. maí 2006 var kröfulýsing vegna Flekkuvíkur afturkölluð. Jarðir í Vogatorfu og jörðin Flekkuvík koma því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Þar verður fyrst fjallað um landnám á því svæði sem hér er til umfjöllunar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.³⁴⁸ Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

Umfjöllun þessi er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, í fyrri úrskurðum og vísar til þeirra.³⁴⁹ Í hinum almennu niðurstöðum er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Nánar tiltekið er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jökklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af

³⁴⁸Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjöl nr. 22(1) og 22(2), útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

³⁴⁹Sjá kaflann *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–7/2000 og *Viðauka við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fyrst birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1–9/2003. Sami viðauki fylgir hér.

fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þá hefur Hæstiréttur kveðið upp fyrstu dóma réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004. Jafnframt liggja fyrir úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 1–7/2000 í uppsveitum Árnassýslu (svæði 1), nr. 1–5/2001 í Austur-Skaftafellssýslu (svæði 2) og nr. 1–9/2003 í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu (svæði 3). Af þessum heimildum er einnig tekið mið, enda hafi einstakar niðurstöður almenna skírskotun.

Þess ber einnig að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum lagt til grundvallar að eðlismunur væri á þjóðlendu og eignarlandi, sbr. 1. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Þjóðlenda væri landsvæði utan eignarlanda og því yrði eignarland ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsalaði sér eignarráðum sínum. Þannig hefur óbyggðanefnd talið að jarðir í eigu ríkisins væru eignarland enda þótt ríkið hafi ekki kallað eftir slíkum rétti vegna ósamrýmanlegrar kröfu sinnar um afmörkun aðliggjandi þjóðlendu. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Íslenska ríkið gegn íslenska ríkinu vegna annars vegar Skaftafells I og III og hins vegar aðliggjandi þjóðlendu) en þar varð niðurstaðan sú að rannsóknarskylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 breytti engu um að málsaðilar færu með forræði á máli sínu fyrir nefndinni. Með vísan til þessa dóms beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra, sbr. bréf dags. 10. mars 2006, hvort skilja bæri þjóðlendukröfur þannig að land í eigu ríkisins væri lagt til þjóðlendu, í þeim tilvikum þegar nefndin teldi að land á kröfuvæði væri eignarland. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. sama mánaðar, var erindinu svarað á þann veg að í þjóðlendukröfu ríkisins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland. Verður því við það miðað í úrskurðum óbyggðanefndar hér eftir.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 verður þannig dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Umfjöllun í úrskurðum óbyggðanefndar mun því einskorðast við þau landsvæði sem gerð hefur verið þjóðlendukrafa til en ekki gerð sérstök grein fyrir

landsvæðum sem liggja innan þess landsvæðis sem nefndin hefur upphaflega tekið til meðferðar en utan þjóðlendukröfusvæða íslenska ríkisins, svo sem verið hefur.

6.2. Landnám

Í kafla 5.2 hér að framan er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Getið er ýmissa manna og Ingólfur Arnarson þar fyrstur nefndur til sögunnar en landnám hans spannaði land „milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út“. Þórir haustmyrkur nam Selvog og Krýsuvík og Molda-Gnúpur og synir hans, eru sagðir hafa sest að í Grindavík. Í Landnámabók er getið tveggja manna, sem námu Vatnsleysuströnd, Steinunnar gömlu, frændkonu Ingólfs Arnarsonar, og Eyvindar, frænda og fóstura Steinunnar. Loks er í Sturlubók og Hauksbók getið um Ásbjörn Özurarson, bróðurson Ingólfs Arnarsonar, sem numið hafi land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns og allt Álftanes en það landsvæði tilheyrir máli 2/2004 hjá óbyggðanefnd.

Lýsing á landnámi Ingólfs veldur staðfræðilega litlum vafa. Mörk landnáma Þóris haustmyrkurs og Molda-Gnúpssona eru ekki nefnd í Landnámu. Landnám Molda-Gnúpssona er talið hafa náð til Reykjaness, en þar tók við landnám Herjólfss Bárðarsonar, frænda og fóstubróður Ingólfs Arnarsonar. Sturlubók og Hauksbók ber saman um að landnám Steinunnar hafi náð til alls Romshvalaness fyrir utan Hvassahraun. Steinunn gaf Eyvindi frænda sínum og fóstura land á milli Kvíguvogabjarga, nú Vogastapa, og Hvassahrauns og er talið að landnám hans hafi náð inn til Hvassahrauns.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu, sem og í öðrum málum á svæði 4, að landnám Ingólfs, svo sem því er lýst hér að framan, beri fremur brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málartilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að af lýsingum Landnámu, og rannsóknnum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Er þá ekki síst hafður samanburður af fyrstu landnámunum sem óumdeilanlega sýnast hafa verið verulega miklu stærri en síðari landnám. Sé tilgreining Landnámu þannig lögð óbreytt til grundvallar samkvæmt skýrum texta sínum má ráða að allt það landsvæði sem tekist er á um í þessu máli hafi í öndverðu verið numið.

Með vísan til framangreinds ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum sínum lagt til grundvallar að „skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar“.³⁵⁰ Jafnframt hefur þó verið tekið fram að heimildargildi Landnámu sé „umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum“. Það er einnig

³⁵⁰Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

almenn niðurstaða óbyggðanefndar að óvissa um aðferðir við landnám sé of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

6.3. Hraun

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Hraun, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890.

Að Hrauni liggja Þórkötlustaðir að vestan og Krýsuvík að austan. Til norðurs eru jarðir á Vatnsleysuströnd og til suðurs er Ísólfsskáli.

Fjalllendi og heiðarlendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir. Upp frá bæjarstæði Hrauns, sem er syðst á jörðinni niður við sjó, tekur land að rísa. Móbergsstapar og móbergshryggir eru einkennandi í landslaginu og má nefna Fagradalsfjall (390 m), sem rís hæst, ásamt Kistufelli (336m) og Stórahút (355 m). Í landi Hrauns er einnig að finna Fagradalsvatnsfell, Sandfell, Borgarfjall og Litlahrút.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Fagradalsvatnsfelli í Hraunselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti Hraunlands, eins og því er lýst af hálfu landeigenda, innan þjóðlendu. Innan þessa landsvæðis eru Selsvellir. Á móti hafa eigendur Hrauns lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.14.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1B og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Þá er á því byggt að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greina að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur. Varðandi jörðina Hraun er sérstaklega tekið fram að heimildir bendi til þess í fyrsta lagi að Selsvellir séu ekki í Grindavík, og þar af leiðandi ekki í landi Hrauns, og í öðru lagi að þeir séu almenningar. Í sóknarlýsingu Grindavíkur frá 1840 séu mörk sóknarinnar sögð sjónhending úr Fagradalsfjalli austur landsuðurs í Hraunselsvatnsfell, þaðan aftur í sömu átt í Framfell, sem kallað sé Vesturfell á Vigdísarvöllum, en norðan þess sé Strandarmannaland og svokallaður Almenningur. Ágreiningur sé um hvar Framfell (Vesturfell) sé, en mjög líklega sé það hæsta fjallið á hálsinum milli Vigdísarvalla og Þrengsla. Selsvellir séu norðan þess staðar. Á það er bent að í landamerkjalyýsingu Hrauns sé Selsvallafjall ranglega sagt upp af Sogaselsdal, en í raun sé fjallið miklu sunnar. Með því að nota Sogaselsdal sem mark fari stór þríhyrningur af landi undir Hraun og þar með Selsvellirnir. Einnig er á það bent að samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur séu mörk jarðarinnar sjónhending úr Dágon í Trölladyngjufjallsrætur að vestan. Með því að draga beint strik milli

punktanna lendi markalínan um miðja Selsvelli og samkvæmt því ætti Krýsuvík, en ekki Hraun, að eiga landið næst fjallinu. Þá er bent á að samkvæmt landamerkjabréfi Þórustaða á Vatnsleysuströnd nái merki jarðarinnar til suðurs í hæsta hnjúkinn á Grænavatnseggjum, sem séu talsvert sunnan við Sog og Sogaseldal. Loks er bent á að Hraun hafi ekki átt selsstöðu á Selsvöllum heldur „...langt í frá en þó sæmilega góða“ í svokölluðu Hraunsseli í Þrengslum. Í sóknarlýsingum komi fram að landamörk á milli seljanna sé í svokölluðum Þrengslum.

Af hálfu eigenda Hrauns, sbr. skjöl nr. 20 og 20(18), er því haldið fram að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Kröfur eigenda Hrauns byggist á opinberum heimildum og sönnunargögnum. Fyrir hendi sé landamerkjalyking fyrir Hraun sem lesin hafi verið á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Lýsingu þessari beri að mestu saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða. Vera kunnir að uppi sé ágreiningur um merki á milli lands Hrauns og nágrannajarða á einstaka stað, en það sé úrlausnarefni eigenda Hrauns og aðliggjandi jarða að leysa þann ágreining og óbyggðanefnd með öllu óviðkomandi. Umboðsmenn opinbers valds hafi hvorki fyrr né síðar dregið merkjalýsingu Hrauns í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarðarinnar á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eigenda. Íslenska ríkið hafi skattlagt jarðir með hliðsjón af þinglýstum landamerkjum og tekið veð í jörðum og látið bjóða þær upp miðað við sömu landamerki. Þá hafi íslenska ríkið sjálft eignast jarðir með slíkum landamerkjum og selt þær síðar án fyrirvara um landamerkin. Íslenska ríkið hafi í hvítvetna, í samskiptum sínum við eigendur jarða, byggt á því að við hinum þinglýstu landamerkjum yrði ekki hreyft, a.m.k. ekki af þess hálfu.

Af hálfu eigenda Hrauns er því haldið fram að eignarréttindi bænda yfir jörðum sínum og afréttum verði ekki skert nema með setningu laga, sem heimili eignarnám gegn fullum bótum. Hér sé ekki um almennar eignarskerðingar að ræða heldur beinist eignarskerðingarkröfur íslenska ríkisins einungis að sumum jörðum, þ.e. þeim jörðum sem liggja inn til landsins. Um óheimila skattlagningu sé því að ræða, sem sé andstæð stjórnarskrá. Þá eru ítrekuð sjónarmið um réttmætar væntingar eigenda landsins, sem átt hafi og nýtt í marga mannsaldra land innan þinglýstra landamerkja, sem engum athugasemdum hafi sætt. Það sé almenn sönnunarregla að sá sem hafi athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild að landi teljist eigandi þess gagnvart þriðja aðila. Vefengi þriðji aðili þá þinglýsingu þá hafi sá hinn sami sönnunarbyrðina fyrir því að landamerkjalykingin sé röng og að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá henni breytt. Loks er á það bent að notkun hugtaksins almenningur sé mjög á reiki í fornum heimildum og að skilgreining íslenska ríkisins á því hugtaki eigi sér ekki stoð í heimildum. Af hálfu eigenda Hrauns er því haldið fram að fornar heimildir bendi til þess að Selsvellir hafi verið í einkaeigu en ekki almenningur eins og íslenska ríkið haldi fram. Sömu sögu megi segja um land það,

sem kallað hafi verið Suðurnesjaalmenningur, en augljóst sé að íslenska ríkið reyni að teygja mörk þess miklu lengra en heimildir bendi til.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hrauns er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Hrauns er getið í heimildum allt frá því um 1270. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁵¹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrauns er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til merkja jarðarinnar til norðurs og norðanverðra austurmerkja, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrauns verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Hrauns er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Þá er að finna lýsingu á merkjum jarðarinnar í Gerðarbók fasteignamats Gullbringusýslu 1916–1918.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Þórkötlustöðum, miðuð við að í „...miðjum „marka-bás“ í fjöru er mark á klöpp, er aðskilur land jarðarinnar frá landi jarðarinnar Þórkötlustaða, þaðan liggja mörkin til heiðar vestan til við „Húsafell“ og yfir „Vatnsheiði“, þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum, fyrir norðan Fagradals-fjall.“ Landamerkjabréfið er áritað vegna Þórkötlustaða. Landamerkjum Þórkötlustaða er lýst með sambærilegum hætti landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Bréfið er ekki áritað vegna Hrauns. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Þórkötlustaða. Í gerðarbók fasteignamats Gullbringusýslu eru merki Hrauns að vestanverðu sögð „...svonefndur markabás á Slokatá þaðan beina línu vestan í vatnsheiði [fell yfirstrikað] í Kálffell, þaðan í vatns katla (steinker) fyrir norðan Fagradalsfjall.“ Er síðastnefnd lýsing í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns eru merki jarðarinnar til norðurs, gagnvart jörðum í Vatnsleysu, miðuð við Vatnskatla fyrir norðan Fagradalsfjall og „...þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf „Sogasels-dal“. Í landamerkjabréfi Stóru og Minni Voga, dags. 23. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, er suðvesturmerkjum jarðarinnar lýst í Vatnskatla sem samrýmist landamerkjabréfinu. Austurmerkjum Stóru- og Minni-Voga er hins vegar einungis lýst „...sjónhending uppí fjall“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Hrauns. Landamerkjabréf jarða í Vatnsleysu tilgreina að jafnaði ekki sérstök örnefni efst til suðurs. Merkjum jarðanna er þannig ekki lokað að sunnan. Í landamerkjabréfum Brunnastaðahverfis, Hlöðuneshverfis og Ásláksstaða er mörkum lýst svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps er talið ná. Austurmerkjum Ásláksstaða er hins vegar lýst í land Krýsuvíkur. Landamerkjabréf

³⁵¹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

Knarrarness, Breiðagerðis, Auðnahverfis, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnarhverfis, Vatnsleysu og Hvassahrauns lýsa einnig merkjum í land Krýsuvíkur. Samkvæmt þessu virðast landamerkjabréf jarða á Vatnsleysuströnd, þ.e. frá Ásláksstaðahverfi og austur að Hvassahrauni, gera ráð fyrir að norðurmörk Hrauns liggja sunnar en þeim hefur verið lýst af hálfu eigenda Hrauns í máli þessu.

Lýsing á norðurmörkum Hrauns í gerðarbók fasteignamats Gullbringusýslu 1916–1918 er í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar. Segir þar að frá Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall liggja merkin „...að Sogaseli fyrir norðan Selsvelli í Selsvalla fjalli“. Á manntalsþingi í Grindavík þann 31. maí 1920 mótmælti Hafliði Magnússon, eigandi Hrauns, yfirlýsingu bænda í Vatnsleysu um suðurmerki Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar sem þinglýst hafði verið þann sama dag. Lýsti Hafliði því yfir að mörk Þórkötlustaða og Hrauns gagnvart landi í Strandarhreppi væru lína „...tekin úr Sogaselsdal beint vestur í Kálffell og þaðan beina línu í þufuna á litla Skógfelli“. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns og yfirlýsingu Hafliða eru því Selsvellir innan merkja Hrauns. Framangreindar lýsingar eru í andstöðu við sóknarlýsingu Grindavíkursóknar frá 1840 en þar eru mörk sóknarinnar sögð „...sjónhending fjallasýn úr Fagradalshagafelli til austurs landsuðurs í enn eitt fell, Hraunselsvatnsfell, aftur í sömu átt þaðan í Framfell, en á Vigdísarvöllum Vesturfell kallað, og er þá að norðan og landnorðanverðu Strandamanna land“. Þá mælir það einnig gegn tilkalli Hrauns til Selsvalla að landamerkjabréf Ásláksstaða og jarða austan Ásláksstaða í Vatnsleysustrandarhreppi lýsa merkjum í Krýsuvík en ekki Hraun. Af framangreindum heimildum er því ljóst að lengi hafa staðið deilur um eignarhald á Selsvöllum en auk Hrauns gera Krýsuvík og jarðir á Vatnsleysu kröfu til svæðisins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Ísólfskála og Krýsuvík, „...eptir Selsvalla-fjalli, til suðurs, samhliða landamerkjum jarðarinnar „Krýsuvíkur“ þar til að mið suður-öxl á Borgarfjalli ber í merktan klett við götuna á „móklettum“, skal sú sjónhending ráða merkjum frá landi jarðarinnar „Ísólfskála“, þaðan til suðurs fram yfir festar-gnípu í fjöru“. Bréfið er áritað af hálfu Ísólfskála. Árni G. Gíslason, eigandi Krýsuvíkur, áritaði einnig bréfið en með eftirfarandi athugasemd: „Hinsvegar tilgreind landamerki jarðarinnar Hrauns í Grindavík samþykkjast hjermeð að því leyti sem þau ekki koma í bága við landamerkjalyýsingu Krýsuvíkur, sem naumast getur hugsast, þar sem allir þeir eigendur Hrauns hafa samþykkt og undirskrifað hana óbreytta“. Samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur eru merki jarðarinnar til vesturs „...sjónhending úr Dagon (= Raufarkletti), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum í Trölladyngjufjallsrætur að vestan, sem er útbrunnið eldfjall norðanvert í Vesturhálsi; þaðan bein stefna í Markhelluhól háan steindranga við Búðarvatnsstaði“. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er áritað vegna Hrauns. Landamerkjabréf Krýsuvíkur, dags. 14. maí og þingl. 20. júní 1890, getur samrýmst landamerkjabréfi Hrauns þó ágreiningur sé um

staðsetningu einstakra örnefna. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Hraun á einnig merki gagnvart Ísólfskála þegar sunnar dregur og er landamerkjabréf Hrauns áritað af hálfu Ísólfskála og gagnkvæmt. Merki þessi liggja utan við kröfussvæði íslenska ríkisins og þarfnist ekki nánari athugunar.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hraun. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að norðan. Landamerkjabréf Hrauns er áritað af fyrirvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki torfunnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur jarða í Vatnsleysu. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hrauns hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Hrauns er að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Vatnsleysu, verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Hraun hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1889 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunlendi hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefnda almenninga norðan jarða í Grindavík eru brotakenndar og óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun almenninga á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.16. Jafnframt mæla landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi því í mót að eigendalaus svæði hafi verið norðan jarða í Grindavík. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Hrauns hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Grindavík, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hrauns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁵²

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hrauns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.4. Krýsuvík

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Krýsuvík, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890. Hér ber þess að geta að árið 1941 afsalaði íslenska ríkið hluta jarðarinnar til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sama ár seldi ríkið sýslunefnd Gullbringusýslu f.h. sýslusjóðs allt lítt ræktanlegt beutiland Krýsuvíkurtorfunnar sem ekki hafði verið selt Hafnarfjarðarkaupstað. Var landið selt til upprekstrar en öll önnur afnot voru undanskilin. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður ekki tekið tillit til framangreindrar skiptingar.

Að Krýsuvík liggja að vestan Ísólfsskáli og Hraun í Grindavík. Þá eru einnig aðliggjandi að norðvestan jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi en samkvæmt kröfulýsingum eru það jarðirnar Knarrarnes, Breiðagerði, Auðnahverfi, Landakot, Þórustaðir, Kálfatjarnarhverfi, Vatnsleysa og Hvassahraun. Að austan er Herdísarvík í Árnassýslu og hluti landsvæðis sem nefnt hefur verið Almenningskógar Álftanes. Að norðan eru jarðir í Hafnarfirði sem eru Óttarsstaðir, Straumur, Þorbjarnarstaðir og Hvaleyri. Þá tekur við Garðakirkjuland (hornmark) og fyrrnefndir Almenningskógar Álftaness. Til suðurs liggur jörðin að sjó.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Selsvallafjalli rétt norðan við Þrengslin að Trölladyngju, þá að punkti norðvestan við Fjallið eina, þaðan í Vatnsskarð og síðan austur í syðra horn á Fagradalsbrún, þá eftir línu, sem dregin er milli Lyngskjaldar og Breiðadals suður í Lyngskjöld. Frá Lyngskildi er dregin lína í skurðpunkt á sýslumörkum, þar sem lína, dregin sjónhendingu úr Kistufelli í Kálfahvamm vestan í Geitafelli, sker sýslumörkin. Samkvæmt þessari kröfugerð er mjó ræma á vesturmörkum jarðarinnar innan þjóðlendu, þ.e. allt frá Fjallinu eina að norðanverðu að Núpshlíðarhálsi skammt sunnan Selsvalla. Sama gildir um land jarðarinnar að austanverðu eftir línu, dreginni frá Fjallinu eina að syðra horni á Fagradalsbrún og þaðan að Lyngskildi. Á móti hafa eigendur Krýsuvíkur lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Einnig hafa sveitarfélagið Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Prestssetrasjóður og jarðir á Álftanesi lýst kröfu um beinan eignarrétt að landsvæðum innan merkja Krýsuvíkur að norðan. Þá hafa eigendur

³⁵²Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Selskarðs lýst kröfum um beitarrétt á norðausturhluta svæðisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum eigenda Krýsuvíkur í kafla 3.15. Kröfum Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Prestssetrasjóðs, eigenda jarða á Álftanesi og eigenda Selskarðs er lýst í máli nr. 2/2004 fyrir óbyggðanefnd í köflum 3.4.–3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1B og 1B(6), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Þá er á því byggt að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greina að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, svokallaður Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur. Varðandi Krýsuvíkurland sérstaklega er tekið fram að heimildir bendi til þess í fyrsta lagi að Selsvellir séu ekki í Grindavík og þar af leiðandi ekki í landi Krýsuvíkur og í öðru lagi að þeir séu almenningur. Í sóknarlýsingu Grindavíkur frá 1840 séu mörk sóknarinnar sögð sjónhendning úr Fagradalsfjalli austur landsuðurs í Hraunselsvatnsfell, þaðan aftur í sömu átt í Framfell, sem kallað sé Vesturfell á Vigdísarvöllum, en norðan þess sé Strandarmannaland og svokallaður Almennungur. Ágreiningur sé um hvar Framfell (Vesturfell) sé, en mjög líklega sé það hæsta fjallið á hálsinum milli Vigdísarvalla og Þrengsla. Selsvellir séu norðan þess staðar. Á það er bent að umboðsmaður jarðarinnar Staðar hafi samþykkt landamerkjabréf Krýsuvíkur með fyrirvara um lýsinguna „...úr Dágon í Trölladyngjufjallsrætur að vestan...“ þar sem hann hefði aldrei heyrt annað frekar, en Krýsuvík ætti land úr Dágon eftir Núpshlíð og Vesturfjallgarði og áfram norðaustur eftir. Þá er bent á að samkvæmt landamerkjabréfi Þórustaða á Vatnsleysuströnd nái merki jarðarinnar til suðurs í hæsta hnjúkinn á Grænavatnseggjum. Þar sé þá kominn annar punktur á Vesturhálsinum, en hinn punkturinn sé Framfell (Vesturfell). Jafnframt er bent á að til séu vitnisburðir frá byrjun 17. aldar, sem beri saman um að merkin að vestanverðu séu frá Dyngju (Trölladyngju) fram eftir Selsvallahálsi (nú Núpshlíðar- eða Vesturháls) og suður í Dágon. Þetta bendi til þess að merki jarðarinnar að vestanverðu séu eftir Vesturhálsinum. Samkvæmt því séu Selsvellir ekki innan landamerkja Krýsuvíkur. Kröfulína íslenska ríkisins, sem liggur inn fyrir lýst landamerki jarðarinnar að norðan- og austanverðu, byggir á fyrrgreindum vitnisburðum frá byrjun 17. aldar og lýsingu Almenningskóga Álftaneshrepps frá 1849. Þá er á því byggt að innan landamerkja jarðarinnar að austanverðu hafi verið almenningur í Grindavík. Loks er vísað til ódagsetts bréfs Garðabæjar til sýslumannsins í Keflavík. Í bréfinu séu færð rök fyrir því að mörk Krýsuvíkur samkvæmt dómi landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnum 14. desember 1971, fái ekki staðist.

Af hálfu eiganda Krýsuvíkur, sbr. skjöl nr. 5 og 6(2), er því haldið fram að landsvæði það sem hér er til meðferðar sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Kröfur eiganda Krýsuvíkur byggist á opinberum heimildum og sönnunargögnum. Fyrir hendi sé landamerkjalyásing fyrir Krýsuvík sem lesin hafi verið á manntalsþingi og innfærð í landamerkjabók. Þá hafi landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar ákveðið norðurmörk jarðarinnar með dómi, uppkveðnum 14. desember 1971. Íslenska ríkið hafi verið annar af tveimur sóknaraðilum málsins og hafi það ákveðið á sínum tíma að una dómnum. Dómurinn sé því bindandi fyrir íslenska ríkið. Merkjalyásingu jarðarinnar beri að mestu saman við lýsingar á merkjum aðliggjandi jarða. Vera kunni að uppi sé ágreiningur um merki á milli lands Krýsuvíkur og nágrennajarða á einstaka stað, en það sé úrlausnarefni eiganda Krýsuvíkur og aðliggjandi jarða að leysa þann ágreining og óbyggðanefnd með öllu óviðkomandi. Umboðsmenn opinbers valds hafi hvorki fyrr né síðar dregið merkjalyásingu Krýsuvíkur í efa í orði eða verki. Þvert á móti hafi íslenska ríkið byggt samskipti sín við eigendur jarðarinnar á því að allt land innan þinglýstra merkja væri háð einkaeignarrétti eiganda. Íslenska ríkið hafi skattlagt jarðir með hliðsjón af þinglýstum landamerkjum og tekið veð í jörðum og látið bjóða þær upp miðað við sömu landamerki. Þá hafi íslenska ríkið sjálft eignast jarðir með slíkum landamerkjum og selt þær síðar án fyrirvara um landamerkin. Hinn 29. september 1941 hafi íslenska ríkið afsalað jörðinni til sýslunefndar Gullbringusýslu og hafi sýslunefndin greitt fullt endurgjald fyrir jörðina samkvæmt eignarnámsmati á þeim tíma, að landi Hafnarfjarðar undanskildu. Íslenska ríkið hafi í hvívetna, í samskiptum sínum við eigendur jarða, byggt á því að við hinum þinglýstu landamerkjum yrði ekki hreyft, a.m.k. ekki af þess hálfu. Af hálfu eigenda Krýsuvíkur er því haldið fram að eignarréttindi bænda yfir jörðum sínum og afréttum verði ekki skert nema með setningu laga, sem heimili eignarnám gegn fullum bótum. Hér sé ekki um almennar eignarskerðingar að ræða heldur beinist eignarskerðingarkröfur íslenska ríkisins einungis að sumum jörðum, þ.e. þeim jörðum sem liggja inn til landsins. Um óheimila skattlagningu sé því að ræða, sem sé andstæð stjórnarskrá. Þá eru ítrekuð sjónarmið um réttmætar væntingar eigenda landsins, sem átt hafi og nýtt í marga mannsaldra land innan þinglýstra landamerkja, sem engum athugasemdum hafi sætt. Það sé almenn sönnunaregla að sá sem hafi athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild að landi teljist eigandi þess gagnvart þriðja aðila. Vefengi þriðji aðili þá þinglýsingu þá hafi sá hinn sami sönnunarbýrðina fyrir því að landamerkjalyásingin sé röng og að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá henni breytt. Loks er á það bent að notkun hugtaksins almenningur sé mjög á reiki í fornum heimildum og að skilgreining íslenska ríkisins á því hugtaki eigi sér ekki stoð í heimildum. Af hálfu eigenda Krýsuvíkur er því haldið fram að fornar heimildir bendi til þess að Selsvellir hafi verið í einkaeigu en ekki almenningur eins og íslenska ríkið haldi fram. Sömu sögu megi segja um land það, sem kallað hafi verið Suðurnesjaalmenningur, en augljóst sé

að íslenska ríkið reyni að teygja mörk þess miklu lengra en heimildir bendi til. Sjónarmiðum sveitarfélagsins Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Prestssetrasjóðs, eigenda jarða á Álftanesi og eigenda Selskarðs er lýst í köflum 6.8. og 6.10. í máli nr. 2/2004 hjá óbyggðanefnd.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Krýsuvíkur er rakin í kafla 5.3.3. Þar kemur fram að Krýsuvíkur er getið í heimildum allt frá árinu 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁵³ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Krýsuvíkur er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Krýsuvík. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Krýsuvíkur verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Krýsuvíkur er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890. Merkjum er einnig lýst í nokkrum vitnisburðum frá 1603 og 1604 og vitnisburði, dags. 26. júní 1790. Dæmt var um norðurmörk Krýsuvíkur í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971. Þá ber þess að geta að í niðurstöðu sérstaks gerðardóms sem ákvarða átti eignarnámsbætur fyrir Krýsuvík árið 1936 var byggt á landamerkjabréfinu frá 1890 og merki sögð ágreiningslaus.

Samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Hrauni og Ísólfskála í Grindavík og jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi, „...sjónhending úr Dagon (= Raufarkletti), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum í Trölladyngjujfallsrætur að vestan, sem er útbrunnið eldfjall norðanvert í Vesturhálsi; þaðan bein stefna í Markhelluhól háan steindranga við Búðarvatnsstæði.“ Landamerkjabréfið er áritað vegna Hrauns og Ísólfskála í Grindavík og vegna Brunnastaða, Ásláksstaða, Knarrarness, Breiðagerðis, Auðnahverfis, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnarhverfis, Vatnsleysu og Hvassahrauns í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, eru merkin, gagnvart Krýsuvík, „...uppaf „Sogaselsdal“, þá eptir Selsvalla-fjalli, til suðurs, samhliða landamerkjum jarðarinnar „Krýsuvíkur“ þar til að mið suður-öxl á Borgarfjalli ber í merktan klett við götuna á „móklettum“. Landamerkjabréf Hrauns getur samrýmst landamerkjabréfi Krýsuvíkur þó ágreiningur sé um staðsetningu einstakra merkja. Landamerkjabréf Hrauns er áritað vegna Krýsuvíkur. Krýsuvík á einnig merki gagnvart Ísólfskála þegar sunnar dregur að vestanverðu. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og þarfnist ekki nánari athugunar.

³⁵³Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi, austan Ásláksstaða, lýsa merkjum í land Krýsuvíkur, sbr. kafla nr. 6.7. til 6.15. Landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhverfi eru ekki árituð af hálfu Krýsuvíkur. Ber þess þó að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. í maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyásingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og var þeim þætti hennar ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunna þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Í lýsingu tveggja vitna frá 26. desember 1603 kemur fram að vesturmerki Krýsuvíkur séu „...yfir Sliturin fyrir norðan Fjallið eina. Þaðan sjónhending og í Dyngju, úr Dyngju og fram eftir miðjum Selsvallahálsi, úr hálsinum og suður í Raufarklett við Selatanga“. Önnur vitni lýstu vesturmerkjum á efnislega sama veg árið 1604. Vitnisburðirnir fást samrýmst landamerkjabréfi Krýsuvíkur að öðru leyti en því að í þeim er merkjum ekki lýst í Markhelluhól heldur í „Sliturin“ fyrir norðan Fjallið eina. Í vitnisburði, dags. 26. júní 1790, er vesturmörkum lýst úr „...Raufarklett á Selatöngum og í Trölladyngju, úr Trölladyngju og í Gráhellu, úr Gráhellu og í Markrakkagil“. Ekki er vitað með vissu um staðsetningu Gráhellu en í greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um merki Krýsuvíkurlands frá 1961 segir að líkur bendi til að Gráhella sé hin sama og nefnd er Markhella. Sé sú tilgáta rétt er vitnisburðurinn frá 1790 í samræmi við landamerkjabréfið að því er varðar merkin að vestan. Í niðurstöðu landamerkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá árinu 1971 var landamerkjabréf Krýsuvíkur lagt til grundvallar að því er varðar norðurmörk jarðarinnar. Er því Markhelluhóll dæmt hornmark Krýsuvíkur gagnvart Hvassahrauni í Vatnsleysustrandarhreppi og Óttarsstöðum í Hafnarfirði.

Fyrir liggur að lengi hafa staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna og að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi tilgreina ekki ákveðin örnefni til suðurs. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Nákvæm staðsetning vesturmarka Krýsuvíkur gagnvart jörðum í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi verður ekki talin hafa þýðingu hér. Þá telur óbyggðanefnd að heimildir um svonefndan Almennung sunnan Vatnsleysustrandarjarða og vestan Krýsuvíkur séu óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16.

Samkvæmt dómi landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, sem fyrr er getið, eru norðurmörk Krýsuvíkur, gagnvart Óttarsstöðum, Straumi, Þorbjarnarstöðum, Hvaleyri, fjallendi Garðakirkju og landi sem er hluti af svonefndum Almenningskógum Álftaness, „bein lína frá vörðu á Markhelluhól, hnit

X - 696.942,32, Y - 392.328,03, um punktinn M í Markrakagili í Undirhlíðum, hnit ca. X - 692.830, Y - 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“.³⁵⁴ Niðurstaðan var reist á landamerkjabréfi Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890. Samkvæmt bréfinu eru norðurmerkin úr „...Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (= Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar og var Jarðeignadeild ríkisins meðal aðila málsins. Við meðferð málsins var gefin út opinber stefna og hverjum þeim stefnt sem teldi til réttar yfir landssvæði sem lægi að Krýsuvíkurlandi að norðan og landi Hafnarfjarðarkaupstaðar að austan og sunnan. Þá var nærliggjandi sveitarfélögum skriflega boðið að gæta réttar síns enda taldi dómurinn hugsanlegt að um afréttarland eða almenning væri að ræða. Viðkomandi sveitarfélög gerðust hins vegar ekki aðilar að málinu. Af forsendum dómsins er ljóst að verið er að afmarka eignarland Krýsuvíkur frá öðrum landsvæðum. Dómurinn er bindandi um úrslit sakarefnisins og hlaut að vekja réttmætar væntingar eigenda Krýsuvíkur um að norðurmörk jarðarinnar væru óumdeild.

Verður þá næst litið til austurmarka Krýsuvíkur. Samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur eru austurmörk jarðarinnar, gagnvart Herdísarvík, „...sjónhending úr Kongsfelli sem er lág mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg, á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram“. Landamerkjabréf Herdísarvíkur, dags. 20. nóvember 1886 og þingl. 3. júní 1889, er í samræmi við landamerkjabréf Krýsuvíkur. Þegar landamerkjabréfin voru gerð voru báðar jarðirnar í eigu Árna Gíslasonar sem áritaði bæði bréfin. Í vitnisburði frá 1603 kemur fram að „...Krýsuvík ætti austur frá sér allt land að Skildi og þaðan sjónhending suður í sjó í þann stein sem stendur fyrir vestan þann hellir sem er framan í berginu við vatnssæði eður leirtjörn, hvör leirtjörn þó uppþornar stundum, og aftur sjónhending úr Skildi í miðjan Breiðdal“. Magnús Már Lárusson telur í greinargerð sinni örnefnið Skjöld vera styttingu á örnefninu Lyngskildi. Samkvæmt örnefnaskrá Krýsuvíkur er Breiðdalur hins vegar dalurinn vestan Lönguhlíða en norðan Fagradals. Aðrir vitnisburðir frá þessum tíma eru efnislega á sama veg. Í vitnisburði frá 1790 segir að austurmörk Krýsuvíkur séu „...úr Markrakkagili og Mígandagröf á fjalli, úr Mígandagröf á fjalli og í stein á Herdísarvíkurfjalli, úr þeim steini og á Seljabótarnef við sjó“. Mígandagröf á fjalli er týnt örnefni en Magnús Már telur í greinargerð sinni að örnefnið geti átt við hraunfoss sem steypist ofan í Fagradal að sunnanverðu. Samkvæmt því er vitnisburðurinn frá 1790 í samræmi við framangreinda vitnisburði frá upphafi 16. aldar. Af framansögðu er ljóst að

³⁵⁴Í dómnum segir að hnit séu samkvæmt hnitakerfi Íslands.

landamerkjabréf Krýsuvíkur lýsir mörkum jarðarinnar lengra til austurs en eldri heimildir segja til um.

Þann 21. júní 1849 afmarkaði umsjónarmaður Almenningssskóga Álftaness það landsvæði sem hann taldi vera „...almennings sameignar land gamlra lögbílisjarða í Alptaneshrepp“. Lýsing umsjónarmannsins var þinglesin 22. júní 1849. Nær sú afmörkun á Almenningssskógunum inn fyrir merki Krýsuvíkur og eru sögð „...milli Gullbríngu og Arnessyslna af Bláfjöllum vestur á Kistufell. A milli Alptaneshrepps og almennings og Krísivíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradals-brún þaðan í Marrakagil, so í þúfu á fjallinu eina í Helguflöt norðaná Buðarhólum“. Samkvæmt þessu gengur Almenningssskógurinn inn á norðaustur hluta Krýsuvíkur eins og jörðin er afmörkuð í landamerkjabréfinu frá 1890.

Afmörkunin á Almenningssskógunum getur hins vegar samrýmt eldri vitnisburðum um merki Krýsuvíkur. Við mat á lýsingu umsjónarmannsins telur óbyggðanefnd að ekki verði hjá því litið að um er að ræða einhliða lýsingu sem hefur ekki verið samþykkt eða staðfest af jarðeigendum. Í forsendum dómsins frá 1971 var byggt á því að í landamerkjabréfi Krýsuvíkur væri merkjum lýst lengra til austurs en ráða mætti af eldri heimildum. Niðurstaða dómsins var samt sem áður sú að leggja ætti landamerkjabréfið til grundvallar við ákvörðun á norðurmörkum Krýsuvíkur. Dómurinn hefur gildi fyrir austurmörkin að því leyti að hann ákvarðar norðausturmörk jarðarinnar.

Af forsendum dómsins er ljóst að verið var að afmarka eignarland Krýsuvíkur frá almenningi eða afrétti sem liggur norðan Krýsuvíkur en austan Markrakagils. Þann 16. febrúar 1980 var mörkum Árnassýslu og Gullbringusýslu breytt á þann veg að nú eru merkin „...bein lína úr hápunkti Litla Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslusteini undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.“ Mörkin eru jafnframt mörk Krýsuvíkur og Herdísarvíkur og sveitarfélagamörk Grindavíkur og Ölfushrepps. Breyting var gerð með samþykki allra hlutaðeigandi aðila, þar á meðal landbúnaðarráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins. Samkomulagið miðar austurmörkin við svokallaðan Sýslusteini en er að öðru leyti í samræmi við landamerkjabréf Krýsuvíkur. Í framangreindi færslu á merkjum Krýsuvíkur og Herdísarvíkur felst ekki að merki jarðanna nái lengra í norður en samkvæmt dómnum frá 1971. Óbyggðanefnd telur því ljóst að eigendur jarðanna gátu samið um breytt merki sín á milli.

Samkomulagið frá 16. febrúar 1980 og landamerkjabréf Krýsuvíkur og Herdísarvíkur voru auk annarra gagna lögð til grundvallar niðurstöðu Hæstaréttar í dómi 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848). Í dómnum var leyst úr ágreiningi um mörk lögsagnarumdæma sveitarfélaga á svæðinu. Með dómnum var hins vegar ekki skorið úr um eignarrétt að landi sem liggur að umdæmamörkum. Allt að einu verður ekki hjá því litið að í umræddum dómi Hæstaréttar var niðurstaðan sú að ekki væri fram komið að á síðari tímum hafi verið álitnið að mörk Gullbringusýslu og Árnassýslu væru önnur

en greinir í þinglýstum landamerkjabréfum frá ofanverði nítjándu öld. Verður dómurinn því talinn renna frekari stoðum undir landamerkjabréf jarða á þessu svæði og jafnframt draga úr vægi lýsingar Almennings-skóga Álfnesinga sem fékk engu breytt um lyktir málsins.

Frá því dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar féll árið 1971 hefur samkvæmt framansögðu verið gert samkomulag um merki milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur, dags. 16. febrúar 1980. Þá hefur verið leyst úr ágreiningi um lögsagnarumdæmi sveitarfélaga í Gullbringusýslu annars vegar og í Árnessýslu hins vegar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 1996. Hér að framan var einnig rakið að samkvæmt dómi frá 1971 skulu norðurmörk Krýsuvíkur vera bein lína frá vörðu á Markhelluhól um punkt í Markragili í Undirhlíðum að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Lendir framangreind lína fyrir ofan Litla-Kóngsfell og þar með norðan við Herdísarvík og kemur ekki að hinum dæmdu sýslumörkum fyrr en norðaustan við Bláfjallahorn. Af forsendum dómsins frá 1971 er ljóst að ekki var ætlunin að færa mörk jarðarinnar svo langt til austurs. Á korti sem fylgdi dónum er norðausturmark Krýsuvíkur staðsett í punkti sem liggur norðaustan við Litla-Kóngsfell. Er norðurmarkalína Krýsuvíkur dregin að skurðarpunkti við línu sem dregin er úr Litla-Kóngfelli í Stóra-Kóngsfell. Samkvæmt þeim kortum sem stuðst var 1971 var síðastnefnd línan jafnan merkt inn sem sýslumarkalína. Þykir verða að skýra dóminn frá 1971 til samræmis við forsendur hans og meðfylgjandi kort. Verður þannig norðausturmark Krýsuvíkur miðað við punkt norðaustan við Litla-Kóngsfell. Er sú niðurstaða í samræmi við kröfur eiganda Krýsuvíkur í máli þessu.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að leggja samkomulagið, dags. 16. febrúar 1980, og dóm landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar til grundvallar við ákvörðun á austurmerkjum Krýsuvíkur.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Krýsuvík. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Krýsuvíkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að land Krýsuvíkur hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Ekki verður annað séð en eignarhald þetta hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja Krýsuvíkur hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á svæðinu, sem og Íslandi í heild, verið mun meiri víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal. nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Krýsuvíkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁵⁵

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að sýslusjóði Gullbringusýslu hafi einungis verið seldur beitarréttur árið 1941 en grunneignarréttur sé enn í höndum íslenska ríkisins. Hér ber þess að geta að í tilefni af dómi Hæstaréttar, 6. september 2005, í málinu nr. 367/2005, hefur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lýst því yfir að í þjóðlendukröfum almennt felist ekki afsal á tilkalli til landsvæða sem óbyggðanefnd telur eignarland ríkisins. Miðar ríkið þannig við að sömu atriði verði lögð til grundvallar varðandi ríkisjarðir og um annað eignarland, sjá nánar í kafla 6.1. Úrlausn um það hvort umræddur hluti Krýsuvíkur er í eigu íslenska ríkisins eða sýslusjóðs Gullbringusýslu getur því enga þýðingu haft fyrir niðurstöðu óbyggðanefndar í máli þessu og engin afstaða til þess tekin hér.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Krýsuvíkur, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.5. Brunnastaðarhverfi

Brunnastaðarhverfi skiptist nú í Austurkot, Efri- og Neðri-Brunnastaði, Grund, Halakot, Naustakot, Skjaldarkot, Suðurkot og Traðarkot. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Brunnastaðahverfi, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, án tillits til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Brunnastaðahverfi liggja Vogar að vestan, Hraun í Grindavík að sunnan, Hlöðuneshverfi að austan, en til norðurs liggur jörðin að hafi.

Landsvæðið, sem um ræðir, er mjög flatt, lágrent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt

³⁵⁵Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

norðan við Þrengslin. Gagnvart Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Brunnastaðahverfi innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur jarða í Brunnastaðahverfi lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B (8) er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til Þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi Þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé Þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan Þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda jarða í Brunnastaðahverfi, sbr. skjöl nr. 5, 9 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggi fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land hverfisins teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti hverfisins teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðanna og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeir. Einnig er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðunum og þá sérstaklega til landamerkjabréfs fyrir Brunnastaðahverfi, dags. 22. maí 1890. Loks er

vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Brunnastaðahverfis er rakin í kafla 5.4.1. Þar kemur fram að Brunnastaðarhverfis er getið í heimildum allt frá árinu 1395. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁵⁶ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Brunnastaða er lýst í landamerkjabréfi hverfisins en eldri heimildir um merki hverfisins liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Brunnastaðahverfi. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Brunnastaðahverfis verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Brunnastaðahverfis er að finna í landamerkjabréfi hverfisins, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890. Landamerkjum Brunnastaðahverfis er einnig lýst í landamerkjabréfi, dags. 20. desember 1921 og þingl. 7. mars 1922. Tekur síðarnefnda bréfið einungis til tún- og fjörumerkja milli einstakra jarða í hverfinu. Um merki milli hverfa vísar bréfið til landamerkjabréfsins frá 1890. Suðurmerkjum Brunnastaðahverfis er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu frá 1890. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Brunnastaðahverfis frá 1890 eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Stóru- og Minni-Vogum, miðuð við dýpsta ós „...sem til sjáfar fellur í djúpavogi, uppí vörðu sem stendur fyrir sunnan presthóla, þaðan beina línu í vörðu sem stendur á Hrafnagjá og kölluð er leifur Þórður, þaðan í markhól og þaðan beina línu uppí fjall, svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland er talið“. Bréfið er áritað vegna Stóru- og Minni-Voga og gagnkvæmt. Í landamerkjabréfi Stóru- og Minni-Voga, dags. 23. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, segir að merkin séu að „...norðan og austan, úr Dípstaós í djúpavogi sjónhending í vörðu við almenningsveginn fyrir sunnan presthóla, þaðan í vörðu sem stendur á Hrafnagjárbarmi og kölluð er leifur Þórður, þaðan í Markhól þaðan sjónhending uppí fjall“. Landamerkjabréf Stóru- og Minni-Voga er þannig samrýmanlegt landamerkjabréfi Brunnastaðahverfis þó að í hinu síðarnefnda sé ekki tiltekið að merki nái svo langt til suðurs sem Vatnsleysustrandarhreppsland er talið. Landamerkjabréf Stóru- og Minni-Voga lýsir vesturmerkjum í Vatnskatla en þeir eru hornmark jarðarinnar við Þórkötlustaði og Hraun í Grindavík og þ.a.l. á

³⁵⁶Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

hreppamörkum. Þá er landamerkjabréf Stóru- og Minni-Voga í samræmi við merkjalýsingu Jóns Daníelssonar, eiganda jarðarinnar frá 1840.

Samkvæmt landamerkjabréfi Brunnastaðahverfis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Hlöðuneshverfi, miðuð við Markaklett „...sem stendur ofarlega í fjöru fyrir innan Skjaldakot, uppá uppmjóa þúfu sem stendur á klöpp að innanverðu við túngarðinn í Skjaldakoti, þaðan beina línu í aðra þúfu líka hinni í laginu sem stendur nokkru ofar, þaðan beina línu norðanhallt við Brunnastaðasel og svo þaðan beina línu til fjalls, svo langt sem Vatnsleysustrandarhrepps er talið“. Bréfið er áritað vegna Hlöðuneshverfis og gagnkvæmt. Í landamerkjabréfi Hlöðuneshverfis, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, er nánast samhljóða lýsing á merkjum Brunnastaðarhverfis og Hlöðuneshverfis og áður greindi. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Hlöðuneshverfis sbr. kafla 6.7.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk hverfisins til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Brunnastaðahverfis er ekki áritað af hálfu Hrauns né annarra jarða í sveitarfélaginu Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Brunnastaðahverfis gera kröfu um skarast á við kröfur eigenda Hrauns í máli þessu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, en þar segir að mörkin liggi frá Vatnsheiði að Vatnskötum, fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogaseldal. Bréf Hrauns er ekki áritað vegna Brunnastaðahverfis.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Brunnastaðahverfis frá 1890 bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að endimörkum Vatnsleysustrandarhrepps í suðri og þar með að Hrauni. Tekið er fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum að merki Brunnastaða nái svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland var talið og þar á milli hafa sveitarfélagamörk ráðið. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Brunnastaðahverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Brunnastaðahverfis er áritað af fyrirsvarsmönnum hverfisins, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta,

aðra en eigendur Hrauns. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Brunnastaðahverfis er, að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Grindavík, verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Brunnastaðahverfis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Brunnastaðahverfi hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðarlandið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en eignarhald á jörðum í Brunnastaðahverfi hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefnda almenninga í Grindavík og Vatnsleysu eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun almenninga á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Brunnastaðahverfis hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Brunnastaðahverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁵⁷

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Brunnastaðahverfis, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.6. Hlöðuneshverfi

Hlöðuneshverfi skiptist nú í Halldórsstaði, Hlöðunes og Narfakot. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Hlöðuneshverfi, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja.

³⁵⁷Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að Hlöðuneshverfi liggur Brunnastaðahverfi til vesturs, hafið til norðurs og Ásláksstaðir til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jörðin Hraun í Grindavík gerir tilkall til.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum. Litli-Hrútur og hluti Hraunsels-Vatnsfells (261 m) rísa upp úr hraunbreiðunni sunnan til. Frá hafi að Hraunsels-Vatnsfelli eru 13 km en aðeins 1,5 km frá austurmörkum að vesturmörkum við Suðurlandsveg þar sem land Hlöðuneshverfis er breiðast.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Gagnvart Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínu sína úr Fagradalsvatnsfelli þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Hlöðuneshverfi innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur jarða í Hlöðuneshverfi lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B (8) er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú Þjóðlenda. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til Þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé Þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan Þjóðlendukröfuvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Halldórsstaða, Hlöðuness og Narfakots, sbr. skjöl nr. 5, 11, og 19(5) er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að

eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkjja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land hverfisins teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðanna og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Einnig er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðunum og þá sérstaklega til landamerkjabréfs fyrir Hlöðuneshverfi, dags. 22. maí 1890. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hlöðuneshverfis er rakin í kafla 5.4.2. Þar kemur fram að Hlöðuneshverfis er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁵⁸ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hlöðuness er lýst í landamerkjabréfi hverfisins en eldri heimildir um merki liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hlöðuneshverfi. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja torfunnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hlöðuneshverfis verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Hlöðuneshverfis er lýst í landamerkjabréfi hverfisins, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890. Landamerkjum hverfisins er einnig lýst í landamerkjabréfi, dags. 27. desember 1921 og þingl. 12. janúar 1922. Tekur síðarnefnda bréfið einungis til tún- og fjörumerkja milli jarða í hverfinu. Um merki milli hverfa vísar bréfið til fyrra landamerkjabréfs frá 1890. Suðurmerkjum Hlöðuneshverfis er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu frá 1890. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Í landamerkjabréfi Hlöðuneshverfis frá 1890 eru merki hverfisins til vesturs, gagnvart Brunnastaðahverfi, lýst úr „...svokölluðum markakletti, sem stendur ofarlega í fjöru skammt fyrir innan Skjaldakot beina línu uppí uppmjóa þúfu er stendur á klöpp innan vert við túngarðinn í Skjaldakoti, þaðan beina línu í aðra þúfu líka hinni síðastnefndu í laginu, sem er nokkrum föðmum ofar og þaðan beina línu norðanvert

³⁵⁸Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

við Brunnastaðasel til fjalls svo langt, sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær“. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Brunnastaðahverfis, dags. 22. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890. Landamerkjabréf Brunnastaðahverfis er áritað vegna Hlöðuneshverfis og gagnkvæmt. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Brunnastaðahverfis, sbr. kafla 5.4.1.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hlöðuneshverfis frá 1890 eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Ásláksstaðahverfi, miðuð við ós þann „...sem lengst skerst uppí land innúr svokölluðu Álfasundi, þaðan beina línu í svokallaðan Álfhól, þaðan beina línu í hól sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli, þaðan beina línu sunnan til við Ásláksstaðaholt uppí Hrafnshóla og þaðan beina línu sunnan til við gamla Hlöðunes-<s>el til fjalls svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær“. Bréfið er áritað vegna Ásláksstaða. Landamerkjum Ásláksstaða er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 31. desember 1921 og þingl. 7. mars 1922. Bréfið er áritað vegna Hlöðuneshverfis. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ásláksstaða, sbr. kafla 5.4.3.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk hverfisins til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Hlöðuneshverfis er ekki áritað af hálfu Hrauns né annarra jarða í sveitarfélaginu Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Hlöðuneshverfis gera kröfu um skarast á við kröfur eigenda Hrauns í máli þessu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaselsdal. Er krafa Hrauns byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, en þar segir að mörkin liggi frá Vatnsheiði að Vatnskötlum, fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogaselsdal. Bréf Hrauns er ekki áritað vegna Hlöðuneshverfis.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Hlöðuneshverfis frá 1890 bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að endimörkum Vatnsleysustrandarhrepps í suðri og þar með að Hrauni. Tekið er fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum að merki Hlöðuness nái svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppsland var talið en þar á milli hafa sveitarfélagamörk ráðið. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hlöðuneshverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Hlöðuneshverfis er áritað af fyrirsvarsmönnum hverfisins, þinglesið, fært í

landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Hrauns. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Hlöðuneshverfis er, að því leyti að áritun vantar vegna Hrauns, verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Hlöðuneshverfis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Hlöðuneshverfi hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunlendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en eignarhald á jörðum í Hlöðuneshverfi hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almanning í Vatnsleysu eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Hlöðuneshverfis hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22 (1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu, hefur af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hlöðuneshverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁵⁹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hlöðuneshverfis, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.7. Ásláksstaðarhverfi

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Ásláksstaðahverfi, dags. 31. desember 1921 og þingl. 7. desember 1922, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja.

³⁵⁹Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að Ásláksstaðahverfi liggur Hlöðuneshverfi til vesturs, hafið til norðurs og Knarrarnes til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jörðin Hraun í Grindavík gerir tilkall til.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum. Syðst rís Hraunsels-Vatnsfell (261 m) um 13.5. km frá hafi. Aðeins hálfur kílómetri er frá austurmörkum að vesturmörkum niður við sjó þar sem land Ásláksstaðahverfis er breiðast.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Gagnvart Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Ásláksstaðahverfi innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Ásláksstaða og Sjónarhóls í Ásláksstaðahverfi lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B (8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megí ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfussvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Ásláksstaða og Sjónarhóls, sbr. skjöl nr. 7 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við

mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkjja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðunum og þá sérstaklega til landamerkjabréfs fyrir Ásláksstaði, dags. 7. mars 1922. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Ásláksstaðahverfis er rakin í kafla 5.4.3. Þar kemur fram að Ásláksstaðahverfis er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁶⁰ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Ásláksstaða er lýst í landamerkjabréfi hverfisins en eldri heimildir um merki liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja hverfisins og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ásláksstaðahverfis verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Ásláksstaðahverfis er lýst í landamerkjabréfi hverfisins, dags. 31. desember 1921 og þingl. 7. mars 1922. Suðurmerkjum Ásláksstaðahverfis er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Í landamerkjabréfi Ásláksstaðahverfis segir að jörðinni tilheyri land allt á milli Hlöðuneshverfis og Knarraness svo langt til heiðar eða fjalls sem land Vatnsleysustrandarhrepps nái. Um vesturmörkin, gagnvart Hlöðuneshverfi, segir að þau séu „...Álfasund frá ós þeim sem lengst skerst uppí land, úr Álfasundi og ræður framhald á þeim ós einnig mörkum á milli hverfanna, alla leið til sjáfar fram um fjöru; í Álfshól beina stefnu í Hól, sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli sunnan til við Ásláksstaðaholt í Hrafnshóla sunnan til við gamla Hlöðunes<sel> til fjalls“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Hlöðuneshverfis. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Hlöðuneshverfis, dags. 22. maí 1890 og þingl.

³⁶⁰Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

16. júní 1890, en þar segir að mörkin séu „...frá ós þeim sem lengst skerst uppí land innúr svokölluðu Álfasundi, þaðan beina línu í svokallaðan Álfhól, þaðan beina línu í hól sem stendur fyrir sunnan Arnarbæli, þaðan beina línu sunnan til við Ásláksstaðaholt uppí Hrafnshóla og þaðan beina línu sunnan til við gamla Hlöðunesel til fjalls svo langt sem land Vatnsleysustrandarhrepps nær“. Bréfið er áritað vegna Ásláksstaða. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Hlöðunes, sbr. kafla 5.4.2.

Samkvæmt landamerkjabréfi Ásláksstaðahverfis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Knarrarnesi, sögð „...úr ós upp eftir fjöru í klöpp er liggur í svonefndum girðingum hjer um bil til miðsvæðis ofan til við flæðarmál, þaðan sunnantil við svo nefnda Digruvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knarranessholt þaðan í Eldborgargreni, þaðan beint í Krísuvíkurland“. Bréfið er áritað vegna Knarrarness. Í landamerkjabréfi Knarrarness, dags. 11. maí 1890 og þingl. 16. júní 1890, er sambærileg lýsing á merkjum Hlöðuneshverfis og Ásláksstaðahverfis. Landamerkjabréf Knarrarness var áritað vegna Innri-Ásláksstaða. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Knarrarness, sbr. kafla 5.4.4.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk hverfisins til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Ásláksstaðahverfis er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Ásláksstaðahverfis gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Ásláksstaða. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggi sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns stæði“. Byggjast kröfur eigenda Krýsuvíkur á landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þinglýst 20. júní 1890. Bréf Krýsuvíkur er áritað vegna Ásláksstaða.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Ásláksstaða frá 1921 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að endimörkum Vatnsleysustrandarhrepps í suðri. Þetta er beinlínis tekið fram í bréfinu þar sem segir að jörðinni tilheyri land allt á milli Hlöðuneshverfis og Knarraness svo langt til heiðar eða fjalls sem land Vatnsleysustrandarhrepps nái. Samkvæmt því hafa sveitarfélagamörk ráðið mörkunum að sunnan. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Ásláksstaðahverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé

þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Ásláksstaða er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki torfunnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Ásláksstaðahverfis er að því leyti að áritun vantar vegna Hlöðuneshverfis og jarða í Grindavík verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Ásláksstaðahverfis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Ásláksstaðahverfi hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunlendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en eignarhald á jörðum í Ásláksstaðahverfi hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almennung í Grindavík og Vatsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans.

Brotakenndar lýsingar um Almennung í Vatsleysustrandarhreppi leiða ekki til að þess að óbyggðanefnd telji að land Ásláksstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Ásláksstaðahverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁶¹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ásláksstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

³⁶¹Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.8. Knarrarnes

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Knarrarnes, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Að Knarrarnesi liggur Ásláksstaðahverfi til vesturs, hafið til norðurs og Breiðagerði til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið, sem um ræðir, er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum. Frá hafi allt að Núpsstaðarhálsi eru 16,5 km en aðeins hálfur kílómetri frá austurmörkum að vesturmörkum niður við sjó þar sem land er breiðast.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Gagnvart jörðum á Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Knarrarnesi innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Knarrarness lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til Þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga, og þar af leiðandi til Þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé Þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan Þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Knarrarness, sbr. skjöl nr. 5, 15 og 19(5) er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé

fríðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkjja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrararbeitar. Jafnframt vísa landeigendur til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfs Knarrarness, dags. 11. júní 1886. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Knarrarness er rakin í kafla 5.4.4. Þar kemur fram að Knarrarnes er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁶² Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Knarrarness er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja, að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Knarrarness verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Knarrarness er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Suðurmerkjum Knarrarness er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Í landamerkjabréfi Knarrarness eru vesturmörk jarðarinnar, gagnvart Ásláksstöðum, miðuð við „...ós eptir fjöru í Klöpp, er liggur í svo nefndum girðingum hjer um bil miðsvæðis, ofan til við flæðarmál, þaðan sunnan til við svo nefnda Digruvörðu fyrir sunnan Hellur (bæinn) beint í Knararnessholt sunnanhalt, þaðan í Eldborgargren, þaðan beint í Krísuvíkurland“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Innri-Ásláksstaða. Landamerkjum Ásláksstaða er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 31. desember 1921 og þingl. 7. mars 1922. Bréfið er áritað vegna Knarrarness. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki

³⁶²Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ásláksstaða, sbr. kafla 5.4.3. Í landamerkjabréfi Knarrarness er syðsta tilgreinda örnefnið, Eldborgargren, sem er suðsuðaustur af Knarrarnesseli en neðan við svokallaðar Brúnir. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 eru vesturmerkin miðuð við „...steinn á Klapparhorni við svonefndar girðingar í svokallaðan Markhól þaðan beina línu til heiðar í stóra hrút fyrir norðan Hagafell“. Í síðastnefndu lýsingunni er merkjum ekki lýst í Krýsuvíkurland heldur eru tiltekin örnefni sem ná mun sunnar en þau sem greind eru í landamerkjalyýsingunni. Má þar nefna að nefnt Hagafell hefur verið talið í mörkum Vatnsleysustrandarhrepps og Grindavíkur og er því lýsingin í góðu samræmi við landamerkjabréfið. Í yfirlýsingu jarðeigenda í Vatnsleysustrandarhreppi, þingl. 31. maí 1920, er vísað til landamerkjabréfs Knarrarness frá 1886 varðandi vesturmörk jarðarinnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Knarrarness eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Breiðagerði, miðuð við Selsker „...sem er lítið sker milli skerjanna Söðuls og Þríhyrnings, upp eptir maðkasandinum, í Duggusker, þannig, að tveir þriðjungar þess eru eign Stóra-Knarrarness; þaðan í neðri enda svo nefnds Merkjagarðs, er liggur fyrir austurenda Stóra-Knarrarnesstúns, og er garður þessi í mörkum það sem hann nær, upp að túngarði; þaðan í nyrðri (eystri) Geldingahól, þaðan um nyrðri Keilisbróður beint að landi Krísivíkur“. Bréfið er áritað vegna Breiðagerðis. Í landamerkjabréfi Breiðagerðis, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886, er sambærileg lýsing á merkjum Knarrarness og Breiðagerðis. Landamerkjabréf Breiðagerðis er áritað vegna Knarrarness. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Breiðagerðis, sbr. kafla 5.4.5. Syðsta örnefnið að austan, sem nefnt er í landamerkjabréfi Knarrarness er Nyrðri-Keilisbróðir. Samkvæmt bók Sesselju G. Guðmundsdóttur, *Örnefni og Gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi*, er Nyrðri-Keilisbróðir sagður 2 km suðvestur af Keili og er hann einnig nefndur Litli-Hrútur. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 eru austurmerkin miðuð við „...stóra hrút fyrir norðan Hagafell þaðan norður í litla Hrút, þaðan í innri geldingahól, þaðan niður í merkisgarð, þaðan í svonefndan Selastein í fjöru“.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Knarrarness er ekki áritað vegna jarðanna Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Knarrarness gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 16. júní 1890, en þar segir að mörkin liggi frá Vatnsheiði að Vatnskötlum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogasels-dal. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Knarrarness. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggi sjónhendingu „... úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan

við Búðarvatns stæði“. Eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Knarrarness frá 1886 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Knarrarness á landamerkjabréf Krýsuvíkur staðfestir þennan skilning. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatsleysustrandarhreppi, dags. 1. maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyásingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og var þessum þætti hennar ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunna þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Í kafla 5 er rakið að lengi hafa staðið deilur um mörk jarða í Vatsleysustrandarhreppi annars vegar og jarða í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Úr slíkum deilum er óbyggðanefnd ekki ætlað að leysa, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalyög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Knarrarness. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Knarrarness er áritað af hálfu fyrrsvarsmanna jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Knarrarness er að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Grindavík, verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Knarrarness hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Knarrarness hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunlendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um

svonefndan Almenning í Vatsleysu eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Knarrarness hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Knarrarness sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁶³

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Knarrarness, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.9. Breiðagerði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Breiðagerði, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Að Breiðagerði liggur Knarrarnes til vesturs, hafið til norðurs og Auðnahverfi til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu, nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum. Innan við hálfur kílómetri er á milli austurmarka og vesturmarka Breiðagerðis en frá hafi að Vatnsfelli eru hins vegar um 13 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall, rétt norðan við Þrengslin. Gagnvart jörðum á Vatsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Breiðagerði innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Breiðagerðis lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum

³⁶³Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

eignarrétti, hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú þjóðlenda. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Breiðagerðis, sbr. skjöl nr. 5, 8 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrararbeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfs Breiðagerðis frá 11. júní 1886. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Breiðagerðis er rakin í kafla 5.4.5. Þar kemur fram að Breiðagerðis er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁶⁴ Þá er

³⁶⁴Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Breiðagerðis er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar en eldri heimildir um merki hennar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður lítið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að jörðinni. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja, að því leyti sem þau liggja innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Breiðagerðis verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Breiðagerðis er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Breiðagerðis eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Knarrarnesi, miðuð við „...Selsker, sem er lítið sker milli skerjanna Söðuls og Þríhyrnings; þaðan upp eptir maðkasandinum í sprungu, sem er nokkru norðar en í miðju Dugguskeri, sem er stórt sker á sandinum milli Knararness og Breiðagerðis: — Stóra-Knararnesi tilheyrir því tveir þriðjungar af Dugguskeri, en Breiðagerði einn þriðjungur. Úr þessari sprungu liggja mörkin beint í litla klöpp, sem er í flæðarmáli við neðri enda merkjagarðsins, er liggur fyrir austurenda Stóra-Knararnesstúnsins frá sjó upp að túngarði, og eptir þessum merkjagarði meðan hann nær til, en frá efri enda hans liggja mörkin í nyrðri Geldingahól; þaðan í nyrðri Keilisbróðir og eptir þeirri stefnu alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Stóra-Knarararness og gagnkvæmt. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Knarrararness, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Knarrararness, sbr. kafla 5.4.4. Syðsta örnefnið sem nefnt er í landamerkjabréfunum er Nyrðri-Keilisbróðir en hann er staðsettur um 2 km suðvestur af Keili samkvæmt bók Sesselju G. Guðmundsdóttur, *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi*.

Samkvæmt landamerkjabréfi Breiðagerðis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Auðnahverfi, miðuð við flæðarmál „...til heiðar liggja mörkin eptir beinni stefnu úr Blákletti, norðanvert við efri Sundvörðuna um Þúfuhól þann, er hún stendur á, skammt fyrir austan tómhúsið Hól þaðan eptir vörðum upp heiðina, milli Auðna — Klofninga og Breiðagerðis — Skjólgarðs, spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróðir, allt að landi Krýsuvíkur í Grindavíkurhreppi“. Bréfið er áritað vegna Auðnahverfis. Landamerkjum Auðnahverfis er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Breiðagerðis. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Auðnahverfis sbr. kafla 5.4.6.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Breiðagerðis er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Breiðagerðis gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatsnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötllum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Breiðagerðis. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggi sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns staði“. eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Breiðagerðis frá 1886 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Breiðagerðis á landamerkjabréf Krýsuvíkur staðfestir þennan skilning. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatsnsleysustrandarhreppi, dags. 1. maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyásingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og þeim hluta hennar var ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunna þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatsnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalyög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Breiðagerði. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Breiðagerðis er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Breiðagerðis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum

sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Breiðagerðis er, að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Grindavík verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

EKKI eru heimildir um annað en að Breiðagerði hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um Almennung í Vatnsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Breiðagerðis hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(2). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Breiðagerðis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁶⁵

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Breiðagerðis, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.10. Auðnahverfi

Auðnahverfi skiptist nú í Auðna, Bergskot og Höfða. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Auðnahverfi, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja. Að Auðnahverfi liggur Breiðagerði til vesturs, hafið til norðurs og Landakot til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu, nálægt hafi. Innan við 1 km er á milli austur- og

³⁶⁵Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vesturmarka Auðnahverfis við sjó. Frá hafi til suðurmarka landsvæðisins eru hins vegar um 14.5 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall, rétt norðan við Þrengslin að Trölladyngju. Gagnvart jörðum á Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Auðnahverfi innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Auðnahverfis lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú þjóðlenda. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Auðnahverfis sbr. skjöl nr. 5, 6 og 19(5) er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggi fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeigenda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotafrétt á svæðinu undir

forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarbeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðunum og þá sérstaklega til landamerkjabréfs Auðnahverfis, dags. 12. júní 1886. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Auðnahverfis er rakin í kafla 5.4.6. Þar kemur fram að Auðna er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁶⁶ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Auðnahverfis er lýst í landamerkjabréfi hverfisins en eldri heimildir um merki þess liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Auðnahverfis verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Auðnahverfis er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Í landamerkjabréfi Auðnahverfis er vesturmörkum jarðarinnar, gagnvart Breiðagerði, lýst þannig að frá flæðarmáli liggja „...mörkin eptir beinni stefnu úr Blákletti í Þúfuhól þann, sem efri Sundvarðan stendur á, skammt fyrir austan tótmúsið „Hól“. Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eptir vörðum upp heiðina milli Auðna — Klofninga og Breiðagerðis — Skjólgarðs spölkorn fyrir norðan nyrðri Keilisbróðir (Litla hrút) alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Breiðagerðis. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Breiðagerðis, dags. 11. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Landamerkjabréf Breiðagerðis er áritað vegna Auðnahverfis. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Breiðagerðis, sbr. kafla 6.9.

Samkvæmt landamerkjabréfi Auðnahverfis eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Landakoti, miðuð við „Markaós, sem er austasti ósinn, er skerst inn úr aðalós þeim, er liggur inn á milli Landakotstanga og Sílalónsskers. Fyrir ofan flæðarmál eru mörkin við suðurenda stakkstæðis, sem Landakoti tilheyrir og um krók þann, er sjávargarðar Landakots og Auðna mynda, þar sem þeir mætast; þaðan eptir

³⁶⁶Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

járnþráðargirðingu í syðsta horn á sjávarkálgarði Landakots, þaðan um Brunnhóla eptir grjótgarði; þaðan eptir gömlu torf-garðlagi og járnþráðargirðingu um sunnanverðan Landakotshól; þaðan út að túngarði eptir gömlu grjótgarðlagi og járnþráðargirðingu; þaðan um Skálholt sunnanvert og um sunnanverða Auðna — Klofninga yfir Stórhæð; þaðan í Klofa og eptir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keilir allt að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Bréfið er áritað vegna Landakots og gagnkvæmt. Í landamerkjabréfi Landakots, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886, er sambærileg lýsing á merkjum Auðnahverfis og Landakots. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Landakots, sbr. kafla 6.11.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk hverfisins til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Auðnahverfis er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Auðnahverfis gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggi yfir Vatnsheiði, þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötllum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, en þar segir að mörkin liggi frá Vatnsheiði að Vatnskötllum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogaseldal. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu eiganda Auðnahverfis. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggi sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns staði“. Eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Auðnahverfis frá 1886 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Breiðagerðis á landamerkjabréf Krýsuvíkur staðfestir þennan skilning. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 1. maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyásingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og þeim hluta hennar var ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunna þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Auðnahverfi. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki torfunnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Auðnahverfis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli sem á landamerkjabréfi Auðnahverfis er, að því leyti að áritun vantar vegna Breiðagerðis og jarða í Grindavík, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Auðnahverfi hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur hverfisins farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Heimildir um svonefndan Almennung í Grindavík og Vatnsleysu eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almennings á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Auðnahverfis hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandahreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Auðnahverfis sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁶⁷

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Auðnahverfis, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

³⁶⁷Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.11. Landakot

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir jörðina Landakot, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Að Landakoti liggur Auðnahverfi til vesturs, hafið til norðurs og Þórustaðir til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða, allt að suðurmörkum. Innan við 1 km er á milli austur- og vesturmarka Landakots við sjó. Frá hafi til suðurmarka landsvæðisins eru hins vegar um 14 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall, rétt norðan við Þrengslin að Trölladyngju. Gagnvart jörðum á Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Landakoti innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Landakots lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú þjóðlenda. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglendi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Landakots, sbr. skjöl nr. 5, 16 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé

fríðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkjja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeigenda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga, né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögbodin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfs Landakots frá 12. júní 1886. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Landakots er rakin í kafla 5.4.7. Þar kemur fram að Landskots er getið í heimildum allt frá því um miðja 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁶⁸ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Landakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar en eldri heimildir um merki hennar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Landakots verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Landakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst til vesturs og austurs.

Samkvæmt landamerkjabréfi Landakots eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Auðnahverfi, miðuð við að fyrir ofan flæðarmál séu þau „...við suðurenda stakkstæðis, sem Landakoti tilheyrir, og um krók eða hlykk þann, er sjávargarðar Landakots og Auðna mynda, þar sem þeir mætast; þaðan eptir járnþráðargirðingu í syðsta horn á sjávarkálgarði Landakots; þaðan um Brunnhóla sunnanverða eptir grjóttgarði, sem þar er hlaðinn; þaðan eptir gömlu torfgarðlagi og járnþráðargirðingu um sunnanverðan Landakotshól; þaðan út að túngarði eptir gömlu grjóttgarðlagi og járnþráðargirðingu, þaðan um Skálholt sunnanvert og um sunnanverða

³⁶⁸Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Auðnaklofninga yfir Stórhæð; þaðan í Klofa og eptir þeirri stefnu spölkorn fyrir sunnan Keilir, allt að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Auðnahverfis og gagnkvæmt. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Auðnahverfis, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Auðnahverfis, sbr. kafla 6.10.

Samkvæmt landamerkjabréfi Landakots eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Þórustöðum, miðuð við „...Sundsker, sem tilheyrir báðum jörðunum að helmingi hvorri; þaðan um hinar svonefndu Markaflúðir, sem liggja á sandinum, beina stefnu í brunninn Djúpugróf; þaðan eptir eptir markasteinum og gömlu garðarlagi, sem aðskilur tún jarðanna, allt upp að túngarði; þaðan beina stefnu eptir vörðum upp eptir heiðinni sunnanvert í rætur Keilis alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Í landamerkjabréfi Þórustaða, dags. 27. maí 1886 og þingl. 15. júní 1886, er sambærileg lýsing á merkjum Landakots og Þórustaða. Landamerkjabréf Þórustaða er áritað af hálfu Landakots og gagnkvæmt. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Þórustaða, sbr. kafla 6.12.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Landakots er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Landakots gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggja yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaselsdal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, en þar segir að mörkin liggja frá Vatnsheiði að Vatnskötum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogasels-dal. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Breiðagerðis. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggja sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns stæði“. Eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Landakots frá 1886 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Landakots á landamerkjabréf Krýsuvíkur styrkir þá niðurstöðu. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 1. maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalysingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og þeim hluta hennar var ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau

landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunná þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Landakot. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Landakots er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Landakots er, að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Grindavík, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur Landakots hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

EKKI eru heimildir um annað en að Landakot hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almennung í Vatnsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Landskots hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar eru ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber að geta þess að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Landakots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða,

án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁶⁹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Landakots, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.12. Þórustaðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir jörðina Þórustaði, dags. 27. maí 1886 og þingl. 15. júní 1886. Að Þórustöðum liggur Landakot til vesturs, hafið til norðurs og Kálfatjarnarhverfi til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið, sem um ræðir, er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna tekur við hraunbreiða allt að suðurmörkum. Um 7.5 km suðaustan Reykjanesbrautar rís úr miðju hrauninu Keilir í 378 m yfir sjávarmáli en suðaustan hans rís Driffell í 252 m yfir sjávarmáli. Frá sjó að Driffelli eru 12.5 km en aðeins 1 km frá austurmörkum að vesturmörkum þar sem land er breiðast í Þórustaðalandi.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin að Trölladyngju. Gagnvart Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili, þaðan í hornpunkt á mörkum Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlið Hvassahraunlands. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Þórustöðum innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Þórustaða lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigandalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglendi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en

³⁶⁹Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Þórustaða, sbr. skjöl nr. 1, 19 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðarinnar teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðarinnar teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögbodin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfs Þórustaða frá 27. maí 1886. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þórustaða er rakin í kafla 5.4.8. Þar kemur fram að Þórustaða er getið í heimildum allt frá því um miðja 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁷⁰ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þórustaða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þórustaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

³⁷⁰Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landamerkjum Þórustaða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 27. maí 1886 og þingl. 15. júní 1886. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þórustaða eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Landakoti, miðuð við Sundsker „...sem tilheyrir báðum jörðunum, nefnilega að helmingi hvorri; þaðan um svonefndar Markaflúðir beina stefnu í brunninn Djúpugróf; (þaðan eptir marksteinum og gömlu garðlagi, sem aðskilur tún jarðanna, allt upp að túngarði; þaðan beina stefnu eptir vörðum upp eptir heiðinni sunnanvert við rætur Keilis alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Landakots og gagnkvæmt. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Landakots, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Landakots, sbr. kafla 6.9.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þórustaða eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Kálfatjarnarhverfi, miðuð við Markklett „...sem er hátt sker fyrir landi, er tilheyrir báðum jörðunum, að helmingi hvorri; þaðan eptir svonefndum Merkjararði, er liggur sunnanvert við tún kirkjuháleigunnar Goðhóla, en norðanvert við móa þann, sem kallaður er Vatnagarður og tilheyrir Þórustöðum; þaðan í hólinn Þórustaðaborg, sem er hæsti hólinn af hólum þeim, er standa norðanvert við gamalt stekkjartún, sem nefnt er Þórustaðaborg eptir hólnum. Þaðan í hólinn Stóra-Lynghól miðjan; þaðan í Sýrholt; þaðan í Hrafnafell, sem er lítið fell fyrir norðan Keilir; þaðan beina stefnu alla leið að landi Krísivíkur í Grindavíkurhreppi, eptir sjónhendingu úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á Grænavatnsengjum“. Bréfið er áritað vegna Kálfatjarnarkirkju og gagnkvæmt. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Kálfatjarnar, dags. 9. júlí 1884 og þingl. 15. júní 1885, en í bréfinu eru þó tiltekin tvö örnefni milli Sýrhólts og Krýsuvíkur sem ekki er gert í bréfi Kálfatjarnar. Þar segir að frá Lynghól séu mörkin „...að landi Krýsivíkur í Grindavíkurhreppi beina stefnu um Sýrholt“. Samkvæmt því er landamerkjabréf Þórustaða nákvæmara að því er varðar merki til suðurs. Sýrholt er nokkru neðar en Grindavíkurgjá og norðaustan við Auðnasel. Hrafnafell er hins vegar ofar eða norðaustan undir Keili og hluti af svokölluðum Keilibörnum. Grænavatnsengjar eru ekki merktar inn á kortagrunn Landmælinga Íslands. Grænavatnseggjar eru hins vegar við Grænavatn suðvestur af Selsvallafjalli. Deilt er um hvort Grænavatnseggjar tilheyrir Grindavík eða Vatnsleysustrandarhreppi.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk jarðarinnar til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Landamerkjabréf Þórustaða er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Þórustaða gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggja yfir Vatnsheiði, þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af

Sogaselsdal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Í bréfinu segir að mörkin liggi frá Vatnsheiði að Vatnskötum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogasels-dal. Bréf Hrauns er ekki áritað af vegna Þórustaða. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggi sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns stæði“. eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Þórustaða frá 1886 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Þórustaða á landamerkjabréf Krýsuvíkur styrkir þá niðurstöðu. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 1. maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyningar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og þeim hluta hennar var ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunna þau eintök bréfanna að vera glötuð.

Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalyög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Þórustaði. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Þórustaða er áritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nággranna, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Þórustaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Þórustaða er, að því leyti að áritun vantar vegna jarða í Grindavík, verður ekki talin hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Þórustaðir hafi verið byggðir og nýttir eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefnda Almenninga í Vatnsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Þórustaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber að geta þess að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Þórustaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁷¹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þórustaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.13. Kálfatjörn

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Kálfatjörn, dags. 27. maí 1886 og þingl. 15. júní 1886, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja. Að Kálfatjörn liggja Þórustaðir til vesturs, hafið til norðurs og Vatnsleysa til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

Landsvæðið, sem um ræðir, er mjög flatt, láglent og einsleitt. Bæjarstæðin liggja nyrst á landsvæðinu nálægt hafi. Sunnan bæjarstæðanna og túnanna tekur við hraunbreiða sem nær allt að suðurmörkum landsvæðisins. Tæpum 3 km sunnan Reykjanesbrautar er alllöng Grindavíkurgjáin sem er með leguna norðaustur-suðvestur. Neðri bergveggur hennar snýr til fjalla og er víða 4–6 m hærri en sá neðri. Frá sjó að Oddafelli eru rúmir 12 km en aðeins um 2 km frá austurmörkum að vesturmörkum þar sem land er breiðast í Kálfatjarnarhverfi.

³⁷¹Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Frá Selsvallarfjalli er dregin lína í Trölladyngju og þaðan yfir punkt nv. við Fjallið Eina. Gagnvart jörðum í Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli þaðan beint í Keili, þaðan í hornpunkt á mörkum Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlíð Hvassahraunlands. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Kálfatjörn innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Kálfatjarnar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til Þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til Þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir síðastnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé Þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan Þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Kálfatjarnarhverfis og Flekkuvíkur, sbr. skjöl nr. 5, 10, 14 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggi fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar

heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga, né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðunum og þá sérstaklega til landamerkjabréfa Kálfatjarnarhverfis, það fyrra dags. 9. júní 1884 og þingl. 15. júní 1885 og hið seinna dags. 30. desember 1921 og þingl. 14. júní 1922. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kálfatjarnar er rakin í kafla 5.4.9. Þar kemur fram að Kálfatjarnar er getið í heimildum allt frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁷² Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Kálfatjarnar er lýst í landamerkjabréfum hverfisins og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Kálfatjarnarhverfis verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Heildstæðustu lýsinguna á landamerkjum Kálfatjarnar er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 9. júní 1884 og þingl. 15. júní 1885. Þá er merkjum jarðarinnar einnig lýst í landamerkjabréfi, dags. 30. desember 1921 og þingl. 14. júní 1922, en þá hafði jörðin Flekkuvík verið seld undan Kálfatjörn. Suðurmerkjum jarðarinnar er þó ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfunum. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt til suðurs merkjum er lýst að vestan og sunnan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kálfatjarnar frá 1884 eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Þórustöðum, miðuð við Markklett „...sem er hátt sker fyrir landi, þaðan eftir svo nefndum merkjagarði er liggur fyrir túni Kálfatjarnarhjáleigunnar Goðhóla og hinsvegar fyrir túni Norðurkots, þaðan í Þórustaðaborg, þaðan í Lynghól, þaðan að landi Krýsivíkur í Grindavíkurbreppi beina stefnu um Sýrholt“. Bréfið er áritað vegna Þórustaða. Í landamerkjabréfi Þórustaða, dags. 12. júní 1886 og þingl. 15. júní 1886, er merkjum lýst með samsvarandi hætti. Í bréfi Þórustaða eru tiltekinn fleiri örnefni til suðurs. Þar segir að mörkin séu frá Sýrholti „...þaðan í Hrafnafell, sem er lítið fell fyrir norðan Keilir; þaðan beina stefnu alla leið að landi Krýsivíkur í Grindavíkurbreppi, eptir sjónhendingu úr Hrafnafelli í hæsta hnjúkinn á

³⁷²Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

Grænavatnsengjum“. Samkvæmt þessu tilgreinir landamerkjabréf Þórustaða tvö örnefni fyrir sunnan Sýrholt sem landamerkjabréf Kálfatjarnar gerir ekki. Að öðru leyti ber landamerkjabréfunum saman. Landamerkjabréf Þórustaða er áritað vegna Kálfatjarnar að því leyti sem það er samhljóða landamerkjabréfi Kálfatjarnar. Í lögfestu fyrir Kálfatjörn frá 1790 er merkjum jarðarinnar til vesturs einungis lýst í Sýrholt, þ.e. frá Þórisstaðaborg og í Sýrholt. Í fasteignamati frá 1916–1918 er vesturmörkum hins vegar lýst „...í Þórustaðaborg, þaðan beina línu í Línghól, þaðan að landi Krísivíkur“. Er lýsingin í fasteignamatinu því í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kálfatjarnar eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Vatnsleysu, klettur „...út við sjó, hjer um bil miðja vega milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu, sá er Klukka er nefndur, þaðan í Hádegishóla, þaðan í Eystri-Hafnhól, þaðan um nyrðri Flekkuvíkurás, þaðan í Einiberjahól, þaðan um Kolhól beina stefnu að Krýsivíkurlandi“. Bréfið er áritað vegna Vatnsleysujarða. Í landamerkjabréfi Kálfatjarnar frá 1921 er tilvísun til bréfsins frá 1884 varðandi mörkin milli Kálfatjarnar og Vatnsleysu. Staðsetning Kolhóls er þekkt en hann er 2 km norðan við Keili. Í lögfestu Kálfatjarnar frá 1790 eru merki jarðarinnar til austurs sögð frá Markasteini í Nýjugarða „...þaðan og í Arnarvörðu, þaðan og í Flekkuvíkursel“. Flekkuvíkursel er norðaustan Sýrholts og neðan Einiberjahóls. Lýsir því lögfestan merkjum Kálfatjarnar mun skemur en gert er í landamerkjabréfinu. Í lýsing fasteignamats frá 1916–1918 segir að mörkin séu úr Keilisnesi „...þaðan beina línu í eystri Hafnhól, þaðan í Flekkuvíkurás, Einiberhóll, Kolhóll, þaðan beina stefnu að Krísuvíkurlandi“. Er sú lýsing í samræmi við landamerkjabréfið. Í skoðunar og matsgerð vegna Flekkuvíkur, dags. 21. maí 1909, eru merki Flekkuvíkur til austurs miðuð við Minni-Vatnsleysuland „...að austanverðu, alt vestur í hinn svo nefnda Keilisnessklett, þaðan upp Neshólana um Arnarvörðu, um sunnanvert Flekkuvíkursel, beina stefnu til fjalls, alla leið að Krýsivíkurlandi“.

Ekki er til landamerkjabréf fyrir Vatnsleysujarðir en í fasteignamati 1916–1918 er greint frá merkjum Vatnsleysu. Samkvæmt þeirri lýsingu eru merki til vesturs gagnvart Flekkuvík „...úr Klukku við sjó, þaðan beint í litla Hafnhól um Vatnsleysuselás, þaðan í stóra Kolhól, þaðan í Hrafnafell, þaðan að Krísuvíkurlandi, þá norður með Krísuvíkurlandi“. Miðað við núverandi skiptingu Flekkuvíkur og Kálfatjarnar er einnig um að ræða við mörk Vatnsleysu gagnvart Kálfatjörn. Þá er það í andstöðu við aðrar heimildir að mörkin liggi gegnum Hrafnafell enda er fellið í mörkum Kálfatjarnar og Þórustaða.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins varðandi mörk hverfisins til suðurs þarfnast frekari skoðunar. Athygli vekur að merkjum Kálfatjarnar er ekki lýst alla leið að Krýsuvíkurlandi fyrr en í landamerkjabréfinu 1884. Lýsing lögfestu Kálfatjarnar frá 1790 mælir landamerkjabréfinu þó ekki í mót, enda er suðurmerkjum ekki lýst að öðru leyti en því að tiltekin eru kennileiti til austurs og vesturs og merkjum þannig

ekki lokað að sunnanverðu. Landamerkjabréf Kálfatjarnar er ekki áritað af hálfu Hrauns eða Krýsuvíkur í Grindavík. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Kálfatjarnar gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggja yfir Vatnsheiði þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötllum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890, en þar segir að mörkin liggja frá Vatnsheiði að Vatnskötllum, fyrir norðan Fagradals-fjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall, uppaf Sogasels-dal. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Kálfatjarnarhverfis. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggja sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatns stæði“. Eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þinglýst 20. júní 1890. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er áritað vegna Kálfatjarnar. Þá ber þess að geta að landamerkjabréf Kálfatjarnar frá 1884 er áritað vegna Ísólfskála í Grindavík.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Kálfatjarnar frá 1884 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Kálfatjarnar á landamerkjabréf Krýsuvíkur styður þá niðurstöðu. Þá ber þess að geta að í yfirlýsingu bænda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. í maí 1920 og þingl. 31. maí 1920, kemur fram að landamerkjalyðsingar Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landakots, Þórustaða og Kálfatjarnar hafi verið áritaðar 1891 af Árna Gíslasyni, eiganda Krýsuvíkur. Yfirlýsingin var lesin á manntalsþingi Grindavíkurhrepps og þeim hluta hennar var ekki mótmælt af jarðeigendum í Grindavík. Þau landamerkjabréf sem liggja frammi í málinu bera þá áritun þó ekki með sér. Kunn þau eintök bréfanna að vera glötuð. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjalyög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Kálfatjarnarhverfi. Óbyggðanefnd telur að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Kálfatjarnar er áritað af fyrirvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Hrauns og Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Kálfatjarnarhverfi er, að því leyti að áritun vantar vegna Krýsuvíkur, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að

eigendur Kálfatjarnarhverfis hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Kálfatjarnarhverfi hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almennung í Vatnsleysuströnd eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Kálfatjarnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber að geta þess að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að Kálfatjörn liggja landsvæði sem í máli þessu hafa verið úrskurðuð eignarlönd, sbr. kaflar 6.3, 6.4, 6.12. og 6.14. Er þannig leitt í ljós að allt landsvæðið vestan, sunnan og austan merkja Kálfatjarnar er eignarland og samkvæmt framangreindu styðja gögn málsins þá niðurstöðu að sama máli gegni um Kálfatjörn.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Kálfatjarnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁷³

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Kálfatjarnar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.14. Vatnsleysa

Vatnsleysa skiptist nú í Stóru- og Minni-Vatnsleysu. Hér verður fjallað um land innan merkja Vatnsleysu svo sem þau verða ráðin af heimildum. Að Vatnsleysu liggur Flekkuvík og Kálfatjörn til vesturs, hafið til norðurs og Hvassahraun til austurs. Að sunnan er landsvæði sem jarðirnar Krýsuvík og Hraun í Grindavík gera tilkall til.

³⁷³Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsvæðið, sem um ræðir, er mjög flatt, láglent og einsleitt og þakið misgömlum hraunlögum. Bæjarstæðin eru nálægt hafi nyrst á landsvæðinu. Í hraunbreiðunum er nokkuð um dældir og skúta. Um 4 km suðvestan bæjarstæðanna er hóll sem stendur upp úr hraunbreiðunni og kallast hann Einiberjahóll. Syðst á landsvæðinu eða um 9 km suðvestur af bæjarstæðunum eru Höskuldarvellir sem er mikið flatt graslendi undir norðvestur hlíðum Trölladyngju. Trölladyngja er allhár fjallshryggur (37 m) sem rís tignarlega úr flatlendinu sem umlykur það. Skammt suðvestan Trölladyngju liggur Oddafell sem er tæplega 2 km langur, gróðurlítill, ávalur hryggur.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Frá Selsvallarfjalli er dregin lína í Trölladyngju og þaðan yfir punkt norðan við Fjallið Eina. Gagnvart jörðum í Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili, þaðan í hornpunkt á mörkum Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlið Hvassahraunlands. Samkvæmt þessari kröfugerð er suðurhluti Vatnsleysustrandarhrepps innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Vatnsleysu lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja hverfisins. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.11.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú þjóðlenda. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur, en hinir tveir fyrstnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um, af hálfu ríkisins, að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af

jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Stóru- og Minni-Vatnsleysu, sbr. skjöl nr. 5, 17 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggja fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeigenda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotaafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Jafnframt er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfa um merki hennar. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Vatnsleysujarða er rakin í kafla 5.4.11. Þar kemur fram að Vatnsleysu er getið í heimildum allt frá seinni hluta 13. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁷⁴ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Vatnsleysu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja torfunnar, þ.e. merkja torfunnar að því leyti sem þau liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Vatnsleysu verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Heildstæðustu lýsinguna á landamerkjum Vatnsleysu er að finna í landamerkjabréfi Kálfatjarnar, dags. 9. júní 1884 og þingl. 15. júní 1885, og landamerkjabréfi um mörk Hvassahrauns og sameignarjarðanna Stóru- og Minni-Vatnsleysu, dags. 15. júní 1889 og þingl. 17. júní 1889. Ekki er til landamerkjabréf sem tekur til suðurmerkja jarðarinnar. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Merki Vatnsleysu til vesturs má ráða af landamerkjabréfi Kálfatjarnar, dags. 9. júní 1884 og þingl. 15. júní 1885. Samkvæmt bréfinu eru merki milli jarðanna sögð klettur „...út við sjó, hjer um bil miðja vega milli Flekkuvíkur og Minni-Vatnsleysu, sá er Klukka er nefndur, þaðan í Hádegishóla, þaðan í Eystri-Hafnhól, þaðan um

³⁷⁴Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

nyrðri Flekkuvíkuras, þaðan í Einiberjahól, þaðan um Kolhól beina stefnu að Krýsivíkurlandi“. Bréfið er áritað vegna Vatnsleysujarða. Samkvæmt lýsingu fasteignamats 1916–1918 eru mörk Vatnsleysu gagnvart Kálfatjörn „...úr Klukku við sjó, þaðan beint í litla Hafnhól um Vatnsleysuselás, þaðan í stóra Kolhól, þaðan í Hrafnafell, þaðan að Krísuvíkurlandi, þá norður með Krísuvíkurlandi“. Síðastnefnd lýsing er ekki að fullu í samræmi við landamerkjabréf Kálfatjarnar. Meðal annars liggja mörkin í Hrafnafell en samkvæmt landamerkjabréfum Kálfatjarnar og Þórustaða er Hrafnafell í merkjum þeirra jarða. Í landamerkjabréfi Kálfatjarnar, dags. 30. desember og þingl. 14. júní 1922, er vísað til bréfsins frá 1884 varðandi merki gagnvart Vatnsleysu.

Samkvæmt landamerkjabréfi um mörk Hvasshrauns og Vatnsleysu, dags. 15. júní 1889 og þingl. 17. júní 1889, eru merki Vatnsleysu til austurs úr „...Innra hraunshorninu í Fögruvík, og þaðan í afstapaþúfu, og þaðan beina stefnu í Snókafelli, og úr Snókafelli beina stefnu í Krísuvíkurland“. Bréfið er áritað vegna beggja jarðanna. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 er merkjum lýst með sambærilegum hætti.

Verður þá litið til suðurmerkja Vatnsleysu. Syðsti hluti þess svæðis sem eigendur Vatnsleysu gera kröfu um skarast á við kröfur Hrauns og Krýsuvíkur í málinu. Gera eigendur Hrauns kröfu um að mörkin liggja yfir Vatnsheiði, þaðan sem sjónhending ræður að Vatnskötlum fyrir norðan Fagradalsfjall, þaðan til austurs á Selsvallafjall upp af Sogaseldal. Er krafa Hrauns í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 12. október 1889 og þingl. 20. júní 1890. Bréf Hrauns er ekki áritað af hálfu Vatnsleysujarða. Eigendur Krýsuvíkur gera kröfu um að mörkin liggja sjónhendingu „...úr Dágon, sem er klettur við sjó á Selatöngum, og í rætur Trölladyngju að vestan og þaðan í Markhelluhól svonefndan við Búðarvatnsstæði“. Eru kröfur eigenda Krýsuvíkur í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. maí 1890 og þinglýst 20. júní 1890. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er áritað vegna Vatnsleysujarða.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Kálfatjarnar og landamerkjabréf um mörk Vatnsleysu og Hvasshrauns, bæði undirrituð vegna Vatnsleysujarða, bendi ótvírætt til þess að eigendur Vatnsleysu hafi litið svo á að merki jarðanna næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Vatnsleysu á landamerkjabréf Krýsuvíkur styður þá niðurstöðu. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf um mörk milli Vatnsleysu og Hvassahrauns. Á sama tíma staðfesta fyrirvarsmenn Vatnsleysu merki jarðarinnar gagnvart öðrum aðliggjandi jörðum, þ.e. Kálfatjörn og Krýsuvík. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Vatnsleysu sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Bréf þessi eru árituð af fyrirvarsmönnum jarðanna, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta, aðra en eigendur Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Vatnsleysu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Vatnsleysa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfunum hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðarlandið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að Vatnsleysu liggja landsvæði sem í máli þessu hafa verið úrskurðuð eignarlönd, sbr. kaflar 6.4, 6.13. og 6.14. Er þannig leitt í ljós að allt landsvæðið vestan, sunnan og austan merkja Vatnsleysu er eignarland og samkvæmt framangreindu stýðja gögn málsins þá niðurstöðu að sama máli gegni um Vatnsleysu.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almennung í Vatnsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almennings á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða hans, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Vatnsleysujarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Vatnsleysu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða,

án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁷⁵

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Vatnsleysu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.15. Hvassahraun

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfum fyrir jörðina Hvassahraun án þess að tekið sé tillit til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja. Merki milli Hvassahrauns og Vatnsleysu kom fram í landamerkjabréfi jarðanna, dags. 15. júní 1889 og þingl. 17. júní 1889. Merki milli Hvassahrauns og Lónakots koma fram í landamerkjabréfi, dags. 7. júní og þingl. 16. júní 1890. Þá er til landamerkjabréf um mörkin milli Hvassahrauns annars vegar og Lónakots og Óttarsstaða hins vegar, dags. 13. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890.

Að Hvassahrauni liggur Vatnsleysa til vesturs, hafið til norðurs, Lónakot og Óttarsstaðir til austurs og Krýsuvík til suðurs.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, láglent og einsleitt og er þakið misgömlum hraunlögum. Í hraunbreiðunum er nokkuð um dældir og skúta. Nyrst á landsvæðinu er mosavaxið Rjúpnadalshraun og liggur torfær Afstapahraunbreiðan vestan þess. Fyrir miðju landsvæðisins er Geldingahraun en þar fyrir sunnan er hraunbreiða sem kallast Dyngnahraun/Dyngjuhraun og er hún nokkuð úfin. Norðaustarlega á Dyngnahrauni er stórt og rennislétt mosasvæði með nokkrum hólum eða klettum sem standa upp úr því og kallast þetta svæði Mosar. Sunnan Mosa liggja Einihlíðar en það eru lágar, langar en gróðurrikar hlíðar. Lambafell eru tvö fell, Eystra-Lambafell (182 m) og Vestra-Lambafell (162 m) og standa þessi tvö fell upp úr hraunbreiðunni. Um 2 km norðan Vestra-Lambafells stendur ávallt og gróðurlítið Snókafellið (143 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína gagnvart Grindavík úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall rétt norðan við Þrengslin. Frá Selsvallarfjalli er dregin lína í Trölladyngju og þaðan yfir punkt norðan við Fjallið Eina. Gagnvart jörðum í Vatnsleysu hefur íslenska ríkið dregið kröfulínuna úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan beint í Keili, þaðan í hornpunkt á mörkum Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlið Hvassahraunlands. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Hvassahrauns lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.12. og 3.13.

³⁷⁵Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þetta megi ráða af lögtöku nýbýlatilskipunar konungs 1776. Byggt er á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Til forna hafi almenningar verið bæði hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendinu og niðri á láglandi. Heimildir bendi til þess að á Reykjanesi séu þrjú landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Grindavíkuralmenningur, Selsvellir og Suðurnesjaalmenningur, en hinir tveir síðastnefndu séu upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins að sé þjóðlenda. Þá er vísað til þess að engar heimildir séu til um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfussvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavík og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfunum.

Af hálfu eigenda Hvassahrauns, sbr. skjöl nr. 5, 12, 13 og 19(5), er byggt á því að landið hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig liggi fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt land jarðanna teljist eignarland. Byggt er á að réttur til að reka í sel einstakra jarða sé ítaksréttur sem bendi til beins eignarréttar en ekki hins gagnstæða. Þá séu engar heimildir um að hluti jarðanna teljist afréttur í merkingu laga né heimildir um samnotafrétt á svæðinu undir forræði sveitarfélagsins. Öll landgæði hafi verið nýtt af jarðeigendum og lögboðin gjöld greidd af öllu landinu. Nýting Strandarheiðar hafi verið jafn mikilvægur hluti af nýtingu jarðarinnar og nýting túna til sláttar og fjöru til vetrarþeitar. Einnig er vísað til þinglýstra eignarheimilda að jörðinni og þá sérstaklega til landamerkjabréfs um merki Hvassahrauns og Vatnsleysu frá 15. júní 1889 og landamerkjabréfs um merki Hvassahrauns gagnvart Lónakoti og Óttarsstöðum frá 13. júní 1890. Loks er vísað til þeirrar dómvenju að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild teljist eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvassahrauns er rakin í kafla 5.4.12. Þar kemur fram að Hvassahrauns er getið í heimildum allt frá fyrri hluta

13. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.³⁷⁶ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvassahrauns er lýst í landamerkjabréfum jarðarinnar en eldri heimildir um merki jarðarinnar liggja ekki fyrir. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að hverfinu. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvassahrauns verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Hvassahrauns er lýst í fyrrnefndum landamerkjabréfum. Suðurmerkjum jarðarinnar er þar ekki lýst sérstaklega. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvassahrauns og Vatsleysu, dags. 15. júní 1889 og þingl. 17. júní 1889, eru merki Hvassahrauns til vesturs sögð frá „...Innra hraunshorninu í Fögruvík, og þaðan í afstapaþúfu, og þaðan beina stefnu í Snókafell, og úr Snókafelli beina stefnu í Krýsuvíkurland“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Hvassahrauns og Vatsleysu. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í gerðabók fasteignamats 1916–1918 og þar segir að merki milli Hvassahrauns og Vatsleysu séu miðuð við „... Klettur innan til við Fögruvík, þaðan í Afstapaþúfu þaðan í Snókafell, þaðan að Krýsuvíkurland“. Síðasta örnefnið sem er tiltekið áður en línan er dregin að Krýsuvíkurlandi er Snókafell. Fellið liggur fyrir norðan Eldborgarhraun og er því nokkru fyrir neðan mörk Krýsuvíkur.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvassahrauns, Lónakots og Óttarsstaða, dags. 13. júní 1890 og þingl. 16. júní 1889, eru merki Hvassahrauns til austurs miðuð við „...markaklett við sjóinn austanvert við Hraunsnes úr markaklett í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóragrænhól úr Stóragrænhól í Hólbrunnsvörðu úr hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu úr Skorásvörðu í Miðkrossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi, svo heldur áfram sömu stefnu millum Hvassahrauns og Óttarstaða úr Miðkrossstapa í Klofningsklett með vörðu hjá sunnanvert við Einirhól, úr Klofningsklett í búðarvatnsstaði úr búðarvatnsstaði í Markhelluhól, sem er hornmark frá Hvassahrauni, Óttarstöðum og Krýsuvík með áklöppuðum stöfunum Hvass., Óttas. og Kr.vík.“ Bréfið er áritað vegna Hvassahrauns, Lónakots og Óttarsstaða. Bréfið er orðrétt í samræmi við landamerkjabréf um mörk Lónakots og Hvassahrauns, dags. 7. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890, um merkin upp að Miðkrossstapa. Í gerðabók fasteignamats 1916–1918 eru merki Hvassahrauns til norðurs miðuð við Hraunnesvörðu „...þaðan í marka vörðu, þaðan í vörðu á Krossstapa, þaðan sömu stefnu til Krýsuvíkurland“. Ljóst er að verið er að lýsa austurmörkum jarðarinnar. Í

³⁷⁶Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

samræmi við málvenju á svæðinu er jafnan talað um norður þegar átt er við austur. Lýsingin í gerðabók fasteignamatsins getur samrýmst lýsingu í landamerkjabréfi þó færri örnefni séu þar tiltekin.

Samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890, eru norðvesturmerki jarðarinnar gagnvart jörðum á Vatnsleysuströnd miðuð við „...Dagon (=Raufarklett), sem er klettur við flæðarmál á Selatöngum í Trölladyngjufjallsrætur að vestan, sem er útbrunnið eldfjall norðanvert í Vesturhálsi; þaðan bein stefna í Markhelluhól háan steindranga við Búðarvatnsstaði“. Bréfið er áritað vegna Hvassahrauns. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er í samræmi við landamerkjabréf um mörk Hvassahrauns annars vegar og Lónakots og Óttarsstaða hins vegar. Miða bæði bréfin við að mörkin liggja í Markhelluhól. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnum 14. desember 1971, var landamerkjabréf Krýsuvíkur lagt til grundvallar að því er varðar norðurmörk jarðarinnar. Er því Markhelluhóll dæmt hornmark Krýsuvíkur gagnvart Hvassahrauni í Vatnsleysu og Óttarsstöðum í Hafnarfirði.

Óbyggðanefnd telur að fyrrnefnd landamerkjabréf frá 1889 og 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur Hvassahrauns hafi litið svo á að merki jarðarinnar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum jarðarinnar og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk, ráðið. Áritun vegna Hvassahrauns á landamerkjabréf Krýsuvíkur styður þá niðurstöðu. Svo sem rakið er í kafla 5 hafa lengi staðið deilur um mörk jarða í Vatnsleysustrandarhreppi annars vegar og í Grindavík hins vegar. Kemur þar bæði til að landamerkjabréf jarða á mörkum sveitarfélaganna eru ónákvæm og ágreiningur er um staðsetningu einstakra örnefna. Óbyggðanefnd er ekki ætlað að leysa úr slíkum ágreiningi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 eru gerð þrjú landamerkjabréf sem taka til Hvassahrauns. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Hvassahrauns eru árituð af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna, aðra en eigendur Krýsuvíkur. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hvassahrauns hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli sem á landamerkjabréfum Hvassahrauns er, að því leyti að áritun vantar vegna Krýsuvíkur, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Ekki eru heimildir um annað en að Hvassahraun hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfunum frá 1889 og 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðarlandið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Að slepptum ágreiningi um sveitarfélagamörk á svæðinu verður ekki annað séð en þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Heimildir um svonefndan Almennung í Vatnsleysustrandarhreppi eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.16. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Hvassahrauns hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar eru ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Vatnsleysustrandarhreppi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 22(1). Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu, hefur af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hvassahrauns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.³⁷⁷

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hvassahrauns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.16. Réttarstaða ætlaðra almennunga í Grindavík og á Vatnsleysuströnd

Svo sem lýst er í köflum 6.3.–6.15., um einstakar jarðir hér að framan, er það niðurstaða óbyggðanefndar að allt þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu sé eignarland. Því til stuðnings er vísað til þeirrar umfjöllunar sem hér fer á eftir og tekur til ætlaðra almennunga í Grindavík og Vatnsleysu, þ.e. „Suðurnesjaalmenning“ og Selsvalla. Hér verður þannig gerð grein fyrir og tekin afstaða til þeirra röksemda sem íslenska ríkið hefur haldið fram kröfum sínum til stuðnings og varða landsvæði þessi sameiginlega. Þess skal getið að um þriðja landsvæðið sem gerð er þjóðlendukrafa til í máli þessu, þ.e. „Grindavíkuralmenning“, er fjallað í kafla 6.4., um Krýsuvík.

Þjóðlendukröfusvæði þessi liggja saman og eru nánar tiltekið afmörkuð svo: Gagnvart jörðum í Grindavík er kröfulína ríkisins dregin úr Fagradalsvatnsfelli, þaðan

³⁷⁷Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

í Hraunsselsvatnsfell og síðan til austurs í Selsvallafjall, rétt norðan við Þrengslin. Frá punktinum í Selsvallarfjalli er dregin lína í Trölladyngju og þaðan yfir punkt norðan við Fjallið Eina. Gagnvart jörðum í Vatnsleysu er dregin lína úr Fagradalsvatnsfelli í Keili og þaðan í hornpunkt á mörkum Almennings milli Geldingahrauns og Afstapahrauns á vestari merkjalínu, sem liggur til norðurs á vesturhlíð Hvassahraunlands. Þaðan er fylgt teiknuðum jaðri Almenninga inn fyrir mörk Hafnarfjarðar.

Af hálfu eigenda jarða í Grindavík og Vatnsleysustrandarhreppi er því hins vegar haldið fram að landsvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarða í Grindavík og Vatnsleysu og undirorpið beinum eignarrétti. Sjónarmiðum jarðeigenda er lýst í köflum 6.3–6.15.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1A, 1B og 1B(8), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Þá er byggt á því að landsvæði, sem nefnd hafa verið og talin almenningar frá fornu fari, teljist nú til þjóðlendna. Sama gildi um landsvæði, sem heimildir greini að hafi verið í almannanotum. Almenningar til forna hafi bæði verið hið efra og hið ytra, sem merki að þeir hafi bæði verið á hálendi og láglandi. Á Reykjanesi séu þrjú samliggjandi landsvæði, sem teljist til almenninga og þar af leiðandi til þjóðlendna, þ.e. Selsvellir, Suðurnesjaalmenningur og Grindavíkuralmenningur. Heimildir bendi til þess að upp af jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi sé almenningur. Þannig séu engar heimildir um nýtingu Selsvalla frá bæjum á Vatnsleysuströnd. Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafi jarðir á Vatnsleysuströnd átt frjálsa kolagjörð í almenningum. Slíkt hefði ekki komið til ef jarðirnar hefðu átt það land sem gerð er þjóðlendukrafa til. Hraunbreiður fyrir ofan Strandarheiði og Vatnsleysuheiði hafi um aldir verið ófærar öllum og því litlar heimildir um landnot Strandarjarða innan þjóðlendukröfusvæðis. Vísað er til þess að landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi séu ekki undirskrifuð af jarðeigendum í Grindavíkurkaupstað og yfirleitt engin örnefni ofarlega í landinu tiltekin í landamerkjabréfum.

Í köflum 6.3.–6.15. hér að framan er ítarlega rakið hvernig merkjum jarða í Grindavík og á Vatnsleysu er lýst í landamerkjabréfum og öðrum fyrirliggjandi heimildum. Komist er að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfin, gerð á árunum 1884–1921, taki til alls þess lands sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu til og hér er fjallað um, þ.e. „Suðurnesjaalmenning“ og Selsvalla. Þannig lýsa landamerkjabréf Vogatorfu, Brunnastaðahverfis og Hlöðuneshverfis merkjum til suðurs svo langt sem Vatnsleysustrandarhreppur nær. Landamerkjabréf Ásláksstaða, Knarrarness, Breiðagerðis, Auðnahverfis, Landakots, Þórustaða, Kálfatjarnar, Vatnsleysu og Hvassahrauns lýsa öll merkjum í land Krýsuvíkur í Grindavík. Samkvæmt kröfugerð eigenda Krýsuvíkur tilheyrir norðausturhluti þjóðlendukröfusvæðisins þeirri jörð. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er áritað vegna allra jarða í Vatnsleysustrandarhreppi

austan Vogatorfu. Loks lýsa eigendur Hrauns kröfum inn á þjóðlendukröfuvæðið að sunnan. Eldri heimildir um merki framangreindra jarða í Grindavík og Vatsleysu eru ekki taldar mæla landamerkjabréfunum í mót að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindu liggur landsvæði það sem íslenska ríkið nefnir „Suðurnesjaalmenningur“ og Selsvellir að öllu leyti innan merkja jarða á Vatsleysu að norðanverðu og í Grindavík að sunnan- og suðaustanverðu. Til austurs við framangreint svæði er land í Hafnarfirði sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavík.

Heimildir um merki jarða í Grindavík og Vatsleysu mæla því þannig í mót að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé þjóðlenda. Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2. Jafnframt styðja staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar á þessu svæði þá niðurstöðu að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir svæðinu með námi.

Í kafla 5.7. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um almenninga á Suðurnesjum. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis. Þá er í kafla 5.6. fjallað almennt um afréttarnot í Grindavík og Vatsleysustrandarhreppi.

Fyrsta heimildin sem gefur vísbendingu um afmörkun hinna svonefndu almenninga er í gögnum meðfylgjandi Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 en þar segir: „...það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi“. Næst er almenningurinn afmarkaður í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá árinu 1785. Segir þar að „milli Kálfatjarnarsóknar og Garðasóknar [...] [sé] hálent hraunsvæði, sem Almenníngur nefnist. Er það 2 mílur að breidd og 3 mílna langt frá sjónum upp að fjöllum“. Almenníngnum er næst lýst í sóknarlýsingu Geirs Bachmann frá 1840. Segir í sóknarlýsingunni að almenningurinn nái „...milli fjalls og sjóar, suður alla Vatsleysuströnd, fyrir ofan Vogana, Vogastapa og Njarðvíkur“. Þá nefnir Geir annan anga almenningsins sem „...skerst út úr fyrir sunnan Stóra-Skógfell, milli Svartsengis og Þorbjarnarfells að norðan, en Húsafells að sunnanverðu. Liggur sá armurinn fram í Þorkötlustaðanes“. Loks segir í bókinni Lýsing Íslands III eftir Þorvald Thoroddsen frá 1908 að á Reykjanesskaga séu hraunbreiður miklar sem kallaðar eru Almenníngar „...líklega af því fólk frá nálægum bæjum hafði sameiginlega beit og hrísrif“.

Ljóst er að framangreindar heimildir eru brotakenndar og misvísandi um stærð þess svæðis sem nefnt hefur verið Almenníngur. Af þeim verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um afmörkun almenninga í Grindavík og Vatsleysu. Þá skal

Þess getið að afmörkun sú sem fram kemur í merkjalýsingu umsjónarmanns Almennings-skóga Álftaness frá 21. júní 1849, og vísað er til af hálfu íslenska ríkisins, tekur ekki til lands innan Vatnsleysustrandarhrepps en nær inn fyrir það landsvæði sem eigendur Krýsuvíkur í Grindavík gera kröfu um í málinu. Um svokallaða Almennings-skóga Álftaness vísast nánar til kafla 6.4. í máli þessu og kafla 6.8. og 6.10. í máli 2/2005, Stór-Reykjavík.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins almenningar, skal þess fyrst getið að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar en hefðbundin greining geri ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum. Það hafi hins vegar allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi og fjöru.³⁷⁸

Í umfjöllun um einstakar jarðir í jarðabókinni 1703 kemur fram að allar jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi, að undanskildu Hvassahrauni, hafi átt skóg til kolagjörðar í almenningum. Þá áttu flestar jarðir í Grindavík samsvarandi rétt. Óbyggðanefnd telur að heimildir Jarðabókar um rétt jarða til að brúka skóg í Almenningum verði að skoðast í því ljósi að nær allar jarðir í Grindavík og Vatnsleysu voru í eigu konungs þegar Jarðabókin var skrifuð. Gæti nefndur Almenningur því allt eins hafa verið landsvæði í eigu konungs sem ábúendur viðkomandi jarða höfðu sameiginleg afnot af. Þá gæti réttur jarðanna hafa verið hefðbundinn ítaksréttur. Slíkur réttur hefur verið skilgreindur þannig að hann veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.³⁷⁹ Í Jarðabókinni frá 1703 er sérstaklega tekið fram um nokkrar jarðir að þær brúki skóg til kolagjörðar í almenningum „frí“. Bendir það fremur til þess að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Í því sambandi má benda á bréf Geirs Bachmann til biskups árið 1844 þar sem kemur fram að hann telji Selsvelli vera eign prestsetursins og beri því að fá greidda leigu vegna notkunar annarra jarðeigenda.

Heimildir um seljabúskap, sbr. kafla 5.5., leiða ekki heldur til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Af jarðabókinni 1703 er ljóst að jarðir gátu átt sel, hvort heldur í eigin landi, landi annarrar jarðar eða almenningum. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeygu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.³⁸⁰

³⁷⁸Sbr. umfjöllun um hugtakið almenningur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³⁷⁹Sbr. umfjöllun um hugtakið ítak í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

³⁸⁰Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ekki eru heimildir um að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar hafi verið nýtt að staðaldri til sameiginlegrar samarbeitar fyrir búfé og að það sé eða hafi nokkurn tíma verið afréttur. Þannig verður t.d. ekki séð að jarðir í Grindavík og Vatnsleysu hafi innt þar af hendi smölun og fjallskil.

Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennigur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis eins og eignarréttarlegrar stöðu þess.

Landamerkjabréf jarða í Vatnsleysustrandarhreppi og Grindavík mæla því í mót að þjóðlendu sé að finna á svæðinu enda taka bréfin til alls þess lands sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins. Bréfin eru að jafnaði árituð af fyrirsvarsmönnum jarðanna, þinglesin, færð í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda. Eldri heimildir um afmörkun jarðanna mæla landamerkjabréfunum ekki í mót.

Ljóst er þannig að heimildir um svokallaða Almenninga í Vatnsleysustrandarhreppi og Grindavík eru mjög óljósar. Þær skera hvorki úr um landfræðilega afmörkun né eignarréttarlega stöðu. Samkvæmt framangreindu og svo sem lýst er í köflum 6.3.–6.15. er það niðurstaða óbyggðanefndar að innan merkja jarða í Grindavík og Vatnsleysu sé ekki að finna þjóðlendu.

6.17. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

7. ÚRSKURÐARORÐ

Ekki eru þjóðlendum á landsvæði því sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Ólafur Björnsson hrl., kr. 1.900.000; Ragnar Aðalsteinsson hrl., kr. 1.000.000, en þóknun lögmanna greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon

Ragnheiður Bragadóttir

VIÐAUKI

ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR
í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu)
og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)



Sérpentun 3. júní 2004

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	199
1. INNGANGUR	201
2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR	201
3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA	202
3.1. Landnám.....	202
3.2. Hefð.....	205
3.3. Lög.....	209
4. FLOKKUN LANDS	210
4.1. Almenn.....	210
4.2. Jörð.....	211
4.3. Almenningar.....	217
4.4. Afréttir.....	219
4.5. Jörð eða afréttur?.....	226
4.6. Jöklar.....	227
4.7. Fjallskil.....	233
4.8. Ítök.....	236
4.9. Fjörur og rekæign.....	239
5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD	244
5.1. Almenn.....	244
5.2. Jarðamöt og jarðabækur.....	244
5.3. Máldagar og vísitasfur.....	246
5.4. Lögfestur.....	249
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf.....	250
5.6. Afsals- og veðmálabækur.....	254
5.7. Aðrar heimildir.....	255
6. NIÐURSTAÐA	256

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fara hér á eftir.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.¹ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ.á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

¹ Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.² Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.³

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

² Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

³ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík, S. 133-134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnid úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.⁴ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.⁵ Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjönnum til fjallanna.“⁶

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfedranna.⁷ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁸ Enn fremur

⁴ *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík, s. 337.

⁵ *Landnámabók* 1986, s. 321.

⁶ *Landnámabók* 1986, s. 337.

⁷ Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*, S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.

⁸ Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatidens historia*. Lundi, S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámu-rannsóknnum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, s. 222-225, 231-233.

hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúruferum eða búskaparháttum.⁹ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðháttu við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.¹⁰ Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfari inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfari og staðhætti eða

⁹ Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. s. 578-584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).

¹⁰ Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapítula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átölulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“¹¹

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar¹². Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.¹³

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.¹⁴

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

¹¹ *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

¹² Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

¹³ Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

¹⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.¹⁵ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrirnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.¹⁶

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.¹⁷

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíð bar málið undir Landsyfírrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.¹⁸

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

¹⁶ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.

¹⁷ *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

¹⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2-12.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.¹⁹

Þrátt fyrir að Landsyfjerréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.²⁰ Í dómi Landsyfjerréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.²¹

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Fellt voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra síðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

¹⁹ *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

²⁰ *Landsyfjerrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.

²¹ *Landsyfjerrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.

því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...²²

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmet einnig af öðrum ástæðum.²³

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.²⁴ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

²² *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.

²³ *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

²⁴ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðjarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.²⁵

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.²⁶

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.²⁷

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.²⁸ Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

²⁵ Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

²⁶ Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

²⁷ *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lb.).

²⁸ Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalogum um „aðrar óbyggðar lendur“.²⁹ Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almeningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land utan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félagum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjørð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.³⁰

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.³¹ Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

²⁹ Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

³⁰ *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

³¹ *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþj.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnfjöll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“³². Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svadagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“³³

Með landamerkjalogum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. nógildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.³⁴ Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.³⁵

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.³⁶ Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.³⁷ Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenski löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

³² *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. llb.). Samkvæmt ákvæðum *Jónsbókar* voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. llb.).

³³ *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

³⁴ Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

³⁵ Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

³⁶ Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

³⁷ Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. llb.). *Jónsbók* 1904, s. 188-190 (56. k. llb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.³⁸ Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.³⁹ Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.⁴⁰ Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.⁴¹ Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hvernar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.⁴² Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.⁴³ Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnaði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.⁴⁴

³⁸ Ólafur Lárússon sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárússon, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

³⁹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

⁴⁰ Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

⁴¹ Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. nánulaga, nr. 61/1907, 1. gr. nánulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

⁴² *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).

⁴³ Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

⁴⁴ Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.⁴⁵ Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.⁴⁶ Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.⁴⁷ Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.⁴⁸

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.⁴⁹ Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁵⁰ Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögþú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.⁵¹ Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

⁴⁵ Grágás 1992, s. 344 (48. k. lbp.).

⁴⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

⁴⁷ Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

⁴⁸ Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.

⁴⁹ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

⁵⁰ Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Semwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213-215, 226.

⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.⁵²

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.⁵³

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.⁵⁴

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

Heimalönd. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

a. Búfjánhagar er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. Útlenda kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjánhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

⁵² Jónsbók 1904, s. 292.

⁵³ Jarðabók Árna og Páls 11, s. 143.

⁵⁴ Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.

ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.⁵⁵

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.⁵⁶

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.⁵⁷

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

⁵⁵ *Sjómartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

⁵⁶ Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

⁵⁷ Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsvæði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.⁵⁸ Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttáð sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.⁵⁹ Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.⁶⁰ Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitoland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.⁶¹ Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

⁵⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

⁵⁹ Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

⁶⁰ Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917-1919: *Almenningar og afrjettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.“ *Lögretta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

⁶¹ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 27-30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.⁶²

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fylgja svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.⁶³

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivotn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fylgja. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...⁶⁴

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.⁶⁵

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.⁶⁶ Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.⁶⁷ Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

⁶² Eggert Briem 1917, s. 61-62.

⁶³ Grágás 1992, s. 369 (74. k. llb.).

⁶⁴ Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

⁶⁵ Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

⁶⁶ Eggert Briem 1917, s. 61-62.

⁶⁷ Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

almenninga að ræða.⁶⁸ Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.⁶⁹

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.⁷⁰ Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.⁷¹ Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttar eru af.⁷²

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítil eða enginn er tímar liðu fram.⁷³ Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.⁷⁴ Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunn-eignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitolands.

⁶⁸ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitoland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

⁶⁹ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

⁷⁰ Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

⁷¹ Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. nánulaga, nr. 50/1909.

⁷² Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

⁷³ Ólafur Lárússon, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

⁷⁴ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.⁷⁵

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.⁷⁶ Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.⁷⁷

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁷⁸ Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanami á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.⁷⁹ Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirferst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *sannotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

⁷⁵ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 43.

⁷⁶ Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

⁷⁷ *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

⁷⁸ *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

⁷⁹ Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til samarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annari jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í nógildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.⁸⁰ Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.⁸¹

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.⁸² Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.⁸³ Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.⁸⁴ Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.⁸⁵

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.⁸⁶

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafreftarmálinu, H 1955 108

⁸⁰ Jónsbók 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330-331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.

⁸¹ Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

⁸² Grágás 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

⁸³ Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

⁸⁴ Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

⁸⁵ Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

⁸⁶ Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.⁸⁷

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.⁸⁸

Skuldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.⁸⁹ Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr.

⁸⁷ Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

⁸⁸ Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

⁸⁹ Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða

kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að löggin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunn- eignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.⁹⁰ Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.⁹¹

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.⁹² Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

⁹⁰ Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

⁹¹ Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

⁹² Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundaarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilfalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtaldshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afréttanna með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundaarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumararbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku Þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beiti-land með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennti umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.⁹³ Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendar.⁹⁴

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.⁹⁵ Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfi-hreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.⁹⁶ Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.⁹⁷ Hér er einnig ástæða til

⁹³ Sbr. Grágás 1992, s. 472. Jónsbók 1904, s. 43, 272-273.

⁹⁴ *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

⁹⁵ Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Árssrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.

⁹⁶ Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14-15.

⁹⁷ Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jökla* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.⁹⁸

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.⁹⁹ Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.¹⁰⁰ Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.¹⁰¹

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.¹⁰² Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.¹⁰³ Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenski lögfræði. Jökla hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.¹⁰⁴

⁹⁸ *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

⁹⁹ *Landnámaabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

¹⁰⁰ *Dissertationcula de montibus Islandiae chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16-17).

¹⁰¹ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

¹⁰² Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

¹⁰³ Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

¹⁰⁴ Sbr. þessi orð Sigurðar Línalds: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlýgsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignaréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökla, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlenda.¹⁰⁵

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.¹⁰⁶ Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.¹⁰⁷ Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbéitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökla landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

¹⁰⁵ Þskj. 598. Alptíð. 1997-1998, 122. lögþ. A: 2598.

¹⁰⁶ Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

¹⁰⁷ Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færast til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.¹⁰⁸ Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.¹⁰⁹ Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

¹⁰⁸ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁰⁹ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendlaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.¹¹⁰ Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hropað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendlaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendlög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalfnu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

¹¹⁰ Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájökklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájökklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum batur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.¹¹¹ Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.¹¹² Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.¹¹³

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málntyu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.¹¹⁴

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareiganda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

¹¹¹ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).

¹¹² *Jónsbók* 1904, s. 292.

¹¹³ *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).

¹¹⁴ *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. llb.).

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lqgrétt skal vera, skipa svá qðrum gongum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mork við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gonguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.¹¹⁵

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.¹¹⁶

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

¹¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.

¹¹⁶ *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. llb.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeutilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beutilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beutiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkjá viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.¹¹⁷ Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

¹¹⁷ Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.¹¹⁸

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.¹¹⁹

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitir-, fjöru-, veiði- og engjaítak.¹²⁰ Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,¹²¹ og fær það vel samrýmt hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.¹²² Elsta skjalllega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.¹²³ Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.¹²⁴ Ítökum fjölgaði

¹¹⁸ Sbr. Grágás 1992, s. 288.

¹¹⁹ Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

¹²⁰ Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147-148, 150.

¹²¹ Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

¹²² Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

¹²³ *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

¹²⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.¹²⁵

Ljóst er að ítaka eign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttu fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálavömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).¹²⁶ Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrískóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.¹²⁷ Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.¹²⁸

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttu og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.¹²⁹ Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttjuð í sambandi við notkun þeirra.¹³⁰ Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

¹²⁵ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaitak*.

¹²⁶ Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

¹²⁷ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

¹²⁸ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

¹²⁹ Sbr. hugtakið *servitút* í merkingunni *ítak eða ískýlda*.

¹³⁰ Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.¹³¹ Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.¹³² Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óbyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.¹³³ Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397¹³⁴ og Gíslamáldaga frá 1570.¹³⁵ Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.¹³⁶ Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.¹³⁷ Undir yfirborði

¹³¹ Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

¹³² Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

¹³³ *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

¹³⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

¹³⁵ *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

¹³⁶ *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

¹³⁷ Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.¹³⁸ Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.¹³⁹

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.¹⁴⁰ Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“¹⁴¹ Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.¹⁴² Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.¹⁴³

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.¹⁴⁴ Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deilda reka.¹⁴⁵ Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.¹⁴⁶ Lýsing Konungs bókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

¹³⁸ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹³⁹ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

¹⁴⁰ Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

¹⁴¹ *Jónsbók* 1904, s. 194.

¹⁴² *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

¹⁴³ *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

¹⁴⁴ *Grágás* 1992, s. 552. Í *Jónsbók* virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

¹⁴⁵ Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenskir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

¹⁴⁶ *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungs bókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353-354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.¹⁴⁷

Fiskhelgi í þessu samhengi tákna svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.¹⁴⁸

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lögmonnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eýrartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.¹⁴⁹

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraums-flóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinna jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at lög máli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri áljarlönq kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.¹⁵⁰

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi¹⁵¹, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og veiða og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.¹⁵² Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

¹⁴⁷ Grágás 1992, s. 353-354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

¹⁴⁸ Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

¹⁴⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.

¹⁵⁰ Jónsbók 1904, s. 196-197.

¹⁵¹ Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (Jónsbók 1904, s. 197).

¹⁵² Grágás 1992, s. 354-355, 365. Jónsbók 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.¹⁵³ Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.¹⁵⁴

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.¹⁵⁵ Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.¹⁵⁶ Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.¹⁵⁷ Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.¹⁵⁸ Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.¹⁵⁹ Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.¹⁶⁰

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.¹⁶¹

¹⁵³ Grágás 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201-203, 208-209.

¹⁵⁴ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.

¹⁵⁵ Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

¹⁵⁶ Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

¹⁵⁷ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁵⁸ Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

¹⁵⁹ Grágás 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193-194.

¹⁶⁰ Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandasþik“). Sbr. Grágás 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

¹⁶¹ Grágás 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörinni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.¹⁶² Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.¹⁶³ Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almennigur*.¹⁶⁴ Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.¹⁶⁵ Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.¹⁶⁶ Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.¹⁶⁷ Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álítaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.¹⁶⁸ Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.¹⁶⁹

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

¹⁶² *Jónsbók* 1904, s. 197.

¹⁶³ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

¹⁶⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

¹⁶⁵ Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

¹⁶⁶ Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

¹⁶⁷ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

¹⁶⁸ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.

¹⁶⁹ Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefina og óútgefina, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í títundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).¹⁷⁰

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatid fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.¹⁷¹ Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.¹⁷²

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

¹⁷⁰ Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

¹⁷¹ Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

¹⁷² Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árne og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árne og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýrleidis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.¹⁷³ Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“¹⁷⁴

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.¹⁷⁵ Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.¹⁷⁶ Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

¹⁷³ Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165-175.

¹⁷⁴ *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

¹⁷⁵ Björn Lárússon 1982, s. 17.

¹⁷⁶ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.¹⁷⁷ Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.¹⁷⁸ Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögnum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitásiur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

¹⁷⁷ *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.

¹⁷⁸ *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða túndum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögrétu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.¹⁷⁹

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar túndarlaganna 1096/1097.¹⁸⁰ Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.¹⁸¹

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðuleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.¹⁸² Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.¹⁸³

¹⁷⁹ Grágás 1992, s. 12.

¹⁸⁰ Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

¹⁸¹ Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

¹⁸² Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

¹⁸³ Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.¹⁸⁴ Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasúferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.¹⁸⁵

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og autentískt“ kirkjuregistor.¹⁸⁶ Eftir siðaskipti tóku vísitasúbækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.¹⁸⁷

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

¹⁸⁴ *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

¹⁸⁵ Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

¹⁸⁶ *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513-514.

¹⁸⁷ Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47-48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).¹⁸⁸

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal logfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek logfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at logmáli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.¹⁸⁹ Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðastrand í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.¹⁹⁰ Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.¹⁹¹

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta

¹⁸⁸ Sbr. Sigurður Línal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.

¹⁸⁹ Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

¹⁹⁰ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.

¹⁹¹ *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.

ráðsmannsins í Skálholti.¹⁹² Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga¹⁹³ virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.¹⁹⁴ Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.¹⁹⁵ Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.¹⁹⁶ Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.¹⁹⁷ Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyfingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.¹⁹⁸ Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt

¹⁹² Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

¹⁹³ Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

¹⁹⁴ Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

¹⁹⁵ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.

¹⁹⁶ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

¹⁹⁷ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

¹⁹⁸ Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

fasteignamat.¹⁹⁹ Af þessu má ráða að setning landamerkjálaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjälögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.²⁰⁰ Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við

¹⁹⁹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

²⁰⁰ Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjagala fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrár þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrár hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.²⁰¹ Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjagala 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist

²⁰¹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

Það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).²⁰²

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).²⁰³ Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir

²⁰² Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

²⁰³ Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsímálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.²⁰⁴ Samkvæmt 11. og 12. kapitula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapitula landsbrigðabáttar í Jónsbók.²⁰⁵

Í 28. gr. 3. kapitula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og

²⁰⁴ Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbb.).

²⁰⁵ Jónsbók 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).

hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...²⁰⁶ Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.²⁰⁷ Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.²⁰⁸

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögbingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyferréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.²⁰⁹ Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.²¹⁰ Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift

²⁰⁶ Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrákun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

²⁰⁷ Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

²⁰⁸ *Alþingistiðindi A 1977-1978*, s. 1382.

²⁰⁹ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

²¹⁰ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almenn gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitæfni.

Heimildir um stjórnslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignausýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almenn ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágríp af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina

á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt

til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámunum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir

viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið líttill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumararbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrir en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar.

Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til

verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu Þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



Þjóðlendukort - Mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnslei



Almenningsskógar



II. Aðilaskrá

Þjóðlundur	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins.
Auðnar	Jakob Árnason
Austurkot	Aðalsteinn Sigursteinsson
Austurkot	Ágúst Þór Guðbergsson
Austurkot	Berglind Jónsdóttir
Austurkot	Eignarhaldsfélagið Gullsjór ehf.
Austurkot	Guðmundur Óskarsson
Austurkot	Sólveig Bragadóttir
Austurkot	Stefán Árnason
Austurkot	Steinar S. Guðbergsson
Ásláksstaðir	Davíð Hafsteinsson
Ásláksstaðir	Ester Hafsteinsdóttir
Ásláksstaðir	Hafðís Hafsteinsdóttir
Ásláksstaðir	Haukur Hafsteinsson
Ásláksstaðir	Helga Hafsteinsdóttir
Ásláksstaðir	Helgi Davíðsson
Ásláksstaðir	Hermann Friðriksson
Ásláksstaðir	Marínó Davíðsson
Ásláksstaðir	Vilborg Hafsteinsdóttir
Ásláksstaðir	Þórir Davíðsson
Bergskot	Hitaveita Suðurnesja hf.
Breiðagerði	Hitaveita Suðurnesja hf.
Efri-Brunnastaðir	Dánarbú Þorkels Kristmundssonar
Efri-Brunnastaðir	Eggert Kristmundsson
Efri-Brunnastaðir	Elín Kristmundsdóttir
Efri-Brunnastaðir	Gísli Kristmundsson
Efri-Brunnastaðir	Lárus Kristmundsson
Halakot	Magnús Ágústsson
Halakot	Ragnar Ágústsson
Halldórsstaðir	Nesbúegg ehf.
Hlöðunes	Nesbúegg ehf.

Hraun	Heiðrún Lára Kristjánsdóttir
Hraun	Helga Elísabet Kristjánsdóttir
Hraun	Hrefna Birgitta Bjarnadóttir
Hraun	Ingibjörg Magnúsdóttir
Hraun	Laufey Katrín Kristjánsdóttir
Hraun	Sigrún Magnúsdóttir
Hraun	Sigurður Guðjón Gíslason
Hvassahraun I-II	Sauðafell sf.
Hvassahraun, spilda	Hitaveita Suðurnesja hf.
Höfði	Hitaveita Suðurnesja hf.
Kálfatjörn	Hitaveita Suðurnesja hf.
Krýsuvík	Héraðsnefnd Suðurnesja
Landakot	Margrét Guðnadóttir
Minna-Knarrarnes	Anna Rut Sverrisdóttir
Minna Knarrarnes	Birgir Þórarinsson
Minni-Vatnsleysa	Geirlaug Þorvaldsdóttir
Minni-Vatnsleysa	Katrín Þorvaldsdóttir
Minni-Vatnsleysa	Skúli Þorvaldsson
Narfakot	Hitaveita Suðurnesja hf.
Naustakot	Eiríkur Jónas Gíslason
Naustakot	Elín Björg Gísladóttir
Naustakot	Guðríður Gísladóttir
Naustakot	Hrefna Gísladóttir
Naustakot	Lóa Guðrún Gísladóttir
Naustakot	Þorgerður Þorleifsdóttir
Neðri-Brunnastaðir	Símon Kristjánsson
Sjónarhóll	Guðrún Vilmundardóttir
Sjónarhóll	Kristín Þorsteinsdóttir
Sjónarhóll	Ólafur Þorsteinsson
Sjónarhóll	Þórhallur Vilmundarson
Skjaldarkot	Eggert Kristmundsson
Skjaldarkot	Elín Kristmundsdóttir
Skjaldarkot	Lárus Kristmundsson
Stóra-Knarrarnes I	Ása Ingólfssdóttir

Stóra-Knarrarnes I	Áslaug Hulda Ólafsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Baldur Ellertsson
Stóra-Knarrarnes I	Bjarney Guðrún Ólafsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Bjarni Ástvaldsson
Stóra-Knarrarnes I	Ellert Ólafsson
Stóra-Knarrarnes I	Eyjólfur M. Guðmundsson
Stóra-Knarrarnes I	Eyjólfur Ólafsson
Stóra-Knarrarnes I	Fjóla Jóhannsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Guðbergur Ólafsson
Stóra-Knarrarnes I	Guðbjörn Elís Guðmundsson
Stóra-Knarrarnes I	Guðfinna Ólafsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Hrefna Ólafsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Hulda Ástvaldsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Hulda Klara Ingólfssdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Klara Ólafsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Margrét O. Svendsen
Stóra-Knarrarnes I	Matthías Þór Hannesson
Stóra-Knarrarnes I	Ólafur Ástvaldsson
Stóra-Knarrarnes I	Ólafur Ellertsson
Stóra-Knarrarnes I	Ólafur Þór Jónsson
Stóra-Knarrarnes I	Sigríður Jónsdóttir
Stóra-Knarrarnes I	Þróstur Hlökkversson
Stóra-Knarrarnes II	Kemis ehf.
Stóra-Vatnsleysa	Sæmundur Ásgeir Þórðarson
Suðurkot	Anna Kristmundsdóttir
Suðurkot	Grétar I. Hannesson
Suðurkot I, Vogum	Ólafur Þór Jónsson
Suðurkot I, Vogum	Sigríður Jónsdóttir
Suðurkot I, Vogum	Særún Jónsdóttir
Suðurkot neðra	Vatnsleysustrandarhreppur
Traðarkot	Ólafur Karl Brynjarsson
Þórustaðir	Hitaveita Suðurnesja hf.

III. Skjalaskrá¹

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Vatsleysustrandar:

- 1A Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
- 1A(1) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Vatsleysuströnd (mælikvarði 1:50.000).
- 1A(2) Skjalaskrá, dags. 15.2.2004.
- 1A(3) Tilvísanaskrá, dags. 15.2.2004.
- 1A(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, tilkynning um meðferð á svæði 4, dags. 27.10.2003.
- 1A(5) Yfirlit yfir jarðir í Vatsleysustrandarhreppi, unnið fyrir Hönnun hf. Reyðarfirði í janúar 2001.
- 1A(6) Uppdráttur af almenningi í Hafnarfirði (mælikvarði 1: 50.000), teiknað í júní 2004.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Grindavíkur:

- 1B Kröfulýsing, dags. 15.2.2004.
- 1B(1) Skjalaskrá, dags. 15.2.2004.
- 1B(2) Tilvísanaskrá, dags. 15.2.2004.
- 1B(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, tilkynning um meðferð á svæði 4, dags. 27.10.2004 (sjá skjal nr. 1A(4))
- 1B(4) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Grindavík (mælikvarði 1: 50.000).
- 1B(5) Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi. Bls. 3-4 (umfjöllun um Krísuvík).
- 1B(6) Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi. Bls. 157 (lýsing kóngslands).
- 1B(7) Samkomulag um merki Staðar og Kalmannstjarnar, dags. 16.1.1979 (frá sýslumanninum í Keflavík).
- 1B(8) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005
- Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:*
- 2(1) Hvassahraun og Lónakot, dags. 7.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(2) Hvassahraun, Lónakot og Óttarsstaðir, dags. 13.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(3) Kálfatjörn, dags. 9.6.1884.
- 2(4) Kálfatjarnarhverfi, dags. 30.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(5) Stóra- og Minni-Vatsleysa, dags. 15.6.1889, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(6) Vogatorfan, dags. 23.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(7) Brunnastaðahverfi, dags. 22.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b

¹ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttu númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(8) Brunnastaðahverfi, dags. 20.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(9) Hlöðuneshverfi, dags. 22.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(10) Hlöðuneshverfi, dags. 27.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(11) Ásláksstaðahverfi, dags. 31.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(12) Knarrarnes, dags. 11.6.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(13) Breiðagerði, dags. 11.6.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(14) Auðnahverfi, dags. 12.6.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(15) Landakot, dags. 12.6.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(17) Þórustaðir, dags. 27.5.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(18) Stóru- og Minni-Vogar, dags. 20.8.1840, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(19) Yfirlýsing vegna jarðanna Knarrarness, Breiðagerðis, Auðna, Landkots, Þórustaða og Kálfatjarnar, þar sem íbúum Grindavíkurhrepps eru bönnuð afnot af landi, sem lýst er í landamerkjalyðingu Knarrarness, dags. í maí 1940, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
- 2(20) Minni-Vogar, Austurkot og Norðurkot, dags. 28.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
a-b
- 2(21) Hóp, dags. 8.6.1889.
- 2(22) Hraun, dags. 17.6.1890.
- 2(23) Húsatóftir, dags. 5.2.1954.
- 2(24) Ísólfsskáli, dags. 12.10.1889.
- 2(25) Krísuvík (Vigdísarvellir voru hjáleiga frá Krísuvík), dags. 14.5.1890, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(26) Staður, dags. 11.6.1890.
- 2(27) Þórkötlustaðir, dags. 12.10.1889.
- 2(28) Húsatóftir, dags. 1.6.1889.
- 2(29) Járngerðarstaðir, dags. 19.10.1823.
- 2(43) Óttarsstaðir og Hvasshraun, dags. 26.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
a-b
- 2(44) Norðurkot og Þórustaðir, dags. 30.5.1916, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
a-b
- 2(45) Flekkuvík, dags. 29.12.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
a-b
- 2(103) Hvaleyri, dags. 7.6.1890.
- 2(104) Hvaleyri, dags. 9.6.1890.
- 2(105) Straumur, dags. 31.5.1890, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
a-b
- 2(106) Þorbjarnarstaðir með Stóralambhaga, dags. 6.6.1890, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
a-b
- 2(107) Garðakirkja, dags. 7.6.1890.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 2(30) Eigandi hálftrar Krísuvíkur leigir Jóni Hjaltalín námarétt og gefur byggingarleyfi, dags. 13.9.1851. Skjal nr. 422.
- 2(31) Eigendur Krísuvíkur selja Joseph William Busby esq. brennisteinsnámur í landi Krísuvíkurtorfu og Herdísarvíkur (þ.e. Krísuvíkursnámur og námur í Brennisteinsfjöllum), dags. 30.9.1858. Skjal nr. 477.

- 2(32) Eigandi hálftrar Krísuvíkur og Herdísarvíkur heitir að selja Jóni Hjaltalín námaréttindi, dags. 4.9.1858. Skjal nr. 478.
- 2(33) Afsal Erlends Jónssonar á Brunnastöðum til P.C. Knudtson, dags. 12.8.1838, á Krísuvík með sex hjáleigum, Stóra-Nýjabæ, Litla-Nýjabæ, Norðurkoti, Suðurkoti, Austurhúsum og Vesturhúsum, og tveimur nýlendum, Vigdísarvöllum og Garðshorni.
- 2(53) Landbúnaðarráðherra selur Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, dags. 20.2.1941.
- 2(54) Landbúnaðarráðherra selur sýslunefnd Gullbringusýslu allt lítt ræktanlegt beitoland Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar sem sumarbeitoland, að undanskildu landi Hafnarfjarðarbæjar, öðrum afnotum landsins, ítökum, hlunnindum og náma- og hitaréttindum, dags. 29.9.1941.
- 2(55) Afsal fyrir Krísuvík ásamt hjáleigunum Stóra- og Litla-Nýjabæ, Norður- og Suðurkoti, Austur- og Vesturhúsum og nýbýlunum Vigdísarvöllum og Garðshorni, dags. 12.8.1833, ásamt uppskrift.

Landskiptabækur:

- 2(75) Landskipti milli Stóra-Knarrarness I og II og Minna-Knarrarness norðan Reykjanesbrautar, yfirlandskipti, dags. 1.7.1987.

Jarðaskjöl:

- 2(34) Landamerkjalyking fyrir Kálfatjarnarhverfi frá 30.12.1921.
- 2(35) Bann við afnotum á landi Knarrarness frá 1920, landamerki Breiðagerðis í Vatnsleysustrandarhreppi frá 11.6.1886, lýsing á Auðnahverfi á Vatnsleysuströnd frá 12.6.1886, sala Hlöðuness í júní 1839 og Hlöðunesskots 1869.

Kirknaskjöl:

- 2(36) Kálfatjörn. Lögfesta 1790.
- 2(37) Kálfatjörn. Landamerkjalyking 1884.
- 2(38) Afrit af vitnisburðum um landamerki Krísuvíkur 1603, 1604 og máldaga kirkjunnar 1397.
- 2(39) Vitnisburður um landamerki Krísuvíkur frá 1790.
- 2(40) Staður í Grindavík. Landamerki Krísuvíkur 1629.

Vísitasíubækur biskupa:

- 2(60) Vísitasía að Krísuvík, ódags. 1642 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(61) Vísitasía að Krísuvík, dags. 28.8.1678 (A.II, 11), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(62) Vísitasía að Krísuvík, dags. 18.8.1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(63) Vísitasía að Krísuvík, dags. 8.5.1723 (A.II, 16), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(64) Vísitasía að Krísuvík, dags. 10.6.1751 (A.II, 29), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(65) Vísitasía að Krísuvík, dags. 28.5.1758 (A.II, 31), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(66) Vísitasía að Krísuvík, dags. 1.7.1800 (A.II, 24), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(67) Vísitasía að Stað, ódags. 1642 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(68) Vísitasía að Stað, dags. 27.8.1678 (A.II, 11), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(69) Vísitasía að Stað, ódags. 1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(70) Vísitasía að Stað, dags. 9.5.1723 (A.II, 16), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(71) Vísitasía að Stað, dags. 11.6.1751 (A.II, 19), ásamt uppskrift að hluta.

- a-b
2(72) Vísitasía að Stað, ódags. 1758 (A.II, 21), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(73) Vísitasía að Stað, dags. 2.7.1800 (A.II, 24), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(76) Vísitasía að Kálfatjörn, ódags. 1642 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(77) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 20.8.1678 (A.II, 11), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(78) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 10.8.1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(79) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 7.5.1724 (A.II, 17), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(80) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 17.6.1751 (A.II, 19), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(81) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 4.6.1758 (A.II, 21), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(82) Vísitasía að Kálfatjörn, dags. 6.7.1800 (A.II, 24), ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
Fasteigna- og jarðamöt:
- 2(41) Fasteignamat 1916-1918 fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, ásamt efnisyfirliti.
- a-b
2(42) Fasteignamat 1916-1918 fyrir Grindavíkurhrepp, ásamt efnisyfirliti.
- a-b
2(46) Jarðamat 1804 fyrir Grindavíkurhrepp.
- 2(47) Jarðamat 1849 fyrir Grindavíkurhrepp, ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(48) Fasteignamat 1932 fyrir Grindavíkurhrepp.
- 2(49) Jarðamat 1804 fyrir Vatnsleysustrandarhrepp.
- 2(50) Jarðamat 1849 fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(51) Fasteignamat 1932 fyrir Vatnsleysustrandarhrepp (eingöngu lýsingar ábúenda).
- Gerðabækur sýslumanna:*
- 2(52) Mat á jörðum í Vatnsleysustrandarhreppi 1755, ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:
- 2(56) Manntalsþing þann 20.6.1877, fyrir Grindavík og Vatnsleysustr.hr. Samningur milli eigenda Krísvíkur og Herdísarvíkur og Patersons um námana frá 2.12.1871.
- 2(59) Sátt vegna ábúðar á Bala við Vigdísarvelli árið 1840, ásamt uppskrift.
- a-b
2(87) Lögfesta fyrir *Ísólfsskála*, dags. 13.5.1797, ásamt uppskrift að hluta.
- a-b
2(88) Þinglýsingar varðandi námarétt í Krísvík, dags. 20.6.1849, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(89) Manntalsþing fyrir Grindavíkurhrepp, dags. 1.6.1900 „Bann, útg. í dag, af eigendum og ábúendum jarðarinnar Hrauns gegn allskonar landrifi í landareign jarðarinnar, að undanskildum mosa“.
- 2(90) Manntalsþing Grindavíkurhrepps, dags. 31.5.1920.
- 2(91) Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps samþykkir, dags. 9.3.1895, að hafna kröfu eiganda og ábúanda Krísvíkur um hagatoll. Sárfátt fé Grindvíkinga hafi beit í Krísvíkurlandi og Grindvíkingar hafi nóg upprekstrarland.
- 2(92) Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps neitar *kröfu Krísvíkurbænda um greiðslu fyrir sumarþing*, sem að öðrum kosti munu banna vorsmöln til rúnings í landi

- sínu, dags. 25.6.1911.
- 2(93) Sýslunefnd Gullbringusýslu hafnar, beiðni um leyfi til stofnunar nýbýlis á Vigdísarvöllum, þar sem ekki væri fært að minnka landið, sem sýslunni væri ætlað til sauðfjárbeitar, úr Krísvík- og Nýjabæjarlandi, dags. 15.5.1939.
- 2(94) Manntalsþing fyrir Grindavík- og Vatnsleysustrandarhreppa, dags. 3.6.1823, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(95) Manntalsþing fyrir Hafna- og Rosmhvalaneshreppa, dags. 3.6.1823, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(96) Landamerkjaskrá Kálfatjarnar, dags. 15.6.1885, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(97) Aukaréttur. Mál varðar Auðnir og að því er virðist land þess, dags. 5.3.1920.
- 2(98) Hreppstjóri Vatnsleysustrandarhrepps telur mann, sem sýslumaður segir settan á Vigdísarvöllum, heimilisfastan á Vatnsleysuströnd, þó hann flyti sig og fé sitt um sumartímamann á Vigdísarvelli, líkt og þegar Grindavíkurmenn hafi í seli á Selsvöllum, dags. 15. og 21.1. 1870.
- 2(99) Upphaf fjallskilaseðils, væntanlega í sambandi við fjárkláðaskoðun (niðurlag með dag- og ársetningu vantar), þar sem fjáreigendum á Vatnsleysum og Flekkuvík er falið að smala Dyngjur og Fíflavallafjall og koma fénu á Selsvelli á fimmtudagskvöldi, þar sem fjáreigendur eiga að mæta það kvöld og smala næsta dag ofan fjallið og heiðina.
- Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:*
- 2(57) Sala á Flekkuvík í tveimur hlutum, dags. 31.8.1909. Bent skal á landamerkjalyðingu austurhlutans í virðingargerð, dags. 21.5.1909.
- 2(58) Byggingarbréf fyrir Kálfatjörn, dags. 8.3.1920.
- 2(100) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919 þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
- 2(101) Svarbréf Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8.1.1920 til Stjórnarráðs Íslands varðandi svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
- Bréfasöfn og bréfabækur biskupa:*
- 2(74) Staðarprestakall. Brauðamat 1839, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(83) Kálfatjörn. Brauðamat 1839, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(84) Kálfatjörn Brauðamat 1855, ásamt uppskrift að hluta
a-b
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 2(85) Kálfatjörn Brauðamat 1867, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(86) Staður Brauðamat 1867, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum biskupa, dags. 19.8.2004.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 16.8.2004.

Fasteigna- og jarðamöt:

- 4(34) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af Johnsen. Kb. 1847). Bls. 84-91.
- 4(35) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861. Bls. 34-35, 37-38.
- 4(36) Fasteignabók 1921. Kb. 1921. Bls. 4-5, 10-12.
- 4(37) Fasteignabók 1932. Kb. 1932. Bls. 20, 22-23.
- 4(38) Fasteignabók 1938. Kb. 1942-1944. Bls. 77-81.

Fjallskilareglugerðir:

- 4(39) Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil,

- fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl., nr. 103/1891. Stjórnartíðindi 1891, B-deild, bls. 109-112.
- 4(40) Reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o.fl., nr. 154/1896. Stjórnartíðindi 1896, B-deild, bls. 211-216.
- 4(41) Reglugjörð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl. nr. 92/1914. Stjórnartíðindi 1914, B-deild, bls. 162-166.
- 4(42) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð, dags. 28.8.1914 fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl., nr. 31/1918. Stjórnartíðindi 1918, B-deild, bls.81.
- 4(43) Fjallskilamálaireglugerð [fyrir Kjósarsýslu], nr. 76/1921. Stjórnartíðindi 1921, B-deild, bls. 165-176.
- 4(44) Fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 215/1939. Stjórnartíðindi 1939, B-deild, bls. 345-348.
- 4(45) Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu, nr. 101/1954. Stjórnartíðindi 1954, B-deild, bls. 213-217.
- 4(46) Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 121/1965. Stjórnartíðindi 1965, B-deild, bls. 251-259.
- 4(47) Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, nr. 304/1988. Stjórnartíðindi 1988, B-deild, bls. 683-688.
- 4(48) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.

Máldagar o.fl. úr Íslensku fornbréfasafni:

- 4(1) Auðnir. Leignareikningur 1547 (Í.f. XII. b., bls. 115).
- 4(2) Ásláksstaðir. Jarðakaup 1447 (Í.f. IV. b., bls. 707).
- 4(3) Bakki. Máldagi Kálfatjarnarkirkju 1379 (Í.f. III. b., bls. 340).
- 4(4) Bakki. Máldagi Kálfatjarnarkirkju 1397 (Í.f. IV. b., bls. 106).
- 4(5) Breiðagerði. Jarðakaup 1447 (Í.f. IV. b., bls. 707).
- 4(6) Breiðagerði. Jarðakaup 1500 (Í.f. VII. b. bls. 514).
- 4(7) Brunnastaðir. Jarðaskrá 1395 (Í.f. III. b., bls. 597).
- 4(8) Hlöðunes. Jarðakaup 1447 (Í.f. IV. b., bls. 707).
- 4(9) Kálfatjörn. Máldagi Vatnsleysukirkju 1269 (Í.f. II. b., bls. 65).
- 4(10) Kálfatjörn. Máldagi og vitnisburður 1379 (Í.f. III. b., bls. 340-341).
- 4(11) Kálfatjörn. Máldagi 1379 (Í.f. IV. b., bls. 106).
- 4(12) Kálfatjörn. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- 4(13) Knarrarnes. Sala 1477 (Í.f. IV. b., bls. 707).
- 4(14) Knarrarnes. Leignareikningar 1547 (Í.f. XII. b., bls. 115).
- 4(15) Landakot. Leignareikningur 1547 (Í.f. XII. b., bls. 114).
- 4(16) Vatnsleysa. Máldagi 1260 (Í.f. II. b., bls. 85).
- 4(17) Vatnsleysa. Kaup 1525 (Í.f. IX. b., bls. 289).
- 4(18) Vogar. Landamerkjalyking í rekaskrá 1270 (Í.f. II. b., bls. 76).
- 4(19) Vogar. Sala 1489 (Í.f. VI. b., bls. 686).
- 4(20) Vogar. Lýst merkjum við gjöf 1496 (Í.f. VII. b., bls. 299).
- 4(21) Grindavík. Dómur 1539; talað er um kirkjunnar lóð og biskupsins í Grindavík, hér gæti verið átt við Stað einvörðungu, þar eð þar var kirkjan; annars átti Skálholtsstóll allar jarðir í Grindavík nema Húsatóftir (Í.f. X. b., bls. 463).
- 4(22) Grindavík. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- 4(23) Hraun. Rekaskrá um 1270 (Í.f. II. b., bls. 76).
- 4(24) Hraun. Vitnisburður um reka 1487 (Í.f. VI. b., bls. 608).
- 4(25) Ísólfsskáli. Skipaskrá Skálholts 1544 (Í.f. XI. b., bls. 368).
- 4(26) Krísuvík. Rekaskrá Strandar 1275 (Í. f. II. b., bls. 124-125).
- 4(27) Krísuvík. Viðeyjarmáldagi 1284 (Í.f. II. b., bls. 247-248).
- 4(28) Krísuvík. Máldagi Krísuvíkur 1307 (Í.f. II. b., bls. 361).

- 4(29) Krísuvík. Viðeyjarmáldagi 1413 (Í.f. III. b., bls. 749-750).
- 4(30) Krísuvík. Máldagar Kaldaðarness og Krísuvíkur 1397 (Í.f. IV. b., bls. 54 og 101).
- 4(31) Krísuvík. Vitnisburður um ítök 1479 (Í.f. VI. b., bls. 186).
- 4(32) Krísuvík. Vitnisburður um kaup 1525 (Í.f. IX. b., bls. 289).
- 4(33) Krísuvík. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 4(62) Ríkissjóður selur Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr Krísuvík og Stóra-Nýjabæ, dags. 20.2.1941. Merkjum selda landsins lýst. Nr. 270.
- 4(59) Ríkissjóður selur sýslunefnd Gullbringusýslu allt lítt ræktanlegt beitiland Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar til sumarþegar, 29.9.1941. Merkjum lands lýst.Nr. 33.
- 4(63) Hraun, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(64) Tumakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(65) Suðurkots hjáleiga, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(66) Minni Vatnsleysa, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(67) Kálfatjörn, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(68) Landakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(69) Bergskot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(70) Breiðagerði, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(71) Minna Knarrarnes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(72) Halakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(73) Suðurkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(74) Austurkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(75) Naustakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(76) Skjaldarkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(77) Traðarkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(78) Austurkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(79) Auðnar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(80) Stóru-Vogar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(81) Hlöðunes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(82) Flekkuvík, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(83) Krísuvík, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(84) Hvassahraun, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(85) Stóra-Vatnsleysa, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(86) Stóra-Knarrarnes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(87) Innri Ásláksstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(88) Ytri-Ásláksstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta

- registrið).
- 4(89) Brunnastaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(90) Minni Vogar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(91) Stóru Vogar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(92) Flekkuvík, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(93) Innri Ásláksstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(94) Hlöðunes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(95) Traðarkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(96) Naustakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(97) Suðurkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(98) Halakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(99) Efri Brunnastaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(100) Norðurkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(101) Vogar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(102) Stóru Vogar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(103) Tumakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(104) Suðurkot (hjáleiga Vogum), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(105) Hraun, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(106) Stóra Vatnsleysa, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(107) Stóra Knarrarnes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(108) Breiðagerði, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(109) Bergskot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(110) Auðnar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(111) Minni Vatnsleysa, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(112) Kálfatjörn, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(113) Þórustaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(114) Landakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(115) Hvassahraun (vestri hluti), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(116) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Hafnarfjarðar fyrir Krísuvík.
- 4(120) Stóri-Nýibær, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(121) Litli-Nýibær, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(122) Þórustaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(123) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri Ásláksstaði (landnr. 130825), dags. 23.6.2005.
- 4(124) Fasteignamatsvottorð fyrir Krýsuvík (landnr. 123162, 123165, 121493), dags. 23.6.2005.
- 4(125) Hraun, síður úr Afsals- og Veðmálabók Grindavíkurhrepps.
a-d
- 4(126) Spjöld úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Vogatorfu, þ.e. Stóru-Vogar, Minni-Vogar, Háþær, Suðurkot og Nýibær.
a-e
- 4(127) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Halldórsstaði og Narfakot.
a-b
- 4(128) Spjöld úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Brunnastaðahverfi, þ.e. Efri-Brunnastaðir II, Traðarkot, Austurkot, Suðurkot og Halakot (sjá skjöl 9(16-19)).
a-g
- 4(129) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Sjónarhól.
- 4(130) Þinglýsingarvottorð fyrir Sjónarhól, dags. 27.5.2005.

- 4(131) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Stóra a-b Knarranes I- II
- 4(132) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Breiðagerði.
- 4(133) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Landakot.
- 4(134) Spjald úr Afsals- og Veðmálabók Vatnsleysustrandahrepps fyrir Kálfatjörn (kirkjujörð).
- 4(135) Þinglýsingarvottorð fyrir Kálfatjörn, dags. 27.5.2005.
- 4(136) Nýibær (Ásláksstaðahverfi) síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(137) Krísuvík, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(138) Nýibær, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(139) Tumakot (Vogatorfu), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(140) Stóru-Vogar (Vogatorfu), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(141) Nýibær (hluti úr Stóru-Vogum), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(142) Halakot (Brunnastaðahverfi), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(143) Narfakot (Hlöðuneshverfi), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(144) Halldórsstaðir (Hlöðuneshverfi), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(145) Ytri-Ásláksstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(146) Minna-Knarranes, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(147) Krísuvíkurnámur afbýli, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(151) Krísuvík, síður úr Afsals- og Veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis. .

a-c

Fornleifaskráning (yfirlit):

- 4(117) Fornleifaskráning í Grindavík, 3. áfangi. Reykjavík 2004. bls. 19-81.
- 4(119) Fornleifaskráning í Vatnsleysustrandahreppi. 124 bls.

Landnáma:

- 4(61) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-47, 388-395.

Önnur óprentuð frumgögn:

- 4(49) Vettvangsgöngur 2.-9.10.2002 til að skýra merki eftirtalinna jarða: Landakots, Þórustaða, Auðnahverfis, Breiðagerðis, Stóru-Vatnsleysu og Hvassahrauns. Afrit úr merkjabók Gullbringusýslu.
- 4(50) Skoðun á landamerkjum Minni- og Stóru-Vatnsleysu og Hrauns og Krísuvíkur í Grindavíkurkaupstað 1.8.1996. Endurrit úr landamerkjabók Gullbringusýslu.
- 4(51) Skoðun á landamerkjum Þórustaða, Landakots, Auðna, Höfða og Bergskots 8.10.1999. Endurrit úr merkjadómsbók Gullbringusýslu.
- 4(52) Greinargerð um mörk milli Grindavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa unnin af Sesselju Guðmundsdóttur árið 1993, með fylgibréfi dags. 12.3.1993.
- 4(53) Upplýsingar um landamerki Krísuvíkur og Grindavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa, unnar af Sesselju Guðmundsdóttur 1992, með fylgibréfi, dags. 15.10.1992.
- 4(54) Lýsing Gunnars á Kálfatjörn á landamerkjum Vatnsleysustrandarhrepps, dags. 10.11.1981.
- 4(55) Landamerkjabréf Herdísarvíkur og Krísuvíkur (mörkin falla saman við mörk lögsagnarumdæma Árnessýslu og Grindavíkurkaupstaðar), dags. 25.1. og 16.2.1980.
- 4(56) Greinargerð vegna landamerkja Herdísarvíkur og Krísuvíkur, 25.6.1979.
- 4(57) Krísuvík. Endurrit úr landamerkjabók sýslumannsins í Keflavík varðandi skoðun á vesturmörkum jarðarinnar, 3.9.1996. Tvær ljósmyndir fylgja.
- 4(58) Krísuvík. Athugasemd um mörk lögsagnarumdæmis sýslumannsins í Keflavík við norður- og austurmörk Krísuvíkur eins og þau eru birt á korti

Landmælinga Íslands 1989, Suðvesturland, í mælikvarðanum 1:100.000, dags. 1.9.1992, ásamt fylgiskjölum (greinargerð um landamerki Garðabæjar og endurrit hluta dóms landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964, uppdráttur fylgir. Allur dómurinn er lagður fram af óbyggðanefnd til hliðsjónar).

- 4(60) Greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um merki Krýsuvíkurlands, dags. í júní 1961.
- 4(118) Bréf Bæjarfógetans í Hafnarfirði til Tryggva Gunnarssonar, lögfr. varðandi afrétti í Kjósarsýslu, dags. 10.12.1985, ásamt bréfi Odds Andréssonar og Tryggva Einarssonar til sýslumannsins í Kjósarsýslu um að engir afréttir séu til í sýslunni, dags. 14.12.1978.
- 4(148) Bréf hreppsstjóra Selvogshrepp til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 22.1.1920 varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti, ásamt bréfi frá Héraðsskjalasafni Árneseinga til óbyggðanefndar um þau svör hreppstjóra sem bárust sýslumanni Árnassýslu, dags. 30.8.2005.
- a-b
- 4(149) Sjá skjal nr. 27.
- 4(150) Sjá skjal nr. 27(1).
- 4(151) Greinargerð um örnefnið Marraka eftir Magnús Má Lárusson, dags. júlí 1961.
- 4(152) Greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um Almenninga upp af Hafnarfirði, dags. júní 1961.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna landeigenda í Vatnsleysuhreppi (almennur inngangur að eftirfarandi kröfulýsingum):

- 5 a-b Kröfulýsing dags. 3.6.2004, auk viðauka lögmans við kröfugerð, dags. 2.9.2005.
- 5(1) Kort sem sýnir kröfulínur jarða í Vatnsleysustrandarhreppi (mælikvarði 1:40.000).
- 5(2) Landamerkjalyásingar í sóknarlýsingum Grindavíkursóknar (1840-1841) og Krýsuvíkursóknar (1840), ódags.
- 5(3) Bréf sveitarstjóra Vatnsleysustrandarhrepps til landeigenda um heimild til grenjaleitar, dags. 10.2.2005.
- 5(4) Kort (2 blöð) sem sýnir kröfulínur landeigenda í Vatnsleysustrandarhreppi og staðsetningu örnefna. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:25.000).
- 5(5) Hornpunktakrá fyrir jarðir í Vatnsleysustrandarhreppi.
- 5(6) Yfirlitsuppdráttur jarðarmarka í Vatnsleysustrandarhreppi. Gert af Tækniþjónustunni SÁ ehf. (mælikvarði 1:40.000).
- 5(7) Kort sem sýnir breytingu á kröfum landeigenda í Vatnsleysustrandarhreppi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:50.000), dags. 23.2.2005.
- 5(8) Svör Ólafs Björnssonar hrl. við athugasemdum óbyggðanefndar, dags. 7.3.2006.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Auðnahverfis (Auðnir, Bergskot og Höfði):

- 6 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 6(1) Kaupsamningur og afsal. Eigendur Höfða og Bergskots selja Hitaveitu Suðurnesja hf. hluta úr óskiptu landi Auðnahverfis, dags. 1.11.2001.
- 6(2) Útrentun af færslum fyrir Auðnir I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 6(3) Útrentun af færslum fyrir Bergskot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 6(4) Útrentun af færslum fyrir Höfða af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 6(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Höfða, dags. 15.6.2004.
- 6(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Auðna, dags. 15.6.2004.

- 6(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Bergskot, dags. 21.6.2004.
6(8) Örnefnaskrá fyrir Auðnar og Höfða. Ódags.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Ásláksstaðahverfis (Ásláksstaðir og Sjónarhóll):

- 7 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
7(1) Útrentun af færslum fyrir Sjónarhól af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
7(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Sjónarhól, dags. 26.5.2004.
7(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Ásláksstaði, dags. 14.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Breiðagerðis:

- 8 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
8(1) Útrentun af færslum fyrir Breiðagerði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
8(2) Kaupsamningur og afsal. Vatsleysustrandarhreppur selur Hitaveitu Suðurnesja jarðeignina Breiðagerði, dags. 1.9.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Brunnastaðahverfis (Austurkot, Efri-Brunnastaðir, Halakot, Naustakot, Neðri-Brunnastaðir, Skjaldarkot, Suðurkot 1, Suðurkot 2 og Traðarkot):

- 9 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
9(1) Útrentun af færslum fyrir Austurkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(2) Útrentun af færslum fyrir Efri-Brunnastaði I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(3) Útrentun af færslum fyrir Efri-Brunnastaði II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(4) Útrentun af færslum fyrir Halakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(5) Útrentun af færslum fyrir Naustakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(6) Útrentun af færslum fyrir Neðri-Brunnastaði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(7) Útrentun af færslum fyrir Skjaldarkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(8) Útrentun af færslum fyrir Suðurkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(9) Útrentun af færslum fyrir Suðurkot Efra I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.3004.
9(10) Útrentun af færslum fyrir Suðurkot Neðra III af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(11) Útrentun af færslum fyrir Suðurkot I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(12) Útrentun af færslum fyrir Traðarkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
9(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Halakot, dags. 2.6.2004.
9(14) Þinglýsingarvottorð fyrir Efri-Brunnastaði, dags. 2.6.2004.
9(15) Þinglýsingarvottorð fyrir Traðarkot dags. 2.6.2004.
9(16) Þinglýsingarvottorð fyrir Neðri-Brunnastaði, dags. 2.6.2004.
9(17) Þinglýsingarvottorð fyrir Efri-Brunnastaði, dags. 2.6.2004.
9(18) Þinglýsingarvottorð fyrir Skjaldarkot, dags. 18.6.2004.

9(19) Þinglýsingarvottorð fyrir Naustakot, dags. 18.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Flekkuvíkur:

- 10 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 10(1) Útþrentun af færslum fyrir Flekkuvík I, Austurbæ, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 10(2) Útþrentun af færslum fyrir Flekkuvík II, Vesturbæ, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 10(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Flekkuvík I, dags. 2.6.2004.
- 10(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Flekkuvík II, dags. 2.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hlöðuneshverfis (Halldórsstaðir, Hlöðunes og Narfakot):

- 11 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 11(1) Útþrentun af færslum fyrir Halldórsstaði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 11(2) Útþrentun af færslum fyrir Hlöðunes af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 11(3) Útþrentun af færslum fyrir Narfakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 11(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Hlöðunes, dags. 15.6.2004.
- 11(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Halldórsstaði, dags. 15.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hvassahrauns I og II:

- 12 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 12(1) Þinglýsingarvottorð fyrir landspildu úr Hvassahrauni I og II, dags. 1.6.2004.
- 12(2) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 130853) á heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(3) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 130854) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(4) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 130856) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(5) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 130857) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(6) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 130858) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(7) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131027) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(8) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131030) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(9) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131033) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(10) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131037) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(11) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131038) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(12) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun (landnr. 131044) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(13) Útþrentun af færslum fyrir Hvassahraun II af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 12(14) Afsal Þórodds E. Jónssonar til Þorkels Helgasonar á Hvassahrauni I og II að undanskilinni landspildu, dags. 11.5.1955.

- 12(15) Afsal Þorkels Helgasonar til h/f Sauðafells á spildu úr landi Hvassahrauns I og II, dags. 11.8.1957.
- 12(16) Kaupsamningur. Jón Þóroddsson selur Hitaveitu Suðurnesja spildu úr landi Hvassahrauns, dags. 6.10.1997.
- 12(17) Endurrit úr merkjabók sýslumannsins í Keflavík, dags. 2.10.2004. Fjallað um merki Lónakots og Hvassahrauns og Hvassahrauns og Óttarsstaða.
- 12(18) Ljósmynd af landamerkjastein á Markhelluhóli.
- 12(19) Yfirlýsing til þinglýsingar. Óskipt sameign landspildu úr Hvassahrauni I og II þinglýst á félagi Sauðafells sf., dags. 13.9.2004.
- 12(20) Félagaskrá eigenda Hvassahrauns I og II (Sauðafell sf.), dags. 13.9.2004.
- 12(21) Fundargerð félagsfundar Sauðafells sf., dags. 27.5.2004.
- 12(22) Endurrit úr landamerkjabók sýslumannsins í Keflavík vegna vettvangsgöngu á landamerki Óttarsstaða, Lónakots og Hvassahrauns, dags. 2.11.2004.
- 12(23) Kort af landamerkjum Hvassahrauns. Gert af Tækniþjónustunni SÁ ehf. Tvö a-b kort; annað í mælikv. 1:30.000 (a) og minnkað ljósrit af korti í mælikvarðanum 1:30.000 (b).
- 12(24) Hnitaskrá Hvassahrauns, Lónakots og Óttarsstaða, ódags.
- 12(25) Bréf Hitaveitu Suðurnesja til Kristjáns Guðmundssonar vegna uppgjörs fyrir stauravirki, dags. 18.10.1993.
- 12(26) Bréf Flugmálastjórnar til Fjáreigendafélags Reykjavíkur varðandi leyfi fyrir sjálfvirkri veðurathugunarstöð, dags. 9.4.2001.
- 12(27) Tilkypping Fasteignamats ríkisins um fasteignamat og brunabótamat 31.12.2004 fyrir Hvassahraun, dags. jan. 2005.
- 12(28) Þinglýsingarvottorð fyrir Hvassahraun, dags. 1.2.2005.
- 12(29) Bréf stjórnar Fjáreigendafélags Reykjavíkur til Flugmálastjórnar varðandi leyfi til að setja upp vindmæli í landi Hvassahrauns, dags. 14.4.2001.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Hvassahraunsspildu:

- 13 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 13(1) Útrentun af færslum fyrir Hvassahraun-land (landnr. 199799) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 13(2) Afsal Jóns Þóroddssonar til Hitaveitu Suðurnesja á spildu úr landi Hvassahrauns, dags. 30.10.1997.
- 13(3) Þinglýsingarvottorð fyrir landspildu úr Hvassahrauni I og II, dags. 10.6.2004.
- 13(4) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr landi Hvassahrauns, dags. 10.6.2004.
- 13(5) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr landi Hvassahrauns, dags. 10.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Kálfatjarnar:

- 14 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 14(1) Útrentun af færslum fyrir Kálfatjörn af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 14(2) Útrentun af færslum fyrir Kálfatjörn I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 14(3) Afsal landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, til Vatnsleysustrandarhrepps á eignarhluta ríkisins í jörðinni Kálfatjörn, dags. 27.8.2001.
- 14(4) Kaupsamningur og afsal. Vatnsleysustrandarhreppur selur Hitaveitu Suðurnesja hluta af jörðinni Kálfatjörn, dags. 28.12.2001.
- 14(5) Yfirmat á söluverði ríkisjarðanna Kálfatjarnar, Goðhóls, Móakots I, Hátúns og Fjósakots, allar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 2.12.1999, ásamt uppdretti.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Knarrarness:

- 15 Kröfúlýsing, dags. 6. júní 2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 15(1) Útrentun af færslum fyrir Minna-Knarrarnes af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 15(2) Útrentun af færslum fyrir Stóra-Knarrarnes I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 15(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Knarrarnes Minna, dags. 21.6.2004.
- 15(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóra Knarrarnes, dags. 15.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Landakots:

- 16 Kröfúlýsing dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 16(1) Útrentun af færslum fyrir Landakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 16(2) Um búskap á Vatnsleysuströnd, greinargerð Margrétar Guðnadóttur, dags. 8.5.2004.
- 16(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Landakot, dags. 10.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Stóru- og Minni-Vatnsleysu:

- 17 Kröfúlýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 17(1) Útrentun af færslum fyrir Stóru-Vatnsleysu af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 17(2) Útrentun af færslum fyrir Minni-Vatnsleysu af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 21.5.2004.
- 17(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Minni-Vatnsleysu, dags. 10.6.2004.
- 17(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóru-Vatnsleysu, dags. 10.6.2004.
- 17(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóru-Vatnsleysu 2B, dags. 15.6.2004.
- 17(6) Bréf Sæmundar Á. Þórðarsonar til Sveinbjarnar Dagfinnssonar með leiðréttingum á Greinargerð sinni um Krísuvíkurbréfið, dags. 18.9.1996.
- 17(7) Greinargerð Sæmundar Þórðarsonar um framkvæmdir við Stóru-Vatnsleysu, skrifað 2004.
- 17(8) Afsal Bergs Jónssonar til Þórðar Jónassonar 2/3 hluta úr jörðinni Stóru-Vatnsleysu, dags. 6.6.1932.
- 17(9) Afsal Bjarna Stefánssonar til Þórðar Jónassonar á 1/3 hluta úr Stóru-Vatnsleysu, dags. 24.6.1945.
- 17(10) Greinargerð Sæmundar Á. Þórðarsonar um Krísuvíkurbréfið, dags. 17.9.1996.
- 17(11) Greinargerð Sæmundar Þórðarsonar bónda á Stóru-Vatnsleysu varðandi smalamennsku ú Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 27.10 án ártals.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Vogatorfunnar (Austurkot, Hábær, Minni-Vogar, Nýibær, Stóru-Vogar, Suðurkot og Tumakot):

- 18 Kröfúlýsing, dags. 24.5.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar f.h. landeigenda sjá skjal nr. 19(5).
- 18(1) Útrentun af færslum fyrir Austurkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(2) Útrentun af færslum fyrir Hábæ af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(3) Útrentun af færslum fyrir Hábæ I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(4) Útrentun af færslum fyrir Minni-Voga af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.

- 18(5) Útþrentun af færslum fyrir Stóru-Voga af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(6) Útþrentun af færslum fyrir Suðurkot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(7) Útþrentun af færslum fyrir Suðurkot I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(8) Útþrentun af færslum fyrir Suðurkot Efra I af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(9) Útþrentun af færslum fyrir Suðurkot Neðra III af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(10) Útþrentun af færslum fyrir Tumakot af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 18(11) Þinglýsingarvottorð fyrir Tumakot, dags. 26.5.2004.
- 18(12) Þinglýsingarvottorð fyrir Minni-Voga, dags. 21.6.2004.
- 18(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Hábae, dags. 9.6.2004.
- 18(14) Þinglýsingarvottorð fyrir Austurkot, dags. 14.6.2004.
- 18(15) Þinglýsingarvottorð fyrir Austurkot 1/2 jörðin, dags. 16.6.2004.
- 18(16) Þinglýsingarvottorð fyrir Austurkot, rishæð, dags. 18.6.2004.
- 18(17) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóru-Voga, dags. 9.6.2004.
- 18(18) Þinglýsingarvottorð fyrir Austurkot, 1.hæð og 1/2 jörðin, dags. 16.6.2004.
- 18(19) Þinglýsingarvottorð fyrir Nýjabæ, dags. 10.6.2004.
- 18(20) Orðrétt extract-útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar 1703 um Stóru-Voga, dags. 4.9.1903.
- 18(21) Um landamerki millum Voga og Grindavíkur, dags. 5.9.1903.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Þórustaða:

- 19 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 19(1) Útþrentun af færslum fyrir Þórustaði af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 19(2) Útþrentun af færslum fyrir Þórustaði-land af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 30.5.2004.
- 19(3) Afsal Steinars Smára Guðbergssonar til Hitaveitu Suðurnesja á hluta úr jörðinni Þórustöðum, dags. 21.5.1999.
- 19(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Þórustaði og Hellukot, dags. 14.6.2004.
- 19(5) Greinargerð Ólafs Björnssonar, hrl. f.h. landeigenda í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 19.10.2004.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Hrauns:

- 20 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 20(1) Kort sem sýnir kröfulínur Hrauns (mælikvarði 1:50.000).
- 20(2) Þinglýsingarvottorð fyrir ½ jörðina Hraun dags. 25.3.2004. Þingl. eig. Sigurður G. Gíslason.
- 20(3) Þinglýsingarvottorð fyrir ½ jörðina Hraun dags. 25.3.2004. Þingl. eig. Sigrún Magnúsdóttir o.fl.
- 20(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Hraun, dags. 4.6.2004.
- 20(5) Afsal Magnúsar Hafliðasonar til Þorvalds Gíslasonar á eignarhluta sínum í íbúðarhúsinu að Hrauni, dags. 22.12.1977.
- 20(6) Skiptayfirlýsing vegna skipta á búi Magnúsar Hafliðasonar, dags. 5.4.1984.
- 20(7) Yfirlýsing vegna skipta á dánarbúi Þorvalds Gíslasonar, dags. 22.11.1985.
- 20(8) Skiptayfirlýsing vegna skipta á dánarbúi Gíslínar Helgu Magnúsdóttur, dags. 22.11.1991. Umboð, dags. 20.11.1997, fylgir.
- 20(9) Yfirlýsing vegna afsals á hluta af landi Hrauns, ódags. Þingl. 5.12.1997.
- 20(10) Afsal Sigurðar G. Gíslasonar til Harðar Sigurðarsonar á hluta af landi Hrauns, dags. 14.11.1997, ásamt uppdretti.
- 20(11) Leigusamningur milli varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og eigenda

- jarðarinnar Hrauns, dags. 28.6.1992, ásamt uppdrætti.
- 20(12) Samningur um ráðstöfun fullvirðisréttar, dags. 9.3.2004.
- 20(13) Örnefnaskrá fyrir Hraun. Heimildarmenn Gísli Hafliðason og að hluta Guðmundur Guðmundsson, ódags.
- 20(14) Örnefnaskrá fyrir Hraun. Höfundur Loftur Jónsson, dags. 21.10.1980.
- 20(15) Örnefni í óbyggðinni vestur og norður frá Grindavík. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti skráði, ódags.
- 20(16) Fornminjaskrá fyrir Hraun, dags. 25.10.1930.
- 20(17) Yfirlýsing hreppstjórans í Grindavíkurbæjum vegna eignarréttar Gísla Hafliðasonar og Magnúsar Hafliðasonar að jörðinni Hrauni, dags. 26.4.1955.
- 20(18) Greinargerð Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. eigenda Hrauns, dags. 22.10.2004.
- 20(19) Skjalaskrá greinargerðar Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. eigenda Hrauns, dags. 25.10.2004.
- 20(20) Greinargerð um örnefni í landareign jarðarinnar Hraun í Grindavíkurbæjum, dags. febrúar 1953 og ágríp úr ævi Gísla Hafliðasonar til merkis um áreiðanleika hans, ódags.
- 20(21) Álit Hraunsmanna varðandi örnefni Framfell og Vesturfell, ódags.
- 20(22) Mótmæli Hafliða Magnússonar, Hrauni, dags. 31.5.1920, við landamerkjalyðingum Auðnahverfis, dags. 12.6.1888, og fyrir jarðirnar Knarrarnes, Breiðagerði, Auðnar, Landakot, Þórustaði og Kálfatjörn, dags. í maí 1920.
- 20(23) Lýsing Sigurðar Gíslasonar á smalamennsku í landi Grindavíkur, dags. 10.11.2004.
- 20(24) Bréf Gísla G. Sigurðssonar um samning milli Hraunsbænda og þurrabúðarmanna þann 25.11.1936, bréfið er dags. 20.12.2004 (sjá skjal nr. 20(25)).
- 20(25) Samningur milli bænda á Hrauni um að leyfa þurrabúðarmönnum á Þorkötlustöðum beit fyrir fé sitt í landi Hrauns, dags. 25.11.1936.
- 20(26) Grenjavinnsla í Grindavík (listi yfir greni sem legið hefur verið á frá Grindavík). Yfirlýsing Sigurðar Guðjóns Gíslasonar, Ólafs Gamalíelssonar, Helga Th. Andersen, Helga Gamalíelssonar, Sigurðar Óla Sigurðssonar, Hermanns Ólafssonar, Harðar Sigurðssonar og Jóhannesar G. Vilbergssonar, dags. 12.12.2004.
- 20(27) Yfirlýsing Hraunsbænda um nýtingu Hraunslands, dags. 30.1.2005.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Krýsuvíkur:

- 21 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 21(1) Kort sem sýnir kröfulínur Krýsuvíkur (mælikvarði 1:50.000).
- 21(2) Lögbundið mat matsnefndar vegna eignarnáms á jörðunum Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ, dags. 4.11.1936.
- 21(3) Greinargerð Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. eigenda Krýsuvíkur, dags. 25.10.2004.
- 21(4) Fundargerð matsnefndar Krýsuvíkur, dags. 1.5.1939, ásamt korti af Krýsuvík (mælikvarði 1:50.000).
- 21(5) Bréf Landmælinga Íslands til Grindavíkurbæjar varðandi Landamerki Grindavíkur og Hafnarfjarðar í Krýsuvík, dags. 20.10.2003.
- 21(6) Bréf Landmælinga Íslands til Félagsmálaráðuneytisins varðandi mörk Grindavíkur og Hafnarfjarðar, dags. 26.10.2003.
- 21(7) Bréf Landmælinga Íslands til Hafnarfjarðarkaupstaðar varðandi mörk Grindavíkur og Hafnarfjarðar, dags. 11.5.2004.
- 21(8) Bréf Landmælinga Íslands til Hafnarfjarðarkaupstaðar varðandi mörk Grindavíkur og Hafnarfjarðar, dags. 8.6.2004.
- 21(9) Þinglýsingarvottorð fyrir Krýsuvík, dags. 25.10.2004.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 22 22(1) Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Grindavíkurhreppi, dags. 20.8.2004.
- 22(2) Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 20.8.2004.
- 23 Yfirlitskort – Mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
- 24 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í Grindavík og á Vatnsleysuströnd. Dags. 11.5.2005.
- 25 25(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 24.8.2004.
- 25(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 21.9.2004.
- 25(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 19.10.2004.
- 25(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 17.2.2005.
- 25(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 21.2.2005.
- 26(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
- 26 a-b Kort Kristján Sæmundssonar af sögulegum hraunum í Vatnsleysuhreppi og hluta Grindavíkur ásamt minnisblaði. Dags. 7.11.2005.
- 27 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
- 27(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Hliðsjónargögn**Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra vegna Vatnsleysustrandar og Grindavíkur:**

- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 3. bindi. Bls. 118-119, 122-155.
- Ónr. Lýsing Bjáskersþingsóknar og Kálfatjarnarþingsóknar úr Lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu eftir Skúla Magnússon. Bls. 114-115, 121-123.
- Ónr. Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson. Bls. 14-15.
- Ónr. Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen. Bls. 188-189.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi. Bls. 3-25.
- Ónr. Lýsing Selvogspinga 1840 eftir Jón Vestmann. Bls. 96-97, 106-107. Úr ritinu Landnám Ingólfs.
- Ónr. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-1841 eftir síra Geir Bachmann. Bls. 123-147. Úr ritinu Landnám Ingólfs.
- Ónr. Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson. Bls. 14-15.

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl.:

- Ónr. Landnám Ingólfs – nýtt safn til sögu þess. Bls. 16-25, 98-123.
- Ónr. Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975. Bls. 176-185.

Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinssyni hrl.:

- Ónr. Krísuvík og Krísuvíkurland. Grein eftir Stefán Stefánsson í Tímanum 1967.
- Ónr. Meðferð þjóðlendumála. Grein eftir Jörund Gauksson í Morgunblaðinu 24.10.2004.
- Ónr. Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni. Sögufélag, Reykjavík, 1979. Bls. 131-143.
- Ónr. Ljósrit úr Lagasafni 1983. bls. 1511-1514.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Hæstaréttardómur 1925-29: 1, mál nr. 35/1924. Landamerki á milli Stafnesjarða í

Miðneshreppi annars vegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hins vegar.

- Ónr. Hæstaréttardómur 1958: 683, mál nr. 168/1957. Stóru-Vogar.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1993: 1061, mál nr. 43/1990. Knarrarnes.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1996: 2848, mál nr. 256/1995. Mörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi.
- Ónr. Hæstaréttardómur 1999: 2777, mál nr. 40/1999. Eignarnám. Landskipti. Krísuvík og Stóri-Nýibær.
- Ónr. Hæstaréttardómur mál nr. 355/2002. Stóra-Knarrarnes.
- Ónr. Dómur landamerkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í máli nr. 329/1964. Suðurmörk Hafnarfjarðar og norðurmörk Krísuvíkur.

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

mál nr. 2/2004
Stór-Reykjavíkursvæðið
I. hluti



31. maí 2006

EFNISYFIRLIT

1.	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	293
2.	MÁLSMEÐFERÐ	295
2.1.	Hlutverk og skipan óbyggðanefndar.....	295
2.2.	Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum og sunnanverðri Árnessýslu tekin til meðferðar.....	295
2.3.	Lýstar kröfur og kynning	296
2.4.	Mál nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið	297
3.	KRÖFUGERÐ	300
3.1.	Kröfur íslenska ríkisins.....	300
3.2.	Kröfur Kornelíusar Jónssonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Lónakots.....	301
3.3.	Kröfur Straumsbúsins sf. o.fl. vegna jarðarinnar Óttarsstaða I og Sínu Þorleifar Þórðardóttur o.fl. vegna Óttarsstaða II	302
3.4.	Kröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna lands innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar og Almenningskóga í Álftaneshreppi.....	303
3.5.	Kröfur Garðabæjar vegna hluta Garðakirkjulands og Almenningskóga Álftaneshrepps	303
3.6.	Kröfur Prestsetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands og Almenningskóga Álftaness	304
3.7.	Kröfur Björns Erlendssonar vegna jarðarinnar Selskarðs.....	304
3.8.	Kröfur eigenda Oddakots, Hliðsness, Hliðs, Brekkuflatar, Melshúss, Skógtjarnar, Brekku, Brekku í Kirkjubrú, Brekku í Núpakoti, Brekku í Bjarnakoti, Svalbarða, Haukshúss, Sviðholts, Bjarnastaða, Litlabæjar, Sveinskots, Hákots, Deildar, Traðar, Landakots, Báruhaugseyrar, Kasthúss, Akrakots, Breiðabólstaða, Eyvindarstaða, Þórukots, Selskarðs og Setbergs í Álftaneshreppi hinum forna vegna Almenningskóga Álftaness	305
3.9.	Kröfur Þorsteins Hjaltesteds vegna jarðarinnar Vatnsenda og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.....	305
3.10.	Kröfur Reykjavíkurborgar vegna eignarnámslands í Heiðmörk og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi	307
3.11.	Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur vegna jarðarinnar Elliðavatns og sameignarlands Seltjarnarness hins forna.....	308
3.12.	Kröfur Kópavogsbæjar vegna jarðarinnar Lækjarbotna og hluta afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.....	309
3.13.	Kröfur Stefaniu Margretar Kjartansson, Önnu Kjartansson Macko, f.h. dánarbús Hannesar Kjartanssonar, o.fl. vegna jarðarinnar Vilborgarkots	311
3.14.	Kröfur Braga Sigurjónssonar, eiganda jarðarinnar Geirlands, vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.....	312
3.15.	Kröfur Mosfellsbæjar vegna Mosfellsheiðar og Miðdals II	312
3.16.	Kröfur Bjarna Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar Hraðastöðum II vegna afréttar Mosfellinga.....	313
3.17.	Kröfur Seljabrekku ehf. vegna jarðarinnar Seljabrekku	313
3.18.	Kröfur Seltjarnar斯卡aupstaðar vegna hluta afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.....	314
3.19.	Kröfur Landsnets hf.....	316
4.	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	317
4.1.	Inngangur.....	317
4.2.	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	317
4.3.	Vettvangsferð.....	318
4.4.	Skýrslutökur	321
5.	SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA	322

5.1. Landnám á Stór-Reykjavíkursvæðinu	322
5.2. Stjórnsýslumörk.....	323
5.3. Lónakot.....	335
5.4. Óttarsstaðir	337
5.5. Straumur	341
5.6. Þorbjarnarstaðir (með Lambhaga).....	344
5.7. Hvaleyri	348
5.8. Garðar.....	351
5.9. Selskarð	363
5.10. Vatnsendi	366
5.11. Elliðavatn.....	373
5.12. Hólmur	374
5.13. Lækjarbotnar.....	379
5.14. Vilborgarkot	383
5.15. Geitháls.....	390
5.16. Geirland.....	391
5.17. Elliðakot (Helliskot)	391
5.18. Miðdalur	399
5.19. Hraðastaðir	402
5.20. Mosfell.....	403
5.21. (Mosfells) Bringur	403
5.22. Mosfellsheiðarland	406
5.23. Svanastaðir (síðar Leirvogsvatn)	431
5.24. Seljabrekka (= Jónssel).....	433
5.25. Almenningsland á Stór-Reykjavíkursvæðinu	434
5.25.1. <i>Almennt</i>	434
5.25.2. <i>Almenningur og almenningskógar Álftaness</i>	439
5.25.3. <i>Kóngsland</i>	450
5.25.4. <i>Afréttarlönd sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu</i>	451
5.25.5. <i>Afréttur Álftaneshrepps</i>	458
5.25.6. <i>Afréttur Seltjarnarneshrepps</i>	460
5.25.7. <i>Afréttur Mosfellsahrepps</i>	467
5.26. Sel á Stór-Reykjavíkursvæðinu	470
6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....	474
6.1. Inngangur.....	474
6.2. Landnám.....	476
6.3. Lónakot.....	477
6.4. Óttarsstaðir	480
6.5. Straumur	485
6.6. Þorbjarnarstaðir með Stóra Lambhaga	490
6.7. Hvaleyri	494
6.8. Réttarstaða ætlaðs almennings sunnan Hafnarfjarðar.....	499
6.9. Garðakirkjuland.....	507
6.9.1. <i>Almenn atriði</i>	507
6.9.2. <i>Sjónarmið aðila</i>	507
6.9.3. <i>Niðurstaða</i>	509
6.10. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluti Almenningskóga Álftaness) .	514
6.10.1. <i>Almenn atriði</i>	514
6.10.2. <i>Sjónarmið aðila</i>	515
6.10.3. <i>Niðurstaða</i>	517
6.11. Vatnsendi	523
6.11.1. <i>Almenn atriði</i>	523
6.11.2. <i>Sjónarmið aðila</i>	523
6.11.3. <i>Niðurstaða</i>	526
6.12. Elliðavatn.....	531

6.12.1. Almenn atriði.....	531
6.12.2. Sjónarmið aðila.....	532
6.12.3. Niðurstaða.....	534
6.13. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna.....	540
6.13.1. Almenn atriði.....	540
6.13.2. Sjónarmið aðila.....	540
6.13.3. Niðurstaða.....	547
6.14. Vilborgarkot	554
6.15. Stóra-Mosfellsheiðarland.....	558
6.16. Landsnet hf.	566
6.17. Um málskostnað	566
7. ÚRSKURÐARORÐ	567

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og 7/2006, tekið fyrir málið

**nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Allan Vagn Magnússon.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl. og Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kornelíus Jónsson o.fl. vegna hluta jarðarinnar Lónakots.

Straumsbúið sf. o.fl. vegna jarðarinnar Óttarsstaða I.

Sína Þorleif Þórðardóttir o.fl. vegna jarðarinnar Óttarsstaða II.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bjarni Bjarnason og Magnús Bjarnason vegna jarðarinnar Hraðastaða II og afréttar Mosfellinga.

Mosfellsbær vegna Mosfellsheiðar og hluta úr jörðinni Miðdal II.

(Jörundur Gauksson hdl.)

Reykjavíkurborg vegna eignarnámslands í Heiðmörk og afréttar Seltjarnarnesshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi.

Seljabrekka ehf. vegna jarðarinnar Seljabrekku.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Björn Erlendsson o.fl. vegna jarðarinnar Selskarðs.

¹Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Eigendur Oddakots, Hliðsness, Hliðs, Brekkuflatar, Melshúss, Skógtjarnar, Brekku, Brekku í Kirkjubrú, Brekku í Núpakoti, Brekku í Bjarnakoti, Svalbarða, Haukshúss, Sviðholts, Bjarnastaða, Litlabæjar, Sveinskots, Háakots, Deildar, Traðar, Landakots, Báruhaugseyrar, Kasthúss, Akrakots, Breiðabólstaða, Eyvindarstaða, Þórukots, Selskarðs og Setbergs í Álfthaneshreppi hinum forna vegna „Almenningsskóga Álfthaness“.

(Eyvindur G. Gunnarsson hrl.)

Garðabær vegna hluta Garðakirkjulands og Almenningsskóga Álfthaneshrepps.

(Jón Sigurðsson hdl. fyrir hönd Andra Árnasonar hrl.)

Hafnarfjarðarkaupstaður vegna lands innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar og Almenningsskóga í Álfthaneshreppi.

(Guðmundur Benediktsson hrl. og Jón Höskuldsson hdl.)

Alcan á Íslandi hf. vegna lands Alcan (hluta jarðarinnar Straums).

(Jakob R. Möller hrl.)

Stefania Margret Kjartansson, Anna Kjartansson Macko, f.h. dánarbús Hannesar Kjartanssonar o.fl. vegna jarðarinnar Vilborgarkots.

(Jón G. Briem hrl.)

Prestsetrasjóður, f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands og Almenningsskóga Álfthaness.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Bragi Sigurjónsson vegna jarðarinnar Geirlands vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.

(Ólafur Örn Svansson hdl.)

Þorsteinn Hjaltsted vegna jarðarinnar Vatnsenda og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.

(Sigurbjörn Þorbergsson hdl.)

Orkuveita Reykjavíkur vegna jarðarinnar Elliðavatns og sameignarlands Seltjarnarness hins forna.

(Sigurður A. Þóroddsson hdl.)

Seltjarnarneskaupstaður vegna hluta afréttar Seltjarnarnesshrepps hins forna.

(Valgarður Sigurðsson hrl. og Bragi Björnsson hdl.)

Kópavogsbær vegna jarðarinnar Lækjarbotna og hluta afréttar Seltjarnarnesshrepps hins forna.

(Þórður Clausen Þórðarson hrl. og Geir Arnar Marelsson hdl.)

Margrét Tryggvadóttir vegna jarðarinnar Miðdals I.

(Halldór H. Backman hrl.)

Sigurður Sigurjónsson vegna jarðarinnar Miðdals I.

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Landsnet hf.

(Þórður Bogason hdl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Hlutverk og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000 og 7/2005. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómsslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 27. október 2003, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslum, auk þess hluta Árnassýslu sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið fjórða sem kemur til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til norðurs af mörkum Kjósarhrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem fylgja suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi, en þau byrja við Botnsvog og enda í Háu-Súlu, og þegar austar dregur af suðurmörkum þeirra jarða sem óbyggðanefnd tók afstöðu til í málum á svæði 1 (nr. 1–7/2000, varðandi uppsveitir Árnassýslu). Að austan afmarkast svæðið af Þjórsá, en að sunnan og vestan af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.² Fjármálaráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða.

²Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort).

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Árborgar, auk Bændasamtaka Íslands, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 20. febrúar 2004, og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi, bárust 20. febrúar 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004, Fréttablaðinu 4. mars og Morgunblaðinu 7. mars, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 3. júní 2004. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítilllega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í lok júní 2004.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, frá 1. júlí til 3. ágúst 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 10. ágúst 2004. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi

sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 7 hlutum og 4 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 61 kröfulýsing ýmissa aðila, auk krafna Landsnets hf. Kröfulýsingar þessar taka til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða á Suðvesturlandi, stundum sameiginlega.

2.4. Mál nr. 2/2004, Stór-Reykjavíkursvæðið

Í ágúst 2004 var lögmönnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í sex mál, þ.e. mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd, mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið, mál nr. 3/2004 Kjalarnes, mál nr. 4/2004 Kjós, mál nr. 5/2004 Grafningur og mál nr. 6/2004 Ölfus.

Mál nr. 2/2004 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 31. ágúst 2004. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um þjóðlendumál á jarðir á ágreiningsvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skilufu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við framangreinda fyrstu fyrirtöku var einnig gerð grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málinu og færi gefið á athugasemdum. Engar slíkar komu fram þá en við fimmtu fyrirtöku var fjallað um erindi, dags. 27. desember 2004, sem nefndinni barst frá Birni Erlendssyni og Jóni Lárussyni, sem gæta hagsmuna fyrir eigendur Selskarðs, þar sem farið var fram á að nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Karl Axelsson vikju sæti í málinu vegna vanhæfis. Vísað var til þess að umræddir nefndarmenn hefðu setið í matsnefnd eignarnámsbóta í málinu nr. 7/2004, þar sem hafnað var kröfu eins eigenda Selskarðs um eignarnámsbætur vegna beitarréttar. Með

bréfi, dags. 4. janúar 2005, svaraði nefndin á þann veg að hvorki lægi fyrir að framangreindir aðilar, Björn og Jón, væru persónulega eigendur nokkurra landsréttinda á því svæði sem fjallað væri um í máli nr. 2/2004, né hefðu þeir framvísað umboði þinglýstra réttihafa á sama svæði. Þegar af þeirri ástæðu yrði ekki séð að framangreindir menn ættu aðild að málinu og var erindinu því hafnað. Úr því var bætt og erindið ítrekað. Óbyggðanefnd úrskurðaði um framangreinda kröfu 6. september 2005, á þann veg að kröfu kæranda var hafnað, með vísan til 6. tl. 3. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Í rökstuðningi segir svo: „Í úrskurði sínum frá 1. nóvember sl. tók matsnefndin ekki afstöðu til eðlis og umfangs eða jafnvel tilvistar þeirra réttinda sem eignarnámspoli gerði kröfu um að fá bætt. Nefndin taldi að hvað sem liði niðurstöðu um slíkt bæri ekki að greiða eignarnámspola bætur vegna framkvæmda Vegagerðarinnar. Af þessu er ljóst að umræddir nefndarmenn hafa ekki tekið neina ákvörðun um þau álitæfni, sem nú eru til umfjöllunar í óbyggðanefnd. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til álita að þeir teljist vanhæfir vegna starfa sinna í matsnefnd eignarnámsbóta.“

Við aðra fyrirtöku málsins, 28. september 2004, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 26. október sama ár, voru m.a. lagðar fram nokkrar greinargerðir og gerð grein fyrir bréfi Þórðar Bogasonar hdl. fyrir hönd Landsvirkjunar, dags. 4. október 2004, þar sem fram kom að lögmaðurinn myndi ekki sækja fundi nefndarinnar í málinu nema eftir því væri sérstaklega óskað af hálfu nefndarinnar eða hún teldi slíkt nauðsynlegt vegna hagsmunagæslu Landsvirkjunar, sbr. lokamgr. 10. gr., lokamgr. 13. gr. og 17. gr. laga nr. 58/1998.³ Fleiri greinargerðir voru lagðar fram við fjórðu fyrirtöku, 16. desember 2005. Fimmta fyrirtaka málsins fór fram þann 20. janúar 2005. Við þessi tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Að lokum var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar sem og fyrirkomulag vettvangsferðar.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram dagana 24., 25. og 27. janúar 2005 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflytning. Við aðalmeðferð kom m.a. fram að lögmennt hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Síðari hluti aðalmeðferðar fór fram 17. febrúar 2005, þegar Ragnar Aðalsteinsson hrl. flutti mál sitt. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í fundarsal Grand Hótel, Reykjavík og á skrifstofu óbyggðanefndar, Hverfisgötu 4a, Reykjavík. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3–4.4 og vísast þangað.

³Með bréfi, dags. 21. apríl 2006, tilkynnti Þórður Bogason hdl. að Landsnet hf. hefði tekið við öllum réttindum og skyldum Landsvirkjunar í málum fyrir óbyggðanefnd.

Þann 11. maí 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ⁴

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er annars vegar gerð sú aðalkrafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk á Stór-Reykjavíkursvæðinu:

„Fyrsti punktur á þessu kröfusvæði er við alfaraveginna á bæjarmörkum (A) Hafnarfjarðar, svo er farið í punkt, sem er NA-horn Almennings (B), og síðan umhverfis land Alcan í Straumsvík í punktum B1, B2 og B3, síðan í punkt á Kolbeinshæð (C), svo í punkt við Stórhöfðastíg (D).

Frá Stórhöfðastíg er farið í Steinshús (E) (kallað Steinhes í lögfestu Garðakirkju 1661) svo úr Steinhúsinu og upp í syðri Kaldárbotna (F) og umhverfis Helgafell og í Strandartorfu (G), svo í Húsfell (H).

Frá Húsfelli er svo dregin lína í Stríp (I), úr honum í suðvestur horn á Selfjalli (J), sem er hornmark við Lækjarbotnalanda, þaðan í Sandfell (K) og þaðan í móbergsklett með rauf í (L), þaðan í þúfu í Holtstanga (M) og síðan eftir syðstu kvísl Fossvallaár (N) þar til kemur að Elliðakotslandi, þá er farið upp Fossvallaána og síðan í norðurkvísl Lyklafellsárinnar í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins (O) og meðfram brún Elliðakotsheiðar og upp í Nautapoll (Ó) og svo upp eftir farvegi Lyklafellsárinnar að sýslumörkum (P). Fara skal eftir sýslumörkum gegnum sýsluþúfu, (línana frá sýsluþúfu að Borgarhólum á að vera á landamörkum við Miðdalsland). Frá punktinum við sýslumörkin er þeim fylgt að Borgarhól (R) (jafnframt landamerki Miðdals) og þaðan beint um Leirdalsenda í Stórhól (S) austast á Grímmannsfelli, þaðan beint í Köldukvísl austan fjallsins, þar sem lína, sem dregin er milli Þrívarða í Moldarbrekkum og vörðu á Stórhól á Grímmannsfelli sker ána og er það punktur (T), þaðan beint yfir Geldingatjörn í Blásteinbringu, sem verður punktur (U) og svo upp að Leirvogsvatni í punkt þar sem Leirvogsa rennur úr vatninu (Ú), svo eftir vatninu og úr því eftir Bugðu upp að Rjúpnagilsenda (V), þaðan beint í Sýslusteina (X) austan á Sauðafelli og svo í sæluhúsatóft (Y).“

Hins vegar er gerð sú aðalkrafa að eftirfarandi landsvæði verði viðurkennt sem þjóðlenda:

„Gerð er krafa til þess að land jarðarinnar Vilborgarkots teljist allt til þjóðlendu, en landamerki jarðarinnar eru:

Fyrir austan frá Horni í ána þar sem ósinn fellur í ána og þar sem ósinn tilvísar upp í grasþúfu í útnorður frá Helliskoti, frá þeirri þúfu með Miðdalsmörkum í Sólheimatjörn, þaðan frá vestri endi [enda] af Sólheimatjörn, og þvert suður í grjótlág við ána fyrir austan Hólma, og þaðan fram með ánni, fyrir norðan, eftir Dugós.“

⁴Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Sjá einnig umfjöllun í kafla 6.1. um breytingar á kröfum og aðild vegna jarðanna Miðdals I, Miðdals II, Hraðastaða II og lands Alcan (hluta jarðarinnar Straums).

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru neðangreindar varakröfur gerðar:

„Varakrafa er gerð við Garðakirkjulong, sem hljóðar svo: Úr Steinhúsi við neðri Kaldárbotna þaðan í Markrakagil í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina, þaðan til Markraka í Dauðadölum og þaðan í mitt Húsfell.

Varakrafa milli Húsfells og Lækjarbotnalands hljóðar svo: Úr Húsfelli í vörðubrot á hraunbrún austan Vatnsendakrika, nálægt Heiðmerkurgirðingunni (u.þ.b. sem merkt er 04 á landakorti) og þaðan í suðvestur hornið á Selfjalli.“

3.2. Kröfur Kornelíusar Jónssonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Lónakots

Af hálfu Kornelíusar Jónssonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Lónakots er þess krafist „að öllum kröfum íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu innan þinglýstra merkja jarðarinnar Lónakots verði hafnað“.

Merki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjabréfi dagsettu 7. júní 1890 og þinglýstu 9. júní 1890 á manntalsþingi fyrir Garðahrepp svohljóðandi:

Að vestanverðu, milli Lónakots og Hvassahrauns eru landamerki sem hjer segir:

„Landamerki þau byrja við sjó í svonefndum Markakletti (punktur nr. 1), austanvert við Hraunsnes, úr honum í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóra-Grænhól, úr Stóra-Grænhól í Hólbrunnsvörður, úr Hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu, úr Skorásvörðu í mið-Krossstapa (punktur nr. 2), sem er hornmark á Lónakotslandi. Að innanverðu, milli Lónakots og Ottusstaða, byrja landamerkin við sjó úr krosssprungnum hól, með þúfu á, úr honum í Sjónarhól, og þaðan í klett, fyrir austan Lónakotssel, og úr honum í mið-Krossstapa (punktur nr. 3).“

Hinn 26. maí 1890 voru gerð landamerki milli Lónakots og Óttarsstaða og þau þinglesin á manntalsþingi fyrir Garðahrepp 9. júní 1890 og hljóða þannig:

„Landamerki milli Óttarsstaða og Lónakots byrja rjett fyrir ofan sjáfarkampinn, þaðan í Markhól, sem klappað er á: Ótta. Lón. Frá Markhól í Sjónahól, frá Sjónahól í vörðu austanvert við Lónakotssel; frá þeirri vörðu í Miðkrossstapa.“

Eigendur Lónakots krefjast jafnframt viðurkenningar óbyggðanefndar á því að allt land innan þinglýstra merkja jarðarinnar teljist óskoruð eign þeirra með þeim takmörkunum sem leiða af samningum sem eigendur jarðarinnar hafa gert við þriðja aðila og þinglýst eru.

Þess er krafist að óbyggðanefnd úrskurði um greiðslu kostnaðar eigenda Lónakots af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd vegna krafna íslenska ríkisins fyrir nefndinni og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við ákvörðun kostnaðar er þess krafist að ekki verði gerður neinn frádráttur vegna þess að [eigendur Lónakots] hafi ekki sameinast um lögmann/lögmenn við aðra en eigendur Óttarsstaða, enda eiga [eigendur Lónakots] ekki sameiginlegra hagsmuna

að gæta með öðrum á svæðinu. Miklu frekar er um hagsmunaárekstra að ræða við aðra á svæðinu.

Þess er krafist að kostnaður verði ákveðinn eigendum Lónakots að skaðlausu, enda hafa þeir ekki gefið neitt tilefni til málareksturs þessa, heldur verður hann einungis rakinn til óparfa málsýfingar af hálfu ríkisvaldsins.“

3.3. Kröfur Straumsbúsins sf. o.fl. vegna jarðarinnar Óttarsstaða I og Sínu Þorleifar Þórðardóttur o.fl. vegna Óttarsstaða II

Af hálfu Straumsbúsins sf. o.fl. og Sínu Þorleifar Þórðardóttur o.fl er þess krafist „að öllum kröfum íslenska ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu innan þinglýstra merkja jarðarinnar Óttarsstaða verði hafnað.

Landamerki jarðarinnar gagnvart Straumi eru sem hér segir:

„Landamerki ... byrja við sjó, á Vatnaskersklöpp (punktur 8) og yfir miðjan Markhól. Þaðan beint í Stóra-Nónhól, frá Nónhól í Gvendarbrunn, frá Gvendarbrunni í Mjósundavörðu, frá Mjósundavörðu í Klofaklett, suður og uppaf Steinhúsi. Á Klofaklett er klappað: Ótta., Str., og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og upp af Eyjólfshól; á þennan Markastein er klappað: Ótta., Str. Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi (punktur 5).“

Landamerkin eru samþykkt af Krísuvík. Þau voru lesin á manntalsþingi 9. júní 1890.

Landamerki milli Óttarsstaða og Lónakots eru sem hér segir:

„Landamerki ... byrja rjett fyrir ofan sjáfarkampinn (punktur 1), þaðan í Markhól, sem klappað er á: Ótta. Lón. Frá Markhól í Sjónarhól, frá Sjónarhól í vörðu austanvert við Lónakotssel; frá þeirri vörðu í Miðkrossstapa (punktur 2).“

Merkjalýsing þessi var lesin á manntalsþingi 9. júní 1890.

Milli Óttarsstaða og Hvassahrauns eru landamerki sem hér segir:

„Landamerki ... byrja í Mið-Krossstapa (punktur 2), frá Mið-Krossstapa í Klofningsklett, sem varða er hjá, sunnanvert við Einirhól. Frá Klofningskletti í Búðarvatnsstæði (punktur 3), frá Búðarvatnsstæði í Markhelluhól (punktur 4), sem er hornmark frá Óttarsstöðum, Hvassahrauni og Krísuvík; í hann er klappað Ótta., Hvass., Krv.“

Landamerkjalyýsing þessi er dagsett 26. maí 1890. Hún er árituð af eigendum Hvassahrauns og umboðsmanni Krísuvíkur. Hún er lesin á manntalsþingi 9. júní 1890.

Eigendur Óttarsstaða krefjast jafnframt viðurkenningar óbyggðanefndar á því að allt land innan þinglýstra merkja jarðarinnar teljist óskoruð eign þeirra með þeim takmörkunum sem leiða af samningum sem eigendur jarðarinnar hafa gert við þriðja aðila og þinglýst eru.“

„Þess er krafist að óbyggðanefnd úrskurði um greiðslu kostnaðar eigenda Lónakots af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd vegna krafna íslenska ríkisins fyrir nefndinni og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga.

Við ákvörðun kostnaðar er þess krafist að ekki verði gerður neinn frádráttur vegna þess að [eigendur Óttarsstaða] hafi ekki sameinast um lögmann/lögmenn við aðra en eigendur Lónakots, enda eiga [eigendur Óttarsstaða] ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta með öðrum á svæðinu. Miklu frekar er um hagsmunaárekstra að ræða við aðra á svæðinu.

Þess er krafist að kostnaður verði ákveðinn eigendum Óttarsstaða að skaðlausu, enda hafa þeir ekki gefið neitt tilefni til málareksturs þessa, heldur verður hann einungis rakinn til óþarfa málsýfingar af hálfu ríkisvaldsins.“

3.4. Kröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna lands innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar og Almenningskóga í Álftaneshreppi

Af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar eru gerðar þær kröfur „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendu innan staðarmarka Hafnarfjarðar. Einnig að hafnað verði kröfum ríkisins að því er varðar þjóðlendu í „Almenningskógum Álftaneshrepps“ sem eru utan staðarmarka Hafnarfjarðar.

Þá er gerð sú krafa að óbyggðanefnd úrskurði Hafnarfjarðarkaupstað málskostnað úr ríkissjóði vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Krafan byggist á því að allt land innan staðarmarka Hafnarfjarðar, sem ríkið gerir kröfu til að verði úrskurðað þjóðlenda, sé eignarland kaupstaðarins og land Álftanesskóga utan staðarmarkanna sé sameignarland gamalla lögbylisjarða Álftaneshrepps hins forna, en Hafnarfjörður hefur frá árinu 1908 eignast nærfellt allt land innan staðarmarka Hafnarfjarðar.“

3.5. Kröfur Garðabæjar vegna hluta Garðakirkjulands og Almenningskóga Álftaneshrepps

Af hálfu Garðabæjar vegna hluta Garðakirkjulands og Almenningskóga Álftaneshrepps eru eftirfarandi kröfur gerðar:

„Að öllum kröfum fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á þeim svæðum sem Garðabær gerir kröfu til, verði hafnað.

Að viðurkennt verði að Garðabær eigi fullkominn og beinan eignarrétt að landsvæði sem afmarkast af eftirfarandi landamerkjum:

Úr Arnarbæli (Arnarstapa) í Hnífhól, þaðan í Húsfell. Lína úr Húsfelli í Þríhnúka og í suðurenda Bláfjalla (Bláfjallahorn), þaðan í Kistufell. Frá Kistufelli í syðra horn á Fagradalsbrún, þaðan í Vatnsskarð (Melrakkaskarð), þaðan í Fjallið eina og svo í Markhelluhól. Úr Markhelluhól í Búðarvatnsstæði, þaðan í Steinhús, en þaðan í miðjan Ketshelli. Úr Ketshelli í Arnarbæli (Arnarstapa).

Verði hins vegar talið að einhver hluti kröfusvæðis Garðabæjar sé þjóðlenda, þá er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Garðabæjar á því svæði.

Að óbyggðanefnd úrskurði að eftirfarandi landsvæði teljist innan staðarmarka Garðabæjar, á grundvelli bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998:

Lína úr Húsfelli í Þríhnúka og í suðurenda Bláfjalla (Bláfjallahorn). Frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell, og síðan í skurðpunkt milli sýslumarka og línunnar Bláfjallahorn-Kistufell, þaðan í Kistufell. Frá Kistufelli í syðra horn á Fagradalsbrún, þaðan í Vatnsskarð (Melrakkaskarð), þaðan í Fjallið eina og svo í Markhelluhól. Úr Markhelluhól í Markrakagil (Markagil) eða Undirhlíðar, þaðan í Hæðstaholt á Dauðadölum (Markraki) og síðan norður í Húsfell.⁵

Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu skv. mati óbyggðanefndar, eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi, en áskilinn er réttur til að leggja fram slíkan reikning við aðalflutning málsins, ef til hans kemur.“

3.6. Kröfur Prestsetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands og Almenningskóga Álfтанess

Af hálfu Prestsetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands eru gerðar þær kröfur „að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt á landi Garðakirkju innan þinglýstra landamerkja sbr. framlagt landamerkjabréf frá 1890, auk eignarhlutdeildar í svokölluðum „Almenningskógum Álfтанess.“

Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt hans í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.“

3.7. Kröfur Björns Erlendssonar vegna jarðarinnar Selskarðs

Af hálfu Björns Erlendssonar vegna jarðarinnar Selskarðs er þess krafist að „staðfestur verði tiltölulegur eignarréttur kirkjujarðarinnar Selskarðs í [...] óskiptu landi Garðakirkju, sbr. m.a. merki á landi Garðakirkju frá 7. júní 1890, með hliðsjón af lögum nr. 13 frá 1912 og að kröfulína fjármálaráðuneytisins verði leiðrétt“ á þá leið að „aðalkröfulína, frá Steinhúsi (E) upp í syðri Kaldárbotna (F) síðan umhverfis Helgafell og í Strandatorfu (G), svo í Húsfell (H), verði tekin út á þessu svæði á teikningu í kröfulýsingu og varakröfulína, úr Steinhúsi við neðri Kaldárbotna þaðan í Markrakagil í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið eina, þaðan í Markraka í Dauðadölum og þaðan í mitt Húsfell, verði tekin upp í staðinn en með leiðréttingu miðað við Vatnsskarð (Markrakagil, Melrakkaskarð), Markagil eða Marrakagil (hnit ISN 93, X=355756,8887, Y=388282,6664).

⁵Við fyrstu fyrirtökur í málum á svæði 4 var bókað að skipting svæðisins í mál fælist á engan hátt afstaða nefndarinnar til sveitarfélagamarka. Væri ágreiningur um sveitarfélagamörk þarfnist það sérstakrar athugunar og hugsanlega málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, sbr. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga.

Auk þess er krafist að óbyggðanefnd staðfesti beitarrétt jarðarinnar Selskarðs í landspildunni sem seld var Hafnarfjarðarbæ og fellur innan aðal- og varakröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendur og með tilvísun í lög nr. 13 frá 1912 um mörk þessarar landspildu miðað við Vatnsskarð og afsal, dags. 30. ágúst 1913, sbr. einnig bókun hjá Héraðsdómi Reykjavíkur frá 14. apríl [2004] í málinu nr. E-14890/2003 um að jörðin Selskarð eigi beitarrétt samkvæmt þinglýstu afsali.

Þá er krafist greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt kostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar, sbr. skýringar á kostnaði á síðu 7 í upplýsingariti óbyggðanefndar.“

3.8. Kröfur eigenda Oddakots, Hliðsness, Hliðs, Brekkuflatar, Melshúss, Skógtjarnar, Brekku, Brekku í Kirkjubrú, Brekku í Núpakoti, Brekku í Bjarnakoti, Svalbarða, Haukshúss, Sviðholts, Bjarnastaða, Litlabæjar, Sveinskots, Hákots, Deildar, Traðar, Landakots, Bárúhaugseyrar, Kasthúss, Akrakots, Breiðabólsstaða, Eyvindarstaða, Þórukots, Selskarðs og Setbergs í Álftaneshreppi hinum forna vegna Almenningskóga Álftaness

Af hálfu eigenda ofangreindra lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt kröfulýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendur í „Almenningskógum Álftaness.

Landeigendur gera kröfu til þess að allt land gamalla lögbýlisjarða innan þessara merkja, sem afmörkuð eru með vísan til tölusettra punkta á [...] uppdrætti, verði talið eignarland jarðanna í óskiptri sameign:

Úr Búðarvatnsstæði (punktur 1) í Steinhús (punktur 2), þaðan lína í Markkrakagil (Markagil) (punktur 3), þaðan lína í Hæstaholt (Markraki í Dauðadölum) (punktur 4), þaðan lína í Húsfell (punktur 5), þaðan lína í Þríhnúka (punktur 6), þaðan lína í suðurenda Bláfjalla (Bláfjallahorn) (punktur 7), þaðan lína í Kistufell (punktur 8), þaðan lína í syðra horn á Fagradalsbrún (punktur 9), þaðan lína í Vatnsskarð (Melrakkaskarð) (punktur 10), þaðan lína í Fjallið eina (punktur 11), þaðan lína í Markhelluhól (punktur 12) og þaðan lína aftur í Búðarvatnsstæði (punktur 1).

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar [eigendum jarðanna] að skaðlausu“.

3.9. Kröfur Þorsteins Hjaltesteds vegna jarðarinnar Vatnsenda og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna

Af hálfu Þorsteins Hjaltested vegna jarðarinnar Vatnsenda og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna er gerð sú krafa „að öllum þjóðlendukröfum ríkisins að

því er varðar landnám Ingólfs Arnarssonar landnámsmanns svo sem því er lýst í Landnámu verði hafnað“.

Hvað varðar Vatnsendajörðina var upphafleg aðalkrafa sú að að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Vatnsenda liggi til suðausturs frá punkti 1 við Elliðavatn að kennileitinu Stríp í Strípshrauni (punkt nr. 2) og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell (punkt nr. 3). Úr Kóngsfelli í hæsta punkt Þríhnúka (punkt nr. 4) og áfram í vestur átt austast í Efri-Strandatorfu (punkt nr. 5). Þaðan í Búrfellsdal, punkt nr. 6) og þaðan í Hnífhól (punkt nr. 7) og úr Hnífhól í Arnarbæli (punkt nr. 8) og í merkjastein vestast í Vatnsendahvarfi (punkt nr. 9). Mörk Vatnsendalands við Heiðmörk í suðri skulu miðast við græna línu á uppdrætti er lagður er fram með greinargerð.

Kröfu þessari var síðar breytt á þann veg að rétt mörk landamerkja Vatnsenda liggi „með mörkum Garðakirkjulands í Húsfell og þaðan í Þríhnúka og úr Þríhnúkum í Stóra-Kóngsfell“.

Sú varakrafa er gerð „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Vatnsenda liggi til suðausturs frá punkti nr. 1 við Elliðavatn að kennileitinu Stríp í Strípshrauni, punkt nr. 2 og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell punkt nr. 3. Úr Kóngsfelli í hæsta punkt Þríhnúka punkt nr. 4. og áfram í vestur átt austast í Efri-Strandatorfu punkt nr. 5. Þaðan í Húsfell punkt nr. 10 og þaðan í Hnífhól punkt nr. 7 og úr Hnífhól í Arnarbæli punkt nr. 8 og loks í merkjastein vestast í Vatnsendahvarfi punkt nr. 9. Miða skal mörk Vatnsendalands við Heiðmörk í suðri við græna línu á uppdrætti sem lagður er fram með greinargerð“.

Sú þrautavarakrafa var upphaflega gerð „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Vatnsenda liggi til suðausturs frá punkti nr. 1 við Elliðavatn að kennileitinu Stríp í Strípshrauni, punkt nr. 2 og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell punkt nr. 3. Úr Kóngsfelli í hæsta punkt Þríhnúka punkt nr. 4. og þaðan í Húsfell punkt nr. 10 og þaðan í Hnífhól punkt nr. 7 og úr Hnífhól í Arnarbæli punkt nr. 8 og loks í merkjastein vestast í Vatnsendahvarfi punkt nr. 9. Miða skal mörk Vatnsendalands við Heiðmörk í suðri við græna línu á uppdrætti sem lagður er fram með greinargerð“.

Sú þrautþrautavarakrafa er gerð „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Vatnsenda liggi til suðausturs frá punkti nr. 1 við Elliðavatn að kennileitinu Stríp í Strípshrauni, punkt nr. 2, og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell punkt nr. 3. Úr Kóngsfelli í Húsfell punkt nr. 10 og úr Húsfelli í Hnífhól punkt nr. 7 og úr Hnífhól í Arnarbæli punkt nr. 8 og loks í merkjastein vestast í Vatnsendahvarfi punkt nr. 9. Miða skal mörk Vatnsendalands við Heiðmörk í suðri við græna línu á uppdrætti sem lagður er fram með greinargerð“.

Hvað varðar afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna er gerð sú aðalkrafa „að viðurkenndur verði beinn eignarréttur eiganda jarðarinnar Vatnsenda að afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna að fullu eins og hann kann endanlega að verða

afmarkaður við meðferð máls þessa, að virtum rétti annarra sem ákvarðaður verður eignarréttur á svæðinu“.

Sú varakrafa er gerð „að viðurkenndur verði óbeinn eignarréttur eiganda jarðarinnar Vatnsenda að afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna að fullu eins og hann kann endanlega að verða afmarkaður við meðferð máls þessa, að virtum rétti annarra sem ákvarðaður verður eignarréttur á svæðinu. Gerð er krafa um að viðurkenndur verði hvers kyns afnota-, ítaka- og námuréttur sem viðurkenndur er í íslenskum eignarrétti.

Gerð er í öllum tilvikum krafa um málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi“.

3.10. Kröfur Reykjavíkurborgar vegna eignarnámslands í Heiðmörk og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi

Af hálfu Reykjavíkurborgar vegna eignarnámslands í Heiðmörk eru gerðar þær kröfur að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi hennar í Heiðmörk innan neðangreindra merkja:

„Frá skurðpunkti Heiðmerkurgirðingarinnar og markalínunnar Arnarbæli-Húsfell (1) í Arnarbæli (2), úr því í norðurhorn (3) spildu við Arnarbæli, úr því beina línu í girðingu (4) og eftir henni austur að girðingarhorni (5) við tóftarbrot við Elliðavatnsland, úr því horni beina línu suðsuðaustur um Stríp í Heiðmerkurgirðinguna (6) við vörðubrot á hraunbrún og þaðan beina línu í skurðpunkt Heiðmerkurgirðingarinnar og markalínunnar Arnarbæli-Húsfell (1).“

Af hálfu Reykjavíkurborgar vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi eru gerðar þær kröfur „að viðurkennt verði að afréttarland sunnan Reykjavíkur, svokallað Kóngsland, [...] verði viðurkennt eignarland Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Kópavogsbæjar í óskiptri sameign, en markalínur eru þessar:

Frá skurðpunkti Heiðmerkurgirðingarinnar og markalínunnar Arnarbæli-Húsfell (1) beina línu í vörðubrot á hraunbrún austan Vatnsendakrika (2), þaðan beina línu í horn á Heiðmerkurgirðingu við Stóra-Markhól (3), þá í norðvesturenda Sandfells (4), þar sem er 12 mm koparbolti í klöpp, og þaðan í mógrýtisklett með rauf (5), þaðan beina stefnu í þúfu í Holtstanga (6) þaðan í syðstu kvísl Fossvallaár (7), þá upp eftir henni og norðurvísl Lyklafellsár og áfram eftir árfarvegi Lyklafellsár allt til Sýslusteins (8) sunnan Lyklafells. Úr Sýslusteini beina línu í Vífilsfell (9) og þá eftir Bláfjallahrygg að Bláfjallaenda (10), úr honum beina línu í Þríhnjúka, úr þeim í Húsfell (11) og svo úr Húsfelli beina línu í átt að Arnarbæli þar til komið er í að Heiðmerkurgirðingu (1).

Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi telja Kóngslandið eða hluta þess þjóðlendu, að viðurkennd verði eignarréttindi Reykjavíkurborgar, bein eða óbein, til náttúrulegra auðlinda innan svæðisins samkvæmt lögum, venju eða hefð. Enn

fremur sú krafa að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Reykjavíkurborgar á svæðinu, með öðrum sameigendum afreittar, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitar búfænaðar og hagnýtingar gróðurs.

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000“.

3.11. Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur vegna jarðarinnar Elliðavatns og sameignarlands Seltjarnarness hins forna

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur vegna jarðarinnar Elliðavatns eru gerðar þær kröfur „að viðurkenndur verði beinn og óskertur eignarréttur eiganda jarðarinnar að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eins og í landamerkjabréfi frá 20. júní 1883 greinir, en þar er landamerkjum lýst svo:

„Takmörk jarðarinnar Elliðavatns eru að suðvestanverðu frá sýslumörkum (9) að austnorðanverðu við Kongsfell (10), þaðan beina stefnu norður í svokallaðan Stríp (11) á norðausturbrún Stríphrauns og þaðan beina stefnu norður yfir hjallana suðvestan til við gamla tóptarúst er stendur á hjallanum suðvestur af Elliðavatnsfjárhúsum, og þaðan beina stefnu í Syðra-Vatnsendavatnsvík (12); þaðan beina stefnu norður yfir nefnt vatn í opið á ánni Dimmu (1), þar sem hún fellur úr vatninu og svo, sem Dimma ræður niður að svokölluðu Gjávaði (2), þaðan beina stefnu í háaustur í auðkennilegan grjóthól (3) er stendur við ána Bugðu að sunnanverðu móts við Oddgerðisnes og svo upp eftir sem Bugða ræður, þar til kemur í beina stefnu frá norðri til suðurs (4) í Stóra Rauðhól (5) og þaðan sömu stefnu í Rjettarklif (6), og svo í Markhóla (7), austarlega og ofarlega í Vatnssheiði, og svo þaðan beina stefnu að sunnanverðu við Selfjall suður til sýslumarka (8).“

Þá er einnig lýst eignarrétti á landi norðan framangreinds lands allt að sýslumörkum, að virtum rétti annarra sem kunna einnig að telja til eignaréttinda til þess lands. Um er að ræða sameignarland Seltjarnarness hins forna sem liggur norðan landamerkja jarðarinnar eins og það er markað á meðfylgjandi landamerkjakorti jarðarinnar.

Varakrafa landeiganda er sú að ef ekki verði fallist á landamerkjalyásingar Vatnsenda og Elliðavatns, þá sé allt sameignarland Seltjarnarness hins forna eins og það kann að ákvarðast utan landamerkja jarðarinnar, frá línu sem afmarkast frá Húsfelli, í Þríhnjúka og á suðurenda Bláfjalla í eigu jarðarinnar að virtum rétti annarra sem kunna einnig að telja til eignaréttinda til þess lands.“

Litið er svo á að „í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans að fornu og nýju innan þjóðlendu, fari svo að einhver hluti framangreinds lands verði talinn þjóðlenda“.

Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðaryfirliti og landeiganda að skaðlausu.

3.12. Kröfur Kópavogsbæjar vegna jarðarinnar Lækjarbotna og hluta afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna

Af hálfu Kópavogsbæjar vegna jarðarinnar Lækjarbotna er þess krafist „að öllum kröfum ríkisins innan jarðarinnar og eignarlandsins Lækjarbotna verði alfarið hafnað og viðurkennt verði að Kópavogsbær eigi fullkominn og beinan eignarrétt að landinu samkvæmt þinglýstum eignarheimildum. Mörk Lækjarbotnaland er snúa að kröfulínu ríkisins um þjóðlendu eru eftirfarandi:

Suðvesturmörk Lækjarbotna:

Frá girðingarhorni við Stóra Markhól (punkt 3), sem er hornmark Lækjarbotnaland fer kröfulínan beina línu í markapunkt, 12 mm koparbolta í klöpp, á norðvestur enda Sandfells (punktur 5). Markalína þessi byggir á samningi Reykjavíkur og Kópavogskaupstaðar dagsettum 28. nóvember 1994.

Frá fyrrgreindum markapunkti (punkti 5) um 800 m til suðausturs eftir Sandfelli í hornmark við Lækjarbotnaland upp af Sandfellsgili (punktur 6).

Suðausturmörk Lækjarbotna:

Þá fer markalínan úr punkti 6 til norðausturs í stóran mógrýtisklett á Lakheiði með rauf í er snýr í suður, (punkt 7) sem er u.þ.b. 300 metra suðaustan við punkt L á kröfukorti ríkisins.

Frá þeim mógrýtiskletti áfram til norðausturs í Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga (punkt 8). Samkvæmt uppdrætti Sæmundar Eyjólfssonar frá 3. september 1891 er sú þúfa við árfarveginn norðvestast á tanganum. Þar mótast enn fyrir henni við allmyndarlegan stein fast við árfarveginn. Lækjarbotnaþúfan er skammt frá punkti M á kröfukorti ríkisins.

Frá Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga liggja mörk Lækjarbotnajarðarinnar eftir farvegi Fossvallarár vestur að ármótum Lyklafellsár og Fossvallarár (punkt 9), sbr. punkt N á kröfukorti ríkisins.

Að svo komnu máli þykir ekki ástæða til að lýsa frekar mörkum Lækjarbotnaland þar sem norðvestur og norðaustur mörk jarðarinnar snúa ekki að kröfulínu ríkisins“.

Af hálfu Kópavogsbæjar vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna er þess krafist „að öllum kröfum ríkisins innan marka þess lands sem nefnt er í kröfugerð ríkisins afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna verði alfarið hafnað og viðurkennt að allt svæðið sé háð beinum og óskiptum eignarrétti Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar innan eftirfarandi marka:

Vesturmörk:

Frá Húsfelli (punkti 1) eftir línu sem dregin er beina stefnu í Stríp (punkt 2). Krafa þessi er gerð með fyrirvara um betri rétt landeiganda að Vatnsenda, enda liggur fyrir að Kópavogsbær hefur viðurkennt eignarrétt að hluta af því svæði sem krafa lögmanns ríkisins tekur til.

Norðurmörk:

Frá Stríp er dregin lína að girðingarhorni við Stóra-Markhól (punkt 3), sem er hornmark við Lækjarbotnaland.

Þá fer kröfulínan suður með hraunjaðri að suðvesturhorni Selfjalls (punktur 4) og síðan bein lína í markapunkt, 12 mm koparbolta í klöpp, á norðvestur enda Sandfells (punktur 5). Markalína þessi byggir á nýbýlisbréfi fyrir Lækjarbotnaland, dags. 11. febrúar 1868.

Frá fyrrgreindum markapunkti (punkti 5) um 800 m til suðausturs eftir Sandfelli í hornmark við Lækjarbotnaland upp af Sandfellsgili (punktur 6).

Þá fer markalínan úr punkti 6 til norðausturs í stóran mógrýtisklett á Lakheiði með rauf í, er snýr í suður, (punkt 7) sem er u.þ.b. 300 metra suðaustan við punkt L á kröfukorti ríkisins.

Frá þeim mógrýtiskletti áfram til norðausturs í Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga (punkt 8). Samkvæmt upprætti Sæmundar Eyjólfssonar frá 3. september 1891 er sú þúfa við árfarveginn norðvestast á tanganum. Þar mótast enn fyrir henni við allmyndarlegan stein fast við árfarveginn. Lækjarbotnaþúfan er skammt frá punkti M á kröfukorti ríkisins.

Frá Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga liggja mörk Lækjarbotnajarðarinnar eftir farvegi Fossvallaár vestur að ármótum Lyklafellsár og Fossvallaár (punkt 9), sbr. punkt N á kröfukorti ríkisins.

Frá ármótum Lyklafellsár og Fossvallaár fara mörkin eftir landamerkjadómi uppkveðnum 12. apríl 1892 og eru svohljóðandi: „Frá sýslumörkum eptir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapoll meðfram heiðarbrún (Elliðaheiði) í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá.“ Frá ármótum ræður því norðurkvísl Lyklafellsárinnar í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins, (punkt 10) sbr. punkt O á kröfukorti ríkisins.

Síðan liggur kröfulínan meðfram brún Elliðaheiðar upp í Nautapoll (punkt 11) sbr. punkt Ó á kröfukorti ríkisins.

Svo upp eftir farvegi Lyklafellsárinnar að sýslumörkum Árnessýslu (punktur 12), sbr. punkt P á kröfukorti ríkisins, en sýslumörk fara þarna eftir beinni línu úr Sýsluþúfu á Mosfellsheiði í Sýslustein. Sýslusteinn er nú talinn vera steinn, ekki mjög stór, á holtinu skammt sunnan Lyklafellsár um 30 m frá árbakkanum á móts við ármót Engjadalskvíslar og kvíslar sem kemur norðaustan af Mosfellsheiði um 1,5 km suðaustan Lyklafells. (Sbr. samning og landamerkjabréf dags. hinn 23. janúar 1991.)

Austurmörk:

Frá sýslumörkum í farvegi Lyklafellsár um Sýslustein í landmælingastöpul á Vífilsfelli, þar sem það ber hæst (punkt 13).

Þá fara mörkin samkvæmt dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 8. maí 1995, sem staðfestur var í Hæstarétti 10. október 1996, eftir sýslumörkum á Bláfjöllum frá Vífilsfelli til suðvesturs, eða útsuðurs samkvæmt eldri áttavísunum, um markapunkta,

sem í dómsskjölum eru merktir nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, og í markapunkt nr. 7 á Bláfjallahrygg. Svo um Hákoll og Gljókoll, sem er hæsti kollurinn í Bláfjöllum (punktur 14) þaðan í suðurenda Bláfjalla (punktur 15).

Suðurmörk:

Af suðurenda Bláfjalla í norðvestur, bein lína upp á vestasta og hæsta hnúkinn í Þríhnúkum (punktur 16).

Af Þríhnúkum bein lína í vörðu á Húsfelli (punktur 1). Ákvarðast suðurmörk svæðisins af mörkum við Almennings-skóga Álftnesinga sbr. þinglýsta merkjalýsingu frá 22. júní 1849.

Verði ekki fallist á kröfur Kópavogsbæjar að einu eða neinu leyti og hluti svæðisins eða svæðið allt verði talið þjóðlenda, er sú varakrafa gerð í málinu, að Kópavogsbær haldi öllum þeim rétti sem kaupstaðurinn á og hefur átt skv. lögum, venju og hefð til náttúrulegra auðlinda, innan landsvæðisins. Þess er krafist, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar af þeim svæðum, sem kann að verða lýst sem þjóðlendu, sem verið hefur og kann að verða, þar með talinn réttur til jarðvinnslu og jarðefna, nýtingar vatns og hita, útivistar, beitar búfenaðar og annarrar hagnýtingar gróðurs.

Jafnframt er þess krafist að gagnaðila verði gert að greiða Kópavogsbæ að skaðlausu allan málskostnað skv. framlögðu málskostnaðaryfirlit, sem lagt verður fram undir rekstri málsins og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum.“

3.13. Kröfur Stefaniu Margretar Kjartansson, Önnu Kjartansson Macko, f.h. dánarbús Hannesar Kjartanssonar, o.fl. vegna jarðarinnar Vilborgarkots

Stefania Margret Kjartansson, Anna Kjartansson o.fl., vegna jarðarinnar Vilborgarkots, „krefjast þess að jörðin sé áfram talin eignarland, sem [þau] séu réttir og löglegir eigendur að, eins og þinglýstar eignarheimildir greina“.

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er jörðin Vilborgarkot afmörkuð með eftirfarandi hætti:

„Fyrir austan frá Horni í ána þar sem ósinn fellur í ána og þar sem ósinn tilvísar upp í grasþúfu í útnorður frá Helliskoti, frá þeirri þúfu með Miðdalsmörkum í Sólheimatjörn, þaðan frá vestri endi [enda] af Sólheimatjörn, og þvert suður í grjótlág við ána fyrir austan Hólm, og þaðan fram með ánni, fyrir norðan, eftir Dugós.“

Fallist er á ofangreinda afmörkun jarðarinnar með þeim fyrirvara að ekki sé fullvíst að landamerkin séu rétt færð á uppdrætti ríkisins en ofangreindir aðilar telja það vera „mál milli eigenda Vilborgarkots og aðliggjandi jarða að fá landamerkin á hreint, ef einhver ágreiningur er um þau á annað borð“.

Að auki krefjast ofangreindir aðilar þess að „að ríkið greiði allan kostnað sem þeir hafa af því að þurfa að halda uppi vörnum gegn kröfum ríkisins“.

3.14. Kröfur Braga Sigurjónssonar, eiganda jarðarinnar Geirlands, vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna

Af hálfu Braga Sigurjónssonar, eiganda jarðarinnar Geirlands, og konu hans Ragnheiðar D. Árnadóttur, vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna, er þess krafist „að viðurkennt verði að eigendur jarðarinnar Geirlands njóti fullkominna eignaréttinda í hinum forna afrétti Seltjarnarness eins og hann kann að verða endanlega afmarkaður. Verði ekki fallist á fullkominn eignarétt [þeirra] til afréttarins er krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að afréttinum þannig að landeigendur Geirlands haldi innan svæðisins öllum notum sem venjulegt er að fylgi afréttareign, auk allra annarra nota sem verið hafa á afréttinum að fornu og nýju, þ.á m. er krafist að viðurkenndur verði upprekstrar-, beitar-, og námuréttur á afréttinum“.

Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé gerð krafa til afmörkunar afréttarins, enda „eðlilegt og rétt að þeir landeigendur sem eiga heimalönd að afréttinum og/eða kröfulínu ríkisins gæti hagsmuna sinna um landamerki. Af þeirri ástæðu er eingöngu gerð krafa um viðurkenningu á eignarétti að afréttinum, eins og hann kann síðar að verða ákveðinn og afmarkaður“.

3.15. Kröfur Mosfellsbæjar vegna Mosfellsheiðar og Miðdals II

Af hálfu Mosfellsbæjar vegna Mosfellsheiðar eru gerðar neðangreindar kröfur:

„Að úrskurðað verði að Mosfellsheiði, eins og henni verður lýst hér á eftir, sé fullkomið eignarland og falli utan marka þjóðlendna.

Landamerki Mosfellsheiðar eru eftirfarandi:

Milli Hrafnhóla og Stardals og Mosfells eftir Leirvogsa frá Skeggjastaðamörkum í Ríp upp í Leirvogsvatn og úr Leirvogsvatni eftir Bugðu upp að Rjúpnagilsenda (landamerkjabréf Stóra-Mosfells 1882, skrá Óbn). Nánari skýring er að Leirvogsa ræður mörkum alla leið í Leirvogsvatn frá Skeggjastaðamörkum.

Milli Mosfells og Þingvalla, úr Rjúpnagilsenda beint í Sýslusteina austan á Sauðafelli, úr þeim beint í Þrívörður á Moldbrekkum, þaðan beint í vörðuna á Stóra Borgarhóli (landamerkjabréf Stóra-Mosfells 1882, skrá Óbn).

Milli Mosfells, Miðdals, Þormóðsdals, og Helgadals, úr Borgarhól beint um Leirdalsenda í Stórhól austast í Grímmannsfelli (landamerkjabréf Stóra-Mosfells 1882, skrá Óbn).

Úr Stórhóli bein lína í gljúfrið austanvert við svonefndan Hraðablett (Landamerkjabréf Hraðastaða 1890, skrá Óbn).

Úr gljúfrinu austanverðu við svonefndan Hraðablett í vörðu suðaustan við Geldingartjörn (Landamerkjabréf Bringna 1939, skjal nr. 4).

Úr vörðu suðauastan við Geldingatjörn í Blásteinsvörðu (Landamerkjabréf Bringna 1939 og ljósmynd 1980, skjöl nr. 4 og 5).

Úr Blásteinsvörðu liggja landamerkin nánast í beina stefnu að þjóðvegi (Þingvallavegi) og eftir veginum til vesturs að svonefndum Skeggjastaðaafleggjara við Selholt. Þaðan í Sýlingarstein og frá Sýlingarsteini í beina stefnu í Ríp að Leirvogsa (Þekkt mörk, ljósmynd 1980, skjal nr. 5 og landamerkjabréf Stóra-Mosfells 1882, skrá Óbn).“

Að auki er gerð sú krafa „að verði það niðurstaða óbyggðanefndar að einhver hluti afréttar Mosfellinga sé þjóðlenda þá verði viðurkenndur upprekstrarréttur einstakra jarða í Mosfellsbæ ásamt því sem honum fylgir lögum samkvæmt. Viðurkenndur yrði [svo] upprekstrarréttur á afréttinum eins og hann yrði ákveðinn innan þjóðlendu af óbyggðanefnd“.

Að lokum er krafist málskostnaðar.

3.16. Kröfur Bjarna Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar Hraðastöðum II vegna afréttar Mosfellinga

Af hálfu Bjarna Bjarnasonar og Magnúsar Bjarnasonar vegna jarðarinnar Hraðastaða II eru gerðar þær kröfur „að verði það niðurstaða óbyggðanefndar að einhver hluti afréttar Mosfellinga sé þjóðlenda þá verði viðurkenndur upprekstrarréttur jarðarinnar ásamt því sem honum fylgir lögum samkvæmt. Viðurkenndur yrði [svo] upprekstrarréttur á afréttinum eins og hann yrði ákveðinn innan þjóðlendu af óbyggðanefnd“.

Að lokum er krafist málskostnaðar.

3.17. Kröfur Seljabrekku ehf. vegna jarðarinnar Seljabrekku

Af hálfu Seljabrekku ehf. vegna jarðarinnar Seljabrekku er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Bein lína frá Þingvallavegi (1) að punkti (2) sem er í ca 50 metra fjarlægð norðan við Sogslínu og þaðan austur með línunni í sömu fjarlægð allt til Geldingatjarnarlækjar (3), eftir honum upp í Geldingatjörn (4), þaðan með eystri bakka Geldingatjarnar á stað sem hún nær lengst í suðaustur (5) og þaðan í Leirvogsvatn (6). Með bakka Leirvogsvatns að girðingu Svanastaða (7), með henni upp að Þingvallavegi (8) og með honum í punkt (1).

Gerð er krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.18. Kröfur Seltjarnarneskaupstaðar vegna hluta afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna

Af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar vegna hluta afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna „er gerð sú krafa að kröfum ríkisins í heild sinni innan marka þess lands, sem nefnt er í kröfugerð ríkisins „afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna“, verði alfarið hafnað og viðurkennt verði að allt svæðið sé háð beinum og óskiptum eignarrétti Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogsbæjar innan eftirfarandi marka:

Vesturmörk:

Frá Húsfelli (punkti 1), sem er hornmark Garðakirkjulands og landsvæðis samkvæmt landamerkjabréfi nr. 154, frá 7. júní 1890, eftir línu sem dregin er beina stefnu í Stríp (punkt 2).

Norðurmörk:

Frá Stríp, sem er hornmark Vatnsenda og Elliðavatns, sbr. landamerkjadóm frá 19. maí 1884, er dregin lína að girðingarhorni við Stóra-Markhól (punkt 3), sem er hornmark við Lækjarbotnaland.

Þá fer kröfulínan suður með hraunjaðri að suðvesturhorni Selfjalls, (punktur 4), og síðan beina línu í markapunkt, 12 mm koparbolta í klöpp, á norðvesturenda Sandfells, (punktur 5). Markalína þessi byggir á nýbýlisbréfi fyrir Lækjarbotnaland, dags. 11. febrúar 1868.

Frá fyrrgreindum markapunkti, (punkti 5), um 800 m til suðausturs eftir Sandfelli í hornmark við Lækjarbotnaland upp af Sandfellsgili, (punktur 6). Í uppdrætti sem fylgir skrifum Guðlaugs R. Guðmundssonar frá 19. júlí 1978, sem er að finna í tilvísanaskrá kröfugerðar ríkisins, er Sandfellsgil merkt inn sem hornmark jarðarinnar. Punktur 6 liggur töluvert sunnar en punktur K í kröfulýsingu ríkisins, en sá punktur liggur í Sandfellinu norðvestanverðu. Punktur K var ákvarðaður af verkfræðistofunni Forverki sem líklegur punktur eða mörk jarðarinnar. Hvergi er að finna heimildir eða lýsingar um að norðvesturöxl Sandfellsins skuli vera mörk jarðarinnar.

Þá fer markalínan úr punkti 6 til norðausturs í stóran mógrýtisklett á Lakheiði með rauf í er snýr í suður, (punkt 7), sem er u.þ.b. 300 metra suðaustan við punkt L á kröfukorti ríkisins. Á Lakheiðinni stendur stór og mikill mógrýtisklettur með rauf í og snýr sú rauf í suður. Kennileiti þetta er mjög greinilegt og sést langar leiðir að. Í skrifum Guðlaugs R. Guðmundarsonar frá 19. júlí 1978 er mógrýtisklettur þessi merktur sem landamerki á uppdrætti.

Frá þeim mógrýtiskletti áfram til norðausturs í Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga, (punkt 8). Samkvæmt uppdrætti Sæmundar Eyjólfssonar frá 3. september 1891 er sú þúfa við árfarveginn norðvestast á tanganum. Þar mótast enn fyrir henni við allmyndarlegan stein fast við árfarveginn. Lækjarbotnaþúfan er skammt frá punkti M á kröfukorti ríkisins.

Frá Lækjarbotnaþúfu á Holtstanga liggja mörk Lækjarbotnajarðarinnar eftir farvegi Fossvallaár vestur að ármótum Lyklafellsár og Fossvallaár, (punktur 9), sbr. punkt N á kröfukorti ríkisins.

Frá ármótum Lyklafellsár og Fossvallaár eru mörkin ákvörðuð í landamerkjadómi, uppkveðnum 12. apríl 1892. Þar segir svo: „Frá sýslumörkum eptir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapalli meðfram heiðarbrún (Elliðaheiði) í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá.“ Frá ármótum ræður því norðurkvísl Lyklafellsárinnar mörkum í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins, (punktur 10), sbr. punkt O á kröfukorti ríkisins.

Þaðan liggur kröfulínan meðfram brún Elliðaheiðar upp í Nautapoll (punktur 11), sbr. punkt Ó á kröfukorti ríkisins.

Þaðan upp eftir farvegi Lyklafellsárinnar að sýslumörkum Árnessýslu (punktur 12), austan við punkt P á kröfukorti ríkisins, en sýslumörk fara þarna eftir beinni línu úr Sýsluþúfu á Mosfellsheiði í Sýslustein. Sýslusteinn er nú talinn vera steinn, ekki mjög stór, á holtinu skammt sunnan Lyklafellsár um 30 m frá árbakkanum á móts við ármót Engjadalskvíslar og kvíslar sem kemur norðaustan af Mosfellsheiði um 1,5 km suðaustan Lyklafells. (Sbr. samning og landamerkjabréf, dags. 23. janúar 1991.)

Austurmörk:

Frá sýslumörkum í farvegi Lyklafellsár um Sýslustein í landmælingastöpul á Vífilsfelli, þar sem það ber hæst (punktur 13).

Þá fara mörkin samkvæmt dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 8. maí 1995, sem staðfestur var í Hæstarétti 10. október 1996, eftir sýslumörkum á Bláfjöllum frá Vífilsfelli til suðvesturs, eða útsuðurs samkvæmt eldri áttavísunum, um markapunkta, sem í dómsskjöllum eru merktir nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, og í markapunkt nr. 7 á Bláfjallahrygg. Svo um Hácoll og Gljakoll, sem er hæsti kollurinn í Bláfjöllum (punktur 14) og þaðan í suðurenda Bláfjalla (punktur 15).

Suðurmörk:

Af suðurenda Bláfjalla í norðvestur, beina línu upp á vestasta og hæsta hnúkinn í Þríhnúkum (punktur 16).

Af Þríhnúkum bein lína í vörðu á Húsfelli (punktur 1). Ákvarðast suðurmörk svæðisins af mörkum við Almenningskóga Álftnesinga, sbr. Merkjalýsingu frá 22. júní 1849.

Verði ekki fallist á kröfur Seltjarnarness að einu eða neinu leyti og hluti svæðisins eða svæðið allt verði talið þjóðlenda, er sú varakrafa gerð í málinu, að Seltjarnarneskaupstaður haldi öllum þeim rétti sem kaupstaðurinn á og hefur átt skv. lögum, venju og hefð til náttúrulegra auðlinda, innan landsvæðisins. Þess er krafist, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar af þeim svæðum, sem kann að verða lýst sem þjóðlenda, sem

verið hefur og kann að verða, þar með talinn réttur til jarðvinnslu og jarðefna, nýtingar vatns og hita, útivistar, beitar búfenaðar og annarrar hagnýtingar gróðurs.

Jafnframt er þess krafist að gagnaðila verði gert að greiða Seltjarnarneskaupstað, að skaðlausu, allan málskostnað skv. framlögðu málskostnaðaryfirliti, sem lagt verður fram undir rekstri málsins og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, með síðari breytingum“.

3.19. Kröfur Landsnets hf.

Af hálfu Landsnets hf. eru gerðar kröfur til nauðsynlegs landsvæðis til afnota vegna háspennulína og tengdra mannvirkja að svo miklu leyti sem þau verða talin standa innan þjóðlendumarka. Nánar tiltekið er þess krafist að háspennulínur fyrirtækisins geti staðið ótímabundið á landi því sem þær fara um og það hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim til viðhalds og endurbóta, m.a. með lagningu vegslóða. Með vísan til 2. mgr. 5. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998, er gerð krafa um að þessi réttindi Landsnets hf. verði viðurkennd innan þess svæðis sem kann að verða talið til þjóðlendu á svæði nr. 4.

Um er að ræða eftirfarandi háspennulínur í eigu Landsnets hf.:

„Sogslína 2 (132 kV) liggur frá tengivirki við Sog og niður í Ölfus þar sem hún mætir Búrfellslínu 2 (220 kV) skammt austan Hveragerðis. Eftir það liggja þessar tvær háspennulínur nær samhliða til vesturs, yfir Hellisheiði að Kolviðarhóli og þaðan sem leið liggur niður Sandskeið og að tengivirki við Geitháls [...]“

Sogslína 3 (220 kV) liggur frá tengivirki við Sog og vestur um Grafning og Mosfellsheiði að tengivirki við Geitháls.

Búrfellslína 3 (220 kV) fer úr Grafningnum um Ölkelduháls og í suðvesturátt upp á Hellisheiði. Á heiðinni hittir hún fyrir Sogslínu 2 og Búrfellslínu 2 og liggur samhliða þeim til vesturs niður af heiðinni og að Sandskeiði. Við lítið spennivirki á Sandskeiði sveigir Búrfellslína 3 til suðvesturs inn á svonefndan Bláfjallafólkvang og liggur um Húsfellsbruna inn á Reykjanesfólkvang, austan og sunnan við Húsfell, Valahnjúka og Helgafell og síðan sveigir línun til norðurvesturs og norðurs að tengivirki í Hamranesi, skammt frá Straumsvík í Hafnarfirði.

Frá tengivirkinu við Geitháls liggja fimm háspennulínur, Hamraneslínur 1 og 2 (220 kV) ofan byggðar á höfuðborgarsvæðinu að tengivirki í Hamranesi, Elliðaárlína 1 (220 kV) að tengivirki við Elliðaárstöð, Korpulína 1 (132 kV) að tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg, og Brennimeislína 1 (220 kV) sem liggur norðaustur frá Geithálsi og sveigir til norðurs eftir Mosfellsheiði og í gegnum Kjósarskarð og niður í Kjósina á leið sinni að tengivirki við Brennimeil í norðanverðum Hvalfirði.“

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–33 ásamt undirskjöllum eða samtals 775 skjöl, auk 56 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. 1. nr. 65/2000. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3

og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Vettvangsferð

Að morgni mánudagsins 24. janúar 2005 var haldið af stað í vettvangsferð frá Grand Hóтели Reykjavík. Skoða átti vestanverðan vettvang málsins. Með í för, auk óbyggðanefndar og starfsmanna nefndarinnar, voru Ólafur Sigurgeirsson hrl., Jón Sigurðsson hdl., Björn Erlendsson tæknifr., Eyvindur G. Gunnarsson hdl. og Úlfar Ármannsson, Guðmundur Benediktsson hrl., Jón Höskuldsson hrl. og Ólafur Björnsson hrl.

Ekið var sem leið lá suður í Garðabæ. Stöðvað var við Garðatorg þar sem Guðjón Erlingsson, bæjarverkfræðingur í Garðabæ, steig upp í bifreiðina. Þá var haldið af stað á ný og ekið í átt að Vífilsstaðahlíð þar sem fyrirhugað var að ganga upp að sjónskífu nokkurri og skyggast yfir. Á leiðinni sögðu þeir Björn Erlendsson og Úlfar Ármannsson frá staðháttum. Ekið var eftir svonefndum Flóttamannavegi framhjá Vífilsstaðavatni og áfram meðfram norðurenda Vífilsstaðahlíðarinnar. Ekið var framhjá Maríuhellum sem eru gamlir fjárhellar. Beygt var inn á Vífilsstaðahlíðarveg. Framundan mátti sjá Helgafell. Bifreiðin var stöðvuð og gengið upp að áðurnefndri sjónskífu. Þaðan sást nokkuð vel yfir þó skyggni væri ekki gott. Sjá mátti Helgafell og vestan við það Undirhlíðar en austan við það Valahnjúka. Þá sást til Búrfellsgjár.

Að gönguferðinni lokinni var haldið af stað á ný. Haldið var til baka sömu leið og ferðinni heitið inn að Kaldárbotnum. Þegar komið var inn á Flóttamannaleið var stöðvað á ný og upp í bifreiðina steig Erla Bil Bjarnadóttir, garðyrkjustjóri í Garðabæ. Ekið var út á Reykjanesbraut, í gegnum Hafnarfjörð og beygt inn á Kaldárselsveg. Framundan mátti sjá Helgafell frá öðru sjónarhorni en áður. Þá sást í toppinn á Húsfelli og Sléttuhlíð fyrir framan fellið. Á hægri hönd mátti sjá landsvæði sem nefnist Hlíðarhús. Ekið var framhjá athafnasvæði Íshesta. Þá var ekið framhjá Gráhelluhrauni og Kethelli sem var á mörkum Garðakirkjulands og Setbergs. Framundan blasti Sléttuhlíð við. Þar er nokkur sumarbústaðabyggð. Hópurinn nálgast Moldarkrika, sem er u.þ.b. kílómetra norður af Steinhúsi, en þar eru mörk Garðakirkjulands og Hvaleyrar. Moldarkrika er hornmark milli Garðakirkjulands og Jófríðarstaða eða Ófríðarstaða, eins og sú jörð hét áður. Björn Erlendsson greindi frá því að land Jófríðarstaða væri mjó ræma vestan við Garðakirkjuland og næði upp í Steinhús. Auk þess greindi Björn frá því að jörðin þar vestan við nefndist Ás og næði einnig upp í Steinhús. Í Steinhúsi mættust þar af leiðandi lönd Garðakirkju, Jófríðarstaða, Áss og Hvaleyrar. Þá greindi Björn frá því að Steinhús væri lítill hellir sem drægi nafn sitt af því að hellismuninn líktist mjög hurðarkarmi. Ekið var sem leið lá eftir Kaldárselsvegi. Framundan sást í toppinn á Húsfelli og vinstra megin við það

Búrfell. Þá mátti sjá Helgafell og vinstra megin við það Valhúsahæðir. Ekið var framhjá Kaldárselsrétt. Þar var réttað frá Álftaneshreppi hinum forna. Stöðvað var við Kaldárbotna og skyggst um.

Haldið var til baka sömu leið og ferðinni heitið inn á Almenningssskóga Álftaneshrepps. Beygt var af Kaldárselsveginum og inn á Hvaleyravatsveg er liggur yfir á Krísuvíkurveg. Framundan mátti sjá hraunbrúnina sem kröfulína íslenska ríkisins liggur meðfram. Álverið í Straumsvík var svo til hægri handar. Beygt var inn á Krísuvíkurvegin og ekið í suðurátt. Framundan mátti sjá Undirhlíðar og Fremstahöfða sem ber í Fjallið eina. Björn Erlendsson benti á geil í hæðinni sem ýmsir hafa talið Markrakagil eða Melrakkaskarð. Aðrir hafi hins vegar talið Markrakagil, Melrakkagil og Vatnsskarð vera það sama. Ekið var um Vatnsskarð og stöðvað þar neðan við. Þar mátti sjá Breiðdal og Breiðdalshöfða sem og hluta af höfuðborgargirðingunni svokölluðu. Erla Bil Bjarnadóttir greindi viðstöddum frá umfangsmikilli ræktun á svæðinu, einkum á Fagradal. Það sást til Fagradalsfjalls og handan við það var Fagradalsbrún.

Haldið var af stað á ný og beygt inn á Bláfjallaleið. Þar var stöðvað og skyggst yfir. Fjallið eina var greinanlegt sem og Markhelluhól. Þá mátti sjá Leirdalshöfða, Markraka og Dauðadali, sem eru dalverpi eða hviltfir umhverfis Markraka. Haldið var af stað á ný og ekið framhjá friðunargirðingu frá því í byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Framundan mátti sjá Þríhnjúka og Grindarskörð. Björn Erlendsson greindi frá girðingu sem hann kvað afmarka Álftanesskóga Álftaness og að hún lægi úr Húsfelli í Þríhnjúka og svo áfram undir Bláfjöll. Skyggni var orðið slæmt og ljóst að fyrirhuguð ferð í Bláfjallahorn bæri ekki árangur. Afráðið var því að snúa við.

Haldið var til baka sömu leið og ætlunin að fara niður í Hafnarfjörð og skoða mörk Lónakots og Óttarsstaða. Komið var út á Reykjanesbraut og ekið til suðvesturs í átt að Lónakoti og Óttarsstöðum. Á hægri hönd var athafnasvæði Alcan. Björn Erlendsson lýsti legu kröfulínu ríkisins fyrir viðstöddum. Eftir að mörk Lónakots og Óttarsstaða voru skoðuð frá Reykjanesbraut var haldið til baka á Grand Hótel Reykjavík þar sem þessum hluta vettvangsferðar lauk skömmu eftir hádegi.

Að morgni þriðjudagsins 25. janúar 2005 var haldið af stað á ný í vettvangsferð frá Grand Hóтели Reykjavík. Skoða átti austanverðan vettvang málsins. Með í för, auk óbyggðanefndar og starfsmanna nefndarinnar, voru mættir lögmenn málsaðila, þeir Ólafur Sigurgeirsson hrl., Jörundur Gauksson hdl., Páll A. Pálsson hrl., Ólafur Örn Svansson hdl., Sigurbjörn Þorbergsson hdl., Sigurður A. Þórðsson hdl., Valgarður Sigurðsson hrl., Bragi Björnsson hdl., Þórður Clausen hrl. og Geir Arnar Marelsson hdl.

Auk framangreindra tóku þátt í vettvangsferð Sigurgeir Skúlason, sjálfstætt starfandi landfræðingur og kortagerðarmaður (á vegum Páls Arnórs Pálssonar hrl.), Þórarinn Hjaltason, bæjarverkfræðingur Kópavogs, Steingrímur Hauksson,

deildarstjóri hönnunardeildar Kópavogsbæjar, Þorsteinn Hjaltested, eigandi Vatnsenda, og Bragi Sigurjónsson, eigandi Geirlands.

Haldið var frá Grand Hóтели og ekið sem leið lá að Rauðavatni. Leiðsögn annaðist Sigurður A. Þóroddsson hdl. sem er vel kunnugur Heiðmerkursvæðinu enda búsettur á Jaðri um tveggja ára skeið og þá eftirlitsmaður Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu. Á móts við Elliðavatn var beygt út af Suðurlandsvegi og inn á Rauðhólaveg. Ekið var yfir brúna á milli Helluvatns og Elliðavatns og þar kom í bifreiðina Ólafur Bjarnason, starfsmaður mælingadeildar Reykjavíkurborgar. Haldið var áfram inn í Heiðmörk og ekið eftir Heiðarvegi til suðausturs þar til vegurinn beygði til suðvesturs á móts við Skógarhlíðarkrika. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins sker veginn á svipuðum slóðum, þar sem hún liggur á milli suðvesturhornsins á Selfjalli og Stríps. Því var ekið inn í kröfufsvæði íslenska ríkisins, eiganda Elliðavatns og land það sem tekið var eignarnámi úr Vatnsenda. Við Heykrika var beygt til norðurs, í áttina að Stríp og tók Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda við leiðsögn. Þoka hamlaði útsýn og á þessari leið sá hvorki að Stríp né vörðubroti því sem hluti annarra málsaðila miðar við í afmörkun kröfugerðar. Haldið var áfram að brúnni á milli Hellisvatns og Elliðavatns þar sem gert var hádegishlé. Ólafur Bjarnason hætti þátttöku í vettvangsferð.

Eftir að ekinn hafði verið framangreindur hringur um Heiðmörk var haldið út á Suðurlandsveg og þar kom í bifreiðina Geir Arnar Marelsson hdl. Haldið var áfram Suðurlandsveg, framhjá Vilborgarkoti og þar til beygt var af veginum á móts við Geirland. Ólafur Örn Svansson hdl. lýsti jarðefnavinnslu á svæðinu. Að svo búnu var haldið aftur út á Suðurlandsveg. Á móts við Lækjarbotnaland var staðnæmst að beiðni Geirs Arnar Marelssonar hdl. sem þar sagði til merkja. Sama leið var ekin áfram þar til beygt var inn á Bláfjallaveg við Sandskeið. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins sker Suðurlandsveg nokkuð fyrir vestan Sandskeið. Staðnæmst var skammt frá vegamótunum og Ólafur Örn Svansson hdl. lýsti jarðefnavinnslu á svæðinu, bæði á Sandskeiði og í Arnarnípum. Haldið var áfram Bláfjallaveg þar til skyggni var orðið svo slæmt að snúið var við og haldið aftur niður á Suðurlandsveg. Þar lauk Geir Arnar Marelsson hdl. þátttöku í vettvangsferð.

Þessu næst var fyrirhugað að skoða þann hluta málsins sem snýr að Mosfellsheiði og því haldið í Mosfellsbæ. Við Lágafellskirkju hættu þátttöku í vettvangsferð þeir Þórður Clausen hrl. og Steingrímur Hauksson, deildarstjóri hönnunardeildar Kópavogsbæjar. Ekið var inn Mosfellsdal og við Hraðastaði komu eftirtaldir í bifreiðina: Jörundur Gauksson hdl., Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum II, Hreinn Ólafsson í Helgadal og Ásbjörn Þorvarðarson, byggingarfulltrúi í Mosfellsbæ. Ekið var áleiðis að Seljabrekkum, þar sem Ernir Snorrason slóst með í för. Ásbjörn Þorvarðarson annaðist fyrst leiðsögn og síðan Ernir Snorrason en skyggni var orðið mjög slæmt. Staðnæmst var á móts við Sauðafellsflóa og staðháttum lýst. Að svo búnu var snúið við og haldið til baka sömu leið. Við Leirvogsvatn var aftur staðnæmst og staðháttum lýst. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins nær yfir veginn og í landskika

á og við Litla-Sauðafell og liggur síðan sunnan vegar að Leirvogsvatni, sem að mestu leyti er innan kröfuvæðisins, og síðan í suðurátt yfir Geldingatjörn. Skömmu síðar hættu þátttöku í vettvangsferð þeir Páll Arnór Pálsson hrl. og Ernir Snorrason. Haldið var að Hraðastöðum og þar hættu þátttöku í vettvangsferð þeir Jörundur Gauksson hdl., Bjarni Bjarnason, Hraðstöðum II, Hreinn Ólafsson í Helgadal og Ásbjörn Þorvarðarson, byggingarfulltrúi í Mosfellsbæ. Þessu næst var haldið á Grand Hótel og lauk þar með vettvangsferðinni um miðjan dag.

4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins mánudaginn 24. janúar 2005 voru teknar skýrslur af eftirtöldum: 1. Erlu Bil Bjarnadóttir, formanni Skógræktarfélagis Garðabæjar og garðyrkjustjóra í Garðabæ, Brekkubyggð 11, Garðabæ. 2. Úlfari Ármannssyni, formanni landeigendafélags Álftaness, verslunarmanni og framkvæmdastjóra, Asparvík, Álftanesi. Í máli hans kemur m.a. fram að félagsmenn í landeigendafélaginu séu allir landeigendur á Álftanesi ásamt eigendum tveggja jarða í Hafnarfirði og Garðabæ. 3. Birni Erlendssyni, tæknifræðingi, Aðallandi 15, Reykjavík.

Skýrslutökum var haldið áfram þriðjudaginn 25. janúar 2005 en þá voru teknar skýrslur af eftirtöldum: 1. Þorsteinn Hjaltested, bóndi að Vatnsenda. 2. Ólafur Dýrmundsson, Jóruseli 12, Reykjavík. Ráðunautur í landnýtingu og lífrænum búskap hjá Bændasamtökunum frá 1977. Tómstundafjórðingur í Kópavogi og Reykjavík nær óslitið frá 1957. 3. Þorkell Jóhannesson, Oddagötu 10, Reykjavík, ellílfeyrisþegi. Þorkell var fjórtán sumur á Vatnsenda sem unglíngur og tók þátt í smölun. 4. Ernir Snorrason, bóndi á Seljabrekku.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir þeirra eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar. Þá er fjallað um stjórnarsýslumörk á svæðinu, rakin í stórum dráttum saga einstakra jarða og landsvæða sem ágreiningur er um í máli þessu, afmörkun þeirra, ráðstafana að eignarrétti og nýtingu. Þá er kafli um almenningslönd á Stór-Reykjavíkursvæðinu og afréttarlönd sveitarfélaga á svæðinu, inni í því eru útdrættir úr fjallskilareglugerðum og loks teknar saman heimildir um sel og seljabúskap.⁶

5.1. Landnám á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Landnáma getur nokkurra manna sem námu land á þessu svæði. Fremstur í flokki var Ingólfur Arnarson sem setti bú sitt í Reykjavík eftir að þrælar hans fundu öndvegissúlurnar uppreknar við Arnarhvol. Um landnám hans segir Sturlubók:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.⁷

Landnám Ingólfs hefur því náð frá Ölfusá sem mun reyndar eiga bæði við Ölfusá og Sogið og næstum innst í Hvalfjörð.

Hauksbók er ekki með öllu samhljóða vitnisburði Sturlubókar en hún segir:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, ok millim Hrannagioll nes út.

Hér er eitthvað málum blandið og augljóst að skrifari Hauksbókar hefur ekki lesið forrit sitt rétt því „Hrannagioll“ mun vera mislestur fyrir „Hramnagjár öll“.⁸ Leiðréttur texti Hauksbókar hljóðar því þannig:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, ok millim Hramnagjár öll nes út.

Hramnagjá er í nafnaskrá Landnámuútgáfunnar færð til bókar sem Hrafnagjá og Haraldur Matthíasson talar einnig um Hrafnagjá sem er á Þingvöllum.⁹

Þórður skeggi Hrapsson nam land í Lóni fyrir norðan Jökulsá milli Lónsheiðar og bjó þar um alllangt skeið. Síðan seldi hann lönd sín og fór til öndvegissúlna sinna sem rekið höfðu á land í Leiruvogi. Landnáma segir að Þórður hafi numið:

⁶Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 27. Þó hefur verið felld út umfjöllun um þær jarðir sem liggja utan við ágreiningssvæði málsaðila. Einnig hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁷Skjal nr. 4(60).

⁸Skjal nr. 4(60).

⁹Skjal nr. 4(60).

... land með ráði Ingólfs í hans landnámi á milli Úlfarsár ok Leiruvágs; hann bjó á Skeggjastöðum.¹⁰

Sú Úlfarsá sem landnám Þórðar takmarkaðist af er nú kölluð Korpúlfsstaðaá eða Korpa.¹¹ Haraldur Matthíasson lýsir farvegi hennar svo:

Úlfarsá kemur úr Hafravatni, rennur til vesturs sunnan við Úlfarsfell, beygir síðan til norðurs vestan við Lambhaga og fellur í litla vík, sem nefnist Blikastaðakró.¹²

Landnám Þórðar hefur því náð yfir allan Mosfellsdalinn og allt upp á Mosfellsheiði.

Ásbjörn Össurason var bróðursonur Ingólfs Arnarsonar og bjó á Skúlastöðum. Samkvæmt Landnámu nam hann:

... land milli Hraunholtslækjar ok Hvassahrauns. Álptanes allt ...¹³

Landnám þetta mun hafa spannað nær allan hinn gamla Álftaneshrepp. Haraldur Matthíasson hefur uppi eftirfarandi orð um landnámið:

Ásbjörn hefur numið land suður til landnáms Steinunnar. Hraunholtslækur, sem markar landnámið að innan, rennur úr Vífilsstaðavatni í Arnarnesvog. Ásbjörn hefur því numið Álftanes, Hafnarfjörð og Straumsvík.¹⁴

Landnám Steinunnar gömlu spannaði Vatnsleysustrandarhrepp, Rosmhvalanes og allt suður í Kirkjuvog. Staðsetning Skúlastaða er ókunn en gískað hefur verið á Bessastaði eða Garða sem þykja líklegri. Þó er ekki hægt að útiloka að Skúlastaðir hafi farið í eyði og að ekki sé byggð nú þar sem þeir áður stóðu.¹⁵

Í lýsingu Garðaprestakalls frá 1842 svarar séra Árni Helgason spurningunni: Hverjar eru eyðijarðir? þannig:

Ég veit ei til, hér séu eyðijarðir, fyrst byggð er nú upptekin í Lónakoti, nema það skyldu vera Skúlastaðir, sem mælt er hafi verið jörð áður fyrir meir, og hvar af skuli finnast menjar uppi í hrauni, suður frá Hvaleyri.¹⁶

Í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands segir að ekki verði fullyrt hvort hér sé átt við landnámsjörðina.

5.2. Stjórnsýslumörk

Í lýsingu Hálfðanar Jónssonar, lögréttumanns á Reykjum í Ölfusi, á Ölfushreppi árið 1703 segir um landið ofan Ölfuss:

¹⁰Skjal nr. 4(60).

¹¹Skjal nr. 4(60).

¹²Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, I. b. S. 83.

¹³Skjal nr. 4(60).

¹⁴Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, II. b. S. 510.

¹⁵Skjal nr. 4(60).

¹⁶*Landnám Ingólfs*. Sýslulýsingar og sóknalýsingar: Lýsing Garðaprestakalls 1842, III. b. Reykjavík. 1937–1939. S. 211.

Þegar áðurgreindar sandaauðnur ... minnka, tekur til meginbyggðin með fjallgarðshlíðunum í röð austur eftir sveitinni, allt til Þurrárhrauns. ...

Sérlegustu örnefni á þessum fjallgarði teljast Geitafell, Lambafell, Vífilfell, Lyklafell, Reykjafell, Vestrimeitill, Austrimeitill, Sanddalir, Langahlíð, Skóghlíð, Hverahlíð, Lakar, Skálafellshálsar, Kerlingarberg, Kálfsberg, Hestur etc.

Þessi hér skrifaði hreppsins partur hefur til fjalls á sumrum víða lyngi vaxið haglendi, en um vetrartímann oft byrgt af snjó.¹⁷

Af lýsingu Hálfðanar má ætla að hann hafi talið Svínahraun og jafnvel land allt niður í Fóelluvötn til Ölfushrepps. Hálfðan segir m.a.:

Á norðanverðum Hvannavöllum, er strax taka til fyrir neðan skarðið [Hellisskarð], stendur Sælhús (ei langt frá veginum) so kallað, hvort allt til þessa tíma Ölves innbyggjarar hafa uppi haldið, vegfarandi fólki harla nauðsynleg á vetrartímanum til innvistar. Er og lofsvert, að þetta sælhús ei niður falli. Fyrir sunnan Húsmúlann, er liggur í útsuður undan Hengilsfjallinu, en fyrir norðan Hellirsskarð, liggja Sleggjubeinsdalir. Þar er náttstaður vesturleitarmanna úr Ölvesi, þá afréttinn á haustin leita. Í vestur og útnorður frá Sælhúsi og með Húsmúlanum liggja miklir grasvellir, nefndir Norðurvellir, og strekkja sig út allt suður undir Svínahraun, nær því undir Bolavelli, en endast þó þar Uxabrekkur heita. Inn með Hengilsfjallinu liggur dalur og fyrir norðan Húsmúlann, er Engidalur kallast. ... Ei alllangt frá Engidal eru almennar nautaréttir Ölvesinga og Kjalarnesþingsmanna ...¹⁸

Árið 1740 lögfesti Markús Snæbjörnsson, prestur á Þingvöllum, Þingvallastað. Í þeirri lögfestu eru teknar með jarðir Þingvallakirkju í Þingvallasveit þannig að segja má að sveitarmörkum sé lýst að mestu leyti. Hluta marka Mosfellsheiðarlands er að finna í lögfestunni Nánar er fjallað um hana í kafla 5.22. um Mosfellsheiðarland.

Í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 ræðir hann m.a. mörk Gullbringusýslu og segir:

Gullbringusýsla, sem skagar út á milli Eyrarbyggðar og Faxaflóa, er 16 mílur á lengd frá Reykjanesi að smáánni Hellirá [Elliðaár], sem er landamörk á milli fyrrnefndrar sýslu og Kjósarsýslu, og 5 mílna breið, þar sem hún er breiðust, frá Gróttutanga að Ólafsskarði, þaðan sem fjallaröð sú, sem aðskilur Gullbringusýslu og Árnessýslu og nefnist Langahlíð, teygir sig til suðurs suðvesturs.¹⁹

¹⁷Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölveshrepps anno MDCCIII“. *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843 og Lýsing Ölveshrepps anno 1703* eftir Hálfðan Jónsson. Svavar Sigmundsson gaf út. Reykjavík. 1979. S. 236.

¹⁸Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölveshrepps anno MDCCIII“. S. 239.

¹⁹Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. *Landnám Ingólfs*, I. Reykjavík 1935–1936. S. 6.

Í sömu lýsingu segir m.a. um mörk Kjósarsýslu:

Kjósarsýsla er 5 mílur á lengd frá yzta odda Kjalarness að Þrívörðum á Mosfellsheiði, sem eru mörkin milli hennar og Árnæssýslu, og 4 mílur á breidd frá Hellirá í Botnsvog. Botnsvogar þessir og Hvalfjörður aðskilja Kjósar- og Borgarfjarðarsýslur.²⁰

Einnig segir Skúli:

Mosfellsheiði og Kjósarheiði nefnist öll víðáttan frá byggð í Kjós og Mosfellsveit upp að Henglinum, sem áður er nefndur. Þar er mjög gott og grösugt afréttarland á sumrum og er notað úr öllum sýslunum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnæssýslu.²¹

Björn Gunnlaugsson skólakennari skrifaði stiftamtmani bréf 27. desember 1831 og beiddist upplýsinga um sýslumörk Gullbringu- og Kjósarsýslna og Árnæssýslu vegna fyrirhugaðrar kortagerðar. Stiftamtmaður óskaði eftir upplýsingum um þetta hjá viðkomandi sýslumönnum í bréfi 3. janúar 1832.

Svar sýslumanns í Árnæssýslu var svohljóðandi:

Amtet har, ved naadige Skrivelse af 3ie Dennes, paalagt mig, at indkomme til Hoisamme med Oplysninger om, hvor Grændselinien maatte ansees at falde mellem Arness-Syssel og Guldbringe & Kiose-Sysseler, for at Adjunct Gunnlögsen som har paataget sig, at forfærdige Kaarte over de forskiellige Sönder-Amtets Jurisdictioner, herom kunde faae den fra Amtet reqvirerede Underretning.

Den sydligste Punct i denne Grændse-Linie maa antages at være in confesso de saakalde Sysselsteene (: Sijsslusteinar) under Geitahljíd midt i mellem Gaardene Krisevik, som tilhörer Guldbringe-Syssel, og Herdijsarvík, som tilhörer Arness-Syssel. Den nordligste Punct af Linien angives af Thingvalle-Præstekalds Lovfester og Kirkebøger, som maa antages, at være autentique Documenter, saaledes som Proprietair Stephán Paulsson af Oddgeirsholum, opdragen paa Præstegaarde Thíngvellir og Sön af en sammestæds i lang Tid fungerende Præst, har angivet i indsluttede Beretning, som tillige indeholder Oplysning om Grændselinien mellem Arness- og Borgerfiords-Sysselser. Herr Adjunct Gunnlögsen vil saaledes a dato puncto ad datum punctum kunde udfinde den rette Linie, som her antages at være følgende:

Fra Sijsslusteinar under Geitahljíd over Fieldet i Nærheden af Vífilfell til den store Steen ved den ostlige Ende af Liklafell, som ogsaa kaldes Sijsslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakalde Mosfellsheide, derfra til de sydligere Moldbreckur, derfra i Riúpnagil mellem Gaardene Stardal, som tilhörer Kiose

²⁰Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 6.

²¹Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 134.

Syssel, og Stijblisdal, som tilhører Arness-Syssel, derfra i Tuen, som er opført paa Store-Saudafell, derfra i Sysselholmen (: Sijssluhólma:) i Store-Laxaaen, derfra i Steinkirken (: Steinkirkju:), derfra i Fieldet Sútur, hvorfra Grændserne af Arness- og Borgerfiords-Sysseler begynde til Hrosshædir, derfra til Uxahrigg, derfra i Lejrárhöfda og til Eiriksnjpu i Baldjökulen.

Ved Arness-Syssels-Archiv findes ingen Documenter, som herom give Oplysning, men det er dog notorisk, at Ölveess-Reppen i Arness-Syssel, fra ældgamle Tider, vedligeholder Fieldstuen sönden for Hellirsheiden og ryddeliggjör Veien lige til Vatnene eller til Liklafellet, hvilket synes at tilintetgjöre den Paastand, hvis den af nogen fremförtes, at Hellirsheidar Fiældrygen angiver Grændserne, hvilket ogsaa de ældgamle Egenavne i Grændselinien: Sijsslusteinar, Sijsslusteinn, og Sijssluhólmi, synes ydermeere at afbeviser.

Arness-Syssels-Kontoir den 11te Januar 1832.

underdanigst. ThSveinbiörnsson.²²

Svar sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu var á þessa leið:

I Anledning af Deres Højvelbaarenheds gunstigste Skrivelse af 3die Januar til mig angaaende Oplysningers Erhvervelse om Grændseskiellen imellem Kiose og Guldbringe Syssel samt Arnæs Syssel, havde jeg, da jeg underhaanden ikke troede at kunde erholde saa paalidelig Efterretning derom som jeg ønskede, til skrevet Repstyrerne i Mosfellssveit og Kioserep des angaaende, og först nu for faae Dage siden har jeg modtaget Svar derpaa fra den sidstnævnte.

Ved hoslagt ærbödigt at tilsende Deres Højvelbaarenhed disse 2de Svarskrivelser, kan jeg ikke lade ubemærket at det er kun Repstyrerne i Mosfellssveit som nævne „Liklafell“ som Grændseskiel, da Repstyrerne i Kioserep ikke melder om Grændsskiellene saa langt syd paa. I fölge flere mundtlige Oplysninger, jeg har sögt at erhverve denne Gienstand ang. er de opivne Grændser nord fra ligetil „Borgarholar“, hos de fleste aldeles overensstemmende, ligesom det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Sysslusteinar“ imellem Krisevig og Herdijsarvig sönden for den Fiældryg som adskiller Sysseleerne; men derfra til Borgarhólar er det eneste som der haves forskiellige Sagn om, og skulde Liklafell udgjöre Markeskiellet herimellem, vil grændserne derved blive i aldeles ulige Retning, og skulde Vifilfell antages at være det nærmeste Mærke paa Sydsiden, udgjöre dermed en spids Vinkel.

Imidlertid er det af ingen synderlig Vigtighed hvorledes Grændserne afstikkes

²²Skjal nr. 2(247).

imellem förbemte Sysseler, naar blot Kiose og Guldbringesysseler reserveres deres hidtil, i det mindste ved Brug i umindelige Tider erhvervede Ret til Afretsbrug eller Græsning for deres Kreaturer i alle de Fjeldegne som adskiller begge Sysslernes Boigdelaug.

Kiose og Guldbringesyssels Contoir d 12 April 1832

Finsen²³

Bréfi sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu fylgdu eftirfarandi vitnisburðir hreppstjóra í Mosfellssveit og Kjós:

Þaug Sýslu skil sem við getum næstkomist eru þesse — stor steirn a steinkirku Hrigg vestast, þaðann i vestasta Hornid a Brattafelle, ur því í sýsta Holma í Laxá ur hönum i vestasta Hornid a stora Saudafelle þaðann i Riupnagil — og ur því i stein á Há Saudafelle litla, þaðann i Eistre Mold Breckur, svo i hæsta Borguholinn, þaðann i líklafell — leingra sudur höfum við Ei heirt tilnef<n>t

Mosfells sveit þann 25 Januári 1832

V Haldorsson Th Jonsson²⁴

Uppá Bref Ydar af 14 Janúarii s.l. um að gefa þá Skírslu sem eg vissi um Merki á millum Arness- og Kjósar-sysslu, er þetta:

Hólmi í midri Laxá, skamt nedan Stiblisdalsvatn, Sijssluhólmi kalladr, hefr altaf verid haldin Merki millum Kjósar og Arness-sysslu, úr honum til Sudurs: Yfir Saudafell, þar tekur Mosfells-land við ...

Nedrahálsi þann 14da Martii 1832.

L. Gudmundsson²⁵

Í sýslu- og sóknarlýsingum Árnassýslu er að finna lýsingu Páls Melsteð, frá árinu 1842, á mörkum Árnassýslu annars vegar og Gullbringu- og Kjósarsýslu hins vegar:

Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árnass- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýsl[u]steinar undir Geitahlíð millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnassýslu og Krýsivíkur, sem tilheyrir Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslutakmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn; þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mosfellsheiði; þaðan í Syðri-Moldbrekkur; þaðan

²³Skjal nr. 2(247).

²⁴Skjal nr. 2(247).

²⁵Skjal nr. 2(247).

í Rjúpnagil millum bæjanna Stardals í Kjósar- og Stíflisdals í Árnassýslu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafelli; þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá; þaðan í Steinkirkju; þaðan í Súlu.²⁶

Lýsing Páls er greinilega byggð á lýsingu Stefáns Pálssonar, sem tekin er upp hér frammar.²⁷

Páll Melsteð lætur eftirfarandi upplýsingar um sæluhús í té í lýsingu sinni á Árnassýslu :

Frá brú þessari [yfir mýrar á alfaravegi suður frá Laugardælaferju og upp undir Ingólfsfjall] liggur vegurinn með Ingólfsfjalli suður Hellisheiði. Er hann allgóður, sæmilega ruddur og vel varðaður á heiðinni, hvar líka eru 2 sæluhús, annað uppá háheiðinni, hitt fyrir sunnan hana, niðri á Bolavöllum. Hafa Ölvesmenn byggt þau bæði og halda þeim við. Þriðja sæluhúsið er niðri í Fóvelluvötnum, byggt á eigin kostnað af Jóni hreppstjóra á Elliðavatni. Hefur fé verið gefið til þess viðurhalds bæði frá Gullbringu-, Árness-, og eg meina einnig frá Rangárvallasýslu, svo það á nú 50 r(íxdali) á leigu í konungsins fjárhirslu. Get eg þessa hér, þótt sæluhúsið liggi lítið eitt fyrir neðan sýslutakmörk, af því sæluhús þetta kemur Árnassýslubúum einna mest til nota á suðurferðum þeirra í illviðrum.²⁸

Í lýsingu Björns Pálssonar á Þingvalla- og Úlfjótuvatnssóknum frá 1840 kemur eftirfarandi fram:

m. Stóra-, n. Litla-Sauðafell, bæði lág og allgrösug; það stóra er sýslumerki, en önnur sýslumerki á Mosfellsheiði eru so óglögg, að eg þori þau ekki að fullyrða.

o.o.o.x. Lágur fjallhryggur, kallaður Kjölur, fyrir vestan og útnorðan Stíflisdal. Á hönum stendur húslagaður klettur, sem kallast Steinkirkja eða Steinkista og er sýsluskil.²⁹

Í lýsingu Garðaprestakalls frá 1842 segir séra Árni Helgason er hann lýsir austurtakmörkum sóknarinnar að hún gangi samsíða við:

... Reykjavíkursókn til landsuðurs upp að óbyggðum þeim, sem eru milli Árness- og Gullbringusýslu, en hvað langt Garðasókn megi kalla upp í óbyggðina, veit ég ekki, máské eins langt og Gullbringusýsla nær, er sjást mun, þegar kort yfir þessar sýslur er albuíð.³⁰

²⁶Páll Melsteð. „Árnassýsla“. *Árnassýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839–1843 og Lýsing Ölfushrepps 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. S. 18.

²⁷Lýsingu Stefáns Pálssonar er að finna í bréfi sýslumanns í Árnassýslu 11. janúar 1832 til stiftamtmanns vegna fyrirspurnar Björns Gunnlaugssonar þann 27. desember 1831. Sjá skjal nr. 2(247).

²⁸Páll Melsteð. „Árnassýsla“. S. 29.

²⁹Björn Pálsson. „Þingvalla- og Úlfjótuvatnssóknir“. *Árnassýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839–1843 og Lýsing Ölfushrepps 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. S. 174.

³⁰Árni Helgason. „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. *Landnám Ingólfs: Safn til sögu þess*, III. b. Reykjavík. 1937–1939. S. 196.

Í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands segir að ekki verði fullyrt hvort hér sé átt við landnámsjörðina.

Í lýsingu séra Stefáns Þorvaldssonar á Mosfellssókn árið 1855 er talað um Sauðafell (litla) sem sé á landamærum Mosfells- og Þingvallasveita, einnig Kjósar- og Árnessýslna.³¹ Síðar minnst Stefán á flóa sem nefndist Sauðafellsflói:

Suðaustur með Litla-Sauðafelli liggur allmikill stararflói, grasgefinn, en mjög votlendur, er liggur að landamærum millum Mosfells- og Þingvallnakirkna landa á Mosfellsheiði.³²

Í byrjun 8. áratugar 19. aldar reis ágreiningur milli Þorkels Bjarnasonar á Mosfelli, vegna Mosfellskirkju, og Ófeigs Vigfússonar í Nesjum í Grafningi um landamerki þessara tveggja jarða á Mosfellsheiðinni. Nánar er sagt frá þessu máli í kafla 5.22 um Mosfellsheiðarland. Þann 22. september 1873 í aukarétti Árnessýslu voru lagðir fram vitnisburðir Ingimundar Gíslasonar, frá 29. júlí 1869, Narfa Þorsteinssonar frá 16. október s.á., Árna Björnssonar, frá 9. september 1869, og Guðmundar Jakobssonar, frá 26. apríl 1871, um sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu gagnvart Borgarfjarðarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar.

Vitnisburður Ingimundar Gíslasonar var á þessa leið:

Sýslu mörk: Milli Gullbringu og Kjósar Sýslu, og Árnessýslu hins vegar

...

Sýslusteinn á Krísuvíkur bergi, þaðan fjöll norður í Kóns fell. Þá yfir Likla fell (hvar storsteinn stendur norðanverðt við fellið sem þeir kölluðu all tíð sýslusteinn.) Borgarhóla og í Rjúpnagil, þaðan í Sýslu hólma í Laxá í steinkirkju, Kjöl norður gegnum Botns súlur,

Þetta hjer að ofan skrifað, hef eg alltíð heirt, á báðar hlyðar, viður kénd sýslu mörk,

Ölvesvatni dag 29 Júlí 1869. Ingimundur Gíslason.³³

Vottorð Narfa Þorsteinssonar í Stíflisdal var svohljóðandi:

Sýslumörk Milli Gillbringu og Kíósar samt Borgarfjardarsýslu annars vegar en Árnessýslu hinsvegar (epti< > því sem eg heirdi í ungdæmi mínu segia Þorstein sál. Einarsson á Stíflisdal sem var þar uppallinn og deidi þar nálækt 60 ugs aldri) úr Borgarhólum í Rjúpnagil þaðan í Sýsluhólma í Laxá, þá í Steinkirku á Stíflisdals fialli þaðan Kiöl nordustur og gegnum Botnssúllur.

Þettad ófann skrifada hef eg heirt á báðar síður vídurkend Sýslumörk.

³¹Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. b. Reykjavík 1937–1939. S. 221–222.

³²Stefán Þorvaldsson: „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“. S. 236.

³³Skjal nr. 2(42).

Stfblisdal 16 október 1869. Narfi Þorsteinsson³⁴

Árni Björnsson, sem byggði Fellsenda, og var sonur Björns Pálssonar á Þingvöllum, sem samdi sóknalýsingu Þingvalla- og Úlfjótuvatnssókna, gaf þennan vitnisburð:

Sýslu-mörk: Milli Gullbringu og Kjósarsýslu samt Borgarfjarðar sýslu annars vegar og Arnessýslu hins vegar, (eptir því sem eg heyrði í úngdæmi mínu, fjölvísan mann Kristján sál. Magnússon í Skógarkoti nefna þau)

Sýslusteinn á Krýsuvíkurbergi, þaðann fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Liklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil; þaðan í Sýsluhólma í Laxá, í Steinkyrkju, Kjöl norður, gégnum Botns-Súlur, yfir Öxahriggi, í Leirarhöfða og Fanntófell, og svo til austurs yfir Kaldadal í Jökul.

Þetta hér nefnda hef eg alltið heyrð á báða síður viðurként, að vera Sýslumörk.

Hvammkoti þann 9 Septembr 1869. á. Björnsson.³⁵

Guðmundur Jakobsson, fyrrum bóndi á Reykjum í Ölfusi, síðar á Vatnsenda og Lambhúsum í Gullbringusýslu, bar.

Eptir beidni Ofeigs Vigussonar, að eg vilde gefa vottord mitt, hvað eg heirt hafde um mörk, á milli, Arnes, og Gullbringu Kiosar sisl, og er það ekki annad enn enda mark, að sunnan, væri i svo kalladan sisl stein, undir geitahlid, og beina Stefnu eftir há fiöllum til Nordurs, sem þa væri um hærst vífil fell, og eftir álitu þá verandi sislumans í Arnissíslu Þórdar sál Sveinbiörns son (sem eg var þa á ferd mið) að sú, stefna væri til Nordurs, beint i nemdan síslu hólma, í Lagsá, og mundi sú beinasta stefna um svo kallad Liklafell, og vestanvert um Borgar, hola, og það nemda línu, an þess ad nokkur vötn edur örnefni giöra boga, til usturs eda vesturs, meira edur vidara hefi eg ekki heirt þessu til upplýsingar,

Dag 26 Aprilis 1871 Gudmundur Jákops, son.³⁶

Einnig voru lagðir fram fleiri vitnisburðir en þar sem þeir varða einnig Mosfellsheiði er fjallað um þá í kafla 5.22.

Á sýslunefndarfundi Árnassýslu 22. maí 1877 var lögð fram bókun þar sem m.a. er minnst á landamerki Árnassýslu. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.25.1. um afrétt sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu; almennt.

Í landamerkjabréfi, sem var þinglýst 10. júní 1890, er að finna eftirfarandi lýsingu:

Afrjettarmörk milli Ölfus- og Grafningsshrepps innan Arnessýslu:

³⁴Skjal nr. 2(41).

³⁵Skjal nr. 2(43).

³⁶Skjal nr. 2(35).

... úr vestasta horni á Ölfusvatnsskigni beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól, sem er í sýslumörkum á milli Árness- og Gullbringusýslna.³⁷

Þessi lýsing var undirrituð 22. maí 1886 af Þorgeiri Þórðarsyni á Núpum fyrir Ölfushrepp, Gísla Magnússyni á Króki fyrir hönd Grafningshrepps og Jóni Jónssyni vegna Ölfusafréttar.

Fyrir neðan þessar undirskriftir er útdráttur úr landamerkjaskrár jarðanna Miðdals og Elliðakots í Kjósarsýslu. Útdrátturinn, sem er dagsettur 3. október 1885, fjallar um mörkin milli nefndra jarða og Grafnings- og Ölfushreppa. Samkvæmt honum eru þau þessi:

Miðdalsland að austanverðu frá vörðunni á hæsta Borgarhólnum til suðurs sjónhending á Vífilfell um sýsluþúfu, sem er á Lágheiðinni fyrir austan Lyklafell niður að árfarinu, sem liggur niður Bolavelli.

Elliðakotsland að austanverðu frá nefndu árfari beint til Vífilfells eins og sjónhending ræður frá Borgarhólnum; þaðan niður sandskeiðið o.s.frv.³⁸

Þessi lýsing var staðfest af Guðm. Einarssyni [væntanlega í Miðdal], Guðm. Magnússyni, Elliðakoti og Jóni Jónssyni vegna Ölfusafréttar.

Eftirfarandi takmörk Mosfellssveitar eru tilgreind í fasteignamati Kjósarsýslu frá 1916–1918:

Norðurtakmörk sveitarinnar eru hin sömu og suðurtakmörk Kjalarness-sveitar [þ.e., að sunnan Bugða, Leirvogsvatn og Leirvogsa til sjávar]. Austurtakmörkin munu réttast talin: úr neðanverðu gljúfri Rjúpnagils í Sýslustein á L. Sauðafelli, þaðan lína í „Þrívörður“ (nú sæluhússtöpt á Moldbrekkubrún). Þaðan bein lína um austasta Borgarhól og Bolaöldu í Hengildals (= Engid.)kvísl (stóra steininn í farveginum). Að sunnan og útsunnan er Hengidalskvísl, Fóellu-Vatnakvísl, Fossvalla á, syðsta kvíslin, er fellur ofan Tröllabotna, niður hjá Hraunsnefi ofan í Suðurá, síðan (Hólmsá) Bugða og neðri hluti Elliðaáanna, syðri kvísl, alt til sjávar um fjöru, talin sveirtakmörk. — Um austurtakmörkin er nokkur ágreiningur; Mosfelling-afrétt vill Ölves seilast vestur á (Samþ. af Þingv. og Grafn. ofanritað) BB.³⁹

Svohljóðandi takmörk Seltjarnarnessveitar eru tilgreind í fasteignamati Kjósarsýslu frá 1916–1918:

Landtakmörk sveitarinnar eru suðurjaðartakmörk Mosf.sv. [Að sunnan og útsunnan er Hengidalskvísl, Fóellu-Vatnakvísl, Fossvalla á, syðsta kvíslin, er fellur ofan Tröllabotna, niður hjá Hraunsnefi ofan í Suðurá, síðan (Hólmsá) Bugða og neðri hluti Elliðaáanna, syðri kvísl, alt til sjávar um fjöru, talin

³⁷Skjal nr. 4(114) a–b í máli nr. 6/2004, Ölfus.

³⁸Skjal nr. 4(114) a–b í máli nr. 6/2004, Ölfus.

³⁹Skjal nr. 2(109) a–b. BB er Björn Bjarnarson í Grafarholti í Mosfellssveit.

sveitartakmörk.] (suðurtakm. Kjósarsýslu að fornu), Elliðaárnar austur á sýslumörk. Austurtakm.: sýslumarkalínan frá Bolaöldu (fyrir norðan Svínahraun) í Þórisshamar (austan Ólafsskarðs eða Ólafsskarð). Að sunnan fjallabrúinirnar sunnan Jósefsdals + Vífilfells að landi Hólms (Lækjarbotnar = Botnar eru úr Seltjeringa afrétt) og svo suðurjaðar landa Hólms, Elliðavatns, Vatnsenda, Breiðholts, Fífuhvamms (= Hvammkots) og Kópavogs til vogbotnsins um Skotmannsmóa.⁴⁰

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Íslands sýslumönnum bréf þar sem óskað var eftir skýrslum um þau svæði í sýslunni sem talin væru almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hefðu tilheyrð eða tilheyrðu nokkru lögbýli. Var það byggt á þingsályktun 27. september 1919 um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum. Bað sýslumaður Árnassýslu alla hreppstjóra um skýrslur.⁴¹ Lögð hafa verið fram svör frá hreppstjórum í Ölfus- og Grafningshreppum:

Hreppstjóri Ölfushrepps svaraði þannig 28. febrúar 1920:

... Hinsvegar og norður og vestur frá fellum þessum er hinn eiginlegi afrjettur svo sem Bolavellir Svínahraun Norðurvellir og sauðasturtaglið [svo í frumriti] á Mosfellsheiði alla leið niður að sýslumörkum að vestan og afrjettarmörkum Grafningmanna að norðan enn sýslumörkin það er mörkin milli Árnassýslu að austan og Gullbríngusýslu að vestan lyggja eptir línu sem dregin er úr Vífilfelli um Bolaöldu norður í Borgarhól á Mosfellsheiði. Munu að þeim mörkum að vestan lyggja afrjettarlönd Seltjeringa og búfjárlönd Mosfellssveitarmanna. ...⁴²

Hreppstjóri Grafningshrepps svaraði 8. apríl 1920:

Í Grafningshreppi eru ekki aðrir almenningar en afrjettur hreppsins. Landamerki umhverfis hann eru eptir því, sem mjer er kunnugt þau er nú skal greina: Bein stefna úr Vörðuskeggja sem er á Há-Hengli í stóra-Borgarhólinn, (sem er á Mosfellsheiði). Úr Borgarhólnum stefna í austur á Siðri-Moldbrekkur og þaðan í Klofningatjörn, sem er sunnan við Mosfellsheiðarveiginn, og úr Klofningatjörn bein stefna suður í fyrnefndann Vörðuskeggja. Afrjetturinn er því spilda úr miðri Mosfellsheiði, og má heita að svæði það sje með öllu vatnslaut á sumrin.⁴³

Seltjarnarneshreppi var skipt í tvö hreppsfélög árið 1948. Í bréfi félagsmálaráðuneytisins 10. desember 1948 er mörkum Kópavogshrepps lýst þannig:

Kópavogshreppur tekur yfir þann hluta Seltjarnarneshrepps hins forna, sem er sunnan og austan Reykjavíkur og eru hreppamörk hins nýja hrepps þessi: Að norðan lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að Elliðakotslandi í Mosfellshreppi en

⁴⁰Skjal nr. 2(109) a–b.

⁴¹Skjal nr.2(246).

⁴²Skjal nr. 4(125).

⁴³Skjal nr. 4(126).

eftir það ráða að norðan og austan landamerki jarðanna Elliðakots í Mosfellshreppi og Gunnarshólma, Geirlands og Lækjarbotna í Kópavogshreppi.

Að sunnan ráða hreppamörkum landamerki jarðanna Vífilsstaða, Hofsstaða og Arnarness í Garðahreppi og Vatnsenda, Fífuhvamms/Smárahvamms og Kópavogs í Kópavogshreppi til sjávar í Kópavogi, ...⁴⁴

Frá því að Hafnarfjörður varð sérstakt sveitarfélag og fram til 1964 má segja að hann hafi verið umlukinn af landi Garðahrepps (síðar Garðabæjar). Árið 1964 gerðu bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd Garðahrepps með sér samkomulag um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum, þannig að landið sunnan Hafnarfjarðar, sem verið hafði í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, færðist til Hafnarfjarðar.⁴⁵

Marka Grafnings er getið í *Sunnlenskum byggðum* árið 1983. Þar stendur eftirfarandi:

... Frá norðvesturhlið Ingólfsfjalls gengur hnúkaklasi mikill norðvestur til Hengils og norður til Þingvallavatns. Norðvestan þessa hálandis er Mosfellsheiði en nokkur hluti hennar telst til Grafnings. Er það afréttarland, sameiginleg eign bænda sveitarinnar. Nánari sveitarmörk eru sem hér greinir:

Arnarhólmi er í Álftavatni. Er hann í mörkum og telst hálfur til Grafnings. Þaðan er markalína í Inghól hæst á Ingólfsfjalli, þaðan í Kaga sem er hnúkur norðvestan í fjallinu, þá í vörðu við syðri enda á Efjumýri, í klapparhól á miðri Kyllisfellsmyri, um Folaldaháls, í klapparhól syðst á Tjarnarhnúk, um miðjan Brúnkollublett, í Raufarberg, í bleikrauðan mel í Hengli, í Hengilskeggja, í Borgarhóla hæst á Mosfellsheiði, í Moldbrekkur og Klofningstjörn, í Þingvallavatn ...⁴⁶

Í kaflanum Göngur og réttir í Kjósahreppi, í bókinni *Göngur og réttir*, kemur fram að sýslumörk Kjósarsýslu og Árnassýslu séu um hæstu toppa Sauðafells og Brattafells.⁴⁷

E.J. Stardal kemur aðeins inn á sýslumörk í grein um Mosfellsheiði sem birtist árið 1985. Þar segir hann m.a.:

Sýslumörk Árnes- og Kjósarsýslu eru víða óglögg, en hér eru þau sögð vera frá Rjúpnagilsmynni yfir í Sýslustein efst á Sauðafelli og þaðan bein sjónhending suður að Þrívörðum, í forna sæluhússtöft sem enn markar fyrir.⁴⁸

⁴⁴Skjal nr. 24(7).

⁴⁵Skjal nr. 8(1).

⁴⁶*Sunnlenskar byggðir III, Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*. Búnaðarsamband Suðurlands. 1983. S. 237.

⁴⁷*Göngur og réttir / Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. 2: Árnassýsla – Mýrarsýsla*. 2. útg. Akureyri. 1984. S. 319–320.

⁴⁸E.J. Stardal. „Mosfellsheiði og nágrenni“. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Árbók Ferðafélags Íslands. 1985. S. 126.

Með lögum nr. 22/1985 var gerð breyting á mörkum Garðabæjar og Kópavogs. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

1. gr.

Mörk Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar skulu breytast þannig að þau ákvarðist framvegis af eftirtöldum línunum og bogum milli markapunkta með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Punktur nr.:	X-hnit:	Y-hnit:	P:
1 í Kópavoginum	22 000, 00	13 540, 00	1
2 sunnan Kópavogsbrúar	20 900,00	13 250, 00	2
3	21 027, 00	13 158, 00	3
4 við Hafnarjarðarveg	21 100, 00	13 060, 00	4
5	21 060, 00	13 020, 00	5
6	20 897, 51	13 013, 49	6
7	20 750, 00	13 050, 00	7
8	20 796, 00	12 932, 00	8
9	20 880, 42	12 731, 71	9
10	20 433, 25	12 571, 57	10
11	20 238, 22	12 451, 73	11
12 við Reykjanesbraut	20 102, 78	12 386, 66	12
13	20 113, 58	12 354, 27	13
14	19 776, 47	12 317, 32	14
15	19 681, 07	12 331, 04	15
16 krómstálbolti í 200 mm steypum sökklí	19 265, 44	12 231, 34	16
17 krómstálbolti í 600 mm steypum sökklí	19 315, 74	11 972, 63	17
18 krómstálbolti í 200 mm steypum sökklí	18 925, 10	11 725, 20	18
19 Smalaholt – þríhyrningspunktur 1023	18 637, 17	11 296, 15	19
20 krómstálbolti í 600 mm steypum sökklí	17 372, 84	11 089, 35	20
21 Arnarstapi – koparbolti í klöpp	17 152, 36	8 938, 40	21

Vestan við punkt 1 eru mörkin bein lína með hnit $Y = 13\,540,00$. Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta og eru miðjur hringboganna ýmist til hægri eða vinstri, miðað við að horft sé frá punkti með lægra númeri að punkti með hærra númeri, frá punkti n að punkti $n + 1$, þannig:

2 gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum sem um ræðir í 1. gr. milli punkta nr. 2 og 16 að báðum meðtöldum og er þá heimilt að gera það með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt sameiginlegri tillögu bæjarstjórna Kópavogs og Garðabæjar, sbr. fskj. I með samningi þessara bæjarstjórna, dags. 18. maí 1983.⁴⁹

Árið 1991 var birt auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samkomulagi um mörk á Mosfellsheiði milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar á grundvelli

⁴⁹Skjal nr. 4(58).

landamerkjabréfs frá 23. janúar 1991. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.22 um Mosfellsheiðarland.⁵⁰

5.3. Lónakot

Lónakot kemur ítrekað við sögu í fógetareikningunum 1547–1553 og er þá eins og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir komið í konungs eigu.⁵¹

Árið 1755 voru konungsjarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum metnar. Í skýrslunni um jörðina Lónakot kom m.a. eftirfarandi fram:

Jorden følger nogen Smaae Krat, Skov til Brænde og Kuul.⁵²

Lónakot er ein svokallaðra Hraunajarða. Hraunajarðir, sem svo eru nefndar vegna þess að þær liggja í hrauninu [Kapelluhrauni] vestan við Hafnarfjörð, voru Hvassahraun, Lónakot, Straumur, Óttarsstaðir, Þorbjarnarstaðir, (Lambhagi) og Svínakot. Í þessari greinargerð eru kaflar um Lónakot, Straum, Óttarsstaði og Þorbjarnarstaði með Lambhaga. Á árunum 1825–1874 áttu sér stað ýmsir atburðir er snerust um tengsl Hraunajarða og almenningslands Álftnesinga. Til þess að forðast endurtekingar verður þessum atburðum aðeins gerð skil í kafla 5.25.2, Almennungur og Almenningskógur Álftaness.

Í framhaldi af því sem sagt var í málsgreininni hér að ofan er rétt að minnst á að Árni Helgason getur þess í lýsingu Garðaprestakalls 1842 að þeir bæir sóknarinnar sem liggi í hrauninu nefnist Hraunabæir. Hann heldur áfram og segir:

Þessi hraun hafa ýmisleg nöfn. Hraunið fyrir sunnan Ásfjall heitir Brunahraun eða Bruni. Þar niður undan, allt fram í sjó Hvaleyrarhraun, þar fyrir sunnan Kapelluhraun og svo Almennungur allt suður af Hvassahrauni.⁵³

Lónakot var selt úr konungseigu þann 13. júní 1838. Svohljóðandi athugasemdir gerir Jón Johnsen neðanmáls í Jarðatali varðandi sölu Lónakots:

Eptir konungs úrskurði 24. Marz 1777 er eyðijörð nokkur, Lónakot í Gullbríngu sýslu, seld fyrir 50 rbd., en þarð jarðabækurnar eigi segja nema af einu Lónakoti í sýslunni, verður ekki betur séð, enn að sölu þessari hafi verið kippt upp aptur, þó að skýrsla Rentukammersins um sölu konungs jarða til 1842 ætlist til, að Lónakot tvö sé seld í Gullbríngu sýslu.⁵⁴

Þann 22. apríl 1841 skrifar eigandi eyðijarðarinnar Lónakots, Hafliði Jónsson á Setbergi, undir yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist byggja upp jörðina á næsta ári. Þessi yfirlýsing var lesin upp á manntalsþingi 7. júlí sama ár.⁵⁵ Stiftamtmaðurinn yfir

⁵⁰Skjal nr. 8(1) sbr. skjal nr. 8(2) í máli nr. 6/2004, Ölfus.

⁵¹Íslenzkt fornbréfasafn, XII. b. Reykjavík. 1923–1932. S. 114, 140, 155, 175, 185, 401, 415 og 571.

⁵²Skjal nr. 2(124) a–b.

⁵³Árni Helgason. „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. S. 200.

⁵⁴Skjal nr. 4(48).

⁵⁵Skjal nr. 2(163).

Íslandi gaf þann 26. maí 1842 út tilkynningu um nýbýli í Lónakoti sem var þinglesin rúmum mánuði síðar eða 27. júní.⁵⁶

Í kaflanum um Lónakot í jarðamati 1849 kemur eftirfarandi fram:

Útrymi talsverdt. Landkostir ágjætir á sumrum fyrir saudfé. Nokkur skógur. Vetrararbeit góð.⁵⁷

Hinn 8. nóvember 1849 lögfesti eigandi Lónakots jörðina með eftirfarandi orðum:

... í krapti þeirra vitnisburda, er eg hefi í höndum frá elztu mönnum og kunnugum Lónakots landamerkjum tilgreini þessi eptirskrifudu örnefni og landamerki: fyrst á þá hlid, sem veit ad Ottarstöðum, úr bodafarinu eda bodafarsklifinu vid sjóinn, beint í Smalaskála þadan midt á millum Lónakots og Ottarstada selja, og þadan beint í Krísivíkur mörk. Þarnæst ad sunnanverdu á millum Lónakots og Hvassahrauns úr bótahellunni sunnanvert í hraunsnesi og þadan í markahólana og svo beint í Krísivíkurmörk ad ofanverdu. Loxins gefst til vitundar ad enginn almenníngur er í Lónakotslandi og ad allur skógur innan þeirra tilvísudu landamerkja er ein<n>ig mín lögmæt eign, sem enginn án míns leyfis má yrkja edur hagnýta sjer undir lagasektir fyrir heimildarlaust skógarhögg.⁵⁸

Sýslumaðurinn gerði athugasemd við lögfestuna vegna almenningsins en vildi ekki mótmæla henni. Þetta er rakið nánar í kafla 5.25.2 um almenninga og Almenningskógar Álftaness.

Áreið var gerð á landamerki Hraunajarðanna og Almenningskóga Álftanesshrepps 12. september 1874 til þess að ákveða mörkin. Sjá kafla 5.25.2.

Landamerkjabréf fyrir Lónakot var undirritað 7. júní 1890 og því þinglýst 9. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Að vestanverðu, milli Lónakots og Hvassahrauns eru landamerki sem hjer segir:

Landamerki þau byrja við sjó í svonefndum Markakletti, austanvert við Hraunsnes, úr honum í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóra-Grænhól, úr Stóra-Grænhól í Hólbrunnsvörðu; úr Hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu; úr Skorásvörðu í mið-Krossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi. Að innanverðu, milli Lónakots og Óttarsstaða, byrja landamerkin við sjó, úr krosssprungnum hól, með þúfu á; úr honum í Sjónarhól, og þaðan í klett, fyrir austan Lónakotssel, og úr honum í mið-Krossstapa.⁵⁹

⁵⁶Skjal nr. 2(165) a–b.

⁵⁷Skjal nr. 2(117).

⁵⁸Skjal nr. 2(54).

⁵⁹Skjal nr. 2(18) a–b og skjal nr. 2(119). Sjá einnig skjal nr. 2(1) a–b úr máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.

Undir bréfið skrifa A. Hildibrandsson og Hallgrímur Grímsson. Eigendur Hvassahrauns og Óttarsstaða samþykktu landamerkin, ásamt Guðmundi Jónssyni.⁶⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að landamerki Lónakots séu að sunnan við Hvassahraunskot en að norðan við Óttarsstaðaland.⁶¹

Í fasteignamatinu 1932 segir m.a. um Lónakot að jörðin sé í meðallagi til sumarbeitar. Smalamennska á beitilandinu er einnig í meðallagi. Túnið er girt og nokkur hluti jarðarinnar. Lónakot á ekki rétt til upprekstrar í „afrétt“ sem er sveitareign og henni fylgir ekki sérstakt upprekstrarland. Í lýsingunni segir einnig að landamerkjalysing jarðarinnar verði lögð fram og að enginn ágreiningur sé um landamerkin.⁶²

5.4. Óttarsstaðir

Árið 1379 votta þeir Kári Þorgilsson, Jón Oddsson og Ólafur Koðráðsson að hafa heyrt máldaga kirkjunnar í Viðey lesinn og að Ólafur hafi lesið hann sjálfur áður en kirkjan (og þá væntanlega einnig umræddur máldagi) brann. Í vitnisburði þeirra sem fjallar um reka kirkjunnar og mörk hans er minnst á Ottastaði.⁶³

Þann 9. september 1447 höfðu þeir Einar Þorleifsson og Steinmóður Viðeyjarábóti með sér jarðaskipti. Meðal þeirra jarða sem komu í hlut klaustursins voru 10 hundruð í Ottastöðum í Kálfatjarnarkirkjusókn.⁶⁴

Óttarsstöðum bregður fyrir í fógetareikningunum 1547–1552 og eru þá líkt og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir komnir í konungs eigu.⁶⁵

Í lýsingu gæða Óttarsstaða í jarðamatinu 1804 segir m.a.:

Udegangen er her temmelig god saa at Beder, Faar og Lam bliver kun lidet Foder bestemt.

Í athugasemdum við Óttarsstaði segir, og mun það eiga við Garðahrepp í heild:

Da er i nærværende Evaluation anførte Faar og Beder ja endog Lam, i Almindelighed intet Foder erholde (som dem og her kuns lidet er bestemt); men holdes alleene paa Udegang, med hvilken dog er forbunden megen Fare, bestaaende baade deri, at disse Creature, som ogsaa leve af fersk Tang og elske den, undertiden tabes i Søen, og det i Hobetal, paa nogle Skiær hvorpaa de i Ebbetiden gaar ud, og drukne siden med Flod, elle naar Vandet træder tilbage, tillige ogsaa deri at en Deel bortsnapes af Ræven, hvoraf det omliggende Hröjn (Lava Strækning) giemmer en saadan Mængde, som man ikke seer sig i Stand til at indskrænke mindre ödelægge, foruden hvad Foder

⁶⁰Árni Hildibrandsson mun hafa verið eigandi Lónakots. Hallgrímur Grímsson var skv. sóknarmannatali 1890 bóndi í Lónakoti og Guðmundur Jónsson á Óttarsstöðum.

⁶¹Skjal nr. 2(108) a–b.

⁶²Skjal nr. 2(118).

⁶³Skjal nr. 4(13).

⁶⁴*Íslenzkt fornbréfasafn*, IV. b. Kaupmannahöfn. 1895–1897. S. 707–708.

⁶⁵Skjöl nr. 4(22)–4(26).

Mangel i haarde Aaringer dog nødvendig maae medføre disse Kreatures ganske Tab. — saa proponeres her en Nedsættelse enten af baade Faar og Beder for det halve, eller, i Mangel deraf, da af den sidste Sort allene for 2/3 Deel, af det anførte og evaluerede saa meget mere som Proportionen med andre Jorder vilde ellers uforholdsmæssig naar hensees til den sande Bonite, som og den gamle Skyldsætning (Taxation) er ulige mindre end denne nye, hvilket ikke i Almindelighed indtræffes

Þessi athugasemd virðist eiga við margar jarðir í ofanverðum Álftaneshreppi.⁶⁶

Óttarsstaðir eru meðal svokallaðra Hraunajarða. Á árunum 1825–1874 áttu sér stað ýmsir atburðir er snerust um tengsl Hraunajarða og almenningslands Álftnesinga á Reykjanesi. Þeim atburðum eru gerð skil í kafla 5.25.2, almenningur og Almenningskógar Álftaness.

Óttarsstaðir voru seldir úr konungseigu þann 28. ágúst 1839.⁶⁷

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er getið bæði Óttarsstaða og Óttarsstaðakots þrátt fyrir að hvorki prestur né sýslumaður geti hjáleigunnar. Ástæða þess er að nokkru leyti ábúendatalan sem sýslumaður gaf upp á öllum Óttarsstöðum en að auki var hún byggð 1803.⁶⁸

Í jarðamatinu 1849 er kafli um jörðina Óttarsstaði með hjáleigunum Óttarsstaðakoti og Nýjakoti. Þar kemur eftirfarandi fram:

Landrymi mikid. Landkostir ágætir á sumrum. Vetrararbeit mjög gód, en nokkud ördug. Skógur nægilegur.⁶⁹

Þann 21. júní 1849 skrifaði eigandi hálfra Óttarsstaða undir svohljóðandi lögfestu:

Fyrst vid sjó milli jardanna Óttarstada og Straums ur Valnaskeri uppá Markhól, svo í Skiphól þaðan í Nónhól af Nónhól á nordurenda Gvendarbrunshædar, svo sunnan vid Mjósund upp í steinhús þaðan á Eiólfsból eptir Eiólfsbólum uppá miðjann Fjallgrensbala. Af Fjallgrensbala suðurá Helluhól nordan á Búðarhólum á milli jarðarinnar Heimalands og og almennings afrjettar. Af Búðarhólum beina línu niður á Valklett [ógreinilegt, gæti verið Vakklett eða jafnvel Váklett] þaðan á Sauðaskjól, af Sauðaskjóli niður á Krumhól og Innraklif við sjó á milli jardanna Óttarstada og Lónakots. Líka lýsi jeg eign minni það ítak í almennings afrjetti Alptaneshrepps, sem ofantaldri jörð minni ber að lögum innan hjer ofantaldra takmarka.⁷⁰

⁶⁶Skjal nr. 2(116).

⁶⁷Skjal nr. 4(48).

⁶⁸Skjal nr. 4(48).

⁶⁹Skjal nr. 2(117).

⁷⁰Skjal nr. 2(51).

Guðmundur Guðmundsson í Straumsseli lét lesa þessa lögfestu á manntalsþingi að Görðum 22. s.m.⁷¹

Áreið var gerð á landamerki Hraunajarðanna og Almenningskóga Álftanesshrepps 12. september 1874 til þess að ákveða mörkin, sbr. kafla 5.25.2, Almennungur og Almenningskógur Álftaness.

Þrjú landamerkjabréf fyrir Óttarsstaði voru undirrituð 26. maí 1890 og þeim öllum þinglýst 9. júní sama ár. Fyrsta bréfið fjallaði um landamerki milli Óttarsstaða og Hvassahrauns:

Landamerki milli Óttarstaða og Hvassahrauns byrja í Mið-Krossstapa, frá Mið-Krossstapa í Klofningsklett, sem varða er hjá, sunnanvert við Einirhól.

Frá Klofningskletti í Búðarvatnstæði, frá Búðarvatnstæði í Markhelluhól, sem er hornmark frá Óttarstöðum, Hvassahrauni og Krísuvík; í hann er klappað Ótta., Hvass., Krv. -⁷²

Undir bréfið skrifa Guðmundur Jónsson og Friðfinnur Friðfinnsson. Landamerkin samþykktu Sigurmundur Sigurðsson, Einar Þorláksson og einnig Á. Gíslason fyrir hönd Krísuvíkurkirkju.⁷³

Næsta bréf ákvarðaði landamerki Óttarsstaða og Straums:

Landamerki milli Óttarstaða og Straums byrja við sjó, á Vatnaskersklöpp, og yfir miðjan Markhól. — Þaðan beint í Stóra-Nónhól, frá Nónhól í Gvendarbrunn, frá Gvendarbrunni í Mjósundavörðu, frá Mjósundavörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. Á Klofaklett er klappað: Ótta., Str., og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og uppaf Eyólfshól; á þennan Markastein er klappað: Ótta., Str. — Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi.⁷⁴

Undir bréfið skrifa Guðmundur Jónsson, Friðfinnur Friðfinnsson og G. Símonsson.⁷⁵ Landamerkin samþykktu Á. Gíslason.

Í þriðja landamerkjabréfinu var greint frá svohljóðandi landamerkjum Óttarsstaða og Lónakots:

Landamerki milli Óttarstaða og Lónakots — byrja rjett fyrir ofan sjáfarkampinn, þaðan í Markhól, sem klappað er á Ótta. Lón. — Frá Markhól í Sjónarhól, frá Sjónarhól í vörðu austanvert við Lónakotssel; frá þeirri vörðu í Miðkrossstapa.⁷⁶

⁷¹Skjal nr. 2(204) a–b.

⁷²Skjal nr. 2(19) a–b.

⁷³Guðm. J. og Friðfinnur voru bændur á Óttarsstöðum skv. sóknarmannatali Garða 1890. Sigurmundur Sigurðsson var bóndi á Hvassahrauni og Einar Þorl. húsmáður þar (Sóknarmannatal Kálfatjarnar 1890. Einar sagður bóndi í sóknarmannatali 1889). Á. Gíslason er Árni Gíslason í Krísuvík.

⁷⁴Skjal nr. 2(20).

⁷⁵Tveir fyrstnefndu voru bændur á Óttarsstöðum, en Guðm. Símonarson bóndi í Straumi. (Sóknarmannatal Garða 1890).

⁷⁶Skjal nr. 2(21) a–b.

Undir bréfið skrifa Guðmundur Jónsson, Friðfinnur Friðfinnsson og Hallgrímur Grímsson.⁷⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru Óttarsstaðajarðirnar tvær talsins og einnig er getið Óttarsstaðagerðis. Landamerki beggja Óttarsstaða eru svohljóðandi:

Landamerki að sunnan, úr Markavíki að fyrir innan Grunnfót, þaðan beina línu um stein og uppí Krossstapa þaðan að Krísuvíkurlandi um markhól, að norðan úr Vatnaskersklöpp við sjó og í Stóra Nónhól þaðan í Mjósunda vörðu, þaðan um steinhús og upp að fjallinu Eina og tekur þar við Krísuvíkurland.⁷⁸

Í fasteignamatinu 1932 er að finna lýsingar á eftirfarandi jörðum í Óttarsstaðahverfi: Óttarsstaðir I og II og Óttarsstaðagerði. Í lýsingu ábúenda á Óttarsstöðum I kemur fram að beutilandið sé víðlent og mjög skjólgott, einnig að smalamennskan sé örðug. Beutilandið nýtist sem ágætis vetrararbeit fyrir sauðfé. Það hefur lyng og kvist. Þar segir líka að jörðin hafi nægt beutiland fyrir sínar skepnur árið yfir í heimalandinu. Um ítök segir:

Landræma til beitar afgangur með Straumslandi, sem Óttarsstaðir eiga er notuð til beitar.

Í greinargerð ábúendanna kemur einnig fram að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus, að landamerkin hafi verið uppgerð 1890 og að þau sé að finna í landamerkjabók sýslumanns.

Sambærileg lýsing er á Óttarsstöðum II og Óttarsstaðagerði.⁷⁹

Í október 1992 sendi Sesselja Guðmundsdóttir hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps greinargerð sem hún hafði tekið saman um landamerki hreppsins. Í mars 1993, sendi Sesselja frá sér aðra greinargerð, nú til fulltrúa hjá sýslumannsembættinu í Keflavík. Þar er að finna athugasemd um svokallaða Markhelli / Markhelluhól sem minnst er á í landamerkjabréfum Krísuvíkur, Hvassahrauns og Óttarsstaða frá árinu 1890:

... að öðru leyti hefi jeg ekki að athuga [við landamerkjabréf Krísuvíkur] nema óráðið mun um rjetta þekkingu á „Markhelli“ að vestanverðu.

Undir þetta skrifar Oddur V. Gíslason prestur á Stað í Grindavík.

Önnur athugasemd var gerð við bréfið og var hún svohljóðandi:

„Sem eigendur og umboðsmenn Hvassahraunshverfisins leyfum við oss að gjöra þá athugasemd við framanskráð landamerki að í staðinn fyrir „Markhelli“ sjé settur „Markhelluhóll“. Að öðru leyti samþykkt.“ Þetta undirskrifa Einar Þorláksson og Sigurmundur Sigurðsson.

⁷⁷Hallgrímur Grímsson var bóndi í Lónakoti. (Sóknarmannatal Garða 1890).

⁷⁸Skjal nr. 2(108) a–b.

⁷⁹Skjal nr. 2(118).

Athugasemdin um Markhelluhól hefur verið tekin til greina því skjalinu er þinglýst með því nafni.

Setninguna „... Markhelluhól, háan steindranga við Búðarvatnsstæði.“⁸⁰ er vert að athuga nánar. Ca km fyrir ofan vatnsstæðið er trúlega hinn eini sanni Markhelluhóll og á landakortum síðustu ára eru mörkin um hann. Á hólnum er varða og stendur hann rétt ofan við djúpa en þrönga gjá og eru stafirnir sem getið er um í landamerkjabréfi Óttastaða-Hvassahrauns meitlaðir stórum stöfum á hólklöppina sem snýr til norðausturs. Það er merkilegt hvað stafirnir eru greinilegir ennþá og vel getur verið að þeir hafi verið skýrðir upp einhverntíman á þessari öld.

Steindranginn sem nefndur er í lýsingunni er til þarna í nágrenninu og er hann spöl neðan og vestan við hólinn út í illfæru og grófu apalhrauni. Rétt við steindranginn er gömul mosagróin varða, há og mikil um sig, hlaðin úr stórum hraunhellum. Í lýsingunni hefur því verið blandað saman í eitt mark, hólnum og drangnum og eins gæti hugsast, að mörkin hafi einhvern tímann legið neðar, þ.e.a.s um drangann en ekki hólinn. Hvassahraunsbændur gerðu sér grein fyrir því, við undirskrift bréfsins að hægt var að ruglast á þessu tvennu og lögðu áheyrslu á örnefnið Markhelluhól sem er drjúgum ofar.⁸¹

5.5. Straumur

Þann 22. september 1475 seldi Guðmundur Magnússon Margréti Vigfúsdóttur 10 hundruð í Flekkudal í Kjós fyrir Straum í Hraunum, 10 hundruð að dýrleika. Kaupbréfið sjálf var ekki skrifað fyrr en 10. apríl 1483.⁸²

Síðar hefur Straumur komist í eign Viðeyjarklausturs, en jörðin kemur mjög við sögu í fógetareikningunum 1547–1553 og er þá konungseign.⁸³

Straumur er meðal svokallaðra Hraunajarða. Á árunum 1825–1874 áttu sér stað ýmsir atburðir er snerust um tengsl Hraunajarða og almenningsskóga Álftnesinga á Reykjanesi. Þeim atburðum eru gerð skil í kafla 5.25.2, Almenningsgur og Almenningskógur Álftness.

Straumur var seldur úr eigu konungs þann 28. ágúst 1839.⁸⁴

Eftir áreið á almenningsskógana upp af Hraunum í júní 1848 var gefinn eftirfarandi vitnisburður, 6. júní s.á., um landamerki Straums eins og vitnunum höfðu verið sögð þau:

⁸⁰Er í landamerkjabréfi Krísvíkur, sjá skjal nr. 2(25) í máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.

⁸¹Greinargerð Sesselju Guðmundsdóttur, sjá skjal nr. 4(52) í máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.

⁸²Skjal nr. 4(16).

⁸³*Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. s. 114, 140, 147, 155, 167, 174, 179, 384, 401, 406, 420–421, 577, 588 og 591–592.

⁸⁴Skjal nr. 4(48).

Landa mörk höfummi við heirt að væru þesse — að nordann við sio — úr Briniólfs skarde í Hádeigeshæd frá Straume ur Hædeig<is>hæd í þufu á austur enda ás midmunda hæd fra Þorbiarnarstöðummi þaðann beina stebnu uppa Hafurbiarnar Holt af þufu á Hafurbiarnar Holte í Heimsta Höfda beint upp í brúna — að sunnann — fra brune firer ofann raud Hóla í nordasta Hraunhol beinastebnu í þufu á eiólfs hól sem er [sem er, verður helzt lesið úr þessu orði] firer ofann steinhus þaðann í nordur enda gvendarbrun<n>s Hædar So í nónhól af nonhól í Skip Hól þaðann í markhól firer ofann vatna skier við sjo.⁸⁵

Þeir Bjarni Einarsson, ábúandi í Straumi, og Guðmundur Guðmundsson, á Þorbjarnarstöðum og eigandi Straums, mættu fyrir sáttanefnd þann 13. júní 1848. Bjarni hafði kært Guðmund fyrir að halda ekki við sig leigumála sem gerður hafði verið þegar jörðin var í konungseigu og virðist hafa verið endurnýjaður af Páli Árnasyni sem keypti jörðina af konungi. Þetta var ekki fyrsta skipti sem þeir félagar mættu fyrir sáttanefnd því að þar mættu þeir þann 15. nóvember 1847 en þá hafði Guðmundi þótt Bjarni sitja jörðina illa og auglýst honum nýtt byggingarbréf sem hann neitaði að samþykkja. Síðan þá hafði Bjarna ekki verið byggt út en Guðmundur hafði sett byggð í Straumsseli sem Bjarni klagar yfir af því að hann taldi það skerðingu á fornum rétti sínum.

Guðmundur lagði fram skjal þar sem hann m.a. krafðist þess að allar eignir Straums sem legið höfðu í auðn yrðu skoðaðar og skráðar af viðkomandi hreppstjórum, þ.á m. gamalt útgræðslugerði. Að endingu sættust þeir og Guðmundur lofaði m.a. að fjölga ekki býlum í Straumslandi meðan Bjarni byggir þar. Bjarni gekkst að þessu að því tilskildu að bygging hins gamla Straumssels væri sér með öllu óviðkomandi skyldu yfirvöld kæra.⁸⁶

Manntalsþingsréttur fyrir Álfstaneshrepp var settur að Görðum þann 22. júní 1849. Þar var lesin upp lögfesta Guðmundar Guðmundssonar, sjálfseignarbónda í Straumsseli, frá 21. sama mánaðar fyrir eignarjörðu hans, Straumi:

Fyrst við sjó milli jardanna Straums og Þorbjarnarstaða ur Brynjólfsskardi suður á Hádeieshæð þaðan í þufu á Midmundahæð beina línu upp á Hafurbiarnarholt, af þufu á austurenda Hafurbiarnarholts á Heimstahöfða. Á milli jardarinnar Heimalands og afrjettar að öðru nafni Almennings, af Heimstahöfða suður í Fjallgrensbala miðjan. Þaðan á milli jarðanna Straums og Óttarstaða niður á Eiólfsból fyrir ofan steinhús sunnanvið Mjósund í norðurenda Gvendarbrunnshæðar þaðan í Stóranónhól í Skiphól niður á Markhól og Vatnasker. Líka lýsi jeg eign mína það ítak í almennings afrjetti Álfstaneshrepps sem ofantaldri jörð minni ber að lögum.⁸⁷

⁸⁵Skjal nr. 2(129) a–b.

⁸⁶Skjal nr. 2(174) a–b.

⁸⁷Skjal nr. 2(52) a–b og skjal nr. 2 (205) a–b.

Í þeim hluta jarðamatsins 1849 sem fjallar um jörðina Straum kemur fram að:

Landrymi talsverdt. Landkostir ágjætir á sumrum. Vetrarþeir dagód. Skógur til muna.⁸⁸

Áreið var gerð á landamerki Hraunajarðanna og Almenningskóga Álftanesshrepps 12. september 1874 til þess að ákveða mörkin sbr. kafla 5.25.2, Almennigur og Almenningskógar Álftaness.

Landamerkjabréf fyrir Straum var undirritað 31. maí 1890 og þinglýst 9. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Landamerki milli Straums og Óttarstaða, byrja við sjó á Vatnaskersklöpp, yfir miðjan Markhól og þaðan beint í Stóra-Nónhól; frá Nónhól, í Gvendarbrunn; frá Gvendarbrunni í Mjósundavörðu; frá Mjósundavörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. — Á Klofaklett er klappað: „Ótta.“, „Str.“ og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og uppaf Eyólfshól; á þennan Markastein er klappað: „Ótta.“, „Str.“ Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi.

Á hina hliðina milli Straums og Þorbjarnarstaða, byrja landamerkin við sjó á Pjetursbyrgi á neðsta hólmanum, og þaðan beint í svonefnda Tóu; úr Tóu beint í Vestari-Tobbukletta yfir miðjan Jónshöfða, og í vörðu vestarlega á há-Hafurbjarnarholti(nu), og þaðan beina stefnu mitt á milli Stóra-Steins, og Fjárskjólssklets, í vörðu á há-Fremstahöfða og þaðan hina sömu beinu stefnu þar til að Krísuvíkurland tekur við.⁸⁹

Undir bréfið skrifa G. Símonsson, Á. Hildibrandsson og Ólafur Þorvaldsson. Landamerkin samþykka Guðmundur Jónsson, Fr. Friðfinnsson og Á. Gíslason.⁹⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Straumur sagður liggja á milli Óttarstaða að vestan og Þorbjarnarstaða að austan og er vísað til landamerkja þar. Einnig er tveggja hjáleiga getið en það er Jónsbúð sem sögð er byggð úr Straumslandi og Þýskubúð sem er talin hjáleiga.⁹¹

Í fasteignamatinu 1932 er fjallað um jörðina Straum og býlið Þýskubúð. Að sögn íbúa á Straumi nýtist beitolandið ágætlega til vetrarþeir. Beitolandið er víðlent, skjólgott, snjólétt og um ½ tíma rekstur í bestu haga þess frá sjó. Í kaflanum kemur einnig fram að nær allt landið sé girt og að jörðin eigi ekki rétt til upprekstrar í „afrétti“ sem sé sveitareign. Hún á hins vegar sjálf nokkuð land utan girðingar. Hvað varðar landamerki þá segir að þau séu girðing eða greinileg mörk. Í kaflanum er minnst á blettina Jónsbúð, Markúsargerði og Péturskot sem munu allir fylgja Straumi. Um Þýskubúð kemur fram að eins sé farið með beitoland býlisins, girðingu og

⁸⁸Skjal nr. 2(117).

⁸⁹Skjal nr. 2(23) a–b.

⁹⁰Guðm. Símonarson bóndi Straumi, Árni Hildibrandsson eigandi Þorbjarnarstaða, Ólafur Þorvaldsson eigandi Stóra Lambhaga, Guðm. J. og Friðfinnur Fr. á Óttarstöðum og Árni Gíslason í Krísuvík.

⁹¹Skjal nr. 2(108) a–b.

upprekstrarmál og í Straumi. Þar kemur einnig fram að landamerkin séu óskipt úr Straumslandi.⁹²

Bjarni Bjarnason, þáverandi eigandi Straums, Þorbjarnarstaða og Stóra- og Litla-Lambhaga, gaf Skógrækt ríkisins nokkurn hluta jarðanna 16. febrúar 1949 eða eins og segir í afsalinu:

... þann hluta ... sem liggur milli þjóðveganna til Krísuvíkur og Keflavíkur, frá norðurbrún Nýjahrauns og að landamerkjum Straums og Óttarstaða, með gögnum og gæðum og án allra kvaða. — Undanskilið gjöfinni er norðausturhorn landsins, (neðsti hluti Nýjahrauns,) frá vörðu vestarlega á Rauðamelshólum og línunum dregnum frá henni, annars vegar hornrétt á Krísuvíkurveg, en hins vegar í beina stefnu á Reykjanesbraut á hábrún Nýjahrauns, ofan Þorbjarnarstaða og Litla-Lambhaga.⁹³

Sama dag afsalaði Bjarni Bjarnason Hákonu Bjarnasyni spildu úr sömu jörðum:

Spilda þessi afmarkast að vestan af Reykjanesbraut, að norðan af landamerkjum Hvaleyrar og áðurnefndra jarða, og að öðru leyti af línunum dregnum úr vörðu á Rauðamelshólum, eins og nánar er til tekið í afsali mínu til Skógræktar ríkisins, dagsettu í dag.⁹⁴

Hákon Bjarnason gaf Landgræðslusjóði landspilduna 7. febrúar 1967, að undanskildu túni Þorbjarnarstaða og 100 m spildu í allar áttir frá túngarðinum.⁹⁵

Landgræðslusjóður afsalaði Hafnarfjarðarbæ allt land sitt í Straumi, 223,6 ha, 7. apríl 1994.⁹⁶ Þá seldi ríkissjóður (vegna Skógræktar ríkisins) Íslenska álfélaginu hf. land í Straumi, austan Reykjanesbrautar, u.þ.b. 220 ha, 30. nóvember 2001. Undanskilið var í sölunni land Tjarnarhóls, Gerðis og Þorbjarnarstaða.⁹⁷ Þetta land liggur utan kröfussvæðis vegna breytingar á kröfulínu.⁹⁸

5.6. Þorbjarnarstaðir (með Lambhaga)

Í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1395 er eyðijarðarinnar Þorbjarnarstaða getið.⁹⁹ Árið 1395 var gerð skrá yfir þær jarðir sem Viðeyjarklaustri hafði áskotnast í tíð Páls ábóta en þar á meðal var Lambhagi, 20 hundruð að dýrleika.¹⁰⁰

⁹²Skjal nr. 2(118).

⁹³Skjal nr. 9(2).

⁹⁴Skjal nr. 9(3).

⁹⁵Skjal nr. 9(4).

⁹⁶Skjal nr. 9(5).

⁹⁷Skjal nr. 9(6).

⁹⁸Skjal nr. 9(9).

⁹⁹Skjal nr. 4(18).

¹⁰⁰*Íslenskt fornbréfasafn*, III. b. Kaupmannahöfn, 1890–1896. S. 598. Líklegra er þó að hér sé um Lambhaga í Mosfellssveit að ræða.

Þorbjarnarstaðir og Lambhagi eru færðir til bókar í fógætareikningunum 1547–1552 og hafa þá eins og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir verið komnar í eigu konungs.¹⁰¹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 eru Almenningar taldir í Þorbjarnarstaðalandi.¹⁰²

Þorbjarnarstaðir eru meðal svokallaðra Hraunajarða. Fjallað er um tengsl Hraunajarða og almenningslands Álftnesinga í kafla 5.25.2, Almennigur og Almenningsस्कógar Álftaness.

Þorbjarnarstaðir voru seldir úr konungseigu þann 13. júní 1838.¹⁰³ Lambhagi var hins vegar seldur úr eigu konungs nokkru fyrr, þ.e. 2. maí 1827.¹⁰⁴

Í bréfi eiganda hálfra Þorbjarnarstaða í Álftaneshreppi frá 16. júní 1845 biður hann íbúa hreppsins að:

... þeir hverki sjálfir, né sendi adra sín vegna ad taka hrís fyrir sunnan brunna neðar enn 3–4 hundrud fadma tolfraed sudaustan og ofanverdt við Gjásel liggjandi í Þorbjarnarstada landi. ...¹⁰⁵

Bréfið var þinglesið þann 27. júní 1845.

Í afsalsbréfi sem útbúið var þann 31. maí 1848 fyrir jörðina Þorbjarnarstaði fylgir eftirfarandi landamerkjalysing:

...ásamt med þeim húsum, sem eg á ofanefndri jardarlód á og nýrri útgrædslu innan túngards í Litla-Lambhaga samt öllum eignum og ítökum jardarinnar [...] eptir jardardýrleika vid sameignarmenn mína á áminnstri jörd Þorbjarnarstöðum með hjáleigu Stóra Lambhaga einsog ég hingadtil þann jardarpart átt og notad hefi eptir afsalsbrjefi af 21. Juni 1844 [...]: af fremsta skeri í Lambhagaeyri og uppad Tvíriddara og beina stefnu eptir Kapelluhraunsbruna ad sjó á Ogrinnishóla allt uppad nordasta Snókalandi ad (nordan) þadan í Hellu í Eyólfsbala, svo í þúfu í Brunnhól hvar Búdarhólagjá byrjar og beint sem gjáinn heldur í Stakkhól ad ofan sem sést á bak vid heimsta Höfda, úr heimsta Höfda í þúfu á austurenda Hafurbjarnarhóls, nordanverdu á Hafurbjarnarholti ad sjá í Hellu á Laufshöfda og beina línu í midmundahæd fyrir sunnan Þorbjarnarstadi, nidurí Hádegishól [virdist eiga að lesa svo frekar en hæð] frá Straumi, þadan í Brynjúlfsskard (ad sunnan). Athugasemd vid það land fyrir ofan Búdarhólagjá sem nær uppad Gardakirkjulandamerkjum, hvílir undir herra sýsslumanns úrskurd eptir þess háa Stiftamts skipan, ad segja hvert heldur það er Hraunajardanna eign selt med jördinni eda óseld konungs eign.¹⁰⁶

¹⁰¹ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. S. 114, 140, 155, 174–175, 400–401.

¹⁰² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. Kaupmannahöfn. 1923. S. 165–167.

¹⁰³ Skjal nr. 4(48).

¹⁰⁴ Skjal nr. 4(48).

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(167) a–b.

¹⁰⁶ Skjal nr. 2(53).

Í jarðamatinu 1849 kemur eftirfarandi fram um jörðina Þorbjarnarstaði og hjáleiguna Litla Lambhaga:

Landrymi talsverdt. Landkostir ágjætir á sumrum. Vetrararbeit dágód. Nokkur skógur.¹⁰⁷

Í sömu skýrslu er að finna lýsingu á jörðinni Lambhaga. Þar stendur m.a.:

Land lítið en gott. Ágjæt fjörubeit á vetrum. Skógarló.¹⁰⁸

Þann 21. júní 1850 á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp að Görðum var birt afsalsbréf Guðmundar Guðmundssonar til handa Eyjólfí Péturssyni, sem dagsett var 31. maí 1848, fyrir rúmum sex hundruðum í jörðinni Þorbjarnarstöðum. Eftir að sjálfseignarbóndinn Jón Hjörtsson á Hvaleyri hafði hlýtt á upplestur þess afhenti hann sýslumanni vitnisburði Vigdísar Jónsdóttur í Sjávangötu, Oddnýjar Vigfúsdóttur á Hliðsnesi og Stefáns Þorlákssonar, sáttasemjara í Hafnarfirði, dagsetta 12. febrúar 1848, varðandi landamerki Hvaleyrar. Sýslumaðurinn las upp skjalið á þinginu en Jón vildi meina að hluti þess lands sem minnst var á í afsalsbréfinu tilheyrði Hvaleyri. Að upplestri loknum fékk sýslumaðurinn Jóni aftur skjalið.¹⁰⁹

Á 7. áratug 19. aldar reis upp deila milli tveggja bænda í Álftaneshreppi, annars vegar þeirra Kristjáns Matthíassonar á Hliði og Runólfs Eyjólfssonar á Skógtjörn, og sveitunga þeirra, Árna Hildibrandssonar í Hafnarfirði, eiganda jarðarinnar Þorbjarnarstaða, hins vegar, um skóglendi á Suðurnesjum. Orsök deilunnar var sú að Kristján og Runólfur höfðu sent vinnumenn sína til þess að sækja hrís á svæði sem kallaðist Fornasel en selið töldu þeir vera hluta af almenningi sem íbúar Álftaneshrepps hefðu aðgang að. Eigandi Þorbjarnarstaða taldi hins vegar að umrætt svæði væri í eigu jarðarinnar og fór hann með málið fyrir rétt. Svohljóðandi dómur var kveðinn upp í málinu 12. janúar 1867:

Eptir því sem upplýst er í málinu er það in confesso, að staður sá, sem hinir innstefndu hafa látið vinnuhjú sín taka skóginn á, hinn umspurða dag, liggi innan þeirra takmarka; sem fleiri vottar er yfirheirðir hafa verið í málinu, hafa skýrt frá, að sje, eða hafi verið álitin landamerki, fyrir landi Þorbjarnarstaða og jarðanna þar umhverfis ...¹¹⁰

Á hinn bóginn þótti dómnum sannað að hinir kærðu hefðu sótt hrís í Fornasel í mörg ár og að þetta svæði hefði verið flokkað sem almenningur við áreiðargerð sem fór fram árið 1848. Því þótti kærandinn ekki hafa sannað einkarétt sinn til hagnýtingar á landinu og þess vegna voru hinir kærðu sýknaðir af kröfum hans.¹¹¹

¹⁰⁷Skjal nr. 2(117).

¹⁰⁸Skjal nr. 2(117).

¹⁰⁹Skjal nr. 2(206) a–b. Fram kemur að umrætt afsalsbréf hafi verið fært inn í kaupbréfabókina og sé nr. 111 á bls. 106.

¹¹⁰Skjal nr. 2(149).

¹¹¹Skjal nr. 2(147) a–b, skjal nr. 2(148) og skjal nr. 2(149).

Áreið var gerð á landamerki Hraunjarðanna og Almenningskóga Álftanesshrepps 12. september 1874 til þess að ákveða mörkin. Sjá kaflann Almenningsland á Stór-Reykjavíkursvæðinu — Almennigur og almenningskógar Álftaness.

Landamerkjabréf fyrir Þorbjarnarstaði með Stóra-Lambhaga í Garðahreppi var undirritað 6. júní 1890 og þinglýst 9. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Milli lands þessara jarða og jarðarinnar Straums ræður merkjum bein lína frá sjó, úr grjótbirgi í Hólmanum upp í klett sem nefnist tóu, þaðan vestan til í Tobbukletta vestri, og yfir miðjan Jónshöfða og þaðan í vörðu vestan til á Hafurbjarnaholti; svo frá þeirri vörðu bein stefna á milli stóra steins og Fjósskjólskletts og sömu stefnu í vörðu á Fremsta Höfða og þaðan upp að vesturtakmörkum Krísuvíkurlands.

Norðurtakmörk ofanefndrar jarðar er, samkvæmt máldaga Hvaleyrarkirkju frá 15. öld, norðurbrún Nýjahrauns milli fjalls og fjöru.

Af þessari landareign á hver jörð sitt umgirta tún, en utantúns á Þorbjarnarstaðir $\frac{3}{4}$ en Stóri Lambhagi $\frac{1}{4}$.¹¹²

Undir bréfið skrifa Á. Hildibrandsson eigandi Þorbjarnarstaða og Ólafur Þorvaldsson, eigandi Stóra-Lambhaga.

Eftirfarandi landamerkjálýsingu er að finna í fasteignamatinu 1916–1918:

Landamerki úr grjótbirgi í Hólumum, við sjó uppí klett sem nefnist Tóa, þaðan vestan til vestur Tobbukletta og yfir miðjan Jónshöfða, þaðan í vörður vestan til á Hafurbjarnarholti; frá þeirri vörðu bein lína milli stóra steins og tjórskjólsklett [í landamerkjabréfinu segir: Fjósskjólsklett] þaðan sömu stefnu í vörðu á fremsta höfða, það að Krísuvíkur landi, Norðurmörk eru norðurbrún svokallaðs Nýjahrauns milli fjalls og fjöru og liggur Hvaleyrarland meðfram þeirri línu að norðan.

Tún eru úr skipt hjá hverju býli fyrir sig en utan túns eiga Þorbjarnarstaðir $\frac{3}{4}$ hl. en Stóri-Lambhagi $\frac{1}{4}$.¹¹³

Í sömu heimild er Péturskot sagt grasbýli í Þorbjarnarstaðalandi. Litla-Lambhaga er getið sem hjáleigu Þorbjarnarstaða og landamerki Stóra-Lambhaga eru sögð þau sömu og Þorbjarnarstaða.

Í fasteignamatinu 1932 er að finna upplýsingar ábúenda Þorbjarnarstaða og Litla- og Stóra-Lambhaga um þessa staði. Allt land jarðanna er sagt gott. Sambærileg umsögn er um beitiland og upprekstur og í Straumi.¹¹⁴

¹¹²Skjal nr. 2(24).

¹¹³Skjal nr. 2(108) a–b.

¹¹⁴Skjal nr. 2(118).

Bjarni Bjarnason, þáverandi eigandi Straums, Þorbjarnarstaða og Stóra- og Litla-Lambhaga, gaf Skógrækt ríkisins nokkurn hluta jarðanna, 16. febrúar 1949. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Straum.

5.7. Hvaleyri

Varðveittur er máldagi sem talinn er frá 1284 og greinir frá ítökum Viðeyjarklausturs í jarðir annarra manna. Í umræddum máldaga kemur m.a. fram að klaustrið eigi samviðunarskóg í Hraunum út frá Hvaleyri. Nákvæm skilgreining á samviðunarskógi liggur ekki fyrir en hér gæti verið um almenning að ræða.¹¹⁵

Hvaleyri var komin í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395 er skrá var gerð yfir kvikfé og leigumála á jörðum klaustursins.¹¹⁶

Eftirfarandi vitnisburður Hafliða Gissurarsonar um landeign og landamerki Hvaleyrar er talinn vera frá 1448 eða síðar:

Maldagi aa Hualeyre.

Jnn primis svo felldann vitnisburd handfesti haflidi gissvvarson herra Steinmodi Abota j videy at kirkiann aa hvaleyri ætti Þorlakstade og hrvannvulle. hamranes ok grisanes ok alltt firir svnnann vtann ok ofan ok vp vr hvaleyrar vatnni ok nordur j kornnstapa hrvn. ok alltt vp med gotvnni firir svnnann ok vp yfer þormodz hofda ok þar sydvj j nyia hrvn ok sidann ofan med ollv nyia hrvni nema litinn skog er lavgarnes kirkia aa vid landsydri j hvaleyrar hofda.

Ridv þessir menn aa landa merki med fyrgreindvm haflida. gvnnar prestvr magnvsson. brandvr oddzson. gvnnar biarnnarson. hellgi olafsson og vier hvgdvm þessi landa merki savnn vera.¹¹⁷

Hvaleyri bregður fyrir í fógetareikningunum 1547–1552 og er þá líkt og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir komin í konungseign.¹¹⁸

Árið 1755 voru konungsjarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum metnar. Í matinu á Hvaleyri kom m.a. eftirfarandi fram:

Hvalöre. ... Landing følger Mens besværlig Baaede Opsadt og Fisker Gaarde. Ligeleedes goed Selstade op til Fiælds som Aarlig kand forbruges. Omkring Tunet er og nogen hiemme Græsgang Allerheldst til N: Öst paa berörte Græs Jord. Ligeleedes op med Röynet langt Sönden for Bayen hvor der ogsaa er nogen Smaae Krat og Lyng.¹¹⁹

¹¹⁵Íslenskt fornbréfasafn, II. b. Kaupmannahöfn. 1888–1893. S. 247–248.

¹¹⁶Skjöl nr. 4(6,8 og 18).

¹¹⁷Skjal nr. 4(9).

¹¹⁸Skjöl nr. 4(22)–4(26).

¹¹⁹Skjal nr. 2(124) a–b.

Þann 18. maí 1789 var á manntalsþingi í Görðum upplestin lögfesta fyrir Hvaleyrarlandi. Innihaldsins er að engu getið heldur einungis greint frá upplestri hennar.¹²⁰

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að Hvaleyri fylgja hjáleigurnar Bindendi, Lönd, Lásastaðir og Ásgautsstaðir.¹²¹

Konungsjörðin Hvaleyri var seld þann 13. mars 1816.¹²²

Jón Illugason seldi Jóni Hjörleifssyni jörðina Hvaleyri ásamt hjáleigum en í afsalsbréfinu frá 8. september 1842 segir að jörðin sé seld með:

... ollum þeim öðrum hlunnindum, gögnum og gædum, hvar með eg jörðina á eptir Kaupbréfi dagsettu 12ta Sept. 1834, þinglystu þann 3ia Aug. 1835, ... og er her þess að géta, að jörðinni meðal annars í maldaga hennar eru eignadir Þorlakstaðir, Hraunvellir Hamranes og Grisanes samt alt fyrir sunnan og ofan Hvaleyrarvatn, þadan og norðr i Kornstapahraun og alt uppmæd götunum fyrir sunnan upp yfir Þormodshöfða og þar sudur í Nyahraun og síðan ofan með ollu Nyahrauni.¹²³

Engar hjáleigur Hvaleyrar eru tilgreindar í Jarðatali Johnsens 1847. Neðanmáls kemur þó fram að í jarðabókinni 1803 sé talað um fjórar byggðar hjáleigur, þ.e. Bindindi, Lönd, Lásastaði og Ásgautsstaði. Þeim sé hins vegar sleppt bæði af presti og sýslumanni vegna grasleysis.¹²⁴

Um Hvaleyri segir í jarðamatinu 1849:

Landrymi mikid. Sumarheit góð fyrir saudfé. Vetrarheit allgóð, einkum í fjöru. Skógarló.¹²⁵

Þann 21. júní 1850 á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp að Görðum var birt afsalsbréf, sem dagsett var 31. maí 1848, fyrir hluta jarðarinnar Þorbjarnarstaða. Bóndinn á Hvaleyri mótmælti þessu afsalsbréfi. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Þorbjarnarstaði.¹²⁶

Á sama manntalsþingi var lesið forboð gegn kolaveiði og beitutöku í Hvaleyrartjörn.¹²⁷

Í júní 1870 tilkynntu fulltrúar Garða, Hvaleyrar, Jófríðarstaða, Setbergs og annarra jarða í ofanverðum Garðahreppi¹²⁸ um bann við hrís- og lyngrifri í löndum sínum. Einnig bönnuðu þeir þeim sem ekki höfðu land á leigu eða til umráða að hafa

¹²⁰Skjal nr. 2(197) a–b.

¹²¹Skjal nr. 2(116).

¹²²Skjal nr. 4(48).

¹²³Skjal nr. 2(105) og skjal nr. 2(166) a–b.

¹²⁴Skjal nr. 4(48).

¹²⁵Skjal nr. 2(117).

¹²⁶Skjal nr. 2(206) a–b.

¹²⁷Skjal nr. 2(208) a–b.

¹²⁸Ás, Hamarskot, Kaldársel, Urriðakot og Vífilstaðir.

hross eða fénað á löndunum án leyfis. Tilkynningin var þinglesin þann 20. júní 1870.¹²⁹

Landamerkjabréf fyrir Hvaleyri var undirritað 7. júní 1890 og þinglýst tveimur dögum síðar. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Að norðanverðu: úr hinum stóra steini í Hvaleyrartjörn, sunnanvert við Skiphól uppí Fuglastapaþúfur; þær bera hvor í aðra; þaðan beina stefnu rjett fyrir sunnan Ásstekk; uppeptir þaðan í Bleikistein, sem er í norðanverðum Bleikisteinshálsi, þaðan um Hvaleyrarselshöfða, Þormóðshöfða og Fremmstahöfða uppí Steinhús. Að ofanverðu (austanverðu): úr Steinhúsi suður í Melrakkagil (sem sumir nefna Markrakagil); sú lína liggur í suðurslakkanum á óbrynnishólum. Að sunnanverðu liggja takmörk jarðarinnar úr Melrakka- (eða Markraka-) gili niður með hinu svonefnda „nýa hrauni“ (sem neðst er kallað „Kapelluhraun“); liggja mörkin fram með norðurbrún þess hrauns og niður til sjáfar; en þaðan, úr útnorðurhorni Kapelluhrauns, — alla leið strandlengis, inn ósinn hjá Óseyri og inní Hvaleyrartjörn, að hinum áminnsta stóra steini fyrir sunnan Skiphól, myndar sjórinn takmörk jarðarinnar.¹³⁰

Undir bréfið skrifa Þórarinn Böðvarsson og Þ. Egilsson sem eigendur nokkurs hluta Hvaleyrar. Einnig Franz Siemsen í umboði stjórnar Flensborgarskólans og C. Zimsen sem eigandi Halldórskots á Hvaleyri. Landamerkin voru samþykkt af Franz Siemsen vegna umboðsjarðarinnar Áss, Þórarni Böðvarssyni vegna Garðakirkju og Þorvarði Ólafssyni og Jóni Jónssyni sem eigendum Jófríðarstaða. Á. Hildibrandsson lét eftirfarandi athugasemd fylgja samþykkt sinni:

Hvað snertir hinsvegar tilgreind merki milli Þorbjarnarstaða og Hvaleyrarlands, er jeg samþykkur þessum landamerkjum Hvaleyrar.

Að endingu samþykkti Ólafur Þorvaldsson landamerkin sem eigandi Stóra-Lambhaga.

Hinn 9. júní 1890 sömdu eigendur og umsjónarmenn Hvaleyrar eftirfarandi yfirlýsingu sem þinglýst var sama dag:

Eigendur og umsjónarmenn að Hvaleyri mótmæla því, að þeir þurfi að leita samþykkis eigenda jarðarinnar „Hamars“ um landamerki Hvaleyrar, þar eð þeim virðist ljóst af afsalsbrjefi fyrir Jófríðarstöðum, dags. 9. febr. 1844, að lönd jarðanna Hamars og Hvaleyrar hvergi nái saman, og eru þannig landamerki Hvaleyrar, sem nú voru þinglýst samþykkt af öllum rjettum hlutaðeigendum.¹³¹

Undir þessa yfirlýsingu skrifuðu Þórarinn Böðvarsson, Þ. Egilsson, C. Zimsen, eigandi Halldórskots á Hvaleyri, og Franz Siemsen fyrir hönd Flensborgarskólans.

¹²⁹Skjal nr. 2(98) og skjal nr. 2(132).

¹³⁰Skjal nr. 2(16).

¹³¹Skjal nr. 2(17)

Í fasteignamatinu 1916–1918 er þess getið að land Þorgeirsstaða sé mælt úr Hvaleyrarlandi.¹³² Annars er Hvaleyri horfin undir Hafnarfjarðarkaupstað og Flensborgarskóla og er hana að finna í fasteignamati Hafnarfjarðarkaupstaðar 1916–1918. Þar er jörðinni skipt niður í Hvaleyri, Vesturkot, Halldórskot, Sveinskot með Tjarnarkoti og Hjörtskot. Hins vegar var frekar takmörkuð lýsing á landinu sjálfu sem kemur að litlu gagni hér.

Þann 1. febrúar 1936 samþykkti Kristján konungur X. lög sem m.a. heimiluðu eignarnám á þeim hluta óræktaðs lands Hvaleyrar sem ekki var þegar í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Að því loknu skyldi ríkissjóður jafnóðum selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað landið. Einnig er kveðið á um gerð landmerkja við söluna.¹³³

Legatssjóður Flensborgarskóla afsalaði Hafnarfjarðarkaupstað hálfra jörðina Hvaleyri 13. desember 1956. Í þeim kaupum var óræktað útland jarðarinnar Hvaleyrar II, þ.e. helmingur alls óræktaðs útlands jarðarinnar.¹³⁴

5.8. Garðar

Giskað hefur verið á að Garðar séu landnámsjörðin Skúlastaðir en fyrir því eru engar heimildir.

Kirkja var í Görðum þegar um 1200 er Páll biskup Jónsson tók saman kirknaskrá sína.¹³⁵

Í Hítardalsbók, sem er máldagabók Oddgeirs biskups Þorsteinssonar og hefur verið árfærð til 1367, segir:

Peturskirkia j Gordum a alptanese a heimaland alltt. hausastade. selskard.¹³⁶

Jarðeignir Garðakirkju hafa aukist talsvert á næstu þrjátíu árum eins og sjá má á Vilchinsmáldaga frá 1397 en þar koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram:

Peturskirkia j Gordum a aaltanese aa heimaland alltt. Havsastader. selskard. hlið. backi. dysiar. hraunshollt. hiállaland. afriett j mulatuni.¹³⁷

Þann 4. júlí 1558 höfðu þeir Knútur Steinsson hirðstjóri og séra Loftur Narfason í Görðum með sér jarðaskipti. Knútur tók jörðina Hlið undir kóngsins eign en í staðinn fékk Garðakirkja Viðeyjarklaustursjörðina Vífilsstaði. Gísli Jónsson Skálholtsbiskup samþykkti jarðaskiptin.¹³⁸

Varðveist hefur skrá frá 1565 sem sýnir jarðir og hjáleigur Garðakirkju, hverjum þær voru byggðar og með hvaða skilmálum. Eftirfarandi jarðir er að finna í

¹³²Skjal nr. 2(108) a–b.

¹³³Skjal nr. 4(57).

¹³⁴Skjal nr. 8(8).

¹³⁵Skjal nr. 4(5).

¹³⁶*Íslenskt fornbréfasafn*, III. b. S. 220.

¹³⁷*Íslenskt fornbréfasafn*, IV. b. S. 107–108. Sömu upplýsingar koma fram í ágrípi Garðamáldaga sem ársættur hefur verið til 1477, sbr. skjal nr. 4(47).

¹³⁸*Íslenskt fornbréfasafn*, XIII. b. Reykjavík. 1933–1939. S. 317–318.

skránni: Hausastaðir, Selskarð, Hraunsholt, Vífilsstaðir, Bakki, Dysjar, Akurgerði, Hamarskot, Nýibær og hjáleigurnar Pálshús og Hlið.¹³⁹

Í Gíslamáldaga frá um 1570 segir um Garða:

Kirkian ad Gaurdum ä Alftanese. ä heimaland alltt. Hausastade. Selskard. Hlid. Backa. Dijsiar. Hraunsholltt. Hiallaland. afriett i Mulatunj.¹⁴⁰

Árið 1642, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, voru Garðar á Alftanesi vísiteraðir. Í vísitasíunni koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Vísiterud Peturskyrckia ad Gordum ä Alptanesi Sofnudurinn epter Ordinantiunni, hun ä heimaland alltt huórs ummerki til fialls og fióru Biskupinn oskar af Prestinum Sera Olafi Jonssyni ad hann vottud og handskriftud Sendi til Skalhollt[s] Innan Jafnleingdar. Item hausastadi, leygd kug: Selskard leygd x Aurum. Hljid heimaland Stadarins leygd x aurum, Backi leygd kug: Dysiar leygd 80 alnum, Hraunsholltt leygd 40 alnum Hamarskot leygd x aurum, vijfilstader leygd 1 hndr. Palshushialeysa 40 alnum, Akurgierdishialeysa leygd x aurum, Mideingi l. 40 alnum, Kót l. 40 alnum Myrarhús l. 40 alnum Stadarins heimalónd.¹⁴¹

Undir þetta skrifa Ólafur Jónsson, Hallur Árnason, Stefán Ólafsson.

Til er lýsing á landamerkjum Garðastaðar úr vísitasíu frá 1661:

Er nú framar til sagt aptur ad kalla landamerki Gardastadar epter lögfestu Sra Thorkels¹⁴² þessi: Á sydri hraunbrúnina hjá Nordrhellrum og so sudureptir Snillubúdahraunsjagri [Smyrlabúða-] og i midjan Kétshellir og so hraunid allt fram ad steinhúsinu og uppi sydri Kaldárbotna, og allt Helgafell. strandartorfu, úr strandartorfu og í Husfell, ur Husfelli og í hnífhól, ur hnífhól og heim i Arnarbæli. Datum Bessastöðum 1661 Jonsmessu sjálfrar. Undirskrifadir vottar Jon Haldórsson, Jón Jónsson etc. Lagdi nú Sra Thorkell fram vitnisburðabref sra Einars Ólafssonar og Egils Einarssonar med þeirra áþricketum insiglum dat. Snorrastöðum í Laugardal næsta dag fyrir Maríumessu á Jólaföstu Anno 1579 ad Gardastadr átti allt land að læknum [læknum bætt við milli lína með annarri rithönd] (vantar eitt ord) fyrir sunnan Setberg, sem er sá lækr sem rennur milli Steckiartúnsins og Setbergs, og alt land ad þeim læk sem menn kalla Kaplalæk, bygdi Sra Einar med Hamarskoti, og med sama hætti bygdu þeir sem fyrri biuggu í Görðum, og aldrei heyrdi hann þar orðtak á, ad Setberg ætti nockud Jtak i Hamarskotsland edr nein stadar í Gardaland, radlagdi nú Biskupin Sra Þorkeli þessa vitnisburdi undir Lög og dóm ad halda, ef Staurin hefði nú ei hefðar hald, sem þeir hlióða.¹⁴³

¹³⁹ *Íslenskt fornbréfasafn*, XIV. b. Reykjavík. 1944–1949. S. 437–438.

¹⁴⁰ Skjal nr. 4(7).

¹⁴¹ Skjal nr. 2(178) a–b.

¹⁴² Hér er átt við Þorkel Arngrímsson, prest í Görðum 1658–1672.

¹⁴³ Skjal nr. 2(96) a–b.

Rúmum þrjátíu og fimm árum eftir að vísitasían árið 1642 átti sér stað, nánar tiltekið þann 28. ágúst 1678, var Garðakirkja vísiteruð að skipan Þórðar Þorlákssonar, biskups í Skálholti. Í vísitasíunni kemur eftirfarandi fram:

28 dag Augusti vísiterud Peturs kyrkia ad Gordum a Alftanesi, hun ä efter mäldögum heimaland alt, item Hausastadj Selskard, Hlyd, heimaland Stadarinz, Backa Dýsiar Hraunsholt, Hamars Kot, Vifilz Stadj, Pálshus hia leýgu I Stadinn Akurgierdis hialeigu seigist komner vera Raudkollstader halfir i Kolbeinstada repp, framar ä kyrkiann Mideyngi, Kot, Myrarhus, stadarins heima lönd...

Um landa Merki Stadarinz mä siast in vísitatione Anni 1661 ...¹⁴⁴

Undir skrifa Einar Einarsson, Bjarni Jónsson, Bjarni Sigurðsson, Árni Álfsson og Björn Hannesson.

Þann 8. ágúst 1703 var Garðakirkja vísiteruð að skipan Jóns Vídalíns biskups í Skálholti. Í vísitasíunni kemur eftirfarandi fram:

Dag 8da Augusti vísiterud Peturs kirkia ad Gordum ä Alftanese, Hun ä heimaland allt Item Hausastadj Selskard, Hlið, heimaland stadarins, Bacha, Disiar Hraunshollt, Hamarskot, Vífilsstade, Pálshüs hiäleigu, Raudkollstade hálf a i Eýa hrepp, Item ä kirkian Mideinge, Köt, Mirarhüs nu i Eide stadarins heimalönd.¹⁴⁵

Undir þetta rita Ólafur Pétursson, Benedikt Einarsson, Jón Halldórsson og Árni Gíslason.

Jón Árnason biskup stóð fyrir vísitasíu Garðakirkju 8. maí 1724.

Kyrkiann ad Gørdum A Alftanese a heimaland allt Jt(em) Hausastade, Selskard, Hlyd, heimaland Stadarens, Backa, Disiar, Hraunsholt, Hamarskot, Vífilsstade, Pálshus hiäleigu, Raudkollstade halfa ij Eyahrepp, Jt(em) a kirkian mideinge, Kot, Myrarhus nu ij eide heimaland Stadarens.¹⁴⁶

Undir vísitasíuna rita Jón Árnason, Björn Jónsson Thorlacius, Halldór Brynjólfsson, Jón Magnússon og Jón Andrésón.

Ólafur Gíslason Skálholtsbiskup vísiteraði Garða 18. júní 1751. Hluti vísitásiunnar fer hér á eftir:

Anno 1751 þann 18 Junii vísiterud kyrkian ad Gørdum ä AAlftanese. Hun ä heimaland alt, Hausastade, Selskard, Hlyd heimaland stadarens, Backa, Disiar, Hraunshollt, Hamars Kot, Vyfelsstade, Pauls Hus hiäleigu, Raudkollstade halfa i Eýa hrepp, It. a kyrkian Mideinge, Kot, Mýrarhús, heimaland stadarens.¹⁴⁷

¹⁴⁴Skjal nr. 2(179) a–b.

¹⁴⁵Skjal nr. 2(180) a–b.

¹⁴⁶Skjal nr. 2(181) a–b.

¹⁴⁷Skjal nr. 2(182) a–b.

Undir þetta rita Ólafur Gíslason, Guðlaugur Þorgeirsson, Sigurður Ólafsson og Sigurður Sigurðsson.

Finnur Jónsson Skálholtsbiskup vísiteraði Garða þann 6. júní 1758. Í skýrslunni sem unnin var út frá vísitásiunni kom eftirfarandi fram:

Anno 1758 d. 6 Junii vísiterud kyrkiann ad Gordum á Alftanese. Hun á heimaland allt, Hausastade Selskard Hlyd heimaland stadarens, Bacha Disiar Hraunsholt, Hamarskot, Vyfilsstade, Paulshuss hialeigu, Raudkollsstade halfa i EyarRepp, Item á kyrkian Mideinge, Kot, Myrarhus, heimaland stadarens.¹⁴⁸

Undir þetta rita Finnur Jónsson, Guðlaugur Þorgeirsson, Páll Jakobsson, Erlendur Eyvindsson og Jón Þorgeirsson.

Á manntalsþingi á Hausastöðum þann 19. maí 1784 var lesin upp lögfesta prófastsins Markúsar Magnússonar fyrir heimajörð hans og veitingarstað, Görðum. Ekki kemur neitt fram um innihald lögfestunnar.¹⁴⁹

Í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 ræðir hann stuttlega um haglendi innan Garðasóknar og segir:

Eigi er þar heldur haglendi handa kvikfénaði nema á prestssetrinu, en þar er gott haglendi handa fénaði í hrauni því, er Garðahraun nefnist.¹⁵⁰

Lögfesta Garðakirkju var lesin upp á manntalsþingi í Görðum þann 18. maí 1789. Innihalds lögfestunnar er að engu getið, aðeins greint frá upplestri hennar.¹⁵¹

Í jarðamatinu 1804 er engin umfjöllun um hjáleigur Garða.¹⁵²

Árið 1839 var Garðabrauð metið. Í lýsingu brauðsins koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

Kirkiann i Görðum á land sem liggr til fialls fyrir ofan Setbergs, Áss, Ofridarstada og Hvaleyrarland; þar hefir verid og getur verid gód Selstada, (landamerkin síast i medfylgiandi afskrift Nr. 5).

J þessu landi má og heja, enn fiærlægdin ollir því, ad bædi eg og sumir minir Formenn hafa heldr keypt engi a Ellidavatni sem þó er langt í burtu en nota þetta so kallada kyrkiuland til hejabla. Skogur hefir og nockur verid i þessu landi og hans Menjar síast en þó heita megi þrotin. Verdr hann ej varinn vegna fiærlægdar, og það því sídur sem so kalladr almenningur, liggur saman vid þetta land, hvar allir leifa sér hrísrif jafnvel á klaka til fódurs Nautpeningi. Landid má því heita Prestakallinu ardlautst medan engin vill tilverda ad taka þar upp bygd, er eg hygg þó giörlegt.

¹⁴⁸Skjal nr. 2(183) a–b.

¹⁴⁹Skjal nr. 2(221) a–b.

¹⁵⁰Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 124.

¹⁵¹Skjal nr. 2(197) a–b.

¹⁵²Skjal nr. 2(116).

...

Auk þessa hafði Siversen sálugi [væntanlega Bjarni Sívertsen kaupmaður] beit fyrir sinn töluverða fenad kauplaust í Garða Kyrkiu fiállandi eptir velþocknan.¹⁵³

Í vísitasíunni er verið að vísa til lögfestu Þorkels Arngrímssonar sem nefnd er í áðurgetinni vísitasíu 1661.

Brauðamatinu fylgir uppskrift úr skjalabók Garðakirkju frá 1701 en þ.á m. er landamerkjalyking Vífilsstaða frá 1554. Vífilsstaðir eru ekki meðal þeirra jarða, sem kröfulýsing fjármálaráðuneytisins nær til, en bent skal á þennan málsgreinarhluta:

... en egi sögdust þeir [þ.e. Jón Sigurðsson frá Digranesi og Höskuldur í Hvammkoti, sem spurðir voru um merkin] vita görla hvad hún [þ.e. jörðin Vífilsstaðir] ætti til fiállanna; so og ættu Vífilstadir báða efri Hamra og so hinn nedra; hraunid og alla Vetarmyri ættu Vífilstadir einingis fyrir sig og Finnastadi, sem þa væri í eydi ordid.¹⁵⁴

Á hreppsskilafundi að Görðum þann 23. október 1846 var tilkynnt að eigendur skógar í Garðalandi hefðu lagt bann við óleyfilegri hrístöku í landi Garða milli fjalls og fjöru. Í tilkynningunni kom einnig fram að ekki mætti neita þeim innansveitarmönnum, sem nauðsynlega þyrftu á að halda, um að nýta skóginn. Þeir ættu hins vegar að sækja sér við eins ofarlega og mögulegt væri og greiða síðan viðkomandi aðila fyrir. Þessi tilkynning var þinglesin 21. júní 1847.¹⁵⁵

Árni Helgason, prófastur í Görðum, sendi þann 13. janúar 1848 bréf til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu þar sem hann fjallar um land Garða. Sýslumaðurinn áframsendi bréfið til stiftamtmannsins þann 31. janúar sama ár.

Samkvæmt bréfinu á Garðakirkja varla skóg þó svo jarðabókin 1760 eignu henni ítak í svokölluðum almenningi. Einnig kemur fram hjá Árna að kirkjan eigi talsvert land fyrir ofan byggðina, svokallað Kirkjuland, en þar séu leifar af skóglendi. Þetta land afmarkast þannig:

Á sydri hraunbrúnina hjá Nordurhellrum og so sudur eptir snillubudar hraunsjardri og i midjan Kjötshellir og so hraunid allt fram ad Steinhúsinu, og so beint ur steinhúsinu og upp sydri Kaldárbotna; þadan, og allt helgafell i markraka, úr markraka og í daudadali Úr daudadölum og i strandartorfu, úr strandartorfu rettsýnis í húsfell, so úr husfelli og í hnífhól úr hnífhól og heim í Arnarbæli.

Að sögn Árna viðurkenna allir að þetta land tilheyri Garðakirkju en hvað beit áhræri megi það þó teljast almenningur.¹⁵⁶

¹⁵³Skjal nr. 2(190).

¹⁵⁴Skjal nr. 2(190) a–b.

¹⁵⁵Skjal nr. 2(107) og skjal nr. 2(168) a–b.

¹⁵⁶Skjal nr. 2(127) a–b.

Þeir Jón Hjörtsson á Hvaleyri og Jón Jónsson í Hamarskoti mættu fyrir sáttanefnd þann 9. október 1848. Jón á Hvaleyri hafði kært Jón í Hamarskoti fyrir að vilja nota hið svokallaða Kirkjuland sem hann hafði tekið á leigu af Garðakirkju lénshaldara eins og byggingarbréf hans sýndi. Jón í Hamarskoti kvaðst hins vegar hafa rétt til þess að nota landið eins og hann hafi áður gert og bar fyrir sig byggingarbréf stiftprófastsins sáluga, Markúsar Magnússonar. Þar sem hann hafði ekki umrætt bréf meðferðis var rétti slitið en hann settur aftur að Görðum þann 30. október. Jón í Hamarskoti lagði þá fram byggingarbréf sitt en höfuðatriði þess voru eftirfarandi:

... honum er leyft að bruka eða nota sér af Gardakirkjuíalllandi að sunnanverdu alt að Nordrtungum alt það slægt er, sem hann sialfr Stiftr. ei brúki, alt það slægt er, og er bætt við: eg fyrir byd öllum að brúka nefnt land, og géf tedum Jóni Jónssyni Fullmakt til að fyrirbioda ollum öðrum brukun teds lands. Þetta bref er skrifad 10 Aug. 1823, sama ar 31ta Aug er þetta loford ítrekad með þessum ordum: Jóni í Hamarskoti gefst leyfi að slá á Austurtungum i Garda kirkiu landi það sem jeg ecki siálfur viðþarf til slægna; en það sama leyfist engum odrum af í þetta sinn en nefndum Hamarskots bonda Jóni Jonsyni.¹⁵⁷

Jón í Hamarskoti hafði notað landið síðan 1823 ýmist til slægna eða hrístöku. Árni Helgason, prestur í Görðum og annar sáttanefndarmannanna, viðurkenndi að hafa ekki bannað þessa notkun. Skömmu eftir að hann kom til Garða hafði hann þó bannað allt skógartak. Bannið hafi hins vegar verið virt að vettugi, jafnt af landsetum Garðakirkjujarða sem öðrum, en hann hafi ekki getað framfylgt því sökum fjarlægðar.

Jón í Hamarskoti sagðist hafa sýnt Árna leyfisbréf sitt fyrir notkun Kirkjulandsins árið 1826 skömmu eftir að hann tók við Görðum. Árna rak ekki minni til þess en treysti sér ekki til þess að rengja orð hans. Árni sagðist enn fremur aldrei hafa leigt landið og engar tekjur af því haft fyrr en um 1843 er hann fékk boð frá biskupi, líkt og aðrir prestar landsins, um annað hvort að nota þau ítök sem kirkjunum fylgdu eða leigja þau. Hann leigði því Guðmundi Guðmundssyni í Lambhaga landið í tvö ár, svo stóð það óleigt í eitt ár en þá tók Jón Hjörtsson á Hvaleyri það á leigu. Honum var leigt landið til allra afnota, m.a. með þeim skilmálum að það biði engan skaða af, að þeirri skógarló sem enn mætti finna í landinu yrði þyrmt og að fénaði landseta kirkjunnar yrði ekki meinað að ganga um landið til beitar. Jafnað var um málin þannig að Jón á Hvaleyri og Jón í Hamarskoti höfðu báðir hið svokallaða Kirkjuland til sameiginlegrar notkunar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.¹⁵⁸

Mörkum Garðakirkjulands og almennings Álftaness er lýst í greinargerð umsjónarmanns almenningsins 21. júní 1849. Sjá kaflann Almennigur og almenningssskógar Álftaness.

¹⁵⁷Skjal nr. 2(175) a–b.

¹⁵⁸Skjal nr. 2(175) a–b.

Í jarðamatinu 1849 segir m.a. um jörðina Garða:

Sumarhagar þar gódir fyrir fé. Vetrarheit allgód. ... Fjal<l>land mjög mikid og ágjætt til sumar og vetrarheit, slægna og selstöðu, en langt fráliggjandi og því mjög ordugt til Notkunar. Talsverdur skógur, sem þó er undir orpinn miklum ágangi.¹⁵⁹

Garðabrauð var metið árið 1855.¹⁶⁰ Hluti skýrslunnar sem samin var af þessu tilefni er svo til samhljóða textanum sem vitnað var í hér að framan varðandi brauðamatið frá 1839 og verður því vísað í hana.

Lagt var mat á Garðaprestakall árið 1867. Hluti matsins fer hér á eftir:

Skýrsla um tekjur og útgjöld Garða-prestakalls í Gullbringu- og Kjósar-pröfastsdæmi eptir 5 ára meðaltali, frá fardögum 1862 til fardaga 1867.

Stórgripahagar eru, að heita má, engir, en sauðfjáhagar allgóðir í Garðahrauni á sumrum, og fjörubeit á veturnum opt góð, en flæðihætt, þegar stórstreymt er. ... Land það, sem kirkjan á fyrir ofan Setbergs, Áss og Ófriðarstaða lönd, er gott sauðland bæði sumar og vetur; en vegna fjarlægðar er erfitt að hafa þar í seli.¹⁶¹

Í júní 1870 tilkynntu fulltrúar Garða, Hvaleyrar, Jófríðarstaða, Setbergs og annarra jarða í ofanverðum Garðahreppi¹⁶² um bann við hris- og lyngrifi í löndum sínum. Einnig bönnuðu þeir þeim sem ekki höfðu land á leigu eða til umráða að hafa hross eða fénað á löndunum án leyfis. Tilkynningin var þinglesin þann 20. júní 1870.¹⁶³

Gjárrétt í Gullbringusýslu varð tilefni deilumáls um miðbik 8. áratugar 19. aldarinnar. Forsaga málsins var sú að þann 28. september 1874 seldi Ingjaldur Sigurðsson, hreppstjóri Seltjarnarneshrepps, þrjá ómerkinga í Gjárrétt. Hann taldi sig vera í fullum rétti til þess þar sem réttin væri í sameiginlegri varðveislu Álftanes- og Seltjarnarneshreppa. Þessari túlkun var hreppstjóri Álftaneshrepps ekki sammála. Hann leit þannig á málið að Álftaneshreppur ætti einn tilkall til þessara ómerkinga. Rök hans voru þau að presturinn í Görðum, sem væri réttarbóndi í Gjárrétt og hefði því yfirráð yfir ómerkingum sem kæmu þar fram, hefði afsalað þessum réttindum í hendur Álftaneshrepps. Eftir árangurslausa sáttatilraun fór málið fyrir dómstóla. Dómur var kveðinn upp í málinu þann 4. ágúst 1875. Samkvæmt honum var hinum stefnda gert að greiða sækjandanum skaðabætur fyrir fénaðinn sem hann seldi. Í dómnum kom einnig fram að Gjárrétt væri sameiginleg rétt Álftanes- og

¹⁵⁹Skjal nr. 2(117).

¹⁶⁰Skjal nr. 2(192).

¹⁶¹Skjal nr. 2(195) a–b.

¹⁶²Ás, Hamarskot, Kaldársel, Urriðakot og Vífilsstaðir.

¹⁶³Skjal nr. 2(98) og skjal nr. 2(132).

Seltjarnarneshreppa og að réttin væri á landi sem Garðaprestur hefði til ábúðar.¹⁶⁴ Í dómnum segir:

Samkvæmt tilvitnuðum stað í Jónsbók [49. kafli landsleigubálks] á sá, sem rjett vardveitir, ómerkinga; er hann nú almennt nefndur rjettarbóndi, en sá er rjettar bóndi er býr á þeirri jörd í hveirrar landi rjettin er byggd. Rjetturinn fær því ekki betur sjed en ad Gardaprestur sem rjettarbóndi hafi með fullum rjetti getad afsalad Álptaneshreppi tilkall sitt til ómerkinga í Gjáarrjett ...¹⁶⁵

Þann 9. júlí 1878 var bann Garðaprests gegn lyng- og hrísrifi, grjót- og beitutekju í Garðakirkjulandi þinglesið á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp.¹⁶⁶

Landamerkjabréf Krísuvíkur var undirritað 14. maí 1890 og þinglesið 20. júní s.á. Í því koma fram upplýsingar um landamerki jarðarinnar og Garðakirkjulands:

... að norðan: úr Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (= Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.¹⁶⁷

Landamerkjabréfið var m.a. samþykkt af Garðakirkjupresti.

Landamerkjabréf Garðakirkju var undirritað 7. júní 1890 og þinglýst tveimur dögum síðar. Samkvæmt því voru landamerkin svohljóðandi:

Merki á landi Garðakirkju á Álptanesi, samkvæmt máldögum og fornum skjölum.

Í móti Oddakoti í miðjan ós þann, sem rennur úr Skógtjörn í sjó fram austan til við túngarð í Oddakoti.

Samþykkur: Vigfús Benediktsson eigandi

Úr ósnum norður í hóla hjá Skógtjörn, er þar hlaðin merkjavarða, þaðan í móti landi Skógtjarnar og Brekku í vörðu á hólum hjá Núpsstíflum, þar er og hlaðin merkjavarða. Þessu samþykkir.

Jón Einarsson Brekku, Stefán Ásgrímsson Kirkjubrú, Jón Jónsson Brekkukoti, Guðmundur Runólfsson Svalbarða.

Útí miðja tjörn þá, sem er milli Bessastaða og Gálgahrauns og í miðjan tjarnarósinn og í munna Arnarnesslækjar, upp með læknum sunnanverðum uppí Stóra Krók á sama læk og úr því keldudragi, sem þar er að sunnanverðu og beina stefnu yfir mýrina uppí Dýjakrók, og (áreiðargjörð, 3. sept. 1870, samþykkt af umboðsmanni Arnarness og Stíptsyfírvöldum) þaðan í miðt Hnoðraholt, þaðan fyrir norðan Vetrarmýri beina línu til austur landsuðurs í

¹⁶⁴Skjal nr. 2(153), skjal nr. 2(154) og skjal nr. 2(155).

¹⁶⁵Skjal nr. 2(155).

¹⁶⁶Skjal nr. 2(158).

¹⁶⁷Skjal nr. 2(25) a–b í máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.

miðja Kjóavelli, þaðan beina línu í suður landsuður í Arnarbæli, þaðan í austur landsuður uppí Hnífhól, þaðan til austurs landsuðurs í miðt Húsfell, úr miðju Húsfelli beint til suðurs í efri Strandartorfu, þaðan beint í (suður) Markraka í Dauðadölum, þaðan til vesturs í Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina, þaðan til norðurs ofanvert við Hvaleyrar- og Áslönd í Steinhús, sem er við neðri Kaldárbotna, þaðan móts við Jófríðarstaðaland í norður vestanvert við Gráhelluhraun beina línu í svonefndan Moldarkrika, þá til norðvesturs í vörðu á Hlíðarþúfum, þá sömu línu í norðuröxl á Mosahlið, enn sömu línu í vörðu norðanhallt á Kvíholti, loks sömu línu miðt á milli Gíslahúss og Bjarnabæjar í vörðu fremst á miðjum Hamri við Hafnarfjarðarbotn. Þaðan land allt með Hafnarfirði norðanverðum vestur í ós hinn áðurnefnda hjá Oddakoti.¹⁶⁸

Þetta var samþykkt af Jóni Jónssyni og Þorvarði Ólafssyni, eigendum Jófríðarstaða, og Þorláki Guðmundssyni eiganda Hvammskotslands en Ben. S. Þórarinsson, ábúandi Vatnsenda, vildi ekki samþykkja og skaut málinu til landsdrottins sökum ókunnugleika. Síðan segir:

Innan framangreindra takmarka eru, auk Garðastaðar, þessar jarðir Garðakirkju: Selskarð, Hraunsholt, Hamarskot, Lan<g>eyri, Skerseyri, Bali, Dysjar, Bakki, Pálshús, Nýibær, Krókur, Ráðagerði, Hóll, Miðengi, Hlíð, Móakot, Hausastaðakot, og Hausastaðir, sem allar hafa afmörkuð tún og rjett til að nota að tiltölu kirkjulandið utantúns, til allra leiguliðanota, en ekkert úrskipt land fyrir utan túnið, svo og þurrabúðir sem eru eign kirkjunnar, með kálgörðum og túnblettum, og timburhús sömuleiðis.

Innan merkjanna er og Garðakirkjujörðin Vífilstaðir, áður konungseign, á hún sjerstaklega: tún og engi fyrir neðan Vífilstaðavatn, hálfan Leirdal; allan rjúpnadal, alla Vetrarmýri og mótak þar niður undan við Arnarnesslæk, Maríuhellir og Svínahlíð fram í Sneiðingum.

Ennfremur eru innan merkjanna þessar jarðir:

Setberg; eru merki þeirrar jarðar sem segir í landamerkjaskjali hennar, sem jeg hefi samþykkt.

Urriðakot; eru merki þeirrar jarðar greind í landamerkjaskjali, og eru þau fullgild, er jeg hefi ritað á það samþykki.

Hofstaðir; jörð sú á sitt eigið tún, en ekkert land utantúns. Eptir venju að fornu og nýju hefir fjenaður sá, sem framfleytt verður af túninu haft ókeypis hagabeit í Kirkjulandinu.

¹⁶⁸Skjal nr. 2(25).

Hagakot, þjóðeign á sitt tún, hefir eptir fornri venju notað ókeypis mýri fyrir neðan túnið og mótak í barði austan af túninu og beit í Garðakirkjulandi fyrir fjenað þann, sem framfleytist af mýrinni og túninu.

Akurgerði, túnlaus verzlunarstaðarlóð; merki ákveðin með samningi, dagsettum 27. marz 1880 sem áður er þinglesinn, 17. júní s. á.

Athugasemd: Aðalmarkið milli Garðakirkju og Krísuvíkur: Markrakagil (Melrakkaskarð, Vatnsskarð) eru samþykkt af eiganda Krísuvíkur í brjefi frá 14. apríl þ. á.¹⁶⁹

Fyrir hönd umboðssjóðsins var Franz Siemsen samþykkuð að því er snerti Hagakot og Arnarnes. Einnig skrifaði Þórarinn Böðvarsson, prestur í Garðaprestakalli og umráðamaður Garða, undir.

Lög um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkurn hluta af öðru landi hennar voru samþykkt þann 22. október 1912.¹⁷⁰

Þann 30. ágúst 1913 seldi landssjóður Hafnarfjarðarkaupstað eign Garðakirkju á kaupstaðarsvæðinu og nokkurn hluta af öðru landi hennar. Takmörk þessa landsvæðis voru eftirfarandi samkvæmt afsalsbréfinu:

Bein lína „úr Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmala í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbruns hraunsins.-

Þaðan bein lína í Hádegishól frá Hraunsholti nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá Hraunjaðrinum. -

Úr Hádegishól bein lína í Miðaptanshól, sem er gamalt miðaftansmark miðað frá Vífilsstöðum. Þá tekur við

Urriðakotsland; þá

Setbergslan, allt til Lækjarbotna, og loks

Selvogsmanna eða Grindarskarðsvegur. -

En Um mörk lóðarinnar eða landspildu þessarar að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár um „Merki“ á landi Garðakirkju á Álptanesi samkvæmt máldögum og fornum skjölum“, dagsettrar 7. júní 1890. Þinglesinnar 9. s.m. Undanskilið sölunni er Hamarskotstún innan girðinga og Undirhamarstúnblettur; svo eru og undanskildir námar sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar. Núverandi ábúendum Garðakirkjujarða í

¹⁶⁹Skjal nr. 2(25).

¹⁷⁰Skjal nr. 4(61).

Garðahverfi og jörðinni Selskarði, er áskilinn beitarrjettur í hinni seldu landspildu svo sem verið hefur.¹⁷¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna svohljóðandi umsögn um Garða:

Landamerki allra þessara jarða er að sunnan við sjó, Bolaklettur, þaðan bein lína í Reykjavíkurveg þar sem hann byrjar að halla niður af hraunbrúninni fyrir sunnan Hraunsholt, þaðan í miðaftanshól þaðan ræður [ræður, tvítekið] girðing fyrir Hagakotslandi að vestan út að Vífilsstaðavegi, þaðan með veginum meðfram Hofsstaðalandi niður í Arnarneslæk — samanber landamerkjabréf Hofsstaða — þaðan ræður nefndur lækur til sjávar. Að norðvestan ræður girðing milli Bessastaða og Garðalands, þvert yfir nesið í Hliðsnesás.

Til heiða <á> jörðin land, sem liggur milli Hafnarfjarðarlands að sunnan að Krísuvíkurlandi, að austan og norðan Vatnsendaland, en að neðan Setbergs — Urriðakots og Vífilsstaða land. Alt þetta land er eign jarðarinnar Garða, en kringumliggjandi kirkjujarðir og hjáleigur hafa rétt til beitar fyrir búfé sitt ...¹⁷²

Þann 25. nóvember 1926 settu ábúendur prestsetursins Garða og þáverandi og fyrrverandi Garðakirkjujarða reglur um nýtingu óskipts beutilands Garðakirkju. Í reglunum voru útreikningar á því hvernig ætti að skipta beutilandinu eins og það var um þær mundir

¹⁷¹Skjal nr. 6(2) a–b.

¹⁷²Skjal nr. 2(108) a–b.

Jarðirnar	Mat jarðanna Talið í hundruðum	Áhöfn til beitar Talin í sauðkindum
Selskarð	27	85
Hraunsholt	34	107
Dysjar 1	17	54
Dysjar 2	16	51
Bakki	29	91
Pálshús	27	85
Nýibær	27	85
Krókur	10	32
Garðar	122	385
Miðengi	21	66
Háteigur	27	85
Hlíð	44	135
Móakot	14	46
Hausastaðakot	18	57
Hausastaðir	21	66
Katrínarkot	21	66
	475	1500.00

Þessar reglur voru þinglesnar þann 28. júní 1927.¹⁷³

Lög sem samþykkt voru 7. maí 1928 veittu ríkisstjórninni heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Hamarskotstún og Undirhamarstún í Hafnarfirði sem höfðu verið undanskilin sölu Garðakirkjulands árið 1912.¹⁷⁴

Í skýrslu ábúenda í Görðum í fasteignamatinu 1932 kemur fram að beitoland sé mjög landþröngt. Þar stendur einnig að Garðar og aðrar kirkjujarðir eigi sameiginlegt upprekstrarland [/ heiðarland]. Landamerki jarðarinnar voru gerð upp 1890 og eru sögð vera að mestu ágreiningslaus.¹⁷⁵

Landskipti á Garðatorfu fóru fram 12. maí 1932. Þá var land heimajarðarinnar talið 598, 5 ha. Auk þeirra jarða, sem töldust eign ríkissjóðs, var skipt landi til jarðanna Hraunsholts og Selskarðs sem voru í einkaeign. Ágreiningur varð um skiptin og kröfðust ýmsir yfirskipta. Samningar náðust án þess að til slíkra skipta kæmi. Er takmörkum landa þeirra, sem býlin fengu við skiptin, lýst í skiptagerðinni.¹⁷⁶ Þetta land mun ekki vera á þjóðlendukröfussvæði og skiptagerðin því ekki tekin upp.

Í 1. gr. laga nr. 31 1959, um breytingu á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, er lýst takmörkum kaupstaðarsvæðisins. Þar er að finna hluta landamerkja Garðalands:

... 10. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan KetsHELLI. 14. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan

¹⁷³Skjal 2(138). Villa er í samlagningu talnanna í seinni dálki töflunnar, rétt mun vera 1496.

¹⁷⁴Skjal nr. 4(56) og skjal nr. 4(63).

¹⁷⁵Skjal 2(118).

¹⁷⁶Skjal nr. 13(9).

bein lína í Markkraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns.¹⁷⁷

Í bréfi, sem embætti sýslumannsins í Keflavík sendi Landmælingum Íslands þann 1. september 1992, var kvartað yfir því hvernig norður- og austurmörk Krýsuvíkur voru merkt inn á kort sem Landmælingar gáfu út 1989. Í máli þessu er minnst á Garða. Fjallað er nánar um það í kafla 2.25.2, um Almennung og Almennungsskóga Álftaness.

Landbúnaðarráðherra afsalaði bæjarsjóði Garðabæjar jörðunum Dysjum I og II, Görðum, Hausastaðakoti, Hausastöðum, Háteigi, Hlíð, Katrínarkoti, Króki, Miðengi, Nýjabæ og Pálshúsum með öllum mannvirkjum og öllum gögnum og gæðum, sem jörðunum fylgdu og fylgja þar samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 (37. gr., 1. málgr.) og lögum nr. 90/1984 að undanteknum námuréttindum, efnistökurétti og vatns- og jarðhitaréttindum umfram heimilisþarfir ábúenda, 23. desember 1993. Varðandi landamerki einstakra jarða var vísað til landamerkjaskrár Gullbringusýslu og um útmörk landsins til uppdráttar, sem fylgdi afsalinu og var hluti þess.¹⁷⁸

Í kaupsamningi, 28. júlí 1992, kemur fram að land jarðanna sé samtals 410.6 ha og liggi beggja vegna við Álftanesveg og sé afmarkað á upprætti, merktum Verkfræðistofan Forverk sf., sem fylgi samningnum og sé hluti kaupsamningsins.¹⁷⁹

Kirkjueignanefnd þjóðkirkjunnar dró í efa að lagaheimild hefði verið fyrir sölunni og óskaði biskup eftir því með bréfi 1. október 1992 að samningnum yrði þinglýst með athugasemd þar að lútandi.¹⁸⁰

5.9. Selskarð

Selskarð er talið meðal eigna Garðakirkju í máldaga frá 1367.¹⁸¹

Varðveist hefur skrá frá 1565 sem sýnir jarðir og hjáleigur Garðakirkju, hverjum þær voru byggðar og með hvaða skilmálum. Þar má m.a. finna Selskarð.¹⁸²

Sá hluti Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem fjallar um Álftaneshrepp var saminn árið 1703. Í þessum hluta er fjallað um jörðina Selskarð sem samkvæmt Jarðabókinni er í eigu Garðakirkju. Fram kemur að:

Kvaðir eru ... Hrísshestar voru tveir á meðan tveir bjuggu á, síðan hefur enginn goldist í tvö ár, en eitt ár einn hrísshestur. ...

¹⁷⁷Stjt. 1959. A. S. 132.

¹⁷⁸Skjal nr. 5(8).

¹⁷⁹Skjal nr. 5(7). Einnig skráð sem nr. 13(2).

¹⁸⁰Skjal nr. 13(3).

¹⁸¹*Íslenskt fornbréfasafn*, III. b. S. 220.

¹⁸²*Íslenskt fornbréfasafn*, XIV. b. Reykjavík. 1944–1949. S. 437–438.

Hrístak uppá þann áskilda hrísshest hefur jörðin í kirkjunnar landi og so til kolgjörðar.¹⁸³

Þann 16. júlí 1804, á manntalsþingi á Álftanesi, var lesin upp lögfesta stiftprófastsins Markúsar Magnússonar í Görðum, frá 12. sama mánaðar, fyrir Garðakirkjujörðinni Selskarði. Lögfestan var fyrir öllu landi jarðarinnar þannig takmörkuðu:

ad framan, í utnordur frá Selskardi í Merkeþufu sem er uppfrá Nupstíblum, þaðan í adra Merkeþufu sunnar í útsudur frá Selskards gardi, og þaðan í sydri litlu Myrar enda, vestan Gaungugard.¹⁸⁴

Jarðarinnar Selskarðs er getið í Jarðatali Johnsens frá 1847. Þar stendur að hún sé Garðakirkjueign.¹⁸⁵

Í jarðamati 1849–1850 segir eftirfarandi um Selskarð:

Land mjög líted, en allgott fyrir fáar saudkindur. ... Mótak í kyrkjunnar landi.¹⁸⁶

Í Nýrri jarðabók frá 1861 má sjá að ekki er skráð fornt mat á jörðinni Selskarði. Af þessu má draga þá ályktun að jörðin hafi fyrst verið metin sjálfstætt um það leyti.¹⁸⁷

Landamerkjabréf Garðakirkju var undirritað 7. júní 1890 og þinglýst tveimur dögum síðar. Þar kemur eftirfarandi fram:

Innan framangreindra takmarka [landamerkja, frá þeim er greint í kaflanum um Garða] eru, auk Garðastaðar, þessar jarðir Garðakirkju: Selskarð, Hraunsholt, Hamarskot, Lan<g>eyri, Skerseyri, Bali, Dysjar, Bakki, Pálshús, Nýibær, Krókur, Ráðagerði, Hóll, Miðengi, Hlíð, Móakot, Hausastaðakot, og Hausastaðir, sem allar hafa afmörkuð tún og rjett til að nota að tiltölu kirkjulandið utan túns, til allra leiguliða nota, en ekkert úrskipt land fyrir utan túnið, svo og þurrabúðir, sem eru eign kirkjunnar, með kálgörðum og túnblettum, og timburhús sömuleiðis.¹⁸⁸

Þann 14. maí 1911 var kirkjujörðin Selskarð metin til fjár. Í matinu kemur fram að jörðinni fylgi engar engjar eða afskipt beutiland annað en túnið. Samkvæmt matinu á Selskarð sameiginlegt beutiland með öðrum jörðum í Garðahverfi. Matið fór fram af því að ábúandi Selskarðs, Jón Felixson, sótti um að fá að kaupa jörðina. Beiðni Jóns var send prestinum í Garðaprestakalli til umsagnar, líkt og lög gerðu ráð fyrir, og sendi hann svar sitt til Stjórnarráðsins þann 28. febrúar 1912. Þar minnstist presturinn á að hvað varðaði engjar þá ætti engin Garðakirkjujörð, nema Vífilsstaðir,

¹⁸³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 221–222.

¹⁸⁴ Skjal nr. 2(199) a–b.

¹⁸⁵ Skjal nr. 4(48).

¹⁸⁶ Skjal nr. 2(117).

¹⁸⁷ Skjal nr. 4(49).

¹⁸⁸ Skjal nr. 2(25).

afskipt land annað en túnin en ábúendum jarðanna væri heimilt að nýta hið óskipta land Garðakirkju til beitar. Að mati prestsins væri það óráð að skipta upp þessu óskipta landi.¹⁸⁹

Stuttu eftir að Garðaprestur sendi frá sér greinargerðina, nánar tiltekið þann 29. maí 1912, seldi ríkið Jóni Felixssyni Selskarð. Í afsalsbréfinu kemur fram að jörðin sé seld með:

öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags; þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar. Jörðin selst með sömu gögnum og gæðum og réttindum til lands og sjávar sem hún undanfarandi tíð hefur átt og notað.¹⁹⁰

Í afsalsbréfinu kemur líka fram að jörðin eigi rétt til móttaks í mómýri vestan Hraunholtslækjar. Þar stendur einnig að jörðinni fylgi ekkert afskipt land annað en tún hennar innan ummerkja en henni fylgi réttur til hagabeitar fyrir fénað í hinu óskipta beutilandi Garðakirkju. Samkvæmt afsalsbréfinu urðu eigendur jarðarinnar að sætta sig við hver þau skipti hins óskipta lands sem gerð kynnu að vera, af réttum hlutaðeigendum, milli núverandi Garðakirkjujarða að Selskarði meðtöldu.

Þann 30. ágúst 1913 seldi landssjóður Hafnarfjarðarkaupstað eign Garðakirkju á kaupstaðarsvæðinu og nokkurn hluta af öðru landi hennar. Í afsalsbréfinu kemur fram að jörðinni Selskarði er áskilinn beitarréttur á hinni seldu landsspildu. Nánar er sagt frá þessari sölu í kaflanum um Garða hér að framan.

Árið 1920 höfðaði eigandi Selskarðs mál gegn fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, eða kirkjujarðasjóðs, vegna sölu á hluta Garðalands árið 1913 en hann vildi fá þann hluta kaupverðsins sem svaraði matshluta Selskarðs af heildarmati Garðajarða, en í afsalsbréfinu 1913 var „núverandi ábúendum í Garðahverfi og jörðinni Selskarði áskilinn beitarréttur í hinni seldu landsspildu svo sem verið hefur“.¹⁹¹ Dómur var kveðinn upp í gestarétti Reykjavíkur 29. desember 1920. Þar segir um kröfu Selskarðseiganda:

Stefnandi heldur því nú fram, að Selskarði hafi fylgt, er það var selt 1912, tiltölulegur hluti við hundraðatal jarðarinnar eftir jarðabókinni frá 1861 samanborið við hundraðatal allra þeirra jarða, er hlut áttu í landinu, af landi því, er Hafnarfjarðarkaupstað var selt með afsalsbréfinu frá 30. ágúst 1913.¹⁹²

Rétturinn taldi nægilega upplýst í málinu að Selskarð hafi fyrir sölnuna til Jóns Felixssonar árið 1912 átt tiltölulegan hlut í hinu óskipta Garðastaðarlandi móts við hinar kirkjujarðirnar og sá réttur hafi fylgt við sölu með takmörkunum. Er þar vísað til þess að Selskarð hafi verið álitíð hluti af Garðastaðarlandi, einnig til merkjagernings

¹⁸⁹Skjal nr. 2(244), sbr. skjal nr. 2(245).

¹⁹⁰Sjá skjal nr. 2(130) og skjal nr. 2(244), sbr. skjal nr. 2(245).

¹⁹¹Skjal nr. 6(2) a–b.

¹⁹²Skjal nr. 6(4).

Garðakirkju, Jarðabókar Árna Magnússonar og afsalsbréfs til Jóns Felixssonar. Varðandi yfirfærsluna og takmörkunina segir:

... er nægilegt að vísa til orða þeirra í afsalsbréfinu til Jóns Felixssonar, sem stefnandi hefur bent sérstaklega á, en þó einkum til þess, að síðar í því er beint gjört ráð fyrir því, að hinu óskifta landi verði skift milli jarðanna og að Selskarð fái sinn sérstaka hluta af því. En þar kemur fram takmörkunin, þar sem sagt er, að jarðareiganda ɔ: kaupandi og þá auðvitað síðari eigendum, er leiða rétt sinn frá honum, sé skylt að setta sig við hver þau skifti hins óskifta lands, sem gjörð kunní að verða af réttum hlutaðeigendum.

Takmörkun þessi gjörir það að verkum að stjórnarráðinu verður að telja hafa verið frjálst að selja Hafnarfjarðarkaupstað hinn umrædda hluta af hinu óskifta Garðakirkjulandi án þess að stefnandi geti gjört nokkurt tilkall til nokkurs hluta af andvirðinu, þar sem nægilegt óskift land er eftir til þess, að Selskarð fái þann hluta af landinu, er eigandi þess verður að setta sig við eftir framansögðu.¹⁹³

Var fjármálaráðherra sýknaður og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað.¹⁹⁴

Árið 1932 fóru fram skipti á landi Garðatorfu. Eigendur og ábúendur Selskarðs samþykktu þá skiptingu 11. apríl 1934 með ákveðinni breytingu og féllu frá öllum frekari kröfum á hendur ríkisstjórninni til lands og landsafnota af heimalandi Garðatorfu í Garðahreppi.¹⁹⁵

5.10. Vatnsendi

Í máldagaskrá um eignir kirkju og staðar í Viðey sem talin er vera frá um 1234 koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram:

hvn a ... oc allt land at vatzenda. með þeim veiðvm oc gæðvm er þeim hafa fylgt at fornv.¹⁹⁶

Vatnsendi kemur við sögu í fúgetareikningunum 1547–1552 og hefur þá líkt og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir verið kominn í konungseigu.¹⁹⁷

Vatnsendi var seldur úr konungseigu þann 11. september 1816.¹⁹⁸

Þann 19. maí 1826 fyrir manntalsþingsrétti í Reykjavík fyrir Seltjarnarneshrepp var upplesin lögfesta fyrir Vatnsenda sem dagsett var 11. sama

¹⁹³Skjal nr. 6(4).

¹⁹⁴Skjal nr. 6(4).

¹⁹⁵Skjal nr. 6(13).

¹⁹⁶Skjal nr. 4(17).

¹⁹⁷Skjöl nr. 4(22)–4(26).

¹⁹⁸Skjal nr. 4(48).

mánaðar. Innihald lögfestunnar er ekki tilgreint en hún var einnig birt á Esjubergi 24. maí 1826.¹⁹⁹

Í jarðamatinu 1849 kemur eftirfarandi fram um Vatnsenda:

Utrymi mikid. Sumarheit ágjæt og landkostir á sumrum. Vetrarheit gód. Skógarló.²⁰⁰

Þann 3. júní 1881 tilkynntu bændur á Elliðavatni, Hólmi, Setbergi, Vatnsenda og tveimur öðrum jörðum²⁰¹ um bann við fuglaveiði á löndum þeirra.²⁰²

Árið 1883 höfðaði bóndinn á Vatnsenda, Ólafur Ólafsson, mál á hendur Sæmundi Sæmundssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Elliðavatns, vegna landamerkja þessara tveggja jarða.²⁰³ Hafði Vatnsendabóndi gert landamerkjalyýsingu fyrir Vatnsenda, dags. 22. maí 1883, sem eigandi Árbæjar og Elliðavatns samþykkti fyrir Árbæ en mótmælti fyrir Elliðavatn. Lýsingin, sem ekki var þinglesin, hljóðar svo:

1. Norðaustan árinna Dimmu greinir Bugða land Vatnsenda og Árbæjar upp á móts við Oddgerðisnes, þaðan
2. greinir bein lína í há Þingnes land Vatnsenda og Elleðavatns og þaðan beint í suður í Stríp á austur jaðri Strípskrauns fyrir ofan svo kallaðan Brandskrika og svo í vörðu sem stendur á hraunbrún fyrir austan Vatnsendakrika og þaðan beina stefnu suður í Kongsfell [til afrijetta, yfirstrikað].
3. Að suðvestan verðu, verður greiningin milli Vatnsenda og Garðakirkjulands austast í Strandartorfu þaðan í Búrfellsdal þaðan í Hnífhól og þaðan í Arnarbæli úr Arnarbæli eru
4. landamerki millum Vatnsenda og Vífilsstaða beina stefnu í Markastein vestan Vatnsendahvarfi úr Markasteini eru landamerki milli Vatnsenda og Breiðholts beina stefnu í buginn á Dimmu hjá Grænugróf og úr því ræður Dimma að mótum Dimmu og Bugðu.²⁰⁴

Eftir að gerð hafði verið árangurslaus sáttatilaun fór málið fyrir dóm.²⁰⁵ Krafa Ólafs var sú að landamerki milli jarðanna skyldu teljast:

... frá grjóthól móts við Oddgerðisnes við ána Bugðu beina stefnu í Há-Þingnes, og þaðan eptir beina stefnu í Stríp í jaðri Strípskrauns.²⁰⁶

Hinn stefndi, Sæmundur Sæmundsson, hélt því aftur á móti fram að landamerkin ættu að vera:

¹⁹⁹Skjal nr. 2(200) a–b.

²⁰⁰Skjal nr. 2(117).

²⁰¹Urriðakoti og Vífilsstöðum.

²⁰²Skjal nr. 2(134).

²⁰³Skjal nr. 2(65).

²⁰⁴Skjal nr. 2(66).

²⁰⁵Skjal nr. 2(65).

²⁰⁶Skjöl nr. 2(57) og 2(63).

Frá Stríp í jaðri Stríphauns beina stefnu suðvestur til við tóptarrúst eða tóptarbrot, er stendur Suðvestur af Elliðavatns-fjárhúsum, í Syðra Vatnsendavatns-vík; þaðan beina stefnu norður yfir Vatnsenda-vatn í opið á ánni Dimmu, þar sem hún fellur úr vatninu, og svo sem Dimma ræður niður að Gjávaði; þaðan beina stefnu í grjóthól við ána Bugðu mótis við Oddagerðisnes.²⁰⁷

Deilan snerist fyrst og fremst um mörk við Dimmu og engjalöndin þar og verða því ekki rakin hér sóknar- og varnarrök.

Í vitnaleiðslum þeim sem fram fóru í tilefni af framangreindum landamerkjaágreiningi eigenda Elliðavatns og Vatnsenda var leiddur nokkur fjöldi vitna til að gefa skýrslur um merki jarðanna. Flest vitnin nefna engin merki sunnan Stríps en í tveimur skýrslum er minnst á Kóngsfell. Þannig segir svo í skýrslu, dags. 18. apríl 1883:²⁰⁸

Jeg undirskrifaður Guðni Jónssn, sem er nú á 73 aldursári, var samfleytt 12 ár smali á Elliðvatni, eða frá því jeg var á 15 aldursári, og til þess jeg var á 27 aldursári, hjá hreppstjóra Jóni sál. Jónssyni og maddömu Ragnheiði sál. Pálsdóttur, fyrri konu hans. Þessir velnefndu húsbændur mínir sögðu, að landamerki Elliðavatns hefðu verið þessi frá ómunatíð, sem hjer segir, og eptir þeim ljet hreppstjóri Jón sál. yrkja til slægna og beitar og allra landsnytja: Stefnan að suðvestanverðu tekin norðaustanvert við Kongsfell, beina línu niður í Stríp; þaðan beina línu...

Síðari skýrsluna, dags. 15. febrúar 1884, gaf Valgerður Gísladóttir, svohljóðandi:

Í þau 11 ár sem hún var vinnukona á Elliðavatni fyrir kringum 32 árum síðan heyrði hún ávalt þessi landamerki nefnd milli jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns í Gullbringusýslu: Úr „Kóngsfelli“ í „Stríp“ þaðan í ...

Þann 19. maí 1884 var kveðinn upp dómur um landamerki jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns. Hann var Sæmundi í vil og hljóðaði svo:

Landamerki milli Vatnsenda og Elliðavatns skulu vera: úr Stríp beina stefnu í Vatnsendavatn yfir tóptarbrot suðvestanvert við Elliðavatnsfjárhús; þá með Vatnsendavatnsjaðri að austan og norðaustan norður í Þingnesshá; þaðan beina stefnu norður yfir miðjan Þingnessál; þá vestur með Elliðavatnsengjum, eins og vatnið ræður í Dimmu-ós, þá ræður Dimma merkjum að Gjávaði, og úr Gjávaði bein stefna í grjóthól við Bugðu mótis við Oddagerðisnes.²⁰⁹

Ábúandi Vatnsenda vildi ekki skrifa undir landamerkjabréf Garða árið 1890 vegna ókunnugleika og skaut til landsdrottins. Sjá kaflann um Garða.

²⁰⁷Skjöl nr. 2(57) og 2(63).

²⁰⁸Sbr. skjöl nr. 2(82)–2(83).

²⁰⁹Skjöl nr. 2(57) og 2(63).

Þann 28. janúar 1909 seldi bóndinn á Vatnsenda spildu af jörðinni. Þetta svæði var kallað Vatnsendahólar og í afsalsbréfinu kemur fram að það takmarkaðist á eftirfarandi hátt:

1. Að norðan þar sem Árbæjar og Vatnsendalönd skiptast í hólmunum í beina stefnu frá Elliðaánni að lækjarfarvegi sem er austanvert við hólmana.
2. Að vestan af Elliðaánni alla leið í grjótvörðu sem hlaðin er á árbakkanum og skal sú hlið landspildunnar vera 166 faðmar (eitt hundrað sextíu og sex faðmar — í beina línu með ánni.
3. Að sunnan í beina stefnu úr moldarflagi sem er í Vatnsendahvarfi um áður nefnda vörðu og þaðan beina línu í lækinn og markapúfu í Árbæjarlandi að austanverðu við lækjarfarveg þann sem áður er nefndur, tíu faðma meðfram læknum.
4. Að austan af lækjarfarveginum. -

Í afsalsbréfinu kemur einnig fram að:

Ef landamerki þau sem nú er farið eptir milli Árbæjar og Vatnsenda tengjast að einhverju leyti, þá skulu takmörk landspildunnar færast þar eptir meðfram ánni, svo kaupandi fái jafnstórt landsvæði, og jafnlangt í beina línu meðfram ánni, eins og að framan er ákveðið. -

Undanskilinn sölu þessari er lax og silungsveiðiréttur í ánni meðfram landinu, með áskildum rétti til að nota veiðina að skaðlausu fyrir landeiganda, og vísast viðvíkjandi þessum veiðirétti til afsals fyrir honum árið 1900 til Harry Alfred Payne frá Cuirille Stourbrigde á Englandi.²¹⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Vatnsenda:

Lml. ekki send né finst í registri.

Land mikið, gott, hagsælt, skjólótt, kvistur, hrís, sauðganga.

Ókostir: ... ágangur nágrannafjár + erfið smölun.²¹¹

Reykjavíkurbæ var heimilað með lögum nr. 57/1942 að taka eignarnámi hluta af Vatnsenda.²¹² Í kjölfarið var Einar S. Sæmundsen skógfræðingur fenginn til þess að mæla út svæðið. Á mælingablaði frá honum, sem dagsett er 7. september 1949, kemur eftirfarandi fram:

1. Mælingar vegna Heiðmerkur

Innan núverandi girðinga

629.5 ha

²¹⁰Skjal nr. 2(139).

²¹¹Skjal nr. 2(109) a–b.

²¹²Skjal nr. 4(59).

2. Sneiðin sunnan girðingar að landamerkjum Vatnsenda og Garðalands, takmörk að austan og vestan eru dregin í beinu framhaldi af núverandi girðingu	29.5 -
3. Spilda norðan og austan Arnarbælis, af Vatnsendalandi, sem nú er sunnan mæðuveiki girðingar og verður að öllum líkindum tekin með	30.0 ²¹³

Í matsgerð varðandi það land sem tekið var úr Vatnsendalandi, frá 28. nóvember 1949, er því lýst og talið ca 689 ha og vitnað til uppdráttar Einars. Eftirfarandi stendur í matsgerðinni:

Takmörk hins eignarnumda landsvæðis ákvarðast að miklu leyti af girðingu þeirri, er um landið liggur, skv. meðf. uppdrætti — skjal nr. 20, nema að NA, þar sem Elliðavatnsland og Vatnsendaland koma saman eins og sýnt er með landamerkjafinu á uppdrættinum. Auk þess lands, sem þegar hefur verið afgirt úr Vatnsendalandi sem fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, telur Einar E. Sæmundsen skógfr. Reykjavíkurbæjar, að öllum líkindum verði ca. 30 ha landspilda norðan og austan Arnarbælis, sem nú er sunnan mæðiveikigirðingar, einnig tekin með í hið friðlýsta land. Teljum við því rétt að taka það þegar með í mat okkar á landinu í heild. Þetta land er þó ekki enn markað á meðf. uppdrætti sérstaklega. Þá hefur og verið ákveðið að taka með í hið friðlýsta land mjóa landræmu utan girðingar, sem liggur á SV-takmörkum landsins, í milli Heiðmerkurgirðingar og landamerkjafinu milli Vatnsendalands og Garðakirkjulands, og er landræma þessi afmörkuð á uppdrætti — skjal nr. 20²¹⁴; er hún að flatarmáli 29, 5 ha — skjal nr. 19.²¹⁵

Við yfirvirðingu 5. júlí 1950 voru uppdráttur og mælingablað Einars E. Sæmundsens lögð til grundvallar en takmörkum landsins ekki lýst að öðru leyti.²¹⁶ Afsal fyrir landinu var gefið út 7. júní 1951.²¹⁷

Landið innan girðingar hefur verið kallað Heiðmörk og gerðu bæjarstjórn Reykjavíkur og Skógræktarfélag Reykjavíkur með sér samning um friðun og ræktun Heiðmerkur 3. mars 1950. Er takmörkum landsins lýst svo:

Heiðmörk nefnist land það sem er innan skógargirðingarinnar, sem liggur suður og upp frá Silungapólli um Hólmskraun ofanvert suður um Bakhlíðar að Kolhóli en þaðan í Vífilsstaðahlíð, um Vífilsstaðaland, Vatnsendaborg og Hjallabrúnir niður undir Elliðavatn en þaðan um Helluvatn að Silungapólli.²¹⁸

²¹³Skjal nr. 15(8).

²¹⁴Skjal nr. 15(7) / 20(14).

²¹⁵Skjal nr. 20(15).

²¹⁶Skjöl nr. 15(2, 7 og 8), sbr. skjal nr. 20(14).

²¹⁷Skjal nr. 15(3).

²¹⁸Skjal nr. 15(4).

Land ofan Heiðmerkurgirðingar hefur verið friðlýst sem fólkvangur, sbr. auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum 21. mars 1973 en tekið hefur verið fram af sveitarfélögum á svæðinu að með stofnun fólkvangsins teldu þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti á landi sem fólkvangurinn tekur til.²¹⁹

Með lögum nr. 22/1988 var Reykjavíkurborg heimilað að taka eignarnámi til almenningsafnota hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað. Umrætt landsvæði afmarkaðist á eftirfarandi hátt:

...að norðvestan af landi Reykjavíkurborgar, að norðan af landi Kópavogskaupstaðar (Samúelslandi), þá af landi Reykjavíkurborgar, þ.e. fornum farvegi árinna Bugðu, þá af miðlínu árinna Bugðu sem einnig afmarkar landið að austan. Að sunnan afmarkast landið af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu, þá af miðlínu árinna Dimmu og síðan af línu sem dregin er 60 metrum sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegar. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landspildu sem skiptir hinni umræddu spilda í tvo hluta. Landspildurnar tvær, sem eignarnámsheimild þessi tekur til, eru 46,3 ha að stærð samkvæmt mælingu mælingadeildar borgarverkfræðings í Reykjavík.²²⁰

Ágreiningur hefur verið uppi um land utan Heiðmerkurgirðingar, sem vísað er til í matsgerðinni frá 1949, allt frá árinu 1991. Ágreiningsaðilar hafa verið eigandi Vatnsenda, Kópavogskaupstaður og Reykjavíkurborg. Meðal ágreiningsefna eru deila um borholur Vatnsveitu Reykjavíkur í jaðri Húsfellsbruna við Gvendarrétt, girðingarof, landamerki, lögsögumörk og eignarhald á landi.²²¹

Eigandi Vatnsenda leigði Skeiðarási hf. efnistökurétt, 30.000 m³ á ári, hvar sem væri í landi Vatnsenda ofan Heiðmerkur, 1. september 1990.²²²

Landsvirkjun ákvað árið 1990 að leggja háspennulínu frá Hamranesi sunnan Hafnarfjarðar að stað skammt vestan Sandskeiðs. Taldi hún sig þurfa að taka landsréttindi í Vatnsendalandi eignarnámi þar eð ekki náðust samningar við eiganda Vatnsenda.²²³ Samkvæmt matsgerð 28. júlí 2000 er landið í svonefndum Húsfellsbruna, 3,6 km langt; meðfram línustæðinu skal ruddur 6 m breiður vegslóði og ekki má byggja önnur mannvirki nær háspennulínunni en 30 m sitt til hvorrar handar við miðju hennar. Var svæðið allt talið 24,76 ha og verðmatið 2.228.400 kr.²²⁴ Lauk málinu með sátt 5. október 2001 og 2.400.000 kr. greiðslu til eignarnámsþola auk greiðslu kostnaðar.²²⁵

²¹⁹Skjal nr. 24(18).

²²⁰Skjal nr. 4(62).

²²¹Skjöl nr. 16(5 og 6), 20(7)–20(9), 20(24)–20(32), 20(37)–20(38).

²²²Skjal nr. 20(23).

²²³Skjöl nr. 20(18)–20(20).

²²⁴Skjal nr. 20(21).

²²⁵Skjal nr. 20(34).

Þann 7. júlí 1993 höfðaði Ölfushreppur mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvar hluti vesturmarka hreppsins lægju. Nánar tiltekið vildi hreppurinn fá staðfest að landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á „afréttum“ stefnandans annars vegar og hinna stefndu hins vegar lægju frá Seljabótarnefi til norðurs í Sýslustein og síðan til norðausturs um Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhnjúka og í Vífilsfell. Málið var höfðað gegn ýmsum aðilum þ.á m. Magnúsi Hjaltsted, bónda á Vatnsenda.²²⁶ Nánar er fjallað um þetta dómsmál í kafla 5.24.1, Afréttarland á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og verður hér vísað í þá umfjöllun.

Árið 2004, 8. september, var tekin vitnaskýrsla af Axel Þóri Gestssyni um landamerki Lækjarbotna og Vatnsenda. Sagði hann að eftir gerð Heiðmerkurgirðingar hafi verið sett hlið á girðinguna til þess að tryggja ábúanda Vatnsenda aðgengi með fé í land sitt þar fyrir ofan, svonefndan Húsfellsbruna; ávallt hefði verið litið svo á að Húsfellsbruni væri í eignarlandi Vatnsenda annars vegar og Elliðavatns hins vegar og ekki nýttur af neinum öðrum. Um mörk eignarlands Vatnsendarjarðar og „afréttar“ skýrði Axel svo frá:

að ávallt hafi verið gengið út frá því að mörkin lægju frá Húsfelli í hól eða hæð með gróðri sem sig minnir að [að, tvítekið] hafi <verið> kallaður Einiberjahlíð, sem liggur á mörkum Vatnsendalands og Garðakirkju. Úr Einiberjahlíð hafi mörkin legið í Kóngsfell og þaðan með hrauninu í Sandfell. Fyrir ofan eignarlands Vatnsenda hafi tekið <við> afréttur Seltjarnarness.²²⁷

Axel staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi 19. október 2004 þar sem mættu fulltrúar Kópavogskaupstaðar, eigenda Vatnsenda og Seltjarnarkeppis. Spurðu þeir Axel ýmissa spurninga varðandi landamerkin. Í máli hans kom m.a. fram að mörk væru úr Hnífhól um Einihlíðargafli í miðjuna á Húsfelli. Einiberjahlíð væri lítil brekka, eiginlega þar sem Kristallsdalir enduðu [ætla má að það sé næst Grindaskörðum], sem væru skorningar utan í fjallinu, ekki beint dalir, sem lægu frá Þríhjúkum suður í Grindaskörð. Þar fyrir ofan væri „afréttur“ Garðahrepps. Mörk milli „afréttar“ og eignarlanda væru milli Kóngsfells [fram kemur að átt er við Stóra-Kóngsfell] og Sandfells. Um mörk milli Vatnsenda og Elliðavatns upp frá Stríp sagði hann þau hafa eiginlega stefnt á svokallaðan Brandskrika, efst í Elliðavatnsheiði [skilja má að þar hafi kallast Skógarhlíð] og heiði þar fyrir ofan upp undir Gráhygg. [Þetta síðasta er óljóst í vitnatökunni]. Þetta land hafi ekki verið „afréttur“ heldur eignarland Vatnsenda og Elliðavatns á móti. Vatnsendabóndi einn hafi smalað landið, farið hafi verið upp í Brandskrika og smalaðir Krikar inn úr Elliðavatnsheiði. Engin fjallskil hafi verið gerð á þetta svæði.²²⁸

²²⁶Hrd. 1996, bls. 2848.

²²⁷Skjöl nr. 20(42) og 24(16).

²²⁸Skjöl nr. 20(42) og 24(17).

5.11. Elliðavatn

Varðveist hefur máldagaskrá um eignir kirkju og staðar í Viðey sem talin er vera frá því um 1234. Þar segir m.a.:

hvn a oc Elliðavatz land hálf. ²²⁹

Elliðavatni bregður fyrir í fógetareikningunum 1547–1552 og er þá eins og aðrar Viðeyjarjarðir komið í konungseign. ²³⁰

Elliðavatn var selt úr konungseigu þann 5. nóvember 1812. ²³¹

Þann 19. maí 1826 fyrir manntalsþingsrétti í Reykjavík fyrir Seltjarnarneshrepp var lesin upp lögfesta fyrir Elliðavatn sem dagsett var 11. sama mánaðar. Um innihald lögfestunnar er ekki vitað en hún var einnig birt á Esjubergi 24. maí 1826. ²³²

Í fasteignamati sem gert var árið 1849 er kafli um jörðina Elliðavatn. Þar stendur m.a.:

Landrymi nokkurt. Sumarheit góð. Vetrarhagar litlir. Nokkur skógarló. ²³³

Þann 3. júní 1881 tilkynntu bændur á Elliðavatni, Hólmi, Setbergi, Vatnsenda og tveimur öðrum jörðum ²³⁴ um bann við fuglaveiði á löndum þeirra. ²³⁵

Lýsing Sæmundar Sæmundssonar, eiganda Elliðavatns, á landamerkjum jarðarinnar þann 20. júní 1883 er svohljóðandi:

Takmörk jarðarinnar Elliðavatns eru að suðvestanverðu frá sýslumörkum að austnorðanverðu við Kongsfell, þaðan beina stefnu norður í svokallaðan Stríp á norðaustur brún Stríphrauns, og þaðan beina stefnu norður yfir hjallana, suðvestan til við gamla tóptarrúst, er stendur á hjallanum suðvestur af Elliðavatns fjárhúsum, og þaðan beina stefnu í syðra Vatnsendavatns-vík; þaðan beina stefnu norður yfir nefnt vatn í opið á ánni Dimmu, þar sem hún fellur úr vatninu og svo, sem Dimma ræður niður að svokölluðu Gjávaði, þaðan beina stefnu í háaustur í auðkennilegan grjóthól er stendur við ána Bugðu, að sunnanverðu mótis við Oddagerðisnes og svo upp eptir sem Bugða ræður, þar til kemur í beina stefnu frá norðri til suðurs í Stóra-Rauðhól, og þaðan sömu stefnu í Rettarklif, og svo í Markhóla, austarlega og ofarlega í Vatnsheiði, svo þaðan beina stefnu að sunnanverðu við Selfjall suður til sýslumarka. ²³⁶

Fjallað er um landamerkjadeilu Elliðavatns og Vatnsenda í kafla 5.10. um Vatnsenda.

²²⁹Skjal nr. 4(2).

²³⁰Skjöl nr. 4(22)–4(26).

²³¹Skjal nr. 4(48).

²³²Skjal nr. 2(200) a–b.

²³³Skjal nr. 2(117).

²³⁴Urriðakoti og Vífilsstöðum.

²³⁵Skjal nr. 2(134).

²³⁶Skjal nr. 2(80).

Landamerkjabréf á grundvelli landamerkjalaga var ekki gert fyrir Elliðavatn.

Þann 3. júní 1882 á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum var þinglesinn samningur frá 19. júlí 1877 um sölu Elliðavatns og veiði í Elliðaánum. Skjal um nýbýlisrétt Þorsteins Þorsteinssonar á Lækjarbotnum frá 11. febrúar 1868 fylgdi samningnum.²³⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir m.a. um Elliðavatn:

Land gott, snjólétt, hagsamt, skjólótt...

Ókostir ... Laxveiði frá tekin og 2 engjastykki (Rauðarárengi + Rauðhólaengi)
— Erfið fjársmölun.²³⁸

Reykjavíkurbær keypti Elliðavatn í nokkrum hlutum á árunum 1923, 1927 og 1928.

Í afsalsbréfi Ingimundar Benediktssonar, sem seldi hluta jarðarinnar árið 1923, er minnst á „afrétt“ eða eins og þar segir:

Jeg ... sel bæjarstjórn Reykjavíkur eignarhluta minn í jörðinni Elliðavatn ... og er það 1/8 — einn áttundi — hluti jarðarinnar einsog hún var þegar jeg eignaðist hana, með húsum, mannvirkjum, afrjetti, hlunnindum og öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja.²³⁹

Sama kemur fram í afsalsbréfi Emils Rokstads, Þórðar Sveinssonar og Christens Zimsens sem seldu 7/8 hluta 1927 en jörðin var seld með:

öllum húsum ásamt öllu múr- og naglföstu og með öllum girðingum, mannvirkjum, veiðirjetti, hlunnindum, gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja, afrjettarlandi og öllum ítökum, að engu undanskildu ...²⁴⁰

Reykjavíkurbær keypti árið 1928 hluta úr Elliðavatnsengjum (Dimmuengi), sem ekki mun skipta máli varðandi þjóðlendumál.

Árið 2004, 8. september, var tekin vitnaskýrsla af Axel Þóri Gestssyni um landamerki Lækjarbotna og Vatnsenda. Þar komu fram upplýsingar um Elliðavatn. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.10 um Vatnsenda.

Elliðavatn er nú eign Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt eignaryfirlýsingu frá 25. október 2004.²⁴¹

5.12. Hólmur

Máldagaskrá um eignir kirkju og staðar í Viðey er án ártals en hefur verið árfærð til um 1234. Þar kemur m.a. fram:

²³⁷Skjal nr. 2(212) a–b.

²³⁸Skjal nr. 2(109) a–b.

²³⁹Skjal nr. 21(7).

²⁴⁰Skjal nr. 21(8).

²⁴¹Skjal nr. 21(17), sbr. skjal nr. 21(18).

Hamvndr gaf til staðarins holm þann. er liggir j elliða am. niðr fra Vatzenda holmi.²⁴²

Vera má að hér sé átt við það land sem síðar varð jörðin Hólmur.

Hólmur kemur við sögu í fúgetareikningunum 1557–1553 og er þá líkt og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir komin í konungseign.²⁴³

Eftirfarandi stendur í kaflanum um Hólm í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem saminn var árið 1703:

Engjar eru nær öngvar heima við, en úthejjaslægjur brúkar jörðin frí þar sem heita Fóhölluvot.

Í neðanmálgrein við Hólmskaflann kemur fram að Fóhölluvot séu nú, árið 1923, kölluð Fóelluvötn eða aðeins Vötn.²⁴⁴

Í athugasemdum við jörðina Hólm í jarðamatinu 1804 segir:

Da Egnen her, som nægrændsende til Fieldene, er temmelig haard og Udegangen, som en Følge deraf kun maadelig og usikker, især for Heste saa proponeres her en Nedsættelse af 1/3 Deel af de anførte og evaluerede Beder.²⁴⁵

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir frá því neðanmáls að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sé minnst á gamla eyðijörð sem hét Hrauntún og að gömlu bæjarhúsin hafi verið byggð upp aftur þar sem þau nú standa og kallast Hólmur.²⁴⁶

Þann 21. júlí 1863, í kjölfar þess að Jón Bjarnason lýsti yfir áhuga sínum á að byggja upp Vilborgarkot, var byrjað að mæla út landamerki Vilborgarkots til þess að upplýsa um takmörk milli eyðibýlisins og aðliggjandi jarða, þ.e. Hólms, Helliskots (Ellidákots) og Miðdals. Nánar er sagt frá þessu máli í kafla 5.14 um Vilborgarkot.

Þann 16. apríl 1873 var kveðinn upp dómur í máli sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, H. Clausen, sem umboðsmaður konungsjarða höfðaði gegn Dómhildi Jónsdóttur, ekkju Jóns Bjarnasonar bónda í Vilborgarkoti, vegna gjalda sem hann taldi að henni bæri að greiða býlinu Hólmi. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Vilborgarkot.

Vilborgarkot var aftur undirrot deilu- og dómsmáls í upphafi 9. áratugs 19. aldar. Deila þessi var að mörgu leyti svipuð þeirri sem hafði risið upp um áratug fyrr. Nú sem þá snerist hún um hvort eigandi jarðarinnar skuldaði býlinu Hólmi landskuld. Fjallað er nánar um málið í kaflanum um Vilborgarkot.

²⁴²Skjal nr. 4(2).

²⁴³Skjöl nr. 4(22)–4(26).

²⁴⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 283.

²⁴⁵Skjal nr. 2(116).

²⁴⁶Skjal nr. 4(48). Sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 283.

Þann 3. júní 1881 tilkynntu bændur á Elliðavatni, Hólmi, Setbergi, Vatnsenda og tveimur öðrum jörðum²⁴⁷ um bann við fuglaveiði á löndum þeirra.²⁴⁸

Aukaréttur Gullbringu og Kjósarsýslu var settur að Elliðavatni þann 10. október 1884. Kristján Jónsson sýslumaður og útnefndir áreiðarmenn riðu á þann hluta Vilborgarkots sem áður hafði verið notaður frá Hólmi og áttu að kveða upp um mörk hans, stærð og gæði. Viðstaddir voru þeir Grímur Ólafsson, ábúandi þjóðjarðarinnar Hólms, og Sæmundur Sæmundsson, umboðsmaður þeirra sem taldir voru umráðamenn Vilborgarkots. Umrætt land sem notað var frá Hólmi fyrir áreiðargerð Vilborgarkots 7. september 1863 takmarkaðist af eftirfarandi ummerkjum:

... ad vestan úr Hólmsá eptir Gjótulág norður á Hofmannaföt, þadan til nordausturs í Sólheimatjörn sudvestanverda; úr austurenda Sólheimatjarnar eptir lækjar-farveg, sem kallast Augnalækur, sudur í Gudduós; þá eptir Guddu-ós, þar til hann fellur í Hólmsá, og þá eptir Hólmsá frá Guddu-ós til vesturs ad Gjótulág ...²⁴⁹

Hólmur hafði frá ómunatíð yrkt og notað allt það land sem nýbýlinu Vilborgarkoti var mælt út 1863. Áreiðarmennirnir mældu ekki þessa landspildu en giskuðu á að hún væri u.þ.b. 500 faðmar á breidd og 900–1000 faðmar á lengd. Hún var að mestu kjarngott og hagsælt beitiland, auk engjastykkis á mýri en heyfall af henni og vallendis slægjublettum landsins taldist að meðaltali um 60–80 hestar á ári. Nothæfa mótekju og allgóða torfristu var einnig að finna í landinu og munu þessi hlunnindi hafa nægt þörfum Hólms fram til 1863. Að endingu lýstu áreiðarmennirnir því yfir að með öllu ókunnugt væri að nokkuð af landspildunni hafi verið notað frá Elliðakoti og ef svo væri þá ekki nema að takmörkuðu leyti til beitar.

Því næst tók sýslumaðurinn skýrslu af Grími Ólafssyni sem hafði búið í Hólmi í 21 ½ ár. Hann sagðist aldrei hafa heyrt annað en að Hólmur hafi haft hagbeit, slægjur, mótak og torfristu í umræddri landspildu frá ómunatíð og fram til útmælingar Vilborgarkots 1863. Án þessara hlunninda væri Hólmur nefnilega mjög lítils virði enda alveg engja-, mótaks- og torfskurðarlaus. Með ótakmörkuðum afnotum Vilborgarkots, eins og verið hafði fram til 1863, væri jörðin hins vegar allviðunanleg. Guðmundur Einarsson hreppstjóri sem hafði búið í Miðdal, næsta bæ við Vilborgarkot og Hólm, í 29 ár staðfesti orð Gríms í skýrslu sinni. Hann sagði að frá ómunatíð fram til útmælingarinnar 1863 hafi landið verið notað af Hólmsábúendum m.a. til beitar, slæгна, mótekju og torfristu enda væri jörðin engja- og hlunnindalaus. Undir þetta tóku þeir Halldór Jónsson og Ólafur Ólafsson sem báðir voru 43 ára og höfðu búið alla sína ævi í nágrenni við Hólm og Vilborgarkot.

Í lokin, áður en rétti var slitið, vildi Sæmundur Sæmundsson að bókað yrði að þó telja mætti víst að fyrir 1863 hafi Vilborgarkotsland verið notað af

²⁴⁷Urriðakoti og Víflsstöðum.

²⁴⁸Skjal nr. 2(134).

²⁴⁹Skjal nr. 2(213) a–b.

Hólmsábúendum til allra leiguliðaafnota um mjög langan tíma þá sannaði það ekki að landið hafi tilheyrt Hólmi sem hluti af þeirri jörð.²⁵⁰

Þann 14. október 1902 var tekið fyrir í merkjadómi Gullbringu- og Kjörsarsýslu landamerkjámál Guðmundar Magnússonar í Elliðakoti gegn umboðsmanni þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi. Guðmundur hafði krafist þess að sér, sem eiganda Vilborgarkots, yrði dæmt umrætt þrætuland sem var:

... öll landspildan fyrir norðan ána Bugðu, frá grjótlagi við ána fyrir austan Hólmi og þvert norður í Sólheimatjörn, en merkjum er þannig lýst fyrir Vilborgarkoti að vestan í útmælingargjörð frá 1863, alt vestur í Almannadal, þaðan beina stefnu í Mýrarskignir, úr Mýrarskignir beina stefnu í Stóraskignir og aptur þaðan bein lína í Sólheimatjörn, ...²⁵¹

Guðmundur byggði kröfur sínar á þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi á útmælingargerð Vilborgarkots frá 7. september 1863 þar sem fram kemur að nýbýlið Vilborgarkot sé mælt út úr hinu forna Vilborgarkotslandi. Í öðru lagi á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem sýni hvernig afnotum frá Hólmi var háttað á eyðijörðinni. Í þriðja og síðasta lagi á kaup- og afsalsbréfi Vilborgarkots sem takmarki sig ekki við ofanefnda útmælingargerð heldur heimili honum jörðina með öllu sem henni fylgdi að réttu lagi. Guðmundur leit þannig á að er Vilborgarkot var mælt út úr eyðijörðinni Vilborgarkoti samkvæmt afsalsbréfi frá 17. nóvember 1889 hafi honum verið afhent allt það er jörðinni fylgdi með réttu. Því hefði hann ekki aðeins kröfu til þess lands sem útmælt var 1863 heldur alls þess lands sem jörðinni fylgdi að fornu en hann vísar til Jarðabókarinnar til að sýna að Hólmur hafi enga sérstaka heimild haft á því landi.

Merkjadómurinn viðurkennir að afstaða þrætulandsins bendi heldur til þess að eðlilegra sé að ætla að það tilheyri Vilborgarkoti en það er fraskilið öðru Hólmslandi og liggur eins og þríhyrna á milli Vilborgarkots og Grafarlands. Þrátt fyrir það getur hann ekki fallist á ástæður Guðmundar. Jarðabókin sýni að hið forna Vilborgarkot hafi lengi legið í eyði og að landið eða í það minnsta nokkur hluti þess hafi verið notaður frá Hólmi á sama tíma. Einnig megi benda á Hæstaréttardóm frá 17. október 1887 sem segi að hið nýja Vilborgarkot sé að einhverju leyti mælt út úr Hólmslandi sem bendi til þess að einhver hluti eyðjarðarinnar hafi verið orðinn eign Hólms þegar 1863. Einnig telst það sannað að þrætulandið hafi í minnum núlifandi manna verið í stöðugri notkun sem eignarland frá Hólmi. Þó svo að þrætulandið hafi einnig verið notað af Vilborgarkoti til beitar þá nægi það ekki til þess að byggja á nokkurn eignarrétt yfir landinu.

Að áliti merkjadóms telst sannað að eyðijörðin Vilborgarkot eða einhver hluti hennar hafi frá ómunatíð verið notuð sem eignarland frá Hólmi en sækjandi hafi ekki

²⁵⁰Skjal nr. 2(213) a–b.

²⁵¹Skjal nr. 2(177). Sama texta er að finna í skjali nr. 2(218).

sýnt neina sérstaka heimild til umrædds þrætulands. Ekki sé hægt að byggja á afsalsbréfinu sem fellur saman við útmælingargerðina frá 7. september 1863 og vegna heimildarleysis hafnar dómurinn því að leggja umrætt þrætuland undir Vilborgarkot.²⁵²

Þjóðjörðin Hólmur fær eftirfarandi umsögn í fasteignamatinu 1916–1918:

Land mikið og gott, hagsamt, skjólótt, kvistlendi + hrís á nokkru (Hólmsheiði ekki hér með talin, sjá Mosf.sv.). Kostir: ... (nú leigð fyrir slægjur frá Elliðav., Rauðh.). ... Ath. Beitarland, nefnt Hólmsheiði, er liggur í Mosfellsveit (norðan Bugðu) en fylgir nú Hólmi, er metið sérstaklega ...²⁵³

Í sömu heimild segir um Hólmsheiði:

Beitarland, sunnan við Reynisvatnsland (og talið af því tekið), milli Geitháls og Grafarholtslanda (norðan við ána Bugðu), fylgir nú þjóðjörðinni Hólmi í Seltjarnarnesshreppi og notað þaðan til beitar; má stundum slá vellisbletti í því. Fremur hagsælt og allgott sauðland. Með því áin, Bugða, er talin skilja sveitirnar, telzt land þetta í Mosfellssveit.²⁵⁴

Þann 26. ágúst 1932 höfðaði hreppsnefnd Seltjarnarness mál gegn hreppsnefnd Mosfellshrepps til þess að fá það staðfest að nýbýlið Gunnarshólmi tilheyrði fyrrnefndum hreppi. Rök stefnandans voru á þá leið að land Gunnarshólma hefði upprunalega tilheyrt þjóðjörðinni Hólmi í Seltjarnarnesshreppi og væri þ.a.l. hluti hreppsins. Hann byggði þessa staðhæfingu sína á vitnisburði nokkurra aðila sem sögðu að áin fyrir norðan Gunnarshólma, Hólmsá, réði merkjum Seltjarnarnesshrepps og Mosfellshrepps. Vitnin könnuðust einnig við eignarhald jarðarinnar Hólms á Gunnarshólma. Stefnandinn studdist líka við prentaðar heimildir um að mörkin milli Gullbringu- og Kjósarsýslu lögju um Elliðaárnar.²⁵⁵

Hinn stefndi hélt því aftur á móti fram að Gunnarshólmi lægi í Mosfellshreppi. Hann rökstuddi mál sitt m.a. með því að vísa í landamerkjabréf jarðarinnar Elliðakots, sem lá í fyrrnefndum hreppi, frá 29. júní 1883, en þar kom fram að syðsta kvíslin af Fossvallaánum niður hjá Lækjarbotnum réði merkjum milli Elliðakots annars vegar og Lækjarbotna og Hólms hins vegar. Þar sem land Gunnarshólma lá, samkvæmt hinum stefnda, fyrir norðan syðstu kvíslina sýndi þetta landmerkjabréf að viðkomandi landsvæði væri í landi Elliðakots. Þetta þýddi að Gunnarshólmi tilheyrði Mosfellshreppi því hreppamörk og landamörk ættu að fara saman. Síðastnefnda

²⁵²Skjal nr. 2(177).

²⁵³Skjal nr. 2(109) a–b.

²⁵⁴Skjal nr. 2(109) a–b.

²⁵⁵Hér er um að ræða úrskurð Clausens sýslumanns frá 4. desember 1866 varðandi það að Lækjarbotnar væru ekki útmældir úr Helliskotslandi, sóknarlýsingu Mosfellssóknar eftir Stefán Þorvaldsson, landfræðisögu P.E.K. Kálund frá 1877, sýslulýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu eftir Th. Jónasson frá 31. desember 1852 og álitserð Guðbrands Jónssonar. Rétt er að geta þess að í sóknarlýsingu Stefáns Þorvaldssonar stendur að áin Bugða sé takmörk prestakallsins og í lýsingu Th. Jónassonar segir að Elliðaárnar aðskilji Gullbringusýslu frá helstu byggðarlögum Kjósarsýslu.

atriðinu mótmælti stefnandinn, þ.e. að ekki væri gefið að landamerki og hreppamörk væru hin sömu.

Niðurstaða dómsins var sú að nýbýlið Gunnarshólmi teldist tilheyra Seltjarnarneshreppi. Í dómsorði kom fram að dómendur tóku undir röksemdafærslu stefnenda og að þeir teldu það engu skipta þótt eigandi Elliðakots hefði reynst endanlegur eigandi þrætusvæðisins.

Mosfellshreppur áfrýjaði niðurstöðunni til Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn þann 30. október 1935. Í dómnum kom fram að óumdeilanlegt væri að þegar landamerkjaskrá hefði verið útbúin fyrir jörðina Elliðakot þann 29. júní 1883 hefði hún átt svokallaðan Gunnarshólma. Það væri hins vegar vafamál hvort Elliðakot hefði ætíð átt þetta landsvæði. Niðurstaða dómsins, sem byggð var á vitnaleiðslum og Hæstaréttardómi frá 17. október 1887 varðandi Vilborgarkot, var sú að svo væri ekki, heldur hefði téð landsvæði upphaflega verið hluti af landi Hólms í Seltjarnarneshreppi. Hæstiréttur staðfesti því dóm undirréttar.²⁵⁶

5.13. Lækjarbotnar

Þann 22. júlí 1865 fór fram útmæling á jörðinni Lækjarbotnum að ósk Þorsteins Þorsteinssonar sem hugðist reisa þar nýbýli. Í skýrslu sem samin var um áreiðargerðina kemur fram að þeir sem framkvæmdu hana töldu að landamerki jarðarinnar ættu að vera eftirfarandi:

... að norðaustanverðu: syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti sem rennur frá bænum, uppað þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðri-Vötn, þaðan til útsuðurs í Mógrytisklett, með rauf í [rauf, yfirstrikað], er snýr í suður, svo sömu stefnu eptir langri brekku alla leið að Sandfellshnúk, sem það nær lengst til norðurs. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli, þaðan ræður austurhlíð brunahraunsins fyrir norðan Selfjallið, niður fyrir bæ, að læknum, og eptir honum norður í á.²⁵⁷

Þrír aðilar tjáðu sig um áreiðargerðina. Fyrstur tók til máls assessor [Benedikt] Sveinsson. Í máli hans kom fram að hann, sem eigandi Elliðavatns og umboðsmaður jarðarinnar Helliskots, áskildi sér rétt til þess að tjá sig síðar um útmælinguna og hver ætti það land sem mælt hefði verið. Næst tók Jón Halldórsson, ábúandi á Helliskoti, til máls. Hann gat þess að Helliskot hefði ávallt notað þetta svæði og að hann teldi það tilheyra Helliskoti þó hann gæti ekki sannað það. Síðast talaði Halldór K. Friðriksson og mælti hann fyrir hönd Þorsteins Þorsteinssonar. Hann mótmælti bæði kröfu assessorsins og eignarkröfu Jóns Halldórssonar:

... til lands þessa, með því [það sje alkunnugt, yfirstrikað] hann viti ekki betur en að það sje alkunnugt að hið útmælda land sje kallað afrjettarland, og hvað

²⁵⁶Hrd. 1935, bls. 483.

²⁵⁷Skjal nr. 2(146).

Seltjarnarneshreppur og Rvík hafi að minnsta kosti að sínum hluta orðið að greiða til vegabóta yfir þetta svæði ...

Í lok skýrslunnar kemur fram að ákveðið var að ekki væri hægt að líta á áreiðargerðina sem endanlegan dóm í málinu því að þó:

... eigandinn eða ábúandinn á Helliskoti, ekki gæti sannað sinn órjúfanlega eignarrjett að hinu útmælda svæði, þá urðu þó hinir tilkvöddu skoðunarmenn að álíta það samrýmilegt, að dýrleiki Helliskots eftir hinu nýja jarðamati hefði verið ákveðinn eptir að minnsta kosti nokkru af landi því, er útmælt var í dag, hvernig svo sem ... skoðað væri eptir hinu forna jarðamati.²⁵⁸

Málinu var því frestað.

Skjöl málsins, þar með talin beiðni Þorsteins um útmælingu hafa ekki fundist, nema bréf sýslumanns til stiftamtmanns, þar sem útmælingargerðin er framsend. Afrit nokkurra bréfa stiftamtmannsins til sýslumanns eru varðveitt í bréfabók stiftamtmanns. Í bréfi 18. júlí 1866 er sýslumanni boðið að taka málið fyrir að nýju, en Þorsteinn Þorsteinsson hafði farið fram á að málið yrði útkljáð þannig:

... að, þér herra Sýslumadur, með hinum útnefndu áreidarmönnum leggid úrskurd á það, hvort land það sem áreidargjörðin hefir tiltekid, sé almenníngur, eða hvert það beri að álíta sem part úr Helliskotslandi.

Þar sem nú úrlausn spursmálsins um, hvert Þorsteinn Þorsteinsson geti fengid nýbyggjara réttindi til hins útvisada lands, hlytur eptir tilsk. 15. ap. 1776 að vera komin undir því, hvert landid álitst að vera afréttarland, eða ekki, þá skal eg jafnframt og eg sendi yður hérmed bréf eins af áreidarmönnunum til ydar, dagsett 27. Júlí f.á., mér til handa komid frá yður ásamt areidargjörðinni af 22. s.m. bidja yður að taka málefni þetta fyrir að nýu með áreidarmönnunum og uppkveda úrskurd um það til þingbókarinnar, hvert landid skuli álitast vera innifalid í skuldsetníngu Helliskots og þannig tilheyra þessari jördu, ellegar sérstædt almenníngsland, sem ekki geti nýst nokkurrar jardar núverandi dýrleika, þó nýbýli yrði.²⁵⁹

Þann 4. desember 1866 var deilan um eignarhald á Lækjarbotnalandi, sem kviknað hafði er gerð var útmæling á jörðinni þann 22. júlí 1865, tekin fyrir á sýsluskrifstofunni í Hafnarfirði. Eftir að málið hafði verið reifað nokkra stund var kveðinn upp sá úrskurður að Lækjarbotnar ættu að teljast nýbýli en ekki afbýli frá Helliskoti. Rökin fyrir þessum úrskurði voru þrenns konar. Í fyrsta lagi þótti sýnt að Lækjarbotnaland væri ekki innifalið í þeim dýrleika sem Helliskot hafði eftir gömlu mati. Í öðru lagi þóttu eigendur Helliskots ekki hafa sýnt fram á eignarrétt sinn yfir landi Lækjarbotna með skýrum hætti. Síðasta ástæðan var sú að býlin voru hvort í sinni sýslunni.²⁶⁰

²⁵⁸Skjal nr. 2(146).

²⁵⁹Skjal nr. 2(238).

²⁶⁰Skjal nr. 2(150).

Þann 11. febrúar 1868 var gefið út svohljóðandi nýbýlisbréf fyrir jörðina Lækjarbotna:

Að norðaustanverðu [fyrsta, yfirstrikað] syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrytisklett, með rauf í, er snýr í suður, svo sömu stefnu eptir langri brekku alla leið að Sandfellshnjúk, sem það nær langt til norðurs. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli; þaðan ræður austurhlíð brunahraunsins fyrir norðan Selfjallið niður fyrir bæ, að læknum og eptir honum norður [niður, yfirstrikað] í á, hvert land hefur verið álitíð 6 hndr. að dýrleika — sje nýbýlisland, veitist honum hjermeð nýbyggjararéttur samkvæmt tjeðri tilsk.[tilskipun frá 15. apríl 1776] §6 með þeim undanþágum, sem § 11 og 9 heimila slíkum nýbýlingum, þó að óskertum betra rjetti sjerhvers þriðja manni, ef sannaður verður.²⁶¹

Þann 3. júní 1882 á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps að Mýrarhúsum var þinglesin samningur frá 19. júlí 1877 um sölu Elliðavatns og veiði í Elliðaánum. Skjal um nýbýlisrétt Þorsteins Þorsteinssonar á Lækjarbotnum frá 11. febrúar 1868 fylgdi samningnum.²⁶²

Um Botna eða Lækjarbotna segir í fasteignamatinu 1916–1918 að jörðin sé nýbýli sem byggt hafi verið úr „afrétti“ Seltjarnarnessveitar eftir 1860. Engin landamerkjalyking finnst þó hana sé líklega að finna í nýbýlisbréfi. Landið sjálft er sagt kjarngott, oft hagsælt, skjólótt og allvítt.²⁶³

Eigandi Lögbergs/Lækjarbotna seldi Sigurjóni Ólafssyni, Geirlandi í Seltjarnarneshreppi, hluta úr svonefndri Miðmundamýri, 24. apríl 1935.²⁶⁴ Miðmundamýri var hluti Elliðakotslands en seld undan því m.m. 14. mars 1911.²⁶⁵

Seltjarnarneshreppur eignaðist Lækjarbotna með afsali 8. október 1947.²⁶⁶

Þann 10. desember 1948 var Seltjarnarneshreppi skipt í tvennt skv. bréfi félagsmálaráðuneytisins. Komu Lækjarbotnar í hlut Kópavogshrepps og voru landamerki Gunnarshólma, Geirlands og Lækjarbotna í norður- og austurmörkum.²⁶⁷

Kópavogskaupstaður hefur leigt ýmsum aðilum land í Lækjarbotnalandi ofanverðu. Svonefnt Fossvallatún var leigt Gesti Gunnlaugssyni 15. júní 1964²⁶⁸ og önnur spilda, Hólstún, var leigð Sauðfjáreigendafélagi Kópavogs þann 19. júní 1970,²⁶⁹ sem fór fram á heimild til endurbyggingar fjárréttar við Lögberg

²⁶¹Skjal nr. 2(8).

²⁶²Skjal nr. 2(212) a–b.

²⁶³Skjal nr. 2(109) a–b.

²⁶⁴Skjal nr. 4(112).

²⁶⁵Skjal nr. 13(2).

²⁶⁶Skjal nr. 24(2).

²⁶⁷Skjal nr. 24(7).

²⁶⁸Skjal nr. 24(37).

²⁶⁹Skjal nr. 24(39).

[Lækjarbotna] 13. júlí 1973 og að bæjarsjóður tæki þátt í byggingarkostnaði.²⁷⁰ Sama félag [væntanlega Fjáreigendafélag Kópavogs] fékk Hólstún leigt aftur þann 15. apríl 1980.²⁷¹ Sama dag, þ.e. 15. apríl 1980, fékk félagið aðra landspildu²⁷² leigða og einnig Fossvallatún;²⁷³ annar samningur um Fossvallatún frá 12. júní 1998 hefur einnig verið lagður fram.²⁷⁴

Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður komu sér saman um breytingar á lögsögumörkum og makaskipti á landspildum 28. nóvember 1994. Fékk Reykjavíkurborg í sinn hlut spildu úr Vatnsendalandi. Um þau mörk er fjallað í 2. grein samningsins:

Á norðvestanverðu Sandfelli hefur verið steypur koparbolti niður í klöpp. Punktur þessi er merktur 501 á meðfylgjandi uppdrætti gerðum af verkfræðistofunni Forverk í Reykjavík, dags. 29. ágúst 1994. Aðilar samnings þessa eru fyrir sitt leyti sammála um að mörk heimalands Lækjarbotna og afréttar skuli vera úr þessum punkti í mógrýtisklett með rauf, (hnit: X= 7137,5 Y= 8736,3), merktan 5353, á uppdrætti fylgjandi ritinu „Lækjarbotnar í Kópavogi“ gerðu af Gunnlaugi Péturssyni og verkfræðistofunni Forverk sf í apríl 1987, og þaðan bein stefna um þúfu á Holtstanga að Fossvallaa.

Lögsögumörk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar við Lækjarbotna og nágrenni, frá Sandfelli að Hólmsá, skulu vera þessi, sbr meðfylgjandi uppdrátt dags. 29. ágúst 1994, sjá lið 7.2.

Úr fyrrgreindum punkti merktum 501 beina línu til norðvesturs í hornstaur á Heiðmerkurgirðingu við Stóra Markhól merktan 502 á meðfylgjandi kortum. Þaðan til norðausturs eftir Heiðmerkurgirðingu um tvo brotpunkta merkta 503 og 504 í markapunkt í framlengdri línu Heiðmerkurgirðingar merktan 505,
...

Árið 2004, 8. september, var tekin vitnaskýrsla af Axel Þóri Gestssyni um landamerki Lækjarbotna og Vatnsenda en hann var starfsmaður eða aðstoðarmaður föður síns, sem hafði aðstöðu fyrir fjárbúskap á Vatnsenda 1941–1948 og Lækjarbotnum 1948–1968. Landamerkjum Lækjarbotna og breytingum á landi lýsti Axel þannig:

Landamerki eignarlands Lækjarbotna lágu úr þúfu á Mosum í klofinn mógrýtisklett efst í Lakheiði og þaðan suður í Sandfellsgil. Frammi liggur ljósmynd, merkt fylgiskjal 1, sem Axel kveður sýna mógrýtisklettinn og Sandfellsgil og merkir með X inn á myndina gilið í Sandfelli sem miðað var við. Jafnframt liggur frammi fylgiskjal merkt nr. 2, mynd af Axel hjá

²⁷⁰Skjal nr. 24(19).

²⁷¹Skjal nr. 24(38).

²⁷²Skjal nr. 24(20).

²⁷³Skjal nr. 24(36).

²⁷⁴Skjal nr. 24(21).

²⁷⁵Skjal nr. 24(2).

nefndum mógrýtiskletti. Axel segir að öll kennileitin hafi verið greinileg og ávallt hafi verið unnt að sjá hvert landamerki frá því næsta.

Varðandi þúfu þessa á svonefndum Mosum telur Axel að hún hafi líklega farið undir núverandi vegarstæði þar sem hún sé ekki lengur sjáanleg. Axel er sýnt kort frá 1891, merkt fylgiskjal nr. 3. Axel segir að farvegir Suðurár og Norðurár hafi breyst verulega frá þeim tíma sem kortið er gert. Uppi við Vatnsás við Fóelluvötn var sandrif, sem fjarlægt var af hernum á stríðsárunum og leiddi það til þess að vatni var einungis veitt í Norðurána úr Fóelluvötnnum og í kjölfarið þornaði Suðaráin upp. Þetta leiddi jafnframt til þess að vatn minnkaði verulega við Sandskeið, en rífið hafði haldið vatni að Sandskeiði.

Við lagningu nýs vegar yfir Mosana var ánni veitt meðfram norðurhluta Fossvalla og niður í Náthagavatn. Áin hafi verið nefnd Fossvallaá fyrir neðan Vatnaásinn.

Axel segir að nefnd Lækjarbotnaþúfa hafi legið í beinni línu í norðurátt frá mógrýtisklettinum og í átt að beygju á Norðuránni.

Axel segir síðan að landamerki Lækjarbotna hafi síðan fylgt farvegi Fossvallár frá Lækjarbotnaþúfu að ármótum Lyklafellsár og Fossvallár. Þaðan hafi mörkin fylgt Lyklafellsá í Náthagavatn.²⁷⁶

Axel staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi 19. október 2004 þar sem mættu fulltrúar Kópavogskaupstaðar, eigenda Vatnsenda og Seltjarnarneskaupstaðar. Spurðu þeir Axel ýmissa spurninga varðandi landamerkin. Sagði hann Sandfellsgilið vera í Sandfellinu norðanverðu. Einnig svaraði hann því játandi að bein lína væri milli Sandfellsgils, Tvísteina [það nafn virðist haft um klofna mógrýtisklettinn efst í Lakheiðinni] og þúfunnar á Mosunum. Einnig lýsti hann nánar breytingum sem orðið hefðu á svæðinu af manna völdum.²⁷⁷ Í kafla 5.10. um Vatnsenda er einnig fjallað um vitnisburði Axels.

5.14. Vilborgarkot

Sá hluti Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem fjallar um Mosfellssveit var saminn árið 1704. Þar stendur um jörðina Vilborgarkot:

Forn eyðijörð, og hefur í eyði legið fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi, og hefur land þessarar eyðijarðar brúkað verið til beitar eftir leyfi Bessastaðamanna bæði frá Hólmi, sem liggur í Gullbringusýslu, og líka frá Hellirskoti, sem í þessari sýslu liggur og er næsti bær við þessa eyðijörð. Líka hafa þar stundum ábúendur á Hólmi heyskap haft og torfskurð, en Hellirskots ábúendur hafa þar fyrir fáum árum eftir orðlofi Bessastaðamanna uppbyggt fjárhús. Nú á næst umliðnum vetri kom til greina, hvort brúkun þessa eyðikots skyldi að meiri rjetti Hólms eður Hellirskots ábúendum tilheyr

²⁷⁶Skjöl nr. 20(41) og 24(16).

²⁷⁷Skjal nr. 24(17).

mega, og varð sú endíng þess eftir elstu og bestu manna undirritjeting, þeirra er hjer í nálægð voru og til vissu að Vilborgarkot heyri til þessari sveit en ekki Seltjarnarnesshrepp, og kynni því ekki Hólmi að fylgja so sem eignarland þeirrar jarðar.²⁷⁸

Þann 21. júlí 1863, í kjölfar þess að Jón Bjarnason lýsti yfir áhuga sínum á að byggja upp jörðina, var byrjað á að mæla út landamerki Vilborgarkots til þess að upplýsa um takmörk milli Vilborgarkotslands og aðliggjandi jarða, þ.e. Hólms, Helliskots (Elliðakots) og Miðdals. Í skjali sem útbúið var vegna þeirrar framkvæmdar kemur eftirfarandi fram:

Efter Tilsigelse var mödt ved Forretningen Eierne af Middal og Helliskot Gudmundur og Jon. Ligeledes var tilstede landsetin a Holmi og hreppst. Einar á Gröf. Efter at have beseet Jorderne (?) udklærede Mændene, at Ingen af dem ammodede eller vidste hvad Land i sin Tid havde hørt til Vilborgarkot, da dette ikke i umindelige Tider [síðasta orðið yfirstrikað] havde været byggt neinn. Der med var det dem bekjendt at saakaldet Vilborgarkotsland i umindelig Tid har været benyttet fra Holmi og Helliskot baade som Slælandi og som Torveskær og [Motak yfirstrikað] i særdeleshed fra Holmi, men hvorvidt der maatte vær tilstrækkelig Slægelandi og Motak i Holmi naar dette blev lagt ud til selv stændig Eiendom kunne de ikke sige bestemt dog maat<t>e [??] de formene at Slægelandet til Holmi vilde blive i hoi Grad forringet.

At der ved den nye Jordbonitering og Ansættelse til Dyrhed af Holmi var taget Hensyn til Vilborgarkots Landet troede de dog ikke (?). I övrigt findes aldeles ingen Landemerker mellem Holmi og Vilborgarkot imod Vest (?), hvorimod Holmi á dannede Grændsen paa den anden Side, liegsom der ogsaa vare Lande mærker mellem Vilborgarkot, Helliskot og Middal. Da maat<t>e endvidere formene at Landskylden fra Vilborgarkot var kommet til Helliskot, idet at denne var 3 Vættir cf. 10 hndr. epter gamli mat, men hvorvidt der nogen Tid havde været 5 Qvilder paa Holmi vidste de ikke. Selvfølgelig maatte de ansee det for at forringe Holmi om der blev udlagt Jord til Vilborgarkot.

Da ingen videre Oplysinger var et erholde blev Forretningen sluttet.²⁷⁹

Amtmaður fyrirskipaði sýslumanni að gera aðra áreið á landið því að Jón Bjarnason væri farinn að yrkja það og byggja þar bæ. Hann taldi augljóst að skilgreina bæri Vilborgarkot sem afbýli en ekki nýbýli en eftir tilskipun frá 15. apríl 1776 yrði slík áreið að fara fram svo að hægt væri að ákveða afgangið og það land sem með ætti að fylgja. Sýslumaður kvaddi því fjóra menn til áreiðar og til útmælingar lands handa Jóni en auk hans mætti m.a. eigandi Helliskots. Áreiðin fór fram þann 7. september

²⁷⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 287.

²⁷⁹ Skjal nr. 2(143) a–b.

1863. Matsmennirnir úthlutuðu Jóni land með ummerkjum og mátu það til átta hundraða sem skiptist jafnt úr landi Hólms og Helliskots (Elliðakots) og var landskuldin ákvörðuð tvær vættir sem einnig skiptist til helminga milli sömu jarða. Hluti áreiðargerðarinnar fer hér á eftir.

[Áreiðarlýsingin er í tveimur gerðum: 1) úr aukadómsmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1862–1866 (Gull. og Kjós. V. 11) og 2) úr málsskjöllum Landsyfirréttar 1873 (Skjalasafn Landsyfirréttar, askja nr. 95) (sbr. skilabréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 2. febrúar 2004). Hér er farið eftir textanum í aukadómsmálabókinni]:

Fyrir Austan frá Hórnið í ána þar sem ósin fellur í ána og þar sem ósin tilvísar uppí grasþúfu í útnorður frá Helliskoti, frá þeirri þúfu með Miðdalsmörkum í Sólheimatjörn, þaðan frá vestri endi [enda] af Sólheimatjörn, og þvert suður í grjótlág við ána fyrir austan Hólm, og þaðan fram með áni, fyrir norðan, eptir Dugós.²⁸⁰

Eigandi Helliskots bað bókað, að þar eð hann að sínu leyti hefði gefið Jóni leyfi til að byggja Vilborgarkotsland, gæti hann ekki litið á kotið eins og nýbýli en heldur eins og afbýli frá Helliskoti, og áskildi hann sér rétt til að koma sér saman um byggingarskilmála við Jón.

Sem umboðsmaður konungsjarðanna í Gullbringusýslu áskildi sýslumaðurinn sér rétt til að gefa út byggingarbréf á þeim parti jarðarinnar sem gengur frá Hólmslandi eins og umboðsmaðurinn áskildi landsetunum í Hólmi rjett til 50 hesta af mó og 100 af torfristu í Vilborgarkotslandið.

Jón Bjarnason bað bókað, að hann samkvæmt tilsk. 15. apríl 1776 ætti að álíta, að hann hefði rétt til að heimta landið útmælt með nýbýliserétti eins og hann mótmælti að landsetinn í Hólmi fékk leyfi til að taka torfristu í Vilborgarkotslandið.²⁸¹

Næst barst málið inn á borð dómsmálastjórnarherra en amtmáður skýrði frá því að Jón hefði krafist að landið yrði útlagt sér sem nýbýli til óðals og eignar. Dómsmálaráðherrann tók hins vegar undir álit amtmanns um að líta bæri á landið sem afbýli frá Hólmi og Helliskoti.²⁸² Jón lét það hins vegar sem vind um eyru þjóta og byggði sér bæ á landinu án þess að borga nokkuð fyrir. Umboðsmaður konungsjarða fór loks í mál við Jón árið 1872 sem andaðist meðan á málinu stóð en því var haldið áfram gegn ekkju hans.

Þann 16. apríl 1873 var kveðinn upp dómur í máli sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, H. Clausen, sem umboðsmaður konungsjarða höfðaði gegn Dómhildi Jónsdóttur, ekkju Jóns Bjarnasonar, bónda í Vilborgarkoti, vegna gjalda sem hann taldi að henni bæri að greiða býlinu Hólmi. Sýslumaðurinn byggði

²⁸⁰Texta sem er samhljóða þessum í öllum aðalatriðum er að finna í jarðaskjöllum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í skýringu við þann texta kemur fram að Dugós sé afbökun úr ornefninu Gudduós. Skjal nr. 2(102).

²⁸¹Skjöl nr. 2(55) og 2(97).

²⁸²Bréf dómsmálaráðuneytisins til stiftamtmanns frá 1. júlí 1864 er að finna í *Lovsamling for Island*, 19. b. Oddgeir Stephensen gaf út. Kaupmannahöfn. 1885. S. 90–92.

kröfu sína á því að í kjölfar útmælingar á Vilborgarkotslandi, sem fram fór í september árið 1863 vegna þess að Jón Bjarnason hugðist reisa þar býli, hefðu yfirvöld komist að því að Vilborgarkotsjörðin teldist afbýli frá jörðunum Helliskoti og Hólmi og því bæri eiganda jarðarinnar að gjalda þeim ákveðna landskuld árlega.

Þessar greiðslur höfðu, líkt og þegar hefur verið minnst á, aldrei verið inntar af hendi.

Þessum málatilbúnaði var mótmælt af hálfu hins stefnda. Að hans sögn hafði Vilborgarkot verið jörð út af fyrir sig til forna sem síðan hefði lagst í eyði. Hún hefði síðan fallið undir Helliskot. Hólmur ætti því engar kröfur á hendur henni. Jafnframt krafðist verjandinn þess að Vilborgarkot yrði viðurkennt sem nýbýlisland. Niðurstaða dómsins var sú að Dómhildi bæri að greiða landskuldina til Hólms. Dómurinn vísaði kröfu hins stefnda um nýbýlisrétt Vilborgarkots frá. Í dómnum kom einnig fram að Vilborgarkot væri gömul eyðijörð.²⁸³

Dómhildur skaut þessum dómi til yfirdóms og var mál hennar gegn umboðsmanninum tekið fyrir 21. júlí 1873. Það sem dómurinn tók sér fyrir hendur var að rannsaka var hvort Dómhildi bæri að greiða umrædda landskuld eða ekki. Til þess að hægt væri að krefjast slíkrar greiðslu yrði að sanna að hluti af því landsvæði sem bónda hennar var útvísað hafi verið konungseign en það hefði ekki verið gert.

Dómurinn taldi að slík sönnun fælist ekki í ofanefndum amtsbréfum og þó að Vilborgarkot hafi verið notað að miklu leyti af Hólmi meðan jörðin var í eyði þá sannaði það ekki að nokkur hluti þess landsvæðis hafi legið undir Hólmi. Einnig sýni oftnefnd áreiðargerð að við síðasta jarðamat hafi ekki verið tekið tillit til afnota Hólms af landi Vilborgarkots. Þvert á móti virðist því sannað að Vilborgarkot hafi verið sérskilin jörð til forna og legið í eyði þangað til Jón Bjarnason reisti þar bú og hóf að yrkja landið. Því virtist umboðssjóðurinn ekkert eignartilkall geta gert til jarðarinnar. Ekki væri heldur hægt að sjá að Jón hefði skuldbundið sig til þess að greiða umrætt gjald þótt undirdómarinn hafi litið svo á því að við útvísunargerðina tók Jón fram að ekki yrði litið á sig sem leiguliða heldur sem nýbýlisstofnanda samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776. Reyndar virtist Jón ekki hafa fengið útvísun eftir nýbýliltilskipuninni en það veitti hinu opinbera ekki rétt til að krefjast gjaldsins. Því að á Íslandi teljist það land sem enginn er eigandi að ekki konungseign heldur almenningur sem lýtur ákveðnum reglum.

Dómurinn sýknaði Dómhildi fyrir kröfum umboðsmannsins en hún varð að greiða málskostnað í héraði eins og undirrétturinn hafði kveðið á um.²⁸⁴

Þorsteinn Jónsson veðsetti Vilborgarkot þann 6. júlí 1881. Veðskuldabréfið var lesið á manntalsþingi á Lágafelli þann 6. júní 1884. Skráningu veðsins fylgir eftirfarandi athugasemd:

²⁸³Skjal nr. 2(157).

²⁸⁴Lyfrd. eldri (1871–1874) XI, bls. 229.

Hvorki veðseljandi né veðkaupandi hafa þinglesna eignarheimild fyrir hinni veðsettu eign.

[Kristján Jónsson]²⁸⁵

Vilborgarkot var aftur undirrót deilu- og dómsmáls í upphafi 9. áratugs 19. aldar. Deila þessi var að mörgu leyti svipuð þeirri sem hafði risið upp um áratug fyrr. Nú sem þá snerist hún um hvort eigandi jarðarinnar skuldaði býlinu Hólmi landskuld. Stefningandinn í málinu, sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sem umboðsmaður þjóðjarða í sýslunum, taldi svo vera en hinn stefndi, Þorsteinn Jónsson í Vilborgarkoti, var því ósammála. Hann taldi að sýslumaðurinn yrði, ef hann vildi fá kröfu sína uppfyllta, að sanna eignarrétt landssjóðsins til nokkurs hluta úr jörðinni Vilborgarkoti og það hefði hann ekki gert. Vísaði hann í því tilefni til úrskurðar Landsyfirréttar frá 21. júlí 1873.

Dómurinn, sem kveðinn var upp 30. mars 1882, komst að þeirri niðurstöðu að Þorsteinn Jónsson væri sýkn af kröfum stefnandans. Í dómnum kom einnig fram að þótt ábúendurnir á Hólmi hefðu, meðan Vilborgarkot var í eyði, notað landið til slæгна og torfristu þá teldust þeir ekki hafa neinn eignarrétt yfir landinu.²⁸⁶

Þessum dómi var áfrýjað til yfirréttar og málið tekið til dóms þann 29. október 1883. Meðal þess sem farið var fram á var að Þorsteinn léti af hendi, við umboðsmann þjóðjarða og undir hans umráð sem eign landssjóðs, þann hluta Vilborgarkots sem mældur var út úr landi Hólms 7. september 1863. Nú vildi áfrýjandi, eins og fram er komið, að umráðamaður Vilborgarkots léti af hendi hálf t landið við umboðssjóð.

Í niðurstöðu dómsins var vakin athygli á því að Jón Bjarnason hefði ekki fengið sams konar útvisun á landinu og rætt er um í tilskipuninni frá 15. apríl 1776. Að sama skapi hafði ekkert komið fram sem sannaði eignarrétt Jóns eða eftirkomenda hans til Vilborgarkots eins og það var útmælt 7. september 1863. Hins vegar virðist í ofangreindum amtsbréfum að Vilborgarkot hafi verið eyðijörð fyrir 1863 með sérstakri landareign og í áreiðargerðinni 21. júlí 1863 kemur fram að til séu landamerki fyrir Vilborgarkoti gagnvart Helliskoti, Miðdal og að einhverju leyti gagnvart Hólmi. Dómurinn taldi sannað að nokkur hluti Vilborgarkotslands sem var útmælt 7. september 1863 hafi um langan tíma verið notaður frá Hólmi. Aftur á móti væri ósannað að þessi landshluti hafi verið notaður sem Hólmseign og eðlilegast virtist að ætla að hann hafi verið notaður þaðan sem almenningur því að Vilborgarkot lá í eyði. Ekkert hafði því komið fram sem sannaði að Hólmur ætti eignartilkall til nokkurs hluta þess lands sem Vilborgarkoti var útmælt 7. september 1863 og því síður hvern eða hve mikinn hluti landsins Hólmur hefði gert eignartilkall til. Enda hefði áfrýjandinn ekki tilgreint með landamerkjum í réttarkröfu sinni hvaða hluta núverandi Vilborgarkotslands hann krefðist heldur aðeins að landssjóður endurheimti þau fjögur

²⁸⁵Skjal nr. 2(246).

²⁸⁶Skjal nr. 2(159).

hundruð úr landi Vilborgarkots sem mæld voru út úr landi Hólms 7. september 1863. Þó bæri að athuga að útmælingarmennirnir höfðu einungis umboð til þess að ákveða takmörk þess lands sem þeir mældu út handa Vilborgarkoti. Útmælingin sanni því ekki hvort nokkuð eða hve mikið land hafi verið mælt út úr Hólmslandi handa Vilborgarkoti. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að hinn áfrýjaði aukaréttardómur skyldi standa óraskaður.²⁸⁷

Umboðssjóður Kjósar- og Gullbringusýslu undi ekki ofangreindum úrskurði og fór með málið fyrir æðri dómstól. Þann 17. október 1887 tók Hæstiréttur fyrir mál umboðssjóðs gegn Sæmundi Sæmundssyni vegna Þorsteins Jónssonar umráðamanns Vilborgarkots. Hæstiréttur benti á að fullsannað þætti að Vilborgarkot hefði í ómunatíð verið óbyggt og í eyði og þar sem ekkert hafi komið fram sem sýndi að jörðin hafi verið sjálfstæð bæri að álíta sem svo að land hennar hafi a.m.k. að nokkrum hluta tilheyrt Hólmi. Bent er á að hinn stefndi hafi, við áreiðar- og skoðunargerð sem fram fór eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp þann 29. október 1883, viðurkennt að land Vilborgarkots hafi um langt skeið fyrir 1863 verið notað af Hólmsábúanda til allra leiguliðaafnota. Talið var að amtmaður, sem átti að ákveða hvort útmæling landsins gæti farið eftir tilskipun um nýbýli frá 15. apríl 1776, hafi ekki litið á Vilborgarkot sem sjálfstæða jörð. Vísað er á bréf hans frá 10. ágúst 1863 því til merkis en þar segir hann að ekki geti verið um stofnun nýbýlis að ræða heldur einungis afbýlis frá Hólmi og Helliskoti.

Með útmælingargerð Vilborgarkots að skipan amtmanns, sem gerð var 7. september 1863 og samþykkt af eiganda Helliskots og umboðsmanni konungsjarða, fór fram löggild útvísun samkvæmt nýbýliltilskipuninni. Með henni var Jóni Bjarnasyni ekki útvísað jörðin til eignar en ekkja hans og börn skyldu ganga fyrir við ábúð, auk þess sem hann og ekkja hans voru undanskilin greiðslu landskuldar og afgangalds í tuttugu ár. Fram kom að ábúandinn hefði neitað að greiða landskuld til landssjóðsins. Þrátt fyrir að skilyrði, eftir nýbýliltilskipuninni til þess að heimta afgangið, hafi verið fyrir hendi við upphaf málsins vantaði heimild til að álíta að neitunin gæti haft aðrar afleiðingar en þær að afgangið hefði átt að innheimtast á löglegan hátt.

Þar sem ekki var farið fram á að skylda Þorstein Jónsson til þess að víkja af þeim býlisparti sem málið snerist um á þeim forsendum að hann væri ekki lengur í eignarhaldi nokkurra þeirra skyldmenna sem nýbýliltilskipunin tilgreinir, þá sá Hæstiréttur sér ekki fært annað en að sýkna hann.²⁸⁸

Aukaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu var settur að Elliðavatni þann 10. október 1884. Kristján Jónsson sýslumaður og útnefndir áreiðarmenn riðu á þann hluta Vilborgarkots sem áður hafði verið notaður frá Hólmi og áttu að kveða upp um

²⁸⁷Lyfrd. (1874) II, bls. 255.

²⁸⁸Lyfrd. eldri (1874) III, bls. 244.

mörk hans, stærð og gæði. Nánar er greint frá þessu máli í kaflanum um Hólm hér að framan.²⁸⁹

Þann 14. október 1902 var tekið fyrir í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu landamerkjumál Guðmundar Magnússonar í Elliðakoti gegn umboðsmanni þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi. Guðmundur hafði krafist þess að sér, sem eiganda Vilborgarkots, yrði dæmt tiltekið þrætuland. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Hólm hér að framan.²⁹⁰

Engin afsöl finnast fyrir Vilborgarkoti frá síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. Áður hefur verið nefnd veðsetning Þorsteins Jónssonar árið 1881. Síðar hefur Guðmundur Magnússon í Elliðakoti eignast jörðina en ekki þinglýst afsali. Hins vegar eru til veðsetningar frá hans hendi. Þann 14. nóvember 1889 veðsetti Guðmundur t.d. jörðina. Í veðskuldabréfinu stendur eftirfarandi:

Til tryggingar ... veðset ég ... Vilborgarkot ... eins og ég á hana samkvæmt kaupbrjefi dags. í dag.²⁹¹

Í byrjun 20. aldar veðsetti Guðmundur Magnússon, bóndi á Geithálsi, jarðirnar Elliðakot og Vilborgarkot ásamt Geithálsi nokkrum sinnum t.d. þann 22. desember 1912 og 1. október 1915.²⁹²

Helgi Jónsson seldi Sigvalda Jónssyni húseignina Geitháls þann 10. maí 1928,²⁹³ þ.á.m.:

...allar girðingar og mannvirki, sem þar eða í Vilborgarkotslandi eru ...

Um leið seldi Helgi Sigvalda:

...alt það sem talið hefir verið að fylgja Geithálsi að undanskilinni landspildu 100 x 150 metra, sem afsöluð er til Egils Jacobsen 27/10. 1921, og svonefndum Hólmmum, sem eru sunnanmegin við Hólmsá, beggjamegin við þjóðveginn austur.

Helgi seldi Sigvalda með sama afsalsbréfi eyðijörðina Vilborgarkot. Samkvæmt því:

...ræður Hólmsá landamerkjum að sunnan, en í öðrum áttum takmarkast land þetta af landi næstliggjandi jarða.

Á afsalsbréfið hefur verið skrifuð eftirfarandi athugasemd:

Eignarheimild seljanda ekki þinglesin.

Ekki verður séð af veðmálabókarregistrum, hvernig Helgi eignaðist jörðina.²⁹⁴

²⁸⁹Skjal nr. 2(213) a–b.

²⁹⁰Sjá skjal nr. 2(177). Sama texta er að finna í skjali nr. 2(218).

²⁹¹Skjal nr. 2(247).

²⁹²Skjal nr. 2(248).

²⁹³Skjal nr. 2(249).

²⁹⁴Skjöl nr. 4(79, 82 og 94).

Árið 1932, nánar tiltekið þann 27. desember, var Vilborgarkot ásamt Geithálsi lagt út Sturlu Jónssyni, sem hafði orðið hæstbjóðandi í eignirnar á uppboði 16. desember þ.á. Þinglesinn eigandi var Sigvaldi Jónsson.²⁹⁵

Síðan hafa Geitháls og Vilborgarkot gengið sölum og erfðum.²⁹⁶

Þann 11. júní 1940 sömdu umráðamenn Vilborgarkots eftirfarandi yfirlýsingu:

Við undirskrifaðir Gunnar S. Sigurðssonar, Gunnarshólma sem leiguhafi að Vilborgarkotslandi í Mosfellssveit og ég Úlfar Bergsson eigandi Vilborgarkots í Mosfellssveit gjörum svofeldar breytingar á leigusamningi er getur um í leigusamningi upphaflega við Þóru Árnadóttur útg. 26/7 1935, að landamerki verði sem hér segir úr eystra horni á girðingu sem umlíkur land frá Jakobssen og kallaður er Dalur í beina línu í miðja Sólheimatjörn.²⁹⁷

5.15. Geitháls

Í byrjun 20. aldar veðsetti Guðmundur Magnússon, bóndi á Geithálsi, jarðirnar Elliðakot og Vilborgarkot ásamt Geithálsi, sem upphaflega virðist aðeins hafa verið húseign í landi Elliðakots samkvæmt fasteignamati 1916–1918, nokkrum sinnum. Nánar er sagt frá þessu í kafla 5.14 um Vilborgarkot.

Um nýbýlið Geitháls sem byggt var úr landi Helliskots segir í fasteignamatinu 1916–1918:

Lml. engin send né fundin.

... hið aflagða (Vilborgar- eða) Borgarkotstún nú aðeins vellisgrund. ...

Útslægjur, Borgarkotsmýri ... (en auk þess notar ábú. nú ½ „Nátthaga“ frá Elliðakoti).

...

Land er hagsælt sauðland nærri...²⁹⁸

Samkvæmt fasteignamatinu 1932 hefur Dalsland gengið undan jörðinni.²⁹⁹

Húseignin Geitháls ásamt eyðijörðinni Vilborgarkoti var seld 10. maí 1928.³⁰⁰

Árið 1932 var Vilborgarkot ásamt Geithálsi lagt út Sturlu Jónssyni, sem hafði orðið hæstbjóðandi í eignirnar á uppboði 16. desember þ.á.³⁰¹ Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.14 um Vilborgarkot.

²⁹⁵Skjal nr. 10(2).

²⁹⁶Skjöl nr. 10(3)–10(8), sbr. skjal nr. 10(9).

²⁹⁷Skjal nr. 2(13).

²⁹⁸Skjal nr. 2(109) a–b.

²⁹⁹Skjal nr. 2(118).

³⁰⁰Skjal nr. 2(249).

³⁰¹Skjal nr. 10(2).

5.16. Geirland

Í lýsingu Miðmundamýrar í fasteignamatinu 1916–1918 segir að hún sé slægjublettur og beitarrand sem selt var frá Elliðakoti 1914. Í athugasemd frá 1930 í sama fasteignamati segir að Geirland sé tekið af Miðmundamýri.³⁰²

Fram kemur í fasteignamatsyfirliti fyrir Mosfellshrepp frá 1930 að Geirland sé nýbýli úr Elliðakoti.³⁰³

Eigandi Lögbergs/Lækjarbotna seldi Sigurjóni Ólafssyni, Geirlandi í Seltjarnarneshreppi, hluta úr svonefndri Miðmundamýri, 24. apríl 1935.³⁰⁴ Miðmundamýri var hluti Elliðakotslands en seld undan því m.m. 14. mars 1911.³⁰⁵

Þann 10. desember 1948 var Seltjarnarneshreppi skipt í tvennt skv. bréfi félagsmálaráðuneytisins. Komu Lækjarbotnar í hlut Kópavogshrepps og voru landamerki Gunnarshólma, Geirlands og Lækjarbotna í norður- og austurmörkum.³⁰⁶

Eigendur Geirlands og eigendur Miðmundamýrar og Miðmundahóla lýstu mörkum milli eignanna þannig 16. október 1987:

Gerðing sú, sem nú er og verið hefur til fjölda ára á holti á austurmörkum Geirlands, ræður mörkum frá Elliðakotsá, þar sem holt þetta gengur lengst út í ána, eftir holtinu austanverðu, sjá línu merкта A á meðfylgjandi uppdraetti, að skurði sem er nyrst í Miðmundarmýri, merktur B á ofanefndu korti. Þaðan ræður sá skurður að gömlum skurði austan við og samhliða afleggjara frá Geirlandi merktur C á kortinu, og ræður hann merkjum að Suðurlandsvegi.

Fylgdu öll gögn og gæði til lands og vatns þessu selda landi.³⁰⁷

Ljóst er að Geirland liggur utan kröfusvæðis en eigandi gerir kröfu til eignarréttar í „afrétti“ Seltjarnarness hins forna.³⁰⁸ Í máli þessu eru lagðir fram fjallskilaseðlar Kópavogskaupstaðar haustin 1991, 1998, 2001 og 2002 þar sem fjallskil eru lögð á eiganda Geirlands.³⁰⁹

5.17. Elliðakot (Helliskot)

Þeir Páll Stígsson hirðstjóri og Gísli biskup Jónsson höfðu með sér jarðaskipti á Bessastöðum 27. september 1563. Meðal þeirra jarða sem hurfu undan Skálholtsstól og í konungseign við skiptin var Helliskot sem var átta hundruð að dýrleika.³¹⁰

Helliskot var selt úr jarðasafni konungs þann 17. maí 1837.³¹¹

³⁰²Skjal nr. 2(109) a–b.

³⁰³Skjal nr. 2(140).

³⁰⁴Skjal nr. 4(112).

³⁰⁵Skjal nr. 13(2).

³⁰⁶Skjal nr. 24(7).

³⁰⁷Skjal nr. 14(3).

³⁰⁸Skjal nr. 14.

³⁰⁹Skjöl nr. 14(5)–14(8).

³¹⁰*Íslenzkt fornbréfasafn* XIV. b. S. 155–156.

³¹¹Skjal nr. 4(48).

Staða grenjasvæðis í nágrenni Helliskots var inntak vitnisburðar sem fyrrverandi ábúandi býlisins gaf þann 21. júní 1838. Samkvæmt ábúandanum var grenjasvæðið á hrauntanganum fyrir sunnan Helliskotsbú austan Hólmsbúfjárhaga. Grenjaplássið lá í „afrétti“ nálægt Helliskotsbúfjárhögum og höfðu íbúar Helliskots einna mest not af því landi. Að sögn ábúandans fyrrverandi skeyttu hreppstjórnir í Seltjarnarnes- og Mosfellssveitarhreppum ekki um grenjavinnslu þarna þó að landið væri í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þessi frásögn var staðfest af staðkunnugum manni þann 23. júní sama ár.³¹²

Þann 23. nóvember 1840 náðist samkomulag í landamerkjadeilu jarðanna Helliskots (Elliðakots) og Hólms. Hinu umdeilda landi var skipt eftir línu frá Gudduósi yfir Hraunnefið sunnan við Sellæk og í punkt, sem lá um 30 föðmum vestan við svonefnda Tvísteina. Í skýrslunni, sem samin var vegna þessa samkomulags, kemur einnig fram að:

... 30 Favne vestenfor de saakaldede „Tvísteinar“, hvilket Grændseskjæl dog ikkun gjelder i Henseenede til Skovhugst; hvorimod hele Austurhraunind som hidindtil ogsaa herefter fra Helliskot og Holmi i Fælledsskab afbenyttes til Græsning.

Det vedtages derhos, at Indklagede Haldor Snorrasen og Gunnlaugur Gudmundsson ved tiltagne gode Mænd opføre en Skjældsteen paa „Hrossbeinahædum“ hvorpaa hvert [?, þetta orð verður ekki lesið, svo að öruggt sé; sömuleiðis er það ógreinilegt í sáttabókinni] Punkt er beliggende, samt at indhugge „Tvísteina“ dette Navn.

Sáttargerð þessi var þinglesin 7. og 9. júlí 1841.³¹³

Í jarðamati sem unnið var árið 1849 er eftirfarandi umsögn um Helliskot (Elliðakot):

Útrymi mjög mikið. Lítilsháttar skógarló. Sumarhagar ágjætir. Vetrararbeit í betra lagi.³¹⁴

Þann 21. júlí 1863, í kjölfar þess að Jón Bjarnason lýsti yfir áhuga sínum á að byggja upp Vilborgarkot, var byrjað á að mæla út landamerki Vilborgarkots til að upplýsa um takmörk milli þess og aðliggjandi jarða, þ.e. Hólms, Helliskots (Elliðakots) og Miðdals. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Vilborgarkot.

Í aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu í Reykjavík þann 28. ágúst 1880 voru útnefndir áreiðarmenn að beiðni Guðmundar Magnússonar í Elliðakoti til þess að gera áreið á landamerki Elliðakots að sunnan, sérstaklega hvað snertir svokallaðan Átthaga eða Nátthaga og Miðmundamýri.³¹⁵

³¹²Skjal nr. 2(100).

³¹³Skjöl nr. 2(104) og 2(164) a–b.

³¹⁴Skjal nr. 2(117).

³¹⁵Skjal nr. 2(211) a–b.

Að álitni áreiðarmanna í aukarétti 1. september 1880 var það samdóma álit þeirra.

að merki Helliskotslands að sunnan sje syðsta kvísl Fossvalla-ánna niður að lækjar-móti (þar er Lækjarbotna-lækur kemur saman við ofanefnda kvísl), þannig að bæði nátthagi og miðmundamýri sje innan Helliskots-lands.

Töldu þeir það alls ekki geta verið „afréttarland“ sökum nálægðar við bæinn.³¹⁶ Réttur Elliðakots til hins umdeilda lands var staðfestur með dómi 12. janúar 1883.³¹⁷

Aukaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu var settur að Elliðavatni þann 10. október 1884. Kristján Jónsson sýslumaður og útnefndir áreiðarmenn riðu á þann hluta Vilborgarkots sem áður hafði verið notaður frá Hólmi og áttu að kveða upp um mörk hans, stærð og gæði. Jörðin Elliðakot kemur aðeins við sögu í þessu máli. Nánar er greint frá þessu máli í kafla 5.12 um Hólmi.³¹⁸

Landamerkjabréf varðandi landamerki Elliðakots var undirritað 28. júlí 1883 og þinglýst 4. júní 1890. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Að vestan og norðanverðu, Elliðaáin frá Heiðarstagli til austurs þar til Gudduós fellur í hana og svo ósinn sem hann nær uppí Selvatn, og svo Selvatnið, sem það nær lengst til austurs þar sem Sellækurinn fellur í það, þaðan beina stefnu til suðausturs yfir heiðina í Lyklafell sem það er hæðst, og svo eptir árfarinu frá Lyklafelli til austurs uppað stefnu beint frá Borgarhólum í Vífilfell sem er takmörk Árnassýslu.

Að austanverðu: frá árfarinu til suðurs eptir nefndri stefnu beint í Vífilfell.

Að sunnanverðu: frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatnasæluhús og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðrivötn niður að þúfu sem stendur á Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjarmóti niður hjá Hraunsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðarstagl.³¹⁹

Undir bréfið skrifar Guðmundur Magnússon. Landamerkin samþykktu Guðmundur Einarsson ábúandi Miðdals, Grímur Ólafsson, ábúandi á Hólmi, með þeim fyrirvara þó að yfirvaldið samþykkti þau, B. Sveinsson, eigandi Lækjarbotna, Halldór Jónsson, ábúandi Vilborgarkots, og Jón Árnason oddviti vegna Ölfushrepps.

Í landamerkjabréfi, sem var þinglýst 10. júní 1890, er að finna útdrátt úr landamerkjaskrá Elliðakots. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.2 um stjórnsýslumörk.

³¹⁶Skjal nr. 2(227).

³¹⁷Skjal nr. 2(228).

³¹⁸Skjal nr. 2(213) a–b.

³¹⁹Skjal nr. 2(3).

Oddviti Seltjarnarneshrepps og bæjarfógetinn í Reykjavík, sem einnig sat í bæjarstjórn, gerðu landamerkjalyðingu fyrir „afréttarland“ Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæjar 16. september 1890. Eigandi Elliðakots neitaði að samþykka þessa merkjalyðingu og varð úr landamerkjamáli. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.25.6 um afrétt Seltjarnarneshrepps.

Þann 17. september 1890 fór fram rannsókn á heimildarlausri notkun á hrossum af hendi Guðmundar Magnússonar í Elliðakoti í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Forsaga málsins var sú að um sumarið hafði Guðmundur veitt Jóni Jónssyni á Kolviðarhóli leyfi til þess að slá í svokölluðum Fóelluvötnum fyrir norðan árfarið en Guðmundur taldi sig eiga það land. Yfirvöld í Reykjavík og Seltjarnarnesi voru ekki sammála Guðmundi um eignarréttinn á svæðinu og dag einn fór Ingjaldur Sigurðsson, hreppstjóri í Seltjarnarneshreppi, upp í Fóelluvötn og skipaði svo fyrir að farið yrði með heyið, sem Jón var búinn að slá, til Lækjarbotna. Þegar Guðmundur frétti af þessum aðgerðum brást hann hinn versti við, elti uppi heylestina og náði henni á sitt vald. Hann flutti heyið síðan heim til sín en skilaði hestunum síðar. Í kjölfarið var hann kærður af yfirvöldum.

Fyrir lögregluréttinum rökstuddi Guðmundur eignarhald sitt á Fóelluvötnum fyrir norðan árfarið með því að vitna til áðurnefndrar áreiðargerðar 1. september 1880 og dómsins frá 12. janúar 1883. Guðmundur studdist líka við vottorð frá hreppstjóranum í Mosfellshreppi, frá 7. september 1890, um að heyið hefði verið slegið fyrir norðan aðalárfar Fossvallaár en það land sagðist Guðmundur eiga. Hann benti líka á, máli sínu til stuðnings, að í kæru bæjarfógetans í Reykjavík og hreppstjórans í Seltjarnarneshreppi frá því um sumarið [12. ágúst 1880] væri tekið fram að heyið hefði verið slegið fyrir sunnan Fossvallaána.

Eftir vitnaleiðslur var Guðmundi tilkynnt um að mál yrði höfðað gegn honum vegna uppátækis hans.³²⁰

Kæra bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps á hendur Guðmundi Magnússyni, bónda í Elliðakoti (Helliskoti), vegna landamerkja jarðarinnar og „afréttarlands“ hreppanna var lögð fyrir merkjadóm Gullbringu- og Kjósarsýslu um miðbik árs 1891. Krafa stefnenda var sú að landamerki „afréttarlands“ hreppanna skyldu vera:

Fyrst að norðanverðu, úr svokölluðu Hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland og svo eptir hraunhólum þeim, sem liggja úr hraunsnefinu beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí Áttthaga- (eða Nátthaga)vatn, og svo eptir því miðju þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan Áttthagann, og sem sú á ræður suða<u>stur með heiðarbrúninni; svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar eptir árfarvegi, og í aðal-Fossvallaána, þar sem hún fellur

³²⁰Skjal nr. 2(220).

niður úr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni; svo ræður sú á, sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóelluvötn allt upp fyrir norðan ás þann, er skilur Efri- og Neðri-Vötn, þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn, sem liggur sunnan undir Lyklafelli og eptir þeim farveg austur og uppí sýslumörk.³²¹

Guðmundur Magnússon hélt því aftur á móti fram að landamerkin ættu að vera:

Að vestan og norðanverðu: Elliðaáin frá Heiðartagli til austurs þar til Gudduós fellur í hana og svo ósinn, sem hann nær uppí Selvatn, og svo Selvatnið sem það nær lengst til austurs þar sem Sel-lækurinn fellur í það; þaðan beina stefnu til suðausturs yfir heiðina í Lyklafell þar sem það er hæzt, og svo eftir árfarinu frá Lyklafelli til austurs upp að stefnu beint frá Borgarhólum í Vífilfell, sem er takmark Árnessýslu. Að austanverðu: frá árfarinu til suðurs eptir nefndri stefnu beint í Vífilfell. Að sunnanverðu: frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatna-Sæluhús og svo eptir árfarinu fyrir sunnan neðri-Vötnin að þúfu, sem stendur á holtstanga fyrir neðan neðri-Vötn; þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjarmóti, niður hjá Hraunsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðartagl.³²²

Eitt af því sem umboðsmenn stefnenda og hins stefnda deildu um fyrir dómi var hvaða sveitarfélagi þrætulandið tilheyrði. Stefnendurnir í málinu héldu því fram að það lægi í Seltjarnarneshreppi innan Gullbringusýslu en umboðsmaður hins stefnda bar brigiður á þá staðhæfingu.³²³

Fyrir dómi³²⁴ minntist umboðsmaður stefnenda á að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps hefði ekki getað samþykkt landamerki Elliðakots. Hann lagði líka fram yfirlýsingu þrjátíu og fimm manna, undirritaða í Villingaholtshreppi þann 16. júní 1891, um að Fóelluvötn teldust „afréttarland“ Seltjarnarneshrepps og áfangastaður fyrir ferðamenn.³²⁵ Fyrir réttinn komu einnig nokkur vitni sem sögðu að Efri-og Neðri-Fóelluvötn tilheyrðu Seltjarnarnes- og Reykjavíkurafrétti³²⁶ og að eigendur Elliðakots³²⁷ hefðu ekki talið Fóelluvötn í sinni eigu. Nokkur vitnanna voru gagnspurð af umboðsmanni hins stefnda sem vildi m.a. fá að vita hvort þau könnuðust

³²¹Skjal nr. 2(160).

³²²Skjal nr. 2(160).

³²³Skjal nr. 2(216).

³²⁴Skjal nr. 2(216) (skjal # 25, lagt fram 19. september 1891).

³²⁵Skjal nr. 2(161).

³²⁶Tvö vitnanna minntust á að þessum afrétti tilheyrði, eða hefði tilheyrt, einnig Sauðafell, Selfjall og Lakheiði.

³²⁷Eitt vitnanna var sonur fyrrverandi eiganda Elliðakots.

við að Mosfellshreppur hefði nýtt sér Fóelluvötn sem „afréttarland“ og kannaðist eitt vitnanna við það.³²⁸

Merkjadómurinn kvað upp úrskurð sinn þann 19. september 1891. Dómendum þóttu rök hins stefnda haldbetri og kváðu þeir upp eftirfarandi úrskurð:

Landamerki milli afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps gagnvart Helliskoti (Elliðakoti) eiga að vera: Aðal-farvegur Lyklafellsárinnar úr Nautapollu allt að suðurenda Vatnaássins, þar sem farvegurinn kvíslast; úr því ræður nyrðri farvegurinn þangað til hann kemur í Fossvallaa. Að öðru leyti eiga málspartar að vera sýknir hvor af annars kærnum og kröfum í máli þessu.³²⁹

Stefnendur áfrýjuðu dómnum til Landsyfirréttar og komst hann að þeirri niðurstöðu að merkjadómurinn hefði ekki staðið nægilega vel að úrskurði sínum þegar hann dæmdi undir Elliðakotsland nokkurn hluta, eða nyrðri partinn, af svokölluðum Efri-Vötnum frá Nautapollu og niður fyrir Vatnaásinn. Þannig hefði hann t.d. ekki lagt dóm á alla kröfulínuna sem um var deilt heldur aðeins spottann að svokölluðum Nautapollu. Í dómi Landsyfirréttar kom einnig fram að ýmis vel kunnug vitni hefðu borið að bæði Efri- og Neðri-Fóelluvötn hefðu um langan aldur verið notuð sem „afréttarland“ Seltjarnarnesshrepps og Reykjavíkur, nokkuð sem hinn stefndi hefði viðurkennt, a.m.k hvað Reykjavík snerti. Einnig væru allar líkur á því að hreppatakörkin milli Seltjarnar- og Mosfellshreppa skildu öll Fóelluvötnin frá heimalandi Elliðakots. Í Landsyfirréttardómnum var líka vikið að vörnum hins stefnda og þótti dómendum þær ómerkilegar. Það var því niðurstaða Landsyfirréttar að málið skyldi sent aftur til merkjadómsins.³³⁰

Við endurflutning málsins fyrir merkjadómi, nánar tiltekið þann 12. apríl 1892 kom fram að hinn stefndi, þ.e. eigandi Elliðakots, hefði lýst því yfir að hann félli frá kröfu þeirri sem hann gerði í merkjalýsingu sinni varðandi landið fyrir ofan Nautapoll fyrir sunnan Lyklafell.³³¹ Sama dag, þ.e. 12. apríl, kvað merkjadómurinn upp úrskurð sinn. Dómurinn, sem var ekki að öllu leyti sáttur við röksemdafærslu Landsyfirréttar, t.d. hvað varðaði eignarrétt stefnenda á Efri-Fóelluvötnum og þá ásökun hans að merkjadómurinn hefði ekki dæmt alla kröfulínuna, dæmdi að landamerki „afréttarlands“ Reykjavíkur og Seltjarnar- gagnvart Elliðakoti skyldu vera eftirfarandi:

Frá sýslumörkum eptir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapollu meðfram heiðarbrún (Elliðakotsheiði) í

³²⁸Skjal nr. 2(216).

³²⁹Skjal nr. 2(160). Dóminn er einnig að finna í skjalasafni sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, sjá VII, 22 (dómsskjöl), (6nr).

³³⁰Lyfrd. eldri (1874) IV, bls. 207.

³³¹Skjal nr. 2(217).

vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá.³³²

Líkt og fram hefur komið átti Guðmundur Magnússon í Elliðakoti (Helliskoti) í deilum við Seltjarnarneshrepp og Reykjavíkurbæ varðandi mörk Elliðakots og „afréttarlands“ sveitarfélaganna í upphafi 10. áratugar 19. aldar. Guðmundur reyndi að ná undir sig hluta hins umdeilda svæðis með því að leita eftir nýbýlisrétti í Fóelluvötnum og auglýsti hann ætlan sína í september 1891, m.a. í Landsyferrétti þann 21. þess mánaðar. Hinn 26. september sama ár sendi hann síðan inn umsókn um nýbýlið til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamti. Oddviti Seltjarnarneshrepps og formaður bæjarstjórnar Reykjavíkur mótmæltu áformum Guðmundar í bréfi sem þeir sendu amtmanninum þann 23. desember 1891. Meginrök þeirra voru þau að Fóelluvötn væru bróðurparturinn af upprekstrarlandi sveitarfélaganna. Nokkrum mánuðum síðar, nánar tiltekið 20. maí 1892 eða eftir að merkjadómur hafði kveðið upp úrskurð sinn í deilumáli Guðmundar og sveitarfélaganna tveggja, ítrekaði Guðmundur beiðni sína um nýbýli við amtmanninn yfir Suður- og Vesturamti. Þann 9. júlí sama ár hafnaði amtmaðurinn beiðni Guðmundar. Hann rökstuddi ákvörðun sína með því að nú hefði gengið dómur um að Seltjarnarneshreppur og Reykjavík ættu mest allt það land sem Guðmundur vildi fá og að sveitarfélögin notuðu Fóelluvötn sem „afrétt“. Guðmundur kvartaði yfir þessari niðurstöðu við landshöfðingjann en hann staðfesti úrskurð amtmannsins þann 6. desember 1892.³³³

Þann 14. október 1902 var tekið fyrir í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu landamerkjumál Guðmundar Magnússonar á Elliðakoti gegn umboðsmanni þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi. Guðmundur hafði krafist þess að sér, sem eiganda Vilborgarkots, yrði dæmt tiltekið þrætuland. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.12 um Hólm hér að framan.³³⁴

Eigandi Elliðakots/Helliskots seldi jörðina með tilteknum landamerkjum 10. janúar 1916. Þar er landamerkjum lýst svo og þau sögð í samræmi við þinglýst landamerki:

Frá há-Lyklafelli þvert suður í árfarið og svo eptir því niður í Fossvallaklif, þaðan fyrir austan Jósepsflöt í uppsprettu Elliðaanna, og eptir henni umkring Nátthagann, eptir nátthagavatni og svo anni þar til ósinn fellur í hana þaðan eptir honum upp í Selvatn, eptir því miðju þar til Sellækurinn fellur í það; þaðan sjónhending í Lyklafell, þar sem það er hæst. — Fyrir utan þessi merki er hálfur nátthaginn og hólarnir, og fylgir það ekki kaupinu. Ennfremur er undanskilin kaupinu stíflugarðurinn fyrir norðan ána hjá Miðmundahólum og viðhald hans.³³⁵

³³²Skjal nr. 2(162).

³³³Skjal nr. 2(188).

³³⁴Skjal nr. 2(177). Sama texta er að finna í skjali nr. 2(218).

³³⁵Skjal nr. 4(112).

Einnig seldi eigandi Elliðakots svonefnda Miðmundamýri með Miðmundahólum og Klofningum 14. mars 1911. Mörkum þess er lýst þannig.

Takmörk hinnar ofanrituðu landspildu eru þessi: Úr nyrðri Fossvallaklifi eptir árfarveginum eða Fossvallaánni eins og hún rennur nú næst fyrir sunnan og vestan svonefndan Nátthaga, norður í Nátthagavatn, þaðan eptir ánni sem úr því rennur niður að svonefndu Ósvaði og þaðan eptir girðingunni, eins og hún stendur núna sjónhending suður í læk fyrir norðan Hrauntjarnir og þaðan eptir læknum suður og austur í Pálspytt þaðan eptir árfarinu upp í Syðra Fossvallaklyf og svo áfram eptir árfarinu upp í Fossvallaána.³³⁶

Kaupandi var ábúandi á Lögbergi sem þá var annað nafn á Lækjarbotnum, sbr. veðmálaregistur fyrir Lækjarbotna.³³⁷

Um Elliðakot eða Helliskot segir fasteignamatið 1916–1918 að frá jörðinni sé dreginn Geitháls (= nýbýlið Borgarkot). Annars segir að landið sé bæði mikið og gott, skjól sé nægilegt og heiðlendið hallalítið. Neðar á blaðsíðunni er að finna athugasemd sem segir að frá sé tekinn hálfur Nátthagi, Miðmundamýri og Hraunhólmar. Einnig er þar að finna svohljóðandi athugasemd:

1930. Óbr. Hefur verið notuð sem selstaða. ... Arnabóls land, verðlítið, frátekið.³³⁸

Í sömu heimild segir um hálfan Nátthaga að hann hafi verið seldur undan Elliðakoti við sölu jarðarinnar 1915. Í athugasemd frá 1930 segir hins vegar að eigandi Elliðakots hafi síðar keypt þennan helming Nátthagans aftur og lagt til jarðarinnar.

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að Arnarholts-land (arðlaust holt) hafi gengið undan Elliðakoti og að jörðin hafi eignast hálfan Nátthaga (= allur Nátthagi).³³⁹

Þann 26. ágúst 1932 höfðaði hreppsnefnd Seltjarnarness mál gegn hreppsnefnd Mosfellshrepps til þess að fá það staðfest að nýbýlið Gunnarshólmi tilheyrði fyrrnefndum hreppi. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.12 um jörðina Hólmi.

Eigandi Lögbergs/Lækjarbotna seldi Sigurjóni Ólafssyni, Geirlandi í Seltjarnarneshreppi, hluta úr svonefndri Miðmundamýri, 24. apríl 1935.³⁴⁰ Miðmundamýri var hluti Elliðakotslands en seld undan því m.m. 14. mars 1911.³⁴¹

³³⁶Skjal nr. 4(112).

³³⁷Skjal nr. 4(93).

³³⁸Skjal nr. 2(109) a–b.

³³⁹Skjal nr. 2(118).

³⁴⁰Skjal nr. 4(112).

³⁴¹Skjal nr. 13(2).

5.18. Miðdalur

Máldagi Mýdalskirkju [í Mosfellsveit] hefur verið árfærður til hausts 1269. Þar koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram:

Mariu kirkia j mydal a .x. hundrad j lande og ku eina.³⁴²

Líklegra er þó, að hér sé um Miðdal í Kjós að ræða, en þar mun hafa verið kirkja. Hins vegar er Miðdalur í Mosfellsveit nefndur árið 1395 í skrá yfir jarðir, sem komið hefðu undir Viðeyjarklaustur síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar.³⁴³

Mýdal er að finna í fógetareikningunum 1547–1552 og hefur jörðin því verið í eigu Viðeyjarklausturs áður en konungur sló eign sinni á jarðir klaustursins.³⁴⁴

Miðdalur var seldur úr konungseigu þann 1. júní 1814.³⁴⁵

Í jarðamati, sem gert var árið 1849, er kafli um jörðina Miðdal. Þar eru m.a. eftirfarandi orð höfð um jörðina:

Útrymi mjög mikið. Sumar og vetrarþétt ágjæt.³⁴⁶

Þann 21. júlí 1863, í kjölfar þess að Jón Bjarnason lýsti yfir áhuga sínum á að byggja upp Vilborgarkot, var byrjað á að mæla út landamerki Vilborgarkots til að upplýsa um takmörk milli þess og aðliggjandi jarða, þ.e. Hólms, Helliskots (Ellidökots) og Miðdals. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Vilborgarkot.

Þann 5. ágúst 1887 var dæmt í máli sem Guðmundur Einarsson í Miðdal höfðaði gegn umboðsmanni þjóðjarðarinnar Þormóðsdals. Réttarkrafa Guðmundar var sú að allt það land sem áður fylgdi eyðijörðinni Óskoti yrði með merkjadómi dæmt undir eignarjörð hans Miðdal og að Þormóðsdal yrði frádæmt ítak í sömu eyðijörð. Guðmundur byggði kröfu sína á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 en þar taldi hann koma fram að Óskot hefði verið hjáleiga Miðdals. Dómurinn gat hins vegar ekki tekið undir þetta sjónarmið og taldi að Jarðabókin bæri ekki með sér að Óskotsland væri hluti af landi Miðdals né að það hefði gengið undir það. Hins vegar mætti sjá á sömu heimild að Óskot væri talin konungseign og hafi verið notað af Reynisvatni. Guðmundur gæti því ekki stutt tilkall sitt til Óskotslands með tilvísan í Jarðabók Árna og Páls né aðrar afleiddar heimildir. Þar sem Guðmundur gat ekki reitt fram aðrar heimildir fyrir því að Óskotsland væri löglega runnið undir Miðdal virtist dómnum næst að ætla, eftir því sem fram var komið í málinu, að Óskotsland væri enn í eigu konungs, þ.e. almenningsseign líkt og 1704. Sannað þótti með vitnaleiðslum frá 1842, sem lagðar voru fyrir dómnum, að Óskotsland hafði frá ómunatíð verið notað óátalið, afgjaldslaust og eftir þörfum af fjórum jörðum, þ.e. Miðdal, Þormóðsdal,

³⁴² *Íslenskt fornbréfasafn* II. b., s. 64.

³⁴³ Skjal nr. 4(6).

³⁴⁴ Skjöl nr. 4(22)–4(26).

³⁴⁵ Skjal nr. 4(48).

³⁴⁶ Skjal nr. 2(117).

Kálfakoti og Reynisvatni. Ekki hafði neitt komið fram í málinu sem sýndi að breyting hefði orðið þar á síðan 1842. Málinu var því vísað frá.³⁴⁷

Landamerkjabréf fyrir Miðdal var undirritað 26. maí 1890 og því þinglýst 4. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Milli Miðdals og Ölvesafrijetta, úr vörðunni á Stóra Borgarhól beina línu í sýsluþúfu sem stendur í hásuður á heiðinni; frá sýsluþúfu beina línu í árfarveg, sem liggur við Bolöldu enda, og eptir því árfari undir landsuðurshorn á Lyklafellsenda eystri.
2. Milli Miðdals og Elliðakots, úr fyrnefndu árfari í vörðuna á há Lyklafelli, og þaðan beina línu í Selvatnsenda þar sem svo nefndur Sellækur rennur í vatnið, (með rjettindum til helmings af rjettunum) og svo eptir fyrnefndu Selvatni, og Gudduós niður á mótis við Markholt.
3. Milli Vilborgarkots og Miðdals, úr ósnum í þúfuna á Markholti og þaðan í Augnalæk og eptir honum í Sólheimatjörn, sem hann rennur úr, og úr miðri Sólheimatjörn í vörðuna á stóra Skygnir.
4. Milli Miðdals og Reynisvatns, bein lína úr stóra Skygnir í Langavatn, eptir stefnu í svo nefndan Skjóna í Óskotslandi.
5. Milli Óskots og Miðdals, eptir Langavatni og úr landnorðurhorni þess beint í þúfu á Dýjadalshnúkum og þaðan beint í Seljadalsá.
6. Milli Þormóðsdals og Miðdals, eptir Seljadalsá sem hún ræður uppí Hrafnagil, úr Hrafnagili eptir árfarveg uppí efri Seljadalsbotn og þaðan eptir lægstu laut í Leirdal.
7. Milli Miðdals og Mosfells, eptir beinni línu úr Stórhól í Grímmansfellsenda í fyrstnefnda vörðu á stóra Borgarhól.³⁴⁸

Undir bréfið skrifar eigandinn, Guðmundur Einarsson. Landamerkin samþykktu Jón Árnason oddviti vegna Ölfushrepps, Halldór Jónsson, ábúandi Vilborgarkots, Guðmundur Magnússon, bóndi í Elliðakoti, Sigurður Einarsson, bóndi á Reynisvatni, og Halldór Jónsson, bóndi á Þormóðsdal.

Í landamerkjabréfi Ölfusafrijetta, sem var þinglýst 10. júní 1890, er að finna útdrátt úr landamerkjaskrá Miðdals. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um stjórnsýslumörk.

Eigendur jarðarinnar Miðdals og námufélagið *Ísland* gerðu þann 21. maí 1909 samning sín á milli þess efnis að námufélagið eignaðist kauprétt að námuréttindum í Miðdal. Félagið fékk líka heimild til þess að nota jörðina á þann hátt sem það taldi sig

³⁴⁷Skjal nr. 2(229). Þar er skýrar greint frá málavöxtum en í skjali nr. 2(215).

³⁴⁸Skjal nr. 2(9).

purfa vegna námurekstrar á landareigninni eða í Þormóðsdal. Samningurinn var til tveggja ára. Í honum kom einnig fram að ef námufélagið kysi það frekar skyldi það eiga kauprétt á allri jörðinni fram til 1. ágúst 1909. Samningurinn var þinglesinn þann 14. júní 1909.³⁴⁹

Þann 28. október 1910 samþykkti stjórn námufélagsins *Ísland*, fyrir hönd félagsins, að veita reykvískum kaupmanni umboð, með skilyrðum, til þess að selja námuréttindi í eigu félagsins. Meðal þeirra voru réttindi þess til námuvinnslu í jörðinni Miðdal í Mosfellssveit. Sama dag seldi umboðsmaðurinn söluumboðið í hendur *The British North Western Syndicate Limited*. Viðskipti þessi voru þinglesin á manntalsþingi Mosfellshrepps og Hafnahrepps 1911.³⁵⁰

Þann 20. febrúar 1911 skrifuðu eigendur Miðdals undir samning þess efnis að ef til þess kæmi að farið yrði að vinna námu á landareigninni skyldi aðili í Reykjavík hafa rétt til húsbýgginga á lóðum eða hússtæðum sem þeir létu af hendi. Þetta gildi þó ekki um lóðir undir hús þau sem notuð yrðu við námureksturinn sjálfan. Samningurinn átti að gilda til 35 ára. Hann var þinglesinn 1911.³⁵¹

Sjá má af gerðabók Mosfellshrepps að á árunum fyrir og um 1911 leigði Mosfellshreppur upprekstrarland í Miðdal.³⁵²

Eftirfarandi umsögn er að finna um Miðdal í fasteignamatinu 1916–1918:

Lml. vafasöm gagnv. Mosv.afrétt...

Útslægjur á dreif um landið...

Land allmikið + margbreytt, gott, á alla vegu frá bænum; til heiðar.

...

Kostir aðrir: ... kvarznámar...³⁵³

Norðurhálfenda Miðdals (Miðdalur II og Dalland), ca 1527 ha, var seld Mosfellshreppi 5. nóvember 1958. Mörkum spildunnar var lýst þannig:

Bein lína hugsast dregin úr Hulduhól í stefnu að háhnúk Lyklafells. Þaðan sem þessi lína sker farveg Seljadalsár, fylgja mörk landspildunnar farvegi Seljadalsár, þar til hana þrýtur í efra Seljadalsárbotni, en þaðan lægstu lautir í Leirdal, unz kemur að skurðarpunkti við beina línu, sem hugsast dregin úr Háahnúk (Stórhól) í Stóra-Borgarhól. En þaðan ræður sú lína mörkum í Stóra-Borgarhól. Frá Stóra-Borgarhól ræður mörkum bein lína í stefnu á Sýsluþúfu, unz hún sker beina línu, sem hugsast dregin úr Eiturhól í stefnu á Borgarholt. Þaðan ræður síðast talin lína mörkum, unz hún sker fyrst talda beina línu milli Lyklafells og Hulduhóls. En frá skurðarpunkti þeirra lína ræður sú lína mörkum, unz hún sker farveg Seljadalsár, sem áður segir.

³⁴⁹Skjal nr. 2(135).

³⁵⁰Skjal nr. 2(136).

³⁵¹Skjal nr. 2(137).

³⁵²Skjal nr. 12(14).

³⁵³Skjal nr. 2(109) a–b.

...

Ef í ljós kemur, að landamerki Miðdals eru um Eiturhól, en ekki Stóra-Borgarhól, eins og við höfum talið, og salan er miðuð við og við af þeim ástæðum kunnum að eiga land á heiðinni fyrir austan hið selda land, skuldbindum við okkur til að selja Mosfellshreppi það land, á sama verði miðað við hektara og land það, sem við höfum nú selt.³⁵⁴

Yfirlýsing hreppsnefnda Ölfus- og Grafningshreppa, bæjarstjórnar Mosfellssveitar og eiganda Miðdals um mörk á Mosfellsheiði var undirrituð 23. janúar 1991. Landamerkjabréf um sama efni er dagsett sama dag.³⁵⁵ Árið 1991 var birt auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á þessu samkomulagi um mörk á Mosfellsheiði milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar á grundvelli landamerkjabréfs frá 23. janúar 1991. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.22 um Mosfellsheiðarland.³⁵⁶

Uppland Miðdals I/Miðdalsheiði, ca 2200 ha, er sérstakt eignarland samkvæmt skiptayfirlýsingu og þinglýsingarvottorði frá 17. og 19. nóvember 2003.³⁵⁷

Samkvæmt þinglýsingarvottorði frá 29. júní 2004 er Mosfellshreppur eigandi 1527 ha heiðalands úr Miðdal.³⁵⁸

5.19. Hraðastaðir

Hraðastaða er getið í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1395.³⁵⁹

Hraðastaðir koma við sögu í fógetareikningunum 1547–1552 og eru þeir þá líkt og aðrar jarðir Viðeyjarklausturs komnir í konungs eigu.³⁶⁰

Hraðastaðir voru seldir úr konungseigu þann 17. maí 1837.³⁶¹

Í jarðamatinu 1849 er að finna eftirfarandi umsögn um Hraðastaði:

Útrymi lítið. Hagbeit á sumrum allgóð. Lítil vetrarheit.³⁶²

Landamerkjabréf fyrir Hraðastaði var undirritað 30. maí 1890 og því þinglýst 4. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerkin eftirfarandi:

1. Á vestsíðuna milli Mosfells og Hraðastaða, úr Köldukvísl móts við Laxnesslækjarmynni ofan við Svörtukeldu beina línu í Hraðaleiði við suður ána (Æsustaða á) sú á ræður merkjum milli Æsustaða og Hraðastaða alla leið upp að Markasteini.

³⁵⁴Skjal nr. 12(5).

³⁵⁵Skjöl nr. 4(39)–4(40).

³⁵⁶Skjal nr. 8(1), sbr. skjal nr. 8(2) í máli nr. 6/2004, Ölfus.

³⁵⁷Skjöl nr. 31(2)–31(3).

³⁵⁸Skjal nr. 12(8).

³⁵⁹Skjal nr. 4(8).

³⁶⁰Skjöl nr. 4(22)–4(26).

³⁶¹Skjal nr. 4(48).

³⁶²Skjal nr. 2(117).

2. Á suðursíðuna milli Helgadals og Hraðastaða, úr nefndum Markasteini uppí vörðu á miðju Grímmannsfelli; úr þeirri vörðu beina stefnu í Stórhól; úr Stórhól beina línu norður í Gljúfrið austanvert við svonefndan Hraðablett.
3. Á norðursíðuna milli Mosfells og Laxness ræður nefnt Gljúfur og Kaldakvísl alla leið niður á móts við Laxnesslækjarmynni, sem fyrst er nefnt.³⁶³

Undir bréfið skrifa G. Gíslason, eftir umboði Nikulásar Jónssonar í Norðurkoti, sem var eigandi hálfra Hraðastaða, og Bjarni Eiríksson, eigandi hins helmings Hraðastaða. Einnig skrifuðu undir Guðmundur Ólafsson, eigandi Laxness, Kristján Þorkelsson, ábúandi í Helgadal, og Ísak Ófeigsson, bóndi á Æsustöðum.

Um Hraðastaði segir í fasteignamatinu 1916–1918:

Land nú ekki stórt, láglendi og horn af Grímarsfelli, þó nægt að sumri. Bestu sumarhagarnir, Hraðablettur, austan í fellinu, teljast nú til Mosfellskirkjulands (með ásælni hafðir undan jörðunni?).

Utan um ofangreindu beinu tilvitnun hefur verið dreginn svigi og neðan við stendur skrifað með blýanti:

Þetta er nú leiðrétt, kirkjan á ekkert þar.³⁶⁴

Mosfellshreppur seldi Hitaveitu Reykjavíkur hitaréttindi jarðarinnar með kaupsamningi 12. nóvember 1955.³⁶⁵

Landskipti fóru fram milli Hraðastaða I og II 7. janúar 1985. Þá hefur verið búið að selja ýmsar spildur úr landi jarðarinnar, þar á meðal Hreggsstaði, sem eru tilgreindir sem sérstök landspilda. Í landskiptagerðinni virðist vera miðað við hin þinglýstu landamerki að norðan, sunnan og austan.³⁶⁶

5.20. Mosfell

Það land sem í landamerkjabréfi Stóra-Mosfells er afmarkað sem Stóra-Mosfellsland og er í kringum býlið sjálft liggur ekki á kröfussvæði. Sjá að öðru leyti kafla 5.22 um Mosfellsheiðarland.

5.21. (Mosfells) Bringur

Í vísitasíu Mosfells frá 23. ágúst 1646 var framlagður vitnisburður Guðrúnar Þorsteinsdóttur, eiginkonu séra Þorsteins prests Einarssonar á Mosfelli, 1582–1625, frá 7. febrúar 1643 um:

³⁶³Skjal nr. 2(7).

³⁶⁴Skjal nr. 2(109) a–b.

³⁶⁵Skjal nr. 12(17).

³⁶⁶Skjal nr. 11(3).

40 tíju ára brúkun syns Eignarmans S. Þorsteins hejtings Eynarssonar tveggja Selstadanna. Annarar heijma í Bringunum ...³⁶⁷

Í sömu vísitasíu var lagður fram vitnisburður Árna Magnússonar í Ytri-Njarðvík frá 23. október 1626. Árni upplýsti að hann hefði samtals verið í þjónustu á Mosfelli í þrjú ár og að hann vissi:

eij annat nie heijrði af nockrum manne Enn Mosfelle være Eignud selstada atolulaust ad ollu ad, synu viti bædi undir Grijmansfellsfosse og onnur þar i Skögnum heijm á bringunum ...³⁶⁸

Undir vísitasíuna skrifa Einar Ólafsson, prestur á Mosfelli, Stefán Hallkelsson, prestur í Seltjarnarnesþingum, Sigurður Árnason, Halldór Eiríksson, Jón Árnason og Bjarni Eiríksson.

Stefán Þorvaldsson ræðir um Mosfellsbringur í lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá 1855. Hjá honum kemur m.a. þetta fram:

Í austur fram af Mosfellsdal liggur graslendi mikið og víðlent; eru það lágar hæðir og mýrlendar, með stargresisflóum og vallendis börðum, víða greiðfærum eða sléttum. Hæðir þessar eru nefndar „Bringur“ eða „Mosfellsbringur“ og liggja undir Mosfell til selstöðu og slægna, og eru þær allgott sumarbeitarland, en ördugt að sækja þangað heyskap og enn torveldara að verja þær fyrir afréttarfénaði og stóðhrossum. Fyrir austan Bringurnar liggur „Illaklif“ svo nefnt; er það reyndar vestari brún Mosfellsheiðar.³⁶⁹

Þann 30. mars 1856 veitti presturinn á Mosfelli bóndanum á Völlum í Kjalarneshreppi, Jóhannesi Jónssyni Lund, leyfi til þess að byggja sér bæ á þeim hluta heiðarlands Mosfellskirkju sem kallaðist Gullbringur. Í leyfisbréfi prestsins kom fram að býli þessu skyldi fylgja eigi fullur þriðjungur alls heiðarlands kirkjunnar. Umboðsmaður Vallabóndans sendi yfirvöldum, þ.e. Trampe stiftamtmani og Péttri Péturssyni biskupi, samninginn síðan til umsagnar. Í svarbréfi, dagsettu þann 13. júní 1856, kemur fram að þeir töldu samningnum í ýmsu ábótavant. Samningurinn yrði að byggjast á álitum tveggja kunnugra manna útnefndra af sýslumanni, sem bæði mældu út landið þar sem Mosfellspresti væri skaðminnst, og tiltækju stærð og hæfilegt eftirgjald. Eftir að bætt hafði verið úr þessu samþykkti bóndinn á Völlum skilmála þá sem settir voru fyrir byggingunni. Málið barst síðan aftur inn á borð yfirvalda. Niðurstaða þeirra varð sú að hafna samningnum aftur, þ.e. enn hefði ekki öllum skilyrðum þeirra verið fullnægt. Þetta kemur fram í bréfi frá 24. september 1857.³⁷⁰ Sjá má í bréfi stiftamtmannsins til Mosfellsprests frá 22. júní 1858, þar sem hann fjallar um útvísun fyrir býli við Litla-Sauðafell í Mosfellskirkjulandi (sjá

³⁶⁷Skjal nr. 2(92).

³⁶⁸Skjal nr. 2(92).

³⁶⁹Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. S. 235–236.

³⁷⁰Skjal nr. 2(99).

Mosfellsheiði), að Mosfellsprestur hefur samið á eigin vegum um bæjarbyggingu í Gullbringum.³⁷¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um (Mosfells) Bringur:

Afbýli úr Mosfellskirkju heiðarlandi.

...

Lm. sem Mosf. kirkju.

...

Land ákveðinn hluti úr heiðarlandinu, útsuðurhorn þess; rúmt og gott ætíð, er til nær, en talsvert snjópungt. Smölun erfið (í afréttarjaðri).³⁷²

Í bréfi sem Mosfellsprestur sendi yfirvöldum 7. febrúar 1933 vegna hugsanlegrar sölu á Mosfellsheiðarlandi kemur eftirfarandi fram:

Landamerki Mosfellsbringna eru þessi: Úr vörðu fyrir austan og ofan miðja Geldingatjörn suður beint til suðurmarkalínu Mosfellsprestakallslands. Úr sömu vörðu austan miðrar Geldingartjarnar beina línu í vörðu syðst á Blásteinsbringum, þaðan bein lína eftir uppsettum smávörðum sunnan Jónsselslækja og úr einni þeirra, er stendur á tungu á Jónsselslæð bein lína í hornstein þann, er ræður mörkum milli Mosfellslands og Laxness. Þessar uppsettu vörður bera saman við ærhúsin í Laxnesi og í íbúðarhúsið á Mosfelli (=: gamla íbúðarhúsið). Að sunnan ræður markalína Mosfellsprestakallslands.³⁷³

Mosfellsbringur voru undanskildar við sölu á Mosfellsheiði árið 1933.³⁷⁴

Landi Bringna var skipt út úr Mosfellstorfu árið 1939 og landamerki ákveðin. Björn Bjarnarson í Grafarholti samdi greinargerð um það mál 30. nóvember s.á. Segir hann landamerkin hafa verið ákveðin af Mosfellspresti fyrir 20–30 árum.³⁷⁵

Landamerkjabréf jarðanna Mosfellsbringna og Seljabrekku var undirritað 7. október 1939 og því þinglýst 1940. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Úr Blásteinsvörðu, sem hefir verið hlaðin í dag neðst í Blásteinsbringum, beina línu í Jakkavörðu, sem einnig hefir verið hlaðin í dag, og þaðan beina línu í Markastein, sem er landamerkjasteinn milli Mosfellsbringna, Seljabrekku og Laxness. Auk þess hefir verið hlaðin varða milli Jakkavörðu og Markasteins til leiðbeiningar um stefnu milli tveggja síðasttaltra merkja.³⁷⁶

Undir bréfið skrifa Hálfan Helgason á Mosfelli, Hallur Jónsson í Mosfellsbringum og Guðmundur Þorláksson á Seljabrekku.

³⁷¹Skjal nr. 2(235).

³⁷²Skjal nr. 2(109) a–b.

³⁷³Skjal nr. 2(172).

³⁷⁴Skjal nr. 2(48).

³⁷⁵Skjal nr. 12(3).

³⁷⁶Skjöl nr. 2(1)–2(2).

Land hefur verið látið til Seljabrekku samkvæmt byggingarbréfi fyrir þeirri jörð 13. mars 1983 eða eins og þar segir:

Að sunnan fær Seljabrekka land, sem áður tilheyrði Bringum þannig að suðurmörk landsins verða ca 50 metrum norðan við núverandi Sogslínu frá Laxnessmörkum allt að Geldingatjarnarlæk. Geldingatjörn verður öll í landi Seljabrekku.³⁷⁷

Í grein frá 1985 talar E.J. Stardal um að eitt af þeim nýbýlum sem risu upp við jaðra Mosfellsheiðar í landi Mosfellskirkjustaðar um miðja 19. öld hafi verið Bringur. Honum farast svo orð um jörðina:

Býlið var reist allhátt uppi í Mosfellsbringum á gilbarmi þeirrar árkvísar er rennur um norðurhluta Mosfellsdals og sameinast suðuránni skammt neðan Hrísrúar og heitir Kaldakvísl þaðan.³⁷⁸

5.22. Mosfellsheiðarland

Í Landnámu er minnst á Mosfell.³⁷⁹ Jarðarinnar er einnig getið í Egils sögu þar stendur að Grímur Svertingsson, lögsögumaður 1002–03, hafi búið á Mosfelli fyrir neðan heiði.³⁸⁰ Kirkja hefur staðið að Mosfelli þegar um 1200 er Páll biskup Jónsson tók saman kirknaskrá sína.³⁸¹

Bæði Stærta- og Minna-Mosfell er að finna í fógetareikningunum 1547–1552 og hefur jörðin því verið í eigu Viðeyjarklausturs áður en konungur sló eign sinni á jarðir klaustursins.³⁸²

Einungis kúgilda og innanstokksmuna er getið í máldaga Mosfellskirkju í Gíslamáldögum frá um 1575.³⁸³

Mosfell var meðal þeirra jarða sem samkvæmt konungsboði 3. október 1580 voru lagðar til fátækra presta.³⁸⁴

Brynjólfur Sveinsson, biskup í Skálholti, stóð fyrir vísitasíu á Mosfelli árið 1642. Í vísitasubókinni stendur eftirfarandi:

Kyrckian ad Mosfelli i Mosfellssveit, ä suo mikid i landi sem bref og máldagar fullnast, er heima jordin lógd til prests upphelldis med öllum gógnum og giædum, öskar Biskup landamerkia af sera Einari Olafssyni, epter eignar halldi edur hefðar vitnum. Sómuleidis er prestinum veitt jórdin

³⁷⁷Skjal nr. 17(3). Sama ákvæði mun hafa komið fram í byggingarbréfi árið 1968 en það skjal hefur ekki verið lagt fram.

³⁷⁸E.J. Stardal, „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 134.

³⁷⁹Skjal nr. 4(60). *Landnámabók*. S. 95 (Jakob Benediktsson, útgefandi Landnámu, telur að greinargerð fyrir landnámi Skalla-Gríms þar sem minnst er á Grím, sé úr Styrmissbók), s. 391 (Hauksbók).

³⁸⁰*Egils saga Skallagrímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Íslenzk fornrit II. Reykjavík. 1933. S. 241.

³⁸¹Skjal nr. 4(12).

³⁸²Skjöl nr. 4(22)–4(26).

³⁸³*Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. b. S. 635–636.

³⁸⁴*Lovsamling for Island*, 1.b. Kaupmannahöfn 1853. S. 110.

Mögilsä, leygd fiörum ä gilldum hid sama öskar Biskup um hennar landamerki ad skiallega tekin sieu og hvorutveggiu send Innan Jafnleingdar til Skalhollts.³⁸⁵

Undir þetta rita Einar Ólafsson prestur, Hallur Árnason prestur, Gunnar Magnússon, Pétur Gissursson og Stefán Ólafsson prestur.

Í vísitasíu Mosfells, sem fram fór 23. ágúst 1646, var lagður fram vitnisburður Guðrúnar Þorsteinsdóttur, eiginkonu séra Þorsteins heitins Einarssonar sem var prestur á Mosfelli 1582–1625, um að enginn hefði sér vitanlega notað Mosfellsskóg nema með leyfi eiginmanns síns. Í sama vitnisburði sagði enn fremur að:

Mosfells landamerki væri Bláskrida sem rennur með hrijsbrunar túne, Somuleydes þess land Móar fyrir sunnan Ána sem kalladur er kyrkiu Móe og þar heffdi Asgrijmur heijtinn Gijsla Son Sinn stekk sem þá Bió i Hittukoti hvortt ad stendur i mosfellstune. Datum þess vittnisburdar Anno 1643 7 februarj á Vollum undir Svijnskardi. Undir skrifadir menn Nikulas Eyolfsson Hallgrijmur Þolleijfsson Jon Jorundsson Nikulas Hendriksson.³⁸⁶

Í sömu vísitasíu var birtur vitnisburður Árna Magnússonar í Ytri-Njarðvík frá 23. október 1626. Þar kom m.a. fram að í þau þrjú ár sem hann var á Mosfelli hafi bóndinn haft selstöðu í skóginum heima á bringunum. Í sama vitnisburði kemur eftirfarandi fram:

i þeim skóge sem grejndu Mosfelle var þá i þann tijma Eignadur leijfdist ongvum sier ad nijta nema med þeirra leijffe sem á mosfelle voru.³⁸⁷

Undir vísitasíuna skrifa Einar Ólafsson, prestur á Mosfelli, Stefán Hallkelsson, prestur í Seltjarnarnesþingum, Sigurður Árnason, Halldór Eiríksson, Jón Árnason og Bjarni Eiríksson.

Í vísitasíu Þórðar Þorlákssonar biskups þann 30. ágúst 1678 kemur eftirfarandi fram:

Þann 30 Augusti vísiterud kyrkiann ad Mosfelle i Mosfellssveit heima stadurinn og jordinn Mögilsä er lógd prestinum ad Mosfelli til uppheldis nota, eirnenn eru stadnum eignadar tuær selstodur su ejna under Grymanzfellzfossi, en önnur hejmar i Brýngunum, veidj i kietilhiloz ofann efter leirvox a, ad sunnan bædj i Skrautä og Backafljotj, enn umm landa merki stadarins finnst vísitatiubok sal. M Brinjolfs sub dato 1646.³⁸⁸

Undir þetta rita Þórður Þorláksson, Einar Ólafsson prestur, Einar Einarsson, Árni Álfsson, séra Hannes Björnsson, Bjarni Jónsson, Pétur Ámundason og Bjarni Sigurðsson.

³⁸⁵Skjal nr. 2(91) a–b.

³⁸⁶Skjal nr. 2(92) a–b.

³⁸⁷Skjal nr. 2(92) a–b.

³⁸⁸Skjal nr. 2(93) a–b.

Jón Vídalín vísiteraði Mosfell 2. ágúst 1703. Þar kemur fram að presturinn hafi jörðina Mógilsá til upphalds, að staðurinn hafi tvær selstöður og að kirkjan eigi ákveðin veiðiréttindi. Textinn er í samræmi við það sem stendur í vísitasíunni frá 1678. Síðan segir:

Item ä Hun Möan fyrrer sunnann äna sem kalladur er Kyrkiu möi.³⁸⁹

Undir þetta rita Þórður Konráðsson prestur, Pétur Ámundason, Pétur Daðason Gamm, Benedikt Einarsson, Einar Ísleifsson og Árni Gíslason.

Þann 23. júní 1751, í tíð Ólafs Gíslasonar, biskups í Skálholti, var Mosfell vísiterað. Sú vísitasía er keimlík þeirri frá 1703 en þar segir:

Enn Jördenn Mögilsä er lögd prestinum til upphelldis. Stadnum eru eignadar 2 Selstodur. Su eina under Grimansfelles Fosse, enn ónnur heimar í bringunum. Kyrkiann ä Veide i Ketilshil og ofann efter Leirvogssä ad sunnann bæde i Skrautä og Backar Flióte. It: a hun möann fyrrer sunnan Äna, sem kalladur er Kyrkiumöe.³⁹⁰

Undir þetta rita Ólafur Gíslason, Guðmundur Jónsson, Sigurður Ólafsson, S. Sigurðsson, Gísli Einarsson og Oddur Jónsson.

Finnur Jónsson Skálholtsbiskup vísiteraði Mosfell þann 12. júní 1758. Vísitasían sem samin var í kjölfarið er nánast samhljóða vísitasíunni árið 1751 og því vísast til hennar.³⁹¹

Þann 26. júní 1800 var Mosfellskirkja vísiteruð af Geir Vídalín. Í greinargerðinni sem samin var í kjölfar eftirlitsferðarinnar segir:

Anno 1800 þann 26ta Junii, vísiteradi Biskupinn Geir Vidalin Kirkiuna ad Mosfelli i Mosfellssveit; — hun á heimaland allt og eru þessi Landamerki ad utannverdu, eftir Vísitatu Magr. Brynjólfs Sveinssonar 1646; ad Bláskrida, sem rennur med Hrísrúar túni ad austanverdu, skylie Löndinn.³⁹²

Í vísitasíubókinni er líka texti sem er keimlíkur upplýsingum sem er að finna í eldri vísitasíum Mosfells:

Hún á 2 Selstödur, adra undir Grímansfells fossi, (nu kölludum Helgusels fossi) hina norður í Bríngunum, þar sem nú eru kalladar Blásteinns Bríngur; Veidi í Kétilshil, og ofann eftir Leyrvogsá ad sunnannverdu, bædi í Skrauta og Barkarflióti; item á hun Móann fyrir sunnann Äna, þar sem kalladur er Kirkiu möi. -

Jördinn Mógillsä er lögd Prestinum til upphelldis.³⁹³

³⁸⁹Skjal nr. 2(94) a–b.

³⁹⁰Skjal nr. 2(95) a–b.

³⁹¹Skjal nr. 2(58).

³⁹²Skjal nr. 2(184) a–b.

³⁹³Skjal nr. 2(184) a–b.

Undir skrifa; Geir Vídalín, A. Jónsson, Þórarinn Kolbeinsson og Auðunn Bjarnason.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1704 virðast bændur í allstórum hluta Kjalarneshrepps hafa rekið geldneyti og hross á Mosfellsheiði. Er þar einkum talað um Hvannavelli, og virðist ekki hafa verið greitt fyrir. Slíkur geldneytarekstur er nefndur við Álfsnes og Varmadal.³⁹⁴ Norðurgröf, Vellir, Kollafjörður, Mógilsá, Esjuberg, Vallá vestri og Hof (þar með talin afbýlin Jörvi, Krókur og Lykkja) höfðu geldneyta- og hrossarekstur á Mosfellsheiði.³⁹⁵ Um Vallá vestri segir:

Hesta og nautagánga um sumur hefur frá þessari jörðu so vel sem öðrum í þessari sveit brúkuð verið frí og átölulaust um lánga æfi á Mosfellsheiði, þar sem heita Hvannavellir.³⁹⁶

Og í lýsingu Hofs stendur:

Geldnauta og hesta upprekstur hefur frá þessari jörðu um lánga tíma brúkaður verið til sumarþeir uppi á Mosfellsheiði þangað sem heita Hvannavellir, og það frí og átölulaust. Nú um stundir síðan menn urðu hjer so fátækir, að þeir áttu ekki slíkan pening, hafa þeir þetta ekki megnað að brúka.³⁹⁷

Móar og Saltvík höfðu geldneyta- og geldfjárupprekstur á Mosfellsheiði.³⁹⁸ Vallá eystri hafði hrossagöngu:

Hestagánga um sumur þykist eigandinn af eldri mönnum heyrt hafa frá þessari jörð hafi brúkuð verið frí og átölulaust á Mosfellsheiði, þar sem heitir Hvannavellir.³⁹⁹

Jarðabók Árna og Páls minnst ekki á „afrétt“ varðandi Sjávarhóla, Öfugskeldu og Skrauthóla en ætla má að sama hafi gilt um þær og aðrar jarðir innan til í Kjalarneshreppi. Raunar voru þessar jarðir í einkaeign eða eign Kjalarnesþinga en Hof, sem hafði þennan rétt samkvæmt Jarðabókinni, var líka í einkaeign.

Stóðhrossa- og geldneytaganga á Mosfellsheiði er ekki nefnd við jarðir yst á Kjalarnesi.

Í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands er vakin athygli á því að samkvæmt Jarðabók Árna og Páls átti konungur eða hafði átt allar jarðir í Kjalarneshreppi innanverðum, þ.e. Þerney, Álfsnes, Fitjakot, Varmadal, Stardal, Hrafnhóla, Þverárkot, Gröf (Norðurgröf), Velli, Kollafjörð, Mógilsá, Esjuberg, Móa, Saltvík og Skrauthóla.⁴⁰⁰ Veki þetta upp vangaveltur um rétt bænda á framantöldum jörðum á

³⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 333 og 336.

³⁹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 344 og 345.

³⁹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 354.

³⁹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 358.

³⁹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 348–349.

³⁹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 353.

⁴⁰⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 329–349, 352–353.

Kjalarnesi til gjaldfrjáls upprekstrar, hvort hann hafi byggst á réttindum, sem Viðeyjarklaustur hafi náð. Í því sambandi væri rétt að líta til rekstrarréttinda Eystri- og Vestri-Vallár, en Vallárnar voru meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henrik Bjelke 30. apríl 1675.⁴⁰¹

Hvannavellir munu nú kallast Bolavellir samkvæmt frásögn Kolbeins Guðmundssonar:

Ég sé á landabréfum, að búið er að færa örnefni og sýslumörkin talsvert austur á bóginn fyrir vestan Hengilinn, t.d. heita nú Vatnaöldur, þar sem til skamms tíma hét Bolöldur. En Bolalda er komin austur undir Húsmúla. Ekki veit ég, hvort þetta á rætur sínar að rekja til ósamkomulagsins í fjallleitunum eða það er af því, að fáir virðast vita, hvar Bolavellir voru kallaðir til forna, en þeir eru fyrir austan Lyklafell norður af Bolöldum, sem nú eru nefndar Vatnaöldur. En þar, sem nú eru kallaðir Bolavellir, hétu til forna Hvannavellir. (Sjá lýsingu Ölfushrepps eftir Hálfðan á Reykjum 1702).⁴⁰²

Í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslum frá 1782–1785 segir:

Mosfellsheiði og Kjósarheiði nefnist öll víðáttan frá byggð í Kjós og Mosfellssveit upp að Henglinum, sem áður er nefndur. Þar er mjög gott og grösugt afréttarland á sumrum og er notað úr öllum sýslunum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnassýslu. Þar hefir og verið haldinn nautamarkaður 1. október árlega á svæði, sem til þess er afgirt við gjá eina.⁴⁰³

Áður hafði Skúli Magnússon sagt í sama riti:

Skilyrði eru og góð til að hafa í seli á heiðinni [Mosfellsheiði] uppi undir afréttarlandinu.⁴⁰⁴

Af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem og lýsingu Skúla Magnússonar virðist því mega ráða að Kjalnesingar hafi stundað stóð- og geldneytarekstur á Mosfellsheiði. Er það stutt af öðrum gögnum sem hér verða nefnd á eftir. Einnig má ráða af Jarðabókinni og lýsingu Skúla að Mosfellsheiði og heiðalöndin milli Kjósar-, Gullbringu- og Árnassýslna hafi verið notuð sem „afréttur“ fyrir sauðfé líka.

Árið 1740 lögfesti Markús Snæbjörnsson, prestur á Þingvöllum, Þingvallastað. Í þeirri lögfestu eru teknar með jarðir Þingvallakirkju í Þingvallasveit þannig að segja má að sveitarmörkum sé lýst að mestu leyti. Hluta marka Mosfellsheiðarlands er að finna í lögfestunni:

⁴⁰¹*Jarðatal*. 1847. S. 444.

⁴⁰²*Göngur og réttir*, II. b. S. 310–311. Kolbeinn vísar hér til lýsingar Hálfðanar Jónssonar á Ölfushreppi 1703, sjá Hálfðan Jónsson, „Descriptio Ölfshrepps anno MDCCIII“. S. 236.

⁴⁰³*Landnám Ingólfs*, I. b. 1–2. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunarritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta. Reykjavík. 1935–1936. S. 134.

⁴⁰⁴*Landnám Ingólfs*, I. b. 1–2. S. 133.

úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sysluvöördur á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofninga, enn úr þeim i Þingvallavatn...⁴⁰⁵

Þann 9. júní 1801 á manntalsþingi á Esjubergi lagði séra Auðunn Jónsson fram lögfestu fyrir landi Mosfellskirkju frá 22. maí 1770 sem að hans sögn var grundvölluð á máldagabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, undirskrifuð af sálugum séra Böövari Högnasyni og upplesin af sálugum sýslumanninum Guðmundi Runólfssyni á þemur þingstöðum í Kjósarsýslu árið 1770. Lögfestan var lesin upp á ný en ekkert kemur hins vegar fram um innihald hennar.⁴⁰⁶

Í jarðamatinu 1804 er að finna eftirfarandi upplýsingar um Mosfell:

Med denne Jord bruges tillige et Kirken paa Mosfell tilhørende Stykke Land oppe paa Fiældet; men da dette er forbunden med saa megen besværlighed, formedest at det er saa langt bortliggende, formodes samme Stk. Land at blive i Tiden solgt særskildt og taxeres derfor a parte saaledes.

Auk þess segir í lýsingu gæða heiðarlandsins:

Medens dette bruges med nærverende No 6 [Mosfell], kan det ikke taxeres saa höyt som her er skeet, men kunde da kun udgiöre en 6 a 7 hndr.⁴⁰⁷

Lagt var mat á Mosfellsbrauð árið 1839. Hluti skýrslunnar sem samin var af því tilefni fer hér á eftir:

Ecki heldur gjæt eg eiginlega til nefnt Hlunnindi, edur Itok, utann Kyrkju Landsins Stærd til Fialls, og þvj fylgiandi Slægna Utrymi, Hagabeit og Selstodu, sem gétur verid med stórum Erfidismunum til Nota á Sumrum; — Ecki heldur eru Máldagar infærdir, eins og ecki afskriftir af Documentum, sem bevísa adkomst til hlunnenda, eda Itaka, utann jeg finn i Vísitatu Hra. Biskups G. Vidalins sáluga, af 26ta Junii 1800, Ad Kyrkjann eigi ... og 2r Selstödur, adra hiá Helgaselsfossi, þar sem jeg hefi látid byggia Sel — og Fiárhús, og adra í Blasteinsbringum.⁴⁰⁸

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Hitta sögð hjáleiga Mosfells (Stóra-Mosfell).

Um Hittu segir síðan neðanmáls:

1802 segir, að yrkt sé land uppá fjalli frá Stóra Mosfelli, sem mjög er örðugt tilsóknar, en fyrir því það þykir bezt, að selt væri og yrkt sér, er það metið sér í lagi til 12 h. 36 al.⁴⁰⁹

Í jarðamatinu 1849 segir m.a. um Mosfell:

⁴⁰⁵Skjal nr. 2(34).

⁴⁰⁶Skjal nr. 2(198) a–b.

⁴⁰⁷Skjal nr. 2(116).

⁴⁰⁸Skjal nr. 2(191) a–b.

⁴⁰⁹Skjal nr. 4(48).

Eingjar litlar heimavið, en talsverðt beitiland. Heiðarland gott og mikið til slæгна og selstöðu, en langt fráliggjandi og mjög örðugt til allrar notkunar. Þvínær ónytt á flestum vetrum.⁴¹⁰

Útmæling á nýbýlinu Fjallsenda/Fellsenda fór fram 8. júlí 1850. Við hana mættu auk úttektarmanna: Þingvallaprestur, fulltrúi Mosfellsprests, ábúendur Fremraháls og Stíflisdals og útmælingarbeiðandinn. Mosfellsprestur lagði fram skýrslu um merki milli Mosfells- og Þingvallakirknalanda en hún er ekki innfærð. Hana má finna í uppskrift í skjölum, sem lögð voru fram í Landsyfírrétti árið 1860. Fylgir einnig vitnisburður mannsins, sem var umboðsmaður Mosfellsprests við áreiðina. Hljóða skýrsla og vitnisburðurinn svo:

Með því bóndinn Arni Björnsson á nýbýlinu Fjallsenda hefur gefið mjer í skyn, að næstkomandi mánudag eða þann 8. þ.m. væri áformuð skoðun á landamerkjum og úthlutun lands til tjeðrar nýlendu hans af Sýslumanni með þartil kvaddri nefnd manna, og þareð jeg, sem Beneficiarius á Mosfelli, sem á land að hjer að vestan verðu, hlýt samkvæmt skyldu minni, að eiga þar að nokkruleyti hlut að máli, leyfi jeg mjer hjermeð, til nauðsynlegrar aðgæslu fyrir tjeða nefnd, að geta um og taka fram þau landamerki, sem mjer með samhljóða vitnisburðum gamalla og áreiðanlegra manna hafa verið sögð, og eru þau þessi: Sjónhenda úr Rjúpnagilsdrögum eða upptökum í aflangan stóran stein einstakan austantil á litla Sauðafelli, og aftur sjónhenda úr tjeðum steini, sem sumir kalla markastein (Sýslustein) í austari Moldbrekkur svonefndar, og en<n> sjónhenda úr Moldbrekkum suðaustanvert við Borgarhóla. Á þessum landamerkjum hefi jeg aldrei heyrt neinn vafa leika, hversvegna jeg vona bæði að nefndin taki þessi merki til greina með sannsýni samkvæmt skyldu sinni, sem og hitt, að enginn leyfi sjer að haggja þeim eða raska, eins og ég líka vil reyna til að láta þá kirkju eða prestakall, sem mjer er trúað fyrir halda rjetti sínum óskertum. Býst jeg því við að halda áfram bæði að tileinka Mosfellskirkju fjalllendi alt, að vestanverðu við tjeð merki, sem og að nota það eptir mætti, þörfum og kríngumstæðum.

Mosfelli þann 5. dag júlím. 1850. Stefán Þorvaldsson prestur til Mosfells.

Framan og ofan skrifuð landamerki milli Þingvalla og Mosfells kirkna landa á Mosfellsheiði eru einmitt gjörsamlega samkvæm því, sem jeg heyrði optlega föður minn sáluga. Jón bónda Eyólfsson á Laxnesi og föðurbróður minn Þorstein sál. þar og fleiri greinda og kunnuga menn glögglega tala um.

Hraðastöðum þann 6ta Júlí 1850. vitnar Ólafur Jónsson bóndi á Hraðastöðum.⁴¹¹

Útmæling nýbýlisins Fjallsenda fór fram 8. júlí 1850:

⁴¹⁰Skjal nr. 2(117).

⁴¹¹Skjal nr. 2(33), sbr. skjal nr. 2(31) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

Þarnæst var nýbýlinu Fjallsenda útvísad til yrkingar hagbeitar og sérhverrar annarar notkunar land það er liggur innan fylgjandi takmarka: Frá mörkum jardarinnar Fremraháls í Kjós á hæstu nordurbrún stóra Saudafells, í landsudur eptir brúninni beina stefnu í Grjóta, og eptir þessari á til sudurs uppad efri Gljúfrunum, þaðan sömu stefnu yfir midja Startjörn í midja Grjótártjörn vestanhallt við Þríbjarnir í hatt hollt fyrir austan Stórasund og hedan í Sæluhúsid á Eystri moldbrekkum. Hedan til utnordurs í stein austanhallt hæst á Litla Saudafelli, þaðan í Rjupnagil á Eyrinum og eptir því uppad austasta klofníngi þess og hedan loksins til landnordurs yfir vestasta Tjarnhól í áður téda brún nordan og hæst á Stóra-Saudafelli.

...

Haldor Jonsson. S. Bech. G. Ólafsson. M. Sæmundsson. Ingimundur Gíslason. A. Björnsson. vegna móður minnar Narfi Þorsteinsson. vegna Sra St. Þorvaldssonar Ólafur Jónsson.

Forevist den 19 Juli 1850. Sagerne have ikke Nummer, Register mangler. J. D. Trampe.⁴¹²

Þann 22. maí 1852 var gefið út byggingarbréf fyrir nýbýlinu Fjallsenda. Því var þinglýst 3. júní 1852.⁴¹³

Mosfellsbrauð var metið á nýjan leik árið 1855 en í lýsingu segir m.a.:

Skírsla um tekjur og útgjöld Mosfells prestakalls í Gullbríngu og Kjósarsýslu profastsdæmi eptir 5 ára meðaltali 1849–1853.

Jörðin er að vísu mikil jörð að öllu samanlögðu og á mikið víðlendi til fjalls og það allgott land til sumarbeitar og slægna, en bæði er erfitt að nota sér það vegna fjarlægðar og líka því nær ómögulegt að verja það fyrir ágangi afréttar fénaðar og stóðhrossa, — en heimaland jarðarinnar er mjög lítið og liggur ónotalega vegna þéttbýlis. Tun jarðarinnar eru stór mjög og harðlend og voru komin í ena mestu órækt, en eru nú heldu að lagast, og munu þau nú í meðalari fóðra 7–8 kýr, og jörðin þessutan hérumbil 80 ær og máské viðlíka af sauðum, en vetrarþeir er lítill og fyrir hross svo að kalla engin, verður því að koma þeim burtu til hagagaungu.⁴¹⁴

Í lýsingu sinni á Mosfells- og Gufunessóknum frá 1855 minnst Stefán Þorvaldsson stuttlega á Mosfellsheiði með eftirfarandi orðum:

Suðaustur með Litla-Sauðafelli liggur allmikill stararflói, grasgefinn, en mjög votlendur, er liggur að landamærum millum Mosfells- og Þingvallakirkna landa á Mosfellsheiði.⁴¹⁵

⁴¹²Skjal nr. 2(11) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

⁴¹³Skjal nr. 2(6) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

⁴¹⁴Skjal nr. 2(193) a–b.

⁴¹⁵Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. S. 236.

Árið 1856 hugðist presturinn á Mosfelli leyfa býli í Mosfellskirkjulandi, svokölluðum Gullbringum. Um þetta atvik er fjallað í kafla 5.21 um jörðina Bringur.

Í bréfi sem presturinn á Mosfelli sendi biskupi þann 12. júní 1858 kemur fram að hann hafi ekkert á móti því að Jón Bjarnason, bóndi á Varmá, sæki um að fá að reisa nýbýli í landnorðurhorni heiðarlands Mosfellskirkju við Sauðafell. Hann hugðist þó áskilja sér rétt til þess að vera við áreið og útmælingu landsins til að gæta hagsmuna kirkjunnar.⁴¹⁶ Stiftsýfirvöld sendu Mosfellspresti bréf þann 22. júní 1858. Þar kemur fram að stiftsýfirvöld töldu sig ekki geta fyrirskipað útvísun lands handa Jóni Bjarnasyni. Síðan segir:

... skulu Stiftsýfirvöldin þó hér með láta yðar velæruverðugheitum í ljósi, að frá þeirra hálfu er ekkert á móti því, að þér semjið við Jón Bjarnason öldungis prívát um bæarbyggingu í Mosfellskirkjulandi, á líkan hátt og skeð er um bæarbygginguna í Gullbringum, þó svo að merki kringum land það, er þér leyfið honum til byggingar, sé nákvæmlegra og greinilegra tiltekin ...⁴¹⁷

Um 1860 hófust deilur um hvort jörðin Fellsendi í Þingvallasveit teldist nýbýlisland eða Þingvallaeign. Málið fór fyrir dóm og var dæmt í því fyrir Landsyfirrætti árið 1860. Ýmis vitni voru kölluð fyrir í þessu máli.

Í júlí 1858 lagði t.d. verjandi Árna Björnssonar, sem byggt hafði Fjallsenda/Fellsenda og gerði kröfu til landsins (Árni var þá orðinn bóndi í Brautarholti á Kjalarnesi), fram eftirfarandi vitnisburði nokkurra Kjalnesinga og Kjósverja:

ad No 3 -a.

Jeg undirskrifaður — sem allan minn aldur hefi dvalið í Kjalarneshreppi — gef þann vitnisburð: að frá því jeg fyrst man til mín, hjer um bil á árunum 1802–1803 til þess á árunum 1835–1836 var afrijettar landið á Mosfellsheiði, kríngum litla Sauðafell og í svo kölluðum Hálsnum brúkað árlega öldungis átölulaust og óhindrað af öllum bæði frá uppeldis föður mínum, Brinjólfi sál. Einarssyni lögrjettumanni á Bakka og öðrum bændum í Kjalarneshreppi, samt sjálfum mjer, eptir að jeg varð búsráðandi — til uppreksturs fyrir stóð, hross fjallagrasatekju og fl.

...

Stad<d>ur að Brautarholti þann 18da Júní 1858 M. Sigurðsson (fyrv. hreppst. í Kjalarnes hreppi).

Jeg undirskrifaður sem einnig hef dvalið allan minn aldur í Kjalarneshreppi (nú á 61ta aldurs ári) ber vitni um brúkun afrijettarins eða almenningsins á Mosfellsheiði og í Hálsnum öldungis samkvæmt þeim, er Magnús Sigurðsson,

⁴¹⁶Skjal nr. 2(194) a–b.

⁴¹⁷Skjal nr. 2(235).

fyrirverandi hreppstjóri Kjalnesinga hefur þegar útgefið af dató í dag, og hjer að framan er ritaður ...

Hofi þann 18. Júní 1858 Jón Runólfsson.

Framlagt fyrir aukarjetti að Þíngvöllum 27. Júlí 1858. Th. Gudmundsen.

ad No 3 - b.

Vjer undirskrifaðir gjörum svolátandi grein fyrir og vitnisburð um hvað vjer þekkjum til og heyrt höfum um landrjettindi, einkum hvað afrjett snertir, á hinni svokölluðu Mosfellsheiði.

Frá því vjer fyrst munum til höfðu Kjósarmenn og Kjalnesingar nauta upp rekstur á Mosfellsheiði.

...

Þá var þetta land af áðurgreindum sveitum einnig brúkað bæði til trippa uppreksturs og svo fóru menn þangað til grasatekju. Álitu þá Kjósarmenn og Kjalnesingar, að land þetta væri almenningur og afrjettur, sem þessum sveitum væri heimilt að brúka til áður greindra notkana, án þess nokkurs manns leyfi þyrfti til ...

Þetta vottum vjer eptir áskorun og erum fúsir til að staðfesta þetta vottorð vort með eiði, ef þess verður krafist.

Árni Stefánsson á Meðalfelli 68 ára Þorsteinn Torfason á Þorlaksstöðum aldur 68.

Gudmundur Eyolfsson á Sandi 78 ára Jón Jónsson á Grjóteyri 63 ára

Framlagt fyrir aukarjetti að Þíngvöllum 27. Júlí 1858. Th. Gudmundsen.⁴¹⁸

Nokkru síðar, eða þann 10. september 1858, voru fjögur vitni leidd fyrir aukarétt Kjósar- og Gullbringusýslu þar sem þau voru spurð um landamerki Þingvalla- og Mosfellskirkna.

8. Hvað vitið þjer um brúkun Kjalnesinga á Mosfellsheiði; hvaða skepnur hafa þeir rekið þangað; hvert hafa þeir rekið; í hvers leyfi hafa þeir rekið?

Einnig lagði umboðsmaður stefnda (Árna Björnssonar) fram gagnspurningar:

1 Hefir vitnið ekki heyrt þess getið, eða veit það ekkert um að Kjósarmenn og Kjalnesingar hafi talið sér nauta og stóðhrossa afrétt í því landi, sem Fellsendi nú er, eða jafnvel brúkað það sem þvílft?

⁴¹⁸Skjal nr. 2(31) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

2 Spurning: Veit vitnið til að þeirri brúkun hafi verið mótmælt?

Vitnin annað hvort töldu Mosfellskirkjuland og Þingvallaland liggja saman á umræddum mörkum eða voru því ókunnugir.⁴¹⁹

Á manntalsþingi, sem haldið var að Lágafelli þann 30. maí 1864, var þinglesið forboð frá sr. J. K. Benediktssyni, er samið var 27. maí sama ár, gegn óleyfilegri hrossagöngu á Mosfellsland.⁴²⁰ Sama forboð var þinglesið á manntalsþingi á Hofi þann 1. júní 1864.⁴²¹

Árið 1867 var Mosfellsbrauð metið og í lýsingu kom m.a. þetta fram:

Skýrsla um tekjur og útgjöld Mosfellsprestakalls í Gullbringu og Kjósarprófastsdæmi eptir 5 ára medaltali, frá fardögum 1862 til fardaga 1867.

Jörðin er til fjalls víðlend og kostagód til sumarbeitar og slægna, en mjög ördug af-nota sökum vegalengdar.⁴²²

Í byrjun 8. áratugar 19. aldar reis upp ágreiningur milli Þorkels Bjarnasonar, prests á Mosfelli, vegna Mosfellskirkju, og Ófeigs Vigfússonar, á Nesjum í Grafningi um landamerki á Mosfellsheiðinni. Orsök deilunnar var sú að sumarið 1868 hafði Ófeigur yrkt svæði á Mosfellsheiði sem nefndist Sauðafellsflói. Þetta var Þorkell ósáttur við því að hann taldi þetta landsvæði tilheyrja Mosfellskirkjulandi og eftir að deiluaðilar höfðu árangurslaust reynt að ná sáttum í málinu kærði séra Þorkell Ófeig vegna Mosfellskirkju.⁴²³

Krafa Þorkels var sú að Mosfellskirkjulandi væri dæmdur Sauðafellsflóinn og landið þar um kring, austur að beinni línu sem dregin væri úr Rjúpnagili í Sýslustein austast á Litla-Sauðafelli og þaðan í Eystri-Moldbrekkur við sæluhúsið á Mosfellsheiði. Þorkell studdi þessa kröfu með lýsingum vitna, lögfestu Þingvallakirkjulands frá 1740, sýslulýsingu Skúla Magnússonar, sóknarlýsingu frá 1855, dómi Landsyfírréttar í máli Þingvallakirkju og Árna Björnssonar árið 1859, þeirri staðreynd að Mosfellsmenn höfðu lengi yrkt Sauðafellsflóann án nokkurra mótmæla og með staðsetningu sæluhússins á Mosfellsheiði en það var byggt fyrir gjafafé Mosfellsveitunga.⁴²⁴

Ófeigur Vigfússon hélt því hins vegar fram að Mosfellskirkju ætti aðeins að dæmast land austur að þeirri línu á uppdrætti [Halldórs Guðmundssonar og Sigurðar málara], er að öðru leyti var samþykktur af báðum málsaðilum, sem dregin væri beint úr Borgarhólum (yfir Syðri- eða Vestari-Moldbrekkur) og í Rjúpnagil. Hann rökstuddi kröfuna með því að vísa í uppdrátt Íslands frá 1848 eftir Björn Gunnlaugsson, skjöl

⁴¹⁹Skjal nr. 2(142).

⁴²⁰Skjal nr. 2(144).

⁴²¹Skjal nr. 2(145).

⁴²²Skjal nr. 2(196) a–b.

⁴²³Skjal nr. 2(31).

⁴²⁴Skjal nr. 2(30) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

þar sem fjallað var um línuna frá Borgarhóla í Rjúpnagil, sýslulýsingu Árnessýslu frá 1848, vitnisburð vitna, og að enginn hefði kært Nesjabændur þó að þeir hefðu af og til í tuttugu og átta ár slegið í Sauðafellsflóa.⁴²⁵

Kveðinn var upp dómur í málinu 22. nóvember 1873 sem féll Þorkatli og Mosfellskirkju í vil. Í honum kemur eftirfarandi fram:

... vill hinn stefndi [Ófeigur í Nesjum] eiga land úr Rjúpnagili og beint í Borgarhóla, en sækjandi [Mosfellsprestur] aptur úr Rjúpnagili í Sýslustein („Merkjastein“) á Sauðafelli, beint í Moldbrekkur eystri og þaðan sjónhendning í Borgarhóla.

Sem sönnun fyrir að þetta sé rétt hefur sækjandi komið fram með ýms skjöl og skilríki, svo sem þingsvitni úr Gullbríngusýslu, eptir hverju 4 vitni hafa vitnað þessu samkvæmt ... þar næst 3 skýrslur prófasts séra Stefáns Þorvaldssonar á Stafholti, sem áður var prestur að Mosfelli, frá 1850, 1855 og 1869; lögfestu fyrir Mosfellslandi frá 1740;⁴²⁶ útskrift af lýsingu Skúla landfógeta yfir Gullbríngu sýslur. — Hinar þarnefndu „Þrívörður“ eru nú ei lengur til, því þær segir sækjandi að brúkaðar hafi verið í veggj sæluhússins á Moldbrekkum, þegar það var byggt 1841; 3 (óeiðfesta) vitnisburði, sem nefndir eru undir No 10, 11, og 12 í sóknarskjalinu frá 28. Ágúst 1873. Öll hin nefndu skjöl og skilríki eru í öllu verulegu samhljóða framburði hinna getnu vitna. Þess er enn vert að geta, að hið umgetna sæluhús á Moldbrekkum var 1841 reist og byggt bæði af Mosfellsveitarmönnum og Árnésingum eins og hins að sækjandi og og fyrirrennarar hans — Mosfellsprestar — hafa stöðugt yrkt eða léð slægjur í Sauðafellsflóa, einnig átölulaust af öllum.

...

Eptir öllu því sem nú hefur verið tilfært fær rétturinn eigi betur séð, en að prestinum að Mosfelli eða Mosfellskirkju beri að tildæma hið umþrætta landstykki þannig, að landamerki Mosfells að austan sé úr Rjúpnagili í Sýslustein, þaðan í Moldbrekkur við sæluhús og svo beint í Borgarhóla.

...

Því dæmist rétt að vera.

Landamerki Mosfellskirkjulands á Mosfellsheiði skulu vera: úr Rjúpnagili í Sýslustein, þaðan beint í Moldbrekkur við sæluhús og þaðan eptir beinni línu í Borgarhóla. Að öðru leyti á hinn stefndi að vera frí af ákæru sækjandans.⁴²⁷

⁴²⁵Skjal nr. 2(37).

⁴²⁶Hér er verið að vísa til lögfestu Markúsar Snæbjörnssonar fyrir Þingvöllum 1740, sjá skjal nr. 2(34).

⁴²⁷Skjal nr. 2(56).

Rekstur þessa máls hófst árið 1870. Í aukarétti Árnessýslu 12. júní 1870 var lagt fram skjal frá Stefáni Þorvaldssyni, fyrrum presti á Mosfelli, dagsett 18. maí 1869, sem vitnað er til í dómnum að framan, svohljóðandi:

No 7. Í þau 12 ár, sem jeg hélt Mosfell í Mosfellssveit og bjó þar, -a: frá 1843–1855. — notaði jeg atölulaust fjallendi Mosfells, eptir þessum ummerkjum:

Leirvogsa ræður merkjum að norðanverðu, neðan frá Skegg<j>astaða hólum og allt uppí Leirvogsvatn, þá ræður lítill lækur, sem rennur vestan til við „Sauðafellstúngu“ og fellur í sama Leirvogsvatn. Þá er tekin sjónhenda úr svonefndu „Rjúpnagili“ í stóran stein, á austan- eða norðanverðu litla Sauðafelli, — úr þeim steini sjónhenda í „Moldbrekkur“, — verður þá allur Sauðafellsflóinn innan Mosfellslands takmarka, enda notaði jeg hann, ásamt Sauðafellstúngunni átölulaust að meira og minna leyti um áðursagt tímabil, bæði til selveru, beitar og slægna.

Austurbóginn var sjónhenda tekin úr Fellshala, nefl. Grímansfellshala og austur heiði, beint austur að fyrr nefndum „Moldbrekkum“. Í mæli var það eptir sögnum gamalla manna, að Mosfell ætti selstöðu í Grímansfelli, og ætti „Fellshalann“ allan suður undir „Seljadal“. — En þessar selstöður notaði jeg allar á víxl, 1, Í Helguseli norðan undir Grímansfelli, — þar sem seinna var sett nýbýlið „Gullbrínga“. - 2, Leirtjarnarsel, fyrir norðan Leirtjörn, — sem líka var af sumum kallað „Markúsarsel“ — 3ju selstöðu hafði jeg og seinast nokkur ár vestan undir illa klifi ofanvert við Leirvogsvatn.

...

Stafholti 18. dag maimán. 1869 Stephán Þorvaldsson (prófastur og pretur í Stafholti).⁴²⁸

Áreið á landið fór fram samhliða réttarhaldinu 12. júlí 1870:

Því næst mæta fyrir rjettinum þeir hinir áðurnefndu menn úr Árnessýslu og segja það sitt álit um landamerki milli Arnnessýslu og Kjósarsýslu: Úr Rjúpnagili eða gljúfrum þess í landsuður beina stefnu á Borgarhólinn hinn hæsta, sunnarlega á Mosfellsheiði. — Hinir tilkjörnu menn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu segja aptur á móti takmörkin þannig: Úr áðurnefndu Rjúpnagili beina stefnu í stóran stein á Litla-Sauðafelli austanverðu, sem hvílir á steinum við báða enda en loptar undir allan í miðju, þaðan beint í Moldbrekkur við Sæluhús á Mosfellsheiði og loksins þaðan í áðurnefndan hæsta Borgarhól. Þessar álits- og skoðunargjörðir segjast allir skoðunarmenn vera reiðubúnir að staðfesta með eiði ef krafist verður, að þær sje gjörðar eptir bestu samvizku og vitund.

⁴²⁸Skjal nr. 2(36).

Eptir að leitast hafði verið við að koma á sáttum milli málsparta án þess það lukkaðist, komu þeir sjer saman um, að skjóta málinu á frest uns upplýsingar fengjust viðvíkjandi ummerkjum Arness- og Kjósar sýslu, það er að segja afskriptir af sýslulýsingum og sóknalýsingum sem allar eru hjá deild hins íslenska bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn.

Var þannig málinu frestað. Upplesið staðfest. Rjetturinn hafinn.

Þ. Jónasson. Th. Gudmundsen. Páll Melsted. Þ. Guðmundsson. Haldór Jónsson. G. Gíslason. O. Ólafsson.

Clausen.

Preben Hoskiær. Halldór Melsted.⁴²⁹

Aukaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu var haldinn 10. október 1871 í Reykjavík. Var þangað stefnt ýmsum vitnum, sem búsett voru í Mosfellssveit, Seltjarnarneshreppi og Reykjavík. Af þeim mættu Jón Jónsson í Lambhaga, Erlendur Þorsteinsson frá Hlaðgerðarkoti, Ólafur Ólafsson frá Hrólfskála og Ásta Guðmundsdóttir í Reykjavík, fyrrum húsfreyja í Stardal. Fyrir þau voru lagðar eftirfarandi spurningar sækjanda:

1. Hvað vitid þér um, eða hafið heyrt um, hver væru austurtakmörk fyrir kirkjulandi Mosfells í Mosfellssveit?
2. Hafið þér ekki heyrt Rjúpnagil, og svonefndan Sýslustein á austanverdu Litla-Saudafelli og Eystri Moldbrekk nefnd sem austur takmörkin?
3. Er ekki Saudafellsflóinn fyrir vestan þessi takmörk?
4. ...
5. Hafa ekki prestarnir á Mosfelli notað Saudafellsflóann átölulaust eftir því sem þeir höfðu efni á?
6. ...
7. Veit vitnið takmörk fyrir jarðarinnar Nesja landi í Grafningi uppá heiðinni?

Jón Jónsson í Lambhaga svaraði á þessa leið:

ad 1–2. Úr Rjúpnagili í Sýslustein á Saudafelli, og þadan í svokalladar Moldbrekk, sem sæluhúsid stendr á.

ad 3. Jú!

<ad> 4. ...

<ad> 5. Eptir því sem hann man, — og nú er hann ordinn 66 ára gamall, — hefir Saudafellsflói altaf verið notadur frá Mosfelli.

<ad> 6. ...

<ad> 7. Þad veit vitnid ekkert um.

Eptir gefnu tilefni og adspurdur um skýrir vitnid ennfremur frá:

ad prestur ad Mosfelli, Benedikt sál. Magnússon hafi léð öðrum slægjur astantil í Saudafellsflóanum.

⁴²⁹Skjal nr. 2(31).

Erlendur Þorsteinsson, 57 ára, svaraði:

ad 1–2. Sem takmörk fyrir Mosfellskirkju-landi á Mosfellsheidi hefir hann heyrt Rjúpnagil í norður og þaðan í Sýslustein á Saudafelli, og þaðan sudur í Moldbrekkr. Enn heldur hann fremur til vesturs þar sem Sæluhúsid stendur á, en þó ekki mikid.

<ad> 3 Mesti parturinn, og ad minnsta kosti aflid úr slægjunum.

<ad> 4. ...

<ad> 5. Jú! Bædi þeir síra Benedikt sál. og síra Stephán Þorvaldsson.

<ad> 6. ...

<ad> 7. Hann veit ekkert um það.

Ólafur Ólafsson, á sjötugsaldri, svaraði:

ad 1–2. Úr Rjúpnagili og í stóran stein efst á Saudafelli, og þaðan í Moldbrekkr, en hvort það er þar sem Sæluhúsid stendr edur dálítid vestar, það man hann ekki upp á vísit.

Vitnid ber ad öðru leyti:

ad Saudafellsflóinn eda ad minnst kosti mesti partur hans liggi fyrir vestan ofannefnd takmörk, og ad presturinn, síra Benedikt sál. ad Mosfelli, hjá hverjum hann var vinnumadr, hafi notad slægjur í Saudafellsflóanum.

Ennfremur hefir hann heyrt að kirkjulönd Mosfells og Þingvalla liggi saman frá Rjúpnagili í Sýslustein, en hver stefnan er þaðan man hann ekki.

Ásta Guðmundsdóttir, 50 ára gömul, svaraði:

ad 1–2. Úr Rjúpnagili og í Sýslustein á Saudafelli þarsem fellid er hæzt, og þaðan í Moldbrekkr þar sem Sæluhúsid stendur á.

<ad> 3 Vitnid segir jú!

<ad> 4. ...

<ad> 5. Jú! Þad er henni kunnugt, ad prestar ad Mosfelli hafi brúkad Saudafellsflóann.

<ad> 6–7. Þad getur hún ekkert sagt um.

Vitnin Jón, Erlendur og Ásta kváðust fús að staðfesta framburð sinn með eiði ef þess yrði krafist, en dómarrinn taldi Ólaf ekki eiðshæfan sökum minnisleysis vegna aldurs.⁴³⁰

Vitnin Guðmundur Gamalíelsson, Guðrún Ófeigsdóttir og Kláus Bjarnason voru stefnd fyrir aukaréttinn 12. júní 1870 en komu þar ekki, Kláus vegna veikinda. Vitnisburðir þeirra voru síðar lagðir fram:

Guðmundur Gamalíelsson í Laugarneskoti bar:

Jeg undirskrifaður sem nú er 51 ars gam<all> og hefi verið heimilisfastur á ímsumm stöðum í Mosfellssveit nálægt 30 ár gief svolátandi vitnisburð fyrir Mosfellskirkjulandi eptir því sem ieg hefi hejrt og mjer sínt verið.

⁴³⁰Skjal nr. 2(32).

úr Rjúpnagili þar sem Glúfrinn þrjá og þejna línu í stóran Einkjennilegann stein sem stendur líkt og á hlóðum á austann verdu líttlasaudafelli þaðann og þejna línu í svokallaðar Moldbrekkur sem sæluhúsið stendur á og hefur staðið, þaðann og í austasta borgarhólinn.

Sömuleiðis hefi ieg aldrei annað hejrt ennað Þjngvalla- og Mosfellskjrkjulönd næðu saman

Þennann vitnisburð minn staðfesti ieg með minni Eiginnhandar undirskrift Laugarnesi 18 október 1871 Guðmundur Gamalíllsson.

viðstaddir vottar O Olafsson (frá Eji) Jón Halldorsson (frá Lækjarbakka)⁴³¹

Guðrún Ófeigsdóttir vottaði um landamerki Nesja:

Jeg sem gief þennann eftirskrifaða vitnisburð umm landamerkie sem jeg hejrdi að væri fyrir Nesjalandi þaug 17 ár sem ieg var a Heiðabæ í Þingvallasvíti. Nú fyrir ifir 30 árumm sjðann

að gili sem kallað er Heimragil og fellur í Þingvalla vatt á milli Heiðarbæjar og Nesja Töldust Nesjar eiga land þaðann úr giliinu og Beina sión hendíng í svokallaðann Jafnhól vestrá heidini úr þvj með Laungu Hlíð og úti Svonemdan Jórutjnd -

enfremur hef ég altaf heirt að Þingvalla og Mosfells kjrkjulönd næðu Samann og enfremur hefi ieg allrei heirt að Nesjar Ættu vestur j Sauða fellslóa eða hefðu Sleigið þar.

Þennann framannskrifaða vitnisburð gief jeg nú 76 ára gömul eptir bestu þekkingu og vitund.

Leirvogstúngu 16. október 1871 Guðrún Ófeigsdóttir (handsalað).

vitni O Olafsson (frá Eidi) Erlindur Þorsteinsson fra Leirvogstungu⁴³²

Í aukaréttinum 12. júní 1870 átti að leggja fyrir Kláus eftirtalðar spurningar:

1. Hefir vitnið hejrt Eystri-Moldbrekkur á Mosfellsheiði nefndar?
2. Hefur vitnið hejrt, að sæluhúsið á Mosfellsheiði stæði á Eystri-Moldbrekkum?
3. Veit vitnið til að nokkrar vörður hafi staðið þar, eða þar rétt við, sem nú er sæluhúsið, hvað hétu þær vörður og hvað voru þær margar?⁴³³

Vitnisburður Kláusar var svohljóðandi:

Jeg undirskrifadur sem nú er Nálægt 67 ára gamall og hefi Búið hier i Mosfellssveit á 34da ár enn Borinn og barnfæddur í [í, tvítekið] Biskupstungum í Árnæssíslu hefi aldrei heirt annars gietíð enn að Sísslumörk milli Arnes og Kjosarsíslu væru á svokölldum Moldbrekkum Sem Sæluhúsið stendur á á Mosfellsheiði og vil ieg ennfremur gieta þess að þegar firnemt sæluhús var byggt var jeg feingienn til að Flitja við til uppgierdar þess af Jóni Sál. Stephensen á Korpúlfsstöðum sem þá var Hreppstjóri hjer í Mosfellssveit og Sem í Sameiníngu með Kristjáni sál. á Skógarkoti í

⁴³¹Skjal nr. 2(44).

⁴³²Skjal nr. 2(45).

⁴³³Skjal nr. 2(32).

Þingvallasveit sá umm Biggíngu Hússins og eptir samkomulægie millumm Beggia firnendra Hreppstjóra eptir ad þeir höfdu leitað þar um álíts Sveita og síslslubúa sinna lietu biggia þetta firnenda Sæluhús á Sísslumörkum þar sem Svokalladar Síssluvörður stóðu á Svonemdum Moldbrekkum og voru þessar Síssluvörður hafdar til ad biggia úr Sæluhúsið enfremur hef ieg heirt bædi fir og Sjdar ad svokalladar Þrívörður stæðu á Næstu hæd firir utann svo nemda VilborgarKjeldu austast á Mosfellsheidi og [hef, yfirstrikað] hef jeg aldrei þekt og þekkje ekkie adrar Þrívörður enn þessar á Mosfellsheidi.

Þennann vitnisburd minn gief ieg eptir bestu Þekkingu og Samvisku hvurn jeg stadfesti med minni Eiginhandar undirskrift

Blikastöðum 20 November 1871. Kláus Bjarnason.

vidstaddir vottar Olafur Olafsson (á Ejdi) Jón Arnason.⁴³⁴

Lagðir voru fram ýmsir vitnisburðir um sýslumörk af hálfu verjanda: Ýmsir þeirra vörðuðu fyrst og fremst sýslumörk og eru þeir færðir í þann kafla, þ.e. vitnisburðir Ingimundar Gíslasonar, Narfa Þorsteinssonar, Árna Björnssonar og Guðmundar Jakobssonar.

Björn Bjarnarson gaf eftirfarandi vitnisburð:

Eg sem þetta ber: er á sextugs aldri og var á Þyngvöllum í 17 Ár og Heiðarbæ í 14 gef — að: skoðaðri Teiknun og lesnum Vitnisburðum — það sem eg veit nærst sanní. Götuna frá vegamótum, og að syðri þrívörðum lagði Ófeigur Jónsson á Heiðarbæ hana fór eg hana með honum fyrir 42 Árum, sýndi hann mér þá syðri þrívörður, sem hafa síðan staðið — framaní Kláfusi — norðan við götuna á avölum klapparhol sem hann kallaði Helluhól, sem nærst mitt á milli Sæluhúss og syðri Moldbrekkna sem hann sagði sýslumerki— sömuleiðis Þorsteinn Einarsson í Stíflisdal — á þessum moldbrekkum hefir allan þennan 42 Ára tíma staðið Varða og mun ekki langt frá línu þeirri sem dregin er milli Borgarhóla og Rjúpnagils. Sýsluvörður á Moldbrekkum eistri, hefi eg aldrey séð, og egi fyrir heirt að Sæluhúsið hafi verið biggt úr þeim, heldur á þessum stað: vegna einkennilegrar brúnar góðs grundvallar og vatnslindar sem opt rennur þar undan. Að sunnan vissi eg aldrey slegið austar, en um línu þá sem stefnir á Vífilfell. í Mosfells sókn var eg í 11 ár í fjögra Presta tíð sr. Magnusar Grímssonar sr. Jóhann Knúts — uppallins á Mosfelli sr. Þórðar Árnasonar þessir allir töluðu, um yrkingu Sauðafells flóa — að austan [hér er merkt við með x og neðan máls stendur: *það er að skilja hédan*] — en eingann klögunar anda fann eg í þeim, en séra Þorkeli fanst ser óþolanlega misboðið með slíkri yrkingu bar hann sem hinir þetta undir mig — sem einhvurn þann grann kunnugasta sem kostur væri á en er eg ekk-> gat rétt dansað eptir hans kröftugu pipu gat hann ekki brúkað mig. séra Þórður sál. sagðist „aungvan staf géta fundið fyrir: að Mosfell ætti land ofar en Bringurnar.“

⁴³⁴Skjal nr. 2(46).

Rjúpnagil þikur mér ógreinilega teiknað og vantar neðri hluta þess ofan í Bugðu, svo efast eg um að stefnan úr Rjúpnagili þaðan sem hún er tekin úr því gæti feingist bein um steininn í Húsið. Línan úr því í Borgarhóla er of laung móti þeirri í Steininum sem bendir á Vífilfell því holarnir eru of hallir við.

Nesjum 3 September 1873 Björn Bjarnarson.

Við skoðun á fellsendalandi, fól sr Steffan Ólafi heitnum Jónssyni að frammfylgja Skjali því sem framburður hans og föður hans eru skráðir á, um um stefnuna úr Sæluhusi suðaustan við Borgarhóla, en standandi á: sauðafelli sagði hann — að mér og fleirri mönnum áheirandi: að sú stefna „hefði eingann stað“ og hann „gæfi sig með öllu frá henni.“

Sami B.B.⁴³⁵

Sækjandi málsins, Þórður Guðmundsson sýslumaður, sem verið hafði sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sagði í sóknarskjali, 28. ágúst 1873:

að í dómi hins konunglega Landsyfírréttar í málinu milli Þingvalla kirkju og Árna bónda Björnssonar á Fellsenda um eignarréttinn að Fellsenda landi, sem dæmt var þar 1859, stendur um þá framlögðu skýrslu Sra Stefans Þorvaldssonar af 5. Júlí 1850 „að skýrsla þessi sé af engum reyngd, að hún sýni það að Landamerki Mosfells og Þingvalla kirkna liggja saman á hinu umrædda svæði“ nefnilega: um línu þá, sem dregin er úr Rjúpnagili yfir steininn austast á Sauðafelli í Moldbrekkur, hvar sæluhúsið stendur.⁴³⁶

Í framhaldssókn, 3. október 1873, sagði sækjandinn, að bræðurnir Jón Jónsson í Lambhaga og Ólafur Jónsson á Hraðastöðum, fæddir í Laxnesi, hefðu sagt sér við skoðunargerð á sæluhúsinu á Mosfellsheiði árið 1841

að þar við við sæluhúsið næðu Mosfells og Þingvalla kirkna lönd saman, og það sama sagði Hreppstjóri J. B. Stephensen, og að sæluhúsið væri byggt í sýslumorkunum milli Kjósar og Gullbringu sýslu annars vegar, en Árness sýslu hins vegar.⁴³⁷

Landamerki Stóra-Mosfells voru skráð 29. maí 1890 og þinglýst 4. júní sama ár. Samkvæmt þeim voru mörk í kringum Stóra-Mosfellsheiðarland eftirfarandi:

1. Milli Hrafnhóla og Stardals og Mosfells, eptir Leirvogsa (frá Skeggjastaðamörkum í Ríp) uppí Leirvogsvatn og úr Leirvogsvatni eptir Bugðu uppá Rjúpnagilsenda.
2. Milli Mosfells- og Þingvalla, úr Rjúpnagilsenda beint í Sýslusteina austan á Sauðafelli, úr þeim beint í Þrivörður á Moldbrekkum, þaðan beint í vörðuna á Stóra-Borgarhól.

⁴³⁵Skjal nr. 2(40).

⁴³⁶Skjal nr. 2(30).

⁴³⁷Skjal nr. 2(47).

3. Milli Mosfells og Miðdals og Þormóðsdals og Helgadals, úr vörðunni í Borgarhól beint um Leirdalsenda í Stórhól austast í Grímmansfelli.
4. Milli Hraðastaða og Mosfells úr Stórhól beint í Helgufoss, eptir ánni niður á móts við Markavörðu.
5. Milli Mosfells og Laxness, beint úr Markavörðu í Markastein og Markaflag neðan til við Jónssel þaðan í Sýlingarstein austan til á Skógarbringum og er hann hornamark milli Laxness og Skeggjastaða.
6. Milli Skeggjastaða og Mosfells, beint úr Sýlingarsteini í Ríp norðan til við fyrnefnda Leirvogsá.⁴³⁸

Undir bréfið skrifa Guðmundur Einarsson eftir umboði prófestsins í Kjalarnesþingi, Einar Þórðarson fyrir hönd Norðurreykja, Guðmundur Einarsson, ábúandi í Miðdal, Halldór Jónsson, bóndi í Þormóðsdal, og Guðmundur Ólafsson, ábúandi á Laxnesi. Einnig skrifaði Gísli Gíslason undir fyrir hönd eigenda Hrísrúrar og Nikulásar Jónssonar á Norðurkoti, eiganda Minna-Mosfells.

Á aðalfundi sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu, sem haldinn var í Hafnarfirði 28. mars 1912, var lögð fram beiðni prestsins í Mosfellsprestakalli um kaup á ábýlisjörð hans, Mosfelli í Mosfellssveit. Hreppsnefndin falaðist einnig eftir kaupum á jörðinni sem hún taldi heppilega til almenningsafnota fyrir hreppinn t.d. sem upprekstrarland. Sýslunefndin taldi óheimilt að selja jörðina án sérstakra laga því hún væri eins og hreppsnefndin hafði tekið fram heppileg til almenningsafnota.⁴³⁹

Samkvæmt gerðabók Mosfellshrepps 1908–1925 kom Mosfellsheiðarmál iðulega til umræðu á hrepps- og hreppsnefndarfundum líkt og rakið verður hér á eftir.⁴⁴⁰

Á hreppsfundi 10. júní 1911 var samþykkt að ganga að tilboði Mosfellsprestis um að hreppsnefndin mætti ótalið láta smala heiðarland Mosfellskirkju þetta ár, en prestur tók jafnframt fram að hann leyfði ekki þar með upprekstur í landið. Á sama fundi var samþykkt áskorun á hreppsnefnd um að leitast við af ýtrasta megni að hreppurinn nyti réttar síns viðvíkjandi „afréttarlöndum“ sem hreppurinn kynni að eiga en aðrir nú vildu eigna sér.

Á hreppsnefndarfundum 8. desember s.á. var samþykkt að reyna að fá Bringnaland keypt handa hreppnum sem upprekstrarland og helst allt heiðarlandið sem tilheyrði Mosfelli.

Fimmtánda júní 1912 kom fram á almennum hreppsfundi að spurst hefði verið fyrir um leigu á heiðarlandi Mosfells til upprekstrar. Var það fánlegt til eins árs með skilyrðum og 75 kr. leigu. Felldi fundurinn tillöguna. Hins vegar leyfði prestur almenna smalamennsku á heiðarlandinu (væntanlega rúningssmalamennsku).

⁴³⁸Skjal nr. 2(11).

⁴³⁹Skjal nr. 2(224).

⁴⁴⁰Skjal nr. 12(14).

Kaup á heiðarlandi Mosfells kom til umræðu á hreppsnefndarfundi 4. ágúst 1918 og á fundi 27. desember s.á. var ákveðið að leggja fyrir lögfræðing öll gögn, sem fyrir hendi væru um eignarheimild hreppsins á upprekstrarlandi og landamerki þess lands, og fá álit hans um hvað hægt væri að gera í því efni. Kaup á heiðarlandi Mosfells voru síðan til umræðu á hreppsnefndarfundi 22. júní 1919 og hreppsfundi 20. október 1922.⁴⁴¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Mosfelli lýst ásamt Hittu. Þar kemur m.a. fram:

Land ekki mikið heima, nægt gripum að sumri, nokkur vetrarheit.

...

Kostir: Selland, afrétt og allmiklar slægjur í kirkjulandi á Mosfellsheiði.⁴⁴²

Í sama fasteignamati er talað um Mosfellskirkjuheiðarland (að frátöldum Bringum) sem sé norðurhluti Mosfellsheiðar. Landið er sagt vera sem „afrétt“ þó ekki sé goldið fyrir og að Mosfellshreppur láti smala það til rétta.⁴⁴³

Þann 11. maí 1922 sendi hreppstjórinn í Mosfellshreppi fyrirspurn til Stjórnarráðsins varðandi land sem hin aflagða kirkja á Mosfelli ætti á norðanverðri Mosfellsheiði. Í bréfinu kom fram að tvær jarðir væru á þessu landi; býlið Mosfellsbringur og Mosfellsheiðarland sem stundum væri nýtt til slæгна. Samkvæmt jarðabókinni frá 1861 væru þær innifaldar í mati Mosfells en í fasteignabókinni 1921 voru þær metnar hvor í sínu lagi og nú vildi hreppstjórinn vita hver ætti að hafa umsjón með þessum kirkjujörðum þannig að hann gæti áttað sig á því hver ætti að annast merkjagerð þar.

Fyrirspurnin var send biskupi og sendi hann dóms- og kirkjumálaráðuneytinu svarbréf 30. maí 1922. Þar lýsti biskup þeirri skoðun sinni að þar sem jarðirnar hefðu verið í mati Mosfellsprestseturs, eins og það var metið presti til tekna tveimur árum áður, þá væru þær í umsjón hans og þar með einnig merkjagerðin. Í bréfinu kom líka fram að biskupinn hefði aldrei heyrt [Mosfells]-bringur nefndar kirkjujörð fyrir en nú í bréfi hreppstjórans og ráðuneytisins. Í þeim matsgerðum sem hann hefði undir höndum væru Mosfellsbringur nefndar afbýli frá heimajörðinni. Því hefði það verið metið sem hluti prestsetursins. Að sögn biskupsins var það fasteignabókin nýja sem varð fyrst til þess að gera þetta kot að sjálfstæðri jörð. Hreppstjórinn hafi síðan gert úr því kirkjujörð.

Eftir að ráðuneytinu hafði borist þetta bréf sendi það, þann 10. júlí 1922, hreppstjóranum úrskurð sinn. Hann var á þá leið að kirkjuheiðarlandið á Mosfellsheiði

⁴⁴¹Skjal nr. 12(14)

⁴⁴²Skjal nr. 2(109) a–b.

⁴⁴³Skjal nr. 2(109) a–b.

og [Mosfells]-bringur skyldu vera í umsjá sóknarprestsins að Mosfelli sem bæri þar með að annast gerð jarðarmerkja.⁴⁴⁴

Á seinni hluta 3. áratugarins fór hreppsnefnd Mosfellshrepps þess á leit við 2. þingmann Gullbringu- og Kjósarsýslu að hann flytti frumvarp um sölu Mosfellsheiðarlands á Alþingi. Að baki lá brýn nauðsyn hreppsins að fá meira „afréttarland“ til eignar og umráða. Þingmaðurinn samdi frumvarp og leitaði umsagnar Hálfðanar Helgasonar, prests og ábúanda Mosfells, á því. Hann taldi sig verða fyrir talsverðum tekjumissi yrði það að lögum því að hann hefði, eins og fyrri ábúendur Mosfells, leigt bæði innan- og utansveitarmönnum nokkuð af heiðarlandinu til slæгна og átti hann von á því að þær tekjur myndu aukast í framtíðinni. En þar sem 2. grein frumvarpsins mælti fyrir um að andvirði sölunnar yrði varið til að rækta upp heimajörðina þá taldi hann sér tekjumissinn bættan og lagði blessun sína yfir frumvarpið.

Frumvarpið fór næst fyrir allsherjarnefnd sem var mótfallin sölunni því að jörðin væri bæði landlítil til beitar og útheyslægnalaus heima fyrir og því hætt við að salan myndi rýra ábúðarhæfi jarðarinnar. Þrátt fyrir aukna ræktun heimajarðarinnar, sem myndi með tíð og tíma auka heyaflann, þá myndi jörðina skorta beutiland vegna landleysis. Um afarlangt skeið hefði heyja verið aflað í umræddu landi og að auki væri það aðalbeutiland jarðarinnar. Í heiðarlandinu væri sauðfé Mosfellsbóndans haldið árið um kring og þaðan hefði aðalútheyskap jarðarinnar verið aflað. Er stórbú var á Mosfelli var mikilla heyja aflað þaðan og séu slægnanot enn mikil þó aðrir en ábúandinn færi þau sér til nytja. Einnig benti nefndin á að Víðirinn, sem væri aðalgraslendið heima fyrir, hefði verið plægður og væri nú flag eitt. Búið væri að selja hluta af honum og frekari sala fyrirhuguð og því væri graslendi jarðarinnar heima orðið afar lítið. Í heiðarlandinu fengi sauðfénaður sveitarmanna að ganga óáreittur og því lítil ástæða fyrir hreppsnefndina að eignast landið enda hefði henni til skamms tíma ekki þótt það nauðsynlegt og talið sveitina vel komast af án þess. Svo fór þó að lokum að frumvarpið var samþykkt og var það afgreitt frá efri deild Alþingis þann 19. maí 1927.⁴⁴⁵

Þann 31. maí 1927 samþykkti Kristján konungur X. lög um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi. Undanskilið sölunni var svonefnt Jónssel en kaupverðinu skyldi varið til ræktunar heimajarðar prestsetursins Mosfells.⁴⁴⁶

Í kjölfar þess að yfirvöld fengu heimild til að selja Mosfellshreppi hluta Mosfellsheiðarlands, nánar tiltekið 30. júlí 1927, skrifaði oddviti hreppsins Stjórnarráðinu bréf þar sem hann hvatti það til þess að nýta sér söluheimildina. Stuttu síðar létu yfirvöld meta landsvæðið og töldu matsmenn það að allmiklu leyti gróðurlítið heiðarland en að nokkru leyti mýrar og vallendisbrekkur. Einnig leituðu

⁴⁴⁴Skjal nr. 2(173).

⁴⁴⁵Alþingistíðindi A og B. 1927.

⁴⁴⁶Skjal nr. 4(55).

þau umsagnar prestsins á Mosfelli um söluna. Í bréfi, dagsettu 18. janúar 1928, samþykkti Mosfellsprestur hana með því skilyrði að andvirðið yrði nýtt til að bæta heimajörðina.⁴⁴⁷ Einnig kom fram í bréfinu að prestur teldi að hjáleigan Mosfellsbringur væri undanþegin sölunni.

Ekkert varð af sölunni að þessu sinni en þann 29. desember 1932 báðu yfirvöld Mosfellsprest á ný um að veita ýmsar upplýsingar vegna hugsanlegrar sölu landsvæðisins. Presturinn sendi svarbréf þann 7. febrúar 1933 þar sem fram kom að hann væri sem fyrr samþykkur sölu landsins, með skilyrðum þó. Í fyrsta lagi vildi hann fá ákveðin hitaveitu- og leiguréttindi. Hann vildi líka fá staðfestingu þess að landið yrði notað sem upprekstrarland. Einnig krafðist hann þess að undanskilið sölunni yrðu Jónssel, Mosfellsbringur og veiðirétturinn í Leirvogsvatni og hluta Leirvogssár.

Í bréfinu kom einnig fram að presturinn hefði reynt að afla sér gagna um landamerki heiðarlandsins. Þau fara hér á eftir:

Landamerkin að norðaustan, austan og sunnan eru þessi, að því er Björn Bjarnarson, hreppsstjóri Mosfellshrepps hefir skýrt mér frá: Stefna úr gljúfrinu í Rjúpnagili í sýslustein austanhalt á há-Sauðafelli. Þaðan úr sýslusteinum í sæluhústóftina á Vestri-Moldbrekkum og þaðan úr sæluhústóftinni beina stefnu í vörðu á Stóra-Hnúk á Grímmannsfelli. Ræður sú stefna alt að ánni niður að Hraðastaðamörkum. Að norðan ræður svo Leirvogssá mörkum en að vestan Skeggjastaðir, Jónssel og grasbýlið Mosfellsbringur.

Samkvæmt Mosfellspresti var ágreiningur um landamerki milli Skeggjastaða og heiðarlandsins í svonefndum Neðri-Sogum. Bóndinn í Laxnesi, Einar Björnsson, sem eitt sinn bjó á Skeggjastöðum, hafði sagt prestinum að hann teldi landamerkin að sunnan þessi:

Úr skógarvörðu á Skógarbringum í Klofningsstein á Langahrygg í Ríp norðan Leirvogár.

En í landamerkjabréfi því sem hann hafði fyrir Skeggjastaði hafi þau verið talin þessi:

Úr skógarvörðu á Skógarbringum í Klofningsstein á Langahrygg, í Einbúa, í einstakan hnúk norðanvert við Leirvogssá, sem Ríp eða Einbúi kallast.

Gæti þetta ef til vill munað lítilli skák af graslendinu Neðri-Sog. Síðan koma frekari upplýsingar um landamerki:

Landamerki Jónssels eru að austan, sem hér segir: Úr vörðu austan við Leirtjörn í Blásteinsbringur norðanverðar og eftir þeim að norðurmörkum Mosfellsbringnalands.

⁴⁴⁷Presturinn á Mosfelli taldi að hann yrði að fá a.m.k. 1000 kr. við afsalið og svo 500–600 kr. á ári þangað til að landið yrði greitt að fullu, ef takast ætti að bæta ræktunarskilyrðin á heiðarlandinu.

Presturinn gat þess síðan að hann hefði ekki undir höndum nein skrifleg skilríki fyrir öllum þessum landamerkjum og gæti því enga ábyrgð á þeim borið enda teldi hann rétt að hreppsnefndin rannsakaði þessi mál. Presturinn taldi þó að landamerkin væru í öllum aðalatriðum rétt þannig að það mundi engin áhrif hafa á söluna þó að eftir þeim yrði farið. Eftir að hafa nefnt þetta sneri presturinn sér aftur að eftirfarandi landamerkjalyðingum:

Inni í sjálfu heiðarlandinu liggja svo tvö grasbýli; nýbýlið Svanastaðir og hjáleigan Mosfellsbringur.

Landamerki Svanastaða voru ákveðin um leið og ég gaf samþykki mitt til stofnunar þess nýbýlis að því leyti, að ég gerði það að skilyrði fyrir samþykki mínu að Þingvallavegur réði algerlega suðurmörkum þess, þó þannig að reisa mætti íbúðar og peningshús þar sem þau nú standa.

Landamerki Mosfellsbringna eru þessi: Úr vörðu fyrir austan og ofan miðja Geldingartjörn suður beint til suðurmarkalínu Mosfellsprestakallslands. Úr sömu vörðu austan miðrar Geldingartjarnar beina línu í vörðu syðst á Blásteinsbringum, þaðan bein lína eftir uppsettum smávörðum sunnan Jónsselslækja og úr einni þeirra, er stendur á tungu á Jónsselshæð beina línu í hornstein þann, sem er ræður mörkum milli Mosfellslands og Laxness. Þessar uppsettu vörður bera saman við ærhúsin í Laxnesi og íbúðarhúsið á Mosfelli (þ: gamla íbúðarhúsið). Að sunnan ræður markalína Mosfellsprestakallslands.⁴⁴⁸

Uppdráttur fylgdi með bréfi prestsins.⁴⁴⁹

Hinn 24. maí 1933 seldi dóms- og kirkjumálaráðherra Mosfellsheiðarland, sem var í eigu prestsetursins Mosfells, til Mosfellshrepps að undanskildu Jónsseli, grasbýlinu Mosfellsbringum, Svanastöðum [síðar Leirvogsvatni] og veiðiréttindum í Leirvogsvatni og Leirvogsá. Heiðarlandið var selt með tveimur nýtingarskilyrðum hvað varðaði nábúa. Í fyrsta lagi að það yrði aðeins notað til upprekstrar fyrir skepnur hreppsbúa. Yrði brotið gegn þessu skilyrði félli landið endurgjaldslaut aftur til ríkisins. Ekki skyldi þó á talið þótt innanhreppsmenn fengu bletti úr heiðarlandinu til hagaslæгна vegna eigin búrekstrar. Hitt skilyrðið var það að ábúenda Mosfells, væri tryggður réttur til upprekstrar fyrir eigin skepnur í hinu burtselda landi án endurgjalds.⁴⁵⁰

Í bréfi, sem oddviti hreppsnefndar Mosfellshrepps sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 1. mars 1954, grennslaðist hann fyrir um afstöðu ráðuneytisins til stofnunar nýbýlis í Mosfellsheiðarlandi. Ráðuneytið sendi hreppsnefnd Mosfellshrepps svarbréf 6. júlí 1954. Þar kom fram að það vilji leyfa,

⁴⁴⁸Skjal nr. 2(172).

⁴⁴⁹Uppdrátturinn sem vísað er til í bréfinu liggur ekki með skjölunum. Í skýringum með uppdrættinum segir presturinn að Mosfellsbringnaland, Jónssel og Svanastaðaland komi ekki við sölu þessa.

⁴⁵⁰Skjal nr. 2(48).

þrátt fyrir ákvæði samnings frá 24. maí 1933 um að heiðarlandið yrði aðeins notað sem beitiland,⁴⁵¹ að þar yrði reist nýbýli í svokölluðum Neðri-Sogum. Sú krafa var gerð af hálfu ráðuneytisins að land nýbýlisins yrði aðeins nýtt til ræktunar og því eigi látið fylgja annað land en slíkt nema ef nauðsyn kræfi. Í bréfinu kemur einnig fram að ráðuneytið fallist á lítils háttar landskipti við jörðina Seljabrekku til hagræðis við setningu landamerkja milli nýbýlisins og Seljabrekku. Þar stendur einnig að ókeypis upprekstur frá Mosfelli og Svanastöðum, sem fjallað sé um í samningnum frá 24. maí 1933, nái, þegar nýbýlið hefur verið stofnað, ekki lengur til lands þess sem býlinu verði úthlutað.

Hitaveita Reykjavíkur keypti öll jarðhitaréttindi í Mosfellsheiðarlandi Mosfellshrepps með kaupsamningi 12. nóvember 1955. Vísað er þannig til landsins í samningnum:

Allt land heiðarinnar, sem hreppurinn hefir öðlast eignarrétt og umráðarétt á.⁴⁵²

Þann 2. október 1956 leigði ríkið Eiríki Tryggvasyni land undir nýbýlið Selholt í heiðarlandi Mosfells. Í byggingarbréfinu er bæði að finna þau réttindi og skyldur sem Eiríkur fékk og axlaði með samningnum og landamerki nýbýlislandsins. Þau eru eftirfarandi:

Að vestan Austurlandamerki Skeggjastaða og Laxness.

Að norðan Leirvogsa.

Að austan bein lína frá Leirvogsa ca. 700 m. frá mörkum Skeggjastaða, að þjóðvegi (Þingvallavegi) þar sem símalína liggur yfir hann, ca. 1280 m. frá mörkum Laxness.

Að sunnan þjóðvegur.⁴⁵³

Átta árum síðar, nánar tiltekið þann 23. mars 1965, gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út byggingarbréf til Ingva Antonssonar vegna leigu hans á býlinu Selholti. Í samningnum kemur m.a. fram að undanskilið erfðaleiguábúð sé vatnsorka og önnur slík réttindi auk nauðsynlegs lands fyrir málmvinnslu, aflstöðvar eða orkuver. Þar er einnig að finna lýsingu á landamerkjum jarðarinnar. Þau eru samhljóða þeim sem skráð voru í byggingarbréfið frá 2. október 1956 nema hvað bætt er við að lega símalínunnar yfir þjóðveginn sé miðuð við útgáfudag fyrra byggingarbréfsins.⁴⁵⁴

E.J. Stardal kemur inn á heiti Mosfellsheiðar í grein frá árinu 1985 og segir:

Heiti þessa mikla heiðarfláka, Mosfellsheiði, virðist dálítið langsótt, því þetta svæði skiptist milli tveggja sýslna og fjögurra hreppa, en Mosfellið, sem það er kennt við sem heild, er lítið fell á mörkum Kjalarnesshrepps og

⁴⁵¹Skjal nr. 2(48).

⁴⁵²Skjal nr. 12(17).

⁴⁵³Skjal nr. 2(189).

⁴⁵⁴Skjal nr. 2(189).

Mosfellssveitar, allangt vestan við ystu heiðarsporðana. En sú er orsök þessarar nafngiftar að kirkjujörðin Mosfellsstaður átti á sínum tíma miklar lendur upp af Mosfellsdal sem náðu yfir mikinn hluta heiðarinnar austur að sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnessýslu og að hreppamörkum Kjalarness-, Þingvalla- og Grafningshrepps um leið. Um þennan hluta heiðarinnar lágu hinar fornu ferðamannaleiðir milli Faxaflóabyggða að vestanverðu og uppsveita Árnessýslu að austanverðu og þannig hefur nafngiftin orðið til.⁴⁵⁵

Um heyskap á Mosfellsheiði nálægt Sauðafellslæk ræðir E.J. Stardal stuttlega í sömu grein:

Heiðin er grösug á þessu svæði, einkum við jaðarinn og víða stórir mýrarflákar með holtum á milli. Sóttu menn heyskap þangað úr Mosfellssveit fyrir meir, jafnvel alla leið úr Reykjavík, þótt langur engjavegur væri.⁴⁵⁶

Árið 1991 var birt auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samkomulagi um mörk á Mosfellsheiði milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar á grundvelli landamerkjabréfs frá 23. janúar 1991. Mörkum er lýst þannig:

1. gr. Mörk milli Grafningshrepps og Ölfushrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og jarðarinnar Miðdals I hins vegar eru bein lína frá Sæluhústótt á Moldbrekkum í steiptan stöpul á Borgarhólum, þaðan bein lína í Sýsluþúfa, þaðan bein lína í Sýslusteinaustan Lyklafells, og þaðan bein lína í steiptan stöpul hæst á Vífilfelli.

Merkjalínur þessar hafa verið teiknaðar inn á viðfestan uppdrátt í mælikvarða 1:25000, útgefnum af Landmælingum Íslands.

Samkvæmt áritun á uppdráttinn eru punktar þeir, sem áður eru greindir, innmældir og reiknaðir af Verkfræðistofunni Hnit í landskerfi Íslands í júní 1990 og er staðsetning (hnit) samkvæmt því þessi:

Sæluhústótt:	X = 663804.625	Y = 414608.553	merki í miðri tótt
Borgarhólar:	X = 667364.58	Y = 409273.28	stöpull
Sýsluþúfa:	X = 669416.32	Y = 403969.94	mið þúfa
Sýslusteinn:	X = 670916.53	Y = 401837.54	miður steinn
Steiptur stólpi á Vífilfelli:	X = 673735.25	Y = 397742.27	

Undirritaðir aðilar eru sammála um það að ofangreind merki séu rétt túlkun merkja í eldri landamerkjabréfum um þessi mörk.

2. gr. Sveitarfélagamörk Grafningshrepps og Ölfushrepps annar vegar og Mosfellsbæjar hins vegar eru þau sömu og greind eru í 1. gr.⁴⁵⁷

Fylgdi uppdráttur af mörkunum sem fylgiskjal I, en í fylgiskjali II, sem var yfirlýsing sammingsaðila, 23. janúar 1991, segir að mörkin teldust ekki endanlega

⁴⁵⁵E.J. Stardal. „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 114.

⁴⁵⁶E.J. Stardal. „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 126.

⁴⁵⁷Sjá skjal nr. 4(40).

staðfest fyrir en Kópavogskaupstaður, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður hefðu samþykkt þau eða eins og þar segir:

Undirritaðir aðilar ... sem undirritað hafa í dag landsmerkjabréf um mörk á Mosfellsheiði frá Sæluhússtótt á Moldbrekkum í norðri í Vífilfell í suðri lýsa því hér með yfir að mörk í téðu landamerkjabréfi frá Sýslusteini austan Lyklafells í Vífilfell teljast ekki endanlega staðfest fyrir en þeir aðilar aðrir en Mosfellsbær sem telja sig eiga lögsögu og/eða eiganarrétt að þeim mörkum þ.e. Kópavogskaupstaður, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður hafa fallist á mörk þessi fyrir sitt leyti.

Mosfellsbær telur þau mörk sem um getur í landamerkjabréfinu í heild vera mörk lögsagnarumdæmis bæjarfélagsins, en er kunnugt um að ofangreind sveitarfélög eru ekki sammála þeirri afstöðu, hvað varðar mörk frá Sýslusteini austan Lyklafells í Vífilfell.

Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi og borgarstjórinn í Reykjavík féllust á merkin með yfirlýsingu 30. janúar s.á. en mótmæltu lögsögu og/eða eignarrétti Mosfellsbæjar á landi vestan við mörkin. Bæjarstjórinn í Kópavogi féllst einnig á merkin með yfirlýsingu 6. mars s.á. en mótmælti kröfum um lögsögu og/eða eignarrétt Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar svo og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar á landinu vestan við mörkin.⁴⁵⁸

5.23. Svanastaðir (síðar Leirvogsvatn)

Dómsmálaráðuneytið skrifaði Mosfellspresti bréf 7. mars 1930 þar sem óskað var umsagnar um leigu til Valgerðar Gísladóttur á landi á Mosfellsheiði til nýbýlisstofnunar.⁴⁵⁹

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið leigði Valgerði Gísladóttur og afkomendum hennar, 5. júní 1930, landspildu til nýbýlisstofnunar úr kirkjujörðinni Mosfelli í Mosfellssveit með 50 ára ábúð. Mörkum landsins er lýst þannig:

Landið takmarkast að norðaustan af Leirvogsa frá brúnni niður að Ráðskonuhól, er liggur gegnt Stardal. Frá Ráðskonuhól liggja merkin eftir holtinu milli Neðri- og Efri-Soga, beina stefnu í Blásteinsbringuholt. Þaðan austur eftir beinni línu, er hefir stefnu í miðja Lómatjörn, að Þjóðvegi. Eftir það ræður Þingvallavegur hinn nýji merkjum að Leirvogsrábrú. Auk þessa fær leigutaki lóð undir íbúðarhús sunnan við veginn.⁴⁶⁰

Í bréfi sem Mosfellsprestur sendi yfirvöldum 7. febrúar 1933 vegna hugsanlegrar sölu á Mosfellsheiðarlandi kemur eftirfarandi fram:

Landamerki Svanastaða voru ákveðin um leið og ég gaf samþykki mitt til

⁴⁵⁸Skjal nr. 8(1), sbr. skjal nr. 8(2) í máli nr. 6/2004, Ölfus.

⁴⁵⁹Skjal nr. 2(240).

⁴⁶⁰Skjal nr. 12(7).

stofnunar þess nýbýlis að því leyti, að ég gerði það að skilyrði fyrir samþykki mínu að Þingvallavegur réði algerlega suðurmörkum þess, þó þannig að reisa mætti íbúðar og peningshús þar sem þau nú standa.⁴⁶¹

Landamerkjalyásing fyrir Svanastaði var útbúin þann 21. apríl 1933. Samkvæmt henni eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Landið takmarkast að norðaustan af Leirvogsa, suður að Ráðskonuhól, er liggur gegnt Stardal. Frá Ráðskonuhól leggja (sic) merkin eftir holtum milli neðri og Efri Soga, beina stefnu í Langamel (í bréfi 15. maí 1930 ranglega nefnd Blásteinsbringuholt). Þaðan austur eftir beinni línu, er hefir stefnu á miðja Lómatjörn að Þjóðvegi. Eftir það ræður Þingvallavegur hinn nýi merkjum að ræsi er liggur um 110 metra suðaustan við brúna á Leirvogsa. Ofan Þjóðvegar er mælt út 2,5 ha. stór ræktunarlóð. Og eru merki hennar frá fyrrnefndu ræsi á Þjóðvegi samkvæmt upprætti dags. 15. maí 1930.⁴⁶²

Í júlí 1935 fór Valgerður Gísladóttir fram á að leigja syni sínum býlið. Lýsti ráðuneytið yfir í bréfi 12. júlí 1935 að það yrði látið óátalið og vísaði til leigusamningsins 5. júlí 1930.⁴⁶³ Svanastaðir voru undanskildir við sölu Mosfellsheiðar 1933.⁴⁶⁴

Landbúnaðarráðherra, f.h. ríkissjóðs, afsalaði Mosfellshreppi kirkjujörðinni Svanastöðum 19. febrúar 1945, samkvæmt heimild í lögum nr. 53/1927 um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi, með þeirri kvöð að ekki væri heimilt að selja hið keypta land aftur, hvorki í heild sinni eða hluta af því. Samkvæmt afsalsbréfinu eru landamerkin eftirfarandi:

Land jarðarinnar takmarkast að norðaustan af Leirvogsa niður að Ráðskonuhól, er liggur gegnt Stardal. Frá Ráðskonuhól leggja merkin eftir holtum milli Neðri- og Efri-Soga, beina stefnu í Langamel. Þaðan austur eftir beinni línu, er hefur stefnu á miðja Lómatjörn, að Þjóðvegi. Eftir það ræður Þingvallavegur hinn nýi merkjum að ræsi, er liggur um 110 metra suðaustan við brúna á Leirvogsa.

Ofan Þjóðvegar er mæld út 2,5 ha. stór ræktunarlóð og eru merki hennar frá fyrrnefndu ræsi á Þjóðvegi, samkvæmt upprætti, dags. 15. maí 1930.

...

Réttur til veiði í Leirvogsvatni (Svanavatni) fylgir ekki með í sölu jarðarinnar.⁴⁶⁵

⁴⁶¹Skjal nr. 2(172).

⁴⁶²Skjal nr. 2(12).

⁴⁶³Skjal nr. 2(241).

⁴⁶⁴Skjal nr. 2(48).

⁴⁶⁵Skjal nr. 12(6).

5.24. Seljabrekka (= Jónssel)

Í bréfi sem Mosfellsprestur sendi yfirvöldum 7. febrúar 1933 vegna hugsanlegrar sölu á Mosfellsheiðarlandi kemur eftirfarandi fram:

Landamerki Jónssels eru að austan, sem hér segir: Úr vörðu austan við Leirtjörn í Blásteinsbringur norðanverðar og eftir þeim að norðurmörkum Mosfellsbringnalands.⁴⁶⁶

Mosfellsprestur byggði Guðmundi Þorlákssyni svonefnt Jónssel til 50 ára 15. maí 1934. Mörkum landsins er þannig lýst í byggingarbréfinu:

Að sunnan landamerki Mosfellsbringnalands, að vestan landamerki Laxnesslands, að norðan og austan landamerki heiðarlandsins eins og þau eru ákveðin í nýgerðum kaupsamningi milli Mosfellsahrepps og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. maí 1933.⁴⁶⁷

Dómsmálaráðuneytið sendi Mosfellspresti, 9. júní 1934, byggingarbréf með staðfestingu fyrir Jónsseli í Mosfellslandi handa Guðmundi Þorlákssyni.⁴⁶⁸ Guðmundur kallaði býlið Seljabrekku. Jónsselsland var undanskilið við sölu Mosfellsheiðar 1933.⁴⁶⁹

Í greinargerð Björns Bjarnarsonar í Grafarholti frá 19. nóvember 1939 kemur fram að eftir byggingu Seljabrekku kom upp lítils háttar misskilningur um stefnu línunnar milli Bringna og Seljabrekku sem var útkljáður 7. október 1939.⁴⁷⁰

Seljabrekka lét land til nýbýlisins Selholts, samkvæmt bréfi landnámsstjóra 17. september 1956 en fékk í staðinn land frá Mosfellsahreppi. Mörkum Selholtslandsins og því sem Seljabrekka fékk er lýst svo:

Þjóðvegur ræður mörkum að sunnan að Skeggjastaðamörkum. Að vestan og norðan ráða Skeggjastaðalandamerki, og að austan landamerki heiðalandsins. Seljabrekka fær móti þessu tilsvareandi land að stærð og gæðum sunnan þjóðvegur austan við núverandi Seljabrekkuland. Seljabrekka heldur rétti til Leirtjarnar til fiskiræktarafnota og veiði að hálfu móti Selholti.⁴⁷¹

Oddviti Mosfellsahrepps gerði athugasemd við landamerki Seljabrekku, sem hann taldi Seljabrekkubónða ekki hafa á hreinu, í bréfi til jarðeignadeildar ríkisins 12. júlí 1968 og segir þar:

Landamerki Seljabrekku að sunnan skulu vera lína úr „Markasteini“ í Suður enda „Geldingatjarnar“. Norðurkantur leigulands „Keldna“ er hinsvegar girðing sú sem upper komin þaræða einskonar framlenging af henni. Renningur sá er myndast þarna á milli er samkvæmt okkar samkomulagi land

⁴⁶⁶Skjal nr. 2(172).

⁴⁶⁷Skjal nr. 12(11).

⁴⁶⁸Skjal nr. 2(241).

⁴⁶⁹Skjal nr. 2(48).

⁴⁷⁰Skjal nr. 12(3).

⁴⁷¹Skjal nr. 17(4).

sem Mosfellshreppur fær á leigu. Breidd landsins er ekki glögg fyr en mæling hefir farið fram en þó er miðað við að fjarlægð milli geldingatjarnar og háspennulínu þar marki þetta að nokkru en þó aldrei minna en 100 metrar.

Ennfremur fái Mosfellshr. svo land það er lendir austan við girðingu „Keldna“ en tilheyrði áður Bringum eða með öðrum orðum allt það land sem afgangs verður á milli og austan við áðurnefnd afmörkuð Svæði.

Nánar nefni ég þetta ekki nú enda var það að samkomulagi að endanlegt samkomulag yrði er mæling þessara landa læi fyrir eftir ljósmyndum frá Ágústi Böðvarssyni.

Mér þætti vænt um ef þú gerðir mér viðvart ef þér sýnist ég hafa annan skilning á þessu en þú.⁴⁷²

Síðar fékk Seljabrekka land frá Bringum, eða eins og kemur fram í byggingarbréfi Guðjóns Bjarnasonar fyrir Seljabrekku 13. mars 1983, þar sem landamerkjum er lýst:

Landamerki Seljabrekku (hét Jónssel) sem áður var hluti Mosfells, eru þessi: Að sunnan fær Seljabrekka land, sem áður tilheyrði Bringum þannig að suðurmörk landsins verða ca 50 metrum norðan við núverandi Sogslínu frá Laxnessmörkum allt að Geldingatjarnarlæk. Geldingatjörn verður öll í landi Seljabrekku. Að vestan landamerki Laxnesslands, að norðan þjóðvegur og að austan landamerki heiðarlands eins og þau eru ákveðin í kaupsamningi milli Mosfellshrepps og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. maí 1933.⁴⁷³

Landbúnaðarráðherra seldi Seljabrekku með afsali 26. ágúst 1999. Undanskilð í sölunni var námuréttur og réttur til efnistaka auk vatns- og jarðhitaréttinda umfram heimilis- og búsparfir. Varðandi landamerki er vísað til landamerkjaskrár Kjósarsýslu.⁴⁷⁴ Ákvæði munu vera um forkaupsrétt ríkissjóðs skv. kaupsamningi.

5.25. Almenningsland á Stór-Reykjavíkursvæðinu

5.25.1. Almennt

Aftan við umfjöllunina um Vatnsleysustrandarhrepp í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er prentuð neðanmálgrein sem hefst á þessum orðum:

Í Jarðabókinni er seðill og á honum þetta, sem á hjer við:

Það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi, ...⁴⁷⁵

⁴⁷²Skjal nr. 17(10).

⁴⁷³Skjal nr. 17(3). Sama landslýsing mun hafa komið fram í byggingarbréfi árið 1968 en það skjal hefur ekki verið lagt fram.

⁴⁷⁴Skjal nr. 17(1).

⁴⁷⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. Kaupmannahöfn. 1923. S. 157.

Eftir orðanna hljóðan virðist sem almenningurinn takmarkist af landi Hvassahrauns og Trölladyngjum og sé því ekki innan Vatsnleysustrandarhrepps.

Íhugunarvert er hvaða jarðir í Álftaneshreppi höfðu aðgang að almenningi eða almenningum sem nefndir eru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Um Þorbjarnarstaði segir:

Skóg hefur jörðin átt, en nú má það valla kalla nema rifhrís, það hefur hún so bjarglega mikið, að það er bæði brúkað til kolgjörðar og eldiviðar, og so til að fæða pening á í heyskorti. Aldrei ljá það búendur til annara, og eru þetta þau skógarpláts, sem almenningar eru kölluð.⁴⁷⁶

Af þessu má ráða að það voru skógarplássin sem gengu undir heitinu almenningar. Lambhagi var hjáleiga Þorbjarnarstaða en svohljóðandi umsögn er um hann í Jarðabókinni:

Hríssrif hefur jörðin í Þorbjarnarstaðarlandi þar sem heita almenningar, er það haft til kolgjörðar og eldiviðar og til að fæða pening í heyskorti.⁴⁷⁷

Eftir þessu að dæma voru svokallaðir almenningar í landi Þorbjarnarstaða.

Lónakot átti skóg til forna sem var varla meira en rifhrís þegar Jarðabókin var tekin og var notað til kolgerðar, eldiviðar og sem nautafóður um vetur. Um landskuld Lónakots segir:

Landskuld xl álnir. Betalaðist með viii tunnum kola heim til Bessastaða alt til þess Andres Ívarsson Raun⁴⁷⁸ varð forpachtaranna umboðsmaður á Bessastöðum, þá kvartaði ábúandinn um að skógurinn í almenninginum væri so foreyddur að hann ei til treystist þar að safna kolviði til landskuldargjaldsins...⁴⁷⁹

Meðal kvaða sem hvíldu á Óttarsstöðum voru tveir hríshestar sem taka átti í almenningi og flytja heim að Bessastöðum en ábúandinn gat þess að æ erfiðara væri að afla þeirra. Einnig átti ábúandinn rétt á að sækja sér skóg til kolgerðar og eldiviðar í almenning sér að kostnaðarlausu en fram kemur að ekki sé langt í að hann eyðist að fullu. Enn fremur átti jörðin selstöðu í almenningi. Fyrri hjáleiga Óttarsstaða átti hrístak í almenningi til eldiviðar og sem nautafóður í heyskorti en seinni hjáleigan átti óskammtað hrístak í almenningi.⁴⁸⁰

Um Straum segir Jarðabókin:

⁴⁷⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 165–166.

⁴⁷⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 167.

⁴⁷⁸ Andrés Ívarsson Rafn var landfógeti á árunum 1693–1695, sbr. Einar Laxness, *Íslands saga a–ö*, II. bindi. Reykjavík. 1995. S. 91. Sjá einnig *Alþingisbækur Íslands*, VIII. bindi. Reykjavík 1949–1955. S. 443–445, og 467–470, þar sem hann er titlaður fulltrúi landfógeta í nafnaskrá.

⁴⁷⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 159.

⁴⁸⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 161–163.

Skóg til kolgjörðar og eldiviðartaks brúkar jörðin í almenningum, líka er stundum hrís gefið nautpeningi. ... Lýngrif getur jörðin ogso haft í almenningum.⁴⁸¹

Hvaleyri átti hrísrif í heimalandi sínu sem reyndar var að mestu eytt en einnig hafði hún hrísrif í almenningum bæði til eldiviðar og kolgerðar. Afbýlismenn Hvaleyrar höfðu eldiviðartak og önnur hlunnindi jarðarinnar ásamt heimabóndanum. Það sama má segja um Ófriðarstaði (Jófriðarstaði) en þeir höfðu hrís til kolgerðar í almenningum.⁴⁸²

Eftirfarandi jarðir eru ekki á ágreiningssvæði í þjóðlendumáli þessu en höfðu aðgang að almenningum eða almenningi: Ás hafði hrísrif í almenningum til kolgerðar og eldiviðar. Brekka hafði rétt til hrístöku í almenningum. Svalbarði, Haukshús, Sviðholt, Deild, Bárugseyri, Akkrakot, Kasthús, Landakot, Eyvindarstaðir og Lambhús höfðu öll rétt til hrístöku uppá áskilda kvaðarhesta í almenningum eða almenningi.⁴⁸³ Um Arnarnes segir Jarðabókin:

Skóg til kolgjörðar og hrísstekju sem kvöð er hefur jörðin í almenningi eður kóngslandi.⁴⁸⁴

Nánar er fjallað um Kóngsland í sérstökum samnefndum kafla.

Ofantaldar jarðir voru allar konungsjarðir nema Ás sem var konungseign að $\frac{3}{4}$ en einkaeign að $\frac{1}{4}$. Setberg var einnig í einkaeign en það hafði átt skóg til forna sem var ekki annað en alltíð hrísrif þegar Jarðabókin var gerð.⁴⁸⁵

Meðal kvaða eftirtaldrar konungsjarða: Sandhúsa, Hliðs, Mólshúsa, Skógtjarnar og Breiðabólsstaðar, var m.a. talinn hríshestur. Ekki er getið hvaðan átti að taka þennan kvaðarhest en þar sem jarðirnar áttu ekki skóg er ekki ólíklegt að hríshesturinn hafi verið sóttur í almenning.⁴⁸⁶

Næst skal sjónum beint að Garðakirkjujörðum og rétti þeirra til að nýta sér almenninginn. Um Garða segir m.a. í Jarðabókinni:

Skóg á staðurinn sem brúkast til kolgjörðar og tekur mjög að eyðast. ... Úthagar nálægt heimastaðnum eru bæði þröngvir og snögglendir.⁴⁸⁷

Hamarskot var eign Garðakirkju en um það segir m.a. í Jarðabókinni:

Skóg eður hrís til kolgjörðar hefur jörðin lángrandi brúkað mótmælalaust í almenningum.⁴⁸⁸

⁴⁸¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 164.

⁴⁸² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 168, 170 og 173.

⁴⁸³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 172, 204, 205, 206, 208, 211, 213, 214, 216, 217, 219 og 221.

⁴⁸⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 227.

⁴⁸⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 176.

⁴⁸⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 191, 193, 199, 201 og 215.

⁴⁸⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 180–181.

⁴⁸⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 175.

Hausastaðir voru einnig Garðakirkjujörð en um þá segir Jarðabókin:

Skóg til hríss og kola lítilsháttar brúkar jörðin í staðarins skógi og stundum í almenningi.⁴⁸⁹

Bakki var Garðakirkjujörð og meðal kvaða jarðarinnar var:

Hrísshestur er sækist í kirkjunnar skógarland so lengi sem það varir, síðan kanske í almenning ef þar er þá nokkuð.⁴⁹⁰

Sama kvöð hvíldi á Garðakirkjujörðunum Pálshúsum, en þar var hríshesturinn sóttur í almenning, og Garðhúsum en þar var hann sóttur í almenning eða kirkjunnar land.⁴⁹¹ Akurgerði var Garðakirkjujörð sem seld hafði verið Hafnarfjarðarkaupmanni. Hún hafði eldiviðartak, m.a. af fjörupangi en einnig af smáhrísi sem aflað var bæði í almenningi og Garðakirkjulandi.⁴⁹²

Loks skal greint frá nokkrum Garðakirkjujörðum sem höfðu aðgang að skógi eða hrísi í landi staðarins. Skerseyri var hjáleiga Garða og hafði eldiviðartak í landi staðarins. Pálshús voru einnig hjáleiga Garða sem höfðu eldivið bæði af torfi og skógi í óskiptu landi kirkjunnar.⁴⁹³ Nýibær var eign Garðakirkju en um þá jörð segir Jarðabókin:

Skógartaks, eldingartorfs og annara þvílíkra hlunninda nýtur þessi jörð úr óskiftu að þörfum eins og hin önnur býlin í hverfinu.⁴⁹⁴

Selskarð og Hraunsholt voru einnig Garðakirkjujarðir og höfðu báðar hrístak til kolgerðar og hríshestskvöð í Garðakirkjulandi.⁴⁹⁵ Eftirtaldar Garðakirkjujarðir höfðu hríshest meðal virkra eða aflagðra kvaða sinna: Dysjar, Ráðagerði, Garðabúð, Miðengi, Hlíð, Móakot og Hausastaðakot.⁴⁹⁶ Ekki er getið um að þær eigi skóg, aðeins sagt að þær eigi eldiviðartak af mósukurði í landi staðarins, og því verður að ætla að hríshesturinn hafi verið sóttur í Garðakirkjuland. Loks skal minnst á Vífilsstaði sem voru Garðakirkjujörð en um þá segir m.a. í Jarðabókinni:

Skóg hefur jörðin átt og er hann nú eyddur so þar er eftir lítið hríssrif, það brúkar bóndinn til eldiviðartaks ásamt mósukurði, sem mjög lítill er, og fyrir skort á hverutveggja þessu gjörist nú eldiviðartak erfitt. Skógartak til kolgerðar er frjálst í kirkjunnar landi.⁴⁹⁷

Að endingu skal getið nokkurra konungsjarða í Seltjarnarneshreppi sem höfðu afnot af almenningum/almenningi. Kópavogur skal fyrstur nefndur en hann hafði

⁴⁸⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 190.

⁴⁹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 182.

⁴⁹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 183 og 185.

⁴⁹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 177.

⁴⁹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 179 og 183.

⁴⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 185.

⁴⁹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 222–223.

⁴⁹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 181, 185, 186, 187, 188 og 189.

⁴⁹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 225.

hrístak þar til kolgerðar og upp á áskilda hríshesta. Rauðará, Bústaðir og Digranes höfðu hins vegar aðeins hrístak þar upp á áskilda hríshesta.⁴⁹⁸ Við nokkrar konungsjarðir í Seltjarnarneshreppi kemur fram að þær eigi að skila hríshesti til Bessastaða og er sú kvöð ýmist virk, óvirk, eða þá hægt að gjalda hana með öðrum hætti. Á meðal þessara jarða er Örfirisey sem notaði hrís og lyng til selstöðu eldiviðar undir Selfjalli og Hvammkot sem átti lítið rífhús.⁴⁹⁹ Hinar jarðirnar, Lambastaðir, Hrólfskáli, Eiði og Kleppur, áttu engan skóg er Jarðabókin var gerð.⁵⁰⁰ Á einhvern stað hefur þurft að sækja þennan hríshest, a.m.k. í upphafi þegar kvaðirnar voru settar, hugsanlega í almenning líkt og hinar fjórar fyrrnefndu jarðir Seltjarnarneshrepps gerðu.

Aðrar konungsjarðir, sem jafnframt eru kröfujarðir, áttu sinn eigin skóg eða skógarrytjur.

Landskuld Vatnsenda hafði verið goldin í kolum en því var breytt vegna eyðslu skóganna en annars segir um jörðina:

Hrís af reitíngi erfitt, brúkast til kolgjörðar og eldiviðar.⁵⁰¹

Svipuð ummæli eru um Elliðavatn, jafnt um fyrirkomulag landskuldar og ásigkomulag hríssins:

Rífhús er til eldiviðar og kolgjörðar, en fer mjög í þurð og er undir eyðingu komið.⁵⁰²

Um Hólm segir Jarðabókin:

Skóg hefur jörðin átt, sem nú er aldeiliss eyddur. Hríssrif á hún enn, sem brúkast til eldiviðar og so naumlega, að jörðin þarf hrístak af öðrum að þiggja.⁵⁰³

Loks er það Helliskot (Elliðakot) en um það segir:

Skógur til eldiviðar mjög eyddur.⁵⁰⁴

Jarðir þær, sem konungur átti í Garðahreppi/Álftaneshreppi, höfðu áður verið í eigu Viðeyjarklausturs, sem konungur sló eign sinni á, eða Skálholtsstóls. Hafði Skálholtsbiskup verið látinn skipta á jörðum við konungsvaldið með hirðstjórabréfi 27. september 1563.⁵⁰⁵

Um 1700 voru nær allar jarðir í hreppnum í eign konungs eða Garðakirkju. Því vaknar sú spurning, hvort hinir svonefndu almenningar/almenningur hafi verið á einhvern hátt tengdir eignarréttarböndum við jarðir Skálholtsstóls, Viðeyjarklausturs

⁴⁹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 230, 270, 275 og 276.

⁴⁹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 254 og 277.

⁵⁰⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 233, 236, 251 og 273.

⁵⁰¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 280.

⁵⁰² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 281.

⁵⁰³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 283.

⁵⁰⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 289.

⁵⁰⁵ Íslenskt fornbréfasafn, XIV. b. S. 155–158.

eða Garðakirkju fyrir siðbreytingu. Jafnvel að þeir hafi upphaflega verið í eigu einhverra jarða, sem biskupsstóllinn, klaustrið og kirkjurnar áttu, og landsetum stóls, klausturs og kirkna leyft að nýta skóginn og skógurinn þannig orðið almenningur, þar sem engum einkaaðilum var til að dreifa. Í þessu sambandi má benda á máldaga Viðeyjarklausturs frá 1284 sem greinir frá ítökum klaustursins í jarðir annarra manna. Þar kemur m.a. fram að klaustrið eigi:

Samvidvnnar skog j hравnm vt fra hvaleyri.⁵⁰⁶

Í greinargerð Þjóðskjalasafns segir að framangreint sé aðeins tilgáta, sem ekki verði sönnuð, en sé bent á til umhugsunar.

Um 1860 hófust deilur um hvort jörðin Fellsendi í Þingvallasveit teldist nýbýlisland eða Þingvallaeign. Meðal annars var deilt um hvort Mosfellsheiðarland væri almenningur/afréttur. Nánar er sagt frá þessu máli í kaflanum um Mosfellsheiðarland.

Þann 22. júlí 1865 fór fram útmæling á jörðinni Lækjarbotnum að ósk Þorsteins Þorsteinssonar sem hugðist reisa þar nýbýli. Þessu máli tengist bréf frá 18. júlí 1866. Þar kemur fram:

að þér herra Sýslumaður með hinum útnefndu áreiðarmönnum leggið úrskurð á það, hvort land það sem áreiðargjörðin hefir tiltekið, sé almenningur, eða hvort það beri að álfta sem part úr Helliskotslandi.⁵⁰⁷

Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.13 um Lækjarbotna.

Deilur stóðu um jörðina Vilborgarkot á ofanverðri 19. öld. Meðal annars var deilt um hvort jörðin hefði verið hluti almennings. Nánar er fjallað um þessar deilur í kafla 5.14 um Vilborgarkot.

5.25.2. Almennigur og almenningskógar Álftaness

Skúli Magnússon getur almenningsins [á Álftanesi] í lýsingu sinni á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785 með eftirfarandi orðum:

Milli Kálfatjarnarsóknar og Garðasóknar er hálent hraunsvæði, sem Almennigur nefnist. Er það 2 mílur að breidd og 3 mílna langt frá sjónum upp að fjöllum. Landslag og gróður er þar með sama hætti, sem fyrr segir um Kálfatjarnarþingsókn; þó er þarna meira smáhrís og lyng.⁵⁰⁸

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu tilkynnti hreppstjórnunum í Álftaneshreppi, þann 31. desember 1825, um að gefin hefði verið út konungsúrskurður þess efnis að landsmenn mættu ekki ganga of nærri skóglendi hér á landi.⁵⁰⁹ Hreppstjórnir sendu bréf til bændanna í Hraunum þann 21. febrúar 1826. Í

⁵⁰⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, II. b. S. 247, sjá einnig s. 248.

⁵⁰⁷ Skjal nr. 2(238).

⁵⁰⁸ Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 122.

⁵⁰⁹ Skjal nr. 2(126) a–b. Bréfið er árssett 1825 en réttara mun vera 1826.

bréfinu kom fram að ábúendur kirkjujarða megi ekki taka skógarhrís í svokölluðum almenningi án leyfis.⁵¹⁰

Árið 1839 var Garðabrauð metið. Í lýsingu koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

Kirkiann i Gördum á land sem liggur til fialls fyrir ofan Setbergs, Áss, Ofridarstada og Hvaleyrarland; þar hefur verid og getur verid góð Selstada, (landamerkin síast i medfylgiandi afskrift Nr. 5).

J þessu landi má og heja, enn fiærlægdin ollir því, að bædi eg og sumir minir Formenn hafa heldr keypt engi a Ellidavatni sem þó er langt í burtu en nota þetta so kallada kyrkiuland til hejabla. Skogur hefir og nockur verid i þessu landi og hans Menjar síast en þó heita megi þrotin. Verdr hann ej varinn vegna fiærlægdar, og það því sídur sem so kalladr almenningur, liggur saman vid þetta land, hvar allir leifa sér hrísrif jafnvel á klaka til fódurs Nautpeningi. Landid má því heita Prestakallinu ardlaust ...⁵¹¹

Árni Helgason segir í lýsingu sinni á Garðaprestakalli frá 1842 að í almenningnum [í Álftaneshreppi] sé nokkur skógur og að hrís vaxi:

... innan um Almenninginn og upp undan honum, með svokölluðum Undirhlíðum.⁵¹²

Þann 24. október 1847 bað bóndinn á Þorbjarnarstöðum nokkra aðila að kanna ástand skóglendis sem væri í eigu Hraunajarðanna Straums og Þorbjarnarstaða. Skoðunin fór fram fjórum dögum síðar og var niðurstaða þeirra sem framkvæmdu hana sú að skógurinn væri í slæmu ásigkomulagi.⁵¹³ Í bréfi sem bændur í Hraunum sendu stiftamtmani þann 29. október 1847 óska þeir eftir rannsókn á skógareyðingu á landi sínu.⁵¹⁴

Almenningsskógar Álftaness voru síðan umfjöllunarefni bréfs sem stiftamtmaður sendi sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 3. desember 1847.⁵¹⁵ Í bréfinu kemur fram að 16. apríl það ár ákvað sýslumaðurinn að bændur sem ekki ættu skóg sjálfir mættu höggva við í almenningnum. Stuttu eftir að hann tók þessa ákvörðun gerðu sjö bændur [Hraunabændur] kröfu til einkaréttar á notkun almenningsskógarins. Sýslumaðurinn var andsnúinn kröfunni því að hann taldi að þessi réttur tilheyrði jörðum í Gullbringusýslu.

Í bréfinu kemur fram að stiftamtmaður tók ekki undir eignaréttarkröfu bændanna sjö. Hann var hins vegar heldur ekki sammála sýslumanninum um að allar jarðir í Gullbringusýslu hefðu rétt til skógarhöggs til einkanota á þessu svæði. Að mati stiftamtmanns var þetta land í eigu konungs. Stiftamtmaðurinn var þó ekki viss um að

⁵¹⁰Skjal nr. 2(126) a–b.

⁵¹¹Skjal nr. 2(190).

⁵¹²Árni Helgason, „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. S. 201.

⁵¹³Skjal nr. 2(126) a–b.

⁵¹⁴Skjal nr. 2(126) a–b.

⁵¹⁵Skjal nr. 2(125).

yfirvöld vildu taka við skóginum, enda væri hann illa farinn, og því kynnu þau að kjósa að fela einhverjum öðrum aðila umsjón hans. Áður en yfirvöld gætu tekið þessa ákvörðun yrði hins vegar að finna út hver væru mörkin milli beitilandsins í almenningnum og skógarins þar og því skipaði stiftamtmaðurinn sýslumanninum að gera úttekt á skóginum við fyrsta tækifæri.⁵¹⁶

Í bréfi Árna Helgasonar, prófests í Görðum, 13. janúar 1848 til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu (sjá kafla um *Garða*) segir hann jarðabókina 1760 eigna kirkjunni ítak í svonefndum almenningi. Henn segir um Kirkjulandið (fyrir ofan byggðina á Álftanesi að allir viðurkenni að þetta land tilheyri Garðakirkju en hvað beit áhræri megi það þó teljast almenningur.⁵¹⁷

Í kjölfar þess að stiftamtmaður komst að þeirri niðurstöðu að almenningsskógarnir á Álftanesi væru ennþá í eigu Danakonungs skipaði hann svo fyrir að farin yrði skoðunarferð um svæðið til þess að kanna hvað af almenningnum væri beitarlund og hvað skóglendi þannig að ákvarða mætti hvaða hluta hans hægt væri að friða. Þann 18. maí 1848 voru skoðunarmenn skipaðir í þessa ferð. Sama dag var hún auglýst og jafnframt var Guðmundi Guðmundssyni, Lambhaga, tilkynnt hvað stæði til og hann beðinn að láta nágranna sína vita af henni, ekki síst eigendur Óttarsstaða, Lambhaga, Lónakots og Hvassahrauns.⁵¹⁸

Áreiðin fór fram 2. júní 1848 og samkvæmt henni voru mörk skóglendisins eftirfarandi:

ad nedan byrjar það nyrðst við Kolbeinshæd, gengur svo til vesturs niður ad Markhólum fyrir nordan Lónakotssel, hvar skógurinn endar mót sudri. Þó gengur skógartúnga þríhyrnt niður frá Alfaraveginum. Hennar botn eda breidd er ad ofan, og gengur frá Laungubrekkum til sudurs ad Markhólum. Spordur skógarspildu þessarar endar í útnordri við Brunnhólavördu skamt fyrir ofan Lónakot.

ad nordan gengur skógarlandid frá Kolbeinshæd til Landsudurs lángs med Kaphelluhrauni og brunanum upp ad Stórhöfðastíg, þaðan

til sudurs í Fremstahöfða lángs med brunanum sudur ad „fjallinu eina“ þaðan til vesturs og útnordurs í krókum og hlikkjum alt niður ad Markhólum.

Alt þetta land, sem álitst vera 1 ferhyrnings míla ad stærð, vidurkenna allir þeir, sem mætt hafa, ad kallad sé med adalnafni (generelt) „Almenníngur“.

Landid er alt skógi vaxid, og er skógurinn ad nordann og ad ofan víða ílla högginn og sumstadar upprættur, en álitst þó ad géta, væri hann fridadur, aptur tekid góðum framförum. Þará móti er skógurinn þess sunnar sem dregur blómlegri, einkum fyrir ofan og nedan Þorbjarnarstada, Straums, Ottarstada og Lónakotssel, en skógarhyrnan fyrir nedan alfararaveginum niðurundir Lónakot er mjög svo brudd af saudfé.

⁵¹⁶Skjal nr. 2(125) a–b.

⁵¹⁷Skjal nr. 2(127) a–b.

⁵¹⁸Skjöl nr. 2(113) og 2(121) a–b.

Gjördarmannanna álit og meining er, að sú nýnefnda skógarspilda upp frá Lónakoti að alfaraveginum hljóti að vera beitarnland bæði vegna nærlægðar þess við Lónakot og Ottarstadi og líka hins, að þetta skógarland er í sjálfu sér lítilfjörlegt. Þarómóti finna þeir ei ástæðu til að skipta hinu öðru hér að framan tilgreinda skógarlandi í tvent, svo að nokkud af því ákvarðist til að vera beitarnland, en nokkud land er fríða skuli, sem eginlegt skógarland, heldur er það þeirra álit, að Land það alt beri að álíta sem skóg, er fríða beri.

Sýslumadurinn framlagði bref frá Stifisprófasti Herra Arna Helgasyni, Riddara af Dannebrogge til Sysslumansins, dagsett 29da Mai þ. á. hvarí hann gefur til kynna, að jardabókin frá 1760 eign nokkrum Garda kyrkju jörðum og Prestsetrinu Görðum skógarhögg í Almenníngnum, og óskar hann að þetta verdi tekid til greina. Brefid innfærist þannig látandi: [A]

Eigendurnir af jörðunum Þorbjarnastöðum, Straumi, Ottarstöðum og Lónakoti samt af Hvassahrauni athugudu að selstödur þeirra lægju í því að framan tiltekna skógarlandi, og að þar hefði verið frá alda öðli, þótt með millibilum, haft í seli frá tedum jörðum einsog þeir hefðu beitt fé sínu í þessu tilgreinda landi og yrkt þar skóg. Þeir geima ser því rett sinn í þessu tilliti um leid og þeir framleggja eitt bréf til Sýsslumansins af dags dato þetta áhrærandi þannig látandi: [B]⁵¹⁹

A

Þarad eg heyri að einhverskonar Skodunar giörd tilstandi, yfir þann so kallada almenning her í Hreppnum, vildi eg ecki gleyma, sem Beneficiarius Garda Prestakalls að minnst á það, við Herra Sysslumanninn, að í þessum sokallada Almenníngi er nokkrum Jörðum Garda kirkiu, og Görðum líka, eignad Skógarhögg í þessum Almenníngi i Jardabókinni 1760, er eg vegna Prestakallsins finn skyldu mína óska að meigi vera óskaddad.

Görðum 29da Maji 1848.

A. Helgason.

Til Hera Sysslumans Th. Gudmundsen.

Framlagt við skodunargjörd á Almenníngsskógnum þ. 2 Juni 1848

Th. Gudmundsen.⁵²⁰

B

Epter briefe frá vidkomande Herra Síslumans af 18 Maj þ. a. hvar í hann bodar öllum Hrauna jarda eigendum að vera til Stadar, epterriettingar og auglysingar þann 2an junj næst komande til mótsvid sig og álitmenn á þeim Sokallada almenníngge — þar óckur eru ofann nemdar jarder seldar undann tekníngarlaust með öllum Herlogheitumm gögnumm og gjædumm til ysttu

⁵¹⁹Skjal nr. 2(58) a–b.

⁵²⁰Skjal nr. 2(115).

Landa merki, ljka Sagdar ockar kaupenda, fullkomnasta eign þadann í fra — undann fillum vid því ecke hier underskrifader menn, ad begiöra af vidkomande Sýslumanne í sínu lögsagnar ummdæmi ad Seiga ockur enn fullkomnare vissu firer áminstre eign vorri með áreid og fimtar dóme á því Hrauna jarda landi Sem bruna Hraun Halda þad land kallast ad ödru nafne Almenníngur alt nidur ad sjó.

Þessu til stadfestu ockar underskrifud nöfn med eiginnhandar ritumm.

Staddur á Þorbiarnarstöðum, þann 2an Juni 1848. Gudm. Ejolfson, Magnús Arnason, Gudm. Gudmundsson, handsalad Jon Hiörtsson, handsalad Haflyde Jonsson, Gisli Eyjolfsson, handsalad Pall Jonsson.

Til Síslumans í Kiósar og Gullbryngu Sýslumm.

Framlagt vid skodunargjörd á Almenníngsskóginum þ. 2. Júní 1848.

Th. Gudmundsen.⁵²¹

Stuttu eftir að áreiðargerðin fór fram var í tvígang beðið um umsögn vitna varðandi landamerki Hraunajarða. Sú fyrri var gefin þann 5. júní 1848 að beiðni eigenda Hraunajarða en þeir vildu fá upplýsingar um hvað ákveðnir aðilar vissu um eignir Hraunajarða og notkun þeirra. Samkvæmt vitnunum var það land sem afmarkaðist af svokölluðu brunahrauni áður fyrr kallað Hraunapláss eða almenningur. Það land höfðu allar Hraunajarðir nýtt sér. Hver jörð hafði sitt svæði samkvæmt ákveðnum landamerkjum.⁵²² Seinni vitnisburðurinn var tekinn degi seinna að undirlagi Guðmundar Guðmundssonar, eiganda jarðarinnar Straums. Í honum greindu vitni frá því hvað þeim hafi verið sagt varðandi landamerki jarðarinnar og notkun ábúenda á henni. Lýsingin er svohljóðandi:

Landa mörk höfum vid heirt ad væru þesse — ad nordann vid sio — úr Briniólfs skarde í Hádeigeshæd frá Straume ur Hadeig<is>hæd í þufu á austur enda ás midmunda hæd fra Þorbiarnarstöðumm þadann beina stebnu uppa Hafurbiarnar Holt af þufu á Hafurbiarnar Holte í Heimsta Höfda beint upp í brúna — ad sunnann — fra brune firer ofann raud Hóla í nordasta Hraunhol beinastebnu í þufu á eiólfs hól sem er [sem er, verður helzt lesið úr þessu orði] firer ofann steinhus þadann í nordur enda gvendarbrun<n>s Hædar So í nónhól af nonhól í Skip Hól þadann í markhól firer ofann vatna skier vid sjó.⁵²³

Þann 7. júní skrifaði Guðmundur Guðmundsson sýslumanninum í Reykjavík. Þar kemur fram að hann hafi haft samband við stiftamtman sem hafi hvatt hann til þess að sýna sýslumanni báða vitnisburðina svo að hann gæti kynnt sér þá áður en hann léti skoðunargerðina frá 2. júní frá sér fara. Í bréfinu kemur einnig fram að

⁵²¹Skjal nr. 2(114).

⁵²²Skjal nr. 2(129) a–b.

⁵²³Skjal nr. 2(129) a–b.

eigendur Hraunajarða töldu sig eiga landsvæði það sem afmarkað er af brunahrauninu og að þeir vildu að skóglendi þeirra á landspildunni yrði friðað.⁵²⁴ Þremur dögum síðar, eða 10. júní, bað sýslumaður stiftamtman að svara því hvort fyrirhuguð friðlýsing almenningskóga Álftaness gæti haft áhrif á nýtingarmöguleika Hraunajarða á því landi sem eigendur þeirra teldu sig eiga þar.⁵²⁵

Hinn 19. júní 1848 voru almenningskógar Álftaness gerðir að friðlýstu svæði og öðrum en ábúendum Hraunajarða bannað að nýta landið. Með yfirlýsingunni fylgdi eftirfarandi lýsing á mörkum hins friðlýsta svæðis:

... að neðan frá Kolbeinshæð alt suður að Markhólum að norðan frá Kolbeinshæð með Kapelluhrauni og brunanum að Stórhöfðastíg, þaðan til suðurs — í Fremstahöfða langs með brunanum suður að Fjallinu eina, þaðan til vesturs og útnorðurs niður að Markhólum.

Í friðlýsingunni kemur einnig fram að jarðeigendur í Álftaneshreppi megi ekki nýta skóg í almenningnum nema með leyfi hreppstjórans. Þar stendur einnig að Guðmundi Guðmundssyni í Litla-Lambhaga hafi verið falið eftirlit með yrkingu almenningsins undir umsjón hreppstjóranna á Álftanesi.

Friðlýsingin var þinglesin á manntalsþingi sem haldið var í Görðum þann 20. júní 1848.⁵²⁶

Í bréfi, sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sendi hreppstjórunum í Álftaneshreppi þann 19. júní 1848, greindi hann þeim frá því að þeir hefðu verið skipaðir yfirumsjónarmenn almenningsins.⁵²⁷

Sama dag, þ.e. 19. júní, var Guðmundi Guðmundssyni, sem settur hafði verið umsjónarmaður svæðisins, tilkynnt um þær skyldur sem honum höfðu verið lagðar á herðar varðandi almenninginn.⁵²⁸

Í bréfi sýslumanns til Suðुरamtsins þann 24. janúar 1849 lagði hann til að eignarréttindi, eða í það minnsta notkunarréttindi á almenningskógum Álftaness, yrðu færð í hendur eigenda Hraunajarða. Einnig kom fram í bréfinu að bréfitari teldi að Hraunajarðir og aðrar jarðir í Álftaneshreppi ættu að hafa afnotarétt af því landsvæði sem var friðlýst þann 19. júní 1848.⁵²⁹

Þann 21. júní 1849 skrifaði eigandi hálfra Óttarsstaða undir lögfestu á jarðarhlut sínum. Þar kemur eftirfarandi fram:

Af Fjallgrensbala suðurá Helluhól norðan á Búðarhólum á milli jarðarinnar Heimalands og [og, tvítekið] almennings afrjettar. ... Líka lýsi jeg eign minni

⁵²⁴Skjal nr. 2(129) a–b.

⁵²⁵Skjöl nr. 2(122) og 2(129) a–b.

⁵²⁶Skjöl nr. 2(49), 2(122) og 2(128).

⁵²⁷Skjal nr. 2(122).

⁵²⁸Skjal nr. 2(122).

⁵²⁹Skjal nr. 2(123).

það ítak í almennings afrjetti Alptaneshrepps, sem ofantaldri jörð minni ber að lögum innan hjer ofantaldra takmarka.⁵³⁰

Nánar er fjallað um þessa lögfestu í kafla 5.4 um Óttarsstaði.

Manntalsþingsréttur var settur að Görðum fyrir Álftaneshrepp þann 22. júní 1849. Þar var lesin upp lögfesta Guðmundar Guðmundssonar sjálfseignarbónda í Straumsseli frá 21. sama mánaðar fyrir eignarjörðu hans Straumi:

Á milli jarðarinnar Heimalands og afrjettar að öðru nafni Almennings, af Heimstahöfða suður í Fjallgrensbala miðjan. ... Líka lýsi jeg eign mína það ítak í almennings afrjetti Alptaneshrepps sem ofantaldri jörð minni ber að lögum.⁵³¹

Nánar er fjallað um þessa lögfestu í kafla 6.5 um Straum.

Þann 21. júní 1849 samdi umsjónarmaður almennings Álftaness greinargerð um umsjónarsvæði sitt. Í henni er m.a. svohljóðandi lýsing á svæðinu:

Með því mjer er á hendur falið í brjefi til mín af 19 Juni næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni [Th. Guðmundsen, yfirstrikað] að boði Stifamtisins umsjón þess almennings, sem er að finna í Alptaneshrepp, þá orsakast jeg til að lýsa þess almennings takmörkum fyrir alþýðu á manntalsfundinum í Görðum innan sama hrepps, sem jeg veit glöggast fráskilið annara eignum og er því að álíta sjerskilið almennings sameignar land gamlra lögbylisjarða í Alptaneshrepp, hvers takmörk eru þessi. Fyrst milli Garðakirkju fjall<l>lands, ur steinhusi suður í Markagil á Marraka eða undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell af Húsfelli upp á Þríhnjúka þaðan á suðurenda Blafells, á milli afrjetta Alptanes og se<l>tjarnarneshreppa. A milli Gullbringu og Arnessyslna af Bláfjöllum vestur á Kistufell. A milli Alptaneshrepps og almennings og Krísivíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradalsbrún þaðan í Marrakagil, so í þúfu á fjallinu eina þaðan í Helguflöt norðaná Buðarhólum. A milli jarðanna Heimalands og afrjettar af Buðarhólum eptir Buðarhólagjá, þaðan aptur í Steinhús. Þetta ofantalið afrjettar og almennings land, sem er að finna fráskilið annara eignum lísi jeg til rjettarins fullkonnari úrskurðar gamallra lögbylisjarðajarða afrjettur að öðru nafni almenningsland í Alptaneshrepp með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna.⁵³²

Greinargerðin var þinglesin næsta dag.

Eigandi jarðarinnar Lónakots, Hafliði Jónsson, birti lögfestu fyrir jörð sína, sem dagsett er 8. nóvember 1849, á manntalsþingi sem haldið var að Görðum 21. júní 1850. Á þinginu kom fram athugasemd við lögfestuna frá sýslumanni [Gullbringu- og Kjósarsýslu]. Hún var á þá leið að hann taldi sig muna að hluti af því landi sem

⁵³⁰Skjal nr. 2(51).

⁵³¹Skjal nr. 2(52) a–b.

⁵³²Skjal nr. 2(50). Í skjali nr. 2(203) a–b kemur fram að fulltrúum á manntalsþinginu þótti skýrsluhöfundur hafa staðið sig vel.

samkvæmt lögfestunni var í eigu Lónakots hefði verið talið tilheyra svokölluðum almenningi við skoðunargerð sem farin var á svæði, er kallaðist almenningsskógur, nokkrum árum áður í því skyni að friða almenninginn enda teldist hann konungseign. Sýslumaðurinn vildi þó ekki mótmæla lögfestunni ekki síst vegna þess að það hefði ávallt verið skoðun hans að almenningsskógurinn tilheyrði bæði Hraunajörðum og öðrum fyrrverandi konungsjörðum⁵³³ í Álftaneshreppi.⁵³⁴

Á manntalsþingi, sem haldið var að Görðum þann 18. júní 1852, var úrskurður Th. Gudmundsen [Þórðar Guðmundssonar] sýslumanns varðandi almenningsskóginn birtur. [Hér er líklega átt við úrskurðinn sem hann kvað upp 19. júní 1848.⁵³⁵

Í yfirlýsingum, dagsettum 12. og 24. júní 1865, kemur fram að umboðsmenn Hraunajarða hafi ákveðið að banna notkun á skógi þessara jarða. Samkvæmt yfirlýsingunni frá 24. júní liggur skógurinn fyrir neðan hinn svokallaða almenning eftir þeim landamerkjum sem voru ákveðin við áreiðargerð árið 1848.⁵³⁶ Yfirlýsingin frá 24. júní var þinglesin tveimur dögum síðar.⁵³⁷

Á 7. áratug 19. aldar reis upp deila milli tveggja bænda í Álftaneshreppi, annars vegar þeirra Kristjáns Matthíassonar á Hliði og Runólfs Eyjólfssonar á Skógtjörn, og sveitunga þeirra, Árna Hildibrandssonar í Hafnarfirði, eiganda jarðarinnar Þorbjarnarstaða hins vegar, um skóglendi á Suðurnesjum. Orsök deilunnar var sú að Kristján og Runólfur höfðu sent vinnumenn sína til þess að sækja hrís á svæði sem kallaðist Fornasel en selið töldu þeir vera hluta af almenningi sem íbúar Álftaneshrepps hefðu aðgang að. Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 6.6 um Þorbjarnarstaði.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skrifaði þann 8. júlí 1873 bréf til Suður- og Vesturamtsins er snerist um svokallaðan almenning sem samkvæmt bréfinu var allmikill hraunfláki er lá í Álftaneshreppi fyrir sunnan Hafnarfjörð. Í bréfinu stendur að nokkurt skóglendi sé á svæðinu sem hafi verið friðlýst þann 19. júní 1848 vegna ofnotkunar.⁵³⁸ Friðunin hafði hins vegar ekki verið virt sem skyldi og í bréfi sem Hraunabændur sendu sýslumanninum þann 14. júní [1873] báðu þeir um að skóglendið yrði friðað að nýju og í þetta sinn fyrir öllum nema eigendum Hraunajarða. Sýslumaðurinn lagði nú þetta mál í dóm amtsins með þeim orðum að það gæti flækt málið að Hraunajarðirnar kynnu að eiga land á svæðinu. Þannig hefðu,

⁵³³ Að mati sýslumannsins áttu hinar jarðirnar, þ.e. ekki Hraunajarðirnar, aðeins yrkingarrétt í almenningsskóginum.

⁵³⁴ Skjal nr. 2(207) a–b.

⁵³⁵ Sjá skjöl nr. 2(49), 2(122), 2(128) og 2(209) a–b.

⁵³⁶ Í skjalinu, sem er að finna í Jarðaskjölum Gullbringu- og Kjósarsýslu og Afsals- og veðmálabók 1861–1868, stendur 1847. Þetta hlýtur að vera villa því í aukadómsmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1844–1848 sem er samtímaheimild, og jarðaskjalinu frá 12. júní, stendur 1848.

⁵³⁷ Skjöl nr. 2(101) og 2(131).

⁵³⁸ Í bréfinu stendur að eigendur Hraunajarða hafi mótmælt þeim takmörkunum sem sett hafi verið við skoðunargerðina við notkun skógarins á þeim forsendum að hluti almenningssins væri í þeirra eigu og þeir nýttu hann í eldivið og sem beitiland.

eða a.m.k. höfðu, jarðirnar í seli á almenningnum sem þær teldu liggja innan sinna landamerkja. Í lok bréfsins kemur fram að aðrir íbúar Álftaneshrepps hafi líka nokkurra hagsmuna að gæta hvað varðar almenninginn,⁵³⁹ þó þeir væru minni en Hraunajarða. Síðan nefnir sýslumaðurinn að bréfinu fylgi uppdráttur af fyrrnefndu skóglendi sem að sögn hans er nokkurn veginn réttur.⁵⁴⁰

Þann 19. september sama ár sendi amtið svarbréf þar sem sýslumanninum var tjáð að það óskaði eftir álitu sveitarstjórnar Álftaneshrepps áður en það tæki ákvörðun um almenninginn. Í bréfinu kemur einnig fram að eigendur Hraunajarða vilji að hann verði friðaður í hálföld.⁵⁴¹

Þann 4. október 1873 fór sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt fleirum í vettvangsferð til þess að skoða skóglendi í svokölluðum almenningi í Álftaneshreppi. Í leiðangrinum kynnti fulltrúi Hraunajarða, Árni Hildibrandsson í Hafnarfirði, landakröfur þeirra fyrir viðstöddum. Hann rökstuddi mál sitt með því að benda á að í afsalsbréfi Þorbjarnarstaða frá 31. maí 1848 kæmi fram að bæði Gjásel og Jónssel væru í Þorbjarnarstaðalandi eða innan þeirra takmarka sem tilgreind væru í bréfinu og að Hraunajarðirnar ættu frá þeim mörkum, sem tiltekin voru í því, í beina stefnu frá landnorðri til landsuðurs. Eftir að hafa kannað skóglendið komust skoðunarmennirnir að þeirri niðurstöðu að rétt væri að friða það í ákveðinn tíma. Til þess að slík friðun kæmi að gagni yrði hins vegar fyrst að ákvarða mörk milli Krísuvíkur og Álftaneshreppslands og Hraunajarðanna og almenningsins. Í lok ferðarinnar var ákveðið að næsta vor skyldi ákvarða mörk svæðanna sem síðast var getið.⁵⁴²

Í bréfi sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sendi amtmanninum yfir Suður- og Vesturamti þann 6. október 1873 greindi hann honum frá því að hann hefði framkvæmt skoðunargerð á almenningsskóginum þann 3. október⁵⁴³ með það að markmiði að athuga ástand hans og til þess að kynna svæðið fyrir sveitarstjórn Álftaneshrepps en amtið hafði beðið hana um álit á þessu landsvæði. Skoðunarmenn voru sammála um að friðun væri nauðsynleg en í bréfinu stendur jafnframt að vegna þess að þeir gátu m.a. ekki komið sér saman um mörk almenningsins hafi skoðunarmennirnir ekki orðið ásáttir um hve mikil friðunin ætti að vera. Vegna þessa taldi sýslumaðurinn æskilegt að haldin yrði opinber áreiðargerð á landsvæðið⁵⁴⁴ til þess að reyna að ákveða hvað Hraunajarðirnar ættu og hvað væri almenningur. Einnig

⁵³⁹Samkvæmt sýslumanninum hafa þessar jarðir rétt til viðarhöggs í almenningnum en líklega ekki til beitarnota. Þessi réttur byggist á dýrleika jarðanna.

⁵⁴⁰Skjal nr. 2(185).

⁵⁴¹Skjal nr. 2(185).

⁵⁴²Skjal nr. 2(152).

⁵⁴³Þessi dagsetning er ekki í samræmi við þá sem gefin er upp í málgreininni hér á undan (4. október, sjá skjal nr. 2(152)). Önnur hvor dagsetningin er því röng.

⁵⁴⁴Í bréfinu kemur fram að hrepparnir [Álftaneshreppur] og eigendur Hraunajarða styðji slíka áreið. Þar stendur einnig að það séu helst tólmthúsmenn sem sækji hrís í skóginn [almenninginn]. Hrístaka þeirra sé ólögleg.

ætti að nota áreiðargerðina til þess að skera úr um hversu langt almenningurinn næði til austurs og suðurs þar til hann kæmi saman við Krísuvíkurland.⁵⁴⁵

Þann 22. júní 1874 á manntalsþingi Álftaneshrepps í Hafnarfirði upplýstu þingvottarnir Sigurður Vigfússon og Árni Hildibrandsson að:

... þrátt fyrir ítrekud bönn hafi hin sídustu ár verid haldid fram ad rífa hrís og lyng í löndum þeim sem liggja ad Hafnarfirði.⁵⁴⁶

Hinn 12. september 1874 var, að beiðni Árna bónda Hildibrandssonar í Hafnarfirði, gerð áreið á landamerki Hraunjarða og almenningsskóganna til þess að ákveða landamerkjalinur milli þessara staða. Áreiðarmenn urðu sammála um eftirfarandi landamerki:

... bein stefna af kletti þeim, er liggur næst fyrir ofan Snókalönd, á Stórastein, þaðan á Eyólfsbala og þaðan í Háholt sem liggur nálægt landamerkjum Hvassahrauns og Lónakots, [Yfirstrikun] væri sanngjarnlegust og réttust landamerki milli Almenningskógar og Hraunjarða. Til glöggvari auðkenningar hlóðu áreiðarmenn vörðu á Eyólfsbala, og aðra ofaná Stórastein. En fremur eru [yfirstrikun] 2 vörður í beinni stefnu milli Stórasteins og klettsins hjá Snókalöndum, er áður var getið. Þá kom og áreiðarmönnum saman um, að bezt væri að hlaða vörðu á þennan stein hjá Snókalöndum, til þess að landamerkin yrðu sem glöggvust, og lofaði herra Árni Hildibrandsson að sjá um að það yrði gjört.⁵⁴⁷

Þann 29. júní 1875 var þessi áreiðargerð þinglesin á manntalsþingi Álftaneshrepps.⁵⁴⁸

Í bréfi, sem embætti sýslumannsins í Keflavík sendi Landmælingum Íslands þann 1. september 1992, var kvartað yfir því hvernig norður- og austurmörk Krísuvíkur voru merkt inn á kort sem Landmælingar gáfu út 1989. Það sem embættinu þótti ámælisvert var að stofnunin byggði þessi mörk á óundirritaðri og ódagsettri greinargerð frá Garðabæ en í henni er dómur frá 14. desember 1971 um norðurmörk jarðarinnar Krísuvíkur vefengdur, nokkuð sem sýslumannsembættið taldi að væri vanhugsað.

Með bréfinu fylgdi greinargerð Garðabæjar. Í henni voru dregnar eftirfarandi ályktanir:

1. Að sýslumörk Árnessýslu liggi eftir vatnaskilum um háhrygg Bláfjalla og af syðstu öxl Bláfjalla í Kistufell og þaðan um Lyngskjöld og Sýslustein í Seljabótarnef.
2. Að norðurmörk Krísuvíkur samkvæmt dómi hinn 14. des. 1971 fái ekki staðist og kemur þar þrennt til:

⁵⁴⁵Skjal nr. 2(185).

⁵⁴⁶Skjal nr. 2(210) a–b.

⁵⁴⁷Skjöl nr. 2(59) og 2(133).

⁵⁴⁸Skjal nr. 2(156).

3. Lína sú, sem þar er ákveðin frá Markhelluhól um punktinn M í Undirhlíðum liggur langt norðan nyrstu marka Herdísarvíkur sem eru í Kóngsfell, og þessi lína sker ekki sýslumörk Árnassýslu fyrir en í Bláfjöllum í námd við Háakoll. Ekki fær staðist, að Krísuvík hafi átt land þangað austur.
4. Lýsing almenningsskóga Álftaneshrepps telur suðurmörk þess lands vera af syðstu öxl Bláfjalla í Kistufell og þaðan niður í syðra horn á Fagradalsbrún og þaðan í Markrakagil. Línan af Fagradalsbrún í Markrakagil liggur um Breiðdal. Samkvæmt þessari lýsingu gæti Krísuvík ekki átt land nema að línunni Kistufell–Fagradalsbrún.
5. Samkvæmt vitnisburðum Árna Björnssonar o. fl. frá 1603 þá eru austurmörk Krísuvíkur af Lyngskildi í miðjum Breiðdal og þaðan í Markrakagil. Sú lína liggur einmitt um suðurbrún Fagradals og kemur þessi vitnisburður þar með heim og saman við lýsingu almenningsskóga Álftaneshrepps nær 250 árum síðar. Sú príhyrnda landsspilda, sem hefur hornpunkta í Lyngskildi, suðurbrún Fagradals og Kistufelli hefur því sennilega verið almenningur.

Í greinargerðinni stóð einnig:

Hafa ber í huga í þessu sambandi, að markalýsingar eiga að öllu jöfnu við heimalönd jarðanna en almenningum er miður eða ekki lýst. Undantekning er þó hin ítarlega lýsing á almenningsskógi Álftaneshrepps. Við afmörkum hreppamarka inn á kort á síðari árum hefur þessi almenningur Áftnesinga gleymst, að því er virðist. Suðurmörk Garðakirkjulands virðast jafnframt talin norðurmörk Krísuvíkur og eru framlengd allt austur í Stóra-Kóngsfell. Þetta er augljóslega rangt. Með vísan til framanritaðs eru suðurmörk almenningsskógar Álftaneshrepps nú talin mörk Garðabæjar, með þeirri breytingu, að línan Bláfjöll–Kistufell er sveigð til norðurs um Kóngsfell til samræmis við markalýsingu Herdísarvíkur.

Fjallað er um síðustu ályktarnirnar þrjár, þ.e. þær sem snúa að dómnum frá 1971, í bréfi sýslumannsembættisins. Þar segir:

Fyrsta röksemd er að Krísuvík hafi ekki átt land til Bláfjalla og að Herdísarvík eigi einungis land að Kistufelli. Dómlínan nær einungis rétt norður fyrir Litla-Kóngsfell, en ekki til Bláfjalla eins og segir í greinargerðinni.

Önnur röksemd er að suðurmörk almenningsskóga Álftaneshrepps séu frá syðstu öxl Álftaneshrepps í Kistufell og þaðan í syðra horn á Fagradalsbrún og þaðan í Markrakaagil. Krísuvík geti því ekki hafa átt þetta land. Í eignarrétti eru almenningar talin þau landsvæði sem enginn á tilkall til. Ef nokkur eignarréttur hefur stofnast Álftaneshreppi til handa, er þar í mesta lagi um skógarítak að ræða, en ekki beinan eignarrétt. Dæmi um slíkt ítak er að finna víða hér á landi, en fátítt er að menn byggi beinan eignarrétt sinn á landi á ítaki.

Þriðja röksemdin er vitnisburður Árna Björnssonar o.fl. frá 1603 um landamerki Krísvíkur. Undirritaður hefur því miður ekki komist í þennan vitnisburð og getur því ekki tjáð sig um hann. Hugsanlegt er þó að landamerki geti hafa breyst með samningum, hefð eða dómum frá 1603 til 1971 en ekkert verður fullyrt um það. Það breytir hins vegar engu um það að dómar skulu standa og einnig dómurinn frá 14. desember 1971. ...⁵⁴⁹

5.25.3. Kóngsland

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð yfir Vatnsleysustrandarhrepp á dögumum 24. september til 6. október 1703. Inni í hreinriti Jarðabókarinnar er laus miði sem útgefandinn prentar neðanmáls aftan við Þóroddskot sem var þriðja hjáleiga Hvassahrauns. Efni miðans fjallar m.a. um kóngsland og er svohljóðandi:

Það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi, so sem við taglið á Kapelluhrauni. Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur til það, sem Innnesíngar kalla kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllunum inn að Elliðaám og upp undir Hellirsheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis kóngsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eður óskift land þeirra kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi.⁵⁵⁰

Kóngslandið kemur við sögu í umfjöllun nokkurra konungsjarða í Álftaneshreppi í Jarðabók Árna og Páls frá 1703. Um Urriðakot segir:

Hrístekju til kolgjörðar og eldiviðar hefur jörðin frí í kóngsins landi.⁵⁵¹

Um Hagakot segir Jarðabókin:

Hrís uppá þann ákveðna kvaðarhest má taka í kóngslandi.⁵⁵²

Svipuð ummæli eru um Hofstaði:

Hrís á þá áskildu hesta er tekið í kóngslandi.⁵⁵³

Loks er það Arnarnesið en um það segir Jarðabókin:

Skóg til kolgjörðar og hrístekju sem kvöð er hefur jörðin í almenníngi eður kóngslandi.⁵⁵⁴

Jarðir þær, sem konungur átti í Garðahreppi / Álftaneshreppi, höfðu áður verið í eigu Viðeyjarklausturs, sem konungur sló eign sinni á, eða Skálholtsstóls. Hafði

⁵⁴⁹Skjal nr. 4(58) í máli nr. 1/2004, Grindavík og Vatnsleysuströnd.

⁵⁵⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 157.

⁵⁵¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 224.

⁵⁵²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 226.

⁵⁵³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 227.

⁵⁵⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 227.

Skálholtsbiskup verið látinn skipta á jörðum við konungsvaldið með hirðstjórabréfi 27. september 1563.⁵⁵⁵

Um 1700 voru nær allar jarðir í hreppnum í eign konungs eða Garðakirkju. Því vaknar sú spurning, hvort hinir svonefndu almenningar/almeningur, hafi verið á einhvern hátt tengdir eignarréttarböndum við jarðir Skálholtsstóls, Viðeyjarklausturs og Garðakirkju fyrir siðbreytingu. Jafnvel að þeir hafi upphaflega verið í eigu einhverra jarða, sem biskupsstóllinn, klaustrið og kirkjurnar áttu, og landsetum stóls, klausturs og kirkna leyft að nýta skóginn og skógurinn þannig orðið almenningur, þar sem engum einkaaðilum var til að dreifa.

Þetta er aðeins tilgáta, sem ekki verður sönnuð, en rétt að benda á til umhugsunar.

Að endingu er vert að benda á eitt atriði hvað nafnið varðar. Svo virðist sem að fljótlega eftir að landsvæði kemst í eigu konungs sé farið að kenna það við hann. Þessu til merkis skal bent á tvö bréf Knúts Steinssonar hirðstjóra sem bæði eru skrifuð 4. júlí 1558. Þar talar hann um Bessastaði og Garða á Kóngsnesi en ekki Álftanesi. Páll Stígsson hirðstjóri gerir slíkt hið sama í bréfi frá 2. júlí 1562.⁵⁵⁶

5.25.4. Afréttarlönd sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu

5.25.4.1. Almennt

Á manntalsþingi í Görðum á Álftanesi var lesið eftirfarandi forboð 18. maí 1789:

item upplesed Forbod fyrer Alptnesinga og Seltierninga ad reka þeirra Saud Fie i Esiuna a Kialarnesi samt LögFestur fyrer Garda Kyrkiu og Hvaleýrar Lande...⁵⁵⁷

Þetta forboð var einnig lesið á manntalsþingi í Reykjavík daginn eftir, 19. maí 1789.⁵⁵⁸

Nokkru síðar, nánar tiltekið þann 15. júní 1791, var eftirfarandi innfært í þingbók á manntalsþingi að Lágafelli:

Sömuleidis var tekid vara fyrir óreglulegum upprekstri í Esjuna af Saudpeningi, er adur skal verid hafa tídkadur Sysslunnar Innbyggjium til stórs skada.⁵⁵⁹

Þann 15. maí 1877, á sýslunefndarfundum Gullbringu- og Kjósarsýslu, greindi oddvitinn frá því að engar uppástungur um afnot upprekstrarlands hefðu borist úr Árnessýslu og því var málinu frestað.⁵⁶⁰

⁵⁵⁵ *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIV. b. S. 155–158.

⁵⁵⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII. b. S. 316–318 og 754.

⁵⁵⁷ Skjal nr. 2(81) a–b í máli nr. 3/2004, Kjalarnes.

⁵⁵⁸ Skjal nr. 2(82) a–b í máli nr. 3/2004, Kjalarnes.

⁵⁵⁹ Skjal nr. 2(84) a–b í máli nr. 3/2004, Kjalarnes.

⁵⁶⁰ Skjal nr. 2(222).

Fénaður Reykvíkinga gekk mjög á því landi sem taldist til Árnassýslu. Á sýslunefndarfundum Árnassýslu 22. maí 1877 var eftirfarandi bókað:

Framlagt var bréf frá Sýslunefnd Gullbríngusýslu, dags. 28. Júlí f.á., snertandi upprekstur geldpenings Reykjavíkrmanna og fleiri, uppí lönd Arnesínga sunnan Hellisheiði. Og er þar mælt til, að maður úr Arnessýslu, annar fyrir Reykjavík, og þriðji fyrir Gullbríngusýslu, verði kosnir í nefnd, til að íhuga [yfirstrikað: útkljá] málefnið.

Sýslunefndin tók þessu vel, og vill sýna lit á, að samkomulag geti ákomist sem fyrst, þar sem hún hyggur, að Árnassýsla með réttu eigi allt land frá Hellisheiði suður á Bolaöldu og þvert norður í Borgarhóla og Sauðafell. Það nú Árnesingar þykjast eiga hér mestan hlut að máli, vill nefndin, að þeir menn úr vestasta hluta Árnassýslu og tveir menn að sunnan (úr Reykjavík og Gullbr. sýslu) verði kjörnir til þess, að segja álit sitt um málefnið, koma sér saman um reglugerð fyrir notkun landsins, borgun Sunnanmanna fyrir hana, m.fl., sem þarð lítur. Árnesingar vænta, að kostnaður sá, er af þessu leiðir, komi þeim ekki við og ákveður nú Sýslunefndin [breytt úr: fyrir hönd Sýslunefndarinnar], að fundur hinna væntanlegu kjörnu manna skuli eiga sér stað á Kolviðarhól, á þeim degi, er sýslumaðurinn í Gullbringusýslu ákveður, með nægum fyrirvara. Nefndin fól oddvita á hendur, að nefna hina áður nefndu 3 menn til samkomunnar.⁵⁶¹

Á sýslunefndarfundum Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 23. nóvember 1877 var lagt fram bréf sýslumanns Árnesinga frá 12. júlí sama ár þar sem hann leggur til að sýslurnar tvær setji á fót nefnd til þess að ákvarða sameiginlegt upprekstrarland. Fundarmenn fólu oddvita nefndarinnar að sjá til þess að á komandi vori myndi fyrirhuguð nefnd semja frumvarp til reglugerðar um upprekstur og afnot upprekstrarlands. Hér er líklega átt við undirbúning fjallskilareglugerðar.⁵⁶²

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Ísland sýslumönnum bréf þar sem óskað var eftir skýrslu um þau svæði í sýslunni sem talin væru almenningar svo og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða tilheyrðu nokkru lögbýli.⁵⁶³ Í svari sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, 8. janúar 1920, segir að ekkert svæði í sýslunni verði talið almenningur er eigi sannanlega tilheyri einhverju lögbýli í sýslunni.⁵⁶⁴ Um svör hreppstjóra í Grafnings- og Ölfushreppum er fjallað í kafla 5.2 um stjórnsýslumörk.

Í júní 1923 var útbúið landamerkjabréf fyrir Helgadal sem var þinglýst 27. júní sama ár. Þar kemur fram:

⁵⁶¹Skjal nr. 8(82) í máli nr. 6/2004, Ölfus.

⁵⁶²Skjal nr. 2(223).

⁵⁶³Skjal nr. 2(246).

⁵⁶⁴Skjal nr. 2(243).

Gagnvart afrjett Mosfellshrepps: Frá vörðunni uppi á Stórhól beint í vörðu á Hjalmi (bungu á suðurbrún Grímarsfells).⁵⁶⁵

Engin umfjöllun er um afréttarmálefni í Gullbringusýslu í bókinni *Göngur og réttir*. Ekki heldur aðrar sveitir í Kjósarsýslu nema Kjós.

Þann 7. júlí 1993 höfðaði Ölfushreppur mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvar hluti vesturmarka hreppsins lægju. Nánar tiltekið vildi hreppurinn fá staðfest að landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á „afréttum“ stefnandans annars vegar og hinna stefndu hins vegar lægju frá Seljabótarnefi til norðurs í Sýslustein og síðan til norðausturs um Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhjúka og í Vífilfell. Málið var höfðað gegn Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Hafnarfjarðarkaupstað, Magnúsi Hjaltested bónda á Vatnsenda, og öðrum þeim sem töldu sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim, sem fram komu í dómkröfum stefnandans. Grindavíkurbær óskaði eftir því þann 23. febrúar 1994 að fá að gerast aðili að málinu og var það samþykkt. Í málsskjölum kemur fram að hinir stefndu höfðu eitt og annað við kröfur stefnandans að athuga og settu fram ýmsar gagnkröfur.

Dómurinn fjallaði ekki um eignarhald og verða því aðeins nokkur atriði nefnd.

Minnst er á varðandi þrætulandið að af framburði vitna og aðila eða forsvarsmanna þeirra sem fyrir dóm hafi komið verði ráðið að sauðfé úr þeim sveitarfélögum er þarna eigi aðliggjandi „afrétti“ hafi gengið saman á þrætulandinu og fjallskil ekki miðast við glögga línu. Þar á eftir er talað um að í málinu njóti ekki glöggra landamerkjalýsinga eða landamerkjabréfa frá fyrri öldum sem unnt sé að treysta.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að aðilar málsins reisi kröfur sínar um mörk „afréttanna“ einkum á lýsingum Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns í Árnæssýslu, og Ólafs Hannessonar Finsen, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, auk landakorts sem Björn Gunnlaugsson mældi og teiknaði árið 1831. Líkt og minnst hefur verið eru þessar heimildir tengdar.

Það var skoðun héraðsdóms að telja verði að þarna hafi yfirvöld verið að ákvarða þau mörk, er þau töldu réttust milli sýslanna og ætla megi að Björn hafi nýtt sér upplýsingar sýslumannanna við kortagerð sína. Því verði lýsingar sýslumannanna, svo langt sem þær ná, lagðar til grundvallar úrlausn þessa ágreinings ásamt korti Björns Gunnlaugssonar að svo miklu leyti sem lýsingarnar og kortið samræmist síðari tíma ákvörðunum. Þótt það liggi fyrir að uppdráttur Björns hafi ekki hlotið staðfestingu stjórnvalda og ljóst sé að honum hafi ekki verið þinglýst hefði hann auk sönnunargildis réttaráhrif vegna tómlætis aðila og vegna þess að menn hafi farið að treysta honum sem vafalausri heimild.

⁵⁶⁵Skjal nr. 2(6).

Niðurstaða dómsins var sú að mörkin skyldu dregin frá Vífilfellum eftir hæstu tindum Bláfjalla í suðurenda þeirra. Síðan frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell og þaðan eftir þinglýstri landamerkjalinu í umsömdu landamerkjabréfi Grindvíkinga og Selvogsinga frá 1980 úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef, allt eftir þeirri hnitasetningu sem í dómsorði greinir.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar þann 26. júlí 1995. Í forsendum dóms Hæstaréttar kemur fram að dómkröfur í héraðsdómi hafi lotið að því að staðfest yrðu landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á „afréttum“. Málið var hins vegar ekki höfðað sem eignardómsmál á grundvelli ákvæða í réttarfarslögum og hvað lagarök varðaði var einkum vísað til landamerkjalaga og sveitarstjórnarlaga. Síðan segir að í málinu verði hvorki skorið úr um eignarétt né inntak þeirra réttinda er kunnir að fylgja niðurstöðu dóms um markalínur.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að eins og sagði í hinum áfrýjaða dómi séu aðilar sammála um að leggja Vífilfell, Sýslustein undir Geitahlíð og Seljabótarnef til grundvallar sem merkjapunkta. Ágreiningur sé hins vegar um önnur kennileiti. Fyrst verði að skera úr um hvort Litla-Kóngsfell eigi að vera merkjapunktur.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að svo ætti að vera og því skyldi leggja merkjalínuna úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein og Seljabót til grundvallar við lausn málsins. Niðurstaða Hæstaréttar var umfram annað byggð á landamerkjabréfi sem eigendur jarðanna Herðisarvíkur og Krísuvíkur undirrituðu ásamt sveitarstjórnnum og sýslunefndum í báðum sýslum auk landbúnaðarráðuneytisins þann 16. febrúar 1980. Í dómnum kemur fram að þetta landamerkjabréf sé í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum Herðisarvíkur og Krísuvíkur sem þinglýst var 1889 og 1890.

Hæstiréttur féllst ekki á rök héraðsdóms varðandi kort Björns Gunnlaugssonar og lýsingar sýslumannanna á mörkunum.

Hæstaréttur taldi að þau mörk sem dregin voru í héraðsdóminum væru glögg af náttúrunnar hendi og samrýmdust vel þeim lýsingum sem einkum verði að líta til. Bláfjallahryggurinn skeri sig úr í landslaginu og sé markalína um hann hæstan eðlilegt framhald þess merkjapunkts sem aðilar séu ásáttir um á Vífilfellum. Þegar lína sé dregin úr Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) skipti sköpum að Litla-Kóngsfell hafi verið ákvarðað sem merkjapunktur.

Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að landamerki á hinu umdeilda svæði skyldu ákveðin hin sömu og niðurstaða héraðsdóms kvað á um.⁵⁶⁶

5.25.4.2. Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu er frá árinu 1891. Þar segir í 1. grein:

⁵⁶⁶Hrd. 1996, bls. 2848.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrijet á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje sje rekinn til afrijetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrijet á, skal ef unnt er, og hún álítur þess þörf, útvega hreppsþúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að áliti hreppsnefndar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.⁵⁶⁷

Í 6. grein II. kafla eru ákvæði um að högun gangna skuli boðin með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur.

Næsta fjallskilareglugerð, frá 1896, kveður svo á í 1. grein:

Að svo miklu leyti sem heimalönd að áliti hreppsnefndar eru eigi nægileg til sumarbeitar, ber öllum, sem geldfjenað eiga, að reka hann til afrijetta þar sem hann er, að öðrum kosti koma fjenaði sínum til göngu yfir sumartímann hjá öðrum, sem land hafa. Verði hlutaðeigandi óánægður með ráðstöfun hreppsnefndar, skal hlíta ítölu í landið. Sama gildir um þá, sem fjenað taka, ef þeir ofsetja í land sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje ekki vanrækt.⁵⁶⁸

Óbreytt ákvæði voru í fjallskilareglugerð frá árinu 1902.

Sérstök fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1909. Ákvæðin, sem helst skipta máli, eru eftirfarandi:

1. gr. *Notkun og vörn afrijettarlands* sveitar getur hreppsnefnd hlutast til um eftir þörfum. Skal hún skipa fyrir um smalanir til rjetta og annað er þar að lýtur. -
2. gr. Að því leyti sem heimalönd, að áliti hreppsnefndar, eigi eru nægileg til sumarbeitar fyrir fjenað ábúenda, ber öllum, er geldfjenað eða dilkær eiga, að reka slíkan fjenað til afrijetta, ef til er, eða koma honum fyrir til sumargöngu hjá öðrum, er nægt land hafa til þess. ...
7. gr. Hver sá, er land hefir til ábúðar eða eigin afnota, er skyldur að smala það til haustskila ...⁵⁶⁹

Önnur fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1921. Eftirtektarverð er skilgreining á upprekstrar- og heimalöndum sem kemur fram í 4. grein. Hér eru teknar upp 1. og 4. grein og hluti 5. greinar:

1. gr. Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna sýslunnar. Hreppsnefnd hefir stjórn og framkvæmd á slíkum málefnum í sveitarfélagi sínu, eða í samvinnu, þar sem fleiri sveitarfélög en eitt hafa réttafélag sameiginlegt. ...
4. gr. Land allt í sýslunni greinist í upprekstrarlönd og heimalönd. Það teljast

⁵⁶⁷Skjal nr. 4(53).

⁵⁶⁸Skjal nr. 4(27).

⁵⁶⁹Stjórnartíðindi 1909 B. S. 126–130. Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu.

upprekstrarlönd, sem búpeningur gengur í á sumrum, en eru svo fjarlæg byggð, eða þannig á sig komin, að lítt notast á vetrum, hvort sem eru lönd einstakra jarða eða félagsleg afréttarlönd, og sé skipaðar leitir í þeim til rétta. Öll önnur lönd, nærlægari byggð, sem búfénaður getur í gengið, teljast heimalönd.

5. gr. Enginn má taka annara skepnur í félagslegt upprekstrarland (afrétt), né án leyfis hreppsnefndar hafa það til sérnota fyrir sig ...⁵⁷⁰

Þriðja sérstaka fjallskilareglugerðin fyrir Kjósarsýslu er frá árinu 1954. Teknar eru upp 1. grein og hlutar 2. og 4. greinar:

1. gr. ... Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála sýslunnar. Hreppsnefndir hafa stjórn og allar framkvæmdir fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu, þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur eða réttarhald sameiganlega. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamállum, skal sýslunefnd skera úr.

2. gr. ... Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland, þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekkert á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis hreppsnefndar. ...

4. gr. ... Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrum, ber öllum þeim sem eiga eða hafa undir höndum sauðfé, ótamin hross eða geldneyti að reka fénað sinn á afrétt svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar ástæður leyfa, nema þeir hafi örugglega girt landsvæði fyrir þann fénað.⁵⁷¹

Gullbringusýsla og Hafnarfjörður fengu eigin fjallskilareglugerð árið 1914. Þar segir í 2. grein:

Enginn má heimildarlaust reka sauðfjénað eða hross í land annars manns, nje heldur án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar ónáða fje á fjalli eða í annars manns landi.⁵⁷²

Hér virðist ekki gert ráð fyrir afréttum á viðkomandi svæði. Sama má segja um fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá árinu 1939, 4. grein:

Skylt er öllum grasbýlismönnum og fjáreigendum að smala sjálfir heimalönd sín og koma fénaði þaðan til allra lögrétta.

Fjallskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Hann er og skyldur að sækja fé til rétta innan

⁵⁷⁰Skjal nr. 4(30).

⁵⁷¹Skjal nr. 4(32).

⁵⁷²Skjal nr. 4(28).

sýslugirðingar eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.⁵⁷³

Allnokkrar breytingar urðu í næstu fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðar árið 1965. Þá var fyrst tekið tillit til „afréttarlands“ sýslunnar í Krísuvík:

1. gr. Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Gullbringusýslu og Hafnarfirði. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmd mála þessara hver í sínum hreppi eða í samvinnu tvær eða fleiri saman, þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála að einhverju eða öllu leyti.

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. ...

3. gr. Afréttarnefnd, skipuð einum manni úr hverjum hreppi, hefur með höndum niðurröðun á fjallskilum á afréttarlandi sýslunnar í Krísuvík. Nefnd þessi skal, eigi síðar en í 20. viku sumars hafa lokið störfum og sent hverju sveitarfélagi eða eftir atvikum fjallskilanevnd tilkynningu um hvað hverju sveitarfélagi (upprekstrarfélagi) beri að leggja til fjallskila á þessu svæði.⁵⁷⁴

Árið 1988 voru afréttar- og fjallskilamálefni Hafnarfjarðar aðskilin frá Gullbringusýslu með staðfestingu fjallskilasamþykktar fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Þar eru eftirfarandi ákvæði:

1. gr. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og alla framkvæmd fjallskilamála í sveitarfélögunum og í samvinnu þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur og réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli sveitarstjórna út af fjallskilamálum sker sýslunefnd úr.

Heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála.

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. ...

3. gr. Öllum þeim sem jörð hafa til ábúðar eða umráða ber skylda til að smala land sitt á vorin eftir fyrirmælum sveitarstjórnar ...

4. gr. Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekki á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.

⁵⁷³Skjal nr. 4(31).

⁵⁷⁴Skjal nr. 4(33).

5. gr. Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar.⁵⁷⁵

Nú er í gildi fjallskilasamþykkt fyrir landnám Ingólfs Arnarsonar frá árinu 1996:

1. gr. ... Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr. ... Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr. ... Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstrarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilanefnd til að sjá um lögboðin fjallskil ...

5. gr. ... Upprekstrarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla þessarar samþykktar. Skulu þau eingöngu nýtt til sumarbeitar. ...

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar.⁵⁷⁶

5.25.5. Afréttur Álftaneshrepps

Engar heimildir hafa fundist sem afmarka „afrétt“ Álftaneshrepps nákvæmlega.

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

Peturskyrkia j Gordum a aalftanesi aa heimaland allt. Havsastader. selskard. hlid. backi. dysiar. hraunsholtt. hiállaland. afriett j mulatuni.⁵⁷⁷

Á lausum miða í kaflanum um Vatnsleysustrandarhrepp í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er minnst á Kóngsland. Þar stendur m.a.:

Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur til það, sem Innesíngar kalla kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllumum inn

⁵⁷⁵Skjal nr. 4(34).

⁵⁷⁶Skjal nr. 4(35).

⁵⁷⁷Íslenskt fornbréfasafn IV. b. S. 107–108. Sömu upplýsingar koma fram í ágripi Garðamáldaga sem ársættur hefur verið til 1477, sbr. skjal nr. 4(47).

að Elliðaám og upp undir Hellirsheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis kóngsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afrijetur eður óskift land þeirra kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi.⁵⁷⁸

Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.25.3. um Kóngsland.

Þann 25. maí 1830 var manntalsþingsréttur settur að Görðum fyrir Álftaneshrepp. Þar bar eitt og annað á góma, m.a. sauðfjárleitir eins og sjá má á eftirfarandi klausu:

Líka var talad um ad giöra þá radstöfun í haust ad öll sudurfiöllinn yrdu leitud nockrum dögum ádur enn Kollafiardarrettir eru haldnar, og ad Réttir einnig verdi haldid hér uppundir fiöllunum nockru ádur bædi fyrir Seltjarnar og Alptaneshreppa.⁵⁷⁹

Árni Helgason hefur uppi eftirfarandi orð um upprekstrarland í lýsingu Garðaprestakalls frá 1842:

Fjöllin milli Árness- og Gullbringusýslu. Þangað hefir öll Gullbringusýsla upprekstur kauplaust. Rétt fyrir þennan hrepp er sett í Kirkjulandinu næstliðið ár.⁵⁸⁰

Árni getur þess einnig að rjúpnaveiði teljist meðal útivinnu karlmanna.⁵⁸¹

Þann 25. október 1930 var Helgadalrúst, í „afréttarlandi“ Garðahrepps, friðlýst. Samkvæmt tilkynningunni er rústin í dalkvos sem er skammt fyrir neðan Helgafell. Friðlýsingin var tekin til þinglestrar 15. nóvember 1938.⁵⁸²

Landmælingar Íslands óskuðu eftir því við félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 2000, að gengið yrði frá lögsögu Garðabæjar á meginhluta „afréttarsvæðisins“ norðan og vestan Bláfjalla.⁵⁸³ Ráðuneytið framsendi málið til Bessastaðahrepps og Garðabæjar, 1. mars s.á. með beiðni um að gengið yrði frá formlegu samkomulagi um hvernig farið yrði með stjórnslu á „afrétti“ fyrrum Álftaneshrepps.⁵⁸⁴ Frá því samkomulagi var gengið 23. ágúst s.á. Þar segir í 1. grein:

Aðilar eru sammála um að Garðabær fari með stjórnslu á afrétti fyrrum Álftaneshrepps þar með talið í svonefndum „Almenningsskógum Álptaneshrepps“, sem eru hluti af afrétti fyrrum Álftaneshrepps.⁵⁸⁵

Einnig er tekið fram að samkomulagið hafi engin áhrif á rétt einstaklinga til upprekstrar búfjár í „afréttinn“ eða önnur eignarréttindi sem sveitarfélögin eða

⁵⁷⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. b. Kaupmannahöfn. 1923. S. 157.

⁵⁷⁹ Skjal nr. 2(201) a–b.

⁵⁸⁰ Árni Helgason. „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. S. 209.

⁵⁸¹ Árni Helgason. „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. S. 215.

⁵⁸² Skjal nr. 2(141).

⁵⁸³ Skjal nr. 5(12).

⁵⁸⁴ Skjal nr. 5(13).

⁵⁸⁵ Skjal nr. 5(11).

einstaklingar/félög þar kynnu að eiga í „afréttinum“.⁵⁸⁶

Í kröfulýsingu Garðabæjar kemur fram að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi mótmælt staðfestingu samkomulagsins árið 2001 og ekki hafi af henni orðið enn.⁵⁸⁷

Árið 2004, 8. september, var tekin vitnaskýrsla af Axel Þóri Gestssyni um landamerki Lækjarbotna og Vatnsenda. Axel staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi 19. október 2004 þar sem mættu fulltrúar Kópavogskaupstaðar, eigenda Vatnsenda og Seltjarnarneskaupstaðar. Spurðu þeir Axel ýmissa spurninga varðandi landamerkin. Í máli hans kom m.a. fram að mörk væru úr Hnífhól um Einihlíðargafli í miðjuna á Húsfelli. Einiberjahlíð væri lítil brekka, eiginlega þar sem Kristallsdalir enduðu [ætla má að það sé næst Grindaskörðum], sem væru skorningar utan í fjallinu, ekki beint dalir, sem lægju frá Þríhnjúkum suður í Grindaskörð. Þar fyrir ofan væri „afréttur“ Garðahrepps. Mörk milli „afréttar“ og eignarlanda væru milli Kóngsfells [fram kemur að átt er við Stóra-Kóngsfell] og Sandfells.⁵⁸⁸

5.25.6. Afréttur Seltjarnarneshrepps

Eftirfarandi stendur í kaflanum um Hólm í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem saminn var árið 1703:

Engjar eru nær öngvar heima við, en útheyjaslægjur brúkar jörðin frí þar sem heita Fóhölluvot.⁵⁸⁹

Í neðanmálgrein í Hólmskaflanum kemur fram að Fóhölluvot séu nú, árið 1923, kölluð Fóelluvötn eða aðeins Vötn.

Þann 11. desember 1822 sótti Guðmundur Guðmundsson á Lágafelli til stiftamtmanns um útmælingu á nýbýlislandi í Fóelluvötnum og sagðist hafa lagt drög að því að fyrirætlan sinni yrði lýst næst þegar Landsyfírréttur kæmi saman. (Guðmundur mun einnig hafa sótt um til sýslumanns en sú umsókn hefur ekki fundist.) Síðar í sama mánuði, eða þann 27., samþykkti amtmaður að slík útmæling skyldi fara fram um leið og áform Guðmundar hefðu verið birt í Landsyfírrétti.⁵⁹⁰

Ekki eru heimildir fyrir því hvað gerðist næst en þann 4. nóvember 1825 bað Guðmundur Jónsson sýslumann um útmælingu á sama landi.⁵⁹¹ Guðmundur þessi Jónsson er vafalaust faðir Guðmundar Guðmundssonar en þeir búa báðir á Lágafelli 1816 er manntalið var tekið og eru þeir feðgar þá 65 og 26 ára gamlir.⁵⁹²

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu skrifaði amtmanni, 10. sama mánaðar, og sagði Guðmund Guðmundsson aldrei hafa beðið um útmælingu á grundvelli

⁵⁸⁶Skjal nr. 5(11).

⁵⁸⁷Skjal nr. 5.

⁵⁸⁸Skjöl nr. 20(42) og 24(17).

⁵⁸⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 283.

⁵⁹⁰Skjöl nr. 2(230) og 2(232).

⁵⁹¹Skjal nr. 2(234).

⁵⁹²Manntal á Íslandi 1816. Akureyri og Reykjavík 1947–1974. S. 445.

amtsbréfsins frá 27. desember 1822 og aldrei birt tilkynningu í Landsyfirrétti. Hins vegar hafi hann sett upp sel í Fóelluvötnum árið 1823 og á síðastliðnu sumri heyjað þar og reist hús yfir fé og fólk til hirðingar á fénu. Munnlegar kvartanir hefðu komið frá nágrönnum því að stóði og öðrum fénaði, sem rekinn hefði verið til fjalls, hefði verið bægt niður í heimahaga og fénaður, sem hefði runnið uppeftir, verið rekinn lengra upp til fjalls svo að hann hefði ekki verið auðfundinn.

Einnig hefði sýslumaður Árneseinga, í bréfi til sýslumanns frá 5. október 1825, mótmælt notkun Guðmundar á Fóelluvötnum, þau væru eini áningarstaðurinn milli Ölfuss og Reykjavíkur þar sem íbúar austursýslanna gætu áð hrossum sínum. Þetta hefði mikil áhrif á nauta- og stóðbúskap í Ölfusi og Grafningi, sem og Mosfellssveit og Gullbringusýslu því að oft gæti skort vatn ef gripir kæmust ekki í Fóelluvötnin. Einnig segist sýslumaður Árneseinga hafa heyrt að Guðmundur beiti fé sínu í „afrétt“ Ölfusinga sem hann hvorki hafi né muni fá leyfi til. Loks bregður hann Guðmundi um ófrómleika.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu tók í bréfi sínu undir tvö fyrstu atriðin og kvaðst þrátt fyrir litla staðþekkingu gera ráð fyrir að nýbýli þrengdi að høgum. Konungsjarðirnar Helliskot og Hólmur væru næstu jarðir, en engin fullvissa væri um hversu langt úthagar þeirra næðu til fjalls þar eð engin landamerkjabréf væru til fyrir þessar jarðir, fremur en aðrar konungsjarðir sem hann hefði umsjón með. Ekki væri þó ólíklegt að hagar Helliskots næðu upp undir Vötn. Ef svo væri myndi 20 hundraða jörð tæpast rúmast þar því mörk Gullbringusýslu væru að sögn óðara hinum megin við Vötnin. Bæjarstæði væri ekkert á þessum stað, bæinn yrði að byggja á hrauninu sem umlykti Vötnin en yfir þau flæddi á hverju ári og því væri ekkert túnstæði þar.

Einnig benti sýslumaður á að Guðmundur hefði haft hálf Lágafell til ábúðar síðan árið 1822 og gæti að eigin sögn fengið það allt næsta vor. Það benti til þess að hann hygðist ekki setjast að á nýbýlinu heldur nýta það sem haga fyrir skepnur sínar og undir yfirskini nýbýlisréttarins ávinna sér einkarétt til nýtingar svæðisins.⁵⁹³

Amtmaður í Suðuramtinu fór að tillögu sýslumanns í bréfi 15. nóvember 1825. Útmælingunni skyldi neitað þar sem auglýsing hefði ekki verið birt í Landsyfirrétti. Ef málinu yrði haldið til streitu, yrði að fara fram skoðun á landinu þar sem ákveðið yrði hvort þar yrði útmælt býli og þá hversu stórt og með hvaða dýrleika. Að því loknu yrði að byggja þar bæ og beiðandinn að setjast þar að eða byggja öðrum býlið.⁵⁹⁴

Þann 1. desember 1825 skrifaði sýslumaður Guðmundi Guðmundssyni á Lágafelli og skýrði honum frá úrskurði amtmanns og bannaði honum að hafa nokkra

⁵⁹³Skjal nr. 2(233).

⁵⁹⁴Skjal nr. 2(225).

selstöðu eða útibú við Fóelluvötn á næstkomandi vori og allt þangað til hann fengi sér löglega útmælt jarðarstæði.⁵⁹⁵

Ekki kemur fram í þessum skjölum að Fóelluvötn séu „afréttarland“ einhverra ákveðinna aðila umfram aðra.

Þann 25. maí 1830 var manntalsþingsréttur settur að Görðum fyrir Álftaneshrepp. Þar var fjallað um réttir í Seltjarnarneshreppi líkt og kemur fram í kaflanum, Afréttarland Álftaneshrepps, hér að framan.⁵⁹⁶ Degi síðar var manntalsþingsréttur settur í Reykjavík fyrir Seltjarnarneshrepp. Þar voru hin ýmsu mál tekin fyrir, m.a. sauðfjárleitir, en undir lokin var:

... talad um ad leita hédan úr sveit sudur afréttir og halda sídan Réttir þar uppfrá nockru fyrir Kollafiardar Réttardag.⁵⁹⁷

Staða grenjasvæðis í nágrenni Helliskots var inntak vitnisburðar sem fyrrverandi ábúandi býlisins gaf þann 21. júní 1838. Samkvæmt ábúandanum var grenjasvæðið á hrauntanganum fyrir sunnan Helliskotsbú austan Hólmsbúfjárhaga. Grenjaplássíð lá í „afrétti“ nálægt Helliskotsbúfjárhögum.⁵⁹⁸ Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.17, um Helliskot (Elliðakot).

Þann 21. júní 1849 samdi umsjónarmaður almennings Álftaness greinargerð um umsjónarsvæði sitt. Þar stendur eftirfarandi:

Fyrst milli Garðakirkju fjall<l>lands, ur steinhusi suður í Markagil á Marraka eður undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell af Húsfelli upp á Þríhnjúka þaðan á suðurenda Blafells, á milli afrjetta Alptanes og se<l>tjarnarneshreppa.⁵⁹⁹

Nánar er fjallað um greinargerðina í kafla 5.25.2. um Almennung og Almennungsskóga Álftaness.

Þann 22. júlí 1865 fór fram útmæling á jörðinni Lækjarbotnum að ósk Þorsteins Þorsteinssonar sem hugðist reisa þar nýbýli. Við þessa athöfn talaði Halldór K. Friðriksson og mælti hann fyrir hönd Þorsteins Þorsteinssonar. Hann mótmælti bæði kröfu Benedikts Sveinssonar assessors og eignarkröfu Jóns Halldórssonar:

... til lands þessa, með því [það sje alkunnugt, yfirstrikað] hann viti ekki betur en að það sje alkunnugt, að hið útmælda land sje kallað afrjettarland, og hvað Seltjarnarneshreppur og Rvík hafi að minnsta kosti að sínum hluta orðið að greiða til vegabóta yfir þetta svæði ...⁶⁰⁰

Nánar er fjallað um þetta mál í kafla 5.13 um Lækjarbotna.

⁵⁹⁵Skjal nr. 2(226).

⁵⁹⁶Sjá skjal nr. 2(201) a–b.

⁵⁹⁷Skjal nr. 2(202) a–b.

⁵⁹⁸Skjal nr. 2(100).

⁵⁹⁹Skjal nr. 2(50). Í skjali nr. 2(203) a–b kemur fram að fulltrúum á manntalsþinginu þótti skýrsluhöfundur hafa staðið sig vel.

⁶⁰⁰Skjal nr. 2(146).

Þann 30. september 1880 skrifuðu fimm Reykvíkingar bæjarfógeta og kvörtuðu yfir hrossatöku Ölfusinga. Bréf fimmmenninganna hófst á eftirfarandi orðum:

Eins og yður er fullkunnugt herra bæjarfógeti, eiga Reykvíkingar afrjettarland upp við Lækjarbotna og upp frá þeim upp undir sýsluskil Gullbringu og Árnassýslu, og hafa því fullan upprekstrarrjett þar bæði fyrir hross og sauðfjenað, og þennan rjett hafa þeir og notað hingað til, enda vitum vjer enga meinbugi á því. En nú á síðari árum hafa bæði Mosfellingar og Árnassýslubúar gjört Reykvíkingum allmiklar búsífar, er þeir hafa tekið hross þeirra jafnvel í Reykvíkinga eigin afrjettarlandi og selt þau ...⁶⁰¹

Samkvæmt bréfinu höfðu Ölfusingar nýlega smalað saman öllum hrossum fyrir vestan Hellisheiði og niður undir Lækjarbotna og rekið þau austur í Ölfus. Þar hafi hross þeirra og annarra Reykvíkinga verið réttuð, án þess að eigendum þeirra hafi verið gert boð um það og fyrirhugað hafi verið að selja þau innan fárra daga. Það var með naumindum að maður sem þar var staddur fékk því framgengt að leysa hrossin úr haldi gegn því skilyrði að reka þau aftur til Reykjavíkur og skilja ekkert þeirra eftir í „afréttarlandinu“. Bréfitararnir telja athæfi Ölfusinga óþolandi og leita á náðir bæjarfógeta með ósk um að hann beiti sér fyrir því að Ölfusingar hætti að smala „afréttarlönd“ annarra hreppa en einkum og sér í lagi Reykvíkinga. Þeir benda á að það sé mikil réttarskerðing að fénaður fái ekki að ganga óaréittur í „afréttarlandi“ þeirra, svo ekki sé minnst á eignarréttinn, þ.e. að mönnum heimilist að selja eigur annarra án vitundar þeirra og vilja.⁶⁰²

Bæjarfógeti sendi amtmanni umkvörtun fimmmenninganna 4. október 1880 og óskaði þess að rannsakaði yrði hvort hún væri á rökum reist og ef svo væri að séð væri til þess að Ölfusingar létu af þessu athæfi sínu. Amtmaður kom þessu á framfæri við sýslumann Árnassýslu og bað hann að leita skýringa hjá hreppsnefnd Ölfushrepps. Sýslumaður sendi svar nefndarinnar með bréfi til amtmanns 19. apríl 1881.⁶⁰³ Amtmaður sendi bæjarfógeta Reykjavíkur svo skýrslu hreppsnefndarinnar 23. maí sama ár. Í skýrslu nefndarinnar, sem er dagsett 6. apríl 1881, segir að henni sé:

... með öllu ókunnugt að Reikvíkingar eigi nokkurt afrjettarland til móts við Ölvesinga og Mosfellinga, vjer vitum ekki betur enn að fullkomin skilnaður hafi samkvæmt 1 gr. tilsk. 26. nóv. 1846 fyrir laungu verið gjörður á sameiginlegum eignum Seltjarnarhrepps og Reikjavíkur kaupstaðar, og að afrjett Seltjerna, Mosfellinga og Ölvesinga hafi hvörki fyrir þennan skilnað né eptir hann tilheitt öðrum enn búendum þessara hreppa. Takmörk Reik->avíkur kaupstaðar hafa verið ákveðin með Rentukamers bréfi frá 27. apríl 1793 og með konúngs úrskurði frá 24. febr. 1835 og í hvörugu þessu

⁶⁰¹Skjal nr. 2(187).

⁶⁰²Skjal nr. 2(187).

⁶⁰³Skjal nr. 2(187).

lagaboði er minst á að Reykjavík eigi sérstaka afrétt eða part úr afrjett sveita þeirra sem næstar eru kaupstaðnum.⁶⁰⁴

Hreppsnefndin segist enn fremur ekki mæla gegn því að einstaka Reykvíkingur hafi heimildarlaust rekið fénað sinn í „afrétt“ Mosfellinga og Seltirninga. Flestir virði þó eignarrétt nágranna sinna á umræddu fjalllendi og biðji þá sem upprekstrarrétt eigi um leyfi eða kaupi sér leyfi til þess að reka fénað sinn á „afrétt“. Að endingu segir nefndin að þeir Reykvíkingar sem ekki virði eignarrétt annarra að „afréttarlöndum“ geti ekki vænst þess að skepnur sem þeir reki þangað verði leyft að dvelja þar afskiptalaust.⁶⁰⁵ Ekki kemur fram í skjölum amtmanns að nokkur eftirmál hafi orðið.

Kæra bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps á hendur Guðmundi Magnússyni, bónda í Elliðakoti (Helliskoti), vegna landamerkjja jarðarinnar og „afréttarlands“ hreppanna, var lögð fyrir merkjadóm Gullbringu- og Kjósarsýslu um miðbik árs 1891. Nánar er fjallað um málið í kafla 5.17 um Elliðakot.

Oddviti Seltjarnarneshrepps og bæjarfógetinn í Reykjavík, sem einnig sat í bæjarstjórn, gerðu eftirfarandi landamerkjalyýsingu fyrir „afréttarland“ Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæjar 16. september 1890:

Samkvæmt landamerkjälögum 17. marz 1882 1. gr. lýsir undirskrifuð hreppsnefnd og bæjarstjórn, landamerkjum afréttarlands síns eptir því sem hún veit réttast og sannast.

Fyrst að norðvestanverðu úr svokölluðu hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland, og svo eptir hraunhólum þeim sem liggja úr hraunsnefinu, beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí áthaga- (eða náthaga-) vatn, og svo eptir því vatni miðju, þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan áthagann og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni, svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar, eptir árfarvegi og í aðalfossvallaána, þar sem hún fellur niðurúr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni, svo ræður sú á sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Tóelluvötn [svo í skjalinu], allt upp fyrir norðan ás þann, er skilur efri- og neðrivötn, þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn sem liggur sunnan undir Liklafelli, og eptir þeim farveg austur og uppí sýslumörk.⁶⁰⁶

Eigandi Elliðakots neitaði að samþykkja þessa merkjalýsingu og varð úr áðurnefnt landamerkjámál.

Um Botna eða Lækjarbotna segir í fasteignamatinu 1916–1918 að jörðin sé nýbýli sem byggt hafi verið úr „afrétti“ Seltjarnarnessveitar eftir 1860.⁶⁰⁷

⁶⁰⁴Skjal nr. 2(176).

⁶⁰⁵Skjal nr. 2(176).

⁶⁰⁶Skjal nr. 21(19).

⁶⁰⁷Skjal nr. 2(109) a–b.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna eftirfarandi umsögn um „afrétt“ Seltjarnarnessveitar:

Afrétt sveitarinnar (og Rvíkur, sem var jörð í Seltj.hr.) er austasta hornið af sveitinni, fyrir ofan núver. Lækjarbotnaland, ekki stórt og undirorpið ágangi ferðamanna (áningum í Fóelluvötnum, sem eru aðal-graslendið í afréttinni).⁶⁰⁸

Í bréfi félagsmálaráðuneytisins 10. desember 1948, um mörk Kópavogshrepps eftir skiptingu úr Seltjarnarneshreppi segir.

Fjallskil og refaeyðing á afrétti skal vera sameiginleg, þar til hreppsnefndir ákveða annað með samþykki sýslunefndar Kjörsarsýslu.⁶⁰⁹

Hluti „afréttarins“ hefur verið friðlýstur sem fólkvangur, sbr. auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum 21. mars 1973, en tekið er fram af sveitarfélögum á svæðinu að með stofnun fólkvangsins teldu þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti á landi sem fólkvangurinn tekur til.⁶¹⁰

Seltjarnarnes- og Kópavogskaupstaðir gerðu með sér samkomulag um nýtingu lands sveitarfélaganna við mörk Árnessýslu 17. maí 1974. Námur til efnistöku í landinu skyldu nýttar sameiginlega og miðað við jafnan eignarhluta hvors sveitarfélags. Hluti svæðisins færi undir fólkvang í Bláfjöllum og unnið yrði að því að afmarka stærð og landamerki svæðisins.⁶¹¹

Flugmálafélag Íslands leitaði til bæjarstjórna Seltjarnarnes- og Kópavogskaupstaða varðandi aðstöðu til framkvæmda á Sandskeiði 19. mars 1976 og vitnaði til þess að á fyrstu árum síðari heimsstyrjaldar hefði Svifflugfélag Íslands gert samning við Seltjarnarneshrepp um afnot af Sandskeiðinu til 15 ára.⁶¹² Á grundvelli fyrrnefnds samkomulags munu bæjarstjórar sveitarfélaganna hafa gert samning við Hákot sf. um heimild til efnistöku í námum bæjarfélaganna á Sandskeiði 22. apríl 1980.⁶¹³ Annar efnistökusamningur varðandi Sandskeiðið var gerður við Vífilsfell sf. ári síðar, 28. ágúst 1981. Þann 23. mars 1999 var samið við Völ hf. um efnistökurétt í Bolaöldum í landi Kópavogs og Seltjarnarness til þriggja ára.⁶¹⁴ Síðar gerðu bæjarstjórnir samning við Bolaöldur ehf. um nýtingu jarðefnanámu í Bolaöldum í norðurhlíðum Vífilsfells til sex mánaða, 10. júní 2002.⁶¹⁵

Árið 1994 fékk Reykjavíkurborg hluta af Lækjarbotnalandi í makaskiptum. Við samningsgerðina urðu Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður sammála um mörk heimalands Lækjarbotna og „afréttar“. ⁶¹⁶ Sjá kafla 5.13 um Lækjarbotna.

⁶⁰⁸Skjal nr. 2(109) a–b.

⁶⁰⁹Skjal nr. 24(7).

⁶¹⁰Skjal nr. 24(18).

⁶¹¹Skjal nr. 8(9).

⁶¹²Skjal nr. 22(8).

⁶¹³Skjal nr. 22(7).

⁶¹⁴Skjal nr. 8(11), sbr. skjal nr. 8(12).

⁶¹⁵Skjal nr. 8(10).

⁶¹⁶Skjal nr. 24(2).

Einnig kemur fram í skjölum frá Kópavogsbæ að bærinn hefur fengið greitt frá fyrirtækinu Kambi fyrir efnistöku á Sandskeiði á árunum 1997–1998⁶¹⁷ og framlengt afnot af malarnámu í landi Kópavogs (ótiltekið hvar) árið 1998.⁶¹⁸

Árið 2004, þann 8. september, var tekin vitnaskýrsla af Axel Þóri Gestssyni um landamerki Lækjarbotna og Vatnsenda en hann var starfsmaður eða aðstoðarmaður föður síns, sem hafði aðstöðu fyrir fjárbúskap á Vatnsenda 1941–1948 og í Lækjarbotnum 1948–1968. Axel staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi 19. október 2004 þar sem mættu fulltrúar Kópavogskaupstaðar, eigenda Vatnsenda og Seltjarnarneskaupstaðar. Var Axel spurður ýmissa spurninga varðandi „afréttar“mörk. M.a. spurði annar lögmaður Kópavogsbæjar:

GM. Þú talar um að mörkin á milli sem sagt eignarlanda og afréttarins hafi legið frá Kóngsfelli og í Sandfellið, var þá miðað við Sandfellsgilið og þaðan í Kóngsfellið?

Axel svaraði:

Nei, þá var það eiginlega miðað við, það var kallað Arnarsetur, hnúkur austast á Sandfellinu og það var eiginlega miðað við það.

„Afrétti“ Seltjarnarness lýsti Axel svo:

Hann er efri hlutinn á því sem við vorum að tala um áðan á Mosunum [varðandi Lækjarbotna] og það allt saman og Vötnin upp í Lykla-Fell og úr Lykla-Felli í herna Vífilfellið og svo náttúrulega með sýslumörkunum suður Bláfjöllin og að Syðstahnúk í Bláfjöllunum og síðan út í Kóngsfell, því að það var alltaf farið í gegnum þessa Rauðahnúka sem kallaðir voru.⁶¹⁹

Einnig er fjallað um þetta mál í kafla 5.10 um Vatnsenda.

Magnús Hjaltsted á Vatnsenda lýsti smölun í Bláfjöllum og nágrenni þeirra þannig fyrir rétti 14. febrúar 1994: Hvað varðar Jósepsdal og Sauðadali hefði helst þurft 3–4 menn. Farið var inn í Jósepsdal um mynni dalsins, þar sem hann snýr niður að Draugahlíðum, dalurinn smalaður og helst reynt að hóast á við Selvogsing, sem þá var uppi á brúninni fyrir botni Jósepsdal. Snúið við þegar búið var að hreinsa dalinn af fé, farið upp Ólafsskarð og riðið kringum hnúkana (Blákollur efsti hnúkurinn og ber hæst). Komið niður í Sauðadali, þeir smalaðir og komið niður með Draugahlíðum. Einn maður fór síðan upp á Vífilfellsöxlina og beið þar sunnanmanna (Rauðuhnúkaleitarmanna sem fóru suðvestur eftir leitarsvæðinu og sneru þar við) og var í fyrirstöðu svo að fé færi ekki upp í Vífilfellskrókinn, þ.e. gil fyrir innan Vífilfellsöxlina, af því að þaðan væri mjög erfitt að ná fé til baka. Smölun sunnanverðs svæðisins sem þeir hefðu herna megin fjallsins væri kallað að vera sendur í Rauðuhnúka (sem væru á Bláfjallasvæðinu). Smölun þar lýsti Magnús þannig

⁶¹⁷Skjal nr. 8(14).

⁶¹⁸Skjal nr. 8(13).

⁶¹⁹Skjöl nr. 20(41) og 24(16)–24(17).

að hann hefði farið með öðrum inn eftir landi sem kallað væri, þar voru námur sem kallaðar voru Rauðuskriður. Riðið var inn með Bláfjöllum og farið alveg þangað sem nú stæðu Bláfjallaskálarnir. Þar fyrir ofan væri Heiðin há og farið var upp á brún hennar. Ef fé var á Heiðinni há var riðið eftir því og farið fyrir það. Þarna var snúið við, riðið niður aftur sömu leið og Vífilfellskrökur smalaður og manningum, sem fór á Vífilfellsöxl, mætt. Síðan var fénu safnað saman, það rekið niður og reynt að ná því saman í Lakheiði og Fóelluvötnum.⁶²⁰

Sauðfjáreigendafélag Kópavogs og Fjáreigendafélag Reykjavíkur hafa, a.m.k. síðari ár, annast leitir á svæðinu.⁶²¹

Seltjarnarneskaupstaður hefur haldið því fram að hann einn hefði lögsögu yfir „afrétti“ Seltjarnarneshrepps hins forna, sbr. bréf 6. mars 2000 til félagsmálaráðuneytisins.⁶²²

5.25.7. Afréttur Mosfellshrepps

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1704 virðast bændur í allstórum hluta Kjalarneshrepps hafa rekið geldneyti og hross á Mosfellsheiði. Er þar einkum talað um Hvannavelli, og virðist ekki hafa verið greitt fyrir.⁶²³ Um þetta er fjallað nánar í kafla 5.22 um Mosfellsheiði.

Skúli Magnússon hefur uppi eftirfarandi orð um „afréttarlönd“ í Varmárþingsókn í lýsingu sinni á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785:

Mosfellsheiði og Kjósarheiði nefnist öll víðáttan frá byggð í Kjós og Mosfellssveit upp að Henglinum, sem áður er nefndur. Þar er mjög gott og grösugt afréttarland á sumrum og er notað úr öllum sýslunum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnæssýslu.⁶²⁴

Um „afréttarlönd“ Mosfellinga segir Stefán Þorvaldsson í lýsingu Mosfells- og Gufunessókna frá 1855:

Afréttarlönd eru engin að kalla, og flestir fá upprekstur í búfjárhögum annarra, einkum þeirra, sem eiga dali eða fjalllönd. Réttir eru tvær, önnur í Mosfellssveit, norðanvert í Seljadal, sunnan undir Grímansfelli, og nefnist Kambsrétt; er hún haldin miðvikudaginn í 22. viku sumars; hin á Kjalarnesi, ... Hvortveggi þessar réttir eru sóttar af Mosfellssveitar og Kjalarnessmönnum, ...⁶²⁵

Einnig kemur þar fram varðandi Bringur:

⁶²⁰Skjal nr. 20(42).

⁶²¹Skjöl nr. 14(6)–14(8) og 24(25)–24(27).

⁶²²Skjöl nr. 22(3)–22(4).

⁶²³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 333 og 336.

⁶²⁴Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 134.

⁶²⁵Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. S. 237.

Í austur fram af Mosfellsdal liggur graslendi mikið og víðlent... Hæðir þessar eru nefndar „Bringur“ eða „Mosfellsbringur“ og liggja undir Mosfell til selstöðu og slæгна, og eru þar allgott sumarbeitiland, en örðugt að sækja þangað heyskap og enn torveldara að verja þær fyrir afréttarfénaði og stóðhrossum.⁶²⁶

Um 1860 hófust deilur um hvort jörðin Fellsendi í Þingvallasveit teldist nýbýlisland eða Þingvallaeign. Meðal annars var deilt um hvort Mosfellsheiðarland væri almenningur/afréttur. Nánar er sagt frá þessu máli í kafla 5.22 um Mosfellsheiðarland.

Eftirfarandi umsögn er að finna um Miðdal í fasteignamatinu 1916–1918:

Lml. vafasöm gagnv. Mosv.afrétt...

Í sama fasteignamati segir um (Mosfells) Bringur:

Land ákveðinn hluti úr heiðarlandinu, útsuðurhorn þess; rúmt og gott ætíð, er til nær, en talsvert snjópungt. Smölun erfið (í afréttarjaðri).⁶²⁷

Eftirfarandi umsögn um „afréttarland“ Mosfellssveitar er að finna í fasteignamati Kjósarsýslu frá 1916–1918:

Ágreiningur er nú um afréttarland sveitarinnar. Lítur út fyrir að það hafi „týnzt“, orðið í óskilum, og finnendur hirt það og skift milli sín. Eftir því sem ég hef næst komist (af umsögn gamalla manna fyrir 30 árum) átti Mosfellskirkja nyrsta hluta heiðarlandsins, suður að Þrívörðu ás (eða Klofningaþjörn) og þaðan (stefna á Stórhól) að Köldukvísl; þar fyrir sunnan var Mosfellinga-afrétt, takmörkuð af sömu línu alt í Stórhól á Grímarsfelli, að austan af fyrrnefndum sýslumörkum (Þrívörður–austasti Borgarhóll–Bolaalda–að Hengilsdalskvísl), að sunnan kvíslin ofan móts við Lyklafell; að vestan lína um Lyklafell í Illagil (í Grímarsfelli sunnanverðu), þar sem það fellur í Hrafnagil (Seljadalsá), þá Illagil, og úr því efst, í Stórhól (sem er þar upp frá). En mest alt þetta land hafa á síðari árum Grafn. og Ölveshr. að austan, Mosfellskirkja að norðan, Þormóðsdalur, Miðdalur og Elliðakot að vestan, viljað eigna sér. En nefndar jarðir eru allar landmiklar án þess viðauka, og verða nú metnar án tillits til hans (afréttarlandið talið sveitinni).⁶²⁸

Í byrjun annars áratugar 20. aldar kærði oddviti Ölfushrepps ólöglega smölum á „afrétti“ hreppsins til yfirvalda. Þann 14. september 1911 voru tvö vitni yfirheyrð vegna málsins í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fyrra vitnið hét Gunnar Gunnarsson, til heimilis að Geithálsi. Hann skýrði frá því að þrjú undanfarin haust hefði hann að undirlagi leitarstjóra Mosfellsahrepps, Gísla Björnssonar, bónda í Miðdal, og annars manns verið leitarmaður á Mosfellsahreppsafrétt. Gunnar kvaðst

⁶²⁶Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunesssóknar“. S. 235–236.

⁶²⁷Skjal nr. 2(109) a–b.

⁶²⁸Skjal nr. 2(109) a–b.

hafa farið sömu leiðina, upprunalega eftir fyrirlagi leitarstjóra, í öllum þessum ferðum sínum. Að sögn hans lá hún:

Frá Brekku norður undan Hengli og fram á Þjófahlaup, frá Þjófahlaupi fram með árfarvegi sem liggur til Lyklafells.⁶²⁹

Gunnar sagðist aldrei hafa farið lengra austur. Í vitnisburði hans segir og:

Síðastliðið haust, er hann var á niðurleið ásamt dreng frá Elliðakoti, kveðst hann hafa mætt 5 leitarmönnum Ölfushrepps á svokölluðum Melum norðanvið Norðurvelli. Tóku þeir nokkuð af fjárhóp, er þeir ráku, og fóru með fje það austur, með þeim ummælum að þeir hefðu smalað í Ölfusafjretti.⁶³⁰

Seinna vitnið var leitarstjóri Mosfellshrepps, Gísli Björnsson. Hann kvaðst hafa gegnt þeirri stöðu nokkur undanfarin ár og sagðist hafa lagt fyrir leitarmenn að smala, og sjálfur smalað, sama pláss og smalað hefði verið undanfarið, a.m.k. síðastliðin 50 ár, átölulaust af Ölfushrepps hálfu. Að sögn Gísla höfðu takmörkin í smalamenskunni venjulega verið:

Niður með Brekkunni fram með Þjófahlaupi og suður að árförunum fyrir neðan Norðurvelli.⁶³¹

Landamerkjabréf fyrir Þormóðsdal var undirritað í júní 1923 og því var þinglýst 25. júní 1924. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

1. Gagnvart afrjettarlandi Mosfellshrepps:

Frá vörðu uppi á Hjalmi (hárrí móbergsbungu á suðurbrún Grímarsfells) bein lína um stóra fuglaþúfu (merkjaþúfu) neðst á norðurbarmi gljúfursins (að Seljadalsá) í ána miðja (í botni Neðra-Seljadals).⁶³²

Árið 1977 var Tryggva Einarssyni, Miðdal, Mosfellshreppi, og Oddi Andréssyni, Neðrahálsi í Kjós, falið að gera afréttarskrá fyrir Kjósarsýslu skv. 6. gr. laga nr. 42/1969. Í bréfi frá 14. desember 1978 komust þeir að þeirri niðurstöðu:

að afréttur hafi ekki verið til í Kjósarsýslu samkvæmt skilningi okkar á merkingu þess orðs, þar sem öll lönd innan sýslunnar hafa frá upphafi og nokkuð fram á 20. öldina fylgt ákveðnum jörðum.

Tryggvi og Oddur benda á að algengt sé að jarðeignir séu keyptar til sveitarfélaga eða opinberra stofnana. Síðan segja þeir m.a.:

Um alla útjörð, hvort heldur er til fjalla eða á lá<g>lendi er umferð heimil gangandi fóki samkvæmt náttúruverndarlögum. En nýtjar lands hvort heldur er á láði eða úr legi s.s. veiðar hverskonar eru óheimilar án leyfis viðkomandi eignaraðila eða umboðsmanns hans.⁶³³

⁶²⁹Skjal nr. 2(219).

⁶³⁰Skjal nr. 2(219).

⁶³¹Skjal nr. 2(49) í máli nr. 6/2004, Ölfus.

⁶³²Skjal nr. 2(15).

⁶³³Skjal nr. 4(36).

5.26. Sel á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Þeir hlutar Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem fjalla um Álftanes- og Seltjarnarneshreppa voru teknir saman árið 1703. Ári síðar voru lýsingar þeirra á jörðum í Mosfellshreppi gerðar. Í þessum kafla verður greint frá því hvað stendur í Jarðabókinni um sel kröfujarða í hreppunum þremur.

Um jörðina Lónakot segir:

Selstöðu á jörðin í eigin landi, og eru hagar þar góðir, en þegar þurkur gengur, verður þar stórt mein að vatnsskorti.⁶³⁴

Í kaflanum um Óttarsstaði stendur eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin í almenníngi, eru þar hagar góðir, en vatnslaut í þerrasumrum. Aðra selstöðu á jörðin í Lónakotslandi, so sem á móti þeim skipsuppsáttrum, er Lónakotsmenn hafa við Óttarstaði.⁶³⁵

Um hjáleigur Óttarsstaða segir í Jarðabókinni:

Selstöðu brúkar hann og þá fyrskrifuðu í Lónakotslandi.⁶³⁶

Umsögnin um hina hjáleigu Óttarsstaða er svohljóðandi:

Selstöðu má hann og brúka ef vill.⁶³⁷

Jörðin Straumur átti selstöðu:

... þar sem heitir Straumssel, þar eru hagar slæmir, en oft mein að vatnsskorti þá þurkar gánga.⁶³⁸

Samkvæmt Jarðabókinni átti jörðin Þorbjarnarstaðir selstöðu:

... þar sem kallað er Gjásel, þar eru hagar góðir, en vatn slæmt.⁶³⁹

Hjáleiga Þorbjarnarstaða, Lambhagi, hafði sömu selstöðu og heimajörðin.⁶⁴⁰ Í kafla 5.7 um Hvaleyri kemur fram að:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hvaleyrarsel, þar eru hagar sæmilegir og vatnsból gott.⁶⁴¹

Jörðin Ófriðarstaðir átti selstöðu:

... i heimalandi, eru þar hagar sæmilegir en vatnsskortur mikill, og hefur því til forna bóndinn neyðst til að færa selið að eður i Ássland, og fyrir það halda

⁶³⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 160.

⁶³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 162.

⁶³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 163.

⁶³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 163.

⁶³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 164.

⁶³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 165.

⁶⁴⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 167.

⁶⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 168.

sumir að Áss hafi skipstöðu eignast í Ófriðarstaðalandi sem áður greinir.⁶⁴²

Hamarskot var eign Garðakirkju en um það segir Jarðabókin:

Selstöðu eigna nokkrir jörðinni í Garðakirkjulandi þar nærri sem heitir Sljettahlíð hjá hellir nokkrum og skuli þar kallast enn í dag Hamarskotsfel.⁶⁴³

Í Jarðabókinni kemur fram að Garðar áttu selstöðu:

... þar sem heitir við Kaldá, þar eru bæði hagar og vatnsból gott.⁶⁴⁴

Görðum fylgdu þó nokkar hjáleigur. Í kaflanum um hjáleiguna Sandhús stendur:

Selstöðu á jörðin og hefur brúkað átölulaust þar sem heita Norðurhellar.⁶⁴⁵

Norðurhellar hafa líklega tilheyrt Garðakirkjulandi því við Egilsbúð, sem byggð var út úr konungsjörðinni Hliði, segir:

Selstöðu hefur jörðin haft þar sem heita Norðurhellar, þó ei ummælalaust af Garðastaðarhaldara, en ei hefur sú misgreining til laga komið.⁶⁴⁶

Garðakirkja átti jörðina Selskarð en um hana segir:

Selstöðu má jörðin brúka í staðarins landi.⁶⁴⁷

Nes á Seltjarnarnesi átti samkvæmt Jarðabókinni selstöðu:

... þar sem heitir Nessel í Seljadal undir Grímafelli, og hefur um lánga stund ekki brúkuð verið.⁶⁴⁸

Suðurreykir höfðu góða selstöðu samkvæmt Jarðabókinni.⁶⁴⁹ Jörðin Hraðastaðir hafði selstöðu í heimalandi samkvæmt jarðabók Árna og Páls.⁶⁵⁰ Um Mosfell segir sama heimild:

Selstöðu á staðurinn undir Grímarsfelli.⁶⁵¹

Að endingu er það svohljóðandi umsögn Jarðabókarinnar um Minna Mosfell:

Selstaða var áður brúkuð frí þar sem nú eru Skeggjastaðir.⁶⁵²

Árið 1755 voru konungsjarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum metnar. Um Hvaleyri segir:

⁶⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 173.

⁶⁴³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 174–175.

⁶⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 180.

⁶⁴⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 192.

⁶⁴⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 195.

⁶⁴⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 222.

⁶⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 239.

⁶⁴⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 311.

⁶⁵⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 321.

⁶⁵¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 324.

⁶⁵² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 324.

Hvalöre. ... Landing følger ... Ligeleedes goed Selstade op til Fiælds som Aarlig kand forbruges.⁶⁵³

Í sama mati segir um Nes við Seltjörn:

Næss med HalvBoelet Grotte. ... Selstade haver icke været forbrugt i Sidste afvigte 50 Aar, som dog formeenes op til Fields at tihøre Jorden ...⁶⁵⁴

Um jarðir í Mosfellssveit segir Skúli Magnússon í lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1785:

Skilyrði eru og góð til að hafa í seli á heiðinni [Mosfellsheiði] uppi undir afréttarlandinu.⁶⁵⁵

Árið 1839 var Garðabrauð metið. Í lýsingu koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

Kirkjann i Gördum á land sem liggur til fialls fyrir ofan Setbergs, Áss, Ofridarstada og Hvaleyrarland; þar hefir verid og getur verid góð Selstada, ...⁶⁵⁶

Um selstöður segir Árni Helgason í lýsingu Garðaprestakalls frá árinu 1842:

Ég veit ekki nema það, að Garðar eiga selstöðu í því svokallaða Kirkjulandi, sem liggur fyrir ofan byggðina, frá Elliðavatns- og Vatnsendalandi, suður að Krýsuvíkurlandi og upp undir fjöllin. Hitt veit ég og, að nú brúkar enginn hér selstöður, og séu Garðar undanteknir, sem höfðu pening í seli til 1832, hafa ei selstöður héðan verið brúkaðar í næstliðin 50 a 60 ár.⁶⁵⁷

Í lýsingu Mosfells- og Gufunessókna sem séra Stefán Þorvaldsson samdi árið 1855 hefur hann uppi eftirfarandi orð um sel:

Seljadalur er og dalur óbyggður, sunnan undir Grímansfelli, liggur frá vestri til austurs, milli Grímansfells að norðan og Seljadalsbrúna svonefndra að sunnan.

Neðanmáls bætir Stefán við:

Þar eru seltóftir gamlar, sem fyrrum höfðu verið hafðar af Seltjarnarnesi. Þar heitir enn Nessel.⁶⁵⁸

Enn fremur bætir hann við:

Selstöður eru hvergi hafðar nema frá Mosfelli, við Leirvogsvatn undir Illaklifi; er þangað langur vegur og slitróttur yfirferðar.⁶⁵⁹

⁶⁵³Skjal nr. 2(124) a–b.

⁶⁵⁴Skjal nr. 2(124).

⁶⁵⁵Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. S. 133.

⁶⁵⁶Skjal nr. 2(190).

⁶⁵⁷Árni Helgason, „Lýsing Garðaprestakalls 1842“. S. 209.

⁶⁵⁸Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. S. 223.

⁶⁵⁹Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna“. S. 237.

Stefán Þorvaldsson ræðir einnig um Mosfellsbringur í lýsingu sinni. Hjá honum kemur m.a. þetta fram:

Í austur fram af Mosfellsdal liggur graslendi mikið og víðlent ... Hæðir þessar eru nefndar „Bringur“ eða „Mosfellsbringur“ og liggja undir Mosfell til selstöðu og slægna ...⁶⁶⁰

E.J. Stardal ræðir um Mosfellssel í grein sem birtist árið 1985. Selið er norðan við Illaklif, sem girðir Leirvogsvatn að austanverðu, fast:

... við bratta stórgrýtta urð má enn sjá greinilegar hústóftir Mosfellssels og kvíar úr hlöðnu stórgrýti. Selför þangað mun hafa lagst niður skömmu eftir miðja síðustu öld. Graslendið norðan við klifið dregur nafn af selinu og er kallað Selflá.⁶⁶¹

Um fornt sel nálægt Bringum segir Egill Stardal sömu grein:

Skammt ofan við bæjarstæðið en niður við ána eru rústir af ævafornum selstöðvum, samkvæmt gömlum heimildum frá Mosfellsstað. Heitir sel þetta Helgusel. Þar er fallegur foss í ánni og heitir einnig Helgufoss og hvammurinn ofan við selið heitir enn Helguhvammur.⁶⁶²

Og um Seljadal í Mosfellssveit segir Egill:

Seljadalur ber nafn með réttu því í þann dal var selför frá ýmsum bæjum vestan heiða, átti Nes á Seltjarnarnesi þar sel undir Grímarsfelli og sér þar enn á tóftir þess. Víkursel frá Reykjavík var neðar miklu eða skammt austur af Selvatni. Dalurinn skiptist í tvo hluta, Efri- og Neðri-Seljadal, og skilja hólar hlutana að og heita þar Þrengslin. Eftir dalnum endilöngum fellur Seljadalsá í mörgum hlykkjum og endar ferð sína í Hafravatni.⁶⁶³

⁶⁶⁰Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssóknna“. S. 235.

⁶⁶¹E.J. Stardal, „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 125–126.

⁶⁶²E.J. Stardal, „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 134.

⁶⁶³E.J. Stardal, „Mosfellsheiði og nágrenni“. S. 136.

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Ágreiningur aðila máls þessa varðar eignarréttarlega stöðu og að hluta afmörkun þess sem í kröfugerð íslenska ríkisins er nefnt Almenningar í Hafnarfirði, Almenningskógar Álftaneshrepps, fjallland Garðakirkju og afréttur í Múlatúni, afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Vilborgarkot og afréttur Mosfellsbæjar, þ.e. hvort þar séu eignarlönd eða þjóðlendur.

Kröfum aðila er lýst í kafla 3 en hér skal þess getið að þær hafa tekið nokkrum breytingum undir rekstri málsins, að hluta til fyrir milligöngu óbyggðanefndar. Þessar breytingar hafa fyrst og fremst miðað að því að einfalda kröfugerð og afmarka ágreining við raunverulegt eignarréttarlegt inntak. Í tilefni af þjóðlendukröfum íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd upphaflega kröfulýsingar frá eigendum jarðanna Miðdals I, Miðdals II og Hraðastaða II auk lands Alcan (hluta jarðarinnar Straums). Á síðari stigum málsins var kröfulínum íslenska ríkisins breytt að hluta. Eftir þá breytingu er ekki ágreiningur á milli annars vegar íslenska ríkisins og hins vegar eigenda Miðdals I, Miðdals II, Hraðastaða II og lands Alcan um eignarréttarlega stöðu lands innan merkja jarðanna, svo sem þeir hafa skilgreint þau. Jarðir þessar koma því ekki sérstaklega til umfjöllunar í úrskurði þessum, nema að því er varðar ákvörðun um málskostnað í þeim tilfellum að kröfum var lýst. Þó ber að athuga að eigendur Miðdals II og Hraðastaða II gerðu einnig aðrar kröfur í málinu og koma þær kröfur því sérstaklega til umfjöllunar í úrskurði þessum.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Þar verður fyrst fjallað um landnám á því svæði sem hér er til umfjöllunar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.⁶⁶⁴ Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

Umfjöllun þessi er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, í fyrri úrskurðum og vísar til þeirra.⁶⁶⁵ Í hinum almennu niðurstöðum er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Nánar tiltekið er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um

⁶⁶⁴Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 26, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

⁶⁶⁵Sjá kaflann *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–7/2000 og *Viðauka við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og fyrst birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1–9/2003. Sami viðauki fylgir hér.

landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum, landamerkjabréfum og afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þá hefur Hæstiréttur kveðið upp fyrstu dóma réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004. Jafnframt liggja fyrir úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 1–7/2000 í uppsveitum Árnassýslu (svæði 1), nr. 1–5/2001 í Austur-Skaftafellssýslu (svæði 2) og nr. 1–9/2003 í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu (svæði 3). Af þessum heimildum er einnig tekið mið, enda hafi einstakar niðurstöður almenna skírskotun.

Þess ber einnig að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum lagt til grundvallar að eðlismunur væri á þjóðlendu og eignarlandi, sbr. 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þjóðlenda væri landsvæði utan eignarlanda og því yrði eignarland ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsalaði sér eignarráðum sínum. Þannig hefur óbyggðanefnd talið að jarðir í eigu ríkisins væru eignarland enda þótt ríkið hafi ekki kallað eftir slíkum rétti vegna ósamrýmanlegrar kröfu sinnar um afmörkun aðliggjandi þjóðlendu. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Íslenska ríkið gegn Íslenska ríkinu vegna annars vegar Skaftafells I og III og hins vegar aðliggjandi þjóðlendu) en þar varð niðurstaðan sú að rannsóknarskylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 breytti engu um að málsaðilar færu með forræði á máli sínu fyrir nefndinni. Með vísan til þessa dóms beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra, sbr. bréf dags. 10. mars 2006, hvort skilja bæri þjóðlendukröfur þannig að land í eigu ríkisins væri lagt til þjóðlendu, í þeim tilvikum þegar nefndin teldi að land á kröfusvæði væri eignarland. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. sama mánaðar, var erindinu svarað á þann veg að í þjóðlendukröfu ríkisins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland. Verður því við það miðað í úrskurðum óbyggðanefndar hér eftir.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 verður þannig dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Umfjöllun í úrskurðum óbyggðanefndar mun því einskorðast við þau landsvæði sem gerð hefur verið þjóðlendukrafa til en ekki gerð sérstök grein fyrir landsvæðum sem liggja innan þess landsvæðis sem nefndin hefur upphaflega tekið til meðferðar en utan þjóðlendukröfuvæða íslenska ríkisins, svo sem verið hefur.

6.2. Landnám

Í kafla 5 hér að framan er gerð ítarleg grein fyrir frásögn Landnámu af landnámi á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Getið er ýmissa manna og Ingólfur Arnarson þar fyrstur nefndur til sögunnar en landnám hans spannaði land „milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.“

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu, sem og í öðrum málum á svæði 4, að landnám Ingólfs, svo sem því er lýst hér að framan, beri fremur brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málartilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að af lýsingum Landnámu, og rannsóknnum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Er þá ekki síst hafður samanburður af fyrstu landnámunum sem óumdeilanlega sýnast hafa verið verulega miklu stærri en síðari landnám. Sé tilgreining Landnámu þannig lögð óbreytt til grundvallar samkvæmt skýrum texta sínum má ráða að allt það landsvæði sem tekist er á um í þessu máli hafi í öndverðu verið numið.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi. Á hinn bóginn hefur nefndin í fyrri málum lagt það til grundvallar að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir séu þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem öðru haldi fram. Þó svo ekki sé útilokað að slík landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti þá skorti iðulega allt samhengi eignarréttar og sögu, yfirfærslu þeirra eignarréttarlegu heimilda sem mögulega hafi verið stofnað til á grundvelli námsins. Nýting landsins hafi fyrst og fremst, fyrr og síðar, falist í sumarheit fyrir búfenað. Reglur um afmörkun á afréttum hafi verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá sé ljóst að löggjafinn hafi ráðstafað eignarréttindum að slíkum afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hafi um aldir verið talinn fara með hafi einungis verið um að ræða heimildir til tak-

markaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar.⁶⁶⁶ Að þessu virtu er a.m.k. ekki sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttu sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði verið tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kann hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda benda slík tengsl þá fremur til órófins eignarhalds frá öndverðu.

Um frekari ályktanir hér að lútandi fyrir niðurstöður máls þessa verður fjallað hér í framhaldinu.

6.3. Lónakot

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Lónakot, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890.

Lónakot tilheyrir svokölluðum Hraunajörðum. Að Lónakoti liggur Hvassahraun að suðvestan og Óttarsstaðir að austan. Til norðurs er hafið.

Landsvæðið sem um ræðir er mjög flatt, einsleitt og þakið misgömlum hraunlögum. Bæjarstæðin eru nálægt hafi nyrst á landsvæðinu. Í allgrónum hraunbreiðunum er nokkuð um dældir og skúta. Frá bæjarstæðum niður við sjó að suðurmörkum eru aðeins um 4,5 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti sem er við alfaraveginna á bæjarmörkum Hafnarfjarðar að punkti sem er nefnt NA-horn Almennings. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti hraunsins upp af Lónakoti innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Lónakots lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20) er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Byggt er á því að hraunið fyrir ofan jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svonefnda Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendur hafi núna. Því er hafnað að jörðin Lónakot geti gert kröfur inn í Suðurnesjaalmenning enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og

⁶⁶⁶Sbr. *Almennar niðurstöður óbygðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Sérstaklega er byggt á skoðunar- og áreiðargerð stiftamtmanns frá 1848 þar sem merkjum almenningins er lýst.

Af hálfu eigenda Lónakots, sbr. skjöl nr. 18 og 18(7), er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, og landamerkjabréfs um merki milli Lónakots og Óttarsstaða, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890. Byggt er á því að íslenska ríkið hafi í fyrri málum fyrir óbyggðanefnd talið það nægja landeigendum að rekja heimildir sínar til Landnámu. Nú vilji íslenska ríkið hins vegar beita öðrum reglum um land á Reykjanesi en annars staðar á landinu. Þá er byggt á því að með dómi Hæstaréttar í Biskupstungnamáli nr. 48/2004 hafi rétturinn fallið frá fyrri viðhorfum sínum til heimildargildis Landnámu. Mótmælt er þeim staðhæfingum ríkisins að hluti jarðarinnar Lónakots hafi fallið úr einkaeign og orðið almenningar. Þá er vísað til þess að kröfúlína íslenska ríkisins sé dregin eftir óskilgreindum sjónarmiðum. Hún styðjist ekki við réttarheimildir, sögulegar heimildir né heimildir um náttúrufar. Hafnað er þeim skilningi sem íslenska ríkið leggur í hugtakið almenningur. Merking hugtaksins sé mjög á reiki í fornum heimildum. Þá þekkest örnefnið almenningur víða um land án þess að það hafi sérstaka eignarréttarlega merkingu. Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að ekki hafi verið hægt að stofna til eignarréttinda yfir landi sem ekki var í einkaeign eftir gildistöku Jónsbókar 1281. Ákvæði Jónsbókar hafi ekki komið í veg fyrir að eignarréttur stofnist yfir landi t.d. fyrir hefð og aðra stofnunarhætti eignarréttar. Vísað er til að þess að það sé almenn sönnunarregla í íslenskum rétti að sá sem hefur athugasemdalausa þinglýsta eignarheimild að landi teljist eigandi þess gagnvart þriðja aðila. Véfengi þriðji aðili þinglýsta landamerkjalytingu hefur sá sami sönnunarbyrðina fyrir því að hún sé röng. Loks er byggt á því að eigendur lands hafi réttmætar væntingar til að þeir verði ekki sviptir landi sínu án bóta. Vísað er til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu því til stuðnings.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Lónakots er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Lónakots er getið í heimildum allt frá því um miðja 16. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁶⁷ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Lónakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Lónakoti. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Lónakots verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

⁶⁶⁷Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landamerkjum Lónakots er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Að auki eru til landamerkjabréf um merki Hvassahrauns gagnvart Lónakoti og Óttarsstöðum, dags. 13. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890, og um merki milli Lónakots og Óttarsstaða, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890. Þá er til lögfesta fyrir Lónakot, dags. 8. nóvember 1849.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lónakots, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Hvassahrauni, „...við sjó í svonefndum Markakletti, austanvert við Hraunsnes, úr honum í Skógarhól, úr Skógarhól í Stóra-Grænhól, úr Stóra-Grænhól í Hólbrunnsvörðu; úr Hólbrunnsvörðu í Skorásvörðu; úr Skorásvörðu í mið-Krossstapa, sem er hornmark á Lónakotslandi.“ Landamerkjabréf Lónakots er áritað vegna Hvassahrauns. Merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi um mörk Hvassahrauns og Lónakots, dags. 7. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890. Það bréf er áritað vegna beggja jarðanna. Þá er mörkum lýst með sama hætti í landamerkjabréfi um mörk Hvassahrauns gagnvart Lónakoti og Óttarsstöðum, dags. 13. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890. Bréfið er samþykkt vegna jarðanna þriggja. Í lögfestu Lónakots, dags. 8. nóvember 1849, segir að vesturmerki jarðarinnar séu „...úr bótarhellunni sunnanvert í hraunsnesi og þaðan í markahólana og svo beint í Krísivíkurmörk ad ofanverdu.“ Samkvæmt þessu eru ljóst að framangreind landamerkjabréf lýsa merkjum Lónakots gagnvart Hvassahrauni skemur en gert er í lögfestunni 1849 enda eru norðurmörk Krýsuvíkur mun sunnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Lónakots, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Óttarsstöðum, miðuð við „...sjó, úr krosssprungnum hól, með þúfu á; úr honum í Sjónarhól, og þaðan í klett, fyrir austan Lónakotssel, og úr honum í mið-Krossstapa“. Bréfið er áritað vegna Óttarsstaða. Í landamerkjabréfi Óttarsstaða gagnvart Lónakoti, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890, er sambærileg lýsing á mörkum jarðanna. Bréfið á áritað vegna Lónakots. Samkvæmt lögfestu Lónakots, dags. 8. nóvember 1849, eru merki jarðarinnar til austurs, „...úr bodafarinu eda bodafarsklifinu vid sjóinn, beint í Smalaskála þaðan midt á millum Lónakots og Ottarstada selja, og þaðan beint í Krísivíkur mörk“. Samkvæmt þessu er austurmerkjum jarðarinnar lýst lengra til suðurs í lögfestunni en gert er í landamerkjabréfi hennar.

Framangreind landamerkjabréf lýsa merkjum til suðurs skemur en lögfesta Lónakots frá 1849. Miða bréfin við að mörk jarðarinnar nái ekki lengra en að Miðkrossstapa sem er hornmark Lónakots til suðurs. Er sú lýsing í samræmi við kröfur eigenda Lónakots í máli þessu og verður hún lögð til grundvallar.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Lónakot. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Lónakots eru undirrituð af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna

sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Lónakots hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Lónakot hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Heimildir um svonefndan Almennung sunnan Hraunajarða eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun svæðanna né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.8. Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennungur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Lónakots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁶⁸

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Lónakots, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.4. Óttarsstaðir

Hér verður fjallað um land innan merkja Óttarsstaða eins og þau verða ráðinn af heimildum.

Óttarsstaðir tilheyra svokölluðum Hraunajörðum. Að Óttarsstöðum liggur Lónakot og Hvassahraun að vestan og Straumur að austan. Til norðurs er hafið en til suðurs er Krýsuvík.

Landsvæðið sem um ræðir er flatt, lágrent og einsleitt og er þakið misgömlum hraunlögum. Bæjarstæðin eru nálægt hafi nyrst á landsvæðinu. Úfin hraunbreiðan er nokkuð vel gróin mosapembu og fer hækkandi til suðurs. Syðst á Óttarsstaðajörðinni er að finna Búðarvatnsstæði í um 100 m hæð. Frá bæjarstæðum niður við sjó að suðurmörkum eru um 8 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti við svokallaðan Alfaraveg á bæjarmörkum Hafnarfjarðar að punkti sem nefndur er NA-horn Almennings.

⁶⁶⁸Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt þessari kröfugerð er m.a. Miðkrosstapi, Óttarsstaðasel og Búðarvatnsstaði innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Óttarsstaða lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Jafnframt hefur Hafnarfjarðarbær gert kröfu um að allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins sem ríkið gerir kröfu um að úrskurðað verði þjóðlenda, sé eignarland. Þá gera jarðeigendur í Álftaneshrepp hinum forna, Prestsetrasjóður og sveitarfélagið Garðabær kröfu til landsvæðis innan merkja Óttarsstaða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.3., 3.4., 3.5., 3.6. og 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Hraunið ofan við jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svokallaða Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendir hafi núna. Jörðin Óttarsstaðir geti ekki gert kröfur inn í Suðurnesjaalmenning enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Sérstaklega er byggt á skoðunar- og áreiðargerð frá 1848 þar sem merkjum almenningsins er lýst greinilega.

Af hálfu eigenda Óttarsstaða, sbr. skjöl nr. 19 og 19(22), er vísað til þriggja landamerkjabréfa fyrir Óttarsstaði, öll dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890. Byggt er á því að íslenska ríkið hafi í fyrri málum fyrir óbyggðanefnd talið það nægja landeigendum að rekja heimildir sínar til Landnámu. Nú vilji íslenska ríkið hins vegar beita öðrum reglum um land á Reykjanesi en annars staðar á landinu. Þá er byggt á því að með dómi Hæstaréttar í Biskupstungnamáli nr. 48/2005 hafi rétturinn fallið frá fyrri viðhorfum sínum til heimildargildis Landnámu. Mótmælt er þeim staðhæfingum ríkisins að hluti jarðarinnar Óttarsstaða hafi fallið úr einkaeign og orðið almenningar. Þá er vísað til þess að kröfulína íslenska ríkisins sé dregin eftir óskilgreindum sjónarmiðum. Hún hafi engan stuðning í réttarheimildum, sögulegum heimildum né í heimildum um náttúrufar. Hafnað er þeim skilningi sem íslenska ríkið leggur í hugtakið almenningur. Merking hugtaksins sé mjög á reiki í fornum heimildum. Örnefnið Almenningur þekkist víða um land án þess að það hafi sérstaka eignarréttarlega merkingu. Þá er mótmælt þeim skilningi íslenska ríkisins að ekki hafi verið hægt að stofna til eignarréttinda yfir landi sem ekki var í einkaeign eftir gildistöku Jónsbókar 1281. Ákvæði Jónsbókar hafi ekki komið í veg fyrir að eignarréttur stofnist yfir landi t.d. fyrir hefð og aðra stofnunarhætti eignarréttar. Vísað er til þess að það sé almenn sönnunarregla í íslenskum rétti að sá sem hefur

athugasemdalaus þinglýsta eignarheimild að landi teljist eigandi þess gagnvart þriðja aðila. Véfengi þriðji aðili þinglýsta landamerkjalyðingu hefur sá sami sönnunarbyrðina fyrir því að hún sé röng. Loks er byggt á því að eigendur lands hafi réttmætar væntingar til að þeir verði ekki sviptir landi sínu án bóta. Vísað er til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu því til stuðnings.

Sjónarmiðum jarðeigenda í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar og sveitarfélagsins Garðabæjar er lýst í kafla 6.8. um réttarstöðu ætlaðs almennings sunnan Hafnarfjarðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Óttarsstaða er rakin í kafla 5.4. Þar kemur fram að Óttarsstaða er getið í heimildum allt frá því á fyrri hluta 16. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁶⁹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Óttarsstaða er lýst í landamerkjabréfum jarðarinnar og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Óttarsstöðum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Óttarsstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Óttarsstaða er lýst í landamerkjabréfi um mörk Lónakots og Óttarsstaða, landamerkjabréfi um mörk Óttarsstaða og Hvassahrauns og landamerkjabréfi um mörk Óttarsstaða og Straums. Bréfin eru öll dagsett 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890. Þá er til lögfesta fyrir Óttarsstaði, dagsett 21. júní. 1849.

Samkvæmt landamerkjabréfi um merki Óttarsstaða og Lónakots eru mörk Óttarsstaða til vesturs „...rjett fyrir ofan sjáfarkampinn, þaðan í Markhól, sem klappað er á Ótta. Lón. — Frá Markhól í Sjónarhól, frá Sjónarhól í vörðu austanvert við Lónakotssel; frá þeirri vörðu í Miðkrossstapa“. Bréfið er áritað vegna beggja jarðanna. Þá er bréfið í samræmi við landamerkjabréf Lónakots, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, en það bréf er áritað vegna Óttarsstaða. Sunnan Miðkrossstapa liggja Óttarsstaðir að Hvassahrauni í Vatnsleysustrandarhreppi. Samkvæmt landamerkjabréfi um mörk Hvassahrauns og Óttarsstaða, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890, eru mörk jarðanna „...frá Mið-Krossstapa í Klofningsklett, sem varða er hjá, sunnanvert við Einirhól. Frá Klofningskletti í Búðarvatnstæði, frá Búðarvatnstæði í Markhelluhól, sem er hornmark frá Óttarsstöðum, Hvassahrauni og Krísuvík; í hann er klappað Ótta., Hvass., Krv.“ Bréfið er áritað vegna beggja jarðanna. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 er vesturmerkjum Óttarsstaða lýst „...úr Markavíki að fyrir innan Grunnfót, þaðan beina línu um stein og uppí

⁶⁶⁹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Krossstapa þaðan að Krísuvíkurlandi um markhól“. Framangreind lýsing fasteignamats er í ágætu samræmi við landamerkjabréfin. Í lögfestu eiganda Óttarsstaða, dags. 21. júní 1849, eru mörkin sögð úr Helluhól norðan Búðarhóla og frá „Búðarhólum línu niður á Valklett þaðan á Sauðaskjól, af Sauðaskjóli niður á Krumhól og Innraklif við sjó á milli jarðanna Óttarsstada og Lónakots“. Í greinargerð Magnúsar Más Lárussonar telur hann það vafalaust að Helluhóll er sá sami og Markhelluhóll. Að því virtu er lögfestan í ágætu samræmi við landamerkjabréfið að því er varðar merki að vestan.

Samkvæmt landamerkjabréfi um mörk Óttarsstaða og Straums, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890, eru merki Óttarsstaða til austurs, við sjó, á Vatnaskersklöpp, og yfir miðjan Markhól. — Þaðan beint í Stóra-Nónhól, frá Nónhól í Gvendarbrunn, frá Gvendarbrunni í Mjósundavörðu, frá Mjósundavörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. Á Klofaklett er klappað: Ótta., Str., og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og uppaf Eyólfshól; á þennan Markastein er klappað: Ótta., Str. — Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi“. Bréfið er áritað vegna beggja jarðanna. Í landamerkjabréfi Straums, dags. 31. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890, er orðrétt sama lýsing á mörkum jarðanna. Bréfið er áritað vegna Óttarsstaða. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 eru merki Óttarsstaða til austurs sögð „...úr Vatnaskersklöpp við sjó og í Stóra Nónhól þaðan í Mjósunda vörðu, þaðan um steinhús og upp að fjallinu Eina og tekur þar við Krísuvíkurland“. Samkvæmt lögfestu Óttarsstaða, dags. 21. júní 1849, eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Straumi, „...ur Valnaskeri uppá Markhól, svo í Skiphól þaðan í Nónhól af Nónhól á nordurenda Gvendarbrunshædar, svo sunnan við Mjósund upp í steinhús þaðan á Eiólfshól eptir Eiólfshólsbölum uppá miðjann Fjallgrensbala“. Lögfestan er í ágætu samræmi við landamerkjabréfið utan þess að hún lýsir ekki merkjum í land Krýsuvíkur. Í ornefnaskrá fyrir jörðina Straum kemur fram að Fjallgrensbali sé austan við Gömlupúfu. Þar segir einnig að Fjallsgrensgil sé sama gil og heitir Sauðabrekkugjá austar. Samkvæmt svokölluðum Herforingjaráðskortum, mældum 1914 og endurskoðuðum 1983, er Gamlapúfa og Sauðabrekkugjá u.þ.b. 1500 m norðan við norðurmörk Krýsuvíkur.

Merki Óttarsstaða til suðurs þarfnast sérstakrar skoðunar en ekki er til sérstakt landamerkjabréf um merki jarðarinnar til suðurs. Eins og áður segir lýsa landamerkjabréf Óttarsstaða merkjum að austan og vestan í land Krýsuvíkur. Landamerkjabréfin eru árituð vegna Krýsuvíkur og gagnkvæmt. Í landamerkjabréfi Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890, segir að norðurmerki jarðarinnar séu „...úr Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (=Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herðisarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“. Í lögfestu Óttarsstaða, dags. 21. júní 1849, eru suðurmörk jarðarinnar dregin frá „Fjallgrensbala suðurá Helluhól nordan á Búðarhólum á milli jarðarinnar Heimalands

og almennings afrjettar“. Sýnist því lögfestan gera ráð fyrir því að almenningur eða afréttur sé sunnan við heimaland jarðarinnar. Fjallgrensbali liggur trúlegast skammt undan norðurmörkum Krýsuvíkur. Áður hefur verið nefnt að líklegast sé Helluhóll annað nafn á Markhelluhól. Síðarnefnda örnefnið er tilgreint sem hornmark Óttarsstaða, Hvassahrauns og Krýsuvíkur í landamerkjabréfi Óttarsstaða og Krýsuvíkur, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu að landamerkjabréfið og lögfestan eru samhljóða um vestanverð suðurmerki Óttarsstaða. Af framansögðu er ljóst að lögfesta Óttarsstaða mælir landamerkjabréfi jarðarinnar ekki í mót.

Um mörk Krýsuvíkur og jarða í Hafnarfirði stóðu lengi deilur. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971, var dæmt um norðurmörk Krýsuvíkur gagnvart landi í Hafnarfirði. Stefnendur í málinu voru jarðeignadeild íslenska ríkisins og Sýslusjóður Gullbringusýslu en þeir aðilar komu fram sem eigendur Krýsuvíkur. Í dómkröfum þeirra var sérstaklega tekið fram að norðurmörk Krýsuvíkurlands væru gagnvart landi jarðanna Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða, ásamt Stóra-Lambhaga og lands Hafnarfjarðarkaupstaðar en bærinn var eigandi Hvaleyrar og Garðakirkjulands. Af hálfu eigenda jarðarinnar Óttarsstaða voru ekki gerðar kröfur í málinu og ekki óskað eftir aðild að því. Niðurstaða dómsins var sú að suðurmerki Hafnarfjarðarlands gagnvart Krýsuvík og landsvæðis sunnan Garðakirkjulands væru: „Bein lína frá punkti D [Markraki í Dauðadölum] [...], hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53 í punktinn M [í Markrakagili] [...], hnit ca X = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur að Krýsuvíkurvegi.“ Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um norðurmerki Krýsuvíkur og suðurmerki lands í Hafnarfirði og er hún bindandi um úrslit sakarefnisins.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Óttarsstaða frá árinu 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitafélagamörk, ráðið.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 eru gerð þrjú landamerkjabréf fyrir Óttarsstaði. Landamerkjabréfin eru undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Óttarsstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekki eru heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra

marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Heimildir um svonefndan Almennung sunnan Hraunajarða eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun svæðanna né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.8. Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennungur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegar stöðu þess.

Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Óttarsstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar eru ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Reykjaneskaga, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 26. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjna Óttarsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁷⁰

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Óttarsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.5. Straumur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Straum, dags. 31. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890.

Straumur tilheyrir svokölluðum Hraunajörðum. Að Straumi liggja Óttarsstaðir að vestan og Þorbjarnarstaðir og Lambhagi að austan. Til norðurs er hafið en til suðurs er Krýsuvík.

Landsvæðið sem um ræðir er flatt, einsleitt og að mestu þakið hrauni. Bæjarstæðin eru nálægt hafi, nyrst á landsvæðinu. Úfin hraunbreiðan er nokkuð vel gróin mosapembu og fer hækkandi til suðurs. Syðst á Straumsjörðinni er að finna Sauðabrekkugjá og Fjallgjá í um 100 m hæð. Frá bæjarstæðum, niður við sjó að suðurmörkum, eru um 7 km í beinni loftlínu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti sem það segir vera NA-horn Almennings og síðan umhverfis land Alcan í Straumsvík. Samkvæmt þessari kröfugerð er hluti svæðisins innan þjóðlendu. Á móti hefur Hafnarfjarðarbær gert þá

⁶⁷⁰Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

kröfu að allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins, sem ríkið gerir kröfu um að úrskurðað verði þjóðlenda, sé eignarland. Þá gera jarðeigendur í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóður og sveitarfélagið Garðabær kröfu til landsvæðis innan merkja Straums. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.4., 3.5., 3.6 og 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Byggt er á því að hraunið fyrir ofan jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svonefnda Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendur hafi núna. Þá er því hafnað að gagnaðilar íslenska ríkisins geti gert kröfur inn í Suðurnesjaalmenning enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Sérstaklega er byggt á skoðunar- og áreiðargerð stiftamtmanns frá 1848 þar sem merkjum almenningssins er lýst.

Sjónarmiðum jarðeigenda í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar og sveitarfélagsins Garðabæjar er lýst í kafla 6.8. um réttarstöðu ætlaðs almenningssins sunnan Hafnarfjarðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Straums er rakin í kafla 5.5. Þar kemur fram að Straums er getið í heimildum allt frá síðari hluta 15. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁷¹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Straums er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Straumi. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Straums verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Straums er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 31. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

⁶⁷¹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt landamerkjabréfi Straums eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Óttarsstöðum, miðuð við „...sjó á Vatnaskersklöpp, yfir miðjan Markhól og þaðan beint í Stóra-Nónhól; frá Nónhól, í Gvendarbrunn; frá Gvendarbrunni í Mjósundavörðu; frá Mjósundavörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. — Á Klofaklett er klappað: „Ótta.“, „Str.“ og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markastein, suður og uppaf Eyólfshól; á þennan Markastein er klappað: „Ótta.“, „Str.“ Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að Krísuvíkurlandi“. Landamerkjabréf Straums er áritað af hálfu Óttarsstaða. Í landamerkjabréfi um mörk Óttarsstaða og Straums, dags. 26. maí 1890 og þingl. 9. júní 1890, er merkjum lýst orðrétt með sama hætti. Bréfið er áritað vegna beggja jarðanna. Í vitnisburði um merki Straums, dags. 6. júní 1848, segir að merki jarðarinnar gagnvart Óttarsstöðum séu „fra brune firer ofann raud Hóla í nordasta Hraunhol beinastebnu í þufu á eiólfs hól sem er firer ofann steinhus þaðann í nordur enda gvendarbrun<n>s Hædar So í nónhól af nonhól í Skip Hól þaðann í markhól firer ofann vatna skier vid sjo“. Vesturmörkum Straums er næst lýst í lögfestu eigenda jarðarinnar, dags. 21. júní 1849. Þar eru merkin að vestan sögð ná frá Fjallgrenisbala miðjum „... niður á Eiólfsból fyrir ofan steinhús sunnanvið Mjósund í norðurenda Gvendarbrunnshæðar þaðan í Stóranónhól í Skipból niður á Markhól og Vatnasker“. Merkjum er lýst með samsvarandi hætti í lögfestu fyrir Óttarsstaði, dags. 21. júní 1849.

Samkvæmt landamerkjabréfi Straums, dags. 31. maí og þingl. 9. júní 1890, eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart, Þorbjarnarstöðum og Lambhaga „...við sjó á Pjetursbyrgi á neðsta hólmanum, og þaðan beint í svonefnda Tóu; úr Tóu beint í Vestari-Tobbukletta yfir miðjan Jónshöfða, og í vörðu vestarlega á há-Hafurbjarnarholti(nu), og þaðan beina stefnu mitt á milli Stóra-Steins, og Fjárskjólskletts, í vörðu á há-Fremstahöfða og þaðan hina sömu beinu stefnu þar til að Krísuvíkurland tekur við“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Óttarsstaða. Landamerkjabréf Þorbjarnarstaða með Stóra-Lambhaga lýsir merkjum með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Bréfið er ekki áritað af hálfu Straums. Samkvæmt vitnisburði, dags. 6. júní 1848, eru merki jarðarinnar til austurs „...úr Briniólfs skarde í Hádeigeshæd frá Straume ur Hadeig<is>hæd í þufu á austur enda ás midmunda hæd fra Þorbiarnarstöðumm þaðann beina stebnu uppa Hafurbiarnar Holt af þufu á Hafurbiarnar Holte í Heimsta Höfða beint upp í bruna“. Austurmörkum Straums er næst lýst í lögfestu eigenda jarðarinnar, dags. 21. júní 1949. Samkvæmt henni eru mörkin dregin úr „...ur Brynjólfsskardi suður á Hádeieshæð þaðan í þufu á Midmundahæð beina línu upp á Hafurbjarnarholt, af þufu á austurenda Hafurbjarnarholts á Heimstahöfða“. Lýsing í fasteignamati Þorbjarnarstaða frá 1916–1918 lýsir merkjum með samsvarandi hætti.

Suðurmerki Straums þurfa hér sérstakrar skoðunar við. Í vitnisburðinum frá 1848 er merkjum lýst suður í Bruna (Brune). Staðsetning Bruna er á reiki og því

liggur ekki fyrir hve langt mörkum er lýst til suðurs í vitnisburðinum. Óbrynnishólabrúni er hins vegar merktur inn á kort og er stórt svæði og gæti allt eins náð að norðurmörkum Krýsuvíkur. Í lögfestu Straums frá 1849 er merkjum að sunnan milli afréttar og heimalands lokað með línu frá „Heimstahöfða suður í Fjallgrensibala miðjan“. Ekki er með öruggri vissu hægt að segja til hvar Heimstihöfði er. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir jörðina Straum er Fjallgrensbali austan við Gömluþúfu. Þar segir einnig að Fjallsgrensgil sé sama gil og heitir Sauðabrekkugjá austar. Gamlaþúfa og Sauðabrekkugjá liggja skammt undan norðurmörkum Krýsuvíkur. Samkvæmt lögfestunni er ekki gengið út frá að merkjum sé lýst að Krýsuvíkurlandi enda segir að línan frá „Heimstahöfða suður í Fjallgrensibala miðjan“ skilji á milli heimalands og afréttar. Landamerkjabréf Straums lýsir hins vegar vestur- og austurmerkjum jarðarinnar allt að landi Krýsuvíkur. Bréfið er áritað vegna Krýsuvíkur. Samkvæmt landamerkjabréfi Krýsuvíkur liggja merki jarðarinnar að norðan úr „...Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (= Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“. Landamerkjabréf Krýsuvíkur er ekki áritað af hálfu Straums.

Um mörk Krýsuvíkur og jarða í Hafnarfirði stóðu lengi deilur. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971, var dæmt um norðurmörk Krýsuvíkur gagnvart landi í Hafnarfirði. Stefnendur í málinu voru jarðeignadeild íslenska ríkisins og Sýslusjóður Gullbringusýslu en þeir aðilar komu fram sem eigendur Krýsuvíkur. Í dómkröfum stefnenda var sérstaklega tekið fram að norðurmörk Krýsuvíkurlands væru gagnvart landi jarðanna Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða ásamt Stóra-Lambhaga og lands Hafnarfjarðarkaupstaðar. Eigandi Straums gerði ekki sjálfstæðar kröfur í málinu en lýsti því yfir að fylgt yrði niðurstöðu dómsins. Hafnarfjarðarbær tók til varna í málinu sem eigandi Hvaleyrar og Garðakirkjulands. Niðurstaða dómsins var sú að suðurmerki Hafnarfjarðarlands gagnvart Krýsuvík og landsvæðis sunnan Garðakirkjulands væru: „Bein lína frá punkti D [Markraki í Dauðadöllum] [...], hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53 í punktinn M [í Markrakkagili] [...], hnit ca X = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur að Krýsuvíkurvegi.“ Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um norðurmerki Krýsuvíkur og suðurmerki lands í Hafnarfirði. Dómurinn er bindandi um úrslit sakarefnisins.

Svo sem að framan greinir kveður landamerkjabréf Straums skýrt á um að merki jarðarinnar nái allt að landi Krýsuvíkur. Ekki liggur fyrir hve langt til suðurs merkjum er lýst í vitnisburði um merki jarðarinnar frá 1848 og lögfestu eigenda jarðarinnar frá 1849 en líkur standa til að þau séu skammt norðan við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Straums frá 1890 bendi ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að

landi Krýsuvíkur. Þetta er skýrt tekið fram í lýsingum á vestur- og austurmerkjum og þar á milli hafa merki Krýsuvíkur, sem jafnframt eru sveitafélagamörk, ráðið.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir Straum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitarfélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Straums er undirritað af fyrirvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttihafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Straums hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Straumur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Heimildir um svonefndan Almennung sunnan Hraunajarða eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra sbr. 6.8. Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennungar vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.

Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Straums hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Reykjanesi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 26. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Straums sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁷²

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Straums, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

⁶⁷²Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.6. Þorbjarnarstaðir með Stóra Lambhaga

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Þorbjarnarstaði með Stóra-Lambhaga, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890.

Þorbjarnarstaðir tilheyra svokölluðum Hraunajörðum. Að Þorbjarnarstöðum liggur Straumur að vestan og Hvaleyri að austan. Til norðurs er hafið en til suðurs er Krýsuvík.

Landsvæðið sem hér um ræðir er lágland hraunslétta. Hraunbreiðan er nokkuð vel gróin mosapembu og fer hækkandi til suðurs. Kapelluhraun kallast neðsti hluti hraunflekans en ofar kallast hann Bruninn og enn ofar Háíbruni. Brunnhólar eða Brundhólar er að finna sunnan til á jörðinni í um 100 m hæð.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punktum umhverfis land Alcan í Straumsvík síðan í punkt á Kolbeinshæð og þaðan í punkt við Stórhöfðastíg.

Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins upp af Þorbjarnarstöðum innan þjóðlendu. Á móti hefur Hafnarfjarðarbær gert þá kröfu að allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins, sem ríkið gerir kröfu um að úrskurðað verði þjóðlenda, sé eignarland. Þá gera eigendur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóður og sveitarfélagið Garðabær kröfu til lands innan merkja Þorbjarnarstaða. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4, 3.5, 3.6, og 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Byggt er á því að hraunið fyrir ofan jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svonefnda Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendu hafi núna. Þá er því hafnað að gagnaðilar íslenska ríkisins geti gert kröfur inn í Suðurnesjaalmenning enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Sérstaklega er byggt á skoðunar- og áreiðargerð stiftamtmanns frá 1848 þar sem merkjum almenningins er lýst.

Sjónarmiðum jarðeigenda í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar og sveitarfélagsins Garðabæjar er lýst í kafla 6.8 um réttarstöðu ætlaðs almenningssunnar Hafnarfjarðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þorbjarnarstaða (með Lambhaga) er rakin í kafla 5.6. Þar kemur fram að Þorbjarnarstaða er getið í heimildum allt frá lokum 14. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur

verið að ræða.⁶⁷³ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Þorbjarnarstaða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þorbjarnarstöðum. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja að því leyti sem þau liggja innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þorbjarnarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Þorbjarnarstaða er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Þá er merkjum einnig lýst í afsali fyrir Þorbjarnarstöðum, dags. 31. maí 1848 og í lýsingu fasteignamats frá 1916 til 1918.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða ásamt Lambhaga, eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Straumi „...:bein lína frá sjó, úr grjótbirgi í Hólmanum upp í klett sem nefnist tóu, þaðan vestan til í Tobbukletta vestri, og yfir miðjan Jónshöfða og þaðan í vörðu vestan til á Hafurbjarnaholti; svo frá þeirri vörðu bein stefna á milli stóra steins og Fjósskjólskletts og sömu stefnu í vörðu á Fremsta Höfða og þaðan upp að vesturtakmörkum Krísuvíkurlands“. Bréfið er ekki áritað af hálfu Straums. Merkjum er lýst með samsvarandi hætti í landamerkjabréfi Straums, dags. 31. maí 1890 og þingl. 6. júní 1890. Landamerkjabréf Straums er áritað vegna Þorbjarnarstaða. Í gerðarbók fasteignamats frá 1916–1918 eru vesturmörkin miðuð við „...grjótbirgi í Hólmanum, við sjó uppí klett sem nefnist Tóa, þaðan vestan til vestur Tobbukletta og yfir miðjan Jónshöfða, þaðan í vörður vestan til á Hafurbjarnarholti; frá þeirri vörðu bein lína milli stóra steins og tjórskjólsklett þaðan sömu stefnu í vörðu á fremsta höfða, það að Krísuvíkur landi“. Samkvæmt afsali fyrir Þorbjarnarstaði, dags. 31. maí 1848, eru merki jarðarinnar gagnvart Straumi sögð „...úr heimsta Höfða í þúfu á austurenda Hafurbjarnarhóls, nordanverdu á Hafurbjarnarholti að sjá í Hellu á Laufshöfða og beina línu í midmundahæð fyrir sunnan Þorbjarnarstadi, nidurí Hádegishól frá Straumi, þaðan í Brynjúlfsskard (að sunnan)“. Staðsetning Heimstahöfða (Fremsta-höfða) í mörkum Þorbjarnarstaða og Straums liggur ekki fyrir. Heimstihöfði er þó sunnar en Hafurbjarnarholt sem er austan við Gömluþúfu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða ásamt Lambhaga, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, eru merkin til austurs, gagnvart Hvaleyri, sögð vera samkvæmt máldaga Hvaleyrarkirkju frá 15. öld eða „...norðurbrún Nýjahrauns milli fjalls og fjöru“. Í landamerkjabréfinu eru þetta sögð norðurmörk Þorbjarnarstaða og Lambhaga en það er í samræmi við málvenju á svæðinu þegar vísað til átta. Bréfið er

⁶⁷³Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

ekki áritað vegna Hvaleyrar. Máldaginn sem vísað er til í landamerkjabréfinu var byggður á vitnisburði Hafliða Gissurarsonar um landeign og landmerki Hvaleyrar frá 1448 eða síðar. Í máldaganum sagði um mörkin að þau væru „sydvr j nyia hravn ok sidann ofan med ollv nyia hrauni“. Landamerkjabréf Þorbjarnarstaða er ekki áritað vegna Hvaleyrar. Í gerðarbók fasteignamats 1916–1918 er merkjum lýst með samsvarandi hætti og í landamerkjabréfinu. Í landamerkjabréfi Hvaleyrar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 10. júní 1890, segir að að sunnanverðu liggi „...takmörk jarðarinnar úr Melrakka- (eða Markraka-) gili niður með hinu svonefnda „nýa hrauni“ (sem neðst er kallað „Kapelluhraun“); liggja mörkin fram með norðurbrún þess hrauns og niður til sjáfar; en þaðan, úr útnorðurhorni Kapelluhrauns, — alla leið strandlengis, inn ósinn hjá Óseyri og inní Hvaleyrartjörn, að hinum áminnsta stóra steini fyrir sunnan Skiphól, myndar sjórinn takmörk jarðarinnar“. Landamerkjabréf Hvaleyrar er áritað vegna Þorbjarnarstaða. Samkvæmt afsali fyrir Þorbjarnarstaði frá 1848 eru austurmörk Þorbjarnarstaða gagnvart Hvaleyri sögð vera „...af fremsta skeri í Lambhagaeyri og uppad Tvíriddara og beina stefnu eptir Kapelluhraunsbruna að sjó á Ogrinnishóla allt uppad nordasta Snókalandi að (nordan) þaðan í Hellu í Eyólfsbala, svo í þúfu í Brunnhól hvar Búðarhólagjá byrjar“. Eyjólfsbalar eru upp af Gömluþúfu en Búðarhólagjá er talin hinn sama og Sauðabrekkugjá sem liggur u.þ.b. 1500 m norðan við Krýsuvíkurmerkin.⁶⁷⁴

Suðurmerki Þorbjarnarstaða þurfa hér sérstakrar skoðunar við en í landamerkjabréfi jarðarinnar er þeim ekki lýst sérstaklega. Í afsali fyrir Þorbjarnarstaði, dags. 31. maí 1848, er merkjum jarðarinnar lokað að sunnan. Eru suðurmerkin miðuð við „...þúfu í Brunnhól hvar Búðarhólagjá byrjar og beint sem gjáinn heldur í Stakkhól að ofan sem sést á bak við heimsta Höfda“. Um landið fyrir ofan Búðarhólagjá er gerð svohljóðandi athugasemd í afsalinu: „[L]and fyrir ofan Búðarhólagjá sem nær uppad Gardakirkjulandamerkjum, hvílir undir herra sýsslumanns úrskurd eptir þess háa Stiftamts skipan, að segja hvert heldur það er Hraunajardanna eign selt með jörðinni eða óseld konungs eign.“

Í landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða með Lambhaga eru merkjum jarðarinnar til vesturs lýst í land Krýsuvíkur. Um austurmerki jarðarinnar er sagt að þau séu miðuð við „...norðurbrún Nýjahrauns milli fjalls og fjöru“. Nýjahraun er annað heiti á Kapelluhrauni sem talið er hafa runnið frá Undirhlíðum til sjávar. Nýjahraun getur því allt eins náð að norðurmörkum Krýsuvíkur. Sú niðurstaða styðst við landamerkjabréf Hvaleyrar sem segir að vesturmerki þeirrar jarðar séu úr Melrakkagili niður með Nýjahrauni.

Um mörk Krýsuvíkur og jarða í Hafnarfirði stóðu lengi deilur. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarjarðar gerðu Jarðeignadeild íslenska ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu þær kröfur að

⁶⁷⁴Dönsk herforingjaráðskort, mæld 1914 og endurskoðuð 1983.

norðurmörk Krýsuvíkurjarðar gagnvart landi Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða og Stóra Lambhaga yrðu með tilteknum hætti. Eigandi Þorbjarnarstaða gerði ekki sjálfstæðar kröfur í málinu en lýsti því yfir að fylgt yrði niðurstöðu dómsins. Hafnarfjarðarbær tók til varna í málinu sem eigandi Hvaleyrar og Garðakirkjulands. Niðurstaða dómsins var sú að suðurmerki Hafnarfjarðarlands gagnvart Krýsuvík og landsvæðis sunnan Garðakirkjulands væru: „...Bein lína frá punkti D [Markraki í Dauðadölum] [...], hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53 í punktinn M [í Markrakagili] [...], hnit ca. X = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur að Krýsuvíkurvegi“. Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um norðurmerki Krýsuvíkur og suðurmerki lands í Hafnarfirði. Dómurinn er bindandi um úrslit sakarefnisins.

Svo sem að framan greinir kveður landamerkjabréf Þorbjarnarstaða og Stóra Lambhaga skýrt á um að vesturmerki jarðarinnar nái að landi Krýsuvíkur. Samanburður við landamerkjabréf Hvaleyrar leiðir til sömu niðurstöðu að því er varðar merkin að austan. Í afsali fyrir Þorbjarnarstöðum frá 1848 er fyrirvari um eignarhald á landsvæði ofan Búðarhólagjá sem liggur skammt norðan við Krýsuvík. Óbyggðanefnd telur að landamerkjabréf Þorbjarnarstaða bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að vestur- og austurmerki hennar næðu að landi Krýsuvíkur. Þar á milli hafa merki Krýsuvíkur sem jafnframt eru sveitafélagamörk ráðið.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Þorbjarnarstaði ásamt Lambhaga. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði liggur að sveitafélagamörkum að sunnan. Landamerkjabréf Þorbjarnarstaða er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli sem á landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða er, að því leyti að áritun vantar vegna aðliggjandi jarða verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Þorbjarnarstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Í afsali Þorbjarnarstaða frá 1848 er eins og áður segir gerður fyrirvari um eignarhald á landsvæði ofan Búðarhólskjár (Sauðabrekkugjár). Er þar væntanlega verið að vísa til þess að Hraunjarðir voru allar í eigu konungs áður en þær voru seldar á fyrri hluta 19. aldar en vafi hafi leikið á því hvað hafi fylgt með í kaupunum. Óbyggðanefnd telur að nefndur fyrirvari í afsali Þorbjarnarstaða frá 1848 hafi ekki úrslitaáhrif við mat á eignarréttarlegri stöðu lands ofan við Búðarhólskjá.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Þorbjarnarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Heimildir um svonefndan Almennig ofan Hafnarfjarðar eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun Almenningsins á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra sbr. kafla 6.8. Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennigur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegar stöðu þess.⁶⁷⁵ Niðurstaða aukaréttardóms Gullbringu og Kjósarsýslu frá 1867 í máli Árna Hildibrandssonar, eiganda Þorbjarnarstaða, gegn tveimur bændum á Álftanesi styður þá ályktun. Af dómnum má ráða að Almenningskógar Álftaness hafi a.m.k. að hluta verið innan landamerkjia Hraunajarða. Réttindi bænda á Álftanesi innan merkjia Þorbjarnarstaða eru af dómnum nefnd skógarítak. Dómurinn er nánar rakinn í kafla 6.8 um réttarstöðu ætlaðra almenninga ofan Hafnarfjarðar.

Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Þorbjarnarstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekjia á Reykjanesi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 26. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjia Þorbjarnarstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁷⁶

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þorbjarnarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.7. Hvaleyri

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Hvaleyri, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Hvaleyri er fyrrum konungsjörð en komst í eigu einkaaðila 1815. Hafnarfjarðarbær eignaðist hluta Hvaleyrarjarðar 1912 en hún komst að fullu í eigu bæjarins 1956.

⁶⁷⁵Sbr. umfjöllun um almenninga í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

⁶⁷⁶Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að Hvaleyri liggur Lambhagi og Þorbjarnarstaðir að vestan og Ás, Jófríðarstaðir og Garðakirkjuland að austan. Til norðurs er hafið en til suðurs er Krýsuvík.

Landsvæði sem hér um ræðir og liggur sunnan við kröfulínu íslenska ríkisins er þakið hrauni og liggur í 70–100 m hæð. Talsvert úfin hraunbreiðan er nokkuð vel gróin mosapembu og fer lítið eitt hækkandi til suðurs. Hraunbreiðan er oftast nefnd Bruninn einu nafni, en ber engu að síður fleiri nöfn. Óbrinnishólar (123 m) liggja austan til á svæðinu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punktum umhverfis land Alcan í Straumsvík, síðan í punkt á Kolbeinshæð og þaðan í punkt við Stórhöfðastíg.

Samkvæmt þessari kröfugerð er hraunið upp af Hvaleyri innan þjóðlendu. Á móti hefur Hafnarfjarðarbær gert þá kröfu að allt land innan staðarmarka sveitarfélagsins sem ríkið gerir kröfu um að úrskurðað verði þjóðlenda, sé eignarland. Þá gera jarðeigendur í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóður og sveitarfélagið Garðabær kröfu til landsvæða innan merkja Hvaleyrar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4., 3.5., 3.6 og 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20) er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Byggt er á því að hraunið fyrir ofan jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svonefnda Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendur hafi núna. Þá er því hafnað að jarðir í Hafnarfirði geti gert kröfur inn í almenning enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Sérstaklega er byggt á skoðunar- og áreiðargerð stiftamtmanns frá 1848 þar sem merkjum almenningins er lýst.

Sjónarmiðum jarðeigenda í Álftaneshreppi hinum forna, Prestsetrasjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar og sveitarfélagsins Garðabæjar er lýst í kafla 6.8. um réttarstöðu ætlaðs almenningssunnar Hafnarfjarðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvaleyrar er rakin í kafla 5.7. Þar kemur fram að Hvaleyrar er getið í heimildum allt frá lokum 12. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁷⁷ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

⁶⁷⁷Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hvaleyrar er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og hvað ráðið verður af öðrum heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Hvaleyri. Athugun þessi tekur til norðurmerkja jarðarinnar og norðanverðra vestur- og austurmerkja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvaleyrar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Hvaleyrar er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Suðurmerkjum jarðarinnar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Ástæða er því til að huga sérstaklega að því hversu langt suður merkjum er lýst að vestan og austan.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvaleyrar eru merki jarðarinnar til vesturs, gagnvart Þorbjarnarstöðum og Stóra Lambhaga, „...úr Melrakka- (eða Markraka-) gili niður með hinu svonefnda „nýa hrauni“ (sem neðst er kallað „Kapelluhraun“); liggja mörkin fram með norðurbrún þess hrauns og niður til sjáfar; en þaðan, úr útnorðurhorni Kapelluhrauns, — alla leið strandlengis, inn ósinn hjá Óseyri og inni Hvaleyrartjörn, að hinum áminnsta stóra steini fyrir sunnan Skipphól, myndar sjórinn takmörk jarðarinnar...“ Landamerkjabréf Hvaleyrar er áritað vegna Stóra-Lambhaga og Þorbjarnarstaða. Landamerkjabréf Þorbjarnarstaða og Stóra Lambhaga, dags. 6. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, er í ágætu samræmi við bréf Hvaleyrar. Í fyrrnefnda bréfinu er vísað til máldaga Hvaleyrar frá 15. öld um að mörkin séu „norðurbrún Nýjahrauns milli fjalls og fjöru“. Með hliðsjón af málvenju á svæðinu er ljóst að hér er átt við austurbrún hraunsins. Landamerkjabréf Þorbjarnarstaða og Stóra-Lambhaga er ekki áritað vegna Hvaleyrar. Máldaginn sem vísað er til í landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða og Stóra-Lambhaga er að öllum líkindum máldagi frá 1448 sem byggir á vitnisburði Hafliða Gissurarsonar. Samkvæmt honum eru merki Hvaleyrar til austurs „ofan með ollv nýja hrauni“. Í afsalsbréfi Jón Illugasonar, dags. 8. september 1842, er tekin upp merkjalýsing máldagans.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvaleyrar 1890, eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart Ási, Jófríðarstöðum og Garðakirkju, „...úr hinum stóra steini í Hvaleyrartjörn, sunnanvert við Skipphól uppí Fuglastapaþúfur; þær bera hvor í aðra; þaðan beina stefnu rjett fyrir sunnan Ásstekk; uppeptir þaðan í Bleikistein, sem er í norðanverðum Bleikisteinshálsi, þaðan um Hvaleyrarselshöfða, Þormóðshöfða og Fremmstahöfða uppí Steinhús. Að ofanverðu (austanverðu): úr Steinhúsi suður í Melrakkagil (sem sumir nefna Markrakkagil);“ Bréfið er áritað vegna Jófríðarstaða, Áss og Garðakirkju. Í landamerkjabréfi Garðakirkju er merki jarðarinnar til austurs miðuð við „...Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakkagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina, þaðan til norðurs ofanvert við Hvaleyrar- og Áslönd í Steinhús, sem er við neðri Kaldárbotna, þaðan móts við Jófríðarstaðaland“. Landamerkjabréf Garðakirkju er áritað af hálfu Franz Siemsen en hann var í fyrirsvari fyrir Flensborgarskóla sem átti hluta Hvaleyrar. Samkvæmt máldaga Hvaleyrar frá

1848 eru merkin til austurs „...firir svnnann vtann ok ofan ok vp vr hvaleyrrar vatnri ok nordur j kornnstapa hravn. ok alltt vp med gotvnni firir svnnann ok vp yfer þormodz hofda ok þar sydvir j nyia hravn“. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir Hvaleyri er Þormóðshöfði annað heiti á Miðhöfða sem er sunnan við Hvaleyrrarvatn. Nýjahraun er hins vegar annað heiti á Kapelluhrauni sem talið er hafa runnið frá Undirhlíðum til sjávar. Samkvæmt því nær Nýjahraun að Markraka sem vísað er til í landamerkjabréfum Hvaleyrrar, Garðakirkju og Krýsuvíkur. Í fyrrnefndu afsalsbréfi frá 1842 er lýsing máldagans tekin upp. Í vísitasíu Garðakirkju frá 1661, sem byggð er á lögfestu Þorkels Arngrímssonar, prests í Görðum, eru vesturmerki Garðakirkju sögð vera á „...sydri hraunbrúnina hjá Nordrhellrum og so sudureptir Snillubúdahraunsjadri [Smyrlabúða-] og i midjan Kétshellir og so hraunid allt fram ad steinhúsinu og uppi sydri Kaldárbotna, og allt Helgafell“. Helgafell liggur nokkru norðar en Markrakagil og því ljóst að merkjum er þar lýst skemur en samkvæmt landamerkjabréfum Hvaleyrrar og Garðakirkju. Í bréfi Árna Helgasonar, prófests í Garði, til sýslumanns árið 1848 er merkjum lýst með sambærilegum hætti og í vísitasíunni nema að frá Helgafelli „er farið suður í Markrakagil á Markraka“. Af samhengi lýsingarinnar má ráða að átt sé við Markraka í Undirhlíðum en ekki á Dauðadölum. Samkvæmt því getur lýsing Árna Helgasonar samrýmst landamerkjabréfum Hvaleyrrar og Garðakirkju.

Hvaleyri á, eins og fyrir segir, merki gagnvart Ási og Jófríðarstöðum þegar norðar dregur. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og þarfnast ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hvaleyrrar lokast merkin að sunnan í Markrakagili sem einnig hefur verið nefnt Markraki, Melrakkaskarð og Vatnsskarð. Í máldaganum er merkjum hins vegar lokað með línu frá Þormóðshöfða „...og þar sudur í Nyahraun og sidan ofan með ollu Nyjahrauni“. Af jarðfræðikortum og öðrum heimildum er ljóst að Nýjahraun nær suður að Undirhlíðum og þar með að Markraka. Er máldagi Hvaleyrrar því í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar. Í landamerkjabréfi Krýsuvíkur, dags 14. maí 1890 og þinglesið 20. júní 1890, segir að merki jarðarinnar til norðurs séu „...Markhelluhól sjónhending, norðanvert við Fjallið Eina, í Melrakkagil (= Markrakkagil) í Undirhlíðum og þaðan sama sjónhending að vesturmörkum Herdísarvíkur, eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Hvaleyrrar.

Um mörk Krýsuvíkur og landsvæða í Hafnarfirði stóðu lengi deilur. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar gerðu Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu þær kröfur að norðurmörk Krýsuvíkurjarðar gagnvart landi Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða og Stóra Lambhaga og Hafnarfjarðarkaupstaðar yrðu með tilteknum hætti. Hafnarfjarðarbær tók til varna í málinu sem eigandi Hvaleyrrar og Garðakirkjulands. Niðurstaða dómsins var sú að suðurmerki Hafnarfjarðarlands gagnvart Krýsuvík og landsvæðis sunnan

Garðakirkjulands væru: „Bein lína frá punkti D [Markraki í Dauðadölum] [...], hnit X = 686.237,81, Y = 392.971,53 í punktin M [í Markrakagili] [...], hnit ca X = 692.830, Y = 392.030 og fylgja mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur að Krýsuvíkurvegi.“ Samkvæmt þessu liggur fyrir dómsúrlausn um norðurmerki Krýsuvíkur og suðurmerki lands í Hafnarfirði. Dómurinn er bindandi um úrslit sakarefnisins og hlaut að vekja réttmætar væntingar eigenda Hvaleyrar um að suðurmörk jarðarinnar væru óumdeild.

Svo sem að framan greinir kveður landamerkjabréf Hvaleyrar á um það að suðurmerki jarðarinnar nái að Markrakagili en gilið er jafnframt í merkjum Garðakirkjulands og Krýsuvíkur. Eldri heimildir um merki jarðarinnar mæla bréfinu ekki í mót.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hvaleyri. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Hvaleyrar er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Hvaleyrar er, að því leyti að áritun vantar vegna Krýsuvíkur, verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Hvaleyrar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hvaleyri hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hraunið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Heimildir um svonefndan Almennung sunnan Hafnarfjarðar eru óljósar. Þær skera ekki úr um landfræðilega afmörkun almennunga á svæðinu né heldur hver hafi verið eignarréttarleg staða þeirra, sbr. kafla 6.8. Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almennungur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en til eignarréttarlegrar stöðu þess.⁶⁷⁸ Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Hvaleyrar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einnig ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Reykjanesi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 26. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

⁶⁷⁸Sbr. umfjöllun um almennunga í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Hvaleyrar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁷⁹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hvaleyrar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.8. Réttarstaða ætlaðs almennings sunnan Hafnarfjarðar

Svo sem lýst er í köflum 6.3–6.7, um einstakar jarðir hér að framan, er það niðurstaða óbyggðanefndar að allt þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sunnan Hafnarfjarðar sé eignarland. Því til stuðnings er vísað til þeirrar umfjöllunar sem hér fer á eftir og tekur til ætlaðs almennings sunnan Hafnarfjarðar. Hér verður þannig gerð grein fyrir og tekin afstaða til þeirra röksemda sem íslenska ríkið hefur haldið fram kröfum sínum til stuðnings og varðar landsvæðið sameiginlega. Jafnframt er hér gerð grein fyrir kröfum gagnaðila íslenska ríkisins sem gera kröfu um beinan eignarrétt að landsvæðinu á grundvelli annarra gagna en landamerkjabréfa einstakra jarða.

Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins liggur Almennigurinn sunnan jarðanna Lónakots, Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða, Stóra-Lambhaga og Hvaleyrar. Til suðurs er Krýsuvík. Að austan liggur Almennigurinn að Garðakirkjulandi og að vestan að Hvassahrauni í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt framansögðu er afmörkunin að norðan við kröfulínu íslenska ríkisins sem liggur frá punkti við Alfaravegin í mörkum Hafnarfjarðar og Vatnsleysu, að punkti sem er NA-horn Almennings og síðan umhverfis land Alcan í Straumsvík. Þaðan er farið í punkt á Kolbeinshæð og að punkti við Stórhöfðastíg. Frá Stórhöfðastíg er farið í Steinhús. Að austan afmarkast svæðið af Garðakirkjulandi með línu sem er dregin úr Steinhúsi að Markrakagili í Undirhlíðum. Að sunnan er miðað við línu frá Markrakagili og að vörðu í Markhelluhól sem er dómlína landamerkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í máli nr. 329/1964, uppkveðnu 14. desember 1971. Að vestan er dregin lína frá vörðu á Markhelluhól meðfram austurmörkum Hvassahrauns og að fyrrnefndum punkti við Alfaravegin í merkjum Hafnarfjarðar og Vatnsleysu. Kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir að land þetta sé þjóðlenda. Af hálfu Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Prestsetrasjóðs og eigenda lögbylisjarða í Álftaneshreppi hinum forna er því haldið fram að landsvæðið sé undirorpið beinum eignarrétti. Það sama gera eigendur Lónakots og Óttarsstaða að því leyti sem kröfusvæðið er innan merkja jarðanna.

⁶⁷⁹Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þá er byggt á því að landnám Ingólfs Arnarsonar megi fremur líkja við yfirráðatöku lands en eiginlegt nám. Hraunið ofan við jarðir í Hafnarfirði sé almenningur og hluti af hinum svokallaða Suðurnesjaalmenningi. Fyrir gildistöku Þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og þjóðlendir hafi núna. Ekki sé hægt að gera kröfur um beinan eignarrétt inn í almenninga enda byggjast þær kröfur á síðari lögfestum og landamerkjabréfum sem ekki geta talist grundvöllur beins eignarréttar. Vísað er til skoðunar- og áreiðargjörðar, dags. 2. júní 1848, og lýsingu á Almenningskógum Álftaness, dags. 22. júní 1849 og þingl. 22. sama mánaðar, þar sem merkjum Almenningsins sé lýst.

Af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, sbr. skjal nr. 8(3), er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Vísað er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1700 sem staðfesti að svæðið sé almenningur. Þá er vísað til skoðunar- og áreiðargjörðar, dags. 2. júní 1848, en hún skeri úr um mörk milli Hraunajarða og Almenningsins. Áreiðargjörðin sé þinglýst og undirrituð af öllum viðkomandi. Þá hafi amtmaður úrskurðað að mörkin væru þau sem í áreiðinni greindi. Byggt er á því að áreið, dags. 12. september 1874, um merki Hraunajarða og Almennings sé ekki viðurkennd sem rétt merkjalýsing. Ekki liggi fyrir að breyta hafi átt mörkunum frá 1848. Þá er því haldið fram að landamerkjabréf fyrir Hraunajarðir frá árinu 1890 breyti ekki efni áreiðarinnar frá 1848. Í bréfunum sé farið langt út fyrir hin eiginlegu eignamörk til suðurs. Bréfin feli því ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir landi sem fyrr var afmarkað sem almenningur. Af hálfu Hafnarfjarðarbæjar er þess hins vegar ekki krafist að landsvæðið sé þjóðlenda heldur eignarland bæjarins og það stutt eftirfarandi rökum. Í fyrsta lagi að með gildistöku Þjóðlendulaga nr. 58/1998 hafi ekki átt að skerða hagsmuni sveitarfélaga til lands á láglendi og nálægt þéttri byggð. Í öðru lagi hafi sveitarfélög ávallt notið þess réttar að ráðstafa landi í einskis manns eigu innan sinna marka til mismunandi þarfa. Í þriðja lagi er byggt á makaskiptasamningi, dags. 28. apríl 1964, milli Hafnarfjarðar og Garðahrepps en í hlut Hafnarfjarðar kom sá hluti Garðahrepps sem lá sunnan við Hafnarfjörð. Í kjölfarið hafi Alþingi samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Í þriðja lagi vísar bærinn til þess að hluti svæðisins sé skipulagður sem byggingarsvæði.

Af hálfu sveitarfélagsins Garðabæjar, sbr. skjöl nr. 5 og 5(18), er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar og vísað til þess að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu. Ráða megi af niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 að íslenska ríkinu beri að gæta hófs við kröfugerð um þjóðlendumörk. Vegna skilnings íslenska ríkisins á afréttarhugtakinu er bent á að með lögfestingu

Þjóðlendulaga nr. 58/1998 var ætlunin að hugtakið afréttur yrði ekki notað til lýsingar á ákveðnu eignarformi heldur gæti hvort heldur er verið innan eignarlands og þjóðlendu. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álftaness, dags. 21. júní 1849, sem sé í samræmi við landamerkjalýsingu Garðakirkjulands 1890. Merkjalýsing Almenningskóganna sé þinglýst og í samræmi við eldri heimildir um staðhætti, gróðurfar og nýtingu landsvæðisins. Það að landið sé tilgreint sem „sameignarland“ gamalla lögbýlisjarða í merkjalýsingunni, sem nú tilheyri Garðabæ, feli í sér eignarréttindi enda hafi landið verið nýtt á ýmsan máta um aldir. Þá er vísað til umfjöllunar um Garða í jarðamati 1849 en af henni megi ráða að Almenningskógalandið sé hluti Garðalands. Loks er vísað til fasteignamats 1932 en þar sé ekki að finna upplýsingar um að aðrar jarðir en Garðar hafi átt upprekstrarétt á svæðinu.

Af hálfu eigenda gamalla lögbýlisjarða í sveitarfélaginu Álftanesi, sbr. skjöl 7 og 7(1), er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Byggt er á því að landið hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er til merkjalýsingar á Almenningskógum Álftaness, dags. 21. júní 1849, en af henni megi ráða að landið sé í óskiptri sameign eigenda lögbýlisjarða á Álftanesi. Orðalag lýsingarinnar staðfesti að um beinan eignarrétt sé að ræða. Landið hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni og fjallskil skulu héraðsnefndir semja skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Engin slík skrá sé fyrir Almenningskóga Álftaness enda ekki um afrétt að ræða. Þá er byggt á því að megintilgangur þjóðlendulaga hafi verið að eyða óvissu um eignarhald að miðhálandi Íslands en Almenningskógar Álftaness tilheyri ekki beinlínis miðhálandinu. Vísað er til þeirrar meginreglu íslensks réttar að þinglýstum heimildum verði ekki hnekkt nema fyrir liggja óyggjandi sönnun þess að þær séu rangar. Loks er vísað til 1. mgr. 2. gr. laga um hefð en landeigendur hafi haft umráð landsins í fullan hefðartíma.

Af hálfu Prestsetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar, sbr. skjöl nr. 13 og 13(7), er því haldið fram að allt landið hafi verið numið í öndverðu. Mótmælt er málatilbúnaði íslenska ríkisins um að landsvæðið hafi aldrei verið numið. Slíkt stenst ekki í ljósi heimilda um nám og upplýsinga um staðhætti og gróðurfar. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álftaness, dags. 21. júní 1849 og þinglýst 22. júní 1849, sem feli í sér ótvíræða eignarheimild jarðeigenda að Almenningskógunum. Sem eigandi Garðakirkjujarða sé þjóðkirkjan tiltölulegur eigandi að Almenningskógum Álftaness. Landsvæðið uppfylli að engu leyti skilgreiningu Grágásar um Almenninga, m.a. þar sem fjórðungsmenn hafi aldrei átt þetta land saman. Landsvæðið sé greinilega

einkaafréttarland Álftnesinga og hafi um aldir einnig verið notað til skógatekju. Landeigendur og fjáreigendur hafi, í samræmi við gildandi fjallskilareglugerð á hverjum tíma, séð um fjallskil á þrætusvæðinu en upplýsingar um fjallskil geti þó ekki ráðið úrslitum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þá er vakin á athygli á því að samkvæmt fjallskilareglugerðum er landsvæði þetta einkum nefnt upprekstrarland en ekki afréttur. Bendi það frekar til þess að landið sé háð beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt umrætt landsvæði teljist eignarland.

Sjónarmiðum eigenda Lónakots og Óttarsstaða er lýst í köflum 6.3 og 6.4.

Í köflum 6.3–6.7 er rakið að landamerkjabréf Lónakots, Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða, ásamt Stóra-Lambhaga og Hvaleyrar, frá árinu 1890, lýsi merkjum þannig að allt það landsvæði sem hér er til umfjöllunar sé innan merkja þeirra. Landamerkjabréf Lónakots lýsir merkjum í Miðkrossstapa en þar fyrir ofan tekur við land Óttarsstaða. Landamerkjabréf Óttarsstaða og Straums lýsa merkjum að Krýsuvíkurlandi. Í landamerkjabréfi Þorbjarnarstaða ásamt Stóra-Lambhaga er vesturmerkjum jarðarinnar lýst í land Krýsuvíkur en austurmerkin eru sögð fylgja Nýjahrauni sem líklegast nær að mörkum Krýsuvíkur í suðri. Í landamerkjabréfi Hvaleyrar er merkjum hins vegar lýst í Melrakagil sem einnig er nefnt Markraki, Markrakagil, Melrakaskarð og Vatnsskarð. Merki Garðakirkjulands og Krýsuvíkur liggja einnig að nefndu Melrakagili. Eldri máldagar og lögfestur um merki jarðanna eru ýmist í samræmi við bréfin eða loka merkjum að sunnan skammt norðan við dæmd norðurmerki Krýsuvíkur. Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2. Jafnframt styðja staðhættir, og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar á þessu svæði, þá niðurstöðu að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir svæðinu með námi.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun ætlaðs almennings sunnan Hafnarfjarðar.

Fyrsta heimildin, sem gefur vísbendingu um afmörkun hinna svonefndu almenninga á svæðinu, er lýsing í gögnum sem fylgdu með Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 en þar segir: „...það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi.“ Næst er almenningurinn afmarkaður í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá árinu 1785. Segir Skúli að „milli Kálfatjarnarsóknar og Garðasóknar [...] [sé] hálent hraunsvæði, sem Almenníngur nefnist. Er það 2 mílur að breidd og 3 mílna langt frá sjónum upp að fjöllumum“.

Lónakot, Óttarsstaðir, Straumur og Þorbjarnarstaðir eru að jafnaði talin til hinna svokölluðu Hraunajarða. Um miðja 19. öldina risu deilur um eignarréttindi

Hraunajarða í almenningnum. Þann 2. ágúst 1848 var farin áreið til að staðreyna hvað af almenningnum væri skógur og hvað beitarnland. Það land sem var afmarkað sem skógur tekur að stærstum hluta til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Hinn 19. júní 1848 voru Almenningssskógar Álftaness gerðir að friðlýstu svæði og öðrum en ábúendum Hraunajarða bannað að nýta landið. Merki hins friðlýsta svæðis voru „...að neðan frá Kolbeinshæð alt suður að Markhólum að norðan frá Kolbeinshæð með Kapelluhrauni og brunanum að Stórhöfðastíg, þaðan til suðurs — í Fremstahöfða langs með brunanum suður að Fjallinu eina, þaðan til vesturs og útnorðurs niður að Markhólum“. Var framangreind afmörkun byggð á áreiðinni, dags. 2. ágúst 1848. Í lögfestu eiganda hálfra Óttarsstaða, dags. 21. júní 1849, segir að mörk jarðarinnar milli heimalands jarðarinnar og almenningsafréttar séu frá „...Fjallgrensbala suðurá Helluhól norðan á Búðarhólum á milli jarðarinnar Heimalands og [og, tvítekið] almennings afréttar“. Í lögfestu eiganda Straums, dags. 22. júní 1849, segir að mörk heimalands og afréttar (Almennings) sé Heimstahöfði suður í Fjallgrensbala miðjan. Samkvæmt þessu töldu eigendur Óttarsstaða og Straums heimaland þeirra jarða ná töluvert inn í skóglendi Almenningsins eins og það var afmarkað í friðlýsingunni frá 1848.

Þann 21. júní 1849 var samin merkjalýsing fyrir Almenningssskóga Álftaness af Guðmundi Guðmundssyni umsjónarmanni þeirra. Þar var afmarkað svæði sem nær allt austur í Bláfell og að Helguflöt í vestri. Til norðurs náði svæðið að Steinhúsum en til suðurs að Kistufelli í Krýsuvík. Samkvæmt þessari lýsingu ná Almenningssskógarnir yfir mun stærra svæði en hér er til skoðunar. Nær afmörkunin inn á það svæði sem hér er til umfjöllunar með línu úr Fjallinu eina „...þaðan í Helguflöt norðaná Buðarhólum. Á milli jarðanna Heimalands og afréttar af Buðarhólum eptir Buðarhólagjá, þaðan aptur í Steinhús“. Búðarhólar eru neðan við Búðarvatnsstaði en í greinargerð Magnúsar Más Lárussonar prófessors, frá júní 1961, segir að vafalítið sé Búðarhólagjá hin sama og Sauðabrekkugjá. Samkvæmt svokölluðum Herforingjaráðskortum liggur Sauðabrekkugjá ca 1500 m frá norðurmörkum Krýsuvíkur.⁶⁸⁰ Steinhús er í merkjum Hvaleyrar og Garðakirkjulands norðvestan við Helgafell. Samkvæmt því tekur friðlýsing frá 19. júní 1848 til mun stærri hluta af landsvæðum innan merkja jarða í Hafnarfirði heldur en afmörkun umsjónarmannsins, dags. 21. júní 1849. Í máli þessu styðst kröfulína íslenska ríkisins að meginstefnu við lýsinguna frá 1848.

Hinn 12. september 1874 var gerð ný áreið á landamerki Hraunajarða og almenningssskóganna til þess að ákveða landamerkjalinur þar á milli. Áreiðarmenn urðu sammála um mörkin væru „... bein stefna af kletti þeim, er liggur næst fyrir ofan Snókalönd, á Stórastein, þaðan á Eyólfsbala og þaðan í Háholt sem liggur nálægt landamerkjum Hvassahrauns og Lónakots“. Miðar framangreind áreiðarlýsing við að

⁶⁸⁰Dönsk herforingjaráðskort, mæld 1914 og endurskoðuð 1983.

mörk Hraunajarða liggi nokkuð sunnar en mörk skógarins samkvæmt friðlýsingunni, dags. 19. júní 1848.

Ljóst er að framangreindar heimildir eru misvísandi um stærð þess svæðis sem nefnt hefur verið Almennungur. Af þeim verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um afmörkun svonefndra Almennunga í Hafnarfirði. Þá hefur ekki tekist að leiða í ljós staðsetningu margra þeirra örnefna sem nefnd eru í fyrirbyggjandi heimildum.

Í kafla 5.25.2. eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Almennunga og Almenningskóga Álftaness. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins almenningar, skal þess fyrst getið að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið almenningur hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar en hefðbundin greining geri ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hafi allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi og fjöru.⁶⁸¹

Í umfjöllun um jarðir í jarðabókinni 1703 kemur fram að Óttarsstaðir, Straumur, Þorbjarnarstaðir og Hvaleyri hafi átti skóg til kolagjörðar í almenningum en um Lónakot segir að jörðin hafi átt skóg án þess að tiltekið sé hvar hann hafi verið. Athygli vekur að um hjáleiguna Lambhaga segir að „...hrísrif [hafi] jörðin í Þorbjarnarstaðarlandi þar sem heita almenningar, er það haft til kolagjörðar og eldiviðar“. Samkvæmt því gátu almenningar verið innan merkja jarða. Þá segir um jörðina Óttarsstaði að „...skóg til kolgjörðar og eldiviðar [sæki] ábúandi í almenning betalningslaust“. Umfjöllun jarðabókarinnar um rétt jarða til að brúka skóg í almenningum verður að skoðast í því ljósi að framangreindar jarðir voru í eigu konungs þegar jarðabókin var skrifuð. Gæti nefndur almenningur allt eins hafa verið landsvæði í eigu konungs sem ábúendur viðkomandi jarða höfðu sameiginleg afnot af. Það styður þá niðurstöðu að flestar konungsjarðir á Álftanesi áttu samsvarandi rétt í almenningum. Þær jarðir á Álftanesi sem voru í eigu kirkjunnar áttu að jafnaði ekki slík réttindi í almenningi. Kirkjujarðirnar áttu hins vegar skógarítak í landi kirkjunnar, væntanlega Garðakirkjulandi.

Niðurstaða aukaréttardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1867, í máli Árna Hildibrandssonar, eiganda Þorbjarnarstaða, gegn tveimur bændum á Álftanesi, byggir á því að Almenningskógar Álftaness hafi a.m.k. að hluta verið innan landamerkja Hraunajarða. Forsaga málsins var sú að Árni kærði tvo bændur á Álftanesi þar sem vinnuhjú þeirra hefðu tekið skóg við Fornasel innan merkja Þorbjarnarstaða. Hinir stefndu héldu því fram að Hraunajarðir hefðu ekki meiri rétt til skógtekju en aðrar

⁶⁸¹Sbr. umfjöllun um hugtakið almenningur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fyrirverandi konungsjarðir í hreppnum en samkvæmt áreiðargjörð frá 1848 væri allur skógurinn almenningur. Niðurstaða dómsins var sú að sá staður sem vinnuhjúin tóku skóg væri innan landamerkjja Þorbjarnarstaða og jarða þar í kring en svo sagði „...það þá á hinn bóginn verður að álitast sannað, að hinir innstefndu hafi í mörg undanfarin ár, stöðugt látið taka skóg á sama stað, sem þeir fullyrða að sje hinn svokallaði Almanningur, einnig að þetta land er hið sama, sem með áreiðargjörð 1848 var álitid sem Almanningur, er ætti að vera sameiginlegt skógarland fyrir allar jarðirnar í Alptanesshreppi, þá álist að kærandi hafi ekki nægilega sannað einkarjett sinn til hagnýtingar á þessu landi, sem þrætan er risin út af, að það í þessari sök geti komist til mála, að hinir innstefndu sje dæmdir í sekt.“ Athygli vekur að réttindi fyrirverandi konungsjarða í almenningnum eru í dómabók nefnd skógarítak.

Óbyggðanefnd telur þannig allt eins líklegt að réttur jarða til að brúka skóg í almenningnum hafi verið hefðbundinn ítaksréttur. Slíkur réttur hefur verið skilgreindur þannig að hann veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.⁶⁸² Bendir það fremur til þess að almenningurinn hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti. Eins og rakið er í köflum 5.3.–5.6. komust Hraunjarðir úr konungseigu á fyrri hluta 19. aldar. Í kjölfarið risu deilur um eignarhald á almenningnum en eigendur Hraunjarða töldu hann hafa fylgt með í kaupunum. Amtmaður taldi hins vegar að almenningarnir væru eign konungs. Þá kemur fram í bréfi stiftamtmanns, dags. 29. desember 1847, að sýslumaður Gullbringusýslu taldi réttindin í almenningnum tilheyra jörðum í Gullbringusýslu sameiginlega. Í bréfi sýslumanns Gullbringusýslu til Suðurrámsins, dags. 24. janúar 1849, lagði sýslumaður hins vegar til að eignarréttindi eða notkunarréttindi almenningsskóganna yrðu færð í hendur Hraunjarða.

Í merkjalýsingu umsjónarmanns Almenningskóga Álfaness, dags. 21. júní 1849 og þingl. 22. sama mánaðar, kemur fram að landsvæðið sem þar er afmarkað sé afréttur og almenningsland gamalla lögbýlisjarða í Álfaneshreppi. Hér ber þess að gæta að merkjalýsingin er einhliða yfirlýsing umsjónarmanns Almenningskóga Álfaness og var ekki samþykkt af jarðeigendum á svæðinu. Í svokölluðu Bláfjallamáli, hrd. 1996:2848, sem varðaði m.a. mörk sveitarfélaganna Ölfus og Grindavík breytti framangreind lýsing engu um lyktir málsins og var niðurstaða dómsins reist á landamerkjabréfum jarða á mörkum sveitarfélaganna.

Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971, var dæmt um suðurmerki Hafnarfjarðar og norðurmörk Krýsuvíkur. Stefnendur í málinu voru eigendur Krýsuvíkur, þ.e. Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringu- og Kjósarsýslu. Af hálfu þeirra var byggt á því að norðurmörk Krýsuvíkur væru gagnvart jörðunum Óttarsstöðum, Straumi, Þorbjarnarstöðum, Stóra Lambhaga og lands Hafnarfjarðarkaupstaðar. Í

⁶⁸²Sbr. umfjöllun um hugtakið ítak í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

niðurstöðu dómsins um suðurmerki Hafnarfjarðar sagði: „Landamerki Hafnarfjarðarlands að sunnanverðu verður því bein lína frá Markraka, punktinum D, í Dauðadöllum, í punktinn M í Markrakagili og fylgja mörkin síðan markalínu Krísuvíkur.....að Krísuvíkurvegi.“ Segir svo í niðurstöðu dómsins: „Milli norðurmarka Krísuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar samkvæmt framanrituðu myndast geiri á landsvæði því sem nefnt er Leirdalur og Dauðadalir, því framangreindar markalínur koma fyrst saman í Markrakagili. Virðist þessi geiri vera hluti þess landsvæðis sem samkvæmt gögnum málsins má ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur.“ Umræddur geiri liggur utan við það landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Af forsendum dómsins má ráða að annað landsvæði sem til umfjöllunar var í málinu hafi að áliti dómsins verið eignarland. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Við meðferð málsins var gefin út opinber stefna og hverjum þeim stefnt sem teldi til réttar yfir landsvæði sem lægi að Krýsuvíkurlandi að norðan og landi Hafnarfjarðarkaupstaðar að austan og sunnan. Þá var nærliggjandi sveitarfélögum skriflega boðið að gæta réttar síns í málinu enda taldi dómurinn hugsanlegt að um afréttarland eða almenning væri að ræða. Ekki kom fram áhugi hjá viðkomandi sveitarfélögum að gerast aðilar að málinu.

Jarðabók Árna og Páls greinir frá seljum innan þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Af jarðabókinni er ljóst að jarðir gátu átt sel hvort heldur í eigin landi, landi annarrar jarðar eða almenningum. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁶⁸³ Þær takmörkuðu heimildir sem liggja fyrir um seljabúskap á þessu landsvæði leiða ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þess.

Að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar liggja landsvæði sem úrskurðuð hafa verið eignarlönd, sbr. kafli 6.10. í máli þessu og kaflar 6.4. og 6.14. í máli nr. 1/2004 hjá óbyggðanefnd. Er þannig leitt í ljós að allt landsvæðið vestan, sunnan og austan merkja hins ætlaða almennings er eignarland. Telur óbyggðanefnd að gögn málsins styðji ekki þá niðurstöðu að gera eigi mun á umræddu landsvæði og aðliggjandi eignarlöndum að þessu leyti.

Landamerkjabréf jarða í Hafnarfirði mæla því í mót að þjóðlendu sé að finna á svæðinu enda taka bréfin til alls þess lands sem gerð er krafa um af hálfu ríkisins. Bréfin eru að jafnaði árituð af fyrirsvarsmönnum jarðanna, þinglesin, færð í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda.

⁶⁸³Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þá telur óbyggðanefnd að örnefnið Almenningur vísi allt eins til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess.

Ljóst er þannig að heimildir um svokallaðan Almenning í Hafnarfirði eru óljósar. Þær skera hvorki úr um landfræðilega afmörkun né eignarréttarlega stöðu. Samkvæmt framangreindu, og svo sem lýst er í köflum 6.3.–6.7., er það niðurstaða óbyggðanefndar að innan merkja jarða í Hafnarfirði sé ekki að finna þjóðlendu.

6.9. Garðakirkjuland

6.9.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890.

Að Garðakirkjulandi lágu Hvaleyri, Ás, Setberg og Jófríðarstaðir að vestan og Vatnsendi, Vífilsstaðir og Arnarnes að austan. Til norðurs er hafið og jarðir á Álftanesi en til suðurs er Krýsuvík og afréttur Álftaneshrepps hins forna.

Ágreiningsvæði Garðakirkjulands í máli þessu má í megindráttum skipta í annars vegar gróið láglendi og hins vegar hraunlendi með ýmsum hraunmyndunum. Gróðursæl Heiðmörkin er allra nyrst á svæðinu og þar eru hæðir og hjallar nokkuð einkennandi í landslagi. Frá Arnarbæli að Heiðmerkurgirðingu eru 2,5 km. Norðar taka við Búrfellsdalir, Búrfellsgjá og loks Búrfellið sjálft sem er 179 m hár gígur. Hraunslétta í um 140 m hæð breiðir úr sér til norðurs sem nefnist Skúlatúnshraun eftir gróinni bungu sem ber nafnið Skúlatún. Nokkuð er um fell sem standa uppúr hraunbreiðunni og helst ber að nefna Valahnúka (201 m), Helgafellið (340 m) og Húsfellið (278 m) á austurmörkum. Frá Arnarbæli að Leirdalshöfða eru um 9 km í beinni loftlínu.

6.9.2. Sjónarmið aðila

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti í Steinhúsi og þaðan í punkt í Syðri Kaldárbotnum og umhverfis Helgafell og í punkt Strandartorfu og þaðan í punkt í Húsfelli. Samkvæmt þessari kröfugerð er nokkur hluti svæðisins innan þjóðlendu. Á móti hefur sveitarfélagið Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, íslenska þjóðkirkjan og eigendur Selskarðs gert þá kröfu að allt landsvæðið verði úrskurðað eignarland. Þá gera eigendur Selskarðs kröfu um að viðurkenndur verði beitarréttur jarðarinnar í landspildunni sem seld var Hafnarfjarðarbæ, sbr. afsal, dags. 30. ágúst 1913. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.4., 3.5., 3.6., 3.7. og 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigandalas svæði orðið fleiri með

tímanum. Þá er því haldið fram að landnáam Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Fyrir gildistöku Þjóðlendulaga hafi eignarréttarleg merking hugtaksins almenningar verið sú sama og Þjóðlendum hafi núna. Vísað til lögfestu séra Þorkels Arngrímssonar frá 1661 fyrir Garðakirkjuland en á henni byggist íslenska kröfulína ríkisins. Lögfestan nái til eignarlandsins en með landamerkjabréfi Garðakirkju séu mörkin færð út að afréttarmörkum. Slíkt sé þekkt aðferð við gerð landamerkjabréfa. Byggt er á Garða- og Bessastaðamáldaga frá 1397 og biskupavísitasíu, dags. 28. ágúst 1780, en þar sé tilgreint að Garðakirkja eigi afrétt í Múlatúni. Loks er vísað til úrskurða óbyggðanefndar varðandi jarðirnar Þingvelli og Stafafell en þar hafi lönd utan heimalanda verið úrskurðuð Þjóðlendum.

Af hálfu íslensku Þjóðkirkjunnar, sbr. skjöl nr. 13 og 13(7), er því haldið fram að allt landið hafi verið numið í öndverðu. Vísað til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er byggt á landamerkjabréfi Garðakirkju frá 1890, sem staðfest sé með lögum nr. 13/1912, sem gefi merkjalýsingunni sérstakt vægi. Landamerkjabréfið sé í samræmi við lögfestu fyrir Garðakirkjulandi frá 1661 og lýsingu á Almenningssskógum Álftaness frá 1849. Einnig er byggt á almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um að land jarða sem hafa þinglýst landamerkjabréf og styðjist við eldri heimildir sé eignarland. Það sé einnig í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2004. Þá liggi fyrir að ríkisvaldið hafi margsinnis viðurkennt að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Loks leiði hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda til þess að allt land Garðakirkju teljist eignarland.

Af hálfu sveitarfélagsins Garðabæjar, sbr. skjöl nr. 5 og 5(18), er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar en sveitarfélagið sé þinglýstur eigandi Garða og fleiri jarða, sbr. afsal, dags. 23. desember 1993. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 en af honum megi ráða að íslenska ríkið verði að gæta hófs við kröfugerð um Þjóðlendumörk. Ríkinu beri við kröfugerð sína að taka mið af því að það hefur í orðum og verki viðurkennt eignarrétt Garðabæjar að Garðakirkjulandi. Vísað er í landamerkjabréf Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, sem hafi án vafa verið ætlað að tilgreina eignarland kirkjunnar. Landamerkjalýsingin hafi einnig verið staðfest með lögum nr. 13/1912. Þá hafi merkjalýsingin jafnframt verið staðfest með þinglýsingu afsals ráðherra Íslands til Hafnarfjarðarkaupstaðar árið 1913. Gildi landamerkjabréfsins sé enn ríkara þar sem það samrýmist lýstum landamerkjum samkvæmt merkjalýsingu Almenningssskóga Álftaneshrepps frá 1849. Að auki er byggt á eiginhandarbreyti séra Árna Helgasonar prófasts í Görðum frá 1848 og lögfestu séra Þorkels Arngrímssonar frá 1661. Þessar eldri heimildir styðji merki sem tilgreind eru í landamerkjabréfinu frá 1890. Loks er vísað til fasteignamats frá 1916 til 1918.

Af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, sbr. skal nr. 8(3), er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Þá er því haldið fram að með gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 hafi ekki verið ætlunin að skerða hagsmuni sveitarfélaga til skipulags lands á láglandi. Vísað er til landamerkjabréfs Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní. 1890. Einnig er byggt á afsali ráðherra Íslands til Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna Garðakirkjulands, dags. 30. ágúst 1913. Í afsalinu hafi verið vísað til landamerkjabréfsins um mörk landspildunnar. Afsalið hafi verið byggt á lögum nr. 13/1912 en með lögum nr. 31/1959 hafi lögsögumörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar verið breytt til samræmis við kaupin.

Af hálfu eigenda Selskarðs, sbr. skjöl nr. 6 og 6(12), er byggt á landamerkjalytingu fyrir Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Selskarð sé ein af kirkjujörðum Garðakirkju og eigi tiltölulegan hlut í óskiptu landi Garðakirkju, sbr. dóm Gestaréttar Reykjavíkur frá 29. desember 1920. Þá er vísað til afsals fyrir Selskarði, dags. 29. maí 1912 og landaskipta á Garðatorfu frá 1932. Varðandi beitarrétt Selskarðs í landi því sem selt var Hafnarfjarðarkaupstað 1913 er vísað í afsal, dags. 30. ágúst 1913. Loks er vísað til örnefnaskrár fyrir Garðakirkjuland og álitsgerða um örnefni á svæðinu.

6.9.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Garðakirkju er rakin í kafla 5.8. Þar kemur fram að Garðakirkju er getið í heimildum allt frá byrjun 12. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁸⁴ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Garðakirkju er lýst í landamerkjabréfi hennar og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landssvæða sem liggja að Garðakirkjulandi. Athugun þessi tekur til suðurmerkja svæðisins og sunnanverðra vestur- og austurmerkja innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Garðakirkju verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í gögnum meðfylgjandi Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1703 er að finna lýsingu sem tekur m.a. til Garðakirkjulands. Í lýsingunni segir að „...það sem Suðurnesjamenn kalla Almenníng tekur til suður við Hvassahrauns land og Trölladyngjur, gengur so norður eftir fyrir ofan lönd allra Hraunabæjanna og endast so norðan til, þar sem hann mætir Ásslandi, so sem við taglið á Kapelluhrauni. Þá kemur Garðastadarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur til það, sem Innnesíngar kalla kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllunum“.

⁶⁸⁴Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbygðanefndar* (í viðauka).

Landamerkjum Garðakirkju er lýst heildstætt í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890. Þá er einnig að finna lýsingar á merkjum kirkjulandsins í Vísitasíu frá 1661 og bréfi Árna Helgasonar prófests frá árinu 1848.

Verður þá litið til vesturmerkja Garðakirkju. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðakirkju er merki hennar til vesturs, gagnvart Hvaleyri, Jófríðarstöðum og Ási miðuð við „...Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina, þaðan til norðurs ofanvert við Hvaleyrar- og Áslönd í Steinhús, sem er við neðri Kaldárbotna, þaðan móts við Jófríðarstaðaland í norður vestanvert við Gráhelluhraun beina línu í svonefndan Moldarkrika, þá til norðvesturs í vörðu á Hlíðarþúfum, þá sömu línu í norðuröxl á Mosahlið, enn sömu línu í vörðu norðanhallt á Kvíholti, loks sömu línu miðt á milli Gíslahúss og Bjarnabæjar í vörðu fremst á miðjum Hamri við Hafnarfjarðarbotn“. Bréfið er áritað af hálfu Jófríðarstaða. Landamerkjabréf Garðakirkju er ekki áritað vegna Hvaleyrar en Franz Siemsen áritar bréfið vegna Arnarness og Hvammskotslands. Árið 1890 var Franz Siemsen einnig í fyrirsvari fyrir Flensborgarskóla og Ás, sbr. landamerkjabréf Hvaleyrar, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, en hluti Hvaleyrar var þá í eigu skólans. Fyrirsvarsmaður Flensborgarskóla og Áss hafði því fulla vitneskju um landamerkjabréf Garðakirkju og ekki er að sjá að hann hafi gert við það athugasemdir. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvaleyrar eru merki jarðarinnar gagnvart Garðakirkju að „...ofanverðu (austanverðu): úr Steinhúsi suður í Melrakkagil (sem sumir nefna Markrakagil); sú lína liggur í suðurslakkanum á óbrynnishólum“. Ber því landamerkjabréfi Hvaleyrar saman við landamerkjabréf Garðakirkju. Landamerkjabréf Hvaleyrar er áritað vegna Garðakirkju.

Í vísitasíu frá 1661, sem byggð er á lögfestu Þorkels Arngrímssonar, prests í Görðum, eru vesturmerki Garðakirkju sögð vera á „...sydri hraunbrúnina hjá Nordrhellrum og so sudureptir Snillubúdahraunsjadri [Smyrlabúða-] og i midjan Kétshellir og so hraunid allt fram ad steinhúsinu og uppi sydri Kaldárbotna, og allt Helgafell“. Samkvæmt því er ljóst að í landamerkjabréfi Garðakirkju er vesturmerkjum lýst lengra til suðurs en gert er í vísitasíunni. Í bréfi Árna Helgasonar prófests til sýslumanns árið 1848 er merkjum lýst með sambærilegum hætti og í vísitasíunni nema að frá Helgafelli „er farið suður í Markragil á Marraka“. Af samhengi lýsingarnar má ráða að átt sé við Markraka í Undirhlíðum en ekki í Dauðadölum. Samkvæmt því getur lýsing Árna Helgasonar samrýmst landamerkjabréfi jarðarinnar. Í lýsingu umsjónarmanns Almenningskóga Álfтанess á skógunum, dags. 21. júní 1849 og þingl. 22. júní 1849, er Garðakirkjuland ekki talið til Almenningskóganna. Merki skógarins gagnvart Garðakirkjulandi að vestan eru sögð „...ur steinhusi suður í Markagil á Marraka eða undirhlíðum“. Er sú lýsing í samræmi við landamerkjabréf Garðakirkju. Eigendur Krýsuvíkur í máli nr. 1/2004 fyrir óbyggðanefnd hafa staðsett Markrakagil (Marrkagil, Vatnsskarð, Melrakkaskarð) norðar en sveitarfélagið Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Prestsetrasjóður og

eigendur jarða á Álftanesi hafa gert í þessu máli. Styðjast eigendur Krýsuvíkur við niðurstöðu í dómi í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnum 14. maí 1971. Verður sú niðurstaða dómsins lögð hér til grundvallar eins og vikið verður að síðar.

Garðakirkja á, eins og fyrr segir, merki gagnvart Ási og Jófríðarstöðum þegar norðar dregur. Þá á hún einnig merki gagnvart jörðum á Álftanesi. Merki þessi liggja utan við kröfuvæði íslenska ríkisins og þarfnast ekki nánari athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Garðakirkju eru merki jarðarinnar til austurs, gagnvart jörðum á Álftanesi, Arnarnesi og Vatnsenda, frá Hnoðraholti, sögð „... norðan Vetrarmýri beina línu til austur landsuðurs í miðja Kjóavelli, þaðan beina línu í suður landsuður í Arnarbæli, þaðan í austur landsuður uppí Hnífhól, þaðan til austurs landsuðurs í miðt Húsfell, úr miðju Húsfelli beint til suðurs í efri Strandartorfu, þaðan beint í (suður) Markraka í Dauðadölum“. Landamerkjabréfið er áritað af hálfu Arnarness en eigandi Vatnsenda vildi ekki árita bréfið sökum ókunnugleika. Í óþinglýstri yfirlýsingu Vatnsenda, dags. 22. maí 1883, eru mörkin gagnvart Garðakirkju sögð „...austast í Strandartorfu þaðan í Búrfellsdal þaðan í Hnífhól og þaðan í Arnarbæli úr Arnarbæli eru landamerki millum Vatnsenda og Vífilsstaða beina stefnu í Markastein vestaní Vatnsendahvarfi“. Yfirlýsing Vatnsenda er í samræmi við landamerkjabréf Garðakirkju að öðru leyti en því að miðað er við Búrfellsdal í stað Húsfells. Svo sem segir í kafla 6.11. eru slíkir ágallar á merkjalýsingu Vatnsenda að hún getur ekki talist lögformlegt landamerkjabréf.

Í vísitásiu Garðakirkju frá 1661 eru merkin að austan sögð „...úr strandartorfu og í Husfell, ur Husfelli og í hnífhól, ur hnífhól og heim i Arnarbæli“. Í lýsingu Árna Helgasonar frá 1848 eru austurmerkin sögð úr „...daudadölum og i strandartorfu, úr strandartorfu rettsýnis í húsfell, so úr husfelli og í hnífhól úr hnífhól og heim í Arnarbæli“. Landamerkjabréf Garðakirkju lýsir því merkjum lengra til suðurs en gert er í vísitásiunni frá 1661. Lýsing Árna Helgasonar frá 1848 er hins vegar í samræmi við landamerkjabréfið.

Samkvæmt landamerkjabréfi Garðakirkju eru suðurmerki jarðarinnar, gagnvart Krýsuvík og Almenningskógum Álftaness, Markraki í Dauðadölum „...þaðan til vesturs í Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið Eina. Landamerkjabréf Krýsuvíkur, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, tilgreinir einnig Melrakkaskarð sem merki gagnvart Garðakirkju. Landamerkjabréf Garðakirkju er áritað af hálfu Krýsuvíkur og gagnkvæmt. Í vísitásiunni frá 1661 eru suðurmerkin „...allt Helgafell. strandartorfu, úr strandartorfu og í Husfell“. Í lýsingu Árna Helgasonar eru suðurmerkin sögð „...allt helgafell i markraka, úr markraka og í daudadali“. Hér virðist frekar átt við Markraka í Undirhlíðum en í Dauðadölum og samrýmist lýsingin því landamerkjabréfi Garðakirkju. Landamerkjabréfið er einnig í samræmi við lýsingu á Almenningskógum Álftaness, dags. 21. júní 1849 og þingl. 22. júní 1849, en þar eru

mörkin að norðan gagnvart Garðakirkjulandi „Markagil á Marraka eða undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum“. Í fasteignamati 1916–1918 segir að Garðakirkja eigi land að sunnan að Krýsuvík. Hér ber þess að geta í Vilchinsmáldaga frá 1397 og Gíslamáldaga frá 1570 er greint frá því að Garðakirkja eigi afrétt í Múlatúni. Samkvæmt greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um merki Krýsuvíkur, dags. í júlí 1961, telur hann Múlatún vera það sem yngri heimildir nefna Skúlatún. Skúlatún liggur sunnan við Helgafell en norðan við Lönguhlíð.

Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971, var dæmt um suðurmerki Hafnarfjarðar. Í niðurstöðu dómsins sagði: „Landamerki Hafnarfjarðarlands að sunnanverðu verður því bein lína frá Markraka, punktinum D, í Dauðadölum, í punktinn M í Markrakagili.“ Segir svo í niðurstöðu dómsins: „Milli norðurmarka Krýsuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar samkvæmt framanrituðu myndast geiri á landsvæði því sem nefnt er Leirdalur og Dauðadalir, því framangreindar markalínur koma fyrst saman í Markrakagili. Virðist þessi geiri vera hluti þess landsvæðis sem samkvæmt gögnum málsins má ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur.“ Af þessu má ljóst vera að dómurinn er í niðurstöðu sinni að afmarka eignarland frá almenningi eða afrétti. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar og var Jarðeignadeild ríkisins meðal aðila málsins. Hafnarfjarðarbær var aðili málsins sem eigandi Hvaleyrar og Garðakirkjulands sem nefnt er Hafnarfjarðarland í dómnum. Við meðferð málsins var gefin út opinber stefna og hverjum þeim stefnt sem teldi til réttar yfir landsvæði sem lægi að Krýsuvíkurlandi að norðan og landi Hafnarfjarðarkaupstaðar að austan og sunnan. Þá var nærliggjandi sveitarfélögum skriflega boðið að gæta réttar síns í málinu enda taldi dómurinn hugsanlegt að um afréttarland eða almenning væri að ræða. Viðkomandi sveitarfélög gerðust hins vegar ekki aðilar að málinu. Dómurinn er bindandi um úrslit sakarefnisins og hlaut að vekja réttmætar væntingar eigenda Garðakirkjulands um að norðurmörk jarðarinnar væru óumdeild.

Merkjalýsing landamerkjabréfs Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. júní 1890, hefur verið staðfest af dómstólum að því er varðar suðurmerki jarðarinnar. Landamerkjabréfið var einnig lagt til grundvallar við sölu íslenska ríkisins á hluta Garðakirkjulands til Hafnarfjarðar, sbr. afsal dags. 30. ágúst 1913. Þá er tilvísun til merkjalýsingar landamerkjabréfsins í lögum nr. 13/1912 um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar. Auk alls þessa er landamerkjabréfið í samræmi við lýsingu á Almenningssskógum Álftaness frá 1849 og samrýmist lýsingu séra Árna Helgasonar í Görðum frá 1848. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður landamerkjabréf Garðakirkju lagt til grundvallar við ákvörðun á merkjum Garðakirkjulands. Óljós merkjalýsing vísitafunnar frá 1661 verður ekki talin breyta þeirri niðurstöðu.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Garðakirkju. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf Garðakirkju er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Garðakirkjulands hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Samkvæmt lýsingu í gögnum meðfylgjandi Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1703, og fyrr er getið, er Garðakirkjuland á milli svokallaðs Almennings og Kóngslands. Er kirkjulandið þannig aðskilið frá Almenninum og samkvæmt lýsingunni gengur hann ekki ofan við kirkjulandið heldur einungis að því.

Ekki eru heimildir um annað en að Garðakirkjuland hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi Garðakirkju hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en eignarhald þetta hafi verið án ágreinings eða athugasemda.

Með lögum nr. 13/1912 um sölu á eign Garðakirkju og afsali íslenska ríkisins, dags. 30. ágúst 1913, virðist byggt á því að allt land samkvæmt landamerkjabréfi Garðakirkju sé eignarland. Dómkröfur Jarðeignadeildar íslenska ríkisins og sýslusjóðs Gullbringusýslu í áður nefndu dómsmáli frá 1971 sýnast byggja á hinu sama. Er kröfulýsing íslenska ríkisins í máli þessu í ósamræmi við framangreint.

Heimildir Vilchinsmáldaga frá 1397 og Gíslamáldaga frá 1570 um afrétt kirkjunnar í Múlatúni verða ekki taldar leiða til þess að land innan merkja Garðakirkju verði talið hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar hafa ekki úrslitaáhrif í því sambandi. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á svæðinu, sem og Íslandi í heild, verið mun meiri víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal. nr. 26. Loks verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Garðakirkju sé þjóðlenda. Rannsókn óbygðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða,

án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁸⁵

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Garðakirkju, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland innan landamerkja Garðakirkju verður ekki talið að krafa eigenda Selskarðs um beitarréttindi þarfnist sjálfstæðrar skoðunar í máli þessu, sbr. 7. gr. og 5 mgr. laga nr. 58/1998.

6.10. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluti Almenningskóga Álftaness)

6.10.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um þann hluta Almenningskóga Álftaness sem telst til afréttar Álftaneshrepps hins forna.

Almenningskógar Álftaness voru afmarkaðir í lýsingu umsjónarmanns þeirra, Guðmundar Guðmundssonar, dags. 21. júní 1849 og þingl. 22. júní sama ár. Lýsingin tekur að hluta til lands sem liggur innan merkja jarða í Hafnarfirði og er fjallað um þann hluta landsvæðisins í köflum 6.3.–6.8. hér að framan. Syðsti hluti Almenningskóganna liggur innan merkja Krýsuvíkur og er fjallað um hann í kafla 6.4. í máli 1/2004, Grindavík og Vatsleysa. Þá liggur suðausturhluti Almenningskóganna innan Ölfushrepps og er fjallað um hann í köflum 6.3. og 6.9. í máli 6/2004, Ölfus. Hér verður hins vegar fjallað um þann hluta Almenningskóganna sem landamerkjabréf jarða taka ekki til og liggur utan marka sveitarfélagsins Ölfuss.

Að vestan liggur umrætt landsvæði að Garðakirkjulandi og Hvaleyri (hornpunktur) og að norðaustan að afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna eins og hann hefur verið afmarkaður í máli þessu. Að sunnan liggur landsvæðið að jörðinni Krýsuvík og að Ölfusafretti. Af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að framangreint svæði verði úrskurðað þjóðlenda. Á móti hafa Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Prestsetrasjóður og eigendur jarða í Álftaneshreppi hinum forna lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði.

Það landsvæði sem hér er til umfjöllunar má skipta í tvo hluta hvað varðar staðhætti og landslag. Að vestanverðu við rætur Lönguhlíðar er land tiltölulega hallalítið í um 180–200 m hæð. Norðan Leirdalshöfða liggur dalverpi er nefnist Leirdalur og austar breiðir úr sér mosagróin hraunbreiða í 200 m hæð. Dauðadalir nefnist lægð í hrauninu. Að austanverðu rís land hins vegar skarpt við Kristjánsdali og gnæfir þar Stóribolli (550 m) hæst í miklum fjallaklasa. Frá Bláfjallahorni, sem er austast á umræddu svæði að Markrakagili í Undirhlíðum, eru 14 km í beinni loftlínu.

⁶⁸⁵Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.10.2. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er byggt á því að grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Byggt er á lýsingu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 en þar komi fram að landsvæðið austan við Garðakirkjuland sé afréttur. Vísað er til merkjalýsingar fyrir Almenningskóga Álfþaness frá 1849 en hún beri ótvírætt með sér að landsvæðið sé afréttur eða almenningur jarða í Álfþaneshreppi hinum forna. Orðalag merkjalýsingarinnar um að það sé „almennings sameignarland gamalla lögbýlisjarða í Álfþaneshreppi“ vísi ekki til beins eignarréttar en er hugsanlega gömul útgáfa af hugtakinu almannaeign. Þrátt fyrir að merkjalýsingin sé þinglýst er enginn þinglýstur eigandi. Landsvæðið sé ekki jörð og ekki metið til verðs í fasteignamati.

Af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, sbr. skjal nr. 8(3), er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar og 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álfþaness, dags. 21. júní 1849 og þingl. 22. júní sama ár. Hafi verið ágreiningur um mörk landsvæðisins hafi verið leyst úr slíkum deilum með merkjalýsingunni og jafnframt kveðið á um eignarréttarlega stöðu þess. Hafnarfjarðarkaupstaður hafi verið stærsti einstaki eigandi gamalla lögbýlisjarða sem tilheyrðu Álfþaneshreppi hinum forna og eigi því sem slíkur mestu réttindin í afréttinum. Hagsmunir bæjarins fari saman við hagsmuni eigenda gamalla lögbýlisjarða í Álfþaneshreppi hinum forna og er því vísað til greinargerðar lögmanns þeirra, sbr. skjal nr. 7(2).

Af hálfu eigenda tilgreindra lögbýlisjarða í sveitarfélaginu Álfþanasi, sbr. skjöl 7 og 7(2), er því haldið fram að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu. Byggt er á 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Jafnframt er vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álfþaness, dags. 21. júní 1849 og 22. júní sama ár, en af henni megi ráða að landið sé í óskiptri sameign eigenda lögbýlisjarða á Álfþanasi. Orðalag lýsingarinnar staðfesti að um beinan eignarrétt sé að ræða. Landið hafi aldrei verið almenningur eða afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni og fjallskil skulu héraðsnefndir semja skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Engin slík skrá sé til fyrir Almenningskóga Álfþaness enda sé ekki um afrétt að ræða. Verði landsvæðið talið þjóðlenda sé ljóst að eigendur lögbýlisjarðanna hafi eftir sem áður allar hagnýtingarheimildir að Almenningskógunum á grundvelli merkjalýsingarinnar frá

1849. Þá er því haldið fram að megingiltangur Þjóðlendulaga hafi verið sá að eyða óvissu um eignarhald að miðhálandi Íslands en Almenningskógar Álftaness tilheyri ekki miðhálandinu. Vísað er til þeirrar meginreglu íslensks réttar að þinglýstum heimildum verði ekki hnekk't nema fyrir ligg'i óyggjandi sönnun þess að þær séu rangar. Loks er vísað til 1. mgr. 2. gr. laga um hefð en landeigendur hafi haft umráð landsins í fullan hefðartíma.

Af hálfu sveitarfélagsins Garðabæjar, sbr. skjöl nr. 5 og 5(18), er byggt á afsöllum íslenska ríkisins að jörðum í Garðabæ á árunum 1992–1998. Með þeim löggerningum hafi íslenska ríkið afsalað til Garðabæjar öllum réttindum sem það kynni að eiga innan Almenningskógalandins. Eignar- og afnotaréttur að landsvæðinu hafi líklega einnig fylgt jörðum sem Garðabær var þegar eigandi að árið 1992. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar og þess að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álftaness, dags. 21. júní 1849, sem sé í samræmi við landamerkjalyýsingu Garðakirkjulands frá 1890. Í merkjalýsingu Almenningskóganna komi fram að landsvæðið hafi verið nýtt til beitar og skógyrkingar. Merkjalýsingin sé þinglýst og í samræmi við eldri heimildir um staðhætti, gróðurfar og nýtingu landsvæðisins. Það að landið sé tilgreint sem sameignarland gamalla lögbýlisjarða í merkjalýsingunni, sem nú tilheyri Garðabæ, feli í sér eignarréttindi enda hafi landið verið nýtt á ýmsan máta um aldir. Þá er vísað til umfjöllunar um Garða í jarðamati 1849 en af henni megi ráða að Almenningskógalandið sé hluti Garðalands. Byggt er á því að landsvæðið sé ekki almenningur í lögfræðilegum skilningi heldur standi nær að kalla það afréttarland jarða í Garðahreppi. Vegna skilnings íslenska ríkisins á afréttarhugtakinu er bent á að með lögfestingu Þjóðlendulaga nr. 58/1998 var ætlunin að hugtakið afréttur yrði ekki notað til lýsingar á ákveðnu eignarformi heldur gæti hvort heldur er verið innan eignarlands og þjóðlendu. Þá er því haldið fram að niðurstaða dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 feli í sér að íslenska ríkinu beri að gæta hófs við kröfugerð um þjóðlendumörk. Loks er vísað til venjuréttar og þess að skilyrði hefðar séu uppfyllt.

Af hálfu Prestsetrasjóðs f.h. íslensku þjóðkirkjunnar, sbr. skjöl nr. 13 og 13(7), er því haldið fram að allt landið hafi verið numið í öndverðu. Mótmælt er málatilbúnaði íslenska ríkisins um að landsvæðið hafi aldrei verið numið. Slíkt standist ekki í ljósi heimilda um nám og upplýsinga um staðhætti og gróðurfar. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Byggt er á merkjalýsingu Almenningskóga Álftaness, dags. 21. júní 1849 og þinglýst 22. júní sama ár, sem feli í sér ótvíræða eignarheimild jarðeigenda að Almenningskógunum. Sem eigandi Garðakirkjujarða sé þjóðkirkjan tiltölulegur eigandi að Almenningskógum Álftaness. Landsvæðið uppfylli að engu leyti skilgreiningu Grágásar um almenninga, m.a. þar sem fjórðungsmenn hafi aldrei átt þetta land í sameiningu. Landsvæðið sé greinilega einkaafre'ttarland Álftnesinga og hafi um aldir einnig verið notað til skógatekju.

Landeigendur og fjáreigendur hafi í samræmi við gildandi fjallskilareglugerð á hverjum tíma séð um fjallskil á þrætusvæðinu en upplýsingar um fjallskil geti þó ekki ráðið úrslitum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þá er vakin á athygli á því að skv. fjallskilareglugerðum sé landsvæði þetta einkum nefnt upprekstrarland en ekki afréttur. Bendi það frekar til þess að landið sé háð beinum eignarrétti. Loks er vísað til þess að hefðarsjónarmið, venjuréttur og réttmætar væntingar landeiganda leiði til þess að allt umrætt landsvæði teljist eignarland.

6.10.3. Niðurstaða

Í kafla 5.25. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Almenningskóga Álfтанess og afréttarnot í Gullbringusýslu. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.⁶⁸⁶ Af þeim má ráða að við gildistöku Þjóðlendulaga hafi landsvæði það sem hér er til umfjöllunar talist til almenninga eða afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.⁶⁸⁷ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða Þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, þarfnast hins vegar nánari athugunar.

Engin heildstæð merkjalýsing er til fyrir afrétt Álfтанeshrepps hins forna. Hér kemur því til nánari athugunar hvernig það landsvæði sem hér er til umfjöllunar er afmarkað og hvaða heimildir búa þeirri afmörkun að baki. Að fenginni niðurstöðu um landamerki gagnvart aðliggjandi svæðum verður fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja landsvæðisins. Samkvæmt merkjalýsingu Almenningskóganna frá árinu 1849 gengur Garðakirkjuland inn í Almenningskógana þannig að Garðakirkjuland er umlukið þeim að vestan, sunnan og austan. Það landsvæði sem hér er til umfjöllunar liggur að Garðakirkjulandi auk geira sem liggur sunnan kirkjulandsins og norðan Krýsuvíkur. Samkvæmt merkjalýsingu Almenningskóganna eru merki til vesturs, gagnvart Garðakirkjulandi, miðuð við „...Markagil á Marraka eða undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell“. Í landamerkjabréfi Garðakirkju, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní sama ár, eru austur- og suðurmerki Garðakirkjulands miðuð við Húsfell „...beint til suðurs í efri Strandartorfu, þaðan beint í (suður) Markraka í Dauðadölum, þaðan til vesturs í Melrakkaskarð (Vatnsskarð, Markrakagil) í Undirhlíðum, sem er norðanvert við Fjallið eina“. Landamerkjabréf Garðakirkju er í ágætu samræmi við merkjalýsingu Almenningskóganna. Bréfið er ekki áritað vegna

⁶⁸⁶Sjá nánar í kafla 4.

⁶⁸⁷Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Almenningsskóganna. Í máli nr. 329/1964 fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, uppkveðnu 14. desember 1971, var m.a. dæmt um suðurmerki Hafnarfjarðarlands en byggt var á því að Garðakirkjuland væri í eigu bæjarins. Niðurstaða dómsins var sú að landamerki Hafnarfjarðarlands að sunnanverðu væru „...bein lína frá Markkraka, punktinum D, í Dauðadölum, í punktinn M í Markkragili og fylgja mörkin síðan markalínu Krýsuvíkur“. Var niðurstaðan m.a. reist á landamerkjabréfi Garðakirkju frá 1890. Sagði svo í niðurstöðu dómsins: „Milli norðurmarka Krýsuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar samkvæmt framanrituðu myndast geiri á landsvæði því sem nefnt er Leirdalur og Dauðadalir, því framangreindar markalínur koma fyrst saman í Markkragili. Virðist þessi geiri vera hluti þess landsvæðis sem samkvæmt gögnum málsins má ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur.“ Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar og var Jarðeignadeild ríkisins meðal aðila málsins. Við meðferð málsins var gefin út opinber stefna og hverjum þeim stefnt sem teldi til réttar yfir landsvæði sem lægi að Krýsuvíkurlandi að norðan og landi Hafnarfjarðarkaupstaðar að austan og sunnan. Þá var nærliggjandi sveitarfélögum skriflega boðið að gæta réttar síns enda taldi dómurinn hugsanlegt að um afréttarland eða almenning væri að ræða. Viðkomandi sveitarfélög gerðust hins vegar ekki aðilar að málinu.

Verður þá litið til suðurmerkja landsvæðisins en þau miðast við norðurmörk Krýsuvíkur og Ölfusafrétt. Í áður nefndu máli fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar var niðurstaðan sú að norðurmörk Krýsuvíkur væru „bein lína frá vörðu á Markhelluhól, hnit X - 696.942,32, Y - 392.328,03, um punktinn M í Markkragili í Undirhlíðum, hnit ca. X - 692.830, Y - 392.030, að vesturmörkum Herdísarvíkur eða sýslumörkum Gullbringu- og Árnassýslu“. Niðurstaðan var reist á landamerkjabréfi Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890 og þingl. 20. júní 1890. Í kaflanum um Krýsuvík í máli 1/2004 er komist að þeirri niðurstöðu að skýra verði dóminn frá 1971 í samræmi við forsendur hans og meðfylgjandi kort þannig að norðurmörk Krýsuvíkur nái ekki lengra til austurs en að skurðpunkti við línu sem dregin er úr Litla-Kóngsfell í Stóra-Kóngsfell. Í dómi Hæstaréttar, 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848) var leyst úr ágreiningi um lögsagnarumdæmi sveitarfélaga í Árnassýslu annars vegar og Gullbringusýslu hins vegar. Gagnvart því svæði sem hér er til umfjöllunar liggur sveitarfélagalínan úr Bláfjallahorni í Litla-Kóngsfell en þar fyrir austan og sunnan er Ölfusafréttur, sbr. niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004. Samkvæmt framansögðu miðast suðurmörk þessa hluta Almenningsskóga við línu sem dregin er frá Markkragili í Undirhlíðum og þaðan í punkt norðaustan við Litla-Kóngsfell. Þaðan liggur línan í Litla-Kóngsfell og þá austur í Bláfjallahorn.

Næst verður litið til merkja landsvæðisins að norðaustanverðu, gagnvart afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna, en þau eru miðuð við merkjalýsingu Almenningsskóganna frá 1849. Samkvæmt henni eru merkin „...af Húsfelli upp á

Príhjúka þaðan á suðurenda Blafells, á milli afrjetta Alptanes og se<l>jarnarneshreppa“. Ekki er til heildstæð lýsing á afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna.

Í gögnum sem fylgja með Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 er að finna lýsingu sem tekur að hluta eða öllu yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Þar kemur fram að austan við Garðakirkjuland taki við land „...sem Innnesingar kalla Kónsland, gengur það norður og austur með fjöllum inn að Elliðaám og upp undir Hellirsheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina“. Athygli vekur að landsvæðinu norðan Garðakirkju er hér lýst sem einni heild og ekki er gerður greinarmunur á afrétti eða óskiptu landi konungsjarða á Álftanesi annars vegar og Seltjarnarnesi hins vegar.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun á Almenningskógum Álftaness en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert heildstætt landamerkjabréf fyrir Almenningskógana í kjölfar setningar landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þá er ekki að finna afmörkun á afréttum í Gullbringusýslu í fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir sveitarfélög á svæðinu. Merkjalyking Almenningskóga Álftaness frá 1849 var ekki samþykkt eða staðfest af jarðeigendum og þá virðist hafa verið horft fram hjá henni við gerð landamerkjabréfa jarða á ofanverðri níjtjándu öld, sbr. landamerkjabréf jarða í Grindavík, Ölfusi og Hafnarfirði. Á merkjalykinguna verður því að líta á sem einhliða lýsingu umsjónarmanns Almenningskóga Álftaness á merkjum þeirra. Loks ber þess að geta að í dómi Hæstaréttar, 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848), í svokölluðu Bláfjallamáli, var niðurstaða um lögsagnarumdæmi sveitarfélaga m.a. reist á landamerkjabréfum jarða í Grindavík og Ölfusi en merkjalyking Almenningskóganna réð ekki niðurstöðu málsins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja þess landsvæðis sem afmarkað hefur verið hér að framan.

Fyrirliggjandi heimildir um landsvæðið eru fábrotnar og mun færri en um vestur- og suðurhluta Almenningskóganna. Þær heimildir sem taka til landsvæðisins tengjast flestar beitarafnotum. Í Jarðabók Árna Magnúsar og Páls Vídalín frá 1703 segir um landsvæðið austan Garðakirkjulands að það sé „...eigi sjerdeilis kónsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eður óskift land þeirra kónsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi“. Í jarðarbókinni er einnig getið um réttindi jarða í Álftaneshreppi til skógartekju í almenningum. Í lýsingum Selvogspinga 1840 eftir séra Jón Vestmann segir um Stórkonugjá sem liggur norðaustan við Litla-Kónsfell: „Annars er pláss þetta, eins og allur fjallgarðurinn vestanvert efsta og fjarsta afréttarpláss Álptnesinga ...“ Í sóknarlýsingu séra Árna Helgasonar frá 1842 segir um upprekstrarlönd sóknarinnar að þau séu fjöllin „milli Árness- og Gullbringusýslu. Þangað [hafi] öll Gullbringusýsla upprekstur kauplaust.“ Í sömu sóknarlýsingu segir Árni að í „...fjallgarði þeim, sem er milli Árness- og Gullbringusýslna [séu] víst merkilegri dalir; meðal fleiri hefi ég heyrt nefnda

Kristjánisdali; og er þar gott beitiland fyrir sauðfé á sumardag“. Í merkjalýsingu umsjónarmanns Almenningskóganna frá 1849 segir um eignarréttarlega stöðu svæðisins: „...ofantalið afrjettar og almennings land, sem er að finna fráskilið annara eignum lísi jeg til rjettarins fullkomnari úrskurðar gamallra lögbylisjarðajarða afrjettur að öðru nafni almenningsland í Alptaneshrepp með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna.“ Eins og rakið er í kafla 6.8. stöðu um miðja 19. öld deilur um eignarhald á vesturhluta Almenningskóganna. Ekki er að sjá að slíkur ágreiningur hafi risið um þann hluta Almenningskóganna sem hér er til umfjöllunar.

Í svari sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um afrétti og almenninga í umdæmi hans, dags. 8. janúar 1920, segir að „...ekkert svæði í Gullbringu- og Kjósarsýslu [verði] talið almenningur, er eigi sananlega tilheyri einhverju lögbyli í sýslunum“. Óbyggðanefnd telur að af svari sýslumanns verði ekki dregin sú ályktun að allt land innan sýslunnar sé háð beinum eignarrétti.

Í forsendum fyrir niðurstöðu landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 1971 er vikið að eignarréttarlegri stöðu þess landsvæðis sem féll utan við merki Garðakirkjulands og Krýsuvíkur en þar segir: „Milli norðurmarka Krísuvíkur og suðurmarka Hafnarfjarðar samkvæmt framanrituðu myndast geiri á landsvæði því sem nefnt er Leirdalur og Dauðadalir, því framangreindar markalínur koma fyrst saman í Markrakagili. Virðist þessi geiri vera hluti þess landsvæðis sem samkvæmt gögnum málsins má ætla að sé eða hafi verið afréttur eða almenningur.“ Af þessu má ljóst vera að dómurinn er í niðurstöðu sinni að afmarka eignarland frá almenningi eða afrétti.

Við skýrslutökur hjá óbyggðanefnd gerðu Björn Erlendsson og Úlfar Ármannsson grein fyrir upprekstri á það landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Af þeim skýrslutökum má ráða að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna. Þess ber að gæta að upprekstri á svæðið hefur nú verið hætt og hluti þess tekinn undir landgræðslu og skógrækt. Þann 5. júlí 1995 gerðu Landgræðsla ríkisins, Reykjanesfólkvangur, Bessastaðahreppur og Garðabær með sér samning um landgræðslu í afrétti Garðabæjar og Bessastaðahrepps, m.a. Leirdal. Fjórum árum síðar gerðu Skógræktarfélag Garðabæjar, Skógræktarfélag Álftaness, Skógræktarfélag Íslands, bæjarstjóri Garðabæjar og sveitarstjóri Bessastaðahrepps samning, dags. 11. júní 1999, um ræktun landgræðsluskóga í Leirdal og hæðunum í grennd, innan um Almenningskóga Álftaneshrepps. Í síðarnefnda samningnum var aðkoma sveitarfélaganna á þeim grundvelli að þau væru eigendur eða umráðamenn landsvæðisins. Í samningnum er tekið fram að landsvæðið sé mjög rýrt, lítt gróið og skóglaut. Var svæðið afmarkað af mörkum Hafnarfjarðar að norðan með línu sem dregin var úr Markagili norðan Háuhnúka í Hæstaholt í Dauðadölum. Að sunnan var svæðið afmarkað með línu úr Fjallinu eina, sbr. kort sem fylgdi samningnum. Syðsti hluti svæðisins liggur því innan merkja Krýsuvíkur. Óbyggðanefnd telur ekki að af

samningum þessum, eða þeirri nýtingu sem fram hefur farið á grundvelli þeirra, verði neinar ályktanir dregnar um eignarréttindi umræddra sveitarfélaga eða annarra aðila. Með hliðsjón af framangreindum samningi um skógrækt á svæðinu frá 1999, sem engan veginn fer saman við sauðfjárbætt, megi hins vegar líta svo á að landsvæðið milli Garðakirkjulands og Krýsuvíkur hafi verið tekið úr hefðbundnum afréttarnotum.

Óbyggðanefnd telur að afréttur þessi kundi að hafa verið að öllu eða einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpinn beinum eignarrétti. Að námi svæðisins er vikið hér fyrir, sbr. kafla 6.2. Þar kemur m.a. fram sú afstaða óbyggðanefndar að ekki sé sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttá sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarþeir og annarra takmarkaðra nota. Málið kundi hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda bendi slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin. Að öllu þessu virtu er það mat óbyggðanefndar að norðausturhluti Almennings-skóga sé afréttur Álftaneshrepps hins forna. Telur nefndin að afrétturinn sé svokallaður samnotaafréttur og að frásögn Landnámu um upphaflegt nám svæðisins skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til afréttar Álftaneshrepps hins forna hafi orðið til á þann veg, að íbúar á svæðinu hafi tekið landsvæði þetta til sumarþeir fyrir búþening, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Að slepptum rétti til skógartekju hefur ekki verið sýnt fram á að jarðir hafi átt þar önnur réttindi. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Prestsetrasjóðs, Hafnarjarðarkaupstaðar, Garðabæjar og eigenda gamalla lögbýlisjarða í Álftaneshreppi hinum forna að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.⁶⁸⁸

⁶⁸⁸Sbr. einnig lokakafla í *Almenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Heimildir benda hins vegar til þess að jarðir í Álftaneshreppi hinum forna hafi átt þar upprekstrarrétt en hann sé að hluta fallinn niður, þ.e. á geira sunnan Garðakirkjulands og norðan Krýsuvíkur.

Óbyggðanefnd telur þannig að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en hún afmarkast svo: Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur að Markrakagili í Undirhlíðum. Frá Markrakagili er farið norðaustur í Hæstaholt í Dauðadölum (Markraka) og þaðan norður í áðurnefnt Húsfell.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að hluti þess landsvæðis, sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda, sé afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, nú í Hafnarjarðarkaupstað, Garðabæ og sveitarfélaginu Álftanesi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsvæði, nr. 76/1970.

Umrædd þjóðlenda og afréttur afmarkast svo:

Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.

Það sem eftir stendur af framangreindri þjóðlendu, svo sem hún var afmörkuð hér að framan, er svokallað Skógræktarsvæði, norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands. Umrædd þjóðlenda, sbr. 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, afmarkast svo:

Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og að hluta afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Reykjanesfólkvangur“, sbr. auglýsingu nr.

520/1975 og „Bláfjöll“, sbr. auglýsingu nr. 173/1985. Þá er hluti landsvæðisins innan vatnsverndarsvæðis, sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 77/1998.

6.11. Vatnsendi

6.11.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í kröfugerð eigenda Vatnsenda í máli þessu, þ.e. annars vegar eiganda jarðarinnar Vatnsenda og hins vegar Reykjavíkurborgar sem eiganda svokallaðs „eignarnámslands í Heiðmörk“. Á því svæði sem hér er til umfjöllunar liggur Vatnsendi að Garðakirkjulandi til vesturs, jörðinni Elliðavatni til austurs og að Elliðavatni til norðurs. Að suðvestan og sunnanverðu nær landsvæði þetta, eins og það er afmarkað í endanlegri kröfugerð eigenda Vatnsenda, í Húsfell, Þríhnúka og Stóra-Kóngsfell.

Landsvæði þessu má í megindráttum skipta í annars vegar gróið láglendi og hins vegar hraunfláka. Vestan og sunnan stöðuvatnsins er láglendi, þ. á m. Heiðmörk, gróðursælt og afgirt svæði í 70–150 metra hæð yfir sjávarmáli. Heiðmörkin teygir sig frá vestri til austurs og tekur til landsvæðis innan merkjalýsinga bæði Vatnsenda og Elliðavatns, auk fleiri jarða. Fyrir u.þ.b. miðri Heiðmörk er Strípur, hvass hraundrangi. Sunnan Heiðmerkurgirðingar og upp undir Húsfell (288 m) og Þríhnúka (554 m) er hrjóstrugur hraunfláki sem nefndur er Húsfellsbruni eða Bruninn, í 200–300 metra hæð yfir sjávarmáli. Hraun þetta er afar illfært á köflum, töluvert sprungið og margar djúpar gjár undir þykkri mosapembu. Frá sunnanverðum bakka Elliðavatns og að Heiðmerkurgirðingu eru 3 km og þaðan eru u.þ.b. 8 km í beinni loftlínu að Stóra-Kóngsfelli.

6.11.2. Sjónarmið aðila

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr Húsfelli í Stríp. Samkvæmt þeirri kröfugerð fellur hluti Heiðmerkur og vestanverður Húsfellsbruni innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi jarðarinnar Vatnsenda lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjalyýsingu frá 1883 og sé í hans eigu. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum eigenda Vatnsenda í kafla 3.9. Jafnframt hefur Reykjavíkurborg lýst kröfum um beinan eignarrétt að svokölluðu „eignarnámslandi í Heiðmörk“, þ.e. landsvæði því innan merkjalýsingar Vatnsenda sem tekið var eignarnámi fyrir friðland í Heiðmörk á grundvelli heimildar í lögum nr. 57/1942. Þá ber þess að geta að afmörkun Reykjavíkurborgar á kröfum sínum um beinan eignarrétt að Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna nær m.a. til þess hluta kröfusvæðis eigenda Vatnsenda sem er sunnan Heiðmerkurgirðingar. Jafnframt nær afmörkun Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar á kröfum sínum um beinan eignarrétt að Afrétti

Seltjarnarneshrepps hins forna m.a. til þess hluta kröfufsvæðis eiganda Vatnsenda og Reykjavíkurborgar sem er sunnan línu sem dregin er á milli Húsfells og Stríps, sbr. kafla 6.13 um Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Þá er vísað til lýsingar á Kóngslandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, merkjalýsingar fyrir Almennings-skóga Álftaneshrepps frá 1849 og þess álits Magnúsar Mús Lárussonar, prófessors, í greinargerð frá árinu 1965, að Elliðavatn og Vatnsendi telji sér miðbikið af Kóngslandi með merkjalýsingum sínum frá 1883. Land þetta sé ótvírætt allt sameiginlegur afréttur jarðanna upp og inn undan Álftanesi, þ.e. jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi. Af framangreindri merkjalýsingu syðsta hluta Kóngslandsins frá 1849, þ.e. afrétt jarðanna í Álftaneshreppi, sé ótvírætt að þar fyrir norðan sé afréttur jarðanna í Seltjarnarneshreppi hins forna, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er á milli Húsfells, Þríhnjúka og suðurenda Bláfjalla. Þaðan hafi afrétturinn náð norður og austur með fjöllum og inn að Elliðaá. Lækjarbotnaland sé óumdeilt úr afréttinum. Á þeim tíma þegar jarðabókin var samin, þ.e. um 1700, hafi nær allar jarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum verið í eigu konungs en seldar einstaklingum á tímabilinu 1790–1850. Ekkert bendi til að nokkur breyting hafi orðið á rétti jarðanna til afréttarlandsins við þá sölu og hið sama gildi um síðari tíma gerninga.

Íslenska ríkið heldur því einnig fram að með merkjalýsingum Vatnsenda og Elliðavatns frá 1883 hafi eigendur þessara jarða eignað sér hvor sinn hlutann úr hinum sameiginlega afrétti. Þessum lýsingum hafi aldrei verið þinglýst, svo sem þó hafi verið lögskylt samkvæmt landamerkjalögum. Þá er vísað til þess að í dómi aukaréttar Kjósar- og Gullbringusýslu frá 1884 um merki þessara jarða segi að Strípur sé hornmark fyrir landareignir jarðanna. Það geti varla táknað annað en að þar, í hornmarkinu, endi sameiginleg mörk jarðanna. Við taki afréttur Seltjarnarneshrepps, þar sem þær hafi átt beitarrétt eins og aðrar jarðir í sveitinni. Nokkur óvissa sé hins vegar um merki Elliðavatns og Vatnsenda gagnvart afréttinum og aðeins hægt að leiða líkur að þeim. Með vísan til lýsingar á merkjum Almennings-skóga Álftaness sé rétt að miða aðalkröfulínu við Húsfell, viðmiðun við Stríp styðjist við landamerkjadóminn frá 1884 og loks sé suðvesturhornið á Selfjalli hornmark við Lækjarbotnaland.

Af hálfu eiganda Vatnsenda er byggt á því að landsvæði þetta hafi verið numið og undirorpið einkaeignarrétti frá þeim tíma. Tilgangur þjóðlendulaga hafi verið að skera úr um ágreining varðandi hálendissvæði landsins en ekkert slíkt sé að finna í landnámi Ingólfs Arnarsonar. Heimildir, svo sem fasteignamat 1849 og 1916–1918, staðfesti að Vatnsendi hafi frá öndverðu verið landmikil jörð, með mikla og góða sauðfjárhaga en jafnframt að hluta erfið yfirferðar. Landamerkjalýsingar Vatnsenda og Elliðavatns frá Stríp í átt að Kóngsfelli hafi ekki skarast og enginn ágreiningur

verið um þær. Kóngsfell sé eina sýnilega kennileitið horft til suðurs frá Stríp. Umfjöllun um hornmark í forsendum dóms um merki jarðanna 1884 þýði einfaldlega að Strípur hafi verið það landamerki sem aðilar voru síðast sammála um. Tvö eiðfest vitni, sem búið hafi lengi á Elliðavatni á 19. öld, hafi borið að Kóngsfell væri landamerki á milli jarðanna. Þá liggi fyrir vitnaskýrsla frá árinu 2004 þar sem einnig komi fram að Kóngsfell hafi verið landamerki Vatnsenda.

Eigandi Vatnsenda vísar einnig til þess að eftir dóminn 1884 hafi ávallt verið gengið út frá því að Vatnsendi ætti land langt suður fyrir Stríp. Þannig hafi spilda úr landi Vatnsenda, nánar tiltekið hluti Heiðmerkur, verið tekin eignarnámi með lögum nr. 57/1942. Spilda þessi nái langt suður fyrir Stríp en í umræðum um málið á Alþingi sé þess hvergi getið að eignarréttur sé vafa undirorpinn. Girðingarstæði Heiðmerkurgirðingar hafi miðast við nýtilegt svæði til skógræktar en ekki landamerki. Hvergi sé vísað til þess í matsgerðum að eignarnámslandið hafi miðast við endimörk Vatnsendalands. Gert hafi verið hlið á girðinguna svo að bóndinn á Vatnsenda kæmist með fé sitt suður fyrir Heiðmörk. Í Húsfellsbruna hafi verið gróður í svonefndum krikum. Húsfellsbruni hafi ekki verið nýttur af öðrum. Eigandi Vatnsenda hafi einn sleppt fé á land sitt, smalað það og varið ágangi annarra, svo sem í ágreiningsmáli við Reykjavíkurborg um borholur á landsvæði í Vatnsendakrikum sem upp kom 1990. Fram kemur að Vatnsendakrikar séu á suðurmörkum Heiðmerkurgirðingar og Vatnsendalands. Þá hafi Landsvirkjun greitt eignarnámsbætur vegna línustæðis Búrfellslínu 3b, sem liggi langt sunnan Heiðmerkur, í gegnum Húsfellsbruna og úr landi Vatnsenda sunnan Húsfells. Einnig hafi verið leigður réttur til námutöku og vatnstöku ofan Heiðmerkur. Þá hafi eigandi Vatnsenda átt aðild að svokölluðu Bláfjallamáli og gætt þar hagsmuna sinna. Ekkert í málinu gefi tilefni til að ætla að lýsing landamerkjabréfs Vatnsenda á Kóngsfelli sem landamerkjapunkti sé röng. Ríkar kröfur verði að gera til sönnunar að þessu leyti. Loks er vísað til hefðar og óslitinna eignarafnota innan merkja samkvæmt landamerkjalýsingu. Eigendur Vatnsenda hafi einir sleppt fé á landið, leigt það út til ýmissa nota og í fyrri tíð skipt á beitarrétti fyrir slægjur. Land á svæðinu hafi verið tekið eignarnámi og eignarréttur að því alkunnur. Kópavogsbær hafi virt landamerki Vatnsenda og veitt liðsinni við að verja landið ágangi annarra, sbr. einnig aðild að Bláfjallamáli. Eignarhefð sé því fullnuð.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er vísað til þess að framkvæmd eignarnáms á spildu úr Vatnsendalandi, þ.e. hluta Heiðmerkur, hafi byggst á lögum um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, nr. 57/1942. Eignarnámsframkvæmdin hafi verið í samræmi við lög nr. 61/1917 og eignarnámsþoli afsalað landinu þegar uppgjöri hafi verið lokið samkvæmt yfirvirðingu. Afsali hafi verið þinglýst á árinu 1951 og eignaraðild Reykjavíkurborgar aldrei vefengd né heldur lögmæti eignarnámsins. Reykjavíkurborg hafi því öðlast fullkominn eignarrétt á landinu, byggðan á lögum og teljist það

eignarland. Hafi einhver hluti landsins ekki verið háður beinum eignarrétti þegar eignarnámið fór fram verði því ekki haldið fram nú. Einnig er vísað til náms, hefðar og venju, en landið hafi verið verndað og nýtt af Reykjavíkurborg með margvíslegum hætti í 50–60 ár samfleytt. Það hafi verið afgirt og öðrum meinuð afnot af því nema með leyfi. Af hálfu Reykjavíkurborgar og annarra hafi verið litið svo á að Heiðmörkin væri eignarland.

Um rökstuðning Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnes-kaupstaðar fyrir kröfum sínum um beinan eignarrétt að Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna, sem að hluta skarast við kröfusvæði eiganda Vatnsenda, vísast til kafla 6.13.

6.11.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Vatnsenda er rakin í kafla 5.10. Þar kemur fram að Vatnsenda er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁸⁹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Vatnsenda er að finna í yfirlýsingu eiganda jarðarinnar, dags. 22. maí 1883. Merkjalyásing þessi var meðal málskjala í landamerkjaágreiningu á milli eigenda Vatnsenda og Elliðavatns sem varðaði merki jarðanna utan ágreiningssvæðis hér og lauk með dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. maí 1884. Skjal þetta er einhliða yfirlýsing eiganda Vatnsenda, ósamþykkt af fyrirsvarsmönnum aðliggjandi landsvæða annarra en Árbæjar, því hefur ekki verið þinglýst og er ekki að finna í landamerkjabók sýslumanns. Á það verður ekki litið sem landamerkjabréf, í samræmi við fyrirmæli landamerkjalaga, nr. 5/1882 eða 41/1919. Svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 gátu menn ekki með gerð merkjalýsingar einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Að þessu virtu getur yfirlýsing þessi ein og sér ekki nægt til að sanna beinan eignarrétt eiganda Vatnsenda að öllu því landi sem merkjalýsingin tekur til, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til sem stutt geta sömu niðurstöðu. Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu trúverðugar eldri heimildir sem fallið geta að lýsingunni, hvort ágreiningur hafi verið uppi, hvernig nýtingu hafi verið hátað og hvernig hagað sé staðháttum og gróðurfari, sbr. einnig framangreindan dóm.

Kemur þá til skoðunar hvernig framangreind merkjalýsing eiganda Vatnsenda frá 1883 fái samrýmst heimildum um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til suðurmerkja jarðarinnar og sunnanverðra vestur- og austurmerkja, gagnvart Afrétti Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluta

⁶⁸⁹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Almenningsskóga Álftaness) og Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna, þ.e. innan kröfussvæðis íslenska ríkisins. Merki jarðarinnar að öðru leyti liggja utan kröfussvæðis íslenska ríkisins og verða ekki talin þarfnast nánari athugunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Vatnsenda verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Sunnanverðum vesturmerkjum Vatnsenda er lýst „...austast í Strandartorfu þaðan í Búrfellsdal þaðan í Hnífhól og þaðan í Arnarbæli ...“ Tekið er fram að þessi merki séu „greiningin milli Vatnsenda og Garðakirkjulands“. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðakirkju, dags. 7. júní 1890 og þingl. 9. sama mánaðar, er einnig miðað við Arnarbæli, Hnífhól og Strandartorfu en á milli hinna tveggja síðastnefndu örnefna er hins vegar miðað við Húsfell en ekki Búrfellsdal, nokkru norðar og vestar. Eldri gögn um merki Garðakirkjulands miða einnig við Húsfell og Strandartorfu, sbr. kafla 6.9., án þess þó að fram komi hvaða landsvæði liggja á mótum. Bréf Garðakirkju er áritað af ábúanda Vatnsenda um að honum hafi verið sýnt skjalið, en sökum ókunnugleika skjóti hann því til samþykkis landsdrottins. Ekkert liggur fyrir um að landsdrottinn hafi í kjölfarið gert við það athugasemdir.

Austan og sunnan Garðakirkjulands, og jafnframt suðvestan kröfussvæðis eiganda Vatnsenda, er landsvæði sem nefnt hefur verið Afréttur Álftaneshrepps hins forna. Svo sem fram kemur í kafla 6.10. er fyrirliggjandi þinglesin lýsing umsjónarmanns „Almenningss Álftaness“ frá 1849, þar sem m.a. segir að merki svæðisins liggja úr Húsfelli í Þríhnjúka.

Samkvæmt framangreindu er yfirlýsing eiganda Vatnsenda frá 1883 í ósamræmi við þinglýsta merkjalýsingu Garðakirkjulands frá 1890 að því leyti sem hún miðar við Búrfellsdal, vestan Húsfells, og þinglýsta merkjalýsingu „Almenningss Álftaness“ frá 1849 að því leyti sem hún miðar við Strandartorfu, sunnan Húsfells. Endanlegar kröfur núverandi eiganda Vatnsenda að þessu leyti miða við að merki til suðvesturs og suðurs liggja á milli Húsfells og Þríhnjúka, en ekki svo sem eigandi Vatnsenda lýsti þeim 1883.

Um suðausturmerki Vatnsenda, gagnvart Elliðavatni, segir í yfirlýsingu eiganda Vatnsenda frá 1883 að þau liggja úr há-Þinganesi „og þaðan beint suður í Stríp á austur jaðri Strípskrauns fyrir ofan svo kallaðan Brandskrika og svo í vörðu sem stendur á hraunbrún fyrir austan Vatnsendakrika og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell“. Síðastgreinda örnefnið, þ.e. Kóngsfell, er ritað fyrir ofan textann „til afrjettar“ sem strikað hefur verið yfir, án þess að ljóst sé hver gerði þá breytingu eða hvenær. Yfirlýsing þessi er árituð um mótmæli vegna Elliðavatns, án þess að fram komi að hverju þau mótmæli lúta.

Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Elliðavatns er að finna í yfirlýsingu eiganda jarðarinnar, dags. 20. júní 1883, sbr. kafla 6.12. Merkjum Elliðavatns að suðvestanverðu er lýst „frá sýslumörkum að austnorðanverðu við Kóngsfell og þaðan beina stefnu norður í svokallaðan Stríp ...“. Yfirlýsing þessi er

einungis undirrituð af eiganda Elliðavatns og henni hefur ekki verið þinglýst. Skjal þetta var meðal málsskjala í áðurnefndum landamerkjaágreiningi á milli eigenda Vatnsenda og Elliðavatns. Svo sem segir í kafla 6.12. eru einnig slíkir ágallar á þessari merkjalýsingu að hún getur ekki talist lögformlegt landamerkjabréf.

Sé tekið mið af merkjalýsingu Vatnsenda, eins og hún hljóðar eftir þá breytingu sem áður greindi, miða báðir jarðeigendur við Stríp og í Kóngsfell. Í dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. maí 1884 um merki Vatnsenda og Elliðavatns segir m.a. svo: „Málsaðilar hafa orðið ásáttir um, að Strípur í jaðri Strípshrauns sé hornmark fyrir landeignir jarðanna og er því rétt að merki séu ákveðin þaðan.“ Dómurinn sker síðan úr um merki jarðanna frá Stríp og til norðurs. Landsvæðið þar sunnan við, þ.e. línan á milli Stríps og Kóngsfells var þannig ekki til umfjöllunar í málinu og ekki tekin afstaða til þess af hálfu dómsins hvort merki jarðanna næðu þangað. Orðalagið „hornmark“ í forsendum dómsins verður ekki talið ráða úrslitum að þessu leyti. Ljóst er hins vegar að eigendur jarðanna hafa verið sammála um þá merkjalínu, hvort sem það hefur verið strax við gerð merkjalýsinga Vatnsenda og Elliðavatns í maí og júní 1883, eða þegar yfirlýsingu Vatnsenda var breytt.

Samkvæmt framangreindu hefur lýsing austurmerkja í yfirlýsingu eiganda Vatnsenda frá 1883 stuðning af dómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 1884 suður í Stríp en lína sú sem dregin er úr Stríp í Kóngsfell styðst einungis við yfirlýsingu eiganda Elliðavatns. Lýsing vesturmerkja í sömu heimild stangast á við þinglýstar merkjalýsingar aðliggjandi landsvæða en merkjum á milli syðstu punkta til vesturs og austurs er ekki lýst. Eigandi Vatnsenda afmarkar kröfusvæði sitt svo sem að framan greinir með Stóra-Kóngsfelli að suðaustanverðu og Þríhnjúkum að suðvestanverðu og til suðurs með línu þar á milli. Sunnan þessarar línu er suðvesturhorn þess landsvæðis sem um er fjallað í kafla 6.13. og nefnt Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna. Þar hafa sveitarfélögin Kópavogur, Reykjavík og Seltjarnarnes gert kröfu um eignarland. Kröfusvæði þessara sveitarfélaga vegna afréttarins tekur þó til mun stærra svæðis, nánar tiltekið stórs hluta af kröfusvæðum eigenda Vatnsenda og Elliðavatns, auk landsvæðis suðaustan jarðarinnar Lækjarbotna. Ekki hafa komið fram neinar sjálfstæðar merkjalýsingar fyrir afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna og verður afmörkun hans því fyrst og fremst ráðin af merkjum aðliggjandi landsvæða, þ.á m. Vatnsenda. Þannig eru landsvæði suðvestan, sunnan og suðaustan við sunnanverð kröfusvæði eigenda Vatnsenda og Elliðavatns, sem eru utan merkja jarða, nánar tiltekið Afréttur Álftaneshrepps hins forna og afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, auk Selvogsafréttar, suðaustan hinna tveggja fyrrnefndu og kröfusvæðis Elliðavatns. Sjá mál nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd.

Kemur þá til skoðunar hvort nýting, staðhættir og gróðurfar varpi frekara ljósi á afmörkun Vatnsendajarðar og eignarréttarlega stöðu lands á ágreiningsvæði vegna jarðarinnar Vatnsenda í máli þessu. Vafalaust er að samkvæmt lýsingum

Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2. Sé litið til nýtingar, staðhátta og gróðurfars á svæðinu má greina það upp í tvo hluta, þ.e. Heiðmörk og Húsfellsbruna.

Nyrst er Heiðmörk, í megindráttum á milli stöðuvatnsins að norðanverðu og girðingar að sunnanverðu. Sá hluti Heiðmerkur sem liggur innan merkjalýsingar Vatnsenda frá 1883 var tekinn eignarnámi um miðja síðustu öld, á grundvelli laga um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess, nr. 57/1942. Í máli þessu gerir Reykjavíkurborg kröfu um beinan eignarrétt að þessu landsvæði. Svæðið er girt, enda þótt ágreiningur sé á milli Reykjavíkurborgar og eiganda Vatnsenda um afmörkun þess að hluta, og nýtt sem útivistarsvæði. Ræktaður hefur verið þar skógur um áratugaskeið, lagðir vegir og göngustígar og svæðið að öðru leyti skipulagt í þessum tilgangi. Innan Heiðmerkur eru einnig vatnstökusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Sunnan Heiðmerkurgirðingar er svokallaður Húsfellsbruni, úfið og illfært hraunsvæði sem teygir sig frá Húsfelli að vestanverðu og að Sandfelli að austanverðu. Sé litið sérstaklega til kröfusvæðis eiganda Vatnsenda í máli þessu, þ.e. vestanverðs Húsfellsbruna, liggur norðurjaðar þess nokkuð norður fyrir Húsfell að vestanverðu og að austanverðu rennur Bruninn yfir Strípshraun og teygir sig inn í Heiðmörk. Hraunið á upptök sín og suðurjaðar við Stóra-Kóngsfell. Samkvæmt skýrslum þeim sem liggja fyrir í málinu hafa beitarnot á Húsfellsbrunasvæðinu fyrst og fremst tekið til gróðurkrika sem skerast inn í hraunjaðarinn norðanverðan, svo sem Vatnsendakrika og Heykrika. Bóndinn á Vatnsenda hafi rekið fé á þetta svæði, gegnum hlið á Heiðmerkurgirðingu, og séð um smölun þar en annað fé hafi þó runnið inn á þetta land. Auk gróðurkrikanna hafi féð leitað yfir í Húsfell, en á því svæði sé gott beitiland. Um þetta liggja fyrir skýrslur Þorsteins Hjaltsted, bónda á Vatnsenda, Axels Þóris Gestssonar, sem um árabíl kom að fjárbúskap á Bláfjallasvæðinu og aðliggjandi jörðum, og Ólafs Dýrmundssonar, landnýtingarráðunauts hjá Bændasamtökunum og fjáreiganda í Reykjavík og Kópavogi um áratugaskeið.

Um önnur not er það að segja að Landsvirkjun lagði Búrfellslínu 3B yfir Húsfellsbruna á árinu 1991 og voru eiganda Vatnsenda úrskurðaðar eignarnámsbætur af því tilefni. Liggur línan, ásamt vegslóða, norðan Sandfells en sunnan Húsfells. Þá hefur eigandi Vatnsenda gert samning við Skeiðarás hf., dags. 1.9.1990, um rétt til efnistöku á öllu nýtanlegu efni úr landi jarðarinnar Vatnsenda, ofan Heiðmerkur og annan samning, dags. 22.5.2002, við Kópavog um leigu á landspildu í Vatnsendakrika og rétti, til vatnstöku. Ekkert liggur fyrir um nánari afmörkun eða vinnslu á grundvelli þessara samninga. Loks skal þess getið að Húsfellsbruni er innan Reykjanesfólkvangs, sbr. auglýsingu nr. 520/1975, Bláfjallafólkvangs, sbr. auglýsingu nr. 173/1985, og á vatnsverndarsvæði, sbr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 77/1998.

Yfirlýsingar eigenda Vatnsenda og Elliðavatns um afmörkun jarðanna eru gerðar skömmu eftir að landamerkjalog tóku gildi 1882. Verulega skortir hins vegar á

að fyrirmæli laganna um landamerkjabréf hafi verið uppfyllt, áritanir skortir og skjölunum var ekki þinglýst. Sú kynning sem lögin mæla fyrir um fór þannig aldrei fram og tækifæri til athugasemda eða mótmæla gafst ekki. Í því sambandi skal áréttað að jörðin liggur á byggðarmörkum. Lína sú sem eigendur þessara tveggja jarða draga sín á milli frá Stríp suður yfir Húsfellsbruna og í Kóningsfell styðst ekki við heimildir um nýtingu, staðhætti og gróðurfar nema að mjög takmörkuðu leyti, nánar tiltekið við norðurjaðar Húsfellsbruna, sunnan Heiðmerkurgirðingar, þar sem gróðurkrikar skerast inn í hraunið.

Því er áður lýst hvernig ekki verður litið svo á að dómur um merki jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns frá 1884 feli í sér að þau endi við Stríp. Þessu til frekari stuðnings ber að geta þess að Strípur er fyrir u.þ.b. miðri Heiðmörk og sunnan hans er bæði ræktað land innan girðingar og gróðurkrikar við og innan jaðars Húsfellsbruna. Nýting, staðhættir og gróðurfar mæla þannig gegn því að merki Vatnsenda og Elliðavatns nái ekki lengra en að Stríp, svo sem miðað er við í þjóðlendukröfu íslenska ríkisins.

Með hliðsjón af framangreindu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar yfirlýsingar eigenda Vatnsenda og Elliðavatns á Húsfellsbrunasvæðinu að því marki sem þær hafa stuðning af þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, enda mæla staðhættir og eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða því ekki í mót. Merki jarðanna tveggja gagnvart Húsfellsbruna liggja þannig frá Húsfelli, sbr. yfirlýsingu eigenda Vatnsenda, landamerkjabréf Garða og merkjalýsingu Almennings-skóga, og þaðan í Markhól, sbr. yfirlýsingu eigenda Elliðavatns og landamerkjabréf Hólms, sjá einnig kafla 6.12. um Elliðavatn. Norðanvert Húsfell, Heiðmörk, Vatnsendakrikar og nyrsti hluti Húsfellsbruna eru norðan þessara marka.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Vatnsendi, norðan línu þeirrar sem að framan er lögð til grundvallar, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Á því svæði hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi hér. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Hins vegar er ekki í ljós leitt að ráðstafanir og nýting eigenda Vatnsenda á landsvæðinu sunnan framangreindrar línu, svo sem grein hefur verið gerð fyrir þeim, fái grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Krafa eigenda Vatnsenda um beinan eignarrétt á þessu svæði verður því ekki talin eiga við rök að styðjast.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að eigandi Vatnsenda hafi ekki sýnt fram á að suðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri

merkjalýsingu 1883 og eignarlandskrafa hans í máli þessu tekur til, þ.e. sunnan línu sem dregin er á milli Húsfells og Markhóls, sé eignarland. Um þennan hluta kröfuvæðis eiganda Vatnsenda er einnig fjallað í kafla 6.13., og komist að þeirri niðurstöðu að þar sé þjóðlenda og afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna. Vísast nánar þangað um það atriði.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að norðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri merkjalýsingu eiganda Vatnsenda 1883, nánar tiltekið norðan línu sem dregin frá Húsfelli og í stefnu á Markhól, þar til kemur að skurðarpunkti við vesturmerki jarðarinnar Elliðavatns, sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁹⁰

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að norðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri merkjalýsingu eiganda jarðarinnar Vatnsenda frá árinu 1883, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er frá Húsfelli og í stefnu á Markhól þar til kemur að skurðarpunkti við vesturmerki jarðarinnar Elliðavatns, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver sé efnislega réttur handhafi þeirra eignarréttinda eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.12. Elliðavatn

6.12.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í kröfugerð eiganda jarðarinnar Elliðavatns í máli þessu. Að norðanverðu liggur jörðin á milli Vatnsenda til vesturs, jarðanna Hólms og Lækjarbotna til austurs og að samnefndu vatni til norðurs. Að sunnanverðu nær Elliðavatn, eins og jörðin er afmörkuð í kröfugerð eiganda, að sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslna.

Landsvæði þessu má í megindráttum skipta í annars vegar gróið láglandi og hins vegar hraunfláka. Nyrst og við stöðuvatnið er Heiðmörk, gróðursælt og afgirt svæði í 70–150 metra hæð yfir sjávarmáli. Heiðmörkin teygir sig frá vestri til austurs og tekur til landsvæðis innan merkjalýsinga bæði Vatnsenda og Elliðavatns, auk fleiri jarða. Fyrir u.þ.b. miðri Heiðmörk er Strípur, hvass hraundrangi. Sunnan Heiðmerkurgirðingar og upp undir Stóra-Kóngsfell (602 m) og Bláfjallakvos er hrjóstrugur hraunfláki sem nefndur er Húsfellsbruni eða Bruninn, í 200–300 metra hæð yfir sjávarmáli. Hraun þetta er afar illfært á köflum, töluvert sprungið og margar djúpar gjár undir þykkri mosaþembu. Frá suðaustanverðum bakka Elliðavatns og að Heiðmerkurgirðingu eru 3 km og þaðan eru u.þ.b. 10 km í beinni loftlínu að sýslumörkum í Bláfjöllum.

⁶⁹⁰Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.12.2. Sjónarmið aðila

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stríp og í suðvesturhornið á Selfjalli. Samkvæmt þeirri kröfugerð fellur hluti Heiðmerkur, austanverður Húsfellsbruni og Bláfjallakvos, alla leið að sýslumörkum í Bláfjöllum, innan þjóðlendu. Á móti hefur eigandi Elliðavatns lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem hann telur að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjalýsingu frá 1883. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum eiganda Elliðavatns í kafla 3.11. Þá ber þess að geta að afmörkun Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar á kröfum sínum um óskiptan, beinan eignarrétt að Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna nær m.a. til þess hluta kröfusvæðis eiganda Elliðavatns sem er sunnan línu sem dregin er á milli Stríps og Stóra-Markhól (girðingarhorni), sbr. einnig kafla 6.13. um Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna. Jafnframt nær afmörkun Reykjavíkurborgar á kröfum sínum um beinan eignarrétt, í óskiptri sameign með Kópavogsbæ og Seltjarneskaupstað, að Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna m.a. til þess hluta kröfusvæðis eiganda Elliðavatns sem er sunnan línu sem dregin er á milli vörðubrots við hraunbrún austan Vatnsendakrika og Stóra-Markhóls (girðingarhorns), þ.e.a.s. nokkru sunnar en kröfulína Kópavogsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(20), er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Þá er vísað til lýsingar á Kóngslandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, merkjalýsingar fyrir Almenningssskóga Álftaneshrepps frá 1849 og þessa álits Magnúsar Más Lárussonar, prófessors, í greinargerð frá árinu 1965, að Elliðavatn og Vatnsendi telji sér miðbikið af Kóngslandi með merkjalýsingum sínum frá 1883. Land þetta sé ótvírætt allt sameiginlegur afréttur jarðanna upp og inn undan Álftanesi, þ.e. jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi. Af framangreindri merkjalýsingu syðsta hluta Kóngslandsins frá 1849, þ.e. afrétti jarðanna í Álftaneshreppi, sé ótvírætt að þar fyrir norðan sé afréttur jarðanna í Seltjarnarneshreppi hins forna, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er á milli Húsfells, Þríhnjúka og suðurenda Bláfjalla. Þaðan hafi afrétturinn náð norður og austur með fjöllum og inn að Elliðaám. Lækjarbotnaland sé óumdeilt úr afréttinum. Á þeim tíma þegar jarðabókin var samin, þ.e. um 1700, hafi nær allar jarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum verið í eigu konungs en seldar einstaklingum á tímabilinu 1790–1850. Ekkert bendi til að nokkur breyting hafi orðið á rétti jarðanna til afréttarlandsins við þá sölu og hið sama gildi um síðari tíma gerninga.

Íslenska ríkið heldur því einnig fram að með merkjalýsingum Elliðavatns og Vatnsenda frá 1883 hafi eigendur þessara jarða eignað sér hvor sinn hlutann úr hinum sameiginlega afrétti. Þessum lýsingum hafi aldrei verið þinglýst, svo sem þó hafi verið lögskilyt samkvæmt landamerkjalögum. Þá er vísað til þess að í dómi aukaréttar

Kjósar- og Gullbringusýslu frá 1884 um merki þessara jarða segi að Strípur sé hornmark fyrir landareignir jarðanna. Það geti varla táknað annað en að þar, í hornmarkinu, endi sameiginleg mörk jarðanna. Við taki afréttur Seltjarnarneshrepps, sem þær hafi átt beitarrétt í eins og aðrar jarðir í sveitinni. Nokkur óvissa sé hins vegar um merki Elliðavatns og Vatnsenda gagnvart afréttinum og aðeins hægt að leiða líkur að þeim. Með vísan til lýsingar á merkjum Almenningskóga Álftaness sé rétt að miða aðalkröfulínu við Húsfell, viðmiðun við Stríp styðjist við landamerkjadóminn frá 1884 og loks sé suðvesturhornið á Selfjalli hornmark við Lækjarbotnaland.

Af hálfu eiganda Elliðavatns, sbr. skjöl nr. 21 og 21(16), er vísað til þriggja afsala þáverandi eigenda til bæjarstjórnar Reykjavíkur frá árunum 1923, 1927 og 1928, og yfirlýsingar Reykjavíkurborgar frá 2004 um að jörðin skuli færð á nafn Orkuveitu Reykjavíkur. Byggt er á því að landsvæði þetta hafi verið numið, sbr. lýsingar í Landnámu á landnámi Ingólfs Arnarsonar. Jörðin sé þar nánast í miðju. Láglandisbelti liggja frá vatninu að Heiðmerkurgirðingu og sums staðar allnokkuð út fyrir hana. Landið innan Heiðmerkurgirðingar og næst henni hafi augljóslega gegnt lykilhlutverki í búskap á Elliðavatni. Stór, fullgróin svæði, svo sem Grenikriki og Miðkriki, séu þó einnig sunnan girðingar og í innan við 150 m hæð yfir sjávarmáli. Einnig er vísað til hefðar. Búast megi við að við landnám hafi birkiskógur og kjarr þakið mikinn hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins, þ.á m. það svæði sem Húsfellsbruni hafi runnið yfir skömmu eftir landnám, þó þannig að eftir urðu gróðurkrikar og eyjar. Húsfellsbruni sé einungis 310 m þar sem hann er hæstur. Skógur hafi verið frumskilyrði fyrir búsetu á jörðinni og þurft að sækja hann sífellt lengra, allt til fjalla áður en yfir lauk. Ekki sé annað í ljós leitt en að eigendur Elliðavatns hafi ætíð nýtt allt land innan landamerkja, eftir tilefnum og tækifærum á hverjum tíma. Rekinn hafi verið búskapur á Elliðavatni til 1941 en frá 1963 hafi aðallega verið stunduð þar skógrækt, auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur stundi þar mikla vatnstöku fyrir höfuðborgarsvæðið. Stór og smá vatnstökusvæði séu víða, sum afgirt, og allt til Bláfjalla sé mikill fjöldi borholna. Holur þessar séu ýmist stórar vinnsluholur, vatnshæðarholur eða tilraunaholur. Austustu vinnsluholurnar séu austan Kóngsfells, til afnota fyrir Bláfjallasvæðið.

Eigandi Elliðavatns heldur því enn fremur fram að landamerki jarðarinnar hafi verið kunn lengi, enda þótt formlegrar lýsingar njóti ekki við fyrr en 1883. Landamerkjadeila Elliðavatns og Vatnsenda hafi einungis náð til svæðisins sunnan við Stríp. Jafnframt liggja merkin ekki í beinni línu norðan og sunnan Stríps. Það orðalag í forsendum landamerkjadómsins að Strípur sé „hornmark fyrir landeignir jarðanna“ tákni því ekki að merki endi þar. Þá komi fram í tveimur vitnisburðum sem gefnir hafi verið vegna þess máls að merki nái suður fyrir Stríp og allt til Kóngsfells. Annar vitnisburðurinn lýsi einnig merkjum að austanverðu allt að sýslumörkum. Merki Elliðavatns hafi að öðru leyti verið ágreiningslaus og staðfest að norðanverðu.

Í greinargerð af hálfu eiganda Elliðavatns segir að ekki sé ljóst af hverju landamerkjalyðingu jarðarinnar hafi ekki verið þinglýst í kjölfar þess að lýsing hennar á norðanverðum vesturmerkjum var staðfest með dómi og ekkert liggi fyrir um að þinglýsingu hennar hafi verið hafnað. Það eina sem kunnir að hafa valdið vafa á þessum tíma séu sýslumörk en ekki hafi verið skorið úr um þau fyrir en með dómi í Bláfjallamáli (Hrd. 1996 2848). Skortur á þinglýsingu þýði ekki að lýsingin sé röng. Landamerki jarðarinnar séu samþykkt af eigendum allra aðliggjandi jarða. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af valdsmönnum þegar lýsingin hafi verið lögð fram í dómi eða af öðrum hvað snertir landamerki eða eignaryfirráð. Eftir kaup Reykjavíkurborgar á jörðinni og innlimun í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur hafi ekki borið skylda til þinglýsingar landamerkjabréfs, enda hafi þar gilt lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nr. 35/1914, en ekki landamerkjalog.

Þá segir í greinargerð sama aðila að ekki njóti við heimilda um að litið hafi verið á land Elliðavatns sem afrétt. Húsfellsbruni sé ekki beitiland eða á nokkurn hátt til þess fallinn að vera afréttur. Þó séu heimildir um að austasti hluti landsins hafi verið smalaður í svokallaðri Rauðuhjúkaleit. Þannig hafi aðeins það svæði sem liggja næst Bláfjöllum verið undirorpið almennum fjallskilum og ekki óeðlilegt, þar sem það liggja að afrétti. Engar heimildir séu um að aðrir hafi átt sjálfstæðan upprekstrarrétt á beitiland jarðarinnar eða að einhver hluti þess geti talist afréttur í skilningi laga. Af umfjöllun um svokallað Kóngsland eða afrétt Seltjarnarneshrepps á lausum seðli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703 verði ekki dregnar aðrar ályktanir en sú að norðan landamerkja sé sameiginlegt land jarðanna í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Þetta land tengist suðurhluta Kóngslandsins, þ.e. Almenningskógum Álfthaneshrepps, um Bláfjöll norðan Elliðavatnslands.

Um rökstuðning Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar fyrir kröfum sínum um beinan eignarrétt að Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna, sem að hluta skarast við kröfusvæði eiganda Elliðavatns, vísast til kafla 6.13.

6.12.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Elliðavatni er rakin í kafla 5.11. Þar kemur fram að Elliðavatns er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁹¹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Elliðavatns er að finna í yfirlýsingu eiganda jarðarinnar, dags. 20. júní 1883. Merkjalyðing þessi var meðal

⁶⁹¹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

málsskjala í landamerkjaágreiningi þeim á milli eigenda Vatnsenda og Elliðavatns sem lauk með dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. maí 1884. Skjal þetta er einhliða yfirlýsing eiganda Elliðavatns, ósamþykkt af fyrirsvarsmönnum aðliggjandi landsvæða, því hefur ekki verið þinglýst og er ekki að finna í landamerkjabók sýslumanns. Á það verður ekki litið sem landamerkjabréf, í samræmi við fyrirmæli landamerkjalaga, nr. 5/1882 eða 41/1919. Svo sem fram kemur í dómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 gátu menn ekki með gerð merkjalýsingar einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Að þessu virtu getur yfirlýsing þessi ein og sér ekki nægt til að sanna beinan eignarrétt eiganda Elliðavatns að öllu því landi sem merkjalýsingin tekur til, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til sem stutt geta sömu niðurstöðu. Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu trúverðugar eldri heimildir sem fallið geta að lýsingunni, hvort ágreiningur hafi verið uppi, hvernig nýtingu hafi verið hátað og hvernig hagað sé staðháttum og gróðurfari, sbr. einnig framangreindan dóm.

Kemur þá til skoðunar hvernig framangreind merkjalýsing eiganda Elliðavatns frá 1883 fái samrýmst heimildum um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi tekur fyrst og fremst til sunnanverðra vestur- og austurmerkja og suðurmerkja, gagnvart Vatnsenda, Hólmi, Lækjarbotnum og Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna, þ.e. innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Merki jarðarinnar að öðru leyti liggja utan kröfusvæðis íslenska ríkisins og verða ekki talin þarfnast nánari athugunar hér. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Elliðavatns verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Samkvæmt því er greinir í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns liggja merki jarðarinnar að suðaustanverðu í „Markhól, austarlega og ofarlega í Vatnsheiði, svo þaðan beina stefnu að sunnanverðu við Selfjall suður til sýslumarka“.

Austan við Elliðavatn er jörðin Hólmur og sunnan hennar nýbýlið Lækjarbotnar. Í landamerkjabréfi Hólms, dags. 28. júlí 1883, er merkjum að suðvestanverðu lýst „í hæsta Markhólinn fyrir austan Vatnsheiðina“. Að suðaustanverðu er merkjum lýst upp undir Selfjall og síðan með brunahrauninu vestur fyrir fjallið. Bréf Hólms er einungis undirritað af fyrirsvarsmanni þeirrar jarðar en það er þinglesið 7. júní 1889. Samkvæmt framangreindu miða bréf Elliðavatns og Hólms bæði við Markhól og þar endar merkjalýsing Hólms að þessu leyti. Í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns er hins vegar haldið áfram þaðan, beina stefnu að sunnanverðu við Selfjall og suður til sýslumarka.

Sunnan við Hólm er jörðin Lækjarbotnar. Um merki hennar er kveðið í nýbýlabréfi frá 11. febrúar 1868, þ.e. nokkru áður en landamerkjabréf Hólms er gert. Af lýsingu nýbýlabréfsins má m.a. ráða hvernig land Lækjarbotna er afmarkað gagnvart Hólmi, og miðast þar við austurhlið brunahraunsins fyrir norðan Selfjallið, í suðvesturhorn fjallsins. Þaðan er merkjum Lækjarbotna lýst í Sandfellshnjúk.

Hér ber þess að geta að í aðdraganda þess að gefið var út nýbýlaleyfi vegna Lækjarbotna komu fram mótmæli eiganda jarðarinnar Helliskots, nokkru austar en Hólmur, þess efnis að landsvæði þetta hefði ávallt verið notað þaðan og tilheyrði Helliskoti. Það gæti hann þó ekki sannað. Beiðandi leyfisins hélt því hins vegar fram að þarna væri „almenníngur“ eða „afréttarland“. Þessum ágreiningi lauk með úrskurði sýslumanns 4. desember 1866, þess efnis að Lækjarbotnar ættu að teljast nýbýli en ekki afbýli frá Helliskoti. Fram kemur að eigendur Helliskots hafi ekki sýnt fram á eignarrétt sinn að landinu með skýrum hætti.

Samkvæmt því er greinir í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns 1883 liggja merki jarðarinnar að suðvestanverðu „frá sýslumörkum að austnorðanverðu við Kóngsfell“ og í svokallaðan Stríp. Til vesturs við Elliðavatn er jörðin Vatnsendi. Fyrstu og einu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum hennar er að finna í yfirlýsingu eigandans, sem dagsett er mánuði fyrir en lýsing Elliðavatns, þ.e. 22. maí 1883. Yfirlýsing þessi var einnig meðal málsskjala í áðurnefndum ágreiningi um merki Elliðavatns og Vatnsenda.

Um suðausturmerki Vatnsenda segir að þau liggi úr há-Þinganesi „og þaðan beint suður í Stríp á austur jaðri Strípskrauns fyrir ofan svo kallaðan Brandskrika og svo í vörðu sem stendur á hraunbrún fyrir austan Vatnsendakrika og þaðan beina stefnu suður í Kóngsfell“. Síðastgreinda örnefnið, þ.e. Kóngsfell, er ritað fyrir ofan textann „til afrjettar“ sem strikað hefur verið yfir, án þess að ljóst sé hver gerði þá breytingu eða hvenær. Yfirlýsing þessi er árituð um mótmæli vegna Elliðavatns, án þess að fram komi að hverju þau mótmæli lúta. Svo sem segir í kafla 6.11. eru einnig slíkir ágallar á þessari merkjalýsingu að hún getur ekki talist lögformlegt landamerkjabréf.

Sé tekið mið af merkjalýsingu Vatnsenda, eins og hún hljóðar eftir þá breytingu sem áður greindi, miða báðir jarðeigendur við Stríp og suður í Kóngsfell. Í dómi aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. maí 1884 um merki Vatnsenda og Elliðavatns segir m.a. svo: „Málsaðilar hafa orðið ásáttir um, að Strípur í jaðri Strípskrauns sé hornmark fyrir landeignir jarðanna og er því rétt að merki séu ákveðin þaðan.“ Dómurinn sker síðan úr um merki jarðanna frá Stríp og til norðurs. Landsvæðið þar sunnan við, þ.e. línun frá Stríp og yfir Húsfellsbruna í Kóngsfell, var þannig ekki til umfjöllunar í málinu og ekki tekin afstaða til þess af hálfu dómsins hvort merki jarðanna næðu þangað. Orðalagið „hornmark“ í forsendum dómsins verður ekki talið ráða úrslitum að þessu leyti. Ljóst er hins vegar að eigendur jarðanna hafa verið sammála um þá merkjalínu, hvort sem það hefur verið strax við gerð merkjalýsinga Vatnsenda og Elliðavatns í maí og júní 1883, eða þegar yfirlýsingu Vatnsenda var breytt.

Um sýslumörk þau, milli Gullbringusýslu og Árnessýslu, sbr. tilvísun í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns 1883, var dæmt í svokölluðu Bláfjallamáli, H 1996 2848. Niðurstaða dómsins er m.a. að sýslumörk liggi eftir hæstu tindum Bláfjalla í

Bláfjallahorn og þaðan í Litla-Kóngsfell. Af hálfu Ölfushrepps, í Árnessýslu, hafði þess hins vegar verið krafist að merkin skyldu liggja nokkru vestar, og m.a. dregin um Stóra-Kóngsfell. Kröfugerð eiganda Elliðavatns fyrir óbyggðanefnd miðar við að merki eignarlands Elliðavatns nái að hinum dæmdu sýslumörkum. Vestan þeirra er Bláfjallakvos, sbr. einnig kafla 6.13. hér á eftir, og sunnan sýslumarka er Selvogsafréttur, sem fjallað er um í máli nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd.

Samkvæmt framangreindu hefur lýsing vesturmerkja í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns frá 1883 stuðning af dómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 1884 suður í Stríp en lína sú sem dregin er úr Stríp í Kóngsfell, styðst einungis við yfirlýsingu eiganda Vatnsenda. Þá hefur lýsing austurmerkja í sömu heimild einungis stuðning af landamerkjabréfi aðliggjandi jarðar, þ.e. Hólms, suður að Markhól. Lína sú sem dregin er úr Markhól og suður til sýslumarka styðst hins vegar ekki við aðrar heimildir, og til sýslumarka er vísað án nánari tilgreiningar.

Eigandi Elliðavatns afmarkar kröfusvæði sitt svo sem að framan greinir með Stóra-Kóngsfelli að suðvestanverðu og sýslumörkum þeim í Bláfjöllum sem dæmd voru 1996 að suðaustanverðu. Þar á milli er dregin lína til suðausturs úr Stóra-Kóngsfelli. Suðaustan hinnar síðastnefndu línu er suðvesturhorn þess landsvæðis sem um er fjallað í kafla 6.13. og nefnt Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna. Þar hafa sveitarfélögin Kópavogur, Reykjavík og Seltjarnarnes gert kröfu um eignarland. Kröfusvæði þessara sveitarfélaga vegna afréttarins taka þó til mun stærra svæðis, nánar tiltekið stórs hluta af kröfusvæðum eigenda Elliðavatns og Vatnsenda, auk landsvæðis suðaustan jarðarinnar Lækjarbotna. Ekki hafa komið fram neinar sjálfstæðar merkjalýsingar fyrir afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna og verður afmörkun hans því fyrst og fremst ráðin af merkjum aðliggjandi landsvæða, þ.á m. Elliðavatns.

Þannig eru landsvæði suðvestan, sunnan og suðaustan við sunnanverð kröfusvæði eigenda Elliðavatns og Vatnsenda, sem eru utan merkja jarða og sveitarfélög gera eignarlandskröfu til, nánar tiltekið afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna og Selvogsafréttur, sjá mál nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd, auk Afréttar Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluta Almennings-skóga Álftaness), sem liggja að hluta á milli hinna tveggja fyrrnefndu en ekki að kröfusvæði eiganda Elliðavatns.

Kemur þá til skoðunar hvort nýting, staðhættir og gróðurfar varpi frekara ljósi á afmörkun Elliðavatns og eignarréttarlega stöðu lands á ágreiningssvæði vegna jarðarinnar í máli þessu. Vafalaust er að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2. Sé litið til nýtingar, staðháttar og gróðurfars á þessu landsvæði má greina það upp í þrjá hluta: Heiðmörk, Húsfellsbruna og Bláfjallasvæði.

Nyrst er Heiðmörk, í megindráttum á milli stöðuvatnsins að norðanverðu og girðingar að sunnanverðu. Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina Elliðavatn í þremur hlutum 1923, 1927 og 1928, og um miðja síðustu öld var ákveðið að girða svæðið og

nýta sem útivistarsvæði. Í fyrri afsölonum tveimur er m.a. tekið fram að jörðin sé seld „með afrjetti“ eða „afrjettarlandi“. Ræktaður hefur verið skógur í Heiðmörk um áratugaskeið, lagðir vegir og göngustígar og svæðið að öðru leyti skipulagt til útivistar. Vatnstökusvæði Orkuveitu Reykjavíkur eru m.a. innan Heiðmerkur.

Sunnan Heiðmerkurgirðingar er svokallaður Húsfellsbruni, úfið og illfært hraunsvæði sem teygir sig frá Húsfelli að vestanverðu og að Sandfelli að austanverðu. Sé litið sérstaklega til kröfussvæðis eiganda Elliðavatns í máli þessu, þ.e. austanverðs Húsfellsbruna, liggur norðurjaðar þess nokkuð sunnan við Markhól og suðurjaðar þess að Bláfjallakvos og upp undir Stóra-Kóngsfell, þ.e.a.s. að þrætulandinu í Bláfjallamálinu. Samkvæmt skýrslum þeim sem gefnar hafa verið í máli þessu hafa beitarnot á Húsfellsbrunasvæðinu fyrst og fremst náð til gróðurkrika sem skerast inn í hraunjaðarinn. Um önnur og síðari tíma not er það fyrst og fremst að segja að eigandi Elliðavatns, Orkuveita Reykjavíkur, stundar vatnstöku með stórum og smáum borholum allt til Bláfjalla. Ekkert liggur fyrir um nánari afmörkun eða vinnslu á einstökum vatnstökusvæðum. Loks skal þess getið að Húsfellsbruni er innan Reykjanesfólkvangs, sbr. auglýsingu nr. 520/1975, Bláfjallafólkvangs, sbr. auglýsingu nr. 173/1985, og á vatnsverndarsvæði, sbr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 77/1998.

Þriðji og síðasti hluti þess landsvæðis sem afmarkað er í yfirlýsingu eiganda Elliðavatns 1883, þ.e. svæðið sunnan Húsfellsbruna en norðan sýslumarka, hefur verið hafður til sumarbeitar fyrir búfé með sama hætti og þau aðliggjandi landsvæði til norðurs og suðurs sem fjallað er um í kafla 6.13. og vísast þangað nánar um það efni.

Yfirlýsingar eigenda Elliðavatns og Vatnsenda voru gerðar skömmu eftir að landamerkjalog tóku gildi 1882. Verulega skortir hins vegar á að fyrirmæli laganna um landamerkjabréf hafi verið uppfyllt, áritanir skortir og skjölunum var ekki þinglýst. Sú kynning sem lögin mæla fyrir um fór þannig aldrei fram og tækifæri til athugasemda eða mótmæla gafst ekki. Lína sú sem eigendur þessara tveggja jarða draga sín á milli frá Stríp og suður yfir Húsfellsbruna í Kóngsfell styðst ekki við heimildir um nýtingu, staðhætti og gróðurfar nema að mjög takmörkuðu leyti, nánar tiltekið við norðurjaðar Húsfellsbruna, sunnan Heiðmerkurgirðingar, þar sem gróðurkrikar skerast inn í hraunið.

Því er áður lýst hvernig ekki verður litið svo á að dómur um merki jarðanna Elliðavatns og Vatnsenda frá 1884 feli í sér að þau endi við Stríp. Þessu til frekari stuðnings ber að geta þess að Strípur er fyrir u.þ.b. miðri Heiðmörk og sunnan hans er bæði ræktað land innan girðingar og gróðurkrikar við og innan jaðars Húsfellsbruna. Nýting, staðhættir og gróðurfar mæla þannig gegn því að merki Elliðavatns og Vatnsenda nái ekki lengra en að Stríp.

Með hliðsjón af framangreindu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar yfirlýsingar eigenda Elliðavatns og Vatnsenda að því marki sem þær hafa

stuðning af þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, enda mæla staðhættir og eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða því ekki í mót. Merki jarðanna tveggja gagnvart Húsfellsbruna liggja þannig frá Markhóli, sbr. yfirlýsingu eiganda Elliðavatns og landamerkjabréf Hólms, og í Húsfell, sbr. yfirlýsingu eiganda Vatnsenda, landamerkjabréf Garða og merkjalýsingu Almenningskóga, sbr. einnig kafla 6.11. um Vatnsenda. Heiðmörk, Elliðavatnsheiði og nyrsti hluti Húsfellsbruna eru innan þessara marka.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Elliðavatn, norðan línu þeirrar sem að framan er lögð til grundvallar, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, fram á 20. öld. Á því svæði hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi hér. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Hins vegar er ekki í ljós leitt að ráðstafanir og nýting eigenda Elliðavatns á landsvæðinu sunnan framangreindrar línu, svo sem grein hefur verið gerð fyrir þeim, fái grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Krafa eigenda Elliðavatns um beinan eignarrétt á þessu svæði verður því ekki talin eiga við rök að styðjast.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að eigandi Elliðavatns hafi ekki sýnt fram á að suðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri merkjalýsingu 1883 og eignarlandskrafa hans í máli þessu tekur til, þ.e. sunnan línu sem dregin er á milli Markhóls og Húsfells að norðanverðu og sýslumarka að sunnanverðu, sé eignarland. Um þennan hluta kröfusvæðis eigenda Elliðavatns er einnig fjallað í kafla 6.13., og komist að þeirri niðurstöðu að þar sé þjóðlenda og afreittur Seltjarnarneshrepps hins forna.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að norðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri merkjalýsingu eigenda Elliðavatns 1883, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er frá Markhól og í stefnu á Húsfell, þangað til kemur að skurðarpunkti við austurmerki jarðarinnar Vatnsenda, sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁹²

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að norðurhluti þess landsvæðis sem afmarkað er í óþinglýstri merkjalýsingu eigenda jarðarinnar Elliðavatns frá árinu 1883, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er frá Markhól og í stefnu á Húsfell,

⁶⁹²Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þangað til kemur að skurðarpunkti við austurmerki jarðarinnar Vatnsenda, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver sé efnislega réttur handhafi þeirra eignarréttinda eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.13. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna

6.13.1. Almenn atriði

Hér verður fjallað um Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna svo sem afmörkun landsvæðisins verður ráðin af heimildum. Ástæða er til að geta þess hér í upphafi að svo sem fram kemur í H 1996 2848 (Bláfjallamál) var meginhluti þess lands sem Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur byggja í dag upphaflega í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Jarðir þær sem voru innan hreppsins áttu sameiginlegan afrétt en í máli þessu er deilt um afmörkun landsvæðisins, eignarréttarlega stöðu þess og handhöfn eignarréttinda. Seltjarnarneshreppur hinn forni skertist smám saman, með því að tiltekna jarðir voru lagðar undir lögsögu Reykjavíkur og Kópavogur gerður að sjálfstæðu sveitarfélagi.

Landsvæði því sem í kröfugerð íslenska ríkisins, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og fleiri aðila er nefnt Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, eða Kóngsland, má skipta í þrjú hluta. Austasti hlutinn liggur sunnan jarðanna Elliðakots og Lækjarbotna og austan kröfusvæðis eiganda jarðarinnar Elliðavatns í máli þessu. Miðhlutinn nær yfir sunnanverða Heiðmörk, Húsfellsbruna og Bláfjallasvæði, þ.e. stærsta hluta kröfusvæða eigenda Vatnsenda og Elliðavatns. Loks liggur syðsti hlutinn suðaustur af kröfusvæði eigenda Vatnsenda og suðvestur af kröfusvæði Elliðavatns. Til austurs við þau þrjú landsvæði sem að framan greinir eru Selvogsafréttur og Ölfusafréttur, sbr. sveitarféлага- og afréttamörk þau sem dæmd voru í svokölluðu Bláfjallamáli (Hrd. 1996/2848).

Eignarréttarleg staða framangreinds landsvæðis er til efnislegrar úrlausnar hér í þessum kafla en samhengis vegna er einnig fjallað um miðhluta þess í köflum 6.11. um Vatnsenda og 6.12. um Elliðavatn.

6.13.2. Sjónarmið aðila

Þeim hlutum kröfulínu íslenska ríkisins sem liggja yfir kröfusvæði eigenda Vatnsenda og Elliðavatns er lýst í köflum 6.11.2. og 6.12.2. Sú lýsing nær að suðvesturhorni Selfjalls. Þaðan er þjóðlendukröfulínan dregin í Sandfell, áfram í móbergsklett með rauf í, þúfu á Holtstanga og síðan eftir syðstu kvísl Fossvallaár þar til kemur að Elliðakotslandi, þá er farið upp Fossvallaána og síðan í norðurkvísl Lyklafellsárinnar í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnsássins og meðfram brún Elliðakotsheiðar og upp í Nautapoll og svo upp eftir farvegi Lyklafellsárinnar að sýslumörkum. Samkvæmt þeirri kröfugerð falla Sandskeið, Vífilfellshraun, Rauðuhnúkar og suðvestanverð

Bláfjöll ásamt Vífilfellu innan Þjóðlendu. Að suðaustan lokast Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í málinu af sveitarfélag- og afréttamörkum þeim sem dæmd voru í svokölluðu Bláfjallamáli (H 1996/2848).

Á móti hafa Kópavogsbær og Seltjarnarneskaupstaður lýst kröfum um óskiptan, beinan eignarrétt að sömu landsvæðum sem hluta af afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna. Jafnframt hefur Reykjavíkurborg með sama hætti lýst kröfu um beinan eignarrétt, í óskiptri sameign með Kópavogsbæ og Seltjarnarneskaupstað. Sá munur er á afmörkun sveitarfélaganna á kröfusvæðum sínum að þessu leyti að Kópavogsbær og Seltjarnarneskaupstaður draga kröfulínu sína nokkru sunnar en Reykjavíkurborg. Nánar tiltekið felst munurinn í því að Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að eignarland jarðarinnar Lækjarbotna nái nokkuð skemmra til suðurs en Kópavogsbær og Seltjarnarneskaupstaður, og fari saman við Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins. Eigandi Elliðavatns afmarkar kröfugerð sína vegna afréttarins við austasta hluta hans, samkvæmt framangreindu, en endanleg kröfugerð eigenda Geirlands og Vatnsenda miðar ekki við tiltekna afmörkun.

Þá hefur eigandi jarðarinnar Geirlands lýst aðalkröfu um fullkomin eignarréttindi í hinum forna afrétti Seltjarnarness, eins og hann kunni að verða endanlega ákvarðaður. Einnig hefur eigandi Elliðavatns lýst aðalkröfu um beinan eignarrétt að „sameignarlandi Seltjarnarness hins forna“, utan umkrafinna landamerkja jarðarinnar og að virtum rétti annarra. Einnig hefur eigandi Vatnsenda lýst aðalkröfu um beinan eignarrétt að afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna eins og hann kunni endanlega að verða afmarkaður, að virtum rétti annarra.

Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum annarra vegna Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í köflum 3.9.–3.12., 3.14. og 3.18–3.19.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. nánar skjöl nr. 1 og 1(20), er því haldið fram að grundvöllur að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin eignarrétti aldrei getað aukist, heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunarinnar árið 1776 sem beinlínis hafi verið lögfest svo að til væru úrræði til að efla byggð með því að taka eigendalaus svæði og gera að eignarlöndum. Tilskipunin hafi gert ráð fyrir því að landi væri útvísað, þó ekki stærra landi en hentaði fyrir meðal bú. Jafnframt hafi ekki verið heimilt að taka land til eignar nema undir býli. Því megi segja að tilskipunin hafi verið samin í sama anda og landnámsreglur forfeðranna. Samkvæmt þeim hafi þurft nám til grundvallar eignarrétti að býli, en nám hafi ekki þurft vegna lands sem tekið var til afnota sem almenningur eða afréttur. Af hálfu ríkisins er byggt á því að afréttir, eins og þeir voru skilgreindir fyrir gildistöku Þjóðlendlaga 1998 hafi verið Þjóðlendur, þar sem tilteknum jörðum fylgdi réttur til afréttarnota. Seltjarnarneshreppur hinn forni hafi náð yfir allt nesið sem liggja á milli Kollafjarðar og Skerjafjarðar og allt til fjalla. Austasta

jörðin hafi verið Kópavogur en Arnarnes í Álftaneshreppi austan Kópavogslækjar. Elliðaárnar hafi markað skil við Mosfellssveit.

Íslenska ríkið vísar til lýsingar á Kóngslandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 en af henni megi ráða að afréttur þessi liggja að jörðunum Vífilssstöðum, Urriðakoti, Vatnsenda, Elliðavatni, Hólmi og Elliðakoti. Nýbýlið Lækjarbotnar hafi verið stofnað í hluta þessa afréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar og af merkjalýsingu þeirra megi sjá útmörk Hólmslands, sem hafi verið útvörður við afréttinn. Prófessor Magnús Már Lárusson lýsi því í greinargerð frá árinu 1965 að afrétturinn um Sandskeið og Fóelluvötn, norður og austur að sýslumörkum, virðist vera nyrsti hluti þessa Kóngslands en svæðið austur og suðaustur af Helgafelli gæti verið syðsti hluti landsins. Þá gæti verið að Elliðavatn og Vatnsendi teldu sér miðbikið af Kóngslandi með merkjalýsingum sínum frá 1883. Af lýsingu jarðabókarinnar 1703 og merkjalýsingu fyrir syðsta hluta Kóngslandsins frá 1849, þ.e. Almenningskóga Álftaness, sé ótvírætt að land þetta sé allt sameiginlegur afréttur jarðanna upp og inn undan Álftanesi, þ.e. jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi. Í síðarnefndu heimildinni komi fram að þar fyrir norðan sé afréttur jarðanna í Seltjarnarneshreppi hins forna, nánar tiltekið norðan línu sem dregin er á milli Húsfells, Þríhnjúka og suðurenda Bláfjalla. Þaðan hafi afrétturinn náð norður og austur með fjöllum og inn að Elliðaám (eða að Lyklafellsá skv. landamerkjadómi frá 1892). Á þeim tíma þegar jarðabókin var samin, þ.e. um 1700, hafi nær allar jarðir í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum verið í eigu konungs en seldar einstaklingum á tímabilinu 1790–1850. Ekkert bendi til að nokkur breyting hafi orðið á rétti jarðanna til afréttarlandsins við þá sölu og hið sama gildi um síðari tíma gerninga.

Íslenska ríkið heldur því einnig fram að með merkjalýsingum Elliðavatns og Vatnsenda frá 1883 hafi eigendur þessara jarða eignað sér sinn hvorn hlutann úr hinum sameiginlega afrétti. Þessum lýsingum hafi aldrei verið þinglýst, svo sem þó hafi verið lögskýlt samkvæmt landamerkjalögum. Þá er vísað til þess að í dómi aukaréttar Kjósar- og Gullbringusýslu frá 1884, um merki þessara jarða, segi að Strípur sé hornmark fyrir landareignir jarðanna. Það geti varla táknað annað en að þar, í hornmarkinu, endi sameiginleg mörk jarðanna. Við taki afréttur Seltjarnarneshrepps, sem þær hafi átt beitarrétt í eins og aðrar jarðir í sveitinni. Nokkur óvissa sé hins vegar um merki Elliðavatns og Vatnsenda gagnvart afréttinum og aðeins hægt að leiða líkur að þeim. Með vísan til lýsingar á merkjum Almenningskóga Álftaness sé rétt að miða aðalkröfulínu við Húsfell, viðmiðun við Stríp styðjist við landamerkjadóminn frá 1884 og loks sé suðvesturhornið á Selfjalli hornmark við Lækjarbotnaland.

Íslenska ríkið byggir einnig á því að land það, norður af jörðinni Hólmi, sem lagt var til nýbýlisins Lækjarbotna hljóti að hafa verið úr Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna.

Af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar, sbr. nánar skjöl nr. 22 og 22(2), er því haldið fram að landsvæði þetta hafi verið numið og frá þeim tíma háð beinum eignarrétti.

Mörk Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna séu að mestu leyti landfræðilega glögg og landsvæðið í beinu og eðlilegu framhaldi af þeim sveitum sem hafi nýtt það frá alda öðli. Svæðið liggir við þéttbýli, fjarri óbyggðum og sé nær allt byggilegt. Not þess hafi verið mun fjölbreytilegri en hefðbundinna afrétta. Samkvæmt frásögn Landnámu um landnám Ingólfs Arnarsonar hafi m.a. stofnast til eignarréttar yfir landsvæði afréttarins og sá réttur hafi aldrei verið skilinn frá einstökum jörðum í hreppnum. Engu breyti þó að svæðið sé nefnt „Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna“, enda sé það hugtak margslungið. Nýttar svæðisins séu meiri og verðmætari en beit eingöngu. Meðal annars eigi byggð eftir að teygja sig þangað inn. Stór hluti þessa svæðis hafi verið tekinn undir fólkvang og sé eitt helsta útivistarsvæði landsmanna. Reist hafi verið mannvirki til útivistar, og beri þar hæst skíðasvæðið í Bláfjöllum og lagðir göngustígar og akvegir til að gera almenningi kleift að stunda þar útivist. Starfræktur sé flugvöllur á Sandskeiði og í nágrenni hans sé umfangsmikið malarnám. Um svæðið liggja vegir og raflínur auk þess sem reistar hafi verið girðingar víða. Þar hafi farið fram eyðing sprengiefnis, umfangsmikil landgræðsla og víða borað eftir köldu vatni. Allt þetta hafi verið gert með samþykki og/eða að tilstuðlan Seltjarnarneskaupstaðar. Ávallt hafi verið litið svo á, í öllum þessum framkvæmdum að Seltjarnarneskaupstaður sé eigandi svæðisins og hafi kaupstaðurinn farið með öll not þar sem eigandi eignarlands.

Vísað er til þess að sameign á eign breyti því ekki að um einkaeignarrétt sameigenda sé að ræða. Ekki hafi þýðingu þó að ekki hafi verið þinglýst sérstöku landamerkjabréfi fyrir svæðið, enda séu mörk þess glögg og ráðist m.a. af dómákveðnum merkjum, hefðbundnum og viðurkenndum merkjum sem og landamerkjaskrá aðliggjandi jarða. Þessi mörk séu ágreiningslaus gagnvart íslenska ríkinu. Þá er að auki vísað til lýsingar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 þar sem svæðinu sé lýst og þá sem nyrsta hluta Kóngslands. Þá megi ráða af merkjalýsingu fyrir Almenningskóga Álftnesinga frá 1849 að mörk Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna hafi verið vel þekkt og afmörkuð. Íslenska ríkið hafi aldrei gert athugasemdir við eignarhald sveitarfélagsins þrátt fyrir að hafa haft til þess mörg tækifæri. Þvert á móti hafi ríkisvaldið í raun viðurkennt þann eignarrétt á öllu því landsvæði sem talist hafi til Seltjarnarneshrepps með því að leggja til Reykjavíkur hinar ýmsu jarðir hreppsins. Þá er vísað til hefðar. Landeigendur hafi ekki glatað réttindum sínum þó svo að þeir hafi einungis nýtt landið á takmarkaðan hátt, enda sé það ekki skilyrði fyrir eignarrétti að eigandi nýti það á sérstakan hátt eða yfir höfuð. Við mat á því beri ekki að fara eftir nýtingu heldur skráðum heimildum. Því sé ekki hægt að telja landsvæði til þjóðlendna einungis vegna þess að helstu not hafi verið sumarþétt búfjárlag eða að það hafi ekki verið notað yfirleitt.

Að því er varðar kröfur eigenda jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns er byggt á því af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar að þær eigi ekki við nein rök að styðjast. Orðalag í landamerkjadómi frá 1884 um að Strípur sé hornmark á milli jarðanna, sé ekki hægt

að skilja öðruvísi en þannig að þar endi sameiginleg mörk jarðanna og þar fyrir sunnan taki við afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna. Landamerkjabréf eigenda þessara jarða séu óþinglýst og vitni einungis um tilraun þáverandi eigenda til sjálfstöku. Engu breyti þó að eigendur þessara jarða hafi í gegnum tíðina átölulaust beitt fé sínu á einhvern hluta afréttarins. Þeim og mörgum öðrum bændum hafi verið leyfð beitarafnot svo lengi sem þau afnot sköðuðu ekki hagsmuni Seltjarnarness sem landeiganda.

Varðandi kröfugerð Reykjavíkurborgar vegna afréttarins er því haldið fram af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar að í lok 19. aldar og allt fram á miðja 20. öld hafi margar jarðir verið teknar undan Seltjarnarneshreppi og lagðar til Reykjavíkur. Þær hafi ekki verið teknar til búskapar og hvergi tekið fram í lögum að þær séu lagðar til Reykjavíkur með öllum gögnum og gæðum. Þá virðist sem Reykjavík hafi ekki tekið á sig allar þær skuldbindingar sem hvílt hafi á öðrum landeigendum um fjallskil o.fl. Hlutdeild jarðanna í óskiptri sameign, og önnur réttindi sem fylgdu bújörðum, féllu því þar fyrir utan. Ekki hafi verið lagðar fram neinar heimildir um not Reykjavíkur á afréttinum önnur en þau sem Seltjarnarneskaupstaður hafi samþykkt. Við skiptingu Kópavogs út úr Seltjarnarneshreppi árið 1948 hafi hins vegar allt land í hreppnum, nema það sem var sérstaklega tilgreint, orðið eignarland í óskiptri sameign Seltjarnarness og Kópavogs.

Af hálfu Kópavogsbæjar, sbr. nánar skjöl nr. 24 og 24(13), er því haldið fram að landsvæði þetta hafi verið numið, sbr. frásögn Landnámu, og frá þeim tíma ávallt háð beinum eignarrétti. Ekki liggi fyrir neinar heimildir um að nám þessa landsvæðis hafi verið öðruvísi en nám annars lands á Íslandi, því hafi hvorki verið mótmælt né það dregið í efa. Afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna sé lýst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 og svæðið nefnt Kóngsland.

Í greinargerð Kópavogsbæjar segir einnig að yfir þessi svæði liggi að mestu Húsfellsbruni sem runnið hafi skömmu eftir landnám. Á því sé jafnframt Sandskeið, þar sem starfræktur sé svifflugvöllur. Flugvöllurinn byggi á leyfi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps frá 1938 og samþykkt bæjarráðs Kópavogs um stækkun athafnasvæðis frá 1993. Kópavogsbær hafi í gegnum tíðina lagt fasteignagjöld á mannvirki Svifflugfélagsins á Sandskeiði. Bláfjallafólkvangur liggi einnig innan þessa svæðis, allt frá Heiðmerkurgirðingu upp í Bláfjöll, sbr. auglýsingu 21. mars 1973, en stjórn hans sé í höndum samvinnunefndar sveitarfélaga. Þá sé þarna að finna vinsælt skíða- og útivistarsvæði í Bláfjöllum og sunnan við Lækjarbotna séu malarnámur Kópavogs og Seltjarnarneskaupstaðar við Bolöldu og víðar. Samningar séu á milli sveitarfélaganna um sameiginleg afnot þeirra. Malarnám sé þar enn mikið og hafi sveitarfélögin þó nokkrar tekjur af því. Landsvæðið hafi verið nýtt sem beitiland fyrir fé allt fram á miðja síðustu öld. Ofarlega í Lækjarbotnum sé að finna skilarétt sem nefnist Fossvallarétt. Í gegnum tíðina hafi Kópavogsbær leigt sauðfjáreigendafélögum á höfuðborgarsvæðinu hana og jafnframt kostað uppbyggingu hennar, m.a. að beiðni

Sauðfjáreigendafélags Kópavogs sem stofnað hafi verið árið 1957. Smalað hafi verið í réttina á haustin en leitir eða göngur hafi verið í tvennu lagi. Önnur leitin hafi verið kölluð Rauðuhnjúkaleit en hin Sauðdalaleit. Fyrir ofan Lakheiði í Lækjarbotnum sé að finna mikið sand- og votlendi. Sauðfjáreigendur í Kópavogi hafi grætt þar upp landið á fyrri hluta síðustu aldar og af þeim sökum sé þar nú allgott beitiland. Kópavogsbær hafi í gegnum tíðina þurft að bera kostnað af nýtingu afréttarins fyrir búfé, einkum vegna fjallskila, nota og uppbyggingar rétta, refaeyðingar og uppgræðslu.

Af hálfu Reykjavíkurborgar, sbr. nánar skjöl nr. 16 og 16(3), er því haldið fram að afréttarsvæði Seltjarnarneshrepps hins forna hafi náð til jarða sem nú séu innan lögsagnarumdæma Seltjarnarness, Reykjavíkur og Kópavogs. Afréttarland þetta hafi verið nefnt Kóngsland, sbr. lýsingu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703 og fleiri heimildir frá 18. og 19. öld. Afrétturinn um Sandskeið og Fóelluvötn, norður og austur að sýslumörkum, sé nyrsti hluti þessa Kóngslands en syðst séu svokallaðir Almenningskógar Álftaness, þ.e. svæðið austur og suðaustur af Helgafelli.

Kröfulínur Reykjavíkurborgar að norðan, gagnvart Helliskoti, eru sagðar styðjast við dóm merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu frá 12. apríl 1892. Suðausturlínan gagnvart Ölfushreppi miðist við Sýslustein-Vífilsfell eins og yfirlýsingar málsaðila í H 1996 2848 (Bláfjallamál) beri með sér og markalínan frá Vífilsfelli í suðurenda Bláfjalla miðist við niðurstöðu sama dóms. Markalínan Bláfjallahorn–Þríhjúkar–Húsfell byggist á markalýsingu Almenningskóga Álftaness frá 22. júní 1849 og mörk norðan Húsfells séu byggð á landamerkjabréfi Garðakirkju frá 7. júní 1890, sem m.a. lýsir merkjum frá Arnarbæli í Hnífhól og þaðan í Húsfell. Kröfugerð Reykjavíkurborgar miði við beina línu úr Húsfelli í Arnarbæli, enda sé staðsetning Hnífhóls ekki örugg.

Reykjavíkurborg byggir á því að afréttur þessi hafi verið óskipt land eða sameignarland jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi hinum fornu. Kóngslandinu sé lýst sem eignarlandi í Jarðabókinni 1703 en hún sé nokkuð sterk heimild um eignarrétt. Vísað er til landnáms Ingólfs Arnarsonar og því haldið fram að það hafi verið numið til eignar og engin breyting á eignarrétti síðan. Staðhættir og gróðurfar sé hagstæðara landeigendum á þessu svæði en í upplöndum Árnassýslu, sbr. Hrd. 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Við landnám hafi birkiskógar og kjarr þakið mikinn hluta eldri hrauna á kröfusvæðinu og landgæði sem þá fólust í jarðvegi og gróðri margföld miðað við það sem síðar varð og nú er. Þá sé landsvæði þetta ekki hálent, Sandskeiðssvæðið t.d. í 170–180 m hæð og Húsfellsbruni hæst í 310 m.

Reykjavíkurborg heldur því fram að sveitarfélögin þrjú séu komin að máli þessu sem jarðeigendur. Rétt sé að hlutur hvers sveitarfélags í málefnum afréttarins sé í réttu hlutfalli við dýrleika þeirra lögbýla sem lögð hafa verið undir þau. Ætla megi að hlutur Reykjavíkur sé yfir 70%. Réttur jarðanna hafi ekki horfið við það að Reykjavíkurbær og síðar -borg hafi keypt þær. Hann hafi ekki heldur horfið við það

að skepnuhald hafi verið bannað á því landi sem áður tilheyrði jörðunum og Reykvíkingum með því gert illmögulegt að stunda fjárbúskap og þar með fjárrekstur í afréttinn. Enn fremur liggi svæði þetta að eignarlöndum, þar sem séu Garðakirkjaland og Helliskot, og veiti það líkur fyrir hinu sama á norðurhluta Kóngslandsins. Landamerkjaskrár Vatnsenda og Elliðavatns séu óþinglýstar, hafi ekki verið áritaðar af eigendum aðliggjandi lands og lýsingar þeirra fari ekki saman við merkjalýsingar beggja vegna. Þær séu einnig óskýrar að sunnanverðu sem bendi til að merkin til fjalls, þ.e. Strípur–(Stóra) Kóngsfell og Markhólar–sunnanvert við Selfjall–Sýslumörk, hafi fremur verið stefnulínur en eiginlegar markalínur.

Einnig segir í greinargerð af hálfu Reykjavíkurborgar að af fjallskilareglugerðum og fjallskilasamþykktum á svæðinu sé ljóst að Reykjavík hafi ætíð verið með í fjallskilum eins og aðrir landeigendur á svæðinu. Í afréttaskrá fyrir Kjósarsýslu segi að öll lönd innan Kjósarsýslu hafi fylgt ákveðnum jörðum og því sé ekki um eiginlega afrétti að ræða, þá væntanlega samnotaafrétti. Seinni tíma tilfæringar og ráðstafanir Vatnsendabónða veiti honum ekki eignarrétt að sameignarlandi sem samtímis sé nýtt af öðrum. Sá misskilningur Kópavogsbæjar og Seltjarnarneshrepps, að Reykjavík sé ekki sameigandi þeirra að afréttinum, eigi rætur að rekja til skiptingar afréttar á milli Seltjarnarness og Kópavogs um miðja síðustu öld. Þar hafi einungis verið hægt að skipta því sem Seltjarnarnes hafi átt en Reykjavík hafi haldið sínu.

Reykjavíkurborg telur sig hafa gegnt forystuhlutverki um nýtingu afréttarins en með breyttum búskaparháttum og stofnun friðlands ofan Reykjavíkur sé hann að breytast í útivistarland fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögunum sé nauðsyn að hafa eignarhald á þessu landi nú sem fyrr. Þar fari fram margvísleg starfsemi, svo sem þjónusta við íþrótt- og útivistarfólk, starfsemi Svifflugfélagsins og þar hafi verið reistur fjöldi mannvirkja, sérstaklega í Bláfjöllum. Reykjavíkurborg hafi staðið fyrir stofnun Bláfjallanefndar og umfangsmiklum rekstri á svæðinu og sveitarfélögin sett reglur um friðun og umgengni. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæði og Reykjanesi hafa staðið að Fólkvangi í Bláfjöllum, sbr. auglýsingu frá 21. mars 1973, og sýnt ótvírætt í verki að landinu sé sinnt. Ekki sé hægt að sjá nokkra ástæða til að ríkið grípi í taumana og geri landið að þjóðlendu. Það sé mikilvægt vatnstökuland fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, verndað sem slíkt og vatn sem þaðan kemur nýtt, bæði í Gvendarbrunna og með borunum í Heiðmörk og nágrenni. Breyting landsins í þjóðlendu mynda skerða rétt þeirra verulega í þessum efnunum.

Af hálfu eiganda Geirlands kemur fram að jörðin sjálf liggi utan við þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins. Um sé að ræða hluta úr landi jarðarinnar Lækjarbotna sem seldur hafi verið árið 1927. Eignarhlutdeild í afréttinum hafi fylgt við þau kaup. Á jörðinni hafi verið búið með sauðfé, kýr og hross og afréttur nýttur til beitar og upprekstrar allt frá árinu 1928. Frá sama tíma hafi námuréttur í afrétti verið nýttur. Eigandi jarðarinnar frá 1927 hafi stundað vörubílaútgerð með búskap öll sín

búskaparar og nýtt sér efnistöku í afréttinum. Meðal námustaða hafi verið Bolalda við Vífilfell og Sandskeið. Síðari eigendur hafi haldið áfram efnistöku í afréttinum og haft atvinnu af henni ásamt búskap. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna sé í óskiptri sameign þeirra býla sem upprekstrar- og nýtingarrétt eigi þar enda hafi landið verið numið í öndverðu og háð beinum eignarrétti síðan. Landsvæði þetta sé við bæjardyr eigenda Geirlands og sameigenda þeirra, á láglandi, nálægt þéttri byggð og m.a. á aðalskipulagi Kópavogs. Ætla megi að það verði að einhverju leyti nýtt undir íbúðarbyggð í nánustu framtíð. Það hafi verið auðnumið, vel gróið og ritaðar heimildir um nám þess. Jarðeigendur hafi síðan farið með afréttinn sem sína eign og haft þar fullkomin eignarráð ásamt því að bera þær skyldur sem þeim hafi borið á hverjum tíma, þ.á m. um fjallskil. Afrétturinn hafi verið nýttur til fulls allt frá landnámsöld eftir því sem mögulegt hafi verið á hverjum tíma. Gróðurfar, staðhættir, landnýting og heimildir styðji þannig beinan eignarrétt jarðeigenda. Þá varði málið atvinnu landeigenda sem hafi alla tíð haft atvinnu af því að nýta sér námurétt á afréttareigninni, nú hin síðari ár í námu á Sandskeiði en áður m.a. í Bolöldu við Vífilfell. Þá er á því byggt að jörðin njóti umkrafinna réttinda samkvæmt reglum um hefð enda afrétturinn nýttur um aldir, þ.m.t. eigendum Geirlands frá 1928 og fyrir þann tíma eigendum Lækjarbotna.

Krafa eiganda Elliðavatns vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna er byggð á því að norðan þess lands sem afmarkað sé í landamerkjalyfingu jarðarinnar, allt að sýslumörkum, sé sameignarland þeirra jarða sem mynduðu Seltjarnarneshrepp hinn forna. Landið hafi verið numið í öndverðu og haldist í eignarráðum síðan. Þá hafi það verið nýtt sem afréttur frá Elliðavatni, sbr. einnig þær röksemdir sama aðila sem raktar eru í kafla 6.12.2, um þá jörð.

Af hálfu eiganda Vatnsenda er því haldið fram að jörðin sé ein af þeim fáu sem nýti afréttinn enn í dag og sjái að langmestu um smölun hans. Jörðin eigi eignarrétt að afréttinum að gættum rétti annarra sem slíkan rétt kunnir að eiga. Aðild eiganda Vatnsenda að hæstaréttarmálinu nr. 256/1995 (Bláfjallamál) hafi byggt á eignaraðild hans að afréttarlandinu og aldrei verið vefengd. Sökum landnáms í öndverðu sé allt land á svæðinu undirorpið eignarrétti. Sjá einnig kafla 6.11.2., um jörðina Vatnsenda.

6.13.3. Niðurstaða

Í kafla 5.25. hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.⁶⁹³ Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur

⁶⁹³Sjá nánar í kafla 4.

„Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna“ talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.⁶⁹⁴ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendlaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun afréttarins. Sú umfjöllun mun þó fyrst og fremst fjalla um aðra afmörkun en gagnvart jörðunum Vatnsenda og Elliðavatni, þar sem um það efni er fjallað í köflum 6.11. og 6.12.

Verður þá hugað nánar að austasta hluta afréttarins, sunnan jarðanna Lækjarbotna og Elliðakots, vestan og norðan Ölfus- og Selvogsafréttu í Árnessýslu og austan kröfuvæðis eiganda Elliðavatns. Um Ölfus- og Selvogsafrétti er fjallað í máli nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd.

Um merki afréttarsvæðisins til norðurs, þ.e.a.s. gagnvart Elliðakoti, var dæmt í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. apríl 1892. Málsaðilar voru annars vegar bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps og hins vegar eigandi Elliðakots. Þess skal getið hér að áður höfðu oddviti Seltjarnarneshrepps og bæjarfógetinn í Reykjavík í sameiningu ritað undir „Landamerkjalytingu á afréttarlandi Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæjar“, dags. 16. september 1890 en óþinglýst. Niðurstaða dómsins var sú að merki afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarness gagnvart Elliðakoti skyldu liggja „frá sýslumörkum eptir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapollu meðfram heiðarbrún (Elliðakotsheiði) í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá“. Málsaðilar leggja þessi merki til grundvallar kröfum sínum hér.

Suðvestur af Elliðakoti og norðan afréttarins er jörðin Lækjarbotnar. Merki milli afréttarins og jarðarinnar ráðast af merkjalýsingu í nýbýlaleyfi fyrir Lækjarbotna, útgefnu 11. febrúar 1868 og þinglesnu 3. júní 1882. Hér ber þess að geta að í aðdraganda þess að gefið var út nýbýlaleyfi vegna Lækjarbotna komu fram mótmæli eiganda jarðarinnar Elliðakots (Helliskots), þess efnis að landsvæði þetta hefði ávallt verið notað þaðan og tilheyri þeirri jörð. Það gæti hann þó ekki sannað. Beiðandi leyfisins hélt því hins vegar fram að þarna væri „almenníngur“ eða „afréttarland“. Þessum ágreiningi lauk með úrskurði sýslumanns 4. desember 1866, þess efnis að Lækjarbotnar ættu að teljast nýbýli en ekki afbýli frá Helliskoti. Fram kemur að eigendur Helliskots hafi ekki sýnt fram á eignarrétt sinn að landinu með skýrum hætti. Samkvæmt framangreindu verður að líta svo á að land Lækjarbotna hafi áður verið hluti afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna.

⁶⁹⁴Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í nýbýlaleyfi Lækjarbotna er merkjum lýst svohljóðandi, frá austri til vesturs: „... syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf í, er snýr í suður, svo sömu stefnu eptir langri brekku alla leið að Sandfellshnjúk, sem það nær langt til norðurs. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli...“ Íslenska ríkið leggur framangreinda lýsingu til grundvallar þjóðlendukröfu sinni og miðar við að norðanmegin sé eignarland, þ.e. nýbýlið Lækjarbotnar, en sunnanmegin þjóðlenda, þ.e. afrétturinn. Reykjavíkurborg afmarkar eignarlandskröfu sína til afréttarins með sama hætti og staðsetur örnefni eins. Kópavogsbær og Seltjarnarneskaupstaður vísa einnig til sömu merkjalýsingar en staðsetja örnefni „Sandfellshnjúk“ og „mógrýtisklett með rauf í“ annars staðar en íslenska ríkið og Reykjavíkurborg. Jafnframt er vísað til þess að með samningi, dags. 28. nóvember 1994, hafi Kópavogur og Reykjavíkurborg haft makaskipti á spildum úr landi Lækjarbotna og Elliðavatns. Þessi samningur hafi breytt framangreindum merkjum Lækjarbotna að norðvestanverðu, þ.e. gagnvart jörðinni Elliðavatni. Kröfulína ríkisins að norðvestanverðu liggi í gegnum þá spildu úr landi Lækjarbotna sem Reykjavíkurborg hafi fengið í sinn hlut.

Óbyggðanefnd fór á vettvang og kannaði örnefni þau sem samkvæmt framangreindu er ágreiningur um. Að lokinni þeirri athugun telur nefndin að staðhættir beri glögg með sér að „mógrýtisklettur með rauf í“ sé rétt staðsettur á kröfulínukorti Kópavogs og Seltjarnarneskaupstaðar en „Sandfellshnúkur“ hins vegar rétt staðsettur á kröfukorti íslenska ríkisins, einnig svo sem hann verði skýrður samkvæmt orðanna hljóðan.

Um merki austasta hluta Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna til suðausturs, þ.e.a.s. gagnvart Ölfusafrétti, var dæmt í svokölluðu Bláfjallamáli (H 1996 2848). Niðurstaða dómsins var að sveitarféлага- og afréttarmörk liggi úr stöpli á Vífilfellum eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn og þaðan í Litla-Kóngsfell. Málsaðilar leggja þessi merki til grundvallar kröfum sínum hér, sbr. einnig mál nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd þar sem fjallað er um Ölfusafrétt. Þá liggja mörk sveitarféлага og afrétta til norðausturs frá Vífilfellum ágreiningslaus úr Vífilfellum í Sýslustein og verður við þá línu miðað hér.

Kemur þá næst til athugunar syðsti hluti afréttarins, sunnan kröfusvæða eigenda jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns, norðan og vestan Selvogsafréttar og austan Afréttar Álftaneshrepps hins forna (norðausturhluta Almenningskóga Álftaness). Suðausturmörk miðast við merkjalínu þá eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn sem dæmd var í áðurnefndu Bláfjallamáli. Afmörkun til vesturs miðast við þinglýsta merkjalýsingu Almenningskóga Álftaness frá 1849 þar sem merkjum gagnvart Afrétti Seltjarnarneshrepps er lýst úr Bláfjallahorni í Þríhnjúka. Aðilar þjóðlendumáls þessa leggja framangreind merki til grundvallar kröfum sínum, sbr. einnig kafla nr. 6.10.

Svo sem áður er rakið er landsvæði það sem nefnt hefur verið afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna utan landamerkjabréfa jarða. Engin lögformleg lýsing á merkjum afréttarins liggur fyrir, enda var hvorki gert landamerkjabréf fyrir svæðið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Ljóst er einnig að afmörkun hans hefur verið umdeild og orðið tilefni dómsmála. Framangreind afmörkun austasta og syðsta hluta afréttarins, að öðru leyti en gagnvart kröfussvæðum eigenda jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns, hefur því að hluta verið leidd til lykta fyrir dómstólum en styðst að öðru leyti við þinglýstar merkjalýsingar aðliggjandi landsvæða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan og sbr. einnig kafla um kröfussvæði eigenda Vatnsenda og Elliðavatn.

Þegar þessa landsvæðis er getið í skriflegum heimildum er það fyrst og fremst í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Búfjáreigendur í Seltjarnarneshreppi hinum forna hafa haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón sveitarfélaga, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Um þau not liggja fyrir margvísleg gögn og af eldri heimildum ber að geta um gögn meðfylgjandi Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703, en af þeim má ráða að „afrjettur eður óskipt land þeirra kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi“ hafi gengið norður og austur með Bláfjöllum, inn að Elliðaám og upp undir Hellisheiði, fyrir ofan bæina. Í lýsingu séra Árna Helgasonar á Garðaprestakalli 1842 segir að öll Gullbringusýsla hafi upprekstur „kauplaust“ í fjöllin milli Árnes- og Gullbringusýslu. Þá kemur fram í þinglýstri merkjalýsingu fyrir Almenningskóga Álftaness frá 1849 að lýst sé merkjum gagnvart afrétti Seltjarnarneshrepps. Deilur um nýbýli í Fóelluvötnum, grenjavinnsla nálægt Helliskotsbúfjarhögum og mótmæli Reykvíkinga við hrossasmölun Ölfusinga, allt á 19. öld, benda einnig til að þar hafi verið afréttur. Sama máli gegnir um deilu Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og eiganda jarðarinnar Elliðakots hins vegar sem lauk með dómi 1892. Þá telur óbyggðanefnd að af svari sýslumanns Gullbringusýslu, dags. 8. janúar 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands um afrétti og almenninga í umdæmi hans, verði ekki dregin sú ályktun að allt land innan sýslunnar sé háð beinum eignarrétti.

Afréttarnot á þessu svæði koma glögg fram í Bláfjallamáli (Hrd. 1996 2848), enda þótt í því máli sé „hvorki skorið úr um eignarrétt né inntak þeirra réttinda er kunna að fylgja niðurstöðu dóms um markalínur“, eins og segir í forsendum Hæstaréttar. Landsvæði það sem þar bar á milli aðila liggur í megindráttum sunnan og suðaustan Stóra-Kóngsfells og Rauðuhnjúka en vestan og norðan Bláfjalla. Innan þess er stærsti hluti þess sem hér að framan hefur verið nefnt syðsti hluti afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna. Þar er jafnframt syðsti hluti kröfussvæðis eiganda jarðarinnar Elliðavatns, sbr. kafla 6.12.

Í héraðsdómi í Bláfjallamálinu er rakið hvernig smalamennska á Bláfjallasvæðinu hafi verið í tvennu lagi, annars vegar svokölluð Rauðuhnjúkaleit og hins vegar Sauðadalaleit. Skýrslugjafar voru Magnús Hjaltsted, bóndi á Vatnsenda, og Axel Þórir Gestsson, sem um árabíl kom að fjárbúskap á þessu svæði. Fram kemur að við Rauðuhnjúkaleit hafi verið farið frá Sandskeiði, vestur og suður fyrir Rauðuhnjúka og Stóra-Kóngsfell og upp á heiðarbrúnina við enda Bláfjalla. Ekki hafi verið farið lengra nema fé sæist á heiðinni en annars hafi Heiðin há ekki verið smöluð af þeim. Síðan hafi verið farið til baka og m.a. smalað í hlíðum Bláfjalla. Hin leitni hafi farið í Jósepsdal og Sauðadali. Einnig segir svo í umfjöllun héraðsdóms:

Þrætulandið í máli þessu er nokkuð gróið, en þó mjög rýrt beitiland, að mestu í 400 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli, og hefur verið allt fram á miðja þessa öld nær einungis nýtt sem afréttarland. Af framburði vitna og aðila eða forsvarsmanna þeirra, sem fyrir dóm hafa komið, verður ráðið, að sauðfé úr þeim sveitarfélögum, er þarna eiga aðliggjandi afrétt, hafi gengið saman á þrætulandinu og fjallskil ekki miðast við glögga línu. Virðast þannig báðir aðilar hafa hugað að fé og smalað í haustleitum í Bláfjallakvosinni, þ.e. á svæðinu sunnan og vestan Bláfjalla.

Framangreint er í ágætu samræmi við skýrslur þær sem gefnar hafa verið fyrir óbyggðanefnd eða lagðar fram að þessu leyti. Því er þó við að bæta að á undanförunum áratugum hafa Sauðfjáreigendafélag Kópavogs og Fjáreigendafélag Reykjavíkur annast fjallskil á afréttinum í sameiningu og lagt til menn í leitir. Fé fækkaði mikið á síðari hluta síðustu aldar og á Seltjarnarnesi mun hafa verið fjárlaust frá því um miðjan 7. áratuginn.

Af þessu má ráða að Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna hefur verið hafður til samarbeitar fyrir búfé með sama hætti og samnotaafréttir almennt.

Að því er tekur til annarra nota en beitar hefur verið lagður fram samningur, dags. 28. ágúst 1981, á milli annars vegar Kópavogs og Seltjarnarness og hins vegar Vífilsfells sf., þar sem sveitarfélögin leigja fyrirtækinu rétt til efnistöku í malarnámi á Sandskeiði. Gögn málsins bera einnig með sér að á árinu 1980 hafi sömu sveitarfélög heimilað Há koti sf. efnistöku í námu á Sandskeiði „fyrst um sinn“. Þá hefur Svifflugfélag Íslands haft starfsemi á Sandskeiði allt frá 1937 en um 1940 mun hafa verið gerður samningur við Seltjarnarneshrepp um landsafnot. Ráðist hefur verið í framkvæmdir á svæðinu, byggð skýli og gerð flugbraut. Náttúruverndarráð lýsti Bláfjöll fólkvang með auglýsingu nr. 97/1973, að fengnu samþykki framangreindra þriggja sveitarfélaga, meðal annarra. Tekið er fram að með stofnun fólkvangs sé „ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því, sem fólkvangurinn tekur til“.

Óbyggðanefnd telur að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, sem þó hafa farið minnkandi, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum*

niðurstöðum óbyggðanefndar, sbr. viðauka með úrskurði þessum. Síðari tíma ráðstafanir og breytt nýting á 20. öld, vatnstaka, námuvinnsla og mannvirkjagerð, hið síðastnefnda einkum á Bláfjallasvæðinu, fær ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu. Þar er til þess að líta að upplýsingar og heimildir um raunverulega nýtingu vatns og efnisnáma á svæðinu eru óljósar og ekki með þeim hætti, með tilliti til tíma, umráða og umfangs, að mögulegt sé að til takmarkaðra réttinda geti hafa stofnast á grundvelli hefðar. Hér gegnir sama máli um Kópavogsbæ, Seltjarnarneskaupstað og eiganda jarðarinnar Geirlands.

Afréttur þessi kann að hafa að öllu eða einhverju leyti verið innan upphaflegs landnáms eða á annan hátt orðið undirorpinn beinum eignarrétti. Að námi svæðisins er vikið hér fyrir, sbr. kafla 6.2. Þar kemur m.a. fram sú afstaða óbyggðanefndar að ekki sé sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttta sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kunnir hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda bendi slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin. Að öllu þessu virtu er það mat nefndarinnar að enginn vafi leiki á því að afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna sé svokallaður samnotaafréttur og að frásögn Landnámu um upphaflegt nám svæðisins skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna hafi orðið til á þann veg, að íbúar á svæðinu hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, og eigenda jarðanna Vatnsenda, Elliðavatns og Geirlands, ekki verið sýnt fram á að afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna sé eignarland. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁶⁹⁵

⁶⁹⁵Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna hafi verið að ræða. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Kemur þá til skoðunar hvort breyting hafi orðið á rétti jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna til afréttar hreppsins við það að hreppurinn klofnaði í þrennt. Jörðin Reykjavík var áður innan Seltjarnarneshrepps hins forna en með konunglegri tilskipun hinn 15. apríl 1803 var kaupstaðarlóðin Reykjavík gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi. Eftir þann tíma hefur lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verið stækkað með því að tilteknar jarðir hafa verið lagðar undir það með lögum, sbr. t.d. lög nr. 5/1894, 46/1923 og 49/1929. Ekki kemur fram að réttur jarðanna til afréttar sé af þeim tekinn. Þá sýna önnur gögn að Seltjarnarneshreppur og Reykjavík hafa farið sameiginlega með forræði afréttarins, sbr. landamerkjadeilu þá við eiganda jarðarinnar Elliðakots sem lauk með dómi árið 1892. Þess skal einnig getið að í forsendum héraðsdóms í Bláfjallamáli (sbr. H 1996 2848), þar sem aðild áttu meðal annars Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður og Kópavogskaupstaður, segir svo „Hefur það verið óumdeilt, að afréttur sá, er hér um ræðir, fylgdi sveitarfélögunum þremur og að hann lægi að Mosfellsbæ að norðan, Árnessýslu (Ölfushreppi) að austan og Almenningskógum Álftnesinga að sunnan.“

Að því er varðar skiptingu Kópavogshrepps út úr Seltjarnarneshreppi hinum forna 1948 segir í bréfi félagsmálaráðuneytis frá 10. desember það ár til sýslumannsins í Kjósarsýslu, að fjallskil og refaeyðing á afrétti skuli vera sameiginleg, þar til hreppsnefndir ákveði annað með samþykki sýslunefndar. Enn fremur liggur fyrir að í aðdraganda þessa gerði sýslunefnd Kjósarsýslu það að tillögu sinni að báðir hinir nýju hreppar hefðu sameiginleg afnot afréttarlands Seltjarnarneshrepps hins forna, sbr. bréf formanns undirbúningsnefndar að skiptingu þess hrepps, dags. 27. nóvember 1947. Með vísan til framangreinds verður að telja að skipting Seltjarnarneshrepps hins forna í þrjú sveitarfélög hafi ekki falið í sér breytingu á rétti einstakra jarða til afréttar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum nefndarinnar, að land afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Sýslusteini austan Lyklafells eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapollu meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum,

upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf í, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í Þríhjúka og áfram í Bláfjallahorn og eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna, nú í Kópavogsbæ, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstað, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, og nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Eldborg í Bláfjöllum“ og „Bláfjöll“.

6.14. Vilborgarkot

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í áreiðargjörð fyrir Vilborgarkot, dags. 7. september 1863. Að Vilborgarkoti liggur Hólmur að vestan og norðan, Miðdalur að austan og Elliðakot (Hellirskot) að suðaustan.

Landsvæðið sem um ræðir er að mestu lág grágrýtisholt og ásar í 100–110 m hæð yfir sjó. Hæsta holtið er Kotás. Landsvæðið einkennist einna helst af lítt grónum holtum og melum. Gróið land er hins vegar fjölbreytilegt.

Samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins er miðað við að allt land Vilborgarkots samkvæmt áreið, dags. 7. september 1863, sé þjóðlenda. Er línan dregin að austan „...frá Horni í ána þar sem ósin fellur í ána og þar sem ósin tilvísar uppí grasþúfu í útnorður frá Helliskoti, frá þeirri þúfu með Miðdalsmörkum í Sólheimatjörn, þaðan frá vestri endi [enda] af Sólheimatjörn, og þvert suður í grjótlág við ána fyrir austan Hólm, og þaðan fram með áni, fyrir norðan, eftir Dugós“. Á móti hafa ætlaðir eigendur Vilborgarkots gert kröfu um að allt framangreint landsvæði teljist eignarland. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.13.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (20), er byggt á dómi Landsyfírréttar frá 21. júlí 1873 í máli nr. 10/1873. Í málinu hafi ábúandi Vilborgarkots verið sýknaður af kröfum umboðsmanns konungsjarða um leigugjald þar sem hér á landi gilti eigi að konungur ætti það land er enginn finnst eigandi að heldur er það land almenningur og fylgir þeim reglum er þar um gilda. Álítur íslenska ríkið dóminn vera fordæmisgefandi um að land Vilborgarkots teljist nú almenningur. Ekki sé vitað til þess að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir landsvæðinu síðar.

Af hálfu ætlaðra eigenda Vilborgarkots, sbr. skjöl 10 og 10 (10), er vísað til þess að eignarréttur þeirra byggist á þinglýstum eignarheimildum. Röð þinglýstra eignarheimilda að jörðinni samkvæmt afsals- og veðmálabókum Gullbringusýslu er óslitin frá 1932. Ljóst sé að nokkur þinglýst skjöl finnist ekki og a.m.k. ein eignarheimild fyrir 1932. Ríkinu hafi borið að varðveita skjöl varðandi eignarheimildir að jörðinni og það verði að vera á áhættu þess að þau eru ekki tiltæk. Þá beri við úrlausn málsins að líta til þess að það var fulltrúi ríkisins sem gaf út eignarheimildina 1932 en það sé fyrsta tiltæka eignarheimildin eftir dóm Landsyfírréttar frá 1873. Jafnframt er vísað til þess að eigendur Vilborgarkots hafi greitt eignarskatta af jörðinni í samræmi við skráningu fasteignamats og með því hafi ríkið viðurkennt eignarrétt þeirra að jörðinni. Þá er því haldið fram að skilyrði hefðar séu uppfyllt. Loks er byggt á því að með dómi Landsyfírréttar frá 1873 hafi ekki verið skorið úr um hvort jörðin væri eign ábúandans eða almenningur. Yfirlýsing dómsins, um að konungur eigi ekki almenninga, merki að jafnvel þótt það hefði legið fyrir að ábúandinn væri ekki eigandi hefði konungur ekki getað krafist leigu, þar sem færi um landið eftir reglum um almenninga.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Vilborgarkots er rakin í kafla 5.14. Þar kemur fram að Vilborgarkots er getið í heimildum frá árinu 1704. Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Í máli þessu er ekki deilt um landamerki Vilborgarkots. Af hálfu ríkisins er gerð krafa til alls lands Vilborgarkots eins og því er lýst hér að framan. Óbyggðanefnd er því ekki nauðsyn að taka afstöðu til merkja Vilborgarkots nema komist verði að þeirri niðurstöðu að landsvæðið sé þjóðlenda. Verður þá næst tekin til skoðunar eignarréttarleg staða innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Í máli þessu liggur fyrir að Vilborgarkot var um langan aldur eyðijörð. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1704 kemur fram að jörðin sé eyðijörð og hafi verið það „...fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi“ Þar segir einnig að jörðin hafi bæði verið nýtt frá Hólmi og Hellirskoti (Elliðavatni) og hafi ábúendur Hellirskots byggt þar fjárhús. Jörðin er sögð eign konungs. Þann 21. júlí 1863 var gerð áreið til að mæla út jörð til handa Jóni Bjarnasyni úr Vilborgarkotslandi. Var sú áreið á dönsku og ógreinileg um landamerki Vilborgarkots. Ný áreið var því farin 7. september sama ár en þá var nefndur Jón þegar farinn að yrkja landið og byggja sér bæ. Áreiðarmennirnir álitu jörðina vera 8 hundruð að dýrleika, 4 hundruð frá Hólmi og 4 hundruð frá Hellirskoti. Við áreiðina lét eigandi Hellirskots bóka að hann álitu að Vilborgarkot væri ekki nýbýli heldur afbýli frá Hellirskoti. Umboðsmaður konungsjarða áskildi sér hins vegar rétt til að gefa út byggingarbréf á þeim parti sem gengi frá Hólmi en sú jörð var í eigu konungs. Þá lét Jón Bjarnason bóka að hann hefði rétt til að heimta landið með nýbýlisrétt. Í

gögnum með fyrri áreiðinni kom fram að Vilborgarkot lægi að Miðdal, Hellirskoti og Hólmi og hefði verið nýtt til slæгна og torfskurðar af þeim tveimur síðastnefndu.

Í dómi Landsyfírréttar frá 21. júlí 1873, í máli nr. 10/1873, var leyst úr hvort ábúanda Vilborgarkots hefði borið að greiða landsskuld til umboðsmanns konungsjarða í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Stefndi í málinu var Dómhildur Jónsdóttir, ekkja Jóns Bjarnasonar. Af hálfu umboðsmanns virðist sem krafa um greiðslu landskuldar hafa verið studd þeim rökum að Vilborgarkot væri afbýli frá konungsjörðinni Hólmi. Dómurinn taldi að ekki hefði verið sannað að það land sem Jóni Bjarnasyni hefði verið útvísað 1863 væri konungseign jafnvel þótt Vilborgarkotsland hefði verið notað að meira eða minna leyti frá Hólmi meðan fyrrnefnd jörð var í eyði. Um það hvort Vilborgarkotslandi hefði verið útvísað eftir nýbýlatilskipun 15. apríl 1776 sagði dómurinn í forsendum sínum: „Að vísu virðist hann [Jón Bjarnason] eigi hafa fengið slíka útvísun á landinu, sem tilskipun 15. apríl 1776 hljóðar um, en slíkt atriði getr þó eigi gefið inu opinbera rétt gegn honum til að heimta gjaldið, því hér á landi á eigi konungr það land, er enginn finst eigandi að, heldr er það land almenningr, og fylgir þeim reglum er þar um gilda.“ Dómhildur Jónsdóttir var því sýknuð af kröfum umboðsmannsins. Í framangreindu máli reyndi ekki á kröfu Dómhildar Jónsdóttur um óðals- og eignarrétt að Vilborgarkoti en þeirri kröfu hafði verið vísað frá í undirrétti. Í dómi Landsyfírréttar var raunar ekki kveðið skýrt á um það að Vilborgarkot væri almenningur enda þótt slíkt hafi verið gefið í skyn. Niðurstaða um það hvort Vilborgarkotsland væri eign ábúanda eða almenningur hefði allt að einu leitt til sömu niðurstöðu fyrir stefnda þ.e. sýknu um greiðslu landsskuldar.

Árið 1883 hófst málarekstur að nýju en nú á milli umboðsmanns þjóðjarða og Þorsteins Jónssonar, umráðamanns Vilborgarkots. Krafiðist umboðsmaðurinn þess að Þorsteinn skilaði þeim hluta Vilborgarkots sem var útmældur úr landi þjóðjarðarinnar Hólms og teldist 4 hundruð að mati. Lauk málinu með dómi Hæstaréttar Danmerkur 17. október 1887 (Lyfrd. yngri bls. 244). Taldi dómurinn ekkert fram komið í málinu sem styddi það að Vilborgarkot hefði áður verið sjálfstæð jörð. Þá komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að með útmælingargerð Vilborgarkots árið 1863 hefði farið fram löggild útvísun samkvæmt nýbýlatilskipunni frá 1776. Jörðinni hefði þó ekki verið útvísað til eignar og yrði hún hvorki felld undir 1. gr. né 9. gr. tilskipunarinnar. Útvísun yrði því að skoðast framkvæmd eftir 3. gr. tilskipunarinnar „að áskildum eignarrjetti annara.“ Kröfugerð umboðssjóðsins var hins vegar með þeim að hætti að stefndi, Þorsteinn, var sýknaður. Af hálfu Hæstaréttar Danmerkur kom þannig skýrt fram að stofnun Vilborgarkots hefði farið fram á grundvelli 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar sem fjallaði um nýbýlastofnun á landi í eigu annarra og hljóðar svo:

Ef nokkur kemur fram með óefanlegan eignarrétt til landsins, þá skal þó, eptir amtmannsins tilsögn, gjörast þvílík forréttíng, sem áður er sagt. Finni þá

sýslumaðurinn og þeir tilteknu menn, að útlendið liggur notalaust og án sérlegrar brúkunar, en gæti þó lagt af nóg rúm og hentugleika til eins nýbýlis, þá skal þvílíkt býli upp takast, þó á þann hátt, að eigandinn hafi sinn rétt óskerðan til að láta uppbyggja það og líka að koma sér saman við þann tilkomandi ábúanda á sannsýnilegan og löglegan hátt, um landskuld og kvígildaleigur [...] Vér allranáð viljum eptirláta þvílíkum nýbýlingum, og sem síðar skal sagt verða, þó svo, að landeigandinn hafi sinn rétt óskerðan.

Á grundvelli þessa dóms Hæstaréttar Danmerkur er hafið yfir vafa að landsvæði sem hér er til umfjöllunar er eignarland. Hefðarsjónarmið eru þeirri niðurstöðu til fyllingar enda hafa umráðamenn Vilborgarkots á hverjum tíma haft af henni víðtæk not eins og nú verður nánar rakið.

Í forsendum dóms Landsyfirréttar frá 1873 kemur fram að Jón Bjarnason hafði þegar 1863 byggt á sinn kostnað bæ í Vilborgarkoti án þess að greiða fyrir notkun landsins. Þann 6. júlí 1881 veðsetti Þorsteinn Jónsson Vilborgarkot og var veðskuldabréf þess efnis þinglesið 6. júní 1884 með athugasemd um að hvorki veðseljandi né veðkaupandi hefðu þinglýsta eignarheimild fyrir hinni veðsettu eign. Á næstu áratugum var jörðin nokkrum sinnum veðsett, að því er virðist án athugasemda, t.a.m. í upphafi aldar af Guðmundi Magnússyni í Elliðakoti sem þá var talinn eigandi jarðarinnar. Árið 1905 lét Guðmundur reisa gisti- og veitingahús í Vilborgarkotslandi sem hann nefndi Geitháls og flutti þangað búferlum árið eftir. Í aprílmánuði 1918 auglýsti Guðmundur Geitháls til sölu ásamt eyðijörðinni Vilborgarkoti. Í auglýsingu sagði að jörðinni fylgdi góð beit, tún, matjurtargarðar, slægjur, mótak og silungsveiði. Árið 1928 seldi Helgi Jónsson, Vilborgarkot, til Sigvalda Jónssonar en tekið var fram í afsali að eignarheimild seljanda væri ekki þinglesin. Á nauðungsölu, 27. desember 1932, var Vilborgarkot ásamt Geithálsi seld Sturlu Jónssyni, kaupsmanni. Í uppboðsafsalinu sagði að jörðin hefði verið þinglýst eign Sigvalda Jónssonar. Jafnframt var tekið fram að jörðinni fylgdi íbúðarhús og önnur mannvirki en að fyrri eigandi hefði leigt út veiðiréttinn í Hólmsá til 10 ára. Er uppboðsafsalið fyrsta þinglýsta eignarheimildin að Vilborgarkoti sem hér liggur fyrir og hefur aðilaskiptum að jörðinni síðan verið þinglýst. Af framangreindu er ljóst að umráðamenn Vilborgarkots hafa frá árinu 1863 farið með landið líkt og það væri þess eign og komið þannig fram gagnvart öðrum.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Vilborgarkot hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum frá 1863. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggeringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar er umlukið eignarlandi annarra jarða. Styður því eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða þá niðurstöðu að landsvæðið sé eignarland. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf

landnáms hafi gróðurþekja á svæðinu, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. skjal nr. 26.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu íslenska ríkisins, ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Vilborgarkots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁹⁶

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Vilborgarkots, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.15. Stóra-Mosfellsheiðarland

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Stóra-Mosfells, dags. 29. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890. Í landamerkjabréfinu er lýst merkjum á tveimur aðskildum landsvæðum. Annars vegar er gerð grein fyrir landi sem er auðkennt sem Stóra-Mosfellslands. Afmarkar það land í kringum býlið sjálft í Mosfellsdal og nágrenni þess. Hins vegar er gerð grein fyrir landi sem nefnt er Stóra-Mosfellsheiðarland og liggur í heiðinni austan Mosfellsdals. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir verður að mestu bundin við þann hluta Stóra-Mosfells. Innan marka Stóra-Mosfellsheiðarlands, eins og það er afmarkað í tilvitnuðu landamerkjabréfi, er þess að gæta að árið 1930 var nýbýlinu Svanastöðum skipt út úr landinu. Þá var nýbýlinu Seljabrekku, áður nefnt Jónssel, skipt úr Mosfellsheiðarlandi 1934 og Mosfellsbringum árið 1939 en hluti þess tilheyrir nú Seljabrekku. Loks var nýbýlinu Selholti skipt úr Seljabrekku 1956. Af hálfu íslenska ríkisins er miðað við að kröfugerð þess taki ekki til þessa útskipta lands. Eigandi Seljabrekku telur hins vegar að kröfugerðin taki til lands innan merkja nýbýlisins.

Að Stóra-Mosfellsheiðarlandi liggja Hraðastaðir, Laxnes og Skeggjastaðir að vestan en Grafningsafréttur og jarðirnar Fellsendi og Heiðarbær í Þingvallasveit að austan. Til norðurs er Stardalur en til suðurs er Miðdalur og Þormóðsdalur.

Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar er tiltölulega slétt heiðarflæmi í 200–300 m hæð. Heiðarflæmið liggur milli Litla Sauðafells (346 m) að norðan og Borgarhóla (410 m) og Grímmansfells eða Grimarsfells (484 m) að sunnan. Leirvogsvatn og Geldingatjörn eru í um 215 m hæð vestan til á Mosfellsheiði og austar breiðir úr sér tiltölulega gróið heiðarflæmi.

Samkvæmt endanlegri kröfugerð íslenska ríkisins hefur það dregið kröfulínu sína frá punkti í Borgarhól og þaðan beint um Leirdalsenda í Stórhól austast á Grímmansfelli, þaðan beint í Köldukvísl austan fjallsins, þar sem lína, sem dregin er milli Þrívarða í Moldarbrekkum og vörðu á Stórhól á Grímmansfelli sker ána. Þaðan

⁶⁹⁶Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

beint yfir Geldingatjörn í Blásteinbringu, og svo upp að Leirvogsvatni í punkt þar sem Leirvogsá rennur úr vatninu, svo eftir vatninu og úr því eftir Bugðu upp að Rjúpnagilsenda, þaðan beint í Sýslusteina austan á Sauðafelli og svo í Sæluhúsatóft. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. hluti Leirvogsvatns, Geldingatjarnar og Litla-Sauðfells innan þjóðlendu.

Á móti hefur Mosfellsbær lýst kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem hann telur að falli innan landamerkja Stóra-Mosfells samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 29. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890. Þá hefur eigandi Seljabrekku lýst kröfu um einkaeignarrétt að landsvæði vestan Leirvogsvatns sem liggur að hluta innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Af hálfu tveggja eigenda Hraðastaða II er gerð krafa um að viðurkenndur verði upprekstrarréttur jarðarinnar á afrétt Mosfellinga fari svo að Mosfellsheiðarland verði úrskurðað þjóðlenda.

Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.15., 3.16. og 3.17.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1(20), er almennt byggt á því að landnám og lög séu frumstofnunarhættir beins eignarréttar. Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd, undirorpin beinum eignarrétti, aldrei getað aukist heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þá er því haldið fram að landnám Ingólfs Arnarsonar, svo sem því er lýst í Landnámu, beri brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, fremur en námi og því hafi aðrir numið einstök svæði í landnámi hans. Vísað er til þess að samkvæmt Jarðabók Árna og Páls hafi jarðir á Kjalarnesi átt geldnauta-, hesta- og geldfjárupprekstur á Mosfellsheiði. Á tímum sjálfseignarbænda sé líklegt að Mosfellsheiðin hafi verið afréttarland bænda í Mosfellssveit en síðar hafi jarðir í Mosfellssveit komist í konungseigu og Mosfellsheiðin fylgt með. Byggt er á því að Mosfellsheiði hafi aldrei verið jörð eða hluti af jörð heldur hafi hún í upphafi verið samnotaafréttur jarða í Mosfellssveit. Eftir að jarðirnar hafi orðið kirkjujarðir hafi kirkjuvaldið talið sig geta höndlað með heiðina og jarðirnar hvort í sínu lagi. Byggt er á því að umráð Mosfells yfir Mosfellsheiði megi rekja til siðaskipta þegar konungur sölsaði undir sig eignir Viðeyjarklausturs. Afréttarlandið hafi verið notað til að tryggja kirkjunni tekjur til uppihalds presta. Vísað er til lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1782–1785 og fasteignamats Kjósarsýslu 1916–1918 en þar sé Mosfellsheiði nefnd afréttur. Þá er byggt á dómi Hæstaréttar um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði, hrd. 1997:1162, en ákveðna samsvörum sé að finna með þessum tveimur heiðum og Mosfellsheiði. Loks er vísað til landamerkjabréfs Stóra-Mosfells, dags. 29. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890, en tekið fram að ekki sé að öllu leyti farið eftir afmörkun bréfsins. Ráða þar sjónarmið um nálægð við byggð, nýtingarmöguleikar og nám.

Af hálfu Mosfellsbæjar, sbr. skjöl nr. 12 og 12(12), er byggt á því að allt land innan sveitarfélagamarka Mosfellsbæjar sé innan landnáms Ingólfs Arnarsonar. Mosfellskirkja hafi í fyrstu verið í einkaeign og ekki sé útilokað að heiðarlandið hafi

verið eign Mosfells frá fyrstu tíð eins og örnefnið Mosfellsheiði gefi til kynna. Ljóst sé af heimildum að Mosfell hafi farið með eignarréttinn að heiðinni á fyrri tíð en helstu gæði landsins hafi verið beitarítök, slægjur, selstaða og veiðiréttindi í Leirvogsvatni. Þá er vísað til þess að presturinn á Mosfelli hafi leigt út slægjulönd og beitarafnot. Byggt er á landamerkjabréfi Stóra-Mosfells, dags. 29. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890, og afsals íslenska ríkisins á Mosfellsheiðarlandi, dags. 24. maí 1933. Afsalið beri það með sér að það hafi verið skilningur ríkisins að verið væri að selja eignarland. Vísað er til laga nr. 53/1927 um heimild til sölu á nokkrum hluta Mosfellsheiðar. Ekki fari milli mála samkvæmt efni laganna að löggjafinn var að gefa fyrirmæli um sölu eignarlands. Hvort sem Mosfellsheiði hafi verið eignarland eða ekki fyrir söluna til Mosfellsbæjar þá sé það viðurkennt í íslenskum rétti að löggjafinn megi ráðstafa eigendalausum svæðum. Þá er byggt á því að skilyrði hefðar séu uppfyllt. Loks er því haldið fram að Mosfellsheiði sé eign í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu og vísað til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu því til stuðnings.

Af hálfu eiganda Seljabrekku, sbr. skjöl nr. 17 og 17(9), er því haldið fram að eignarrétt að Mosfellsheiði megi rekja allt aftur til landnáms. Hann megi jafnframt rekja til settra laga um sölu Mosfellsheiðar nr. 23/1927 en við setningu laganna hafi enginn efi verið um eignarrétt Stóra-Mosfells að heiðinni. Þá beri afsalið fyrir Mosfellsheiði frá 1933 það greinilega með sér að land það sem selt var hafi verið undirorpið beinum eignarrétti. Þá er byggt á því að Seljabrekka sé jörð samkvæmt fyrri úrskurðum óbyggðanefndar og allt land hennar sé eignarland í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Vísað er til afsals íslenska ríkisins á landi jarðarinnar, dags. 26. ágúst 1999 og þingl. 6. september 1999. Merkjum sé reyndar ekki lýst en þar vísað til þess að kaupandi hafi kynnt sér merkin. Þau merki sem kaupanda hafi verið kunnugt um hafi verið merki samkvæmt byggingabréfum Seljabrekku frá 1968 og 1985. Að auki hafi kaupanda verið kunnugt um að land hefði komið frá Selholti í makaskiptum við Mosfellsbæ 1956. Samkvæmt þeim merkjum sé fjórðungur jarðarinnar nú innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Byggt er á því að íslenska ríkið hafi sönnunarbyrðina um að land innan kröfusvæðis sé eigandalaust. Loks er vísað til hefðar, venjuréttar og meðalhófsreglu stjórnýsluréttar.

Af hálfu eiganda Hraðastaða, sbr. skjöl nr. 11 og 11(6), er því haldið fram að það sé meginregla íslensks réttar að afréttareign eða réttur til upprekstrar fylgi jörðum. Byggt er á að afréttur Mosfellinga sé innan eignarlanda jarða sem eru innan fleiri sveitarfélaga en Mosfellsbæjar og verði hann því ekki afmarkaður með nákvæmum hætti og ekkert tilefni til afmörkunar þar sem um eignarlönd sé að ræða. Jafnframt er vísað til 5. gr. þjóðlendulaga.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar lands Stóra-Mosfells er rakin í kafla 5.22. Þar kemur fram að jarðarinnar er getið í heimildum allt frá því á 12. öld og sagnir um hana megi rekja enn lengra aftur. Af þeim heimildum verður ráðið

að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁶⁹⁷ Hér ber þess að geta að land jarðarinnar er í seinni tíma heimildum tvískipt en þjóðlendukrafa íslenska tekur einungis að hluta til hins aðskilda heiðarlands. Ekki verður annað ráðið af heimildum en Stóra-Mosfellsheiðarland hafi fylgt Stóra-Mosfelli frá öndverðu. Um það brestur hins vegar heimildir hvort land jarðarinnar hafi verið tvískipt frá upphafi eða það komið síðar til. Að þessum sérsjónarmiðum verður að gæta við hið eignarréttarlega mat.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Mosfellsheiðarlands er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Að fenginni niðurstöðu um þau landamerki verður svo fjallað um eignarréttindi innan þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Landamerkjum Stóra-Mosfellsheiðarlands er, svo sem fyrr segir, lýst heildstætt í landamerkjabréfi Stóra-Mosfells, dags. 24. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Mosfellsheiðar. Samkvæmt landamerkjabréfinu eru merki heiðarinnar til vesturs, gagnvart Hraðastöðum, „...úr Stórhól beint í Helgufoss, eptir ánni niður á móts við Markavörðu“. Landamerkjabréf Mosfells er ekki áritað vegna Hraðastaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Hraðastaða, dags. 30. maí og þingl. 4. júní 1890, eru merki jarðarinnar, gagnvart Mosfelli, Gljúfrið austanvert við svonefndan Hraðablett „...og Kaldakvísl alla leið niður á móts við Laxnesslækjarmynni“. Landamerkjabréf Hraðastaða er ekki áritað vegna Mosfells. Bréfið er ekki í samræmi við landamerkjabréf Stóra-Mosfells því Helgufossar eru vestan við hinn svonefnda Hraðablett. Endanleg kröfulína íslenska ríkisins miðar við landamerkjabréf Hraðastaða og er jörðin því utan kröfusvæðis. Samkvæmt dómi Hæstaréttar 6. september 2005, í máli 367/2005, er óbyggðanefnd ekki heimilt að fara út fyrir kröfur aðila. Kemur því framangreind skörun á landamerkjabréfum Hraðastaða og Stóra-Mosfells ekki til frekari skoðunar hér. Samkvæmt landamerkjabréfi Mosfells liggja merki Mosfellsheiðar að vestan einnig að jörðunum Laxnesi og Skeggjastöðum. Merki þessi liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og þarfnast því ekki athugunar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Stóra-Mosfells eru merki Mosfellsheiðar til norðurs, gagnvart Stardal á Kjalarnesi, „...eptir Leirvogsa (frá Skeggjastaðamörkum í Ríp) uppí Leirvogsvatn og úr Leirvogsvatni eptir Bugðu uppað Rjúpnagilsenda.“ Bréfið er áritað af Guðmundi Einarssyni eftir umboði prófastsins í Kjalarnesþingi. Samkvæmt landamerkjabréfi Stardals eru merki jarðarinnar til suðurs, gagnvart Mosfellsheiðarlandi, úr „...efsta Rjúpnagilsbotni, ræður gilið ofaní bugðu svo ræður Bugða ofan í Leirvogsvatn, svo ræður Áin að læk þeim sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal“. Landamerkjabréf Stardals er í samræmi við landamerkjabréf Stóra-Mosfells og er áritað vegna síðarnefndu jarðarinnar.

⁶⁹⁷Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Verður þá næst fjallað um austurmerki Stóra-Mosfellsheiðarlands. Samkvæmt landamerkjabréfi Stóra-Mosfells eru merki landsins, gagnvart jörðunum Fellsenda og Heiðarbæ (hornmark) í Þingvallasveit og Grafningsafrétt, „... úr Rjúpnagilsenda beint í Sýslusteina austan á Sauðafelli, úr þeim beint í Þrívörður á Moldbrekkum, þaðan beint í vörðuna á Stóra-Borgarhól“. Landamerkjabréf Stóra-Mosfells er hvorki áritað vegna fyrrnefndra jarða í Þingvallasveit né vegna Grafningsafréttar. Landamerkjabréf Stóra-Mosfells er í samræmi við dóm sýslumanns Árnassýslu, dags. 22. nóvember 1873. Niðurstaða dómsins var sú að merki Mosfellskirkjulands að austan væru „...úr Rjúpnagili í Sýslustein, þaðan beint í Moldbrekkur við sæluhús og þaðan eptir beinni línu í Borgarhóla“. Var niðurstaðan m.a. reist á lögfestu Þingvalla frá 1870 og vitnisburðum aðila. Þá er landamerkjabréfið einnig í samræmi við samkomulag um mörk Mosfellsheiðar milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I hins vegar, dags. 23. júní 1991 og birt í Stjórnartíðindum 11. apríl 1991. Að því leyti sem mörkin snúa að Mosfellslandi var lína dregin „... frá Sæluhústótt á Moldbrekkum í steiptan stöpul á Borgarhólum...“

Þá verður litið til suðurmerkja Mosfellsheiðar. Samkvæmt landamerkjabréfi Stóra-Mosfells eru merki heiðarinnar að sunnan, gagnvart Miðdal og Þormóðsdal, „...úr vörðunni í Borgarhól beint um Leirdalsenda í Stórhól austast í Grímannsfelli“. Landamerkjabréfið er áritað vegna Miðdals og Þormóðsdals. Samkvæmt landamerkjabréfi Miðdals, dags. 26. maí 1890 og þingl. 4. júní 1890, eru merkin gagnvart Mosfelli „...eptir beinni línu úr Stórhól í Grímannsfellsenda í fyrstnefnda vörðu á stóra Borgarhól“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Mosfells. Samkvæmt landamerkjabréfi Þormóðsdals, dags. 1. mars 1884 og þingl. 10. júní 1886, eru mörkin gagnvart Mosfelli, varða „...upp af Torfdalshrygg sem er vestar í brúninni á Grímannsfelli, úr tjeðri vörðu austur eptir hábrúninni á Grímannsfelli, sem vötnum hallar til suðurs, áframhaldandi lína á eystri brún sem vötnum hallar austuraf“. Landamerkjabréf Þormóðsdals er áritað vegna Mosfellskirkjulands. Af framansögðu er því ljóst að landamerkjabréf Stóra-Mosfells er í samræmi við landamerkjabréf aðliggjandi jarða að sunnan.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Stóra-Mosfell, þar með talið Stóra-Mosfellsheiðarland. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að réttthafar að viðkomandi landsvæðum hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Stóra-Mosfells er, að því leyti að áritun vantar vegna Hraðastaða, Skeggjastaða, Stardals, Heiðarbæjar og Fellsenda, verður ekki talinn, hafa efnislega þýðingu hér.

Kemur þá til sérstakrar skoðunar eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja sem auðkennt er sem Stóra-Mosfellsheiðarland.

Samkvæmt lýsingum Landnámapókar er vafalaust að landnám Ingólfs Arnarsonar náði m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu að landnám Ingólfs beri fremur brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málatilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það að af lýsingum Landnámu, og rannsóknum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Eins og rakið er benda heimildir ekki til annars en Stóra-Mosfellsheiðarland hafi fylgt Stóra-Mosfelli frá öndverðu. Hér hagar því þannig til að samhengi eignarréttar og sögu liggur fyrir.

Sú tvískipting á landi Stóra-Mosfells sem lýst er í landamerkjabréfi jarðarinnar hlýtur almennt séð að leiða til þess að auknar kröfur verði gerðar til sönnunar á því hvort hið aðskilda heiðarland sé háð beinum eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði (hrd. 1997:1162) og fyrri niðurstöður óbyggðanefndar. Hér ber þess þó að gæta að ekki er ósennilegt að þær jarðir sem liggja að Stóra-Mosfellsheiðarlandi að vestan hafi verið hluti af hinni fornu Mosfellsjörð. Þannig er óljóst hvort heiðin hafi verið landfræðilega aðskilin frá Mosfellsjörðinni í upphafi. Þarf því að huga að fleiri atriðum.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Stóra-Mosfell ásamt Mosfellsheiðinni hafi verið nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Heiðin var nýtt til beitar fyrir sauðfé, hross, geldneyti og jafnframt til slægna. Niðurstaða í fyrrnefndu dómsmáli frá 1873 var m.a. reist á því að Mosfellsprestar hefðu „...stöðugt yrkt eða léð slægjur í Sauðafellsflóa“. Sauðafellsflói er í norðausturmörkum Mosfellsheiðar. Af öðrum heimildum má sjá að Mosfellsprestur lagði bann við notkun annarra af heiðinni nema með sínu leyfi. Vísast þar til forboðs prestsins á Mosfelli sem var lesið á manntalsþingi þann 30. maí 1864 og fundargerðar hreppsnefndar Mosfellsahrepps, dags. 10. júní 1911.

Í þingskjölum frumvarps til laga um heimild til sölu Mosfellsheiðar frá árinu 1927, kemur fram að Mosfellsprestur hafi leigt bæði heimamönnum og utansveitarmönnum slægjur í heiðinni og haft af því talsverðar tekjur. Þá kemur fram að mikilla heyja hafi verið aflað á heiðinni fyrir búið á Mosfelli og þar hafi aðalútheyjarheyskapur jarðarinnar verið. Í þingskjölunum kemur einnig fram að hreppsþúar hafi áður fyrr greitt leigu til Mosfellsahrepps fyrir upprekstur á heiðina.

Í nokkrum fyrirliggjandi heimildum er Mosfellsheiði nefnd afréttur, þar á meðal í fasteignamati 1916–1918 og lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarssýslu frá 1782–1785. Í vitnisburðum bænda á Kjalarnesi í dómsmáli frá 1860 kom fram að þeir töldu Mosfellsheiði vera afrétt eða almenning. Þá er í umfjöllun Jarðarbókar 1703 getið um upprekstur nokkurra bæja á Kjalarnesi á Mosfellsheiði.

Framangreindar heimildir virðast taka að hluta eða öllu leyti til þess lands sem hér er til umfjöllunar. Heimildir eru hins vegar misvísandi og má þar vísa til lýsing Stefáns Þorvaldssonar á Mosfells- og Gufunesóknnum frá 1855. Segir hann að „...þar séu afréttarlönd engin að kalla, og flestir [fái] upprekstur í búfjárhögum annarra, einkum þeirra, sem eiga dali eða fjalllönd“. Jafnframt kemur fram í svari sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8. janúar 1920, til Stjórnarráðs Íslands að „...ekkert svæði í Gullbringu- og Kjósarsýslu [verði] talið almenningur, er eigi sannanlega tilheyri einhverju lögbýli í sýslunum“.

Afnót af Stóra-Mosfellsheiðarlandi hafa samkvæmt framansögðu verið umfangsmikil og fjölþættari en gerist um hefðbundna afrétti. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 4.4., er m.a. fjallað um þann flokk afrétta sem teljast *afréttir einstakra jarða og stofnana*. Þar er átt við þá afrétti sem skv. elstu heimildum tilheyrdi einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Segir svo í *Almennu niðurstöðunum* að það hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar sé hins vegar ekki einhlítt og verði að meta í hverju tilviki fyrir sig. Hér háttar þannig til að vafi leikur á hvort Stóra-Mosfellsheiðarland sé afréttur. Yrði litið svo á telur óbyggðanefnd að landsvæðið myndi falla í flokk *afrétta einstakra jarða og stofnana*. Óbyggðanefnd telur hins vegar allt eins líklegt að upprekstur Mosfellinga, Kjalnesinga o.fl. á Stóra-Mosfellsheiðarland, sem heimildir greina frá, falli undir hefðbundinn ítaksrétt. Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.⁶⁹⁸ Bendir það til þess að Stóra-Mosfellsheiðarland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Eins og rakið er að framan er Stóra-Mosfellsheiðarland tiltölulega slétt heiðarflæmi og að mestu milli 200 og 300 metra yfir sjávarmáli. Verða staðhættir og nýtingarmöguleikar taldir mæla fremur með því að landið sé talið eignarland. Þá er landsvæðið umlukið eignarlandi að undanskildum Grafningsafrétti suðaustan Mosfellsheiðar. Er þannig leitt í ljós að allt landsvæðið sunnan, vestan, norðan og norðaustan við Mosfellsheiði er eignarland. Styður því eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða þá niðurstöðu að landsvæðið sé eignarland.

Af hálfu íslenska ríkisins er ekki gerð krafa til alls þess lands sem er afmarkað sem Stóra-Mosfellsheiðarland í landamerkjabréfi Stóra-Mosfells og þar sögð ráða sjónarmið um nálægð við byggð, nýtingarmöguleikar og nám. Er þannig slegið föstu af hálfu íslenska ríkisins að framangreind atriði geti skipt máli við hið eignarréttarlega mat. Óbyggðanefnd telur ljóst að kröfur íslenska ríkisins í þessu máli eru ekki í fullu

⁶⁹⁸Sbr. umfjöllun um hugtakið ítak í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

samræmi við þau sjónarmið. Þannig er auðsætt að kröfulína íslenska ríkisins gagnvart eignarlöndum í Hafnarfirði byggjast ekki á þeim sjónarmiðum

Koma þá næst til skoðunar lög nr. 53/1927 um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi. Lögin mæltu fyrir um heimild til handa ríkisstjórn Íslands að selja Mosfellshreppi Stóra-Mosfellsheiðarland að undanskildu hinu svonefnda Jónsseli. Af efni laganna og lögskýringargögnum má ráða að íslenska ríkið hafi litið svo á að landsvæðið væri eignarland. Lögin voru hins vegar aðeins heimildarlög og mæltu ekki fyrir um skyldu til að selja eignarland. Hafi Mosfellsheiðarland verið eigandalast við setningu laganna verður þó ekki litið svo að lögin hafi ein og sér breytt landsvæðinu í eignarland. Jafnframt telur óbyggðanefnd að ekki verði skýrlega ráðið af afsali kirkjumálaráðaherra á Mosfellsheiðarlandi, dags. 24. maí 1933 og þingl. 26. júní 1933, hvort verið er að selja eignarland eða óbein eignarréttindi. Heiðarlandið var selt með því skilyrði að það yrði aðeins notað til upprekstrar fyrir skepnur hreppsúta og félli það endurgjaldslost aftur til ríkisins ef brotið væri gegn þessu skilyrði. Framangreind skilyrði afsalsins hljóta að vekja upp efasemdir um hvort yfirfærsla á beinum eignarrétti hafi farið fram við sölu. Það verð sem greitt var fyrir heiðina bendir til að um óbein eignarréttindi hafi verið að ræða en samanburður við söluverð á eignarlöndum árið 1933 leiðir í ljós að kaupverð Mosfellsheiðar var afar lágt. Það fellur hins vegar utan við hlutverk óbyggðanefndar að taka afstöðu til greinds álitaefnis sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Allt að einu verða lög nr. 54/1927 um sölu Mosfellsheiðarlands og afsal dómsmálaráðherra árið 1933 talin styðja þá niðurstöðu að landsvæðið sem hér um ræðir sé undirorpið beinum eignarrétti.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjna Mosfellsheiðar innan Stóra-Mosfells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁶⁹⁹

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Stóra-Mosfellsheiðarland, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland innan landamerkjna Stóra-Mosfells verður ekki talið að krafa eigenda Hraðastaða II um beitarréttindi þarfnist sjálfstæðrar skoðunar í máli þessu, sbr. 7. gr. og 5. mgr. laga nr. 58/1998.

Krafa eiganda Hraðastaða um beitarréttindi á landsvæðum sem liggja innan annarra sveitarfélaga en Mosfellsbæjar er óljós og vanreifuð. Krafan hefur ekki fengið frekari stoð við rannsókn óbyggðanefndar og kemur ekki til frekari skoðunar hér.

⁶⁹⁹Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.16. Landsnet hf.

Í máli þessu gerir Landsnet hf. kröfur vegna háspennulína sem liggja innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Hér er um að ræða háspennulínur Landsnets hf. sem liggja frá orkuverum á Þjórsársvæðum og Sogsvirkjun. Nánar tiltekið eru þetta háspennulínurnar Búrfellslína 2 og 3, Sogslína 2 og 3 og Brennimeislína 1. Af hálfu Landsnets hf. er gerð krafa um að háspennulínurnar fái að standa ótímabundið á landi því sem þær fara um og fyrirtækið hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim, sbr. 2. mgr. 5. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Með vísan til úrskurða óbyggðanefndar á svæði 1 í Árnessýslu er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsnet hf. sé eigandi framangreindra orkuveitna sem liggja innan úrskurðaðrar þjóðlendu í máli þessu og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra. Hins vegar er Landsnet hf. hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveiturnar liggja um, sbr. 1. gr. , 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.17. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsnets hf.

7. ÚRSKURÐARORÐ⁷⁰⁰

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Sýslusteini austan Lyklafells eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapalli meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, ræður upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf í, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í Þríhnjúka og áfram í Bláfjallahorn. Síðan eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein.

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna, nú Seltjarnarneskaupstað, Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness), er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, nú Garðabæ, Hafnarfirði og sveitarfélaginu Álftanesi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands, sem er til meðferðar í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

⁷⁰⁰Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.

Landsnet hf. fer með eignarrétt að Búrfellslínu 2, Búrfellslínu 3, Sogslínu 2, Sogslínu 3 og Brennimeislínu 1, sem liggja yfir framangreinda afrétti og nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Andri Árnason hrl., kr. 1.000.000; Björn Erlendsson, kr. 350.000; Eyvindur G. Gunnarsson hdl., kr. 1.000.000; Guðmundur Benediktsson hrl., kr. 1.000.000; Halldór Backmann hrl., kr. 240.000; Jón G. Briem hrl., kr. 680.000; Jörundur Gauksson hdl., v/Mosfellshrepps kr. 1.000.000 og v/Hraðastaða kr. 200.000; Ólafur Björnsson hrl., kr. 1.200.000; Ólafur Örn Svansson hdl., kr. 715.000; Páll Arnór Pálsson hrl., v/Reykjavíkurborgar kr. 1.000.000 og v/Seljabrekku kr. 500.000; Ragnar Aðalsteinsson hrl., v/Lónakots kr. 620.000 og v/Óttarsstaða I & II kr. 620.000; Sigurbjörn Þorbergsson hdl., kr. 1.200.000; Sigurður Sigurjónsson hrl., kr. 141.000; Sigurður A. Þóroddsson hrl., kr. 1.200.000; Valgarður Sigurðsson hrl., kr. 1.200.000; Þórður Clausen Þórðarson hrl., kr. 1.200.000, en þóknun lögmanna greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Í framangreindum niðurstöðum óbyggðanefndar felst ekki afstaða til ágreinings um staðarmörk sveitarfélaga.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

Sjá bls. 195

FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



avíkursvæðið



bjóðlundumök.
 --- Linustæði Landsvirkjunar
 aðskrafa).

Deft. 29.05.20
 Kartlagður 2020
 Málsvæði 1:50,000
 Kartlagði: Spungur Skúason, Landfræðingur
 © Landmælingar Íslands, sýti n. L2000013

II. Aðilaskrá

Þjóðlendar	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Afréttur Mosfellinga	Bjarni Bjarnason vegna Hraðastaða II
Afréttur Mosfellinga	Magnús Bjarnason vegna Hraðastaða II
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna	Bragi Sigurjónsson vegna Geirlands
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna	Kópavogsbær
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna	Reykjavíkurborg vegna Kóngslands
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna	Seltjarnarneskaupstaður
Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna	Þorsteinn Hjaltsted vegna Vatnsenda
Almenningsskógar Álftaness	Garðabær
Almenningsskógar Álftaness	Hafnarfjarðarkaupstaður
Almenningsskógar Álftaness	Landeigendafélag Álftaness og sveitarfélagið Álftanes vegna jarðanna
	Akrakots, Báruhaugseyrar, Bjarnastaða, Breiðabólstaða, Brekku, Brekku í Bjarnakoti, Brekku í Kirkjubrú, Brekku í Núpakoti, Brekkuflatar, Deildar, Eyvindarstaða, Haukshúss, Hákots, Hliðs, Hliðsness, Kasthúss, Landakots, Litlabæjar, Melshúss, Oddakots, Selskarðs, Setbergs, Skógtjarnar, Svalbarða, Sveinskots, Sviðholts, Traðar, Þórukots
Almenningsskógar Álftaness	Prestsetrasjóður f.h. íslensku þjóðkirkjunnar
Eignarnámsland í Heiðmörk	Reykjavíkurborg
Ellidavatn	Orkuveita Reykjavíkur
Garðakirkjuland	Garðabær
Garðakirkjuland	Prestsetrasjóður f.h. íslensku þjóðkirkjunnar
Hraðastaðir II	Bjarni Bjarnason
Hraðastaðir II	Magnús Bjarnason

Land innan staðarmarka Hafnarfjarðar	Hafnarfjarðarkaupstaður
Lónakot	Birgir Kornelíusson
Lónakot	Haraldur Kornelíusson
Lónakot	Kornelía Kornelíusdóttir
Lónakot	Kornelíus Jónsson
Lónakot	Pétur Kornelíusson
Lækjarbotnar	Kópavogsbær
Miðdalur I	Margrét Tryggvadóttir
Miðdalur I	Sigurður Sigurjónsson
Miðdalur II	Mosfellsbær
Mosfellsheiði	Mosfellsbær
Óttarsstaðir I	Íslenskir aðalverktakar hf.
Óttarsstaðir I	Sigurður Markússon
Óttarsstaðir I	Straumsbúið sf.
Óttarsstaðir II	Birgir Sörensen
Óttarsstaðir II	Gréta Sörensen
Óttarsstaðir II	Leifur Sörensen
Óttarsstaðir II	Sína Þorleif Þórðardóttir
Sameignarland Seltjarnarness hins forna	Orkuveita Reykjavíkur
Selskarð	Björn Erlendsson
Selskarð	Halldóra Erlendsdóttir
Selskarð	Hákon Erlendsson
Selskarð	Jón Erlendsson
Selskarð	Jóhanna Jónsdóttir
Seljabrekka	Seljabrekka ehf.
Straumur	Alcan á Íslandi hf.
Vatnsendi	Þorsteinn Hjaltested
Vilborgarkot	Anna Kjartansson Macko
Vilborgarkot	Bergljót Gunnarsdóttir
Vilborgarkot	Hanna Gunnarsdóttir
Vilborgarkot	Magnús Gunnarsson
Vilborgarkot	Margrét Ingvarsdóttir
Vilborgarkot	Matthildur Ingvarsdóttir
Vilborgarkot	Ragnhildur Gunnarsdóttir

III. Skjalaskrá¹

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
- 1(1) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 27.10.2003.
- 1(2) Kort sem sýnir leiðréttingu á kröfulínu ríkisins við Stríp. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 1(3) Skjalaskrá, dags. 6.2.2004.
- 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004.
- 1(5) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 1(6) Jarðabók ÁM um Vilborgarkot, bls. 288-289.
- 1(7) Jarðabók ÁM um Garða, bls. 180-181 og 175.
- 1(8) Jarðabók ÁM um Hamarskot, bls. 174 og 167.
- 1(9) Jarðabók ÁM um Þorbjarnarstaði, bls. 164-166.
- 1(12) Hnitsettur uppdráttur af lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og Almenningskógum Álftaneshrepps (mælikvarði 1:100.000).
- 1(13) Landamerkjaskrá um afréttarmörk Ölfus- og Grafningshreppa, dags. 22.5.1886.
- 1(14) Kort með breytingu á kröfulínu ríkisins við land Alcan. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 1(16) Samningur milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar ásamt fylgiskjöllum, dags. 28.2.2001.
- 1(17) Bréf borgarstjóra til bæjarstjóra Mosfellsbæjar varðandi samkomulag um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, dags. 30.3.2001.
- 1(18) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell, dags. 30.3.2001.
- 1(19) Greinargerð um landamerki Garðabæjar, ódags.
- 1(20) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.
- 1(21) Kort sem sýnir breytingu á kröfulínu ríkisins á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005, auk viðbótar, dags. 9.5.2006.
- Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:*
- 2(1) Bringur, þ.e. Mosfellsbringur og Seljabrekka, dags. 7.10. 1939.
 - 2(2) Bringur, dags. 8.11.1939.
 - 2(3) Elliðakot, dags. 28.7.1883.
 - 2(4) Helgadalur, dags. 16.8.1884.
 - 2(5) Helgadalur, dags. í júní 1923.
 - 2(6) Helgadalur, dags. 16.8.1884.
 - 2(7) Hraðastaðir, dags. 30.5.1890.
 - 2(8) Lækjarbotnar, dags. 11.2.1868, ásamt uppskrift.
 - 2(9) Miðdalur, dags. 26.5.1890.
 - 2(10) Skeggjastaðir, dags. 2.6.1890.
 - 2(11) Stóra-Mosfell, dags. 29.5.1890.

¹ Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

III. Skjalaskrá¹

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
 - 1(1) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 27.10.2003.
 - 1(2) Kort sem sýnir leiðréttingu á kröfulínu ríkisins við Stríp. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
 - 1(3) Skjalaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(4) Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(5) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
 - 1(6) Jarðabók ÁM um Vilborgarkot, bls. 288-289.
 - 1(7) Jarðabók ÁM um Garða, bls. 180-181 og 175.
 - 1(8) Jarðabók ÁM um Hamarskot, bls. 174 og 167.
 - 1(9) Jarðabók ÁM um Þorbjarnarstaði, bls. 164-166.
 - 1(12) Hnitsettur uppdráttur af lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og Almenningskógum Álftaneshrepps (mælikvarði 1:100.000).
 - 1(13) Landamerkjaskrá um afréttarmörk Ölfus- og Grafningshreppa, dags. 22.5.1886.
 - 1(14) Kort með breytingu á kröfulínu ríkisins við land Alcan. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
 - 1(16) Samningur milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar ásamt fylgiskjöllum, dags. 28.2.2001.
 - 1(17) Bréf borgarstjóra til bæjarstjóra Mosfellsbæjar varðandi samkomulag um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, dags. 30.3.2001.
 - 1(18) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell, dags. 30.3.2001.
 - 1(19) Greinargerð um landamerki Garðabæjar, ódags.
 - 1(20) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.
 - 1(21) Kort sem sýnir breytingu á kröfulínu ríkisins á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005, auk viðbótar, dags. 9.5.2006.

Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:

- 2(1) Bringur, þ.e. Mosfellsbringur og Seljabrekka, dags. 7.10. 1939.
- 2(2) Bringur, dags. 8.11.1939.
- 2(3) Elliðakot, dags. 28.7.1883.
- 2(4) Helgadalur, dags. 16.8.1884.
- 2(5) Helgadalur, dags. í júní 1923.
- 2(6) Helgadalur, dags. 16.8.1884.
- 2(7) Hraðastaðir, dags. 30.5.1890.
- 2(8) Lækjarbotnar, dags. 11.2.1868, ásamt uppskrift.
- 2(9) Miðdalur, dags. 26.5.1890.
- 2(10) Skeggjastaðir, dags. 2.6.1890.
- 2(11) Stóra-Mosfell, dags. 29.5.1890.

¹ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(12) Svansstaðir (síðar Leirvogsvatn), dags. 21.4.1933.
 2(13) Vilborgarkot, dags. 11.6.1940.
 2(14) Þormóðsdalur, dags. 1.3.1884.
 2(15) Þormóðsdalur, dags. júní 1923.
 2(16) Hvaleyri, dags. 7.6.1890.
 2(17) Hvaleyri, dags. 9.6.1890.
 2(18) Lónakot, dags. 7.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
 a-b
 2(19) Óttarsstaðir og Hvassahraun, dags. 26.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
 a-b
 2(20) Óttarsstaðir og Straumur, dags. 26.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
 a-b
 2(21) Óttarsstaðir og Lónakot, dags. 26.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
 a-b
 2(22) Setberg, dags. 5.6.1890.
 2(23) Straumur, dags. 31.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum í Keflavík.
 a-b
 2(24) Þorbjarnarstaðir með Stóra-Lambhaga, dags. 6.6.1890, ásamt uppskrift.
 a-b
 2(25) Garðakirkja, dags. 7.6.1890, ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar.
 a-b
 2(110) Suður-Reykjatorfan, dags. 22.5.1883.
 2(119) Hvassahraun og Lónakot, dags. 7.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
 a-b
 2(120) Hvassahraun, Lónakot og Óttarsstaðir, dags. 13.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanni.
 a-b
 2(248) Krísvík (Vigdísarvellir voru hjáleiga frá Krísvík), dags. 14.5.1890, ásamt uppskrift.
 a-b
 2(249) Selvogs- og Ölfusafréttir, dags. 24.9.1889.
 2(250) Selvogs-, Ölfuss- og Grafningsfréttir, dags. 24.9.1889, 22.5.1886 og 3.10.1885, ásamt uppskrift.
 a-b
 2(253) Krísvík (Vigdísarvellir voru hjáleiga frá Krísvík), dags. 14.5.1890, ásamt uppskrift.
 a-b
 2(254) Selvogs- og Ölfusafréttir, dags. 24.9.1889.
 2(255) Selvogs-, Ölfuss- og Grafningsfréttir, dags. 24.9.1889, 22.5.1886 og 3.10.1885, ásamt uppskrift.
 a-b
 2(256) Ás, dags. 7.6.1890.
 2(257) Breiðholt, dags. 2.6.1890.
 2(258) Jófríðarstaðir, dags. 6.6.1890.
 2(259) Laxnes, dags. 23.5.1889.
 2(260) Setberg, dags. 5.6.1890.
 2(261) Stardalur, dags. 20.11.1888.
 2(262) Garðakirkjuland, dags. 7.6.1890.
 2(263) Gröf, dags. 7.11.1868.
 2(264) Hólmur, dags. 28.7.1883.
 2(265) Gröf og Keldur, dags. 10.10.1909.
 2(266) Vífilsstaðir, dags. 13.6.1923.
 2(267) Gröf og Hólmur, dags. 13.12.1927.
 Landamerkjabréf Vatnsendalands, sjá skjal nr. 2(66).
 Landamerkjabréf Elliðavatns, sjá skjal nr. 2(80).
 Landamerkjabréf Grafarholts, sjá skjal nr. 2(268).

Jarðabréf:

- 2(26) Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Árnessýslu, dags. 3.1.1870.
 2(27) Bréf Þórðar Guðmundssonar á Litlahrauni til sýslumanns í Árnessýslu, dags. 8.6.1870.

- 2(28) Stefna til Ófeigs Vigfússonar að mæta við áreiðagerð og sáttaumleitanir, dags. 25.6.1870.
- 2(29) Spurningar frá Þórði Guðmundssyni, sem hann vill að verði lagðar fyrir aukarétt Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 7.9.1871.
- 2(30) Sóknarskjal Þórðar Guðmundssonar lagt fyrir aukarétt Árnassýslu, dags. 28.8.1870.
- 2(31) Útskrift úr dómsmálabók Árnassýslu frá aukarétti, dags. 12.7.1870.
- 2(32) Útskrift úr aukaréttarbók Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 10.10.1871.
- 2(33) Vitnisburðir um landamerki Mosfells, dags. 5.7. og 6.7.1850 (staðfest afrit).
- 2(34) Lögfesta Markúsar Snæbjörnssonar fyrir Þingvöllum, dags. 16.5.1740 (staðfest afrit).
- 2(35) Vitnisburður Guðmundar Jakobssonar um mörk Árnass- og Gullbringusýslna, dags. 26.4.1871.
- 2(36) Vitnisburður Stefáns Þorvaldssonar um landamerki Mosfellsfjalllands, dags. 18.5.1869.
- 2(37) Vörn Páls Melsteð fyrir Ófeig Vigfússon, dags. 10.9.1873.
- 2(38) Sáttaboð Þorkels Bjarnasonar til Ófeigs Vigfússonar, dags. 19.11.1868.
- 2(39) Tilkynning frá Páli Melsteð um málsmeðferð, dags. 12.9.1873.
- 2(40) Vitnisburður Björns Bjarnarsonar um sýslumörk Árnass- og Gullbringu- og Kjósarsýslna, dags. 3.9.1873.
- 2(41) Vitnisburður Narfa Þorsteinssonar um sýslumörk, dags. 16.10.1869.
- 2(42) Vitnisburður Ingimundar Gíslasonar um sýslumörk, dags. 29.7.1869.
- 2(43) Vitnisburður Árna Björnssonar um sýslumörk, dags. 9.9.1869.
- 2(44) Vitnisburður Guðmundar Gamalíelssonar um mörk Mosfellskirkjulands, dags. 18.10.1871.
- 2(45) Vitnisburður Guðrúnar Ófeigsdóttur um landamerki Nesja, dags. 16.10.1871.
- 2(46) Vitnisburður Kláusar Bjarnasonar um sýslumörk Árnes- og Gullbringu- og Kjósarsýslna, dags. 20.11.1871.
- 2(47) Framhaldssóknarskjal Þórðar Guðmundssonar, dags. 3.10.1873. Í málskjalunum eru einnig afrit af brotum úr lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslu og lýsingu Stefáns Þorvaldssonar á Mosfells- og Gufunessóknum í janúar 1855.
- 2(98) Bann við hrís- og lyngrifi og beit í landi nokkurra jarða, m.a. Garða og Hvaleyrar, dags. júní 1870.
- 2(99) Gullbringur. Leyfi til handa Jóhannesi Jónssyni Lund til að byggja bæ í heiðarlandi Mosfellskirkju, dags. 2.8.1856.
- 2(100) Helliskot. Fyrirverandi ábúandi vitnar um grenjasvæði, dags. 21.6.1838.
- 2(101) Hraunjarðir. Bann við hrísrifi í landi Hraunjarða, dags. 12.6.1865 og 24.6.1865.
- 2(102) Landamerki Vilborgarkots eftir útmælingargerð, dags. 7.9.1863.
- 2(103) Landamerki Þormóðsdals, dags. 1.3.1884.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 2(48) Afsal dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir Mosfellsheiðarlandi, að undanskildu Jónsseli, Mosfellsbringum, Svanastöðum (síðar Leirvogsvatni) og veiðirétti í Leirvogsvatni og Leirvogsa, til Mosfellsahrepps, dags. 24.5.1933.
- 2(49) Friðlýsing Almenningskóga Álftaneshrepps 19.6.1848. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 38. Lýst er mörkum og öðrum en ábúendum Hraunjarða bannað að nýta landið.
- 2(50) Lýsing á mörkum almennings Álftnesinga 21.6.1849. Afsals- og veðmálabók a-b Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 81. (Skjalið skrifað upp), ásamt óstaðfestri uppskrift lagðri fram af Eyvindi Gunnarssyni hrl.
- 2(51) Lögfesta hálfra Óttarsstaða 21.6.1849. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og a-b Kjósarsýslu 184-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 82, ásamt óstaðfestri

- uppskrift.
- 2(52) a-b Lögfesta Straums 21.6.1849. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 83, ásamt uppskrift að hluta frá sýslumannsembætti.
- 2(53) Afsal fyrir Þorbjarnarstöðum með landamerkjalyðingu, dags. 31.5.1848. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 111.
- 2(54) Lögfesta fyrir Lónakoti, dags. 8.11.1849. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 112.
- 2(104) Sættargerð milli umboðsmanns konungsjarða í Gullbringusýslu og eiganda Helliskots um landsspildu milli Helliskots og Hólms, dags. 23.11.1840.
- 2(105) Jón Illugason selur Jóni Hjörtssyni Hvaleyrri ásamt hjáleigum og eignarlöndum, dags. 8.9.1842.
- 2(106) Guðmundur Guðmundsson hefur leigt hálfa Þorbjarnarstaði, dags. 26.6.1845.
- 2(107) Bann við hrísrifi í landi Garða milli fjalls og fjöru, dags. 23.10.1846.
- 2(130) a-b Afsal ráðherra Íslands til Jóns Felixsonar á kirkjuförðinni Selskarði í Garðahreppi, dags. 29.5.1912, ásamt óstaðfestri uppskrift, lagðri fram af Birni Erlendssyni.
- 2(131) Bann við notkun á skógi Hraunajarða, sem liggur fyrir neðan þann svokallaða Almanning, dags. 24.6.1865.
- 2(132) Bann við hrísrifi í landi Garða á Álftanesi, Hvaleyrar, Kaldársels og annarra jarða í ofanverðum Garðahreppi, dags. júní 1870.
- 2(133) Áreið á landamerki Hraunajarða og Almanningsskóga og landamerki ákveðin, dags. 29.5.1875.
- 2(134) Bann bænda á Elliðavatni, Vatnsenda, Hólmi, Urriðakoti, Vífilstöðum og Setbergi við fuglaveiði í löndum þeirra, dags. 3.6.1881.
- 2(135) Um eignarétt á námuréttindum í Miðdals- og Þormóðsdalslöndum, dags. 21.5.1909.
- 2(136) Umboð til sölu námuréttinda í Miðdal, dags. 28.10.1910.
- 2(137) Skuldbinding bænda í Miðdal um að leigja ekki eða selja eða láta af hendi hússtæði eða lóðir í landareigninni í 35 ár, dags. 20.2.1911.
- 2(138) Um óskipt beutiland Garðakirkju, dags. 25.11.1926.
- 2(139) Sala á spildu úr Vatnsendalandi, í Vatnsendahólum, dags. 14.2.1909.
- 2(141) Friðlýsingarskjal fyrir Helgadalstrúst, dags. 25.10.1930.
- 2(163) a-b Tilkytning eignarmanns Lónakots um fyrirhugaða uppbyggingu jarðarinnar, sem hefur verið í eyði, dags. 22.4.1841, ásamt uppskrift.
- 2(164) a-b Sátt um landamerki Helliskots og Hólms, dags. 24.11.1840, ásamt uppskrift.
- 2(165) a-b Tilkytning stiftamtmanns um nýbýli í Lónakoti, dags. 26.5.1842, ásamt uppskrift.
- 2(166) a-b Afsal fyrir Hvaleyrri með tilgreindum landamerkjum, dags. 8.9.1842, ásamt uppskrift.
- 2(167) a-b Eigandi Þorbjarnarstaða biður Álftaneshreppsþúa að taka ekki skóg neðar en 3-4 faðma tólfræða suðaustan- og ofanvert við Gjásel, dags. 26.6.1845, ásamt uppskrift.
- 2(168) a-b Garðaprestur og ábúendur jarða í Garðahverfi auglýsa á hreppsskilafundi samning um skógarnot í Garðalandi, þinglesinn 21.6.1847, ásamt uppskrift.
- 2(246) Þorsteinn Jónsson veðsetur *Vilborgarkot*, eignarjörð sína og tengdafólks síns, dags. 6.7.1881.
- 2(247) Guðmundur Magnússon veðsetur eignarjörð sína *Vilborgarkot*, dags. 14.11.1889.
- 2(248) Guðmundur Magnússon veðsetur *Vilborgarkot* (með gistihúsinu Geithálsi) og Elliðakot, dags. 1.10. og 20.9.1915.
- 2(249) Helgi Jónsson frá Tungu afsalar Sigvalda Jónssyni húseignina Geitháls og eyðijörðina *Vilborgarkot*, dag. 10.5.1928.

- 2(250) Afsal fyrir *Selskarði*, dags. 29.5.1912.
- 2(268) Landamerkjalyásing Grafaholts, dags. 12.5.1918, ásamt afsali Björns Bjarnasonar til Guðmundar H. Sigurðssonar á landspildu úr Grafaholti, dags. 30.6.1915. Yfirlýsing Björns Bjarnasonar, eiganda Grafaholts varðandi landamerkjalyásinguna, dags. 3.12.1919.
- 2(271) Afsal Gests Einarssonar á ½ eignarhluta sínum í jörðinni Elliðavatn til Emils Rolsstad, dags. 13.10.1915.
- 2(272) Afsal Eiríks Einarssonar á ¼ eignarhluta í jörðinni Elliðavatn til Emils Rolsstad, dags. 10.4.1919.
- 2(273) Afsal Einars Benidiktssonar á slægjuítaki í landi Elliðavatns til Christens Zimsen og Þórðar Sveinssonar, dags. 7.6.1922.
- Fasteigna- og jarðamöt:*
- 2(108) Fasteignamat Gullbringusýslu 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
a-b
- 2(109) Fasteignamat Kjósarsýslu 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
a-b
- 2(116) Jarðamat Hausastaðahrepps í Gullbringusýslu 1804.
- 2(117) Jarðamat Garðahrepps, Seltjarnarneshrepps og Mosfellssveitar 1849, ásamt uppskrift af því sem virtist geta skipt máli fyrir þjóðlendumál.
- 2(118) Fasteignamat Garðahrepps, Seltjarnarneshrepps og Mosfellssveit 1932 (eingöngu lýsingar ábúenda).
- 2(140) Fasteignamatyfirlit fyrir Mosfellshrepp, gert 1930, varðandi Geirland og Gunnarshólma. Þar kemur fram, að um nýbýli úr Elliðakoti er að ræða.
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:*
- 2(55) Áreiðargerð á Vilborgarkotsland, dags. 7.9.1863 (Gull. og Kjós. V, 11), ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar.
- 2(56) Dómur í máli Þorkels Bjarnasonar á Mosfelli sínu og Mosfellskirkju vegna gegn Ófeigi Vigfússyni á Nesjum í Grafningi, dags. 22.11.1873. Landamerki Mosfells á Mosfellsheiði (Árnessýsla V, 23. Dómsmálabók 1872-1878).
- 2(57) Dómur um landamerki Vatnsenda og Elliðavatns, dags. 19.5.1884 (Gull. og a-b Kjós. VI, 5. Dómabók 1874-1886), ásamt uppskrift að hluta.
- 2(58) Áreið á Almennung Álftnesinga, dags. 2.6.1848 (Gull. og Kjós. V, 8. a-b Aukadómssmálabók 1844-1848), ásamt óstaðfestri uppskrift (sbr. skjal nr. 2(114)).
- 2(59) Áreið á landamerki Hraunajarða og Almennungsskóga, dags. 12.9.1874 (Gull. og Kjós. V, 14. Aukadómssmálabók 1874-1877).
- 2(60) Fyrirtaka landamerkjamáls milli Elliðavatns og Vatnsenda, dags. 4.8.1883 (Gull. og Kjós. IV, 17. Dóma- og þingbók 1879-1883, bls. 265-267).
- 2(61) Vitnaleiðslur í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda, dags. 29.2. og 12.3.1884 (Gull. og Kjós. IV. Dóma- og þingbók 1883-1885, án blaðsíðutals).
- 2(62) Réttarhöld í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda, dags. 16.5., 16.5. og 19.5.1884 (Gull. og Kjós. IV, 18. Dóma- og þingbók 1883-1885, án blaðsíðutals).
- 2(63) Dómur í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 19.5.1884 (Gull. og Kjós. IV, 5. Dómabók 1874-1886, bls. 152-156).
- 2(64) Dómsskjal nr. 1 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(65) Dómsskjal nr. 2 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(66) Dómsskjal nr. 3 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og a-b Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885). Landamerkjalyásing Vatnsendalands, dags. 22.5.1883, ásamt óstaðfestri uppskrift (lögð fram af Sigurbirni Þorbergssyni hdl.).
- 2(67) Dómsskjal nr. 4 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og

- Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(68) Dómsskjal nr. 5 a í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(69) Dómsskjal nr. 5 b í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(70) Dómsskjal nr. 6 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(71) Dómsskjal nr. 7 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(72) Dómsskjal nr. 8 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884. (Gull. og Kjós VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(73) Dómsskjal nr. 9 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(74) Dómsskjal nr. 10 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(75) Dómsskjal nr. 11 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(76) Dómsskjal nr. 12 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(77) Dómsskjal nr. 13 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(78) Dómsskjal nr. 14 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(79) Dómsskjal nr. 15 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(80) Dómsskjal nr. 16 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og a-b Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885), ásamt óstaðfestri uppskrift (lögð fram af Sigurbirni Þorbergssyni hdl.).
- 2(81) Dómsskjal nr. 17 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(82) Dómsskjal nr. 18 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885). Landamerkjalyfing Elliðavatns, dags. 20.6.1883.
- 2(83) Dómsskjal nr. 19 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(84) Dómsskjal nr. 20 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(85) Dómsskjal nr. 21 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(86) Dómsskjal nr. 22 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(87) Dómsskjal nr. 23 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(88) Dómsskjal nr. 24 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(89) Dómsskjal nr. 25 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885). Skjalið sjálf vantar, en fram kemur, að það hefur verið afhent ábúanda Elliðavatns.
- 2(90) Vitnaleiðsluskjöl í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884 (skjöl frá 29/2 og 23/3, merkt nr. 3 og 4) (Gull. og Kjós. VII, 16. Dómsskjöl 1883-1885).
- 2(111) Vitnataka í lögreglurétti varðandi landamerki Elliðavatns og Vatnsenda, dags. a-b 22.8.1883, ásamt uppskrift af vitnisburðinum sjálfum.
- 2(112) Vitnataka í lögreglurétti varðandi landamerki Elliðavatns og Vatnsenda, dags. a-b 15.2.1884, ásamt uppskrift af vitnisburðinum sjálfum.

- 2(113) Útnefning áreiðarmanna á Almenningskóginn í Álftaneshreppi, dags. 18.5.1848.
- 2(114) Yfirlýsing ábúenda í Hraunum, dags. 2.6.1848, ásamt uppskrift (sbr. skjal nr. 2(58)).
- 2(115) Yfirlýsing sóknarprests í Görðum, dags. 29.5.1848.
- 2(121) Skipun skoðunarmanns á Almenningskógi í Álftaneshreppi, dags. 18.5.1848, a-b
- 2(122) Bréf sýslumanns til suðuramtsins varðandi áreiðina, með fyrirspurn varðandi vitnisburði, sem Guðmundur Guðmundsson í Litla-Lambhaga lagði fram, hvort þeir hindruðu að almenningskógarnir yrðu friðlýstir á næsta manntalsþingi, dags. 10.6.1847.
- 2(123) Bréf sýslumanns til suðuramtsins varðandi eignar- og notarétt á Almenningskóginum í Álftaneshreppi, dags. 24.1.1849.
- 2(124) Mat á konungsjörðum í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum 1755, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(142) Vitnisburður um landamerki Þingvalla og Mosfellskirkju, dags. 10.9.1858.
- 2(143) Byrjun á útmælingu Vilborgarkots, dags. 21.7.1863, ásamt uppskrift. a-b
- 2(144) Manntalsþing á Lágafelli, dags. 30.5.1864. Forboð frá sr. J.K. Benediktssyni gegn óleyfilegri hrossagöngu á Mosfellsland, dags. 27.5.1864.
- 2(145) Manntalsþing á Hofi 1.6.1864. Aðvörun frá sr. J.K. Benediktssyni á Mosfelli gegn hrossagöngu á Mosfellslandi, dags. 27.5.1864.
- 2(146) Útmæling á Lækjarbotnum, dags. 22.7.1865.
- 2(147) Ágreiningur um mörk Þorbjarnarstaða, dags. 20.10., 8.11.1866. a-b
- Dómsuppkvaðning, dags. 12.1.1867, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(148) Skjöl lögð fram í Þorbjarnarstaðamerkjamáli árið 1866.
- 2(149) Dómur um skógarhögg í Þorbjarnarstaðalandi. Ágreiningur um mörk Almennings og heimalands, dómabók 1857-1874.
- 2(150) Úrskurður um Lækjarbotnaland, dags. 4.12.1866.
- 2(151) Vitnaleiðsla í Mosfellsheiðarmáli, dags. 10.10.1870.
- 2(152) Ákvörðun um áreið á mörk Hraunjarða og Almennings, dags. 4.10.1873, a-b
- 2(153) Málarekstur milli hreppsstjóranna í Álftanes- og Seltjarnarneshreppum árið 1875, sem virðist snúast um ómerkinga í Gjárrétt, sem Garðaprestur, sem réttarbóndi, hafði leyft hreppsstjórum Álftaness að taka. Er þar komið inn á rétt *Garðakirkju* til landsins.
- 2(154) Málsskjöl, nr. 5-7, í ómerkingamálinu, sjá skjal nr. 2(153), þ.e. vottorð Garðaprests, dags. 26.11.1874, og tveir vitnisburðir frá 4.2.1875, um hirðingu Garðaprests á ómerkingum.
- 2(155) Dómur í Gjárréttarmáli, dags. 4.8.1875.
- 2(156) Manntalsþing 29.6.1875 fyrir Álftaneshrepp. Þinglesin áreiðargerð á landamerki Hraunjarða.
- 2(157) Dómur um greiðslu afgangis af hálfu Vilborgarkoti, dags. 16.4.1873.
- 2(158) Manntalsþing fyrir Álftaneshrepp, þinglesið bann Garðaprests gegn lyng- og hrísrifi, grjót- og beitutekju í Garðakirkjulandi, dags. 9.7.1878.
- 2(159) Dómur um greiðslu afgangis af hálfu Vilborgarkoti, dags. 30.3.1882.
- 2(160) Dómur um landamerki Helliskots/Elliðakots og afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, dags. 19.9.1891.
- 2(161) Málsskjöl í Helliskotsmáli 1891.
- 2(162) Dómur um landamerki Helliskots og afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, dags. 12.4.1892.
- 2(174) Mál varðandi Straum og byggingu Straumssels árið 1848, ásamt uppskrift. a-b
- 2(175) Mál varðandi leigu og nýtingu á Garðakirkjuþjallandi árið 1848, ásamt a-b uppskrift.

- 2(176) Afréttarmál Reykvíkinga, sjá skilabréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 11.3.2005.
- 2(177) Dómur varðandi tilkall eiganda Vilborgarkots til hluta af Hólmslandi, dags. 14.10.1902.
- 2(197) Manntalsþing í Görðum, lesnar lögfestur fyrir Garðakirkju- og a-b Hvaleyrarlöndum. (Lögfesturnar sjálfar vantar), dags. 18.5.1789, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(198) Manntalsþing á Esjubergi, m.a. lesin lögfesta fyrir Mosfellskirkjulandi frá a-b 1770. (Lögfestan sjálf er ekki), dags. 9.6.1801, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(199) Manntalþing á Álftanesi, dags. 16.7.1804. Lögfesta fyrir Selskarði, ásamt a-b uppskrift að hluta.
- 2(200) Manntalsþing í Reykjavík. Lesnar lögfestur fyrir Vatnsenda og Elliðavatni. a-b (Lögfesturnar sjálfar eru ekki), dags. 19.5.1826, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(201) Manntalsþing að Görðum. Varðar sauðfjárleitir í Álftaneshreppi, dags. a-b 25.5.1830, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(202) Manntalsþing í Reykjavík. Varðar sauðfjárleitir í Seltjarnarneshreppi, dags. a-b 26.5.1830, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(203) Manntalsþing að Görðum, dags. 22.6.1849, birt auglýsing um a-b Almenningskóginn í Álftaneshreppi, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(204) Manntalsþing að Görðum, dags. 22.6.1849, lesin lögfesta fyrir hálfum a-b Öttarsstöðum, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(205) Manntalsþing að Görðum, dags. 22.6.1849, lesin lögfesta fyrir Straumi, ásamt a-b uppskrift að hluta.
- 2(206) Manntalsþing að Görðum, dags. 21.6.1850, lesið afsalsbréf fyrir a-b Þorbjarnarstöðum; afhentir vitnisburðir um landamerki Hvaleyrar, ásamt uppskrift.
- 2(207) Manntalsþing að Görðum, dags. 21.6.1850, lesin lögfesta fyrir Lónakoti. a-b Sýslumaður taldi hluta landsins vera innan Almennings, ásamt uppskrift.
- 2(208) Manntalsþing að Görðum, dags. 21.6.1850, lesið forboð gegn kolaveiði og a-b beitutöku í Hvaleyrartjörn, ásamt uppskrift.
- 2(209) Manntalsþing að Görðum, dags. 18.6.1852, birt auglýsing um meðferð a-b Almenningskógarins, ásamt uppskrift.
- 2(210) Manntalsþing í Hafnarfirði, dags. 22.6.1874, vitnisburðir um óleyfilegt hrís- a-b og lyngrif, ásamt uppskrift.
- 2(211) Ákveðin áreið á landamerki Elliðakots/Helliskots, dags. 28.8.1880, ásamt a-b uppskrift.
- 2(212) Manntalsþing Seltjarnarneshrepps, dags. 3.6.1882. Sala á Elliðavatni og veiði a-b í Elliðaám, nýbýlisréttur á Lækjarbotnum, ásamt uppskrift.
- 2(213) Áreið og vitnisburðir um land Vilborgarkots, sem áður var notað frá Hólmi, a-b dags. 10.10.1884, ásamt uppskrift.
- 2(214) Manntalsþing að Lágafelli, dags. 6.6.1885, lesið landamerkjabréf fyrir a-b Helgadal, ásamt uppskrift.
- 2(215) Aukaréttur að Miðdal, dags. 1.8.1887. Fyrirtaka máls Guðmundar Einarssonar gegn sýslumanni Kjósar- og Gullbringusýslu, sem umboðsmanni þjóðjarðarinnar Þormóðsdals út af landamerkjum milli jarðanna Miðdals og Þormóðsdals. Lögð fram skjöl og málspartar láta bóka athugasemdir sínar varðandi málflutning og framlögð skjöl hvor annars.
- 2(216) Þingsvitnataka og merkjadómur viðvíkjandi landamerkjum í afréttarlandi Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps gagnvart Elliðakoti, dags. 16., 18., og 19.9.1891.
- 2(217) Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps gegn Guðmundi Magnússyni í merkjadómi, dags. 12.4.1892 (Varðar Elliðakot og afréttinn).
- 2(218) Dómur í landamerkjamáli milli Elliðakots og Hólms, dags. 14.10.1902.
- 2(219) Vitnisburðartaka, dags. 14.9.1911, vegna kæru Árneseinga um ólöglega smölun á afrétti Ölfushrepps. Tilgreind eru leitartakmörk Mosfellshrepps.

- 2(220) Elliðakotsbóndi tók heylest Lækjabotnabónda í krafti þess, að hann þóttist eiga hey á Kolviðarhóli. Málsatvik reifuð og Elliðakotsbónda tilkynnt um málshöfðun gegn honum, dags. 17.9.1890.
- 2(221) Manntalsþing á Hausastöðum, dags. 19.5.1784, lesnar lögfestur fyrir a-b Garðastað, Vífilsstöðum og Hamarskoti (lögfesturnar sjálfar eru ekki), ásamt uppskrift.
- 2(222) Sýslunefndarfundur Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar kemur fram, að bryddað hefur verið upp á umræðum við Árnessýslu um afréttarland, dags. 15.5.1877.
- 2(223) Á sýslunefndarfundum Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 23.11.1877 var lagt fram bréf sýslumanns Árnesinga, dags. 12.7. s.á. um tilnefningar manna til þess að koma sér saman um upprekstrarland.
- 2(224) Beiðni um kaup á Mosfelli í Mosfellssveit 1912. Á sýslunefndarfundum 1912 var lögð fram beiðni Mosfellsprests um kaup á jörðinni, en einnig lagt fram erindi hreppnefndar, að jörðin væri vel fallin til almenningsafnota fyrir hreppinn sem upprekstrarland og til skólahalds. Sýslunefnd taldi eigi heimilt án sérstakra laga að selja jörðina.
- 2(225) Bréf stiftamtmanns og amtmanns í Suðuramti til sýslumanns í Gullbringu- og a-b Kjósarsýslu, dags. 15.11.1825, með úrskurði varðandi nýbýlisstofnun í *Fóelluvötnum*, ásamt uppskrift.
- 2(226) Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til Guðmundar a-b Guðmundssonar á Lágafelli, dags. 1.11.1825, varðandi úrskurð amtmanns um *Fóelluvötn*, ásamt uppskrift.
- 2(227) Áreið á landamerki *Helliskots* að sunnan, sérstaklega varðandi Átthaga/Nátthaga og Miðmundamýri, dags. 1.9.1880 (Áreiðargerðin liggur í dómsskjölum en svo virðist sem einhverjar þingbækur hafi glatast og aldrei komið til Þjóðskjalasafns).
- 2(228) Dómur í ágreiningsmáli milli Lækjarbotna og *Helliskots* varðandi Átthaga og Miðmundamýri, dags. 12.1.1883.
- 2(229) Dómur í landamerkjamáli *Miðdals og Þormóðsdals* varðandi *Óskot*, dags. 5.4.1887.
- 2(269) Manntalsþing í Reykjavík, dags. 19.5.1826. Nokkrir bændur í Grafningi og a-b Þingvallasveit gera forboð gegn stóðhrossarekstri í afrétt fyrir ofan Mosfellssveit og Seltjarnarneshrepp, ásamt uppskrift að hluta.
- Vísitásiubækur biskupa:*
- 2(91) Vísitasía að Mosfelli, ódags. 1642, ásamt uppskrift (A.II, 9).
a-b
- 2(92) Vísitasía að Mosfelli, dags. 23.8.1646 (A.II, 9).
- 2(93) Vísitasía að Mosfelli, dags. 30.8.1678, ásamt uppskrift (A.II, 11 A).
a-b
- 2(94) Vísitasía að Mosfelli, dags. 2.8.1703, ásamt uppskrift (A.II, 14).
a-b
- 2(178) Vísitasía að Görðum, ódags. 1642, ásamt uppskrift að hluta (A.II, 9).
a-b
- 2(179) Vísitasía að Görðum, dags. 28.8.1678, ásamt uppskrift að hluta A.II, 11).
a-b
- 2(180) Vísitasía að Görðum, dags. 8.8.1703, ásamt uppskrift að hluta (A.II, 14).
a-b
- 2(181) Vísitasía að Görðum, ódags. 1724, ásamt uppskrift að hluta (A.II, 17).
a-b
- 2(182) Vísitasía að Görðum, dags. 18.6.1751, ásamt uppskrift að hluta (A.II, 19).
a-b
- 2(183) Vísitasía að Görðum, dags. 6.6.1758, ásamt uppskrift að hluta (A. II, 21).
a-b
- 2(184) Vísitasía að Mosfelli, 26.6.1800, ásamt uppskrift að hluta (A.II, 24).
a-b

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja:

- 2(125) a-b Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu um rétt til Almenningskógarins í Álftaneshreppi og ákvörðun marka hans, dags. 3.12.1847, ásamt uppskrift.
- 2(126) a-b Bréf bænda í Hraunum til stiftamtmanns um eyðingu á landi þeirra, dags. 29.10.1847, ásamt uppskrift.
- 2(127) a-b Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til stiftamtmanns þar sem hann framsendir bréf Árna Helgasonar prófests í Görðum, dags. 13.1.1848, ásamt uppskrift.
- 2(128) Friðlýsing Almenningskógar í Álftaneshreppi, dags. 19.6.1847, sjá uppskrift í skjali nr. 2(129)b.
- 2(129) a-b Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til stiftamtmanns varðandi áreið á Almenningskóginn, dags. 10.6.1848, ásamt uppskrift.
- 2(185) Sýslumaður í Gull. & Kjós. skrifar amtmanni varðandi friðun skógarins í Almenningskóginum og áreið á landamerki Almennings og Hraunajarða, dags. 8.7.1873 og 6.10.1873.
- 2(186) a-b Deilur um hvort Vilborgarkot væri nýbýli eða afbýli og hverjum skyldi greiða afgangið. Sjá skýringar í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(187) Afréttur Reykvíkinga. Nokkrir *Reykvíkingar* kærðu til bæjarfógeta yfir meðferð Ölfusinga á hrossum þeirra og töldu sig eiga *afréttarland upp við Lækjarbotna og upp frá þeim til sýsluskila*, dags. 30.9.1880.
- 2(188) Deilur Guðmundar Magnússonar í Elliðakot/Helliskoti við Seltjarnarneshrepp og Reykjavíkurbæ varðandi mörk Elliðakots og afréttarlands sveitarfélaganna auk dóms sem féll í málinu, dags. 12.4.1892.
- 2(230) a-b Bréf amtmanns í Suðuramti til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 27.12.1822, vegna umsóknar um nýbýlisrétt í *Fóelluvötum*, ásamt uppskrift.
- 2(231) a-b Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns í Suðuramti, dags. 10.11.1825, varðandi umsókn um nýbýlisstofnun í *Fóelluvötum*, ásamt uppskrift.
- 2(232) a-b Umsókn Guðmundar Guðmundssonar til stiftamtmanns, dags. 11.12.1822, um nýbýli í *Fóelluvötum*, ásamt uppskrift.
- 2(233) a-b Bréf sýslumanns í Árnassýslu til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5.10.1825, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(234) a-b Umsókn Guðmundar Jónssonar um útmælingu lands til nýbýlis, dags. 4.10.1825, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(235) a-b Bréf stiftamtmanns/amtmanns í Suðuramti til Mosfellsprests, dags. 22.6.1858, varðandi byggingu nýbýlis við *Sauðafell litla á Mosfellsheiði*. Þar er einnig vikið að stofnun býlis í *Gullbringum*, ásamt uppskrift.
- 2(236) a-b Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 13.6.1865, um útmælingu nýbýlis í *Lækjarbotnum*, ásamt uppskrift.
- 2(237) a-b Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 6.2.1866, um útmælingu nýbýlis í *Lækjarbotnum*, ásamt uppskrift.
- 2(238) a-b Bréf stiftamtmanns til sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 18.7.1866, um útmælingu nýbýlis í *Lækjarbotnum*, ásamt uppskrift.
- 2(239) Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 6.8.1865, þar sem send er útmælingargerð á *Lækjarbotnum*.
- 2(247) *Upplýsingar um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslna 1831-1832*: Bréf Björns Gunnlaugssonar til stiftamtmanns, dags. 27.12.1831 (Skjalasafn stiftamtmanns III. 386). Bréf stiftamtmanns til sýslumanna, dags. 3.1.1832 (Skjalasafn stiftamtmanns I, nr. 57). Svar sýslumanns í Árnassýslu, dags. 11.1.1832 (Skjalasafn stiftamtmanns III. 386). Svar sýslumanns í Gullbringusýslu, dags. 12.4.1832, með svörum hreppstjóra í Mosfells sveit, dags. 25.1.1832, og Kjós, dags. 14.3.1832 (Skjalasafn stiftamtmanns III.

- 386).
- 2(252) *Upplýsingar um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslna* 1831-1832. Bréf Björns a-b Gunnlaugssonar til stiftamtmanns, dags. 27.12.1831. Bréf stiftamtmanns til sýslumanna, dags. 3.1.1832. Svar sýslumanns í Árnessýslu, dags. 11.1.1832. Svar sýslumanns í Gullbringusýslu, dags. 12.4.1832, með svörum hreppstjóra í Mosfellssveit, dags. 25.1.1832, og Kjós, 14.3.1832.

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:

- 2(169) Bréf hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps vegna skiptingar hreppsins, dags. 18.11.1947.
- 2(170) Bréf sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 19.11.1947, ásamt útskrift úr gjörðabók sýslunefndar Kjósarsýslu frá fundi, dags. 18.11.1947.
- 2(171) Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumanns í Gullbringu og Kjósarsýslu, dags. 21.11.1947.
- 2(172) Sala á Mosfellsheiðarlandi árið 1933. Í bréfi Mosfellsprests, dags. 7.2.1933, eru ýmis skilyrði fyrir sölu og einnig lýsir hann merkjum heiðarlandsins, Jónssels og Mosfellsbringna og vísar til skilyrðis síns fyrir samþykkt á stofnun býlisins Svanastaða.
- 2(173) Umráð yfir heiðarlandi Mosfells og staða Mosfellsbringna sem jarðar, bréfaskipti árið 1922.
- 2(189) Selholt. Nýbýli í Mosfellsheiðarlandi í svokölluðum Neðri-Sogum, með lítils háttar landskiptum við Seljabrekku. Leyfisbréf dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 6.7.1954. Byggingarbréf Eiríks Tryggvasonar, dags. 2.10.1956. Byggingarbréf Ingva Antonssonar, dags. 23.3.1965.
- 2(240) Bréf dómsmálaráðuneytis til prests á Mosfelli, dags. 7.3.1930, varðandi leigu lands til stofnunar nýbýlis á *Mosfellsheiði*.
- 2(241) Dómsmálaráðuneytið endursendir Mosfellspresti byggingarbréf fyrir *Jónsseli* með staðfestingu ráðuneytisins, dags. 9.6.1934.
- 2(242) Dómsmálaráðuneytið tilkynnir ábúanda *Svanastaða* að það verði ótalið, þótt sonur ábúandans setjist í leiguréttinn, dags. 12.7.1935.
- 2(243) Svar sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8.1.1920, varðandi fyrirspurn um *almenna og afrétti*.
- 2(244) Skjöl varðandi sölu á *Selskarði* 1912. Úttekt, dags. 12.5.1910. Matsgerð vegna fyrirhugaðrar sölu, dags. 14.5.1911. Umsögn Garðaprests um Selskarð og sölu á því, dags. 28.2.1912. Uppkast að afsali fyrir Selskarði, dags. 29.5.1912.
- 2(245) Uppkast að afsali fyrir Garðakirkjulandi, dags. 30.8.1913
- 2(251) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919 þar sem a-b beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenna eða afréttu.

Bréfasöfn og bréfabækur biskupa:

- 2(96) Lýsing landamerkjna Garðastaðar eftir lögfestu Þorkels Arngrímssonar a-b (lögfestan sjálf er ekki dagsett, en vísitásián er frá 19.9.1661), ásamt uppskrift Gunnars F. Guðmundssonar að hluta.
- 2(190) Brauðamat Garða 1839, ásamt uppskrift að hluta (C. V. 79 B).
a-b
- 2(191) Brauðamat Mosfells 1839, ásamt uppskrift að hluta (C.V. 79 B).
a-b
- 2(192) Brauðamat Garða 1855, ásamt uppskrift að hluta (C.V, 80A).
a-b
- 2(193) Brauðamat Mosfells 1855, ásamt uppskrift að hluta (C.V, 80A).
a-b
- 2(194) Mosfell. Umsögn varðandi býlisstofnun í Mosfellsheiðarlandi (C.V, 80B).
a-b Bréf til biskups úr Kjalarnessprófastsdæmi 1845-1858, ásamt uppskrift.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 2(97) Áreið á Vilborgarkotsland, dags. 7.9.1863, ásamt uppskrift Gunnars F. a-b Guðmundssonar.

- 2(195) Brauðamat Garða 1867 (B.IV, 1), ásamt uppskrift.
a-b
- 2(196) Brauðamat Mosfells 1867 (B.IV, 1), ásamt uppskrift.
a-b
- 2(270) Skjöl í landsyfirréttarmáli Árna Björnssonar gegn prestinum Símoni Bech
a-b vegna Þingvallakirkju. Dómur nr. II 1860, ásamt uppskrift að hluta.
- 3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum
biskupa, dags. 19.8.2004.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 20.8.2004.
Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:
- 4(130) Þingvellir með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili,
dags. 1.9.1886.
- 4(131) Heiðarbær, dags. 15.4.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
- 4(132) Stíflisdalur og Fellsendi, dags. 12.4.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum
á Selfossi.
- Máldagar o.fl. úr Íslensku fornbréfasafni:*
- 4(1) Árland neðra. (=Ártún, sjá Byggð og saga 180-196, Í.f. XV. b, 637, eign
Neskirkju um 1570. Er getið í Vilchinsmáldaga).
- 4(2) Elliðavatn, máldagi Viðeyjarkirkju 1395 (Í.f. I. b., bls. 507).
- 4(3) Garðar. Bréf um tolla og ítök Gufnesinga í Viðey (Í.f. I. b., bls. 497, getið um
1230).
- 4(4) Garðar. Vitnisburður 1307 (Í.f. II. b., bls. 362).
- 4(5) Garðar. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- 4(6) Helgadalur. Jarðir Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 497-598).
- 4(7) Hjallaland. Eign Garðakirkju 1570 (Í.f. XV. b., bls. 638).
- 4(8) Hraðastaðir. Eignaskrá Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 598).
- 4(9) Hvaleyri. Vitnisburður um landeign og landamerki 1448 (Í.f. IV. b., bls. 751).
- 4(10) Hvassahraun. Vitnisburður um máldaga og reka 1379 (Í.f. III. b., bls. 341).
- 4(11) Mosfell. Lögsögumannaskrá 1230 (Í.f. I. b., bls. 500).
- 4(12) Mosfell. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- 4(13) Óttarsstaðir. Vitnisburður um reka 1379 (Í.f. III. b., bls. 341).
- 4(14) Suðurreykir. Máldagar 1180 (Í.f. I. b., bls. 267 og 268).
- 4(15) Suðurreykir. Máldagi 1379 (Í.f. III. b., bls. 343).
- 4(16) Straumur. Jarðaskiptabréf 1475 (Í.f. V. b., bls. 800).
- 4(17) Vatnsendi. Máldagaskrá Viðeyjar 1234 (Í.f. I. b., bls. 507).
- 4(18) Þorbjarnarstaðir. Jarðaskrár Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 598).
- 4(19) Þormóðsdalur. Máldagaskrá Viðeyjar 1234 (Í.f. I. b., bls. 506-507).
- 4(20) Þormóðsdalur. Jarðakaup 1501, Jón Sigurðsson og Sólveig selja Árna ábóta
og klaustrinu alla jörðina (Í.f. VII. b., bls. 585).
- 4(21) Elliðavatn. Skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs 1313 (Í.f. II. b.,
bls. 377).
- 4(22) Bessastaðir. Leigna- og landskyldnareikningur 1547-1548 (Í.f. XII. b., bls.
105-107 og 112-114).
- 4(23) Bessastaðir. Leigna- og landskyldnareikningur 1548-1549 (Í.f. XII. b., bls.
130-131 og 138-140).
- 4(24) Bessastaðir. Leigna- og landskyldnareikningur 1549-1550 (Í.f. XII. b., bls.
144-147 og 151-155).
- 4(25) Bessastaðir. Afgjaldareikningur 1550 (Í.f. XII. b., bls. 166-167 og 172-175).
- 4(26) Bessastaðir. Leigna- og landskyldnareikningur 1552 (Í.f. XII. b., bls. 391 og
397-401).
- 4(47) Ágrip af Garðamáldaga á Álptanesi 1477 (Í.f. VI. b., bls. 123).
- Fasteigna- og jarðamöt:*
- 4(48) Jarðatal 1847 (bls. 90-97).

- 4(49) Ný jarðabók 1861 (bls. 38-44).
 4(50) Fasteignabók 1921 (bls. 12-19).
 4(51) Fasteignabók 1932 (bls. 23-25).
 4(52) Fasteignabók 1942 (bls. 81-83).

Fjallaskilareglugerðir:

- 4(53) Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrijetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl. nr. 103/1891. Stjórnartíðindi 1891, B-deild, bls. 109-112.
 4(27) Reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrijetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o.fl. nr. 154/1896. Stjórnartíðindi 1896, B-deild, bls. 211-217.
 4(28) Reglugjörð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl. nr. 92/1914. Stjórnartíðindi 1914, B-deild, bls. 162-166.
 4(29) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð, dags. 28.8.1914, fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallaskil o.fl. nr.31/1918. Stjórnartíðindi 1918, B-deild, bls. 81.
 4(30) Fjallskilamálareglugerð [fyrir Kjósarsýslu] nr. 76/1921. Stjórnartíðindi 1921, B-deild, bls. 165-176.
 4(31) Fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 215/1939. Stjórnartíðindi 1939, B-deild, bls. 345-348.
 4(32) Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu, nr. 101/1954. Stjórnartíðindi 1954, B-deild, bls. 213-217.
 4(33) Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 121/1965. Stjórnartíðindi 1965, B-deild, bls. 251-259.
 4(34) Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, nr. 304/1988. Stjórnartíðindi 1988, B-deild, bls. 683-688.
 4(35) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja (Lovsamling for Island og Stjórnartíðindi):

- 4(61) Lög nr. 13, um sölu á eign Garðakirkju af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og nokkrum hluta af öðru landi hennar, bls. 60 og 62, dags. 22.10.1912.
 4(54) Lög nr. 62, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir, bls. 127, dags. 20.5.1965.
 4(55) Lög nr. 53, um sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi, bls. 169, dags. 31.5.1928.
 4(56) Lög nr.14, um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði, bls. 46, dags. 7.5.1928.
 4(57) Lög nr. 11, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, bls. 26, dags. 1.2.1936.
 4(58) Lög nr. 22, um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs, bls. 33-34, dags. 20.5.1985.
 4(59) Lög nr. 22, um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað, bls. 54, dags. 16.5.1988.
 4(62) Lög nr. 57, um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, bls. 103, dags. 4.7.1942.
 4(63) Lög nr. 14, um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði, bls. 46, dags. 7.5.1928.

Landnámabók:

- 4(60) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-47, 388-395.

Afsals- og veðmálabækur:

- 4(70) Lónakot, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
 4(71) Óttarsstaðir, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra

- registrið).
- 4(72) Straumur, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(73) Þorbjarnastaða, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(74) Lambhagi, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(75) Garðar, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(76) Vatnsendi, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(77) Elliðavatn, síður úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra a-b registrið).
- 4(78) Lækjarbotn, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(79) Vilborgarkot og Geitháls, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(80) Helliskot, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(81) Miðdalur, síður úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra a-b registrið).
- 4(82) Geitháls með Vilborgarkoti, spjald úr Afsals- og veðmálabók Mosfellshrepps.
- 4(83) Þormóðsdalur, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(84) Hraðastaðir, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (Eldra registrið).
- 4(85) Lónakot, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(86) Óttastaðir, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(87) Straumur, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(88) Þorbjarnastaðir, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(89) Lambhagi, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(90) Garðar, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(91) Vatnsendi, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(92) Elliðavatn, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(93) Lækjarbotn, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(94) Vilborgarkot og Geitháls, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(95) Elliðakot eða Helliskot, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(96) Miðdalur, síður úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(97) Miðdalskot, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(98) Afréttarland Garðahrepps, spjald úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(99) Lónakot, síða úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(100) Óttarstaðir I, síða úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(101) Óttarstaðir, síða úr Afsals og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(102) Straumur, síða úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(103) Straumur ½ jörð, síða úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(104) Þorbjarnastaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(105) Garðar, spjald úr Afsals- og veðmálabók Hafnarfjarðarumdæmis.
- 4(106) Þinglýsingarvottorð fyrir Stóra-Lambhaga, dags. 19.1.2005.
- 4(107) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorbjarnastaði m/Lambhaga Hafnarfirði, dags. 19.1.2005.
- 4(108) Þinglýsingarvottorð fyrir Straum Hafnarfirði, dags. 19.1.2005.
- 4(109) Þinglýsingarvottorð fyrir Garða Garðabæ (óstaðfest stærð), dags. 19.1.2005.
- 4(113) Selskarð, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).

- 4(114) Hvaleyrir, síða úr Veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(115) Fasteignamatvottorð fyrir Straum (landnr. 123178, 123177, 123176), dags. 23.6.2005.
- 4(116) Elliðavatn, síða úr Afsals- og veðmálabók Seltjarnarneshrepps.
- 4(117) Hraðastaðir, síður úr Afsals- og veðmálabók Mosfellshrepps.
a-b
- 4(118) Bringur (kirkjujörð frá Mosfelli), síða úr Afsals- og veðmálabók Mosfellshrepps.
- 4(119) Seljabrekka, síða úr Afsals- og veðmálabók Mosfellshrepps.
- 4(120) Vatnsendi, síður úr Afsals- og veðmálabók Kópavogsumdæmis.
a-e
- 4(121) Geirland, síða úr Afsals- og veðmálabók Kópavogsumdæmis.
- 4(122) Lækjarbotnaland, síða úr Afsals- og veðmálabók Kópavogsumdæmis.
- 4(123) Garðar, síða úr Afsals- og veðmálabók Kópavogsumdæmis.
- 4(124) Afréttarland Garðahrepps, Afsals- og veðmálabók Kópavogsumdæmis.
- Fornleifaskráning (yfirlit):*
- 4(110) Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði, Fornleifastofnun Íslands 1998, bls. 24-83, 90-91, 97-134 og 203-219.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 4(36) Bréf Odds Andréssonar og Tryggva Einarssonar til Sýslumanns Kjósarsýslu varðandi afrétti í Kjósarsýslu, dags. 14.12.1978.
- 4(37) Athugasemd bæjarstjóra Seltjarnarness til hreppsnefndar Mosfellshrepps við sýnd landamörk Mosfellshrepps, dags. 19.4.1983.
- 4(38) Bréf Hjörleifs B. Kvarans borgarlögmans til Vilhjálms Árnasonar hrl. þar sem vísað er til uppkasts að samkomulagi, dags. 23.1.1991.
- 4(39) Yfirlýsing hreppsnefnda Ölfuss- og Grafningshrepps, bæjarstjórn Mosfellsbæjar og eiganda Miðdals um mörk á Mosfellsheiði, dags. 23.1.1991.
- 4(40) Landamerkjabréf um mörk milli Grafningshrepps og Ölfushrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I hins vegar, dags. 23.1.1991.
- 4(41) Útdrættir úr skjölum á Þjóskjalasafninu viðvíkjandi merkjum milli Árnassýslu og Kjósarsýslu.
- 4(42) Herforingjaráðskort nr. 37. Hengill, þar sem merkt eru mörk jarða í Mosfellssveit. Gefið út 1964.
- 4(43) Grein Hjörleifs Kvaran, borgarlögmans um afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna, ásamt fylgigögnum, dags. nóvember 1991.
- 4(44) Greinargerð Hjörleifs Kvaran, borgarlögmans um mörk afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Elliðakoti í Mosfellshreppi, ásamt hluta fylgigagna, dags. í desember 1988.
- 4(45) Greinargerð Hjörleifs Kvaran, borgarlögmans um mörk á milli Seltjarnarneshrepps hins forna og Árnassýslu, dags. í desember 1988.
- 4(46) Greinargerð Gunlaugs Péturssonar um landamerki Lækjarbotna í Kópavogi, ásamt fylgiskjölum, dags. í apríl 1987.
- 4(64) Bréf Bæjarfógetans í Hafnarfirði til Tryggva Gunnarssonar lögfr. varðandi afrétti í Kjósarsýslu, dags. 10.12.1985.
- 4(65) Greinargerð um merki Krísuvíkurlands eftir Magnús Má Lárusson, dags. í júní 1961.
- 4(66) Greinargerð um örnefnið Marraka eftir Magnús Má Lárusson, dags. í júlí 1961.
- 4(67) Greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um Almenna upp af Hafnarfirði, dags. í júní 1961.
- 4(68) Uppdráttur af Almennungi í Hafnarfirði (mælikvarði 1:50.000), teiknað í júní 2004.
- 4(69) Uppdráttur af mörkum Almenningskóga Álftaneshrepps, dags. 3.1. 1994.

- 4(111) Samningur um landamerki milli Mosfellshrepps og lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, dags. 29.2.1924.
- 4(112) Sala, afsal og kaupsamningur Guðmundar Magnússonar á Elliðakoti, talin eru upp landamerki jarðarinnar, dags. 10.1.1916, 30.1.1916 og 14.3.1911.
- 4(125) Bréf hreppsstjóra Ölfushrepps til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 28.2.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(126) Bréf hreppsstjóra Grafningshrepps til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 8.4.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(127) Bréf hreppsstjóra Selvogshrepp til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 22.1.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(128) Sjá skjal nr. 33.
- 4(129) Sjá skjal nr. 33(1).

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. og Jóni Sigurðssyni hdl. f.h. Garðabæjar vegna hluta Garðakirkjulands og Almenningskóga Álftaness:

- 5 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
 - 5(1) Skjalaskrá.
 - 5(2) Bréf Garðabæjar til óbyggðanefndar, dags. 10.12.2003.
 - 5(3) Kort af Almenningskóg Álftaneshrepps og lögsagnarmörkum Hafnarfjarðar, Hnit hf. (mælikvarði 1:100.000), dags. 20.4.2004.
 - 5(4) Loftmynd með örnefnum og skýringum, innfærðum af Sigurði Björnssyni verkfr. Hnit hf., dags. 22.4.2004.
 - 5(5) Kort Sigurðar Björnssonar verkfr. af mörkum Almenningskóga Álftaneshrepps skv. auglýsingu 21.6.1849 (mælikvarði 1:100.000), dags. 9.11.2001.
 - 5(6) Kort Sigurðar Björnssonar verkfr. af norðurmörkum Krísvíkur ásamt athugasemdum (mælikvarði 1:100.000), dags. 6.11.2001.
 - 5(7) Kaupsamningur, dags. 28.7.1992.
 - 5(8) Afsal, dags. 23.12.1993.
 - 5(9) Afsal, dags. 19.2.1998.
 - 5(11) Samkomulag um stjórnýsly í afrétti fyrrum Álftaneshrepps, dags. 23.8.2000.
 - 5(12) Bréf Landmælinga Íslands til félagsmálaráðuneytis, dags. 23.2.2000.
 - 5(13) Bréf félagsmálaráðuneytis til Bessastaðahrepps og Garðabæjar, dags. 1.3.2000.
 - 5(14) Bréf Bessastaðahrepps og Garðabæjar til félagsmálaráðuneytis, dags. 23.8.2000.
 - 5(15) Afrit af bréfi Skógræktarfélags Garðabæjar til óbyggðanefndar, dags. 17.2.2004. Sbr. einnig skjöl nr. 5 (3) og 5 (6).
 - 5(16) Aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015, ásamt kortum.
 - 5(17) Kort sem sýnir kröfulínur fyrir Garðabæ. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
 - 5(18) Greinargerð Garðabæjar, dags. 25.10.2004.
 - 5(19) Friðlýsingarskjal fyrir Gjárétt, dags. 30.4.1964.
 - 5(20) Friðlýsingarskjal fyrir mannvirkjum í landi Kaldársels, dags. 30.4.1964.
 - 5(21) Bréf Garðabæjar til sýslumannsins í Hafnarfirði varðandi eignarrétt Selskarðs á óskiptu landi Garðakirkjulands, dags. 29.5.2000.
 - 5(22) Bréf Garðabæjar til Landbúnaðarráðuneytisins varðandi bréf ráðuneytisins til sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 6.6.2000.
 - 5(23) Samningur um landgræðslu í afrétti Garðabæjar og Bessastaðahrepps í Reykjanesfólkvangur, dags. 5.7.1995.
 - 5(24) Samningur um “Landgræðsluskóga innan Almenningskóga Álftaneshrepps hins forna sunnan marka Hafnarfjarðar“, dags. 11.6.1999.
 - 5(25) Bréf Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til Skógræktarfélags Garðabæjar, dags. 11.3.1999, varðandi skógræktarsvæði í Leirdal.

- 5(26) Bréf stjórnar Reykjanesfólkvangs til Skógræktarfélags Garðabæjar, dags. 22.3.1999.
- 5(27) Ljósmyndir af ræktunarsvæðum skógræktarfél. Garðabæjar í Leirdal og Breiðdal. Innfærðar athugasemdir Erlu Bil Bjarnadóttur.
- 5(28) Kort af Suðvesturlandi í mælikvarða 1:100.000 sem sýnir höfuðborgargirðingu.
- 5(29) Kort sem sýnir ræktunarsvæði innan Almennings-skóga Álftaneshrepps (ókvarðað).

Lagt fram af Birni Erlendssyni f.h. eigenda Selskarðs:

- 6 Kröfulýsing, dags. 25.5.2004.
- 6(1) Bréf Mús Péturssonar hrl. varðandi beiðni um umsögn lögmanna Bændasamtaka Íslands um skilgreiningu Gísla Sigurgeirssonar á beitarrétti Selskarðs í Garðakirkjulandi, dags. 25.5.2004.
- 6(2) Sala á hluta af landi Garðakirkju í Garðahreppi, dags. 30.8.1913, ásamt a-b óstaðfestri uppskrift.
- 6(3) Bréf Landbúnaðarráðuneytisins til sýslumannsins í Hafnarfirði varðandi eignarhald á s.k. Garðakirkjujörðum og hlutdeild Selskarð í óskiptu landi þeirra, dags. 25.8.2000.
- 6(4) Dómur Gestaréttar Reykjavíkur frá 29.12.1920, ásamt uppskrift. a-b
- 6(5) Bókun hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, dags. 14.4.2004.
- 6(6) Skilgreining Gísla Sigurgeirssonar á beitarrétti Selskarðs í landinu sem selt var Hafnarfjarðarbæ þann 30.8.1913.
- 6(7) Kort með eignarhluta Selskarðs í efra landi Garðakirkju sbr. gamlar eignarheimildir og þinglýsingu, dags. 3.4.2002.
- 6(8) Kort sem sýnir kröfulínur fyrir Selskarð. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 6(9) Uppskrift af landamerkjabréfi Garðakirkju, dags. 7.6.1890.
- 6(10) Bréf sýslumannsins í Hafnarfirði til Landbúnaðarráðuneytisins varðandi landskipti og eignarrétt, dags. 22.2.2000.
- 6(11) Svar Landbúnaðarráðuneytisins til sýslumannsins í Hafnarfirði við bréfi, dags. 22.2.2000, dags. 11.5.2000.
- 6(12) Greinargerð Björns Erlendssonar f.h. eigenda Selskarðs, dags. 26.10.2004.
- 6(13) Yfirlýsing eigenda og ábúenda Selskarð um að þeir samþykki skipti á Garðatorfunni, dags. 11.4.1934.
- 6(14) Uppdráttur af landi Garða með hjáleigum (mælikvarði 1:4000), mælt 1932.
- 6(15) Bókun vegna endurupptöku vegna skjals nr. 2(244), dags. 11.5.2006.

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. f.h. eigenda jarða í Álftaneshreppi hinum forna vegna Almennings-skóga Álftaness:

- 7 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 7(1) Kort sem sýnir kröfulínur fyrir Almennings-skóga Álftaness. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 7(2) Greinargerð Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. f.h. eigenda jarða í Álftaneshreppi hinum forna vegna Almennings-skóga Álftaness, dags. 26.10.2004.
- 7(3) Tilkynning eigenda Hákot's um að skjal nr. 81, útgefið 21.6.1849, verði skráð í veðmálabækur sýslumannsins í Hafnarfirði á eignina Hákot, dags. 15.8.2002.
- 7(4) Tilkynning eigenda Eyvindarstaða um að skjal nr. 81, útgefið 21.6.1849a verði skráð í veðmálabækur sýslumannsins í Hafnarfirði á lögbylisjörðina Eyvindarstaði, dags. 15.8.2002.
- 7(5) Tilkynning eigenda Selskarðs um að skjal nr. 81, útgefið 21.6.1849, verði skráð í veðmálabækur sýslumannsins í Hafnarfirði á eignina Selskarð, dags.

- 15.8.2002.
- 7(6) Yfirlýsing eigenda Eyvindarstaða um rétt jarðarinnar í almenningsslandi í Álftaneshreppi, dags. 16.9.2002 og þingl. 20.9.2002.
- 7(7) Yfirlýsing eigenda Háakots og Haukakots um rétt jarðanna í almenningsslandi í Álftaneshreppi, dags. 15.8.2002 og þingl. 20.9.2002.
- 7(8) Bréf Landsvirkjunar til Landeigendafélags Álftanes varðandi umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita í Brennisteinsfjöllum, dags. 2.12.2004.
- 7(9) Bréf Landeigendafélags Álftaness til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis varðandi rannsóknarleyfi Landsvirkjunar í Brennisteinsfjöllum, dags. 3.12.2004.

Lagt fram af Guðmundi Benediktssyni hrl. f.h. Hafnarfjarðarbæjar:

- 8 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 8(1) Samningur milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar, dags. 28.4.1964.
- 8(2) Skipulagsuppráttur Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015.
- 8(3) Greinargerð Guðmundar Benediktssonar hrl. og Jóns Höskuldssonar hdl. f.h. Hafnarfjarðarbæjar, dags. 9.11.2004.
- 8(4) Loftmynd sem sýnir landspildu úr óskiptu landi Garðakirkjulands (mælikvarði 1:4000), dags. 3.11.2004.
- 8(5) Ljósrit úr fundargerðarbók bæjarráðs frá 22.10.1956, 11. liður um kaup Hafnarfjarðarkaupstaðar á Hvaleyri, þann 22.10.1956, og afrit úr fundargerðarbók bæjarstjórnar frá 20.11.1956, þar sem þessi 11. liður um bæjarráðs er samþykktur.
- 8(6) Kort sem sýnir kröfulínu Hafnarfjarðarbæjar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 8(7) Kort sem sýnir viðbótarkröfulínur Hafnarfjarðarbæjar (mælikvarði 1:50.000).
- 8(8) Afsalsbréf Legatssjóðs Flensborgarskóla í Hafnarfirði á hálfri jörðinni Hvaleyri, dags. 13.12.1956.
- 8(9) Samkomulag Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogskaupstaðar um nýtingu á landi sveitarfélaganna við mörk Árnassýslu, dags. 17.5.1974.
- 8(10) Efnistökusamningur Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogskaupstaðar við Bölöldur ehf., dags. 10.6.2002.
- 8(11) Efnistökusamningur Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogskaupstaðar við Völ hf., dags. 23.3.1999.
- 8(12) Bréf Valar til Kópavogsbæjar varðandi Efnisnám í Bolöldu, dags. 16.2.1999.
- 8(13) Erindi bæjarritara Kópavogs til Vélhjóla klúbbsins VÍK, dags. 23.2.1999.
- 8(14) Reikningur vegna efnistöku fyrirtækisins Kambur ehf. á Sandskeiði árin 1997-1998, dags. 23.2.1998, ásamt staðfestingu Kópavogsbæjar á móttöku greiðslu.
- 8(15) Útskrift úr hlutafélagaskrá Lánstraust hf., yfir Kambur ehf.
- 8(16) Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012, ásamt sveitafélagsupprætti.
- 8(17) Aðalskipulagsuppráttur Reykjavíkur 20001-2024.
- 8(18) Kort sem sýnir kröfur Hafnarfjarðarbæjar, dags. 23.1.2006.
- 8(19) Skýringar á númeruðum á landamerkjapunktum sem sýndir eru á korti 8(18), dags. 29.1.2006.

Lagt fram af Jakobi R. Möller hrl. f.h. Alcan vegna Straums:

- 9 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 9(1) Uppdráttur af landi Alcan. Gerður af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 9(2) Afsal Bjarna Bjarnasonar, skólastjóra á Laugarvatni til Skógræktar ríkisins á hluta úr jörðum Straums, Þorbjarnarstaða og Stóra- og Litla-Lambhaga, dags. 16.2.1949.
- 9(3) Afsal Bjarna Bjarnasonar, skólastjóra á Laugarvatni, til Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra á spildu úr löndum Straums, Þorbjarnarstaða og Litla- og

- Stóra Lambhaga, dags. 16.2.1949.
- 9(4) Afsal Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra til Landgræðslusjóðs á spildu úr löndum Straums, Þorbjarnarstaða og Litla Lambhaga, dags. 7.2.1967.
- 9(5) Afsal Landgræðslusjóðs til Hafnarfjarðarbæjar á öllu landi Landgræðslusjóðs í Straumi í Hafnarfirði samtals 223,6 ha, dags. 7.4.1994.
- 9(6) Afsal Ríkissjóðs Íslands til Íslenska Álfélagsins hf. á landspildu úr landi jarðarinnar Straums í Hafnarfirði samtals 220 ha, dags. 30.11.2001.
- 9(7) Uppdráttur af landi Skógræktar ríkisins í Hafnarfirði. Gerður af verkfræðistofunni Hnit hf. (mælikvarði 1:50.000), dags. 4.12.2000.
- 9(8) Þinglýsingarvottorð fyrir landspildu úr Straumi Hafnarfirði, dags. 3.6.2004.
- 9(9) Bréf Jakobs R. Möller hrl. til óbyggðanefndar um að ekki sé frekari þörf á þátttöku í meðferð málsins vegna breytingar á kröfulínu ríkisins við Alcan, dags. 5.10.2004.

Lagt fram af Jóni G. Briem hrl. f.h. eigenda Vilborgarkots:

- 10 Kröfulýsing, dags. 30.5.2004.
- 10(1) Fasteignamatvottorð fyrir Geitháls, dags. 24.5.2004.
- 10(2) Afsal uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu til Sturlu Jónssonar á Vilborgarkoti ásamt Geithálsi, dags. 27.12.1932.
- 10(3) Afsal Sturlu Jónssonar til Þóru Árnadóttur á Vilborgarkoti ásamt Geithálsi, dags. 26.7.1935.
- 10(4) Afsal Þóru Árnadóttur til Úlfars Bergssonar á Geithálsi og Vilborgarkoti, dags. 7.9.1938.
- 10(5) Afsal Úlfars Bergssonar til Gunnars Guðjónssonar og Ingvars Kjartanssonar á Geithálsi með Vilborgarkoti, dags. 4.1.1941.
- 10(6) Afsal Gunnars Guðjónssonar og Ingvars Kjartanssonar á 44,45% hluta jarðarinnar til Hannesar Kjartanssonar, dags. 1.1.1949.
- 10(7) Eignaskiptayfirlýsing erfingja Ingvars á 22,22% af heildinni, dags. 12.11.1990.
- 10(8) Eignaskiptayfirlýsing erfingja Gunnars á $\frac{1}{3}$ hluta Geitháls, dags. 18.3.1993.
- 10(9) Þinglýsingarvottorð fyrir Vilborgarkot, dags. 27.5.2004.
- 10(10) Greinargerð Jóns G. Briem hrl. f.h. eigenda Vilborgarkots, dags. 25.10.2004.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. f.h. eigenda Hraðastaða II:

- 11 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hraðastaði II (gamla íbúðarhúsið), dags. 1.6. (ekkert ártal).
- 11(2) Fasteignamatvottorð ríkisins fyrir Hraðastaði II, dags. 28.5.2004.
- 11(3) Landskiptagerð, dags. 7.1.1985.
- 11(4) Kort sem sýnir kröfulínur fyrir Hraðastaði. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 11(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Hraðastaði II, dags. 13.8.2004.
- 11(6) Greinargerð Jörundar Gaukssonar hdl. f.h. eigenda Hraðastaða II, dags. 1.11.2004.

Lagt fram af Jörundi Gaukssyni hdl. f.h. Mosfellsbæjar vegna Mosfellsheiðar og Miðdals II:

- 12 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 12(1) Tilkynning Mosfellsbæjar til landeigenda, dags. 25.5.2004.
- 12(2) Kort sem sýnir kröfulínur Mosfellsbæjar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 12(3) Landamerkjabréf fyrir jörðina Bringur í Mosfellssveit, bókað 30.11.1939.
- 12(4) Ljósmýnd af Seljabrekku, dags. 23.3.1980.
- 12(5) Afsal Bjargar Ríkarðsdóttur og Ríkarðs Jónssonar til Mosfellshepps í Kjósarsýslu á landspildu Miðdals II, dags. 5.11.1958.

- 12(6) Afsal landbúnaðarráðherra til Mosfellshrepps á Svanastöðum, dags. 19.2.1945.
- 12(7) Leigusamningur milli dóms-og kirkjumálaráðuneytisins og Valgerðar Gísladóttur um Mosfell, dags. 5.6.1930.
- 12(8) Þinglýsingarvottorð fyrir 1527 ha heiðarland úr Miðdal, dags. 29.6.2004.
- 12(9) Þinglýsingarvottorð fyrir Mosfellsheiðarland, dags. 29.6.2004.
- 12(10) Afsal atvinnu- og samgöngumálaráðherra til hreppsjóðs Mosfellshrepps á hluta Þormóðsdals, dags. 6.8.1935.
- 12(11) Leigusamningur milli Hálfdáns Helgasonar, sóknarprests og Guðmundar Þorlákssonar um Jónssel, dags. 15.5.1934.
- 12(12) Greinargerð Jörundar Gaukssonar hdl. f.h. Mosfellsbæjar, dags. 1.11.2004.
- 12(13) Þinglýsingarvottorð Mosfellsbæjar (heiðarlandið), dags. 18.10.2004.
- 12(14) Gjörðabók Mosfellshrepps 1908-1925.
- 12(15) Tilkynning hreppsnefndar Mosfellshrepps í Kjósarsýslu um að Mosfellshreppur skuldi Kirkjujarðasjóði fyrir Mosfellsheiðarlandi, dags. 2.6.1933.
- 12(16) Þinglýsingarvottorð Mosfellsheiðarlands Mosfellshreppi, dags. 25.10.2004.
- 12(17) Kaupsamningur Hitaveitu Reykjavíkur og hreppsnefndar Mosfellshrepps. Hreppurinn selur allan jarðhita Lágafells, Varmár, Þormóðsdals, Mosfellsheiðarlands og Hraðastaða, dags. 12.11.1955.
- 12(18) Listi yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu óbyggðanefndar eftir að greinargerð Mosfellsbæjar var skilað 1.11.2004, og máli skipta fyrir úrlausn málsins.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands:

- 13 Kröfulýsing, 3.6.2004.
- 13(1) Kort með eignarhluta Selskarðs í efra landi Garðakirkju sbr. gamlar eignarheimildir og þinglýsingu, dags. 3.4.2002.
- 13(2) Kaupsamningur um hluta Garðakirkjulands, dags. 28.7.1992.
- 13(3) Yfirlýsing biskups vegna sölu á Garðakirkjulandi, dags. 1.10.1992.
- 13(7) Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands, dags. 3.11.2004.
- 13(8) Kort sem sýnir kröfulínur Garðakirkjulands ásamt hornpunktaskrá. Mælikvarði 1:50.000.
- 13(9) Útskrift úr landskiptabók Gullbringusýslu. Skipti Garðatorfu 1932-1935.

Lagt fram af Birni Erlendssyni vegna Garðakirkjulands:

- 13(4) Kröfulýsing, dags. 26.5.2004.
- 13(5) Ljósrit af nokkrum bls. úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 17.8.1703.
- 13(6) Kort yfir Almanning (innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar), mælt í júlí 2002, (mælikvarði 1:50.000).

Lagt fram af Ólafi Erni Svanssyni hdl. f.h. eigenda Geirlands vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna:

- 14 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 14(1) Útrentun af færslum fyrir jörðina Geirland af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 28.5.2004.
- 14(2) Afsal Guðmundar Helga Sigurðssonar til Sigurjóns Ólafssonar á landi úr Miðmundarmýri, dags. 24.4.1935.
- 14(3) Landamerkjabréf Geirlands, dags. 16.10.1987, ásamt mynd.
- 14(4) Kaupsamningur milli Önnu Sigurjónsdóttur o.fl. og Braga Sigurjónssonar um Geirland, spildu úr Lögbergslandi, Miðmundarmýri, dags. 6.8.1998.
- 14(5) Fjallskilaboð fyrir Kópavogskaupstað haustið 1991.

- 14(6) Fjallskilaboð fyrir Kópavogskaupstað haustið 1998.
- 14(7) Fjallskilaboð fyrir Kópavogskaupstað haustið 2001.
- 14(8) Fjallskilaboð fyrir Kópavogskaupstað haustið 2002.
- 14(9) Greinargerð Ólafs Arnar Svanssonar hdl. f.h. eigenda Geirlands vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna, dags. 26.10.2004.
- 14(10) Þinglýsingarvottorð vegna Geirlands, dags. 25.1.2005.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. f.h. Reykjavíkurborgar vegna Heiðmerkur (land tekið eignarnámi úr Vatnsenda):

- 15 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 15(1) Ljósrit af lögum nr. 57/1942.
- 15(2) Yfirmatsgjörð, dags. 5.7.1950.
- 15(3) Afsal eigenda Vatnsenda til Reykjavíkurkaupstaðar, dags. 7.6.1951.
- 15(4) Samningur bæjarstjórnar Reykjavíkur og Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 3.3.1950.
- 15(5) Reglur um landnám og skógrækt á Heiðmörk, dags. 3.3.1950.
- 15(6) Yfirlits- og göngustígakort af Heiðmörk. Gert af Landslagi ehf. (mælikvarði 1:25.000).
- 15(7) Ljósrit af korti hjá Yfirmatsnefnd („fyrirhugað friðland“) skjal nr. 25. Teiknað eftir uppdráttum Geodætisk Institut og eigin mælingum AB.
- 15(8) Ljósrit af mælingablaði Einars G. E. Sæmundsen, dags. 7.9.1949.
- 15(9) Kort sem sýnir kröfulínur Vatnsendalands í Heiðmörk. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 15(10) Greinargerð Páls A. Pálssonar hrl. f.h. Reykjavíkurborgar vegna eignarnámslands í Heiðmörk, dags. 9.11.2004.
- 15(11) Uppdráttur af Vatnsendakrikum frá Orkuveitu Reykjavíkur (mælikv. 1:25.000), dags. 5.10.2004.
- 15(12) Endanleg kröfugerð Reykjavíkurborgar vegna Heiðmerkur, dags. 27.1.2005.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. f.h. Reykjavíkurborgar vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi:

- 16 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 16(1) Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum, dags. 21.3.1973.
- 16(2) Kort sem sýnir kröfulínur Kóngslands. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 16(3) Greinargerð Páls Arnórs Pálssonar hrl. f.h. Reykjavíkurborgar vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi, dags. 26.10.2004.
- 16(4) Ljósrit af korti úr bókinni „Reykjavík, sögustaðir við sund“ (1989) eftir Einar S. Arnalds, 4.b.
- 16(5) Bréf borgarverkfræðings, dags. 2.11.2004, til Gunnars Eydals borgarlögmanns varðandi svæðisskiplag á Vatnsendakrika.
- 16(6) Bréf borgarlögmanns, dags. 8.11.2004, til skiplagsstofnunar varðandi Vatnsendakrika.
- 16(7) Samþykktir fyrir stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallafólkvangs (áður Bláfjallanefnd), samþykkt 30.9.2003.
- 16(8) Þjónustusamningur milli sveitarfélaga með aðild að Bláfjallanefnd og Bláfjallanefndar, dags. 30.1.2003.
- 16(9) Endanleg kröfugerð Reykjavíkurborgar vegna Afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi, dags. 27.1.2005.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. f.h. eigenda Seljabrekku:

- 17 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 17(1) Afsal Jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins til Guðjóns Bjarnasonar á Seljabrekku, dags. 26.8.1999.
- 17(2) Afsal Guðjóns Bjarnasonar til Arnar Kr. Snorrasonar á Seljabrekku, dags.

- 12.3.1999.
- 17(3) Byggingabréf milli Jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins og Guðjóns Bjarnasonar á Seljabrekku, dags. 13.3.1985.
- 17(4) Staðfesting Landnámsstjóra um samkomulag milli ábúanda Seljabrekku og Mosfellshrepps, dags. 17.9.1956.
- 17(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Seljabrekku, dags. 21.5.2004.
- 17(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Seljabrekku, dags. 4.6.2004.
- 17(7) Kort sem sýnir kröfulínur Seljabrekku. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 17(8) Greinargerð Páls A. Pálssonar hrl. f.h. eigenda Seljabrekku, dags. 9.11.2004.
- 17(9) Endanleg kröfugerð Seljabrekku, dags. 27.1.2005
- 17(10) Bréf oddvita Mosfellshrepps til jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins varðandi landamerki Seljabrekku, dags. 12.7.1968.
- 17(11) Byggingarbréf (niðurlag vantar), mótttekið til þinglýsingar 25.3.1965.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. f.h. eigenda Lónakots:

- 18 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 18(1) Kort sem sýnir kröfulínur Lónakots. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 18(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Lónakot, dags. 26.5.2004.
- 18(3) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr Lónakotslandi, dags. 26.5.2004.
- 18(4) Örnefnaskrá fyrir Lónakot, skráð af Ara Gíslasyni, ódags.
- 18(5) Örnefnaskrá fyrir Lónakot, skráð af Gísla Sigurðssyni, ódags.
- 18(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Lónakot, dags. 31.12.2003.
- 18(7) Greinargerð Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. eigenda Lónakots, dags. 29.10.2004.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. f.h. eigenda Óttarsstaða:

- 19 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 19(1) Kort sem sýnir kröfulínur Óttarsstaða. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 19(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Óttarsstaði I, dags. 26.5.2004.
- 19(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Óttarsstaði II, dags. 21.1.2005.
- 19(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Glaumbæ, dags. 26.5.2004.
- 19(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Glaumbæ (landspilda úr landi Óttarsstaða), dags. 26.5.2004.
- 19(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Óttarsstaðagerði, dags. 16.5.2004.
- 19(7) Þinglýsingarvottorð fyrir 6 ha spildu úr landi Óttarsstaða I, dags. 26.5.2004.
- 19(8) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr Óttarsstöðum I, dags. 26.5.2004.
- 19(9) Þinglýsingarvottorð fyrir Óttarsstaði III, dags. 26.5.2004.
- 19(10) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr Óttarsstöðum I, dags. 26.5.2004.
- 19(11) Þinglýsingarvottorð fyrir Hraunborg (spildu úr Óttarsstöðum I), dags. 26.5.2004.
- 19(12) Þinglýsingarvottorð fyrir Blikalón I (sumarhús í Óttarsstaðalandi), dags. 26.5.2004.
- 19(13) Örnefnaskrá fyrir Óttarsstaði, skráð af Ara Gíslasyni, ódags.
- 19(14) Örnefnaskrá fyrir Óttarsstaði, skráð af Gísla Sigurðssyni, ódags.
- 19(15) Fasteignamatsvottorð fyrir Óttarsstaði, dags. 31.12.2004.
- 19(16) Greinargerð Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. eigenda Óttarsstaða, dags. 29.10.2004.
- 19(17) Endurrit úr Gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði. Leggja uppboðskaupanda út fasteignina 2/6 hlutar Óttastaðir, dags. 5.4.1993.
- 19(18) Afsal Landsbanka Íslands hf. til Íslenskra aðalverktaka hf. á 2/6 hlutum jarðarinnar Óttarsstaðir, dags. 25.11.1999.
- 19(19) Afsal dags. 25.11.1999, Landsbanki Íslands hf. selur ÍAV 2/6 hluta

- Óttarsstaða.
- 19(20) Skiptayfirlýsing, dags. 31.12.1993.
- 19(21) Yfirlýsing Birgis Sörensen, dags. 14.12.2004, um fjárbúskap á Óttarsstöðum.
- 19(22) Yfirlýsing Birgis Sörensen, dags. 12.11.2004, um búskap Guðmundar Ingvarssonar á Óttarsstöðum.

Lagt fram af Sigurbirni Þorbergssyni hdl. f.h. eigenda Vatnsenda:

- 20 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 20(1) Skjalaskrá lögð fram af Þorsteini Hjaltsted vegna jarðarinnar Vatnsenda með kröfulýsingu til óbyggðanefndar, dags. 7.6.2004.
- 20(2)
- 20(3) Skiptayfirlýsing. Vatnsendi er færð af nafni Magnúsar Sigurðssonar Hjaltsted yfir á nafn Þorsteins Magnússonar, dags. 21.11.2000.
- 20(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Vatnsenda, dags. 3.6.2004.
- 20(5) Fasteignamatvottorð fyrir Vatnsenda, dags. 13.5.2004.
- 20(6) Ljósrit úr veðmálabók fyrir Vatnsenda.
- 20(7) Bréf bæjarlögmanns Kópavogs til Þórólfs Kristjáns Beck hrl., dags. 7.11.1991.
- 20(8) Bréf bæjarverkfræðings Kópavogs til Þórólfs Kristjáns Beck hrl., dags. 26.11.1991.
- 20(9) Bréf bæjarlögmanns til Þórólfs Kristjáns Beck hrl., dags. 26.4.2000.
- 20(10) Örnefnaskrá fyrir Vatnsendaland, skráð af Gísla Sigurðssyni, dags. 26.8.196? m. athugasemdum Magnúsar Más Lárussonar, dags. 27.9.1965.
- 20(11) Bréf Magnúsar Hjaltsted til bæjarstjóra Kópavogs, dags. 5.10.1970.
- 20(12) Eignaskiptayfirlýsing fyrir Vatnsenda, dags. 20.7.2000.
- 20(13) Bréf Sigurbjörns Þorbergssonar til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi rétt Vatnsenda til afréttar jarðarinnar, dags. 6.6.2001.
- 20(14) Svarbréf samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til Sigurbjörns Þorbergssonar, dags. 19.6.2001.
- 20(15) Undirmatsgerð vegna eignarnáms, dags. 28.11.1949.
- 20(16) Yfirmatsgerð vegna eignarnáms, dags. 5.7.1950.
- 20(17) Bréf Gests Guðmundssonar, dags. 22.6.1948.
- 20(18) Bréf iðnaðarráðuneytis til Magnúsar Hjaltsted, dags. 25.1.1991.
- 20(19) Bréf Landsvirkjunar til Iðnaðarráðherra varðandi 220 kV háspennulínu Sandskeið-Hamranes (Búrfellslínu 3B), dags. 16.11.1990.
- 20(20) Bréf Landsvirkjunar til Matsnefndar eignarnámsbóta varðandi matsbeiðni til matsnefndar eignarnámsbóta vegna Búrfellslínu 3B, dags. 3.12.1990.
- 20(21) Matsgerð í matsmáli nr. M-12/1997, dags. 28.7.2000.
- 20(22) Bréf Stefáns Agnars Finnssonar tæknifr. til Þórólfs Kr. Beck hrl., dags. 11.4.1991.
- 20(23) Samningur um efnistöku, dags. 1.9.1990.
- 20(24) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til fógetaréttar Kópavogs, dags. 9.12.1991.
- 20(25) Yfirlýsing Vatnsveitu Reykjavíkur, dags. 18.152.1991.
- 20(26) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til borgarlögmanns Reykjavíkur, dags. 26.7.1991.
- 20(27) Bréf Magnúsar Óskarssonar hrl., til Þórólfs Kr. Beck hrl., dags. 6.9.1991.
- 20(28) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 17.10.1994.
- 20(29) Bréf borgarlögmanns til Þórólfs Kr. Beck hrl., dags. 3.1.1995.
- 20(30) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til borgarlögmanns Reykjavíkur, dags. 6.12.1991.
- 20(31) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 1.6.1995.
- 20(32) Bréf Þórólfs Kr. Beck hrl. til borgarstjóra Reykjavíkur, dags. 1.6.1995.
- 20(33) Yfirlýsing um kvöð vegna línustæðis, dags. 5.10.2001.
- 20(34) Fyrirtaka hjá matsnefnd eignarnámsbóta ásamt sátt, dags. 19.10.2001.
- 20(35) Beiðni Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi, dags. 18.3.1991.
- 20(36) Veiting framkvæmdaleyfis, dags. 18.3.1991.

- 20(37) Samningur milli Vatna ehf. og Þorsteins Hjaltsted um leigu á spildu úr landi Vatnsenda í Vatnsendakrikum, dags. 17.4.2002.
- 20(38) Samningur milli Þorsteins Hjaltsted og Kópavogsbæjar um leigu á landspildu Vatnsenda í Vatnsendakrikum, dags. 22.5.2002.
- 20(39) Greinargerð Sigurbjörns Þorbergsson hdl. f.h. eigenda Vatnsenda, dags. 15.11.2004.
- 20(40) Kort sem sýnir kröfulínur Vatnsenda. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 20(41) Endurrit út vitnamálinu V-9/2004, vitnaskýrsla Axels Þ. Gestssonar, dags. 8.9.2004, ásamt skriflegri skýrslu hans sem staðfest var fyrir dómi, dags. 19.10.2004.
- 20(42) Aðilaskýrsla Magnúsar Hjaltsted, dags. 14.2.1994.
- 20(43) Uppkast að afsalsbréfi Magnúsar Hjaltsted sem afsalar Vatnsenda til Reykjavíkur, dags. í júlí 1934.
- 20(44) Hinar fornu jarðir Kópavogskaupstaðar (aðrar jarðir en Vatnsendi felldar út) eftir Guðlaug R. Guðmundsson. 1970.
- 20(45) Örnefni í bæjarlandi Kópavogs eftir Guðlaug R. Guðmundsson. 1990.
- 20(46) Uppdráttur með innmerktum örnefnum í bæjarlandi Kópavogs eftir Guðlaug R. Guðmundsson (mælikvarði 1:20.000).
- 20(47) Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi breytingar á girðingu um höfuðborgarsvæðið og nágrenni, dags. 22.3.2001, ásamt upprætti.
- 20(48) Skrifleg árétting Sigurbjörns Þorbergssonar hdl. á nokkrum atriðum varðandi málefni Vatnsenda sem fram komu við málflutning, dags. 27.1.2005.
- 20(49) Kort sem sýnir fyrirhugað friðland í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sem lagt var fram í aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 1948.

Lagt fram af Sigurði A. Þóroddssyni hdl. f.h. eigenda Elliðavatns:

- 21 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 21(1) Skjalaskrá með kröfulýsingu, dags. 3.6.2004.
- 21(2) Kort sem sýnir kröfulínur Elliðavatns. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 21(3) Fasteignamatvottorð fyrir Elliðavatnsland (landnr. 113481), dags. 21.5.2004.
- 21(4) Fasteignamatvottorð fyrir Elliðavatnsland (landnr. 113489), dags. 21.5.2004.
- 21(5) Þinglýsingavottorð fyrir jörðina Elliðavatn, dags. 4.6.2004.
- 21(6) Veðbókarregistor fyrir Elliðavatn, dags. 4.6.2004.
- 21(7) Afsal Ingimundar Benediktssonar til bæjarstjórnar Reykjavíkur á $\frac{1}{8}$ hluta Elliðavatns, dags. 24.2.1923.
- 21(8) Afsal Emils Rolsstad o.fl. til bæjarstjórnar Reykjavíkur á $\frac{7}{8}$ hlutum Elliðavatns, dags. 30.6.1927.
- 21(9) Afsal Sigríðar Þorlákssdóttur til bæjarstjórnar Reykjavíkur á Dimmuengjum, dags. 28.8.1928.
- 21(10) Yfirlýsing um skrásettar og friðaðar fornmenjar, dags. 25.10.1930.
- 21(11) Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir árið 1923.
- 21(12) Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir árið 1927.
- 21(13) Reikningur Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir árið 1928.
- 21(14) Örnefnaskrá fyrir Elliðavatn, skráð af Ara Gíslasyni, hreinritað af Guðrúnu Þ. Guðmannsdóttur, dags. 15.5.1984.
- 21(15) Uppdráttur af Elliðavatni og nágrenni, gert af Benedikt Gröndal 1880.
- 21(16) Greinargerð Sigurðar A. Þóroddssonar hdl. f.h. eigenda Elliðavatns, dags. 25.10.2004.
- 21(17) Eignaryfirlýsing Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um að jörðin Elliðavatn tilheyrir Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 25.10.2004.
- 21(18) Þinglýsingavottorð fyrir jörðina Elliðavatn, dags. 20.1.2005.
- 21(19) Landmerkjalýsing á afréttarlandi Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurlands,

dags. 16.9.1890.

Lagt fram af Valgarði Sigurðssyni hrl. og Braga Björnssyni hdl. f.h. Seltjarnarneskaupstaðar vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna:

- 22 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 22(1) Kort sem sýnir kröfulnúur Seltjarnarneskaupstaðar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 22(2) Greinargerð Seltjarnarneskaupstaðar, dags. 26.10.2004.
- 22(3) Bréf félagsmálaráðuneytisins til Seltjarnarneskaupstaðar varðandi lögsögu sveitarfélaga á afréttum norðan og vestan Bláfjalla, dags. 1.3.2000.
- 22(4) Bréf bæjarstjóra Seltjarnarness til félagsmálaráðuneytisins varðandi lögsögu yfir afrétti Seltjarnarness hins forna, dags. 6.3.2000, ásamt fylgigögnum.
- 22(5) Bréf Fjáreigendafélags Reykjavíkur og Sauðfjáreigendafélags Kópavogs til borgarráðs Reykjavíkur, bæjarráðs Kópavogs og bæjarráðs Seltjarnarness varðandi landspjöll í Fóelluvötnum vegna mótórhjóraaksturs, dags. 2.10.1999.
- 22(6) Leigusamningur milli bæjarsjóðs Kópavogs og bæjarstjórnar Seltjarnarness um efnistöku á Sandskeiði, dags. 28.8.1981.
- 22(7) Bréf bæjarsjóðs Seltjarnarness varðandi heimild til Hákots sf. til efnistöku á Sandskeiði, dags. 22.4.1980.
- 22(8) Bréf flugmannafélags Íslands til bæjarstjórnar Seltjarnarness, dags. 19.3.1976, ásamt uppdráttum.
- 22(9) Bréf skipulagsstjóra til bæjarstjóra Kópavogs og sveitarstjóra Seltjarnarness varðandi afrétt Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneshrepps, dags. 4.4.1974.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. f.h. Landsvirkjunar:

- 23 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 23(1) Kort sem sýnir raforkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi 2004.
- 23(2) Viðbætur á kröfulýsingu, frekari skýringar á legu háspennulína, ásamt skýringarkorti, dags. 21.4.2006.

Lagt fram af Þórði Clausen hrl. og Geir Arnari Marelssyni hdl. f.h. Kópavogsbæjar vegna Lækjarbotna og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna:

- 24 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 24(1) Skjalaskrá með kröfulýsingu.
- 24(2) Samningur Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytt bæjarmörk og makaskipti á landspildum við Breiðholtsbraut norðan Vatnendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn um Þingnes og við Vatnendavatn, svo og við Lækjarbotna og nágrenni, dags. 28.11.1994.
- 24(3) Afsal Guðmundar Sigurðssonar til Seltjarnarneshrepps á Lækjarbotnum, dags. 8.10.1947.
- 24(4)
- 24(5) Fundargerð ásamt greinargerð fundarboðenda og fundarboði, dags. 20.9.1947.
- 24(6) Fundargerð framkvæmdanefndar, dags. 26.9.1947.
- 24(7) Bréf félagsmálaráðuneytis til sýslumannsins í Kjósarsýslu um skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö sveitarfélög, dags. 10.12.1948.
- 24(8) Bréf Jóns Guðmundssonar formanns undirbúningsnefndar að skiptingu Seltjarnarness í tvö sveitarfélög um fyrirkomulag skiptingarinnar, dags. 27.11.1947.
- 24(9) Bréf Sigurðar Jónssonar til sýslunefndar Kjósarsýslu varðandi skiptingu á Seltjarnarneshrepps í tvö sveitarfélög, dags. 29.10.1947.
- 24(10) Bréf Sigurðar Jónssonar til formanns undirbúningsnefndar að skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö sveitarfélög, dags. 1.12.1947.
- 24(11) Bréf oddvita Kópavogshrepps til sýslumannsins í Kjósarsýslu, dags.

- 6.4.1949.
- 24(12) Kort sem sýnir kröfulínur Kópavogsbæjar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 24(13) Greinargerð Þórðar Clausen hrl. og Geirs Arnars Marelssonar hdl. f.h. Kópavogsbæjar, dags. 19.11.2004.
- 24(14) Skjalaskrá yfir framlögð gögn Kópavogsbæjar hjá óbyggðanefnd vegna þjóðlendumála, ódags.
- 24(15) Uppdráttur af hreppamörkum Kópavogshrepps skv. bréfum Félagsmálaráðuneytisins 1947-48.
- 24(16) Skriflega vitnaskýrsla Axels Þ. Gestssonar ásamt ljósmyndum, dags. 8.9.2004.
- 24(17) Endurrit úr þingbók héraðsdóms Reykjaness. Skýrslutaka vitnisins Axels Þ. Gestssonar, dags. 19.10.2004.
- 24(18) Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum, nr. 97/1973. Stjórnartíðindi, B-deild.
- 24(19) Bréf Sauðfjäreigendafélags Kópavogs til Kópavogsbæjar varðandi heimild til að til endurbyggingar fjárréttar við Lögberg, dags. 13.7.1973.
- 24(20) Lóðaleigusamningur Kópavogsbæjar við Fjäreigendafélag Kópavogs fyrir Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi nr. 62, ódags.
- 24(21) Lóðaleigusamningur Kópavogsbæjar við Fjäreigendafélag Kópavogs fyrir Fossvallatún í Lækjarbotnalandi nr. 63, dags. 12.6.1998.
- 24(22) Faxbréf til fjármálastjóra Kópavogs frá Sauðfjäreigendafélagi Kópavogs vegna greiðslna bæjarins fyrir fjallskil, dags. 12.12.2001.
- 24(23) Svar bæjarverkfræðings Kópavogs við bréfi Sauðfjäreigendafélags Kópavogs, dags. 2.10.1999, vegna landspjalla við Fóelluvötn, dags. 20.10.1999.
- 24(24) Yfirlýsing Sauðfjäreigendafélagi Kópavogs varðandi endurnýjun á leigusamningi, dags. 23.3.1999.
- 24(25) Fjallskilaboð fyrir Kópavogskaupstað haustið 2001.
- 24(26) Afrit af fjallskilasamþykkt fyrir landnám Ingólfs Arnarssonar nr. 401/1996.
- 24(27) Útréttir og ýmis störf fyrir réttir í Fossvallarétt frá 2001.
- 24(28) Samþykkt bæjarráðs fyrir klúbbstarfsemi í flugvélarflaki við Sandskeið, dags. 24.7.1968.
- 24(29) Afrit úr „skráningu og mati fasteigna“ fyrir fasteignir Svifflugfélagsins við Sandskeið, dags. 14.9.1973.
- 24(30) Útprentun af yfirliti yfir álagningu fasteignagjalda á fasteignir Svifflugfélagsins við Sandskeið, dags. 19.11.2004.
- 24(31) Afsal ríkissjóðs til Kópavogskaupstaðar á jörðunum Digranes og Kópavogur, dags. 14.8.1957.
- 24(32) Afsal ríkissjóðs til Kópavogskaupstaðar á þeim hluta jarðarinnar Kópavogs sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur til umráða austan Hafnarfjarðarvegar auk Ástúns, Birkihlíðar, Efstalands, Grænuhlíðar, Lundar, Meltungu, Snælands og Sæbóls, dags. 4.7.1968.
- 24(33) Afsal Þórunnar Kristjánsdóttur o.fl. til Kópavogskaupstaðar allt land í Smárahvamm sem liggur vestan Smárahvammsvegar, dags. 26.7.1991, ásamt upprætti.
- 24(34) Afsal Bergþóru Ísaksdóttur o.fl. til Kópavogskaupstaðar Fífuhvamm í Kópavogi, dags. 22.8.1980.
- 24(35) Bréf skipulagsstjóra til bæjarstjórnar Kópavogs varðandi skipulag skíðasvæðis í Bláfjöllum, dags. 18.4.1988.
- 24(36) Lóðaleigusamningur Kópavogsbæjar við Fjäreigendafélag Kópavogs fyrir Fossvallatún í Lækjarbotnalandi nr. 63, dags. 15.4.1980.
- 24(37) Leigusamningur. Kópavogskaupstaður leigir Gesti Gunnlaugssyni Fossvallatún, dags. 15.6.1964.
- 24(38) Lóðaleigusamningur Kópavogsbæjar við Fjäreigendafélag Kópavogs fyrir Vatnsenda í Lækjarbotnalandi nr. 61, dags. 15.4.1980.

- 24(39) Leigusamningur. Kópavogskaupstaður leigir Sauðfjáreigendafélagi Kópavogs Hólstún, dags. 19.6.1970.

Lagt fram af Halldóri H. Backman hdl. vegna 90% eignarhluta í spildu úr Miðdals I:

- 25 Kröfulýsing, dags. 30.8.2004.
25(1) Kort með skýringum vegna kröfu Miðdals I.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 26 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar á Stór-Reykjavíkursvæðinu, dags. 30.8.2004.
27 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða á Stór-Reykjavíkursvæðinu, dags. 12.9.2005.
28 Yfirlitskort – Aðalkröfur. Mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
29 Yfirlitskort – Varakröfur. Mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
30(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 31.8.2004.
30(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 28.9.2004.
30(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 26.10.2004.
30(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 16.12.2004.
30(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 20.1.2005.
30(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 24.1.2005.
30(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
32 Úrskurður óbyggðanefndar vegna kröfu Björns Erlendssonar um að Karl Axelsson og Allan V. Magnússon viki sæti í óbyggðanefnd í máli nr. 2/2004, Stór-Reykjavík, dags. 6.9.2005.
33 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
33(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni hrl. vegna 10% eignarhluta í spildu úr Miðdal I:

- 31 Kröfulýsing, dags. 6.9.2004.
31(1) Ljósrit af loftmynd af landi Miðdals I (mælikvarði 1:25.000).
31(2) Skiptayfirlýsing fyrir hluta Miðdals I, dags. 17.11.2003.
31(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Miðdal I, Miðdalsheiði, dags. 19.11.2003.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Seltimingabók eftir Heimi Þorleifsson, bls. 9-12, 17-18, 27-31, 33-34, 43-54, 57-58 og 73.
Ónr. Grein Hjörleifs Kvaran, borgarlögmanns í afmælisriti Davíðs Oddssonar fimmtugs.
Ónr. Lýsing Garðaprestakalls 1842 eftir síra Árna Helgason. Úr Sýslulýsingum og sóknarlýsingum, birt í bókinni Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Reykjavík 1935-1936.
Ónr. Úr bókinni Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson. Bls. 1 og 8-18.
Ónr. Afrit af korti sem sýnir örnefni í umdæmi Hafnafjarðarkaupstaðar, ódags. og ókvarðað.
Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu.

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. vegna Garðabæjar:

- Ónr. Úr ritinu Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, höf. texta: Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, Garðabær 2001.
- Ónr. Úr ritinu Garðabær- byggð milli hrauns og hlíða, umsjón með útg. Erla Jónsdóttir, Garðabær 1992.
- Ónr. Úr ritinu Garðabær- bær í blóma, höf. texta Steinar J. Lúðvíksson, Garðabær 2000.
- Ónr. Úr ritinu landnám Ingólfs. Riðið í Brennisteinsfjöll og Selvog, bls. 14.
- Ónr. Úr ritinu Harðsporar eftir Ólaf Þorvaldsson, bls. 50-51, 59-60.

Lagt fram af Birni Erlendssyni f.h. eigenda Selskarðs:

- Ónr. Grein úr Morgunblaðinu eftir Sr. Halldór Gunnarsson, *Yfirtaka og sala ríkisins á nokkrum prestssetrum og hjáleigum þeirra*, birt 1.5.2003.

Lagt fram til hliðsjónar af Eyvindi G. Gunnarssyni hdl. f.h. eigenda jarða í Álftaneshreppi hinum forna vegna Almenningskóga Álftaness:

- Ónr. Listi yfir lögbýlisjarðir í umdæmi Hafnarfjarðar. Ný jarðabók fyrir Ísland (Tilskipun 1.4.1861).
- Ónr. Efnisyfirlit málflyttingsræðu og tilvitnanaskrá.

Lagt fram af Guðmundi Benediktssyni hrl. f.h. Hafnarfjarðarbæjar:

- Ónr. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 1.b. eftir Ásgeir Guðmundsson, bls. 101-122.
- Ónr. Greinargerð Hafnarfjarðarkaupstaðar í landamerkjamálinu; Jarðeignadeild ríkisins og Sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað, dags. 3.6.1965.
- Ónr. Álit um landamerki milli Straums (með Þorbjarnarstöðum) og Hvaleyrar og norðurmörk Krýsuvíkurlands eftir Guðmund Kjartansson, dags. 30.6.1945.
- Ónr. Álit um landamerki milli Straums (með Þorbjarnarstöðum) og Hvaleyrar og norðurmörk Krýsuvíkurlands eftir Bjarnar Aðalsteinsson, dags. 30.6.1945.

Lagt fram til hliðsjónar af Jörundi Gaukssyni hdl. f.h. Hraðastaða II:

- Ónr. Mannréttindadómstóll Evrópu, Case of Kopecký v. Slovakia, dags. 28.9.2004.

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. til hliðsjónar: f.h. íslensku þjóðkirkjunnar vegna Garðakirkjulands ásamt hlutdeild í Almenningskógum Álftaness:

- Ónr. Grein úr Morgunblaðinu eftir Pál Sigurðsson, *Hver á Prestssetursjarðirnar?*, birt 3.9.1999.
- Ónr. Viðtal við Karl Sigurbjörnsson biskup í Morgunblaðinu, *Gengið hefur á kirkjueignir í meðförum ríkisins*, birt 18.10.2002.
- Ónr. Viðtal við sr. Halldór Gunnarsson í Morgunblaðinu, *Segir ólöglega eignaupptöku nema milljörðum*, birt 26.4.2003.
- Ónr. Viðtal við sr. Halldór Gunnarsson í Morgunblaðinu, *Mótmæla að Þingvellir séu taldir með ríkisjörðum*, birt 26.4.2004.
- Ónr. Konungsbréf (til biskups), er löggildir máldagabók Gísla biskups Jónssonar, frá 5. 4.1749.
- Ónr. Lög um sölu kirkjujarða nr. 50, frá 16.10.1907.
- Ónr. Lög um prestsetur nr. 137, frá 31.12.1993.
- Ónr. Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 frá 26.5.1997.
- Ónr. Tilvísanaskrá og dómaskrá (tilvísanir til helstu dóma) í máli nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið.
- Ónr. Lög um Kristinsjóð o.fl. nr. 35, frá 1.7.1970.

Lagt fram af til hliðsjónar af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna eignarnámslands í Heiðmörk:

- Ónr. Ljósrit úr Árbók Reykjavíkurborgar 1950-1951.

Lagt fram til hliðsjónar af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í svokölluðu Kóngslandi:

- Ónr. Landið og Landnáma eftir Harald Matthíasson, bls. 44-47 og 52-53.
- Ónr. Ljósrit úr Árbók F.Í. 1985, bls. 37-62.

Lagt fram til hliðsjónar af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Seljabrekku, Mosfellsbæ:

- Ónr. Landnám Ingólfs, bls. 221-239.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Seljabrekku í Mosfellshrepp, Ari Gíslason skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Seljabrekku í Mosfellshrepp, athugasemdir Guðmundar Þorlákssonar við handrit Ara Gíslasonar.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Bringur í Mosfellshrepp, Jón Halldórsson skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Bringur í Mosfellshrepp, Ágúst Ó. Georgsson skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá fyrir Gullbringur í Mosfellshrepp, athugasemdir og viðbætur Jóns Halldórssonar.

Lagt fram af Sigurði A. Þóroddssyni hdl. f.h. eigenda Elliðavatns:

- Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu.

Lagt fram til hliðsjónar af Sigurbirni Þorbergssyni hdl. vegna Vatnsenda:

- Ónr. Alþingistíðindi A 1942, þskj. 157. Frumvarp til laga um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, ásamt fylgiskjölum.
- Ónr. Alþingistíðindi B 1942, bls. 602-606. Umræður um Frumvarp til laga um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.
- Ónr. Riðið í Selvog. Selvogsgata úr Mygludölum. Grein eftir Þorkel Jóhannesson og Óttar Kjartansson í tímaritinu Hesturinn okkar, bls. 12-26.
- Ónr. Fjórar leiðir í Gjárrett, fyrri hluti. Grein eftir Þorkel Jóhannesson og Óttar Kjartansson í tímaritinu Hesturinn okkar, bls. 1-14.
- Ónr. Fjórar leiðir í Gjárrett, síðari hluti. Grein eftir Þorkel Jóhannesson og Óttar Kjartansson í tímaritinu Hesturinn okkar, bls. 15-28.
- Ónr. Mannréttindadómstól Evrópu, Case of the former King of Greece and others v. Greece, dags. 23.11.2000.
- Ónr. Efnisskipan málflutningsræðu.

Lagt fram til hliðsjónar af Þórði Clausen hrl. og Geir Arnari Marelssyni hdl. vegna Lækjarbotna og afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna fyrir Kópavogsbæ:

- Ónr. Hrd. mál nr. 44/1943. Lækjarbotnar.

Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinsyni hrl. vegna Óttarsstaða:

- Ónr. Á förnum vegi. Loftur Guðmundsson. Reykjavík 1966. Bls. 112-122.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Lyfrd. yngri (1874) XI/242. Garðar (Akurgerði).
- Ónr. Lyfrd. yngri (1874) I/271. Garðar (Hafnarfjarðarlóð).
- Ónr. Lyfrd. yngri (1874) IV/ 207. Elliðakot.
- Ónr. Lyfrd. yngri (1874) II/255. Vilborgarkot.
- Ónr. Lyfrd. yngri (1874) III/244. Vilborgarkot.
- Ónr. Hrd. 1925-1929/157. Setberg/Garðakirkjuland.
- Ónr. Hrd. 1935/483. Gunnarshólmi.
- Ónr. Hrd. 1996/2848, mál nr. 256/1995. Mörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi (Bláfjallamál).
- Ónr. Lyfrd. eldri (1871-1874) XI/229. Vilborgarkot.
- Ónr. Dómur í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í máli nr. 329/1964.

- Ónr. Alþingistíðindi A og B 1927 vegna sölu á Mosfellsheiði.
- Ónr. Greinin „Þegar Mosfellsheiði var seld“ eftir Guðjón Jenson (Mosfellingur 8. tbl. 4. árg. 19.12.2002).
- Ónr. Uppdráttur meðfylgjandi dómi Landamerkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í máli 329/1964. Suðurmörk Hafnarfjarðar og norðurmörk Krísvíkur.
- Ónr. Skýrslur í máli 2/2004 hjá óbyggðanefnd, (30 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

mál nr. 3-4/2004

Kjalarnes og Kjós



31. maí 2006

EFNISYFIRLIT

1.	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	612
2.	MÁLMEÐFERÐ	613
2.1.	Hlutverk og skipan óbyggðanefndar.....	613
2.2.	Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnessýslu tekin til meðferðar.....	614
2.3.	Lýstar kröfur og kynning.....	614
2.4.	Mál nr. 3–4/2004, Kjalarnes og Kjós.....	615
3.	KRÖFUGERÐ	617
3.1.	Kröfur íslenska ríkisins.....	617
3.1.1.	<i>Þjóðlendar</i>	617
3.1.2.	<i>Þrándarstaðir</i>	617
3.1.3.	<i>Mógilsá</i>	618
3.1.4.	<i>Kollaffjörður</i>	618
3.2.	Kröfur Landgræðslusjóðs og Ingibjargar Magnúsdóttur vegna jarðanna Ingunnarstaða og Hrisakots.....	618
3.3.	Kröfur Sigurðar Guðmundssonar og Bílfells ehf. vegna jarðanna Möðruvalla I og II.....	618
3.4.	Kröfur Páls Ingólfssonar og Mörtu Kristínar Karlsdóttur, Eyjabergs ehf. og Aðalheiðar Birnu Einarsdóttur og Hermanns Ingólfssonar vegna Eyja I, Eyja II og Hjalla.....	619
3.5.	Kröfur Ólafs Guðmundssonar o.fl. og Kristjáns Finnssonar vegna jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar.....	619
3.6.	Kröfur Gísla Ellertssonar vegna jarðarinnar Meðalfells.....	620
3.7.	Kröfur Aðalsteins Grímssonar vegna jarðarinnar Eilífsdals.....	620
3.8.	Kröfur Guðmundar H. Davíðssonar og Svanborgar Magnúsdóttur vegna jarðarinnar Miðdals.....	621
3.9.	Kröfur Bjarna Bærings Bjarnasonar vegna hluta Blikdals norðan Blikdalsár.....	621
3.10.	Kröfur Reykjavíkurborgar vegna Blikdals sunnan Blikdalsár og hluta Blikdals norðan Blikdalsár.....	621
3.11.	Kröfur Eyglóar Gunnarsdóttur o.fl. vegna jarðarinnar Hofsvalla.....	622
3.12.	Kröfur Geirs Gunnars Geirssonar o.fl. vegna jarðarinnar Vallár.....	622
3.13.	Kröfur Ólafs Guðbjartssonar vegna jarðarinnar Sjávarhóla.....	623
3.14.	Kröfur Jóns Levís Tryggvasonar o.fl. vegna smábýla 4–14 í landi jarðarinnar Skrauthóla.....	623
3.15.	Kröfur Gísla Snorrasonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Esjubergs.....	623
3.16.	Kröfur Jónasar Jónssonar o.fl. vegna jarðarinnar Valla.....	624
3.17.	Kröfur Skipulagssjóðs Reykjavíkur vegna jarðarinnar Norðurgrafar.....	625
3.18.	Kröfur Sveins Sigurjónssonar vegna jarðarinnar Þverárkots.....	625
3.19.	Kröfur Landsnets hf.....	625
4.	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	627
4.1.	Inngangur.....	627
4.2.	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	627
4.3.	Vettvangsferð.....	628
4.4.	Skýrslutökur.....	630
5.	SAGA JARÐA OG AFRETTARNOTA	631
5.1.	Kjósarhreppur.....	631
5.1.1.	<i>Landnám í Kjós</i>	631
5.1.2.	<i>Lýsing Kjósarhrepps</i>	632
5.1.3.	<i>Mörk Kjósarhrepps og Þingvallahrepps</i>	634
5.1.4.	<i>Miðdalur</i>	637

5.1.5.	<i>Eilífsdalur</i>	640
5.1.6.	<i>Meðalfell</i>	641
5.1.7.	<i>Flekkudalur</i>	647
5.1.8.	<i>Grjóteyri</i>	650
5.1.9.	<i>Eyjar</i>	651
5.1.10.	<i>Sandur</i>	656
5.1.11.	<i>Möðruvellir</i>	657
5.1.12.	<i>Írafell</i>	660
5.1.13.	<i>Fremriháls</i>	662
5.1.14.	<i>Hækingsdalur (Hlíðarás er nýbýli úr landi Hækingsdals)</i>	663
5.1.15.	<i>Skorhagi</i>	665
5.1.16.	<i>Þrándarstaðir</i>	666
5.1.17.	<i>Ingunnarstaðir (Hrísakot var hluti af Ingunnarstöðum)</i>	668
5.1.18.	<i>Stóribotn</i>	671
5.1.19.	<i>Afréttarnot í Kjós</i>	673
5.2.	Kjalarnes	678
5.2.1.	<i>Landnám á Kjalarnesi</i>	678
5.2.2.	<i>Lýsing Kjalarneshrepps</i>	680
5.2.3.	<i>Stardalur</i>	681
5.2.4.	<i>Sámsstaðir (ekki er ljóst hvort býlið tilheyrði Stardal eða Hrafnhólum)</i>	683
5.2.5.	<i>Hrafnhólar</i>	685
5.2.6.	<i>Þverárkot</i>	686
5.2.7.	<i>Gröf / Norðurgröf</i>	687
5.2.8.	<i>Vellir</i>	689
5.2.9.	<i>Kollaffjörður</i>	690
5.2.10.	<i>Mógilsá</i>	692
5.2.11.	<i>Esjuberg</i>	695
5.2.12.	<i>Sjávarhólar</i>	700
5.2.13.	<i>Ófugskelda</i>	701
5.2.14.	<i>Skrauthólar</i>	702
5.2.15.	<i>Vallá</i>	705
5.2.16.	<i>Hofshverfi (Hof, Lykkja og Krókur)</i>	706
5.2.17.	<i>Brautarholt</i>	710
5.2.18.	<i>Brekka</i>	715
5.2.19.	<i>Bakki</i>	716
5.2.20.	<i>Blikdalur [Bleikdalur]</i>	718
5.2.21.	<i>Ártún [Kirkjujörð í eigu Saurbæjar]</i>	723
5.2.22.	<i>Saurbær</i>	725
5.2.23.	<i>Hjarðarnes [Kirkjujörð í eigu Saurbæjar]</i>	730
5.2.24.	<i>Melahverfi</i>	733
5.2.25.	<i>Tindsstaðir</i>	738
5.2.26.	<i>Afréttarnot á Kjalarnesi</i>	740
6.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	753
6.1.	Inngangur	753
6.2.	Landnám	754
6.3.	Einstök landsvæði á og við Esju	755
6.3.1.	<i>Kröfur og málsástæður aðila</i>	755
6.3.2.	<i>Hugtakið fjallsbrún í landamerkjabréfum jarða á og við Esju</i>	757
6.3.3.	<i>Þverárkot</i>	760
6.3.4.	<i>Norðurgröf</i>	762
6.3.5.	<i>Vellir</i>	763
6.3.6.	<i>Kollaffjörður</i>	764
6.3.7.	<i>Mógilsá</i>	766
6.3.8.	<i>Esjuberg</i>	767
6.3.9.	<i>Hofshverfi, Vallá, Skrauthólar og Sjávarhólar</i>	768
6.3.10.	<i>Blikdalur sunnan Blikdalsár</i>	768
6.3.11.	<i>Blikdalur norðan Blikdalsár</i>	769
6.3.12.	<i>Miðdalur</i>	771
6.3.13.	<i>Eilífsdalur</i>	772

6.3.14.	<i>Meðalfell</i>	773
6.3.15.	<i>Flekkudalur og Grjóteyri</i>	775
6.3.16.	<i>Eyjar</i>	776
6.3.17.	<i>Niðurstaða um eignarréttarlega stöðu landsvæða á og við Esju</i>	778
6.4.	Þrándarstaðir.....	779
6.5.	Ingunnarstaðir og Hrísakot	781
6.6.	Um málskostnað	784
7.	ÚRSKURÐARORÐ	785

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og 7/2006, tekið fyrir málið

**nr. 3 og 4/2004, Kjalarnes og Kjós,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan Vagn Magnússon og Halldór Jónsson.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og ríkisjarðanna Kollafjarðar og Mógilsár á Kjalarnesi og Þrándarstaða í Kjós.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl. og Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Skipulagssjóður Reykjavíkur vegna jarðarinnar Norðurgrafar.

Jón Leví Tryggvason o.fl. vegna Smábýla 4–14 í landi jarðarinnar Skrauthóla. Reykjavíkurborg vegna Blikdals sunnan Blikdalsár og hluta Blikdals norðan Blikdalsár.

Landgræðslusjóður og Ingibjörg Magnúsdóttir vegna jarðanna Ingunnarstaða og Hrísakots.

Sigurður Guðmundsson vegna jarðarinnar Möðruvalla I.

Bílfell ehf. vegna jarðarinnar Möðruvalla II.

Aðalheiður Birna Einarsdóttir og Hermann Ingólfsson vegna jarðarinnar Hjalla.

Páll Ingólfsson og Marta Kristín Karlsdóttir vegna jarðarinnar Eyja I.

Eyjaberg ehf. vegna jarðarinnar Eyja II.

¹Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

Kristján Finnsson vegna jarðarinnar Grjóteyrar.

Ólafur Guðmundsson o.fl. vegna jarðarinnar Flekkudals.

Gísli Ellertsson vegna jarðarinnar Meðalfells.

Aðalsteinn Grímsson vegna jarðarinnar Eilífsdals.

Guðmundur H. Davíðsson og Svanborg Magnúsdóttir vegna jarðarinnar Miðdals.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ólafur Guðbjartsson vegna jarðarinnar Sjávarhóla.

Geir Gunnar Geirsson o.fl. vegna jarðarinnar Vallár.

Jónas Jónasson o.fl. vegna jarðarinnar Valla.

Sveinn Sigurjónsson vegna jarðarinnar Þverárkots.

Eygló Gunnarsdóttir o.fl. vegna jarðarinnar Hofa.

(Eyvindur G. Gunnarsson hrl.)

Gísli Snorrason o.fl. vegna hluta jarðarinnar Esjubergs.

(Gunnar Sæmundsson hrl. og Skarphéðinn Pétursson hdl. fyrir hönd Hákonar Árnasonar hrl.)

Bjarni Bærings Bjarnason vegna hluta Blikdals norðan Blikdalsár.

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Landsnet hf.

(Þórður Bogason hdl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Hlutverk og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000 og 7/2005. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipaðir Halldór Jónsson héraðsdómsslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir

Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 27. október 2003, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu, auk þess hluta Árnassýslu sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið fjórða sem kemur til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til norðurs af mörkum Kjósarhrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem fylgja suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi, en þau byrja við Botnsvog og enda í Háu-Súlu, og þegar austar dregur af suðurmörkum þeirra jarða sem óbyggðanefnd tók afstöðu til í málum á svæði 1 (nr. 1–7/2000, varðandi uppsveitir Árnassýslu). Að austan afmarkast svæðið af Þjórsá, en að sunnan og vestan af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.² Fjármálaráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjósarhrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Árborgar, auk Bændasamtaka Íslands, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 20. febrúar 2004, og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi bárust 20. febrúar 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdretti, í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004, Fréttablaðinu 4. mars og Morgunblaðinu 7. mars, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir

²Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort).

óbyggðanefnd í síðasta lagi 3. júní 2004. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í lok júní 2004.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, frá 1. júlí til 3. ágúst 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 10. ágúst 2004. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sjö hlutum og fjórar kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 61 kröfulýsing ýmissa aðila, auk krafna Landsnets hf. Kröfulýsingar þessar taka til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða á Suðvesturlandi, stundum sameiginlega.

2.4. Mál nr. 3–4/2004, Kjalarnes og Kjós

Í ágúst 2004 var lögmonnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendu-kröfusvæði íslenska ríkisins niður í sex mál, þ.e. mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd, mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið, mál nr. 3/2004 Kjalarnes, mál nr. 4/2004 Kjós, mál nr. 5/2004 Grafningur og mál nr. 6/2004 Ölfus.

Á síðari stigum málsins var lögmönnum aðila tilkynnt sú ákvörðun óbyggðanefndar að sameina mál nr. 3/2004 og 4/2004, að því leyti að aðalmeðferð í þeim yrði að öllu leyti sameiginleg auk þess sem í þeim yrði kveðinn upp sameiginlegur úrskurður. Sætti sú tilhögun ekki andmælum af hálfu lögmanna.

Mál nr. 3/2004 og 4/2004 voru fyrst tekin fyrir á fundum óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 7. september 2004. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málinu og færi gefið á athugasemdum. Engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Jafnframt var farið fram á að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við aðra fyrirtöku hvors máls um sig, 5. október 2004, voru m.a. lagðar fram greinargerðir af hálfu íslenska ríkisins. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku hvors máls um sig, 3. nóvember sama ár, voru lagðar fram nokkrar greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Við fjórðu fyrirtöku, 3. febrúar 2005, voru lagðar fram fleiri slíkar greinargerðir ásamt því að sameining svæða nr. 3/2004 og 4/2004 var tilkynnt lögmönnum. Við þessi tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar sem og fyrirkomulag vettvangsferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 7., 8. og 10. febrúar 2005 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Fram kom að lögmenn hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í fundarsal Grand Hótel, Reykjavík. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.–4.4. og vísast þangað.

Þann 11. maí 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ³

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

3.1.1. Þjóðlendur

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er annars vegar gerð krafa um að „hálandið upp af jörðunum Ingunnarstöðum og Þrándarstöðum“ verði viðurkennt sem þjóðlenda, svo afmarkað:

„Línan byrjar í framhaldi af þar sem þjóðlendulína á svæði 1 kemur að sýslumörkum á Kili (A), þaðan fylgir línan mörkum milli Hækingsstaða og Ingunnarstaða/Hrísakots að hornmarki við Þrándarstaði (B), þaðan er bein lína þar til hún sker mörk Ingunnarstaða/Hrísakots og Stóra-Botns í 500 m hæð (C).“

Hins vegar er gerð krafa um að „efsti hluti Esjunnar“ og „sá hluti Blikdals, sem ekki er hluti af neinni jörð“ verði viðurkennd sem þjóðlenda“. Svæðið er afmarkað svo:

„Hin línan í Kjós byrjar í Tindstaðahnjúk (D) og áfram eftir brúnum í Þórnýjartind (E), þaðan fylgir línan brúnum Eilífsdals að Nónbungu (F) og þaðan eftir brúnum Flekkudals í Esjuhörn (G). Línan liggur síðan suður allt í Suðurárbotna (H) og þaðan beint í suður í Móskaðshnjúka (I).“

„Kröfulína um þjóðlendumörk hefst í Tindstaðahnjúk (A), þaðan eftir brúnum í Dýjadalshnjúk (B), þaðan í Melahnjúk (C), síðan beint í suður sem vötnum hallar í Ártúnsá við botn Blikdals (D), þaðan í mynni Blikdals (E), síðan með brúnum í Kambshörn (F), þaðan að Þverfellshorni (G), fylgir þaðan brúnum að Móskaðshnjúkum (H).“

Við aðalmeðferð málsins var gerð sú breyting á kröfugerð fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins að lykka á kröfulínu norðvestan við Bláhnúk og norðaustan við Þverárdal, inn fyrir norðurmörk jarðarinnar Þverárkots á Kjalarnesi, eins og þau eru dregin í kröfulýsingu eiganda hennar, verði afmáð. Ekki sé því ágreiningur um mörk jarðarinnar á því svæði.

3.1.2. Þrándarstaðir

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna jarðarinnar Þrándarstaða er gerð sú krafa „að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Þrándarstaða, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk. Þar fyrir ofan að sveitarfélagamörkum er krafist viðurkenningar á rétti til afréttarnota.“

³Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

3.1.3. Mógilsá

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna jarðarinnar Mógilsár er gerð sú krafa að „viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Mógilsár, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk.“

3.1.4. Kollafjörður

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna jarðarinnar Kollafjarðar er gerð sú krafa að „viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Kollafjarðar, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk, sem er í Esjubrunum.“

3.2. Kröfur Landgræðslusjóðs og Ingibjargar Magnúsdóttur vegna jarðanna Ingunnarstaða og Hrisakots

Af hálfu Landgræðslusjóðs og Ingibjargar Magnúsdóttur vegna jarðanna Ingunnarstaða og Hrisakots er þess krafist að viðurkenndur verði einkaeignarréttur þeirra á landi innan neðangreindra merkja:

„Af Múlafjalli þar sem Vörðuhvammslækur kemur niður af brúninni (1) beint suður niður að mýri (2), þaðan beint í austur 100 faðma í punkt (3), þaðan beint niður að Brynjudalsá (4), úr henni upp Þverá og upp á Kjöl (5), þá eftir honum eins og vötnum hallar upp á Há-Kjöl (6), þaðan bein lína til upptaka Öxarár (7), þaðan bein lína til Hásúlu (Mjóúsúlu) (8), þaðan bein lína til Múlafjalls og eftir því eins og vötnum hallar allt til þess staðar á Múlanum (9) sem er á móts við Vörðuhvammslæk og frá þeim stað bein lína til þess er lækurinn kemur niður af brúninni (1).

Varakröfur eru eins að öðru leyti en því að frá Brynjudalsá (4) liggur markalínan upp Þverá og eystri farveg hennar og upp á Kjöl (5), þaðan beint á Há-Kjöl (6).

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.3. Kröfur Sigurðar Guðmundssonar og Bílfells ehf. vegna jarðanna Möðruvalla I og II

Af hálfu Sigurðar Guðmundssonar vegna jarðarinnar Möðruvalla I og Bílfells ehf. vegna jarðarinnar Möðruvalla II voru upphaflega gerðar kröfur um að viðurkenndur yrði einkaeignarréttur á landi innan merkja jarðanna. Frá þeim kröfum var hins vegar fallið.

„Þar sem ríkið hefur fallið frá kröfum um viðurkenningu á þjóðlendum í landi Möðruvalla I og II er ekki ástæða til að hafa lengur uppi viðurkenningarkröfu um

eignarrétt en eigendur gera kröfu til þess að óbyggðanefnd úrskurði þeim málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.4. Kröfur Páls Ingólfssonar og Mörtu Kristínar Karlsdóttur, Eyjabergrs ehf. og Aðalheiðar Birnu Einarsdóttur og Hermanns Ingólfssonar vegna Eyja I, Eyja II og Hjalla

Af hálfu Páls Ingólfssonar og Mörtu Kristínar Karlsdóttur vegna jarðarinnar Eyja I, Eyjabergrs ehf. vegna jarðarinnar Eyja II og Aðalheiðar Birnu Einarsdóttur og Hermanns Ingólfssonar vegna jarðarinnar Hjalla eru gerðar þær kröfur að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Frá Meðalfellsvatni (8) upp á Meðalfell (9) þaðan í Meðalfellsfjallsenda (10), þá í Prestsvörðu (11) og þaðan í Laxá (12). Laxá ræður mörkum að Hvassness lækjarmynni (7), þá Hvassnesslækur upp í Stóra-Hnífhól (6). Þaðan liggja merki í Eyjafellshorn (5) og úr því í Háahnúk (4), úr honum í Móskarðshnúk (3), þá eftir Móskörðunum (Móskarðshnúkum) hæstum á há-Esju (13), þaðan í Esjuhorn (14). Úr Esjuhorni liggja merkin niður Myrkagil í Sandsá (15) og eftir henni á merkjapunkt á móts við hornið á Dagfjárhúsmel (16), frá því beint suður í Svörtu keldu (17), frá henni niður gamlan árfarveg ofan undir Efstastykki (18), með því suður í skurði og girðingar sem skilja að heimalönd Sands og Eyja (19-20-21-22) og endamörkin eru í Meðalfellsvatni (23).“

„Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi fallast á kröfu ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur eigenda nefndra jarða í þjóðlendu innan lýstra merkja, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitara búfenaðar og hagnýtingar gróðurs.“

Til viðbótar er gerð krafa um málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

3.5. Kröfur Ólafs Guðmundssonar o.fl. og Kristjáns Finnssonar vegna jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar

Af hálfu Ólafs Guðmundssonar o.fl. vegna jarðarinnar Flekkudals og Kristjáns Finnssonar vegna jarðarinnar Grjóteyrar eru gerðar þær kröfur að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Mörkin liggja úr Flekkudalsósi (23), þaðan bein lína í Barnhúsvörðu (24) þá upp gil upp á Sandsfjallsbrún nálægt Dagmálavörðu (25), úr því austur eftir Sandsfjalli (26) eftir því sem vötnum hallar og þá suður í Esjuhorn (14). Úr Esjuhorni í há-Esjuna (13) og þaðan vestur á merkjapunkt (27) þar sem hallar til Meðalfellslands. Þaðan liggja mörkin eftir því sem vötnum hallar um Skálatind/Paradísarhnúk (28) í Nónbungu (29), úr Nónbungu í Miðmundahnúk (30), úr þeim hnúk bein lína í Meðalfellsvatn (31).“

„Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi fallast á kröfu ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur eigenda nefndra jarða í þjóðlendu innan lýstra merkja, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitar búfenaðar og hagnýtingar gróðurs.“

Til viðbótar er gerð krafa um málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

3.6. Kröfur Gísla Ellertssonar vegna jarðarinnar Meðalfells

Af hálfu Gísla Ellertssonar vegna jarðarinnar Meðalfells er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Merkjalínan er frá Meðalfellsvatni (31) þverbein stefna frá vatninu upp í Miðmundahnjúk (30), þaðan í Nónbungu (29), þaðan í Skálatind /Paradísarhnúk (28) uns náð er 3ja jarða merkjapunkti (27). Þaðan liggur merkjalínan eftir há-Esjunni um (32) þar til er hún er hæst (33) og stystu leið í upptök Dælisár við fossbrún (34) og eftir Dælisá alveg niður að Bugðu (35), eftir Bugðu þar til Eyrar og Þrep mætast (36), þaðan eftir merkjasteinum upp á Meðalfellsöxl (37) og síðan eftir vatnaskilum Meðalfells að mörkum Eyja (38), sem er hornmark og þaðan niður í Meðalfellsvatn (39).“

„Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi fallast á kröfu ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur eigenda nefndra jarða í þjóðlendu innan lýstra merkja, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitar búfenaðar og hagnýtingar gróðurs.“

Til viðbótar er gerð krafa um málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

3.7. Kröfur Aðalsteins Grímssonar vegna jarðarinnar Eilífsdals

Af hálfu Aðalsteins Grímssonar vegna jarðarinnar Eilífsdals er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Landamerki liggja úr Grásteini (40) í Dælisá (41), uppeftir Dælisá og Fossá upp á Fossabrún (34), þaðan til há Esju (33) og hæstu bingu Esju (42), þaðan norðvestur um Gunnlaugsskarð eftir hæstu hryggjum allt norður á Þórnyjartind (43), svo ofan Sandhrygginn, og úr honum neðanverðum beint í Festarhrygg (44), og af honum upp á Bæjarmúla (45), þá norðaustur í Múlaþúfu (46) og þaðan beint ofan í Grástein (40).“

„Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi fallast á kröfu ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur eigenda nefndra jarða í þjóðlendu innan lýstra merkja, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitar búfenaðar og hagnýtingar gróðurs.“

Til viðbótar er gerð krafa um málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

3.8. Kröfur Guðmundar H. Davíðssonar og Svanborgar Magnúsdóttur vegna jarðarinnar Miðdals

Af hálfu Guðmundar H. Davíðssonar og Svanborgar Magnúsdóttur vegna jarðarinnar Miðdals er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Landamerki Miðdals liggja frá Festarhrygg (44) um Sandhrygg í Þörnýjartind (43), þaðan eins og vötnum hallar að hápunkti (47) ofan Blikdals, þaðan norðvestur á Tindstaðafjall (48) við Kerlingargil, niður gilið og í Miðdalsá (49), þaðan að Merkjagili (50), eftir því upp á Sandfell, úr því að upptökum Fossár (51), þaðan í upptök Skorarár (52), þaðan yfir Sandfellið (54) að mörkum Eilífsdals á Festarhrygg (44).“

„Til vara er gerð sú krafa, ef óbyggðanefnd skyldi fallast á kröfu ríkisins um viðurkenningu á þjóðlendu, að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur eigenda nefndra jarða í þjóðlendu innan Lýstra merkja, þar með talinn réttur til jarðefnavinnslu, beitar búfenaðar og hagnýtingar gróðurs.“

Til viðbótar er gerð krafa um málskostnað úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.

3.9. Kröfur Bjarna Bærings Bjarnasonar vegna hluta Blikdals norðan Blikdalsár

Af hálfu Bjarna Bærings Bjarnasonar vegna hluta Blikdals norðan Blikdalsár er gerð sú krafa að úrskurðað verði að eignarland í sameign hans og Reykjavíkurborgar norðan Blikdalsár sé fullkomið eignarland og falli utan marka þjóðlendna. Vísað er til landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá árunum 1890 og 1922.

Að auki er gerð krafa um málskostnað.

3.10. Kröfur Reykjavíkurborgar vegna Blikdals sunnan Blikdalsár og hluta Blikdals norðan Blikdalsár

Af hálfu Reykjavíkurborgar vegna hluta Blikdals norðan Blikdalsár er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi að hálfu á móti eiganda Dalsmynnis, innan neðangreindra merkja:

„Úr Ártúnsá við Blikdalsmynni (1) í vörðu (2), þaðan að gamla þjóðvegi (3), eftir honum að merkjum Hjarðarness við Tíðaskarð (4) þaðan með brekkubrún upp á Hnefa (5), svo beint í Melahnúk (6) og þaðan upp á Dýjadalshnúk (7), úr honum eftir fjallshryggnum til austurs eins og vötnum hallar allt að Hábungu (8), úr henni í Blikdalsbotn (9) og síðan eftir Blikdalsá til Blikdalsmynnis (1).“

Af hálfu Reykjavíkurborgar vegna Blikdals sunnan Blikdalsár er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi í sunnanverðum Blikdal innan neðangreindra merkja:

„Úr Blikdalsmynni (1) eftir Blikdalsá í Blikdalsbotn (2), þaðan beina línu í Hábungu (3), frá henni eins og vötnum hallar í Kambshorn (4) og þaðan eins og vötnum hallar norðvestur eftir fjallinu niður í Blikdalsmynni (1).

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.11. Kröfur Eyglóar Gunnarsdóttur o.fl. vegna jarðarinnar Hofs

Af hálfu Eyglóar Gunnarsdóttur vegna jarðarinnar Hofs er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. ríkisins samkvæmt kröfulýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendur á Kjalarnesi.“

„Landeigandi Hofs gerir kröfu til þess að allt land innan þessara merkja, með vísan til tölusettra punkta á uppdrætti, verði viðurkennt sem eignarland jarðarinnar.

Lína úr punkti við veg (punktur 1) í Strýtuhóla (punktur 2), þaðan bein lína upp á fjall þar sem vötnum hallar (punktur 3), þaðan lína eftir vatnaskilum að mörkum Vallár (punktur 4), þaðan lína í Helguhól (punktur 5), og þaðan lína í Klifberg (punktur 6).

Landeigandi Hofs lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hennar í þjóðlendu að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti Kjalarness teljist þjóðlenda.“

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.12. Kröfur Geirs Gunnars Geirssonar o.fl. vegna jarðarinnar Vallár

Af hálfu Geirs Gunnars Geirssonar o.fl. vegna jarðarinnar Vallár er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt kröfulýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendur á Kjalarnesi.

„Landeigendur Vallár gera kröfu til þess að allt land innan þessara merkja, með vísan til tölusettra punkta á uppdrætti, verði viðurkennt sem eignarland jarðarinnar:

Lína úr Klifbergi (punktur 1) í Helguhól (punktur 2), þaðan lína upp á Esju þar sem vötnum hallar (punktur 3), þaðan lína eftir vatnaskilum í punkt á Lág Esju (punktur 4), þaðan lína í hornpunkt á landamerkjum við Skrauthóla (punktur 5), þaðan lína í annan hornpunkt á landamerkjum við Skrauthóla (punktur 6), þaðan lína til sjávar meðfram á landamerkjum við Skrauthóla (punktur 7).

Landeigendur Vallár líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti Kjalarness teljist þjóðlenda.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar [eigendum jarðarinnar] að skaðlausu“.

3.13. Kröfur Ólafs Guðbjartssonar vegna jarðarinnar Sjávarhóla

Af hálfu Ólafs Guðbjartssonar vegna jarðarinnar Sjávarhóla er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt kröfulýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendur á Kjalarnesi.

Eigandi Sjávarhóla gerir þær kröfur að viðurkenndur verði einkaeignarréttur hans á landi innan þessara merkja, með vísan til tölusettra punkta á upprætti:

Frá suðvesturmörkum jarðarinnar við sjó (1) upp á há Esju þar sem vötnum hallar til norðurs (2) og eftir henni í Kambshorn (3), þaðan beina línu í Kvensöðla (4) og þaðan meðfram girðingum að suðausturmörkum jarðarinnar við sjó (5).“

Við aðalmeðferð málsins þann 10. febrúar 2005 var gerð sú breyting á kröfulínu vegna jarðarinnar að hún næði „að Lág-Esju að mörkum Vallár og Blikdals“.

„Landeigandi Sjávarhóla lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti Kjalarness teljist þjóðlenda.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar [eiganda jarðarinnar] að skaðlausu.“

3.14. Kröfur Jóns Levís Tryggvasonar o.fl. vegna smábýla 4–14 í landi jarðarinnar Skrauthóla

Af hálfu Jóns Levís Tryggvasonar o.fl. vegna smábýla 4–14 í landi jarðarinnar Skrauthóla er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur þeirra á óskiptu landi innan neðangreindra merkja:

„Frá norðurhorni smábýlis 4, punkti (1), upp á há-Esju þar sem vötnum hallar til beggja hliða (2) og eftir henni í punkt (3) á ofanverðu Kambshorni, þaðan beina línu í austurhorn smábýlis 14, punkt (4), og þaðan eftir efri merkjum spildnanna að norðurhorni smábýlis 4, punkti (1).“

Við aðalmeðferð málsins þann 10. febrúar var gerð sú breyting á kröfulinum „að vestan- og austanverðu að þær framlengist áfram í beina stefnu uns þær ná saman á Lág-Esju.“

„Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.15. Kröfur Gísla Snorrasonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Esjubergs

Af hálfu Gísla Snorrasonar o.fl. vegna hluta jarðarinnar Esjubergs „er krafist að kröfum ríkisins er snerta eignarland landeigenda verði alfarið hafnað.“

„Þá [er] sú krafa gerð að landeigendum [verði] úrskurðaður beinn og óskertur eignarréttur að öllu landi jarðarinnar Esjubergs, ofan 100 metra hæðarlínu, eins og

merkjum hennar er lýst í kröfugerðinni, milli punkta nr. 1 til 10, sbr. einnig neðangreinda lýsingu.

Landfræðilega beinast kröfur landeigenda að viðurkenningu á beinum eignarrétti innan þess landsvæðis sem lýst er í kröfulýsingu að falli innan merkjalýsingar jarðarinnar sbr. merkjaskrá, dags. 27. maí 1890, eins og hún var skýrð í dómsorði merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnu 2. september 1922.“

Teljast landamerki jarðarinnar Esjubergs eftirfarandi: „Úr sjó í Leiðhamra (p.nr. 1) þar sem þeir voru hæstir fram við sjóinn og sjór féll að þeim, þaðan bein lína í norðvestur, í Varmhóla (p.nr. 2) þar sem þeir eru hæstir yfir sjávarmál að vestanverðu. Þaðan ræður bein lína í stefnu á há Brautarholtsborg að landamerkjum Saltvíkur (p.nr. 3). Að vestan liggja mörkin úr norðvesturhorni Saltvíkurlands, beina stefnu í Gvendarbrunn (p.nr. 4), en þaðan í efri Kvensöðul og síðan sömu stefnu upp á háhrygg Lág Esju (p.nr. 5) og síðan eftir honum í Kambshorn (p.nr. 6). Úr Kambshorni fylgir línán Esjubrún, þ.e. hábrúninni sunnan Blikdals, uns lína dregin úr vestanverðu Þverfellshorni, í stefnu af Langahrygg, sker hana upp af Skollabrekku (p.nr. 7). Að austan er línán úr þeim punkti í Þverfellshorn vestanvert (p.nr. 8) og þaðan eftir Langahrygg í upptök lækjar (p.nr. 9) sem fellur niður Skarðadali og síðan eftir læknum um Markagil í sjó fram (p.nr. 10). Þaðan með sjó að upphafspunkti og að teknu tilliti til netlaga.

Sá hluti jarðarinnar sem er innan landamerkja hennar, en fellur undir þjóðlendu, skv. kröfugerð ríkisins, liggur milli kröfulínu ríkisins sunnanvert og kröfulínu landeigenda norðanvert. Nánar afmarkast það landsvæði sem um er deilt vestanvert þar sem kröfulína landeigenda sker kröfulínu ríkisins í Lág Esju milli punkta nr. 4 og 5 í kröfulýsingu landeigenda, norðanvert liggur landsvæðið neðan línu sem dregin er milli punkta nr. 5, 6 og 7 í kröfulýsingu landeiganda, en að austanverðu afmarkast svæðið af línu sem dregin er milli punkta nr. 7 og 8.

Þá er þess krafist að óbyggðanefnd úrskurði landeigendum málskostnað úr hendi ríkisins til handa þeim vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.“

3.16. Kröfur Jónasar Jónassonar o.fl. vegna jarðarinnar Valla

Af hálfu Jónasar Jónassonar o.fl. vegna jarðarinnar Valla er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt kröfulýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendu á Kjalarnesi.

Eigendur Valla gera kröfu til þess að allt land innan þessara merkja, með vísan til tölusettra punkta á uppdrætti, verði viðurkennt sem eignarland jarðarinnar:

Lína úr punkti við vesturmörk jarðarinnar (punktur 1) upp með Kollafjarðará, svo langt sem áin nær upp á Esjubrún, þá í Hábungu á Esju þar sem vötnum hallar (punktur 2), þaðan lína með vatnaskilum í punkt (punktur 3), þaðan lína að Kistufelli og meðfram landamerkjum við Norðurgröf að punkti við austurmörk jarðarinnar (punktur 4).“

„Eigendur Valla líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti Kjalarness teljist þjóðlenda.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar, [eigendum jarðarinnar] að skaðlausu.“

3.17. Kröfur Skipulagssjóðs Reykjavíkur vegna jarðarinnar Norðurgrafar

Af hálfu Skipulagssjóðs Reykjavíkur vegna jarðarinnar Norðurgrafar er gerð sú krafa að viðurkenndur verði einkaeignarréttur á landi innan neðangreindra merkja:

„Frá Leirvogsa við mörk Varmadalsslands (1) beina línu í flatan stein (2) í mýrinni vestanvert við Grafarholt, þaðan beina línu í Kistufell (3) og þaðan sem vötnum hallar upp á Hábungu (4) Esjunnar. Frá Hábungu eftir því sem vötnum hallar í há-Esju (5) upp af Hátindi, þaðan í Hátindsbrún (6), þá beina línu í mynni Grafarár í Leirvogsa (7) og svo eftir henni að Varmadalsslandi (1).

Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000.“

3.18. Kröfur Sveins Sigurjónssonar vegna jarðarinnar Þverárkots

Af hálfu Sveins Sigurjónssonar vegna jarðarinnar Þverárkots er gerð sú krafa „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samkvæmt kröfufýsingu frá 6. febrúar 2004 að því er varðar þjóðlendur á Kjalarnesi.

Eigandi Þverárkots gerir kröfu til þess að allt land innan þessara merkja, með vísan til tölusettra punkta á uppdrætti, verði viðurkennt sem eignarland jarðarinnar:

Frá suðvesturmörkum jarðarinnar við Leirvogsa (punktur 1), þaðan lína upp í brúnir neðan við hátinda á Esju (punktur 2), þaðan lína upp á Há Esju þar sem vötnum hallar (punktur 3), þaðan lína sem fylgir vatnaskilum í Svínaskarð (punktur 4), þaðan lína sem fylgir Skarðsa í punkt á ármótum (punktur 5), þaðan lína sem fylgir Þverá allt að Leirvogsa við endimörk jarðarinnar (punktur 6).

Eigandi Þverárkots lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt hans í þjóðlendu að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti Kjalarness teljist þjóðlenda.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram áður en málið verður tekið til úrskurðar, [eiganda jarðarinnar] að skaðlausu.“

3.19. Kröfur Landsnets hf.

Af hálfu Landsnets hf. eru gerðar kröfur til nauðsynlegs landsvæðis til afnota vegna háspennulína og tengdra mannvirkja að svo miklu leyti sem þau verða talin standa

innan þjóðlendumarka. Nánar tiltekið er þess krafist að háspennulínur fyrirtækisins geti staðið ótímabundið á landi því sem þær fara um og það hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim til viðhalds og endurbóta, m.a. með lagningu vegslóða. Með vísan til 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, er gerð krafa um að þessi réttindi Landsnets hf. verði viðurkennd innan þess svæðis sem kann að verða talið til þjóðlendu á svæði nr. 4.

Um er að ræða eftirfarandi háspennulínu í eigu Landsnets hf.:

„Brennimelslína 1 (220 kV) sem liggur norðaustur frá Geithálsi og sveigir til norðurs eftir Mosfellsheiði og í gegnum Kjósarskarð og niður í Kjósina á leið sinni að tengivirki við Brennimel í norðanverðum Hvalfirði.“

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Svo sem fram kemur í kafla 2.4. voru mál nr. 3/2004, Kjalarnes, og mál nr. 4/2004, Kjós, sameinuð. Skjalanúmerum var þó haldið óbreyttum í hvorum þætti hins sameinaða máls fyrir sig og skjöl er varða Kjalarnes geta því borið sama skjalanúmer og skjöl er varða Kjós. Þarf þá að gæta að því hvorn hluta málsins skjalið varðar. Skjalaskrá er því skipt upp í A-hluta, fyrir Kjalarnes, og B-hluta, fyrir Kjós. Í Kjalarnesþætti málsins hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–24 ásamt undirskjöllum eða samtals 307 skjöl, auk 8 hliðsjónargagna. Í Kjósarþætti málsins hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–14 ásamt undirskjöllum eða samtals 215 skjöl, auk 14 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðll., nr. 58/1998, sbr. 1. nr. 65/2000. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna.

Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Vettvangsferð

Að morgni mánudagsins 7. febrúar 2005 var haldið af stað í vettvangsferð frá húsakynnum óbyggðanefndar að Hverfisgötu 4a, Reykjavík.

Með í för auk óbyggðanefndar, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila var Jónas Helgason vegna Ingunnarstaða og Hrísakots í Kjós. Haldið var sem leið lá frá Reykjavík og ferðinni í fyrstu heitið inn Mosfellsdal. Stansað var í Mosfellsbæ þar sem Magnús Sæmundsson frá Eyjum í Kjós slóst í förina. Ekið var áfram og inn Mosfellsdal og eftir dalnum þar til komið var að Seljabrekku. Þar var beygt út af veginum. Ekið var hjá Skeggjastöðum og yfir Leirvogsa. Á hægri hönd mátti sjá Hrafnhóla og fram undan glitti í Þverárkot. Stansað var við Hrafnhóla og skyggnt um. Beint af augum var Þverárkotsháls. Þá mátti sjá Haukafjöll og handan við Þverárkotsháls sást glitta í Kistufell. Einnig mátti greina Þverárdal og Skarðsdal á milli Þverárkotsháls og Sumarkinnar. Á milli Þverárkotsháls og Kistufells liggur Grafardalur.

Haldið var til baka sömu leið og út á þjóðveg nr. 1. Beygt var út af aðalveginum á nýjan leik og inn á Kjalarnesveg innri. Sjá mátti heim að Völlum og Norðurgröf og Kistufell þar fyrir ofan. Á hægri hönd sást Mosfell. Ekið var fram hjá mörkum Valla og Norðurgrafar. Til vesturs mátti sjá Langahrygg eða Gljúfurdalshrygg eins og hann var stundum nefndur.

Enn var haldið til baka sömu leið og út á þjóðveg nr. 1 og ekið áfram undir leiðsögn Gunnars Sæmundssonar hrl. Stansað var við afleggjarann að Naustanesi þar sem Djúpagil blasti við, en um það snérist þræturnar milli Mógilsár og Esjubergs meðal annars. Greina mátti bæði Leiðhamra og Varmhóla, sem og Langahrygg en Þverfellshorn, sem gengur upp af honum, var hulið þoku. Bæjarstæði Mógilsár og Kollafjarðar voru einnig sýnileg.

Haldið var af stað á ný. Horft var upp að Langahrygg. Fram undan blasti Djúpagil við og aðeins utar Markagil og hjá því Fálkaklettur. Einnig sást Leiðhamrar. Þar sem Leiðhamrar ganga lengst fram byrja merkin milli Esjubergs og Mógilsár. Sjá mátti inn í Gljúfurdal. Þá sást Hestagil en upp með því er að sögn

Gunnars Sæmundssonar hrl. greið leið alveg upp á Kerhólakamb. Á hægri hönd sást heim að Esjubergi og nokkru vestar glitti í Kvensöðla en merki Esjubergs liggja samkvæmt kröfugerð jarðeigenda um þann efri. Þar upp af er Lauganípa sem ekki sást vegna þoku.

Beygt var af þjóðvegi nr. 1 og ekið heim að Kirkjulandi. Þar var stigið frá borði í mikilli hríð. Jón Leví Tryggvason, sem fæddur er og uppalinn á Skrauthólum, beið hópsins þar og greindi frá staðháttum. Hann greindi viðstöddum frá því hver hann teldi vera mörk Skrauthóla og Esjubergs. Síðar birti til og Kvensöðlar sáust vel sem og Lauganípa sem gnæfði yfir. Haldið var af stað en stansað á ný við vesturmörk Skrauthóla. Þar greindi Jón Leví Tryggvason einnig frá staðháttum.

Þá var ekið áfram sem leið lá eftir þjóðvegi nr. 1 undir leiðsögn Gunnars Sæmundssonar hrl. Ekið var fram hjá Sjárvarhólabænum. Úti á nesinu mátti sjá Brautarholtsborg. Ekið var fram hjá Vallárbænum og sjá mátti Vallárdal ganga þar upp af. Stansað var fyrir mynni Blikdals. Þar var Dýjadalshnjúkur greinanlegur fremst og Tindstaðafjall þar fyrir innan. Þá mátti sjá Hnefa og Melahnjúk.

Stigið var út úr bifreið óbyggðanefndar og um borð í jeppa annars vegar Bjarna Bærings Bjarnasonar og hins vegar Sigurðar Sigurjónssonar hrl. Ekið var í þessum bifreiðum upp að mynni Blikdals. Þar var stansað og gengið spölkorn inn á dalinn undir leiðsögn Bjarna Bærings Bjarnasonar. Skyggni var slæmt og lítið sást.

Haldið var af stað á ný og ekið til baka sömu leið. Þegar komið var niður að þjóðvegi nr. 1 steig hópurinn aftur um borð í bifreið óbyggðanefndar. Ekið var um Tíðaskarð og yfir í Kjós. Á hægri hönd var Þjófaskarð. Beygt var inn á Miðdal. Við Kiðafell slóst í förina Guðmundur Davíðsson frá Miðdal, oddviti Kjósarhrepps, og tók hann við leiðsögn. Esjan var á hægri hönd. Lítið sást þó í brúnir hennar vegna skýjafars. Beint framundan sást til bæjarins Morastaða og á hægri hönd voru Tindstaðir og Tindstaðafjall þar uppi. Enn ofar mátti greina Tindstaðahnúka, ytri- og innri. Á vinstri hönd var Eyrarfjall og á hægri hönd sást glitta í Kerlingargil. Þar ofan við var Tindstaðahnúkur. Á hægri hönd var Þórnýjartindur hulinn þoku. Ekið var yfir mörk Miðdals og Eilífsdals en þau liggja niður úr Þórnýjartindi. Beint fram undan sást til Eilífsdalsbæjarins og hægra megin við hann mátti sjá Orrustuhól.

Stansað var og í förina slógust þeir Aðalsteinn Grímsson frá Eilífsdal og Gísli Ellertsson frá Meðalfelli. Ekið var inn í sumarbústaðahverfi, sem kallast Valshamar og er í landi Meðalfells, og skyggnt inn á Eilífsdal. Handan við Eilífsdal er aflíðandi háls sem liggur upp á Skálatind. Beint framundan glitti í Meðalfell og á hægri hönd sást Valshamar, þar handan við var Nónbunga hulin þoku. Á hægri hönd mátti einnig sjá Miðmundarhnúk og Meðalfellsvatn.

Ekið var út á Hvalfjarðarveginn á ný. Fram undan mátti sjá Meðalfell og gegnt því Reynivallaháls. Beygt var út af aðalvegi í átt að Meðalfelli og ekið meðfram Meðalfellsvatni. Þá var beygt í átt að Flekkudal og Grjóteyri. Skyggni var mjög slæmt og lítið sást. Ekið var yfir Flekkudalsá og heim að Flekkudal. Þar var snúið við. Ekið

var yfir Sandsá og á hægri hönd var Sandsfjall greinanlegt. Snúið var við á ný og ekið fram hjá Laxárnesi og yfir Laxá. Ekið var fram hjá bænum Fossá, þar sem mikil skógrækt hefur verið stunduð og yfir Fossá. Þaðan liggur að sögn Gunnars Sæmundssonar hrl. gömul þjóðleið yfir í Vindáshlíð og svo áfram þaðan um Svínaskarð og svo niður hjá Þverárkoti. Framundan mátti sjá Múlafjall. Beygt var inn á Brynjudal. Ekið var um hlaðið á Þrándarstöðum og sjá mátti eyðibýlið Skorhaga. Einnig mátti sjá heim að Ingunnarstöðum sem eru hinum megin í dalnum. Framundan sást Hvalfell. Þá sást vel upp í Botnssúlur. Á hægri hönd mátti sjá Múlafjall og Hrísháls. Undir Hríshálsi stendur eyðibýlið Hrísakot. Ekið var heim að Ingunnarstöðum og þar steig Guðrún Björnsdóttir upp í bílinn og sagði frá staðháttum. Ekið var inn dalinn undir leiðsögn Guðrúnar. Þá var snúið við og haldið heim á leið til Reykjavíkur. Komið var til baka á skrifstofu óbyggðanefndar þar sem vettvangsferð lauk síðdegis.

4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins, þriðjudaginn 8. febrúar 2005, voru teknar skýrslur af eftirtöldum: Bjarni Bærings Bjarnason, Brúarreykjum, Borgarbyggð; Jón Leví Tryggvason, Grýtubakka 2, Reykjavík; Árni Snorrason, Esjugrund 47, Kjalarnesi; Ólafur Guðbjartsson, Sjávarhólum, Kjalarnesi; Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal, Kjós; Kristján Finnsson, Grjóteyri, Kjós; Magnús Sæmundsson, Eyjum II, Kjós; Finnbogi Björnsson, Skipasundi 54, Reykjavík.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir þeirra eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG AFRETTARNOTA

Greinargerð þessi er í tveimur þáttum.⁴ Í fyrri hluta er fjallað um jarðir og önnur svæði í Kjósarhreppi sem mál þetta varðar og í seinni hluta er fjallað á sama hátt um jarðir og önnur svæði á Kjalarnesi.⁵ Fyrst er greint frá elstu ritheimildum um landnám á hvoru svæði fyrir sig, síðan fjallað um stjórnsýslumörk og þá rakin saga einstakra jarða og annarra landsvæða, afmörkun þeirra, ráðstöfun að eignarrétti og nýting. Loks er í hvorum hluta fyrir sig fjallað um afrettarnot og birtur útdráttur úr fjallskilareglugerðum.

5.1. Kjósarhreppur

5.1.1. Landnám í Kjós

Landnámabók getur ýmissa manna, sem námu land á þessu svæði. Fyrstur landnámsmanna var Ingólfur Arnarson:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.⁶

Eins og getið er um varðandi Kjalarnes var Mýdalsá (nú Miðdalsá og Kiðafellsá) takmark landnáms Helga bjólu. Norðan Mýdalsár var landnám Svartkels hins katneska:

Svartkell hét maðr katneskr; hann nam land fyrir innan Mýdalsá milli <ok> Eilífsdalsár ok bjó at Kiðjafelli fyrst en síðan á Eyri.⁷

Svartkell hét maðr; hann fór af Englandi til Íslands ok nam land fyrir innan Mýdalsá ok millim Eilífsdalsár ok bjó at Kiðjafelli fyrst en síðan á Eyri.⁸

Eilífsdalsá heitir nú Dælisá eða Bugða.⁹ Gera má ráð fyrir að landnám Svartkels hafi náð upp í Esjuna, milli upptaka Mýdalsár og Eilífsdalsár.

Valþjófr, son Örylgs ens gamla frá Esjubergi, nam Kjós alla ok bjó at Meðalfelli; frá honum eru Valþjóflingar komnir.¹⁰

⁴Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 11 í Kjósarþætti málsins og skjal nr. 19 í Kjalarnesþætti málsins. Þó hefur verið felld út umfjöllun um þær jarðir sem liggja utan við ágreiningssvæði málsaðila og ekki skipta máli hér. Einnig hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁵Svo sem fram kemur í kafla 2.4. voru mál nr. 3/2004, Kjalarnes, og mál nr. 4/2004, Kjós, sameinuð. Skjalanúmerum var þó haldið óbreyttum í hvorum þætti hins sameinaða máls fyrir sig og skjöl er varða Kjalarnes geta því borið sama skjalanúmer og skjöl er varða Kjós. Þarf þá að gæta að því hvorn hluta málsins skjalið varðar. Skjalaskrá er því skipt upp í A-hluta, fyrir Kjalarnes, og B-hluta, fyrir Kjós.

⁶Landnámabók. Íslenzk fornrit, I. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík, 1986. S. 45 (Sturlubók og Hauksbók). Skjal nr. 4(39).

⁷Landnámabók. 1986. S. 56 (Sturlubók).

⁸Landnámabók. 1986. S. 57 (Hauksbók).

⁹Landnámabók. 1986. S. 56 (1. nmgr.).

¹⁰Skjal nr. 4(39).

Valþjófr, er fyrr var getit, son Örlýgs at Esjubergi, hann nam Kjós alla ok bjó at Meðalfelli. ... Valbrandr hét annarr son Valþjófs, faðir Torfa, er fyrst bjó á Möðruvöllum. Þeir feðgar gerðu félag við Tungu-Odd; af því bjöggu þeir síðan á Breiðabólstað í Reykjardal hinum nörðra.¹¹

Landnám Valþjófs hefur því náð yfir Kjós vestan Laxár og ofan Bugðu.¹²

Þorsteinn, son Sölmundar Þórólfssonar smjörs, nam land milli Botnsár ok Forsár, Brynjudal allan. Hann átti Þorbjörgu kötlu, dóttur Helga skarfs; þeirra son var Refr enn gamli, er Bryndælir eru frá komnir.¹³

Son Þórólfs smjörs var Sölmundur, faðir Þorsteins, þess er land nam í Brynjudal á millim Bláskeggsár ok Forsár; hann átti Þorbjörgu kötlu, dóttur Helga skarfs Geirleifssonar, er nam Barðaströnd; þeira son var Refr í Brynjudal, faðir Halldóru, er átti Sigfúss Elliða-Grímsson.¹⁴

Landnámugerðum ber ekki saman um mörk landnáms Þorsteins Sölmundarsonar, hvort þau miðast við Botnsá eða Bláskeggsá. Er hér komið út fyrir landnám Ingólfs Arnarsonar sem náði til Brynjudalsár eins og segir í upphafi. Bústaður Þorsteins Sölmundarsonar er ekki nefndur, en í Þórðarbók Landnámu segir að Refur sonur hans hafi búið í Múla. Sá bær þekkist ekki og hafa menn velt vöngum yfir líklegum stað án niðurstöðu.¹⁵

Maðr hét Ávangr, írskr at kyni; hann byggði fyrst í Botni; þar var þá svá stórr skógr, at hann gerði þar af hafskip.¹⁶

Ávangr hét maðr írskr, er bjó í Botni fyrstr manna, ok bjó þar allan aldr sinn; þá var þar svá stórr skógr, at hann gerði þar hafskip af ok hlóð þar sem nú heitir Hlaðhamarr.¹⁷

Hér er átt við Stórabotn í Botnsdal, sem á land báðum megin Botnsár. Ekki kemur fram, hversu stórt land Ávangur hefur haft til umráða. Haraldur Matthíasson telur hann hafa numið allan Botnsdal.¹⁸

5.1.2. Lýsing Kjósarhrepps

Sigurður Sigurðsson, prestur á Reynivöllum lýsti mörkum Reynivallasóknar svo árið 1840:

¹¹Skjal nr. 4(39).

¹²Skjal nr. 4(39).

¹³Skjal nr. 4(39).

¹⁴Skjal nr. 4(39).

¹⁵Landnámabók. 1986. S. 59 (8. nmgr.). Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. Reykjavík. 1982. S. 89–90.

¹⁶Landnámabók 1986. S. 58 (Sturlubók).

¹⁷Landnámabók 1986. S. 59 (Hauksbók).

¹⁸Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. S. 90–91.

Takmörk Reynivallasóknar eru að norðanverðu: Botnsheiði og sá partur Hvalfjarðar, sem frá Neðra-Hálshólum liggur inn í landið fyrir norðan þann hluta sóknarinnar, er liggur fyrir norðan þann hluta sóknarinnar, er liggur fyrir norðan Reynivallaháls. Að sunnanverðu er Esjufjallið. Að austan er Sýsluhólmi, milli Hækingsdals og Stíflisdals, — hólmi þessi heitir öðru nafni Þinghólmi, og við hann skiptast sýslurnar, Kjósar- og Árnæssýsla, — og Sandafelli, fjall fyrir sunnan Laxá. að vestan Hvalfjörður og áin Bugða fyrir sunnan Laxá.¹⁹

Engin sóknarlýsing er til fyrir Saurbæjarsókn (innan Kjalarnesþinga) í safni Hins íslenska bókmenntafélags en Kjós vestan Bugðu er í Saurbæjarsókn.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er að finna svohljóðandi lýsingu á Kjósarsveit:

Hún liggur milli Hvalfjarðar og Esju. Sveitarlandamerkin eru: Frá innanverðum Botnsvogi þverbeint upp á Múlafjall, eftir því austur á Botnssúlur, þaðan suður á Kjöl, vestur það fjall ofan í Kjósarskarð (Þrengsli) [Strikað yfir: um, og ofan línu skrifað með blýanti: fyrir ofan] Þórufoss, þaðan eftir suðurtakmörkum Fremra-Hálslands og Írafells vestur á Skálafell, norður yfir Svínaskarð um Smaladys og upp á Móskarðahnjúka, síðan vestur Esju til Lokufjalls að austurtakmörkum Tindsstaðalands (í Kjal.) þar (um Kerlingargil) ofan í Kiðafellsá (=Mýrdalsá), sem síðan er sveitamörk til sjávar.

Nyrzti hluti sveitarinnar er Brynjudalur, þá suðurströnd Hvalfjarðar út að Hálsnesi, norðan við Reynivallaháls. Sunnan Hálsness gengur Laxárvogur inn. Á honum er Maríuhöfn, löggilt. Austur og suður frá þeim vegi er dalur mikill, hin eiginlega Kjós, og er þar aðalbygðin, og í smádölum suður í Esjuna út úr aðaldalnum. Um miðju er Kjósardalurinn tvískiftur, því Meðalfell er þar eins og eyja í dalnum. Eyrarfell (=Kiðafell) er einnig sérstætt út mótis við Laxárvog og bygð umhverfis það. Mun dalur sá, er skilur það frá Esju, rétt nefndur Mýrdalur; á það [strikað yfir: nafn] bendir bæjarnafnið Mýrdalur [Eftirfarandi setningu á neðri spássíu er vísað hér inn: Nefndur Mýrdalur í fornu bréfi (Fbrs.); þá var þar kirkja.] (r-ið fallið burt?).

Sveitin á ekki upprekstarland; en margar jarðirnar eiga land til fjalls, og eru sjálfum sér nógar um sumarland, en frá hinum landþrengri er rekið í hin rúmu lönd Brynjudalsjarðanna, einkum sameiginlegt land Ingunnarstaða og Hrísakots. Reynivallakirkja á og land gott í Seljadal og vestanverðum Kili; en á síðari árum er Seljadalur bygður (1 bær).²⁰

Björn Bjarnarson lýsir mörkum Kjósarsýslu þannig árið 1937:

Takmörk Kjósarsýslu landmegin eru: Frá Botnsvogi innanverðum suður og upp á (Hrísháls-) Múllann, er nú er nefndur Múlafjall, en er endi Hrísháls; þá eftir Hríshálsi sunnanverðum (þar hallar öllum vötnum norður), upp eftir

¹⁹*Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess. III. b. Reykjavík. 1937–1939. S. 242.

²⁰Skjal nr. 2(27) a–b.

Súlnahrygg og upp á Súlnatind, þá suðvestur til Sandvatns, er Brynjudalsá fellur úr (litlum spöl sunnar er Myrkavatn, er Öxará fellur úr), þá suðvestur um Kjalfjall (Kjölinn) og vestur af því ofan í efra hluta Kjósardalsins um Þórufoss í Laxá, skammt fyrir neðan Stíflisvatn, sem Laxá fellur úr, þá yfir Seldal, vestur í Rjúpnagilsbotna, þá gilið, unz gljúfur þess þrýtur hið neðra, þá yfir Syðra-Sauðafell, um Sýslustein, sem er uppi á fellinu, þá stefna til Þrívarða (nú sæluhússtöftar, er byggð var úr varðagrjótinu á miðri næstliðinni öld), ...²¹

5.1.3. Mörk Kjósarhrepps og Þingvallahrepps

Árið 1740 lögfesti Markús Snæbjörnsson, prestur á Þingvöllum, Þingvallastað. Í þeirri lögfestu eru teknar með jarðir Þingvallakirkju í Þingvallasveit þannig að segja má að sveitarmörkum sé lýst að mestu leyti. Eftirfarandi atriði eru tekin hér upp úr lögfestunni:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulfljótsvatns Kyrkiu Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér i Dag mér forlénad kongl. Majsts Beneficium Þingvelli innan Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: ... Enn fyrer nordann vegenn [Hrafnabjargaveg] strandlengis efter Fjöllum norðr ad Skialdbreid hvörja eg lögfesti alla itra; þadann beint i Leirárhöfda og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: þad[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni i midja þúfuna sem stendr hædst uppa Brattafelli, sidann beint ofann i Holmavad, úr Holmavadi, midt yfer um stóra Saudafell, þadann i Riúpnagil, úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sysluvörður á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofninga, enn úr þeim i Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engiar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytjar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Majt ei allranádugast epter lated hefr Landsþinginu til nytsemda, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjódande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur i því vinna nema mitt leifi þar til fáa. ... Lögfestuna stadfester Nafn mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.

Actum Stóruborg i Grimsnesi þann 16 Maji A° 1740. Marcus Snæbjornson.

Upplesed ad Stóruborgar Manntalsþingi, þann 16da Maji 1740. Brinjúlfur Sigurdsson.²²

Hinn 27. desember 1831 skrifaði Björn Gunnlaugsson, kennari við Bessastaðaskóla, Krieger stiftamtmani og bað hann að rita sýslumönnum Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og spyrja þá út í mörk á milli sýslanna. Björn stóð í

²¹*Landnám Ingólfs*. Safn til sögu þess, II. b. Reykjavík. 1936–1940. S. 90–91.

²²Matthías Þórðarson. *Þingvöllur*. Alþingisstaðurinn forni. Reykjavík. 1945. S. 283–284.

landmælingum á vegum Hins íslenska bókmenntafélags en fyrirhugað var að gefa út uppdrátt af landinu. Krieger tók vel í bón Björns og skrifaði sýslumönnunum Þórði Sveinbjörnssyni og Ólafi Hannessyni Finsen þann 3. janúar 1832.²³ Þórður svaraði bréfi Kriegers 11. janúar 1832 en í því eru að finna eftirfarandi upplýsingar:

Den sydligste Punct i denne Grændse-Linie maa antages at være in confesso de saakaldte Sysselsteene (: Sijsslusteinar) under Geitahljyd midt i mellem Gaardene Krisevik, som tilhører Guldbringe-Syssel, og Herdijsarvík, som tilhører Arness-Syssel. Den nordligste Punct af Linien angives af Thingvalle-Præstekalds Lovfester og Kirkebøger, som maa antages, at være autentique Documenter, saaledes som Proprietair Stephán Paulsson af Oddgeirsholum, opdragen paa Præstegaarden Þingvellir og Søn af en sammestæds i lang Tid fungerende Præst, har angivet i indsluttede Beretning, som tillige indeholder Oplysning om Grændselinien mellem Arness- og Borgerfiords-Sysselser. Herr Adjunct Gunnlögsen vil saaledes a dato puncto ad datum punctum kunde udfinde den rette Linie, som her antages at være følgende:

Fra Sijsslusteinar under Geitahljyd over Fieldet i Nærheden af Vífilfell til den store Steen ved den ostlige Ende af Liklafell, som ogsaa kaldes Sijsslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakaldte Mosfellsheide, derfra til de sydligere Moldbreckur, derfra i Riúpnagil mellem Gaardene Stardal, som tilhører Kiose Syssel, og Stijblisdal, som tilhører Arness-Syssel, derfra i Tuen, som er opført paa Store-Saudafell, derfra i Sysselholmen (: Sijssluhólma:) i Store-Laxaaen, derfra i Steinkirken (: Steinkjirkju:), derfra i Fieldet Sútur, hvorfra Grændserne af Arness- og Borgerfiords-Sysselser begynde til Hrosshædir, derfra til Uxahrigg, derfra i Lejrárhöfda og til Eiriksnijpu i Baldjökulen.

Ved Arness-Syssel-Archiv findes ingen Documenter, som herom give Oplysning, men det er dog notorisk, at Ölveess-Reppen i Arness-Syssel, fra ældgamle Tider, vedligeholder Fieldstuen sönden for Hellirsheiden og ryddeliggiör Veien lige til Vatnene eller til Liklafellet, hvilket synes at tilintetgiöre den Paastand, hvis den af nogen fremförtes, at Hellirsheidar Fiældrygen angiver Grændserne, hvilket ogsaa de ældgamle Egenavne i Grændselinien: Sijsslusteinar, Sijsslusteinn, og Sijssluhólmi, synes ydermeere at afbeviser.²⁴

Ólafur Hannesson Finsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, svaraði stiftamtanni þann 12. apríl 1832 á þessa leið:

I Anledning af Deres Højvelbaarenheds gunstigste Skrivelse af 3die Januar til mig angaaende Oplysningers Erhvervelse om Grændseskiellen imellem Kiose og Guldbringe Syssel samt Arnæs Syssel, havde jeg, da jeg underhaanden ikke troede at kunde erholde saa paalidelig Efterretning derom som jeg

²³Skjal nr. 2(51).

²⁴Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur A.10 í máli nr. 4/2004, Kjós).

önskede, til skrevet Repstyrerne i Mosfellssveit og Kioserep des angaande, og først nu for faae Dage siden har jeg modtaget Svar derpaa fra den sidstnævnte.

Ved hoslagt ærbødigst at tilsende Deres Højvelbaarenhed disse 2de Svarskrivelser, kan jeg ikke lade ubemærket at det er kun Repstyrerne i Mosfellssveit som nævne „Liklafell“ som Grændseskiel, da Repstyrerne i Kioserep ikke melder om Grændseskiellene saa langt syd paa. I følge flere mundtlige Oplysninger, jeg har søgt at erhverve denne Gienstand ang. er de opivne Grændser nord fra ligetil „Borgarholar“, hos de fleste aldeles overensstemmende, ligesom det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Sysslusteinar“ imellem Krisevig og Herdijsarvig sönden for den Fieldryg som adskiller Sysseleerne; men derfra til Borgarhólar er det eneste som der haves forskellige Sagn om, og skulde Liklafell udgiøre Marskiellet herimellem, vil grændserne derved blive i aldeles ulige Retning, og skulde Vifilfell antages at være det nærmeste Mærke paa Sydsiden, udgiøre dermed en spids Vinkel.

Imidlertid er det af ingen synderlig Vigtighed hvorledes Grændserne afstikkes imellem förbemte Sysseleer, naar blot Kiose og Guldbringesysseleer reserveres deres hidtil, i det mindste ved Brug i umindelige Tider erhvervede Ret til Afretsbrug eller Græsning for deres Kreaturer i alle de Fjeldegne som adskiller begge Sysslernes Boigdelaug.²⁵

Bréfi Ólafs H. Finsens, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fylgdi m.a. eftirfarandi vitnisburður L. Guðmundssonar, hreppstjóra á Neðrahálsi í Kjós, frá 14. mars 1832:

Uppá Bref Ydar af 14 Janúarii s.l. um ad géfa þá Skírslu sem eg vissi um Merki á millum Arness- og Kjosarsysslu, er þetta:

Hólmi í midri Laxá, skamt nedan Stiblisdalsvatn, Sijssluhólmi kalladr, hefr altaf verid haldin Merki millum Kjósar og Arness-sysslu, úr honum til Sudurs: Yfir Saudafell, þar tekur Mosfells-land vid, til nordurs úr Sijssluhólma: nordur há Kjöl í Botnssúlur; þá kémr Botnsá úr Hvalvatni, sem skylur Kjósar- og Borgarfjardar-Sysslur. Önnur Sysslna-Merki eru mér ej kunn.²⁶

Í tilkynningu, sem dagsett er 14. maí 1889, skýrði presturinn á Þingvöllum frá því að þaðan í frá mættu engir, nema ábúendur, nota þær jarðir í Þingvallahreppi sem lægju á móts við Kjósarhrepp á nokkurn hátt s.s. eins og til rjúpnaveiði. Sérstaklega var tekið fram að þetta bann ætti m.a. við íbúa Kjósarhrepps. Tilkynningin var þinglesin 3. júní 1889.²⁷

²⁵Skjal nr. 2(51).

²⁶Skjal nr. 2(51).

²⁷Skjal nr. 2(34).

5.1.4. Miðdalur

Mýrdals er getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá því um 1220.²⁸

Í máldaga Mýdalskirkju, sem talinn er frá haustinu 1269, kemur fram að kirkjan eigi:

... .x. hundrad j lande...²⁹

Á sínum tíma höfðu þeir Jón Egilsson og Jón Hauksson verið viðstaddir landamerkaárið á milli Eilífsdals, sem þá var í eigu Ívars Vigfússonar, og Mýdals, sem þá var í eigu Eyjólfssonar. Þann 2. mars 1468 að Neðrahálsi í Kjós settu þeir saman vitnisburðarbréf um landamerki jarðanna. Þar segir:

... og eignadi greindr eyolfr sier alldri leingra en j nedannuerdann Sandhrygginn. er geingr ofan ur hnuknum fyrir sunnann fram j dalnum. og suo yfer griotfestina [í yngra handriti stendur: grjótrústina] er geingr ofan ur fiallinu fyrir nordann fram j dalnum.³⁰

Í arfaskiptum sem gerð voru með börnum Jóns Pálssonar þann 27. maí 1562 að Mýdal í Kjós, kom jörðin Mýdalur, sem metin var 30 hundruð að dýrleika, í hlut Jóns Jónssonar, prests í Saurbæ.³¹

Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar kemur fram að hálfkirkjan í Mýdal eigi 10 hundruð í heimalandi og er jörðin sögð 30 hundruð að dýrleika.³²

Eyðijörðin Mýdalspartur var seld úr konungseigu 5. júní 1833.³³

Þann 22. maí 1834 var lesið upp afsalsbréf fyrir manntalsþingsréttinum á Reynivöllum frá 15. nóvember 1833. Bréf þetta var útgefið Halldóri Björnssyni, bónda á Tindsstöðum, fyrir jarðarparti sem var í konungseigu og kallaðist Miðdalspartur eða Kóngspartur við Miðdal í Kjósarhreppi.³⁴

Lýsing Miðdals frá 1840 er ekki til því bærinn er í Saurbæjarkirkjusókn og engin lýsing hennar er til frá þeim tíma.

Mýdalur er metinn á 36 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847 en dýrleika Mýdalskots er ekki getið. Neðanmáls kemur fram að Mýdalskot sé fyrst nefnt 1802 en fyrir þann tíma hljóti það að hafa verið innifalið í höfuðjörðinni eins og Mýdalspartur sem var eyðipartur úr Mýdal sem Tindstaðir nýttu sér. Samtals var höfuðjörðin öll því talinn 40 hundruð að dýrleika á tímum Árna Magnússonar og er eyðiparturinn þar af 6 hundruð að dýrleika. Jafnframt segir að betur komi heim að telja alla eignina auk partsins aðeins 34 hundruð að dýrleika eins og sýslumaður gerir

²⁸Skjal nr. 4(16).

²⁹Skjal nr. 4(17). Það sama kemur fram í máldaga Mýdalskirkju frá því um 1367, sbr. skjal nr. 4(18) og Vilchinsmáldaga, skjal nr. 4(85).

³⁰Skjal nr. 4(19).

³¹*Íslenskt fornbréfasafn*, XIII. b. S. 733–734.

³²Skjal nr. 4(99).

³³Skjal nr. 4(100).

³⁴Skjal nr. 2(47) a–b.

en hann leggur 18 hundruð á kotið og aðeins 16 hundruð á Mýdal sjálfan. Jarðamatið 1802 sýnir líka að hann hafi haft á réttu að standa. Ennfremur kemur þar fram að eyðijörðin Efri-Mýdalur sé yrkt bæði frá Mýdal og Mýdalskoti.³⁵

Eigendaskipti urðu á Mýdal í Kjós þann 31. desember 1848 og var jörðin seld með öllum húsum og fylgjandi landi og landsnytjum. Afsalsbréfinu var þinglýst þann 31. maí 1849.³⁶

Í jarðamatinu 1849–1850 er fjallað um Miðdal og Miðdalskot. Þar er eftirfarandi umsögn sameiginleg báðum jörðunum:

Útrymi lítið. Landkostir góðir á sumrum. Vetrararbeit lítil.

Á sama stað er minnst á Melbæ sem fyrrum var Miðdalspartur.³⁷

Landamerkjabréf fyrir Miðdal, Miðdalskot og Melbæ var undirritað 28. maí 1890 og því þinglýst 2. júní sama ár. Í því koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Milli Tindstaða og Miðdalskots eru mörkin, að vestanverðu kerlingargil og gamall lækjarfarvegur úr því gili sem vatn hefur runnið til forna niður í Miðdalsá, og svo sem áin ræður niður til merkjagils að norðan verðu við ána, en það merkjagil skilur lönd Morastaða og Melbæjar það sem það nær og úr því beina stefnu í stein uppundir fjallinu og úr honum bein lína í gil á fjallsbrúninni, svo ræður fjallsbrúnin sem vötnum hallar alt austur að merkjatakmörkum milli Miðdals og Eilífsdals, en merki milli Miðdals eru Festarhryggur sem svo er kallaður að norðanverðu og Sandhryggur að sunnanverðu þvert yfir dalinn uppá fjallsbrún og svo eptir fjallsbrún allt vestur í kerlingargil.³⁸

Landamerkjalyking þessi var samþykkt af umboðsmanni þjóðjarðarinnar Morastaða. Auk hans skrifar undir umboðsmaður eiganda Miðdals, Erlendur Andrésson (í Miðdalskoti), Ólafur Halldórsson (á Tindsstöðum), Oddur Andrésson (í Eilífsdal).³⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er getið um tvo Mýrdali. Annars vegar Efri-Mýrdal (Mýdalur/Miðdalur) og hins vegar Neðri-Mýrdal (Mýdalskot/Miðdalskot). Einnig er minnst á Melbæ (Mýrdalspart/Miðdalspart), 2,6 hundruð að dýrleika, sem liggur að landi Tindsstaða á Kjalarnesi og er í sameign við þá og hefur verið notaður þaðan um langan tíma. Efri-Mýrdalur er samtýnis við Neðri-Mýrdal og skilur gatan túnin að. Einnig eiga jarðirnar sameiginlega landamerkjalykingu. Land Efri-Mýrdals er talið allgott og nægt að sumri en rýrt á vetri og svelli á láglendi. Meðal ókosta er talið að landið sé sameiginlegt þremur jörðum. Hvað Neðri-Mýrdal varðar þá er yfirleitt vísað til umfjöllunar um Efri-Mýrdal og því er það sem tínt er til hér að ofan

³⁵Skjal nr. 4(23).

³⁶Skjal nr. 2(25).

³⁷Skjal nr. 2(32).

³⁸Skjal nr. 2(18).

³⁹Heimilisföng manna eru sett eftir sóknarmannatali Reynivalla veturinn 1890. Skjalasafn presta og prófafa. Reynivellir BC/5.

sameiginlegt báðum jörðunum. Meðal ókosta Neðri-Mýrdals, sem ekki er getið í umfjöllun um Efri-Mýrdal, er að slægjulandi Melbæjar sé skákaskipt úr Mýrdalslandi.⁴⁰

Þann 27. desember 1921 var undirritað landamerkjabréf fyrir jarðirnar:

... Miðdal og Melbæ í Kjósarhreppi — áður Miðdal Miðdalskot sem nú er orðin sameign og ein jörð og Melbæ.

Í landamerkjabréfinu, sem var þinglýst 23. júní 1922, segir:

Útmerkji jarðanna eru þessi:

Að vestan Kerlingargil og úr því bein lína í „Markalág“ við Miðdalsá, svo eptir ánni til vesturs að Markagili, svo Markagil og úr því bein lína um markastein við fjallið upp á brún, svo áfram haldandi bein lína í Fossá.

Að norðan ræður Fossá merkjum, að upptökum hennar, þaðan bein lína í Skorárupptök, þar fyrir austan eptir því sem vötnum hallar, austur Sandfell og Múla að Festarhrygg.

Að austan: Festarhryggur og úr honum bein lína eptir merkjavörðum í Innri-Sandhrygg og eptir honum í Þórnyjartind.

Að sunnan frá Þórnyjartindi eptir há-Esju eins og vötnum hallar vestur á Tindstaðahnjúk. Þaðan beint í Kerlingargil.

Innan þessara útmerkja tilheyrir Melbæ svonefnd Partsflöt áður tún frá Melbæ aðskilin frá öðru landi með markasteinum og Miðdalsá. Bringur í Suðurfjalli sem afmarkast af tveimur lækjum sem koma saman í odda að neðanverðu, upp af þeim að útmerkjum. Auk þess tilheyrir Melbæ 2 skákar og 2 blettir í Norðurfjalli afmarkaðar sumpart af giljum og sumpart af merkjavörðum.⁴¹

Undir þetta rita Daníel Magnússon fyrir Tindsstaði, Einar Jónsson fyrir Morastaði og eigandi og umboðsmaður Eyrar og Eyrar útkots. Einnig skrifuðu eigendur Bæjar, Eilífsdals og Saurbæjar undir.

Í fasteignamati 1932 er að finna umfjöllun um býlið Mýrdal [Miðdal]. Þar stendur m.a. að Mýrdalur sé nú í einu lagi. Gripheld girðing liggur um tún býlisins og einnig eru engjar þess girtar. Í fasteignamatinu er líka fjallað um Melbæ (Miðdalspart). Hann liggur á milli Mýrdals [Miðdals] og Tindsstaða í Kjálarneshreppi. Beitiland jarðarinnar er talið allgott og er sumt af því leigt út. Í skýrslunni kemur einnig fram að Melbær hafi lengi verið í eyði og sé í eigu Daníels Magnússonar á Tindsstöðum.⁴²

⁴⁰Skjal nr. 2(27) a–b. Fært hefur verið inn í fasteignamatið 1916–1918 við Melbæ að matið frá 1930 (í raun 1932) sé óbreytt, þ.e. eins og 1916–1918.

⁴¹Skjal nr. 2(28).

⁴²Skjal nr. 2(33).

5.1.5. Eilífsdalur

Í máldaga Reynivallakirkju í Kjós frá 1352 kemur fram að kirkjan eigi:

...lamba hofnn j eilyfsdal. ellefu tígum.⁴³

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 er kveðið nánar á um ofangreinda eign Reynivallakirkju en þar segir að hún eigi:

...ellefutigi lamba rekstur j Lambatungur j Eilijfsdal.⁴⁴

Varðveitt er vitnisburðarbréf um landamerki Eilífsdals og Mýdals skrifað á Neðra-Hálsi í Kjós 2. mars 1468. Að bréfagerðinni standa þeir Jón Egilsson og Jón Hauksson sem voru viðstaddir þegar riðið var á landamerki á milli Eilífsdals, sem þá var í eigu Ívars Vigfússonar, og Mýdals, sem Eyjólfur Jónsson átti. Í bréfinu segir:

... og eignadi greindr eyolfr sier alldri leingra en j nedannuerdann Sandhrygginn. er geingr ofan ur hnuknum fyrir sunnann fram j dalnum. og suo yfer griotfestina [í yngra handriti stendur: grjótrústinna] er geingr ofan ur fiallinu fyrir nordann fram j dalnum.⁴⁵

Arfaskipti voru gerð með börnum Jóns Pálssonar þann 27. maí 1562 í Mýdal í Kjós. Þar er Eilífsdalur metinn á 20 hundruð.⁴⁶

Í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar (1575) koma fram sömu upplýsingar varðandi Reynivallakirkju og í Vilchinsmáldaga frá 1397.⁴⁷

Eilífsdalur er metinn á 20 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847.⁴⁸

Í jarðamatinu 1849–1850 stendur eftirfarandi um jörðina Eilífsdal:

Sumarhagar góðir og kostasamir. Vetrarhagar nokkrir.⁴⁹

Landamerkjabréf fyrir Eilífsdal var undirritað 20. maí 1890 og þinglýst 2. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Landamerki í kringum nefnda jörð er sem skilur Meðalfells- og Eileifsdalsland Dælisá upp Dalinn, svo Fossaá uppá fossabrún, þaðan til há Esju, svo þaðan vestur á Gunnlögsskarð, síðan norðvestur fjall á Þörnýtartind, svo ofan Sandhrygginn, sem liggur vestanvert niður frá Tindinum, úr honum neðanverðum beint niður í svonefndan Festarhrygg (sem skilur Miðdalalönd frá Eileifsdalslandi) að norðanverðu í dalnum hann uppá Bæjarmúla

⁴³Skjal nr. 4(2). Eilífsdalsár er getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá því um 1220, skjal nr. 4(15) og 4(85).

⁴⁴Skjal nr. 4(87). Í máldaga Reynivallakirkju frá því um 1478 segir: „Ixx. lammba beit j lammbatungur j eileifsdal.“, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn*, VI. b. Reykjavík 1900–1904, s. 179.

⁴⁵Skjal nr. 4(38).

⁴⁶*Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII. b. Reykjavík. 1933–1939. S. 733–734.

⁴⁷Skjal nr. 4(99).

⁴⁸Skjal nr. 4(23).

⁴⁹Skjal nr. 2(32).

norðaustur í múlaþúfu, þaðan beint ofan í Grástein, sem er merkjasteinn milli Bæjar og Eileifsdals, úr honum austur í fyrnefnda Dælisá.⁵⁰

Undir landamerkjabréfið skrifa Oddur Andrésson, Eilífsdal, Ólafur Jónsson (í Bæ), Eggert Finnsson ábúandi Meðalfells, Erlendur Andrésson (í Miðdalskoti), Br. Einarsson í Meðalfellskoti, Ólafur Halldórsson (á Tindsstöðum) og Pétur Árnason (í Miðdal).⁵¹

Í fasteignamatínu 1916–1918 er land Eilífsdals sagt nægilegt og gott til sumarhaga, vetrarþeir er sögð lítil og jörðin snjóþung. Meðal ókosta er minnst á ítak Reynivallakirkju.⁵²

Í fasteignamatínu 1932 kemur fram að beutiland Eilífsdals sé allgott. Þar segir enn fremur að mótekja sé á jörðinni og nýtilegt byggingarefni.⁵³

5.1.6. Meðalfell

Meðalfell var landnámsjörð Valþjófs Örlygssonar eins og sagt er frá í landnámskaflanum fremst í þessari greinargerð.

Kirkja var á Meðalfelli þegar um 1200 samkvæmt kirknaskrá Páls biskups Jónssonar.⁵⁴

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 kemur fram að kirkjan á Meðalfelli eigi 20 hundruð í heimalandi, leiguland sem heitir að Hurðarbaki og mannhlut í Laxá.⁵⁵

Þann 21. ágúst 1538, á Læk á Barðaströnd, fékk Bjarni Narfason Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi jörðina Meðalfell sem hann hafði erfð eftir foreldra sína. Í staðinn fékk hann Sæból á Ingjaldssandi, með þeim fyrirvara þó að skipta á Sæbóli og Mýrum í Dýrafirði ef biskupsstólnum áskotnaðist sú jörð.⁵⁶

Á Hólum þann 21. mars 1541 seldi Jón biskup Arason Bjarna bónda Narfasyni Mýrar í Dýrafirði fyrir Meðalfell og tuttugu hundruð í Flekkudal í Kjós. Að sögn Bjarna átti kirkjan jörðina Hurðarbak sem metin var á 12 hundruð og jörðina Dæli sem metin var á 15 hundruð.⁵⁷

Eyjólfur Einarsson bóndi í Stóradal, ráðstafaði eignum sínum þann 25. ágúst 1558 og var skiptabréfið skrifað skömmu síðar eða þann 20. september á Grenjaðarstöðum. Meðal jarða sem Eyjólfur fékk Magnúsi, elsta syni sínum, var

⁵⁰Skjal nr. 2(1).

⁵¹Heimilisföng, sem eru innan sviga, eru tekin eftir sóknarmannatali 1890. Skjalasöfn presta og prófasta. Reynivellir BC/5.

⁵²Skjal nr. 2(27) a–b. Ítaksins er ekki getið við Reynivelli heldur er vísað á 4. grein landamerkjalyýsingar Reynivalla.

⁵³Skjal nr. 2(33).

⁵⁴Skjal nr. 4(15).

⁵⁵Skjal nr. 4(55). Í máldaga Meðalfells frá því um 1367 er ekkert minnst á eignir kirkjunnar, sbr. skjal nr. 4(12).

⁵⁶Skjal nr. 4(13).

⁵⁷Skjal nr. 4(14).

Meðalfell sem metið var til 60 hundraða. Þar er þess einnig getið að kirkjan á Meðalfelli eigi Hurðarbak sem metið er á 20 hundruð.⁵⁸

Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar (1575) segir að kirkjan á Meðalfelli eigi 20 hundruð í heimalandi, leigujörðina Hurðarbak og mannshlut í Laxá.⁵⁹

Pann 13. september 1661, í biskupstíð Brynjólfs Sveinssonar, var kirkjan að Meðalfelli vísiteruð. Í skýrslunni sem samin var af því tilefni segir um kirkjuna:

Hun a xx hndr. I heima landi.⁶⁰

Sömu upplýsingar koma fram í síðari vísitasíum Skálholtsbiskupa, þ.e. í vísitasíu Jóns Vídalíns 1703, Jóns Árnasonar 16. maí 1724, Ólafs Gíslasonar 26. júní 1751, Finns Jónssonar 15. júní 1758 og Geirs Vídalíns 29. september 1799.⁶¹

Um selstöðu Meðalfells og Hurðarbaks, sem var eign Meðalfellskirkju, segir Jarðabók Árna og Páls frá 1705:

Selstaða er í heimalandi og er þar mótak nóg til eldíngr.⁶²

Selstöðu í Meðalfellsland þarf með þágu að þiggja eður betala verði, því að búfjárhagar eru að mestu eyðilagðir af skriðum, ...⁶³

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 er Meðalfell sagt landlítið heima en landið sé þeim mun meira á Meðalfellsdal þar sem haghús séu notuð. Meðalfellskot er sömuleiðis sagt eiga haghús á Meðalfellsdal. Í lýsingunni kemur einnig fram hvaða selstöður hafi verið í sókninni. Þar segir að til skamms tíma hafi selstaða frá Meðalfelli og Meðalfellskoti verið á Meðalfellsdal.⁶⁴

Meðalfell er metið á 60 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847 en þar kemur dýrleiki hjáleigunnar Meðalfellskots ekki fram. Neðanmáls segir að sýslumaður leggi 10 hundruð á kotið sem hvergi sé getið í jarðbókum.⁶⁵

Í jarðamatinu 1849–1850 stendur eftirfarandi um Meðalfell og Meðalfellskot:

Útrymi mikið. Sumararbeit og landkostir góðir á Meðalfellsdal. Vetrararbeit fyrir sauðfé nokkur þar. ... Jörðin er mjög örðug til allrar notkunar vegna þess að eingjarnar, en þó einkum vetrarhagbeitin, liggja lángr í burtu.⁶⁶

Landamerkjabréf fyrir Meðalfell og Meðalfellskot var undirritað 8. mars 1890 og þinglesið 2. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

Merki um lönd jarðanna Meðalfells og Meðalfellskots eru sem hjer segir:

⁵⁸Íslenskt fornbréfasafn, XIII. b. S. 323–325.

⁵⁹Skjal nr. 4(99).

⁶⁰Skjal nr. 2(39) a–b.

⁶¹Skjal nr. 2(40) a–b, skjal nr. 2(41) a–b, skjal nr. 2(42) a–b, skjal nr. 2(43) a–b og skjal nr. 2(44) a–b.

⁶²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. Kaupmannahöfn 1923. S. 407.

⁶³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 411.

⁶⁴Sigurður Sigurðsson, „Lýsing Reynivallasóknar 1840.“ *Landnám Ingólfs*, III. b. Reykjavík. 1939. S. 248–249 og 257.

⁶⁵Skjal nr. 4(23).

⁶⁶Skjal nr. 2(32).

1. Að austan, milli Eyjalands og þessara jarða er gil við „Svarthamar“, (í Meðalfellsfjalli) að vestan verðu ofan af fjallinu sem vötnum hallar beint niður í Meðalfellsvatn. Stefna sú sem þetta gil hefur ofan af fjalli niður að vatni, sjeu mörkin.

2. Milli Flekkudals og þessara jarða; frá Meðalfellsvatni (að sunnan) þverbein stefna frá vatninu uppí „Arnbjargarhnúk“ (í Skóginum); af Arnbjargarhnúk (eptir því sem vötnum hallar) upp „Nónbunu“, „Paradísarhnúk“ og uppá Esju. Svo ofan af Esju niður í Meðalfellsdalsbotn þar sem áin hefur upptök við Geldfjárlíð.

3. Milli Eileifsdals, Bæjar og Laxárness og þessara jarða sje Dælisá merki, frá upptökum hennar við Geldfjárlíð til þess hún fellur í „Bugðu“ og svo Bugða til þess.

4. Milli Káraness og Káranesskots og þessara jarða sjeu merki: þar sem „eyrarnar“ og þrepin mætast við Bugðu; þaðan í nokkuð stóran stein í þrepunum niður við eyrarnar, úr þeim steini beint í hnöttóttan stein á Meðalfellsöxl fyrir ofan götuna, úr þeim steini uppá öxlina, og svo (eptir sem vötnum hallar) austur eptir fjallinu að stefnunni við „Svarthamar“ (að vestan) sem fyrst er talin.

Engjar eiga jarðir þessar fyrir norðan Meðalfellsfjall norður að Laxá.

Meðalfellskot á engjar frá „Skíðgarðsgarði“ norður að Laxá, milli merkjaskarðs og flóðgarðs að vestan og markadældar að austan eða suðaustan (við heimri mosa).

Meðalfell á engjar frá Meðalfellskotsengjunum upp með Laxá, að beinni stefnu úr austurenda „Grænutjarnar“ norður í Laxá austur við Láusmannarima. Að sunnan eru merki milli Meðalfellsengja og Hurðarbakslands. Miðja Grænutjarnar (eptir lengd); úr vesturenda hennar eptir markadæld (með pittum) milli Mosabreiða og Hjáleiguengis, og úr vestasta pittinum, beint vestur í miðja dældina fyrir sunnan „Mjóarima“, (í stefnu á miðjan austurenda Löngutjarnar) og svo eptir miðri dældinni vestur að dæld sem er milli Óskiptaengis og Hjáleiguengis suður í „skurðinn“ eða „kýlinn“ og þaðan skurðurinn vestur í „Sef“. Milli Meðalfellsengja og Káranesjaengja eru þessi merki: Skurður og dæld milli Óskiptaengis og fremmri-mosa og þræturima sunnan úr sefjum norður í Löngutjörn; svo vestur eptir miðju hennar, þá úr miðjum vesturenda hennar beint vestur í „Bolapitt“ í dæld sunnan við Hrosshólma, þá eptir þeirri dæld, (til þess kemur á mótis við norðurenda dældarinnar austan við Meðalfellskotsengið), og þá beint vestur í norðurenda (næstu) þeirrar dældar, (sem markapúfur sýna).

Meðalfell og Meðalfellskot hafa fullkominn rjett til allra umferða og viðhalds á vegi til að nota engjarnar, og er því heimilt að hafa til vegarviðhalds, eptir því sem hentast er, jörð eða grjót, að svo miklu leyti það ekki spillir engjum, reiðingsristu eða grjóti til bygginga á löndum þeim, sem að þeim liggja.

Jarðir þessar eiga allan veiðirjett í Meðalfellsvatni og Bugðu fyrir landi þeirra, og í Laxá fyrir engjunum úti miðju, eða eptir lagaákvæðum. Ítak eiga þær, skógarhögg „Meðalfellstungu“ í Svangalandi í Skorradal, samkvæmt áreiðargjörð um það frá 6. okt. 1873, og eldri máldögum.

Engar jarðir eiga nokkur ítök í löndum þessara jarða, nema Hurðarbak á frían mósкурð í Meðalfellslandi, móti því, að Meðalfellin eigi fría torfristu í Hurðarbakslandi, og Blönduholt frían upprekstur fyrir fje á Meðalfellsdal móti því að Meðalfell hafi hrossabeit á vetrum í Blönduholtslandi.⁶⁷

Undir þetta landamerkjabréf skrifa ábúendur Meðalfells og Meðalfellskots, Guðni Guðnason (Eyjum II), Guðmundur Sigurðsson (Möðruvöllum, sem ekki áttu land móti Meðalfelli, en gæti hafa skrifað undir vegna Káraness eða Flekkudals), Bjarni Jónsson (sennilega umboðsmaður Flekkudals eða Káraness, ef ekki er um ritvillu að ræða, en bóndinn í Flekkudal hét Einar Jónsson), G. Pétur Guðmundsson (í Blönduholti), Oddur Andrésson (Eilífsdal), Hans Stefánsson (Stephensen á Hurðarbaki), Ólafur Jónsson (Bæ), Þórður Guðmundsson eigandi Lax<ár>ness, Björn Jónsson (Eyjum I), og Þorkell Bjarnason á Reynivöllum.⁶⁸ Á spássíu er skrifuð eftirfarandi athugasemd:

Aths. Ítökin nema skógarhöggið niðurfalinn þar sem þeim hefur ekki verið lýst sbr. lög nr. 113/1952. Sýslum. í Gullbr. og Kjósarsýslu 10/10 1957. Björn Sveinbjörnsson settur.

Fyrir neðan landamerkjalyðsinguna er greint frá áreiðarför sem farin var 6. október 1873 um land jarðarinnar Svanga (í Skorradal). Sú áreiðargerð hefur ekki þýðingu vegna þjóðlendumáls og er því sleppt.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er eyðijörðin Meðalfellskot talin með Meðalfelli. Teigar Meðalfellskots eru sagðir samlægir teigum Meðalfells. Landið er mikið í heild en best fjærst bænum og þröngt heima við. Sumarheit er sögð næg en vetrarheit ekki lengur notuð á Meðalfellsdal. Meðal kosta jarðanna er þess getið að sumarupprekstrarland sé bæði nægilegt og gott. Einnig er minnst á skógarítak í Vatnshornslandi í Borgarfirði. Til ókosta telst hins vegar að langt sé í sumt af högunum, þá bestu, og að smölun sé erfið. Í sama fasteignamati kemur fram að Blönduholt eigi upprekstrarítak í landi Meðalfells og að Hurðarbak eigi bæði upprekstrar- og torfristuítak í landi Meðalfells.⁶⁹

Landamerkjabréf fyrir Meðalfell, með Meðalfellskoti og húsmannsbýlinu við Meðalfellsfjárhús, var undirritað 14. desember 1921 og þinglesið 23. júní 1922. Í því kemur eftirfarandi fram:

1. Milli Meðalfells og Eyjalanda eru þessi merki

⁶⁷Skjal nr. 2(19).

⁶⁸Heimilisföng innan sviga eru tekin eftir sóknarmannatölum í Saurbæjar- og Reynivallasóknum 1890. Skjalasöfn presta og prófasta. Reynivellir BC/5.

⁶⁹Skjal nr. 2(27) a–b.

Varða uppi á Meðalfellsfjalli og bein lína frá henni suður í gil er liggur niður eftir fjallshlíðinni vestan við „Svarhamar“, gilið er mörk meðan endist, og svo beint úr neðri enda þess niðrí vörðu eða grjóthól er stendur við Meðalfellsvatn.

2. Milli Meðalfells- og Flekkudals og Grjóteyrarlanda eru þessi merki: Frá vörðu eða hól, gerðum þar sem lækur úr „Miðmundadal“ fellur í Meðalfellsvatt, bein lína upp á „Arnbjargahnúk“ eða „Miðmundahnúk“. Þá frá vörðu, á nefndum hnúki, þar sem hæst er eða frá hallar til beggja hliða) upp hálsinn, uppá „Nónbunu“, uppá „Paradísarhnuk“ og uppá „Esju“, beint þar uppaf til þess hæst er, eða að þeim stað að hallar frá til beggja hliða.

3. Milli Meðalfells- og Eileifsdals- landa eru merki:

Frá uppsprettum „Dælisár“, austan við „Geldfjárlíð“ í Meðalfellsdalsbotni, beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess „Esjan“ er hæst. Þá, frá nefndum uppsprettum, er Dælisá landamörk, meðan Eileifsdalsland er að henni að vestan.

4. Milli Meðalfells- og Bæarlанда er „Dælisá“ merki.

5. Milli Meðalfells- og Laxárnes- landa er „Dælisá“ merki til þess er hún fellur í „Bugðu“. Þaðan er „Bugða“ merki að merkjum:

6. Milli Meðalfells- og Káranes og Káraneskots-landa, sem eru: Hóll eða varða gert við Bugðu við mót þreppanna og eyranna, frá því merki í stóran stein innar í þreppunum niður undir eyrunum, þá frá þeim steini beint að öðrum nokkuð stórum steini uppi í fjallinu, fyrir ofan veginn, á báða þá steina er markað L.M. Þá frá efri steininum beint uppá fjallsöxlina, þaðan upp og austur eftir fjallinu þar það er hæst, hallar frá til beggja hliða, austur í „Hlöðugil“. Og svo þaðan:

7. Milli Meðalfells- og Hurðarbakslanda: eru merkin:

Úr „Hlöðugili“ austur eftir fjallinu þar sem það er hæst, að vörðunni, þar, á merkjum við Eyjaland.

Engjar á Meðalfell fyrir norðan Meðalfellsfjall norður að „Laxá“. Meðalfellskotsengjar eru frá „Skíðgarðsskurði“ norður að Laxá, milli merkjaskurðs og flóðgarðs að vestan og dýptarmiðju merkjadældar að suðaustan og austan, er liggur milli þess engis og Káraneskots og Káranes engis, frá Hurðarbakssefjum að Laxá. Meðalfells [kots, yfirstrikað] — engjar eru frá Meðalfellskotsengjum upp með Laxá að merkjasteinum sem eru á merkjum, þar sem mæstast þær og Hurðarbaksengjar. Þau eru frá ánni suður í merkjadæld þar, þá dýptarmiðja hennar, þá úr suðurenda dældarinnar beint suður í austurenda „Grænutjarnar“. Þá eftir miðju breiddar Grænutjarnar og úr vestur enda hennar, eftir merkjadæld með pittum í, milli Mosabreiða og Hjáleiguengis. Þá úr vestasta pittinum bein stefna á miðju austurenda „Löngutjarnar“, vestur í miðja dældina austur af Löngutjörn og svo eftir miðju dældarinnar, eftir lengd, vestur að hornmarki, sem er norður af

merkjadældinni, sem er merki milli Óskiftaengis og Hjáleiguengis, suður í skurðinn, sem er þaðan, merki vestur í Hurðarbakssef.

Þá eru enn merki: Milli Meðalfells- og Káraneskots, og Káranesengja, dæld og skurður sunnan frá Hurðarbakssefjum norður í Löngutjörn, og þá frá þeim skurði vestur eftir miðri breidd tjarnarinnar, til enda. Þá úr miðjum vesturenda hennar beint vestur í „Bolapitt“, sem er í austurenda merkjadældarinnar sunnan við Hrosshólma og frá pittinum er breiddar miðja hennar merki milli hans og Káranesengja suður á móts við norður enda merkjadældarinnar austan við Meðalfellskots engið, og svo beint milli merkjasteina sem eru í þeim dældum báðum.

Meðalfell hefur fullkominn rjett til allra umferða og [og, tvítekið] vegagerðar til þess að geta notað engjarnar, og er því heimilt að nota til vegagerðar og viðhalds vegar eftir því sem hentast er, jörð eða grjót, þar sem það ekki spillir slægjulandi, reiðingsristu eða byggingagrjóti í löndum þeim sem að engjunum liggja.

Meðalfell á allan veiðirjett, í Meðalfellsvatni fyrir landi jarðarinnar, út að beinni línu milli landamerkjanna sem standa við vatnið austanvert og suðvestanvert. Hólmurinn í vatninu er eignarland Meðalfells. Einnig allan veiðirjett í „Bugðu“ ofan frá vatni og niður að mótum hennar og Dælisár. Og frá Dælisá útí miðja Bugðu niður að landi Káraness. Ennfremur á Meðalfell allan veiðirjett út í miðja Laxá þar sem hún rennur með engjum Meðalfells og Reynivalla og Sogns engjum.

Meðalfell og Hurðarb. eiga landsnytja skifti þessi: (til heima-nota). Meðalfell heytorfristu í Hurðarbakslandi og Hur<ðar>bak móscurð í Meðalfellslandi. Og Hurðarbak á sauðfjár upprekstur að sumri á Meðalfellsdal fyrir heimaþje móti því að Meðalfell fær þurann reiðing, til heimilisnota frá Hurðarbaki. Og Blönduholt á sauðfjár upprekstur fyrir heimaþje á Meðalfellsdal á sumri og Meðalfell á hrossabeit að vetri, fyrir heimahross, í Blönduholtlandi. Reynivellir eiga 30 Kgr. smjörgjald árlega.

Húsmannsbýlið „Hjarðarholt“ við Meðalfellsfjánhús hefur afmarkað land, heima við, með gaddavírs- og grjótgirðingu og Dælisá, og á Meðalfellsdal, til slæгна og beitar milli Birtingslækjar og Dælisár framað Langasundslæk og að beinni stefnu úr Langasundsbotni á Eilífsdalsbæ að merki sem þar er við Dælisá.

Á spássíu er skrifuð eftirfarandi athugasemd:

Ítökin niður fallin, þar sem þeim var ekki lýst skv. lögum 113/1952. Sýslum. í Gullbr. og Kjósarsýslu 10/10 '57. Björn Sveinbjörnsson settur.⁷⁰

⁷⁰Skjal nr. 2(29).

Undir þessa landamerkjalyðingu rita eigendur Grjóteyrar, Fld. [þ.e. Flekkudals], Káraneskots, Sogns, Káraness, Eilífsdals, Eyja, Bæjar, Blönduholts og Hurðarbaks. Einnig skrifaði umráðamaður prestsetursins Reynivalla undir skjalið.

Í kaflanum um Meðalfell í fasteignamatinu 1932 kemur fram að mikið sé um girðingar á jörðinni, þ.á m. 700 [metra] gripheld túngirðing. Á landinu er nokkur mótekja og einnig nothæft steypuefni. Þar kemur einnig fram að beitiland Meðalfells sé mikið og gott og að hægt sé að stunda bæði lax- og silungsveiði á jörðinni.⁷¹

5.1.7. Flekkudalur

Þann 22. september 1475 seldi Guðmundur Magnússon Margréti Vigfúsdóttur 10 hundruð í jörðinni Flekkudal í Kjós.⁷²

Meðal þeirra jarða sem Ögmundur biskup Pálsson fékk systursyni sínum, Þórði Eyjólfssyni, til kvonarmundar í Skálholti þann 27. ágúst 1538 var hálfur Flekkudalur metin á 20 hundruð.⁷³

Þann 19. janúar 1835 seldi bóndinn á Arnarholti í Kjalarneshreppi eiganda nýbýlisins Grjóteyri þrjú hundruð úr jörðu Flekkudals.⁷⁴

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 er Flekkudal skipt í tvennt. Flekkudalur efri er sagður eiga beitiland á dalnum að sumri en minni útbeit að vetri. Flekkudalur neðri er sagður líkur hinum efri. Ennfremur upplýsist að annar bóndi jarðarinnar hafi flutt bú sitt yfir ána og gert þar bæ sem hann kallar Grjóteyri.⁷⁵

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Flekkudal skipt í tvennt. Efri-Flekkudalur er sagður 40 hundruð að dýrleika en ekki er getið dýrleika Neðri-Flekkudals. Neðanmáls segir að fram til 1802 hafi báðir Flekkudalirnir verið taldir saman. Einnig er það talið líklegt að Grjóteyri, sem engin jarðabók nefnir, sé Neðri-Flekkudalur en sýslumaður metur hana 15 hundruð að dýrleika og Flekkudal 25 hundruð, þ.e. 40 hundruð samanlagt eins og jarðabækurnar.⁷⁶

Í jarðamatinu 1849–1850 kemur eftirfarandi fram um býlið Efri-Flekkudal:

Útrymi allgott á sumardag. Eingjar eru lítilfjörlegar og undirornar skriðum. Sumarhagar allgóðir. Vetrarhagar rírir.⁷⁷

Í október 1883 var skrifað undir landamerkjabréf óskipts beitilands jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar. Í bréfinu, sem þingslesið var 8. júní 1886, segir:

Leið sú, er liggur kringum óskipt beitilönd jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar í Kjósarhreppi:

⁷¹Skjal nr. 2(33).

⁷²Skjal nr. 4(6). Bréfið var skrifað að Laxárnesi í Kjós 10. apríl 1483.

⁷³Skjal nr. 4(89).

⁷⁴Skjal nr. 2(38) a–b.

⁷⁵Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840.“ *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 257.

⁷⁶Skjal nr. 4(23).

⁷⁷Skjal nr. 2(32).

1. Byrjast hún við landssuðurhorn Meðalfellsvatns í Flekkudalsósi, upp úr honum í Barnhús, sem svo er kallað, frá því beint upp gilið uppá Sandfjallsbrún nálægt Dagmálavörðu, svo í landsuður eptir sem vötnum hallar suður og norður af Sandfjalli, suður fyrir Torvaldsbotn hæðstan, svo beint suður í Esjuhörn og upp á það til hæðstrar Esju suður fyrir Flekkudalsbotn.

2. Þaðan aptur norður eptir því, sem vötnum hallar, millum Flekkudals að norðaustan og Meðalfellsdals að vestan norður Paradísarhnúk, svo norður og ofan Nónbungu, frá henni beint á Arnbjargarhnúk, þaðan beint ofan í Meðalfellsvatn vestarlega. Slægjulöndum er skipt millum áður greindra jarða, en mósukurðarstykki ekki allt innan áður tjeðra merkja.⁷⁸

Ábúandinn á Sandi var samþykktur fyrsta lið landamerkjabréfsins og ábúendur Meðalfells voru samþykktir öðrum lið þess.

Nýtt landamerkjabréf fyrir Flekkudal og Grjóteyri var undirritað 15. ágúst 1912 og þinglýst 7. júní 1913. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Milli Sands og jarðar þessarar eru landamerki Flekkudalsós þar sem hann fellur í Meðalfellsvatn, úr efri enda hans bein lína í gil austan við Dagmálavörðu, úr henni austur Sandfjalldalsbrún norðan við Torfadalsbotn sem vötnum hallar í Esjuhörn.

2. Milli Flekkudals og Grjóteyarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, og Þverárkots og Grafar í Kjalarneshreppi, sem vötnum hallar eptir Esjunni vestur í Paradísarhnúk. -

3. Milli Flekkudals — og Grjóteyarlands og Meðalfells og Meðalfellskotslands frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, eptir því sem vötnum hallar í Nónbungu, úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar í svonefndan Miðmundahnúk, sem austanvert við svonefndan Miðmundadal, úr þeim hnúk þar sem hann er hæstur, bein lína í Grástein, sem er utarlega í svonefndum Flekkudalsskáp, úr Grástein beint niður í Meðalfellsvatn.

Þessi lýsing er samþykkt af eigendum Sands, Eyja og Grafar (þ.e. Norðurgrafar á Kjalarnesi). Eigandi Þverárkots í Kjalarneshreppi er henni einnig samþykktur en hann gerir þó eftirfarandi athugasemd:

Þeim fyrirvara að undirskriftin er ógild ef landamerkjabréf finnst fyrir Þverárkoti og eru eigi samhljóða þessu.⁷⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að land Flekkudals (Efri-Flekkudals) sé nægilegt að sumri og er í því sambandi minnst á hálfan Flekkudal. Land jarðarinnar er hins vegar ekki talið nægjanlegt að vetri.⁸⁰

⁷⁸Skjal nr. 2(2).

⁷⁹Skjal nr. 2(3).

⁸⁰Skjal nr. 2(27) a–b.

Priðja landamerkjabréf Flekkudals og Grjóteyrar var undirritað 13. desember 1921 og þinglesið 23. júní 1922. Þar kemur eftirfarandi fram:

1. Landamerki milli Sands og jarða þessara eru: Flekkudalsós, þar sem hann fellur í Meðalfellsvatn. Úr efri enda hans, beina línu í Barnhúsvörðu, þaðan beina línu, sem vörður vísa, eftir gili upp á Sandsfjallsbrún. Síðan úr gili þessu, sem vötnum hallar í Esjuhörn.
2. Milli Flekkudals og Grjóteyrarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, Þverárkots og Grafar í Kjalarnesshreppi, eru landamerki: sem vötnum hallar, vestur í Paradísarhnúk.
3. Landamerki milli Flekkudals og Grjóteyrarlands og Meðalfells, frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, sem vötnum hallar í Nónbungu. Úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar, í Miðmundahnúk, sem er austanvert við Miðmundadal. Þaðan úr vörðunni á Miðmundahnúk, beina línu í Meðalfellsvatn, þar sem Miðmundadalslækurinn rennur í það.

Milli Grjóteyrar og Flekkudals í Kjósarhreppi eru þessi landamerki:

Alt land innan ádurgreindra takmarka er skift, að undanskildum Torfdal og Flekkudal, norður að beinni línu úr Dagmálavörðu á Sandsfjalli, að kletti sem Kálfabani kallast og er rétt norðanvert við Kálfabanafoss; þaðan beina línu í Nónklett, sem er á Nónbungu norðanverðri; og í Óskiftunni. Hún takmarkast að austan, af landamerkjum Grjóteyrarlands vestan Flekkudalsár, sem eru: Bein lína úr Meðalfellsvatni um hólinn á Lambatanga, upp í Kaplaskjólspúfu. Úr henni beina línu í vestur girðingarhornið um Tutlutún, eða þann stað sem það nú er. Að vestan eru landamerki Óskiftunnar, bein lína úr vesturhorni girðingarinnar um niðurtúnið í Flekkudal, eða þeim stað sem það er nú, niður í Meðalfellsvatn, sem merki sýna í svokallað Vatnsbakkaskarð. Að ofan takmarkast Óskiftan af girðingum Tutlu- og Flekkudalstúns.

Vestan Flekkudalsár á Grjóteyri ekkert annað skift land, en landræmu austan frá Flekkudalsá vestur að austurmörkum Óskiftunnar neðantil og austurmörkum Flekkudalstúns ofantil. Á landamerkjum milli túnanna er girðing, sem Ólafur Einarsson Flekkudal á. Að ofan takmarkast land þetta, af beinni línu úr neðri enda Kerlingarhólsins í bergið austan Flekkudalsár, móti snösinni.

Austan Flekkudalsár á Flekkudalur ekkert annað skift land en Flekkudalsnesið. Mörk þess eru: Bein lína úr þúfu, sem er efst í Flekkudalsós, og sem vörður vísa, í vörðu, sem er norðvestanvert við stekkin á Grjóteyri; úr henni beina línu í vörðu, sem er austantil við bæinn á Grjóteyri. Úr þeirri vörðu eru mörkin eftir gömlum árfarvegi og öðrum merkjum niður í Meðalfellsvatn.

Afnót Flekkudalsár, eru óbreytt, frá því sem áður var. Sömuleiðis er veiðirétturinn í Meðalfellsvatni, fyrir landi Grjóteyrar og Flekkudals óbreyttur.⁸¹

Eigendur jarðanna Eyja, Meðalfells, Sands og Þverárkots skrifuðu undir þessa landamerkjálýsingu.

Þann 5. júlí 1924 var landspildu skipt á milli Grjóteyrar og Flekkudals. Frá því er greint í kaflanum um Grjóteyri hér á eftir.

Fjallað er um jörðina Flekkudal í fasteignamatinu 1932 en þar kemur fram að tún jarðarinnar og hluti engja hennar séu girt 2600 [metra] girðingu. Þar segir einnig að beitiland hennar sé rýrt og að mótekja sé fjærri [býlinu] og að hún sé „á fótinn“. Byggingarefni það sem finnst á jörðinni er talið lélegt. Foss er í landareigninni og þar er einnig silungsveiði.⁸²

5.1.8. Grjóteyri

Þann 14. maí 1834 lýsti Jón Jónsson nýbýli sínu sem hann hafði gefið nafnið Grjóteyri. Jón krafðist þess jafnframt að sýslumaðurinn O. Finsen birti lýsingu þessa fyrir manntalsþingsrétti sem fyrirhugað var að halda að Reynivöllum rúmri viku síðar eða þann 22. maí. Sami sýslumaður ritar á blaðjaðar afsals- og veðmálabókarinnar að það hafi verið gert.⁸³ Þessi orð sýslumannsins fá staðfestingu af dóma- og þingbók Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar kemur fram að þann 22. maí 1834, fyrir manntalsþingsréttinum á Reynivöllum, hafi verið lesin lýsing bóndans Jóns Jónssonar, hingað til verandi á Flekkudal, um að hann hafi gefið nýbýli sínu í Flekkudalslandi nafnið Grjóteyri.⁸⁴

Þann 19. janúar 1835 seldi bóndinn í Arnarholti í Kjalarneshreppi eiganda nýbýlisins Grjóteyri þrjú hundruð úr jörðinni Flekkudal.⁸⁵

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 kemur fram að annar bóndi Neðri-Flekkudals hafi flutt bæ sinn yfir ána og kallað hann Grjóteyri. Flekkudalur neðri er sagður keimlíkur þeim efri hvað landkosti áhrærir en m.a. er getið þar að jörðin eigi beitiland á dalnum að sumri en útbeit sé minni að vetri.⁸⁶

Grjóteyri er ekki færð til bókar í Jarðatali Johnsens frá 1847 en á það er dregið neðanmáls að Grjóteyri kynni að vera sama jörð og Neðri-Flekkudalur sem sýslumaður segir að sé 15 hundruð að dýrleika á móti 25 hundruðum Flekkudals.⁸⁷

Í þeim hluta jarðamatsins 1849–1859 sem fjallar um jörðina Grjóteyri og hjáleiguna Neðri-Flekkudal kemur eftirfarandi fram:

⁸¹Skjal nr. 2(20).

⁸²Skjal nr. 2(33).

⁸³Skjal nr. 2(26).

⁸⁴Skjal nr. 2(48) a–b.

⁸⁵Skjal nr. 2(38) a–b.

⁸⁶Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 257.

⁸⁷Skjal nr. 4(23).

Útrymi allgott. ... Vetrarhagar rírir.⁸⁸

Í fasteignamatinu 1916–1918 er land Grjóteyrar (Neðri-Flekkudals) sagt nægilegt að sumri og í því sambandi er minnst á hálfan Flekkudal. Land jarðarinnar er hins vegar ekki talið nægjanlegt að vetri til og jafnframt skjólalítið.⁸⁹

Þann 13. desember 1921 var landamerkjabréf fyrir Grjóteyri og Flekkudal undirritað og það þingsíð 23. júní 1922. Frá því er sagt í kaflanum um Flekkudal hér að framan.

Þann 5. júlí 1924 var landspildu skipt á milli Grjóteyrar og Flekkudals. Í landamerkjabókinni, sem skiptin voru skráð í, stendur:

Landspilda þessi, sem liggur innan glöggra og ágreiningslausra merkja samkv. landamerkjabrjefi, neðanvert við tún jarðanna niður að Meðalfellsvatni er að stærð 11 ha. 96 a., var skipt sem mest til helminga milli jarðanna að landstærð, með því að jarðirnar eru jafnar að landmati, þannig, að nú verða hin gildandi merki á milli jarðanna á þessu svæði þessi: Frá girðingarstólpa þar sem mætast Flekkudals og Tutlutún bein lína í merkjahnausa ofanvert við Flekkudalsmóholt, þaðan lína í merkjaþúfu austanvert við Móveg og neðanvert við Kaplaskjólspúfu, þaðan 90 m. niður með veginum austanverðum. Þaðan til vesturs að merkjalínu frá vesturhorni Flekkudalstúns í Vatnsbakkaskarð 70 m. frá Meðalfellsvatni, og þaðan beint í Vatnsbakkaskarð. -

Tilheyrir Grjóteyri alt sem er austan þessara merkja, en Flekkudal það sem er vestan þeirra og skulu landeigendur samkv. landaskiftalögnum gjöra þessi merki svo skýr að ekki verði um villst.⁹⁰

Í fasteignamatinu 1932 segir að tún og engi Grjóteyrar séu girt með 1660 [metra] neti. Laxveiði er á jörðinni. Þar er líka foss og mótekja en tekið er fram að hún sé fjærri. Steypuefni finnst þar einnig en er ekki talið gott. Ennfremur segir að beitiland Grjóteyrar sé rýrt.⁹¹

5.1.9. Eyjar

Í máldaga Eyjakirkju, sem talinn er frá 1180, kemur fram að kirkjan eigi:

... .x. hundraþ j lande oc scog j Svinadal.⁹²

Samkvæmt máldaga Reynivallakirkju í Kjós frá 1352 átti kirkjan kastarskurð í Eyjalandi.⁹³

⁸⁸Skjal nr. 2(32).

⁸⁹Skjal nr. 2(27)a–b.

⁹⁰Skjal nr. 2(21).

⁹¹Skjal nr. 2(33).

⁹²Skjal nr. 4(3). Máldagi Eyjakirkju frá 1367 er samhljóða, sbr. skjal nr. 4(5).

⁹³Skjal nr. 4(4).

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 kemur eitt og annað fram um Eyjar. Í máldaga Eyjakirkju er að finna sömu upplýsingar og þegar hefur verið getið í máldaganum frá 1180. Ekki er getið réttar Reynivallakirkju til kastarskurðar í Eyjalandi eins og fram kemur í máldaganum frá 1352. Hins vegar er þar minnst á að Reynivallakirkja eigi sex hrossa beit í Eyrarlandi [Í fjórum öðrum handritum stendur: Eyjarlandi]. Í máldaga Ingunnarstaðakirkju kemur svo fram að kirkjan þar eigi séttung í Eyjalandi.⁹⁴

Ein af þeim jörðum sem Ögmundur biskup Pálsson gaf systursyni sínum, Þórólfi Eyjólfssyni, til kvonarmundar þann 27. ágúst 1538 voru hálfar Eyjar sem metnar voru til 15 hundraða.⁹⁵

Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar (1575) segir það sama og í máldaga Eyjakirkju frá 1180. Í máldaga Reynivallakirkju segir að hún eigi sex hrossa beit í Eyrarland (ekki Eyjaland). Jafnframt kemur fram að kirkjan á Ingunnarstöðum eigi séttung í Eyjalandi.⁹⁶

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir um Eyjar:

Selstöðu á jörðin í heimalandi.⁹⁷

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 segir að útbeitarlítið sé á vetri til frá Eyjum og að Eyjadalur tilheyri jörðinni. Eyjahóll er sagður eiga bæði lítið beitarland og útigang. Þar kemur einnig fram hvaða selstöður hafi verið í sókninni og segir að til skamms tíma hafi selstaða frá Eyjum verið á Eyjadal.⁹⁸

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 eru Eyjar sagðar 40 hundruð að dýrleika. Dýrleika hjáleigunnar Eyjahóls er hins vegar ekki getið en neðanmáls kemur fram að sýslumaður telji hana 6 hundruð af heildardýrleika Eyja.⁹⁹

Í kaflanum um jörðina Eyjar í jarðamatinu 1849–1850 kemur eftirfarandi fram:

Utrymi mikið. Sumarland allgott. Vetrarhagar í minna lagi.¹⁰⁰

Sömu orð eru höfð uppi um afbýlið Eyjahól.¹⁰¹

Eftirfarandi yfirlýsing er að finna í afsals- og veðmálabók Gullbringu og Kjósarsýslu:

Þar sem það er óljós eignarrjettur okkar undirskrifaðra fyrir jörðunum Eyjum og Eyhól í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu, þá biðjum vjer yður herra sýslumaður

⁹⁴Skjal nr. 4(85).

⁹⁵Skjal nr. 4(89).

⁹⁶Skjal nr. 4(99).

⁹⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 405.

⁹⁸Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840.“ *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 248–249 og 257.

⁹⁹Skjal nr. 4(23).

¹⁰⁰Skjal nr. 2(32).

¹⁰¹Skjal nr. 2(32).

að færa til bókar og þinglesturs nú á manntalsþinginu, að eignartjettur er á nefndum jörðum 7/8 partar, er skiptast að helmingi milli okkar.¹⁰²

Undir yfirlýsingu þessa skrifa Sigurður Ingjaldsson og Kristinn Magnússon, sem handsalar, í Hrólfsskála og Engey 31. maí 1887. Í kjölfarið fylgir landamerkjabréf Sands frá því í maí 1887 sem þinglýst var 1. júní sama ár. Þar er að finna svohljóðandi landamerkjalyásingu:

Landamerkjaleið kringum jörðina Sand í Kjós er þannig:

1. Millum Sands og Eyja frá Meðalfellsvatns landsuðurhorni uppeptir skurði þeim, sem skilur slæjulönd tjeðra jarða og upp fyrir efsta stykki, með því norður í gamlan árfarveg, hann upp á mót svið Svörtukeldu úr henni beint norður í Sandsá móts við Dagfjánhúsmels — hornið með ánni uppí mynnið í myrkagili, upp gilið í Esjuhorn.

2. Millum Sands og Grjóteyrar og Flekkudals óskipts fjallendis frá Esjuhorni norðvestur fyrir Torfdalsbotn, norður í Sandsfjallsbrún hana vestur í Dagmálavörðu, frá henni beint niður í gil í Sandsfjalli, ofan í Barnhúsvörðu. Frá henni ofan í upptök á Flekkudalsósi, svo eptir eða með hönum norður í Meðalfellsvatnslandsuðurhorn.

Slæjur eru innan greindra merkja, en mótak ekkert til í landinu.¹⁰³

Þessa lýsingu samþykktu Guðný Oddsdóttir á Grjóteyri, Einar Jónsson í Flekkudal, Guðni Guðnason í Eyjum og Ólafur Ólafsson í Eyjum.

Landamerkjabréfi fyrir Eyjar og Eyjahól var þinglýst 1. júní 1887. Þar kemur eftirfarandi m.a. fram:

1. Milli Meðalfells og Eyjar upp úr Meðalfellsvatns austurenda beint í gil vestantil við Svarthamar upp á brún fjallsins.

2. Milli Þorlaksstaða og Eyja fjallsbrúnina austur á enda fjallsins, þaðan niður beint í prestsvörðu, frá henni beint norður í Sjálfkvíaföt í Laxá.

3. Millum Vindáss og Eyja upp eptir Laxá í Hvassneslækjarmynni.-

4. Millum Möðruvalla og Eyja upp eptir [upp eptir til, yfirstrikað] Hvassneslæk úr [upp eptir, yfirstrikað] hönum beint uppí Stórahnífhól, hann upp á Eyjafellshorn þaðan sem vötnum hallar suður á Háa Hnúk, svo eptir hæðstum brúnum í landsuður á móts við Trönudalsbotna, frá þeim suður á Mósörð, þaug vestur öll á by við Suðurárdalsbotn, þaðan norður í Esjuhorn.

5. Millum Sands og Eyja úr Esjuhorni ofan Mirkagil í Sandsá, hana ofaná mótsvið hornið á Dagfjánhúsmel, frá því beint suður í Svörtu keldu, frá henni niður gamlan árfarveg ofan undir Efstastykki, með því suður í skurð þann,

¹⁰²Skjal nr. 2(23). Skjal nr. 2(12).

¹⁰³Skjal nr. 2(12).

sem skilur slæjulöndin milli jarðanna Eyja og Sands ofan í Meðalfells vatns landsuðurhorn. Slæjur og móttak innan tjeðra merkja.¹⁰⁴

Br. Einarsson í Meðalfellskoti og Eggert Finnsson á Meðalfelli samþykktu fyrsta tölulið landamerkjabréfsins. Eyjólfur Guðmundsson á Þorlaksstöðum samþykkti þann næsta. Þriðji töluliðurinn var samþykktur af Einari Brynjólfssyni á Vindási. Guðmundur Gunnarsson á Möðruvöllum samþykkti næstsíðasta töluliðinn og sá síðasti var samþykktur af Bjarna Halldórssyni á Sandi.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er eyðijörðin Eyjahóll talin með Eyjum. Þar segir enn fremur að land sé allmikið á þrjá vegu frá bæjunum sem sé nægjanlegt að sumri til en vetrarþeir sé hins vegar lítil. Bæirnir eru sagðir aðgreindir í samliggjandi túnum með skiptum slægjum en beit og aðrar nýttar séu í óskiptu landi. Meðal kosta jarðanna er talið allgott sumarland.¹⁰⁵

Landamerkjabréf fyrir Eyjar var undirritað í nóvember 1921 og því þinglýst 23. júní 1922. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

1. Millum Meðalfells og Eyja úr vörðu við Meðalfellsvatn beint uppí gil vestanvert við Svarthamra og beina stefnu uppá háfjall í vörðu sem þar er.
2. Millum Hurðarbaks og Eyja eftir háfjalli í vörðu sem er hornmark millum Þorlaksstaða og Hurðarbaks.
3. Millum Þorlaksstaða og Eyja eftir háfjallinu í vörðu sem stendur á austurenda fjallsins, úr henni í beina línu í Prestsvörðu þaðan beina línu í Merkjálækjarmynnið við Laxá.
4. Millum Vindás og Eyja ræður Laxá í Hvassneslækjarmynni.
5. Millum Möðruvalla og Eyja uppeftir Hvassneslæk að öðru lækjarmynni og þaðan í vörðu á Stórahnífhól þaðan uppí Eyjafellshorn, þaðan sem vötnum hallar suður á Háa-hnúk, svo eftir hæðstu brúnum fjallsins alla leið suður á Móskarðahnúk.
6. Millum Þverárkots og Eyja vestur há-Esju eftir því sem vötnum hallar vestur á móts við Markagil.
7. Millum Sands og Eyja af há Esju ofan í Markagilsbotn eftir gilinu í Sandsá svo ræður áin ofaní gljúfurmyrnið og úr gljúfurmyrninu í upptök Djúpalækjar ræður svo lækurinn að merkjaskurði er liggur suður í Svörtukeldu beina línu í Sandsá, svo ræður áin niður á móts við Eyjahól þaðan suður í vörðu sem er engjahornmark þaðan beina línu eftir engjamerkjum niður í Meðalfellsvatn.¹⁰⁶

Ábúandi og eigandi Meðalfells samþykkti 1. tölulið landamerkjabréfsins. Annar töluliður var samþykktur af eigendum og ábúendum Hurðarbaks. Sá þriðji var

¹⁰⁴Skjal nr. 2(49).

¹⁰⁵Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁰⁶Skjal nr. 2(22).

samþykktur af eiganda Þorláksstaða. Fjórði töluliðurinn var samþykktur af bóndanum á Vindási. Eigendur Möðruvalla, Grjóteyrar og Flekkudals samþykktu 5. töluliðinn, næsti töluliður var samþykktur af eiganda og ábúanda Þverárkots í Kjalarneshreppi og 7. töluliðurinn var samþykktur af eiganda og ábúanda Sands.

Í kjölfar lýsingarinnar á landamerkjum Eyja er skipting á jörðinni í austur- og vesturpart skráð á eftirfarandi hátt:

Merkin á heima túninu eru þannig:

Að norðanverðu við bæina aðskilur vegurinn sem liggur heim að vestri bænum, og svo suður yfir matjurta garðana, eftir þar uppsettum glöggum merkjum, og yfir túnið að sunnanverðu, í upphlaðna vörðu suður á skurðbakka. Svo eru tveir túnblettir nýútgræddir fyrir norðan hinn svo kallaða Eyjaós, stikkið sem liggur vestar fylgir vestri bænum en það sem austar liggur eystri bænum. Þar sem austurbæar fjárhúsin standa sem er á hól austur með fjallinu er dálítill túnblettur sem er útgræðslustykki frá eystri bænum. Eyjhólstúninu er skift sem hér segir: hið svo kallaða Ásatún fylgir eystri bænum og dálítið stikki sunnan og vestan í Suður-Eyjhólum, en hinn parturinn af því túni fylgir vestri bænum. Skipting á engjum er þannig: Fyrir ofan Eyjhól liggur mýrarstikki milli Sandsár og Eyjhólsdýja uppað Merkjaskurði, og er þessari mýri skifti í fjögur stikki, á vesturbærinn neðra stikkið við Sandsá og efra stikkið við Eyjhólsdýjin en austurbærinn efra stikkið við Sandsá og neðra stikkið við Eyjhólsdýjin. Merkin yfir engjarnar sem liggja fyrir sunnan túnin eru dálítið neðar en túnmerkin og liggja þau eftir upphlöðnum vörðum alla leið suður í Sandsmerki á austurbærinn engjarnar að austan, en vesturbærinn að vestan og neðan. Annað er alt óskift á jörðinni svo sem: Mótak, torfrista og veiðiréttur.¹⁰⁷

Eigendur og ábúendur vestur- og austurparts Eyja undirrituðu þetta skjal í nóvember 1921 en það var þinglesið 23. júní 1922.

Í júní 1929 skiptu eigendur Eyja I og Eyja II á milli sín hluta af óskiptu eignarlandi jarðanna. Ekki verður séð að þessi landaskipti hafi áhrif á þjóðlendumál og því verður ekki frekar fjallað um þau hér.¹⁰⁸

Í fasteignamatinu 1932 er einn kafli um Ytrieyjar og annar um Efríeyjar. Hvað Ytrieyjar varðar þá kemur fram að tún- og engjagirðingar jarðarinnar séu gripheldar. Beitilandið er talið rýrt en á jörðinni er bæði mótækja og nothæft steypuefni. Þar má einnig stunda silungsveiði. Í seinni kaflanum kemur fram að beitiland Efríeyja sé létt en að öðru leyti er vísað til þess sem segir um Ytrieyjar hér að ofan.¹⁰⁹

¹⁰⁷Skjal nr. 2(22).

¹⁰⁸Skjal nr. 2(30).

¹⁰⁹Skjal nr. 2(33).

Þann 3. febrúar 1978 var samin landskiptagerð fyrir Eyjar I, Hjalla og Eyjar II. Ekki verður séð að þessi landskipti nái til lands sem skiptir máli frá sjónarhorni þjóðlendumála.¹¹⁰

Egill J. Stardal getur sels í Kjósarhreppi í grein sem birtist árið 1985. Þar segir hann um Eyjadal:

Rústir sels frá hinu forna höfuðbóli Eyjum í Kjós eru niður við og vestan við Sandsá á móts við Stóruskál. Önnur mannabyggð hefur ekki verið inn í þessum dal.¹¹¹

5.1.10. Sandur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1705 kemur fram að færa hefur þurft bæinn á Sandi vegna háska af skriðum og vatni.¹¹²

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 er land á Sandi til sumarbeitar sagt nóg en lítið yfir vetrartímann. Einnig kemur fram að Sanddalur/Sandsdalur liggja undir jörðina.¹¹³

Sandur er 10 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹¹⁴

Í kaflanum um Sand í jarðamatinu 1849–1850 kemur eftirfarandi fram:

Jörðin er fremur landlítill. Vetrarhagar litlir.¹¹⁵

Landamerkjabréf fyrir Sand var samið í maí 1887 og því þinglýst 1. júní 1887. Samkvæmt því hljóða landamerkin svo:

Landamerkjaleið kringum jörðina Sand í Kjós er þannig:

1. Millum Sands og Eyja frá Meðalfellsvatns landsuðurhorni uppeptir skurði þeim, sem skilur slæjulönd tjeðra jarða og upp fyrir efsta stykki; með því norður í gamlan árfarveg, hann upp á móts við Svörtukeldu, úr henni beint norður í Sandsá móts við Dagfjárhúsmels-hornið með ánni uppí mynnið í myrkagili, upp gilið í Esjuhorn.-

2. Millum Sands og Grjóteyyrar og Flekkudals óskipts fjallendis frá Esjuhorni norðvestur fyrir Torfdalsbotn, norður í Sandsfjallsbrún hana vestur í Dagmálavörðu, frá henni beint niður í gil í Sandsfjalli, ofan í Barnhúsavörðu. Frá henni ofan í upptök á Flekkudalsósi, svo eptir eða með hönum norður í Meðalfellsvatnslandsuðurshorn.

Slæjur eru innan greindra merkja, en mótak ekkert til í landinu.¹¹⁶

¹¹⁰Skjal nr. 6(20).

¹¹¹E.J. Stardal. „Esja og nágrenni“. *Ferðafélag Íslands. Árbók 1985*. S. 95–96.

¹¹²*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 404.

¹¹³Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840.“ *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 257.

¹¹⁴Skjal nr. 4(23).

¹¹⁵Skjal nr. 2(32).

¹¹⁶Skjal nr. 2(12).

Þessi lýsing var samþykkt af Guðnýju Oddsdóttur á Grjóteyri, Einari Jónssyni í Flekkudal, Guðna Guðnasyni í Eyjum og Ólafi Ólafssyni í Eyjum.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að land Sands sé nægilegt til sumarhaga og er þar nefndur til hálfur Sandsdalur. Vetrarþeir sögð lítil og strikað hefur verið yfir setningu sem segir að smölun sé erfið.¹¹⁷

Skrifað var undir nýtt landamerkjabréf fyrir Sand í nóvember 1921 og því þinglýst 23. júní 1922. Þar kemur eftirfarandi fram:

1. Milli Sands og Eyjalanda eru þessi merki:

Úr Meðalfelsvatni milli Sandsáróss og Flekkudalsóss, bein lína upp engjarnar upp fyrir efsta stykki, þaðan þverlína norður í Sandsá gagnvart Eyjhól, síðan skilur áin löndin upp að Svörtukeldu. Fyrir norðan ána er bein lína úr Svörtukeldu norður í Djúpalek gagnvart Dagfjárhúsmel, síðan er Djúpilækur í merkjum að upptökum hans, þaðan lína upp Sandseyrar í Sandsárgljúfur neðst, síðan skilur Sandsá löndin fram Eyjadal að Myrkagili, síðan Myrkagil í Esjuhörn.

2. Milli Sands og Flekkudals og Grjóteyarlanda eru þessi takmörk:

Úr Meðalfelsvatni skilur Flekkudalsós löndin upp í Kelduklofa, þaðan bein lína í Barnhúsvörðu, þaðan lína í gil í Sandsfjalli upp á fjallið, suðaustur háfjallið norðan við Torfdalsbotn sem vötnum hallar, í Esjuhörn.

NB: Þar sem ekki eru glögg merki frá náttúrunnar hendi, eru girðingar skurðir eða vörður á merkjunum.¹¹⁸

Eigendur og ábúendur Eyja, Flekkudals og Grjóteyarar lýstu sig samþykka þessum landamerkjum.

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að beutiland Sands sé allgott og að sæmileg mótekja sé þar. Á jörðinni er að finna steypuefni sem nota má í byggingar en það er lélegt. Túnið er girt með 1260 [metra] neti og á jörðinni eru gripheldar engjagirðingar.¹¹⁹

5.1.11. Möðruvellir

Landnámabók segir Torfa Valbrandsson, sonarson Valþjófs Örlygssonar landnámsmanns á Meðalfelli, hafa fyrstan búið á Möðruvöllum.¹²⁰

Á þingi á Reynivöllum þann 30. nóvember 1566 var kveðinn upp dómur yfir Sigurði Þorkelssyni fyrir þjófnað en hann hafði m.a. viðurkennt að hafa stolið lambi úr stekk á Möðruvöllum.¹²¹

¹¹⁷Skjal nr. 2(27) a–b.

¹¹⁸Skjal nr. 2(13).

¹¹⁹Skjal nr. 2(33).

¹²⁰Skjal nr. 4(39).

¹²¹Skjal nr. 4(20).

Eftirfarandi upplýsingar um selstöður Möðruvalla koma fram í Jarðabók Árna og Páls frá 1705:

Selstöður á jörðin, aðra þar sem heitir Trönudalur og eru þar hagar mjög fordjarfaðir af skriðum, aðra þar sem heitir Svínadalur og eru þar sumarhagar bæði góðir og miklir.¹²²

Um Svínadalskot, hjáleigu Möðruvalla, segir:

... bygð fyrst í manna minni í selhögum jarðarinnar, og eyðilögð aftur fyrir 10 árum. ... Kann ei aftur að byggjast að bagalaus, síðan selstaðan á Trönudal er fordjörfuð, vide supra.¹²³

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 kemur fram að á Möðruvöllum sé land mikið á Svínadal og í dalverpi Trönudals. Þar kemur jafnframt fram hvaða selstöður hafi verið í sókninni og segir að til skamms tíma hafi selstaða frá Möðruvöllum verið á Svínadal.¹²⁴

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er dýrleiki Möðruvalla sagður 40 hundruð.¹²⁵

Í jarðamatinu 1849–1850 koma eftirfarandi upplýsingar fram um Möðruvelli:

Mikið útrymi og góðir sumarhagar. Vetrarþétt lítil. Eingjar liggja langt í burtu, og er lítt mögulegt að verja þær fyrir ágangi af ferðamönnum.¹²⁶

Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Möðruvelli en á árunum 1887 og 1921 voru landamerkjabréf Eyja (sjá þar) samþykkt af ábúanda/eiganda Möðruvalla og 10. febrúar 1890 var landamerkjabréf fyrir jörðina Þverárkot ásamt Hrafnhólum á Kjalarnesi undirritað. Það var þinglesið 3. júní sama ár og hljóðar svo:

Úr vörðunni sem er í austur frá svonefndu Hádyssi á Svínaskarði sem er hornmark, beina stefnu suður yfir Háskopru, frá Skopru beina stefnu í læk þann sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal, svo ræður Leirvogssáin niður í vörðu á norðurbakkanum, þaðan beina stefnu uppí Hátind, þaðan ræður fjallsbrúnin að svonefndu Disi, úr disinu í fyrstnefnda vörðu.¹²⁷

Undir þetta landamerkjabréf skrifuðu eigendur Stardals, Möðruvalla og Grafar, þ.e. Norðurgrafar, auk eiganda hálfra Skeggjastaða. Ábúandi Minna-Mosfells skrifaði einnig undir.

Sömuleiðis samþykktu ábúendur Möðruvalla landamerkjabréf Írafells árið 1885 og væntanlega hefur Möðruvallabóndi einnig samþykkt Írafellsbréf árið 1912 (sjá Írafell).

¹²²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 414–415.

¹²³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 415.

¹²⁴Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 248–249 og 256.

¹²⁵Skjal nr. 4(23).

¹²⁶Skjal nr. 2(32).

¹²⁷Skjal nr. 2(32) (Í skjalaskrá Kjalarness).

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að land Möðruvalla sé mikið og gott öllum fénaði að sumri til. Sumt af því sé þó í talsverðri fjarlægð auk þess sem nokkuð snjópungt sé í ½ Svínadal og smölun erfið.¹²⁸

Í umfjöllun fasteignamatsins 1932 um Möðruvelli kemur fram að túngirðingin sé 2270 [metrar] og að beitilandið sé gott. Ennfremur segir að mótekja sé næri en að steypuefni sé ekki gott. Laxveiði er á jörðinni.¹²⁹

Samkvæmt beiðni eigenda Möðruvalla og skipun sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu var 170 ha. heimalandi jarðarinnar skipt þannig:

Landamerki hins úrskifta lands eru þessi:

Að norðan ræður Laxá merkjum, að austan Svínadalsá suður að þjóðvegi þar sem hann er nú. Frá þjóðvegi eru mörkin samhliða Svínadalsá og Trönudalsá ofan ármóta þeirra, en 50 m. vestar þar til kemur að þverbugðunni á Trönudalsá. Þaðan ræður Trönudalsá merkjum allt upp í Rjúkan, sem er fosspræna vestur af Múlanum. Úr Rjúkan eru mörkin um stóran stein neðan við Hellinn, um merki í Neðri stígum og þaðan í fjárhúshliðið. Síðan ræður túngirðingin mörkum allt vestur og niður að þjóðvegi. Þá fylgja mörkin þjóðveginum um 200 m. vestur að merki við Hæðaskarðið, en úr því í suðausturhorn girðingar á Hæðaskarðstúni, fylgir girðingunni þaðan upp og vesturfyrir Hæðaskarðstúnið að bugðu á girðingunni vestanverðri miðsvæðis, þaðan beina línu í merki á Eyjamörkum undir Hnífhólunum um 100 m. ofar en Hvassneslækurinn sameinast Eyja og Möðruvallamörkum. Fylgir síðan Eyjamörkum Hnífhólagirðingunni og Hvassneslæknum allt norður í Laxá.

Með tilliti til kröfu jarðeigenda um að hvor jarðarhluti héldi sínum tónum skiftist hið úrskifta land milli býlanna þannig:

Nr. 2 á tún vestan húsa nr. I, sem takmarkast af þjóðvegi að norðan, girðingu milli þjóðvegjar og útmarka að austan og útmarka að sunnan og vestan. Ennfremur skák meðfram Laxá. Eru suður og vestur takmörk hennar skurður og læmi er fellur í Laxá. Allt annað land vestan bæja fylgir Nr. I.

Vegurinn austur hlaðið, skal vera mitt á milli bæjarhúsanna.

Austan bæja fylgir Nr. I: Upptún, takmarkast af vegi að norðan, Hólsgirðingu að austan, útmörkum að sunnan og fyrnefndri girðingu að vestan.

Austan lækjar og neðan vegar, hefir Nr. I skák milli Laxár og vegar, eins og merki og girðingar sýna. Ofan þjóðvegjar fylgir Nr. I land er takmarkast af fyrnefndri markalínu við Svínadalsá og Trönudalsá, suður að bugðunni á Trönudalsá og frá henni beina línu í suðausturhorn grafargirðingarinnar fylgir síðan suður og suðvestur brún hennar og framlengist norðvestur að Mólæknum er ræður síðan merkjum niður að hliði grafargirðingarinnar.

Frá hliðinu um girðingarhorn sunnan til við réttina að Vallarlæknum.

¹²⁸Skjal nr. 2(27) a–b.

¹²⁹Skjal nr. 2(33).

Allt annað land austan bæja, innan útmarka hins úrskifta lands fylgir Nr. II.

Veiðiréttur er óskiftur og jafn hjá báðum jarðarhlutum. Sömuleiðis ná þessi skifti ekki til námaréttinda í skiftu eða óskiftu landi. Verða þau áfram jöfn og óskift. ...¹³⁰

Þetta landaskiptabréf var útbúið á Möðruvöllum þann 8. nóvember 1952 og samþykkt af þremur aðilum vegna Möðruvalla.

5.1.12. Írafell

Í fógetareikningunum frá 1547–1552 er hálf Írafells getið meðal fyrrum Viðeyjarjarða.¹³¹

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 kemur eftirfarandi fram um selstöður Írafells:

Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi á Svínadal.¹³²

Konungur átti hálf Írafell en sá helmingur sem tilheyrði honum var seldur 28. ágúst 1839.¹³³

Írafell er sagt eiga mikið og gott land hvort tveggja til fjalls og láglendis í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840.¹³⁴

Írafell, sem var konungsjörð að hálfu, er sagt 20 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹³⁵

Í jarðamatinu 1849–1850 stendur eftirfarandi umsögn um Írafell:

Jörðin er kostagóð og landrík. Vetrarríki töluverðt.

Þar er þess jafnframt getið að Hulstaðir séu þrætuland milli Fremriháls og Írafells.¹³⁶

Landamerkjabréf fyrir Írafell var undirritað 30. nóvember 1885 og því þinglýst 8. júní 1886. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar þessi:

Að norðanverðu við Írafellsnes rennur Laxá og er hún merki milli Írafellslands og Hækingsdals- og Vindáslanda frá Hulsstaðarás og niður að Svínadalsá. -

Að austanverðu eru mörkin milli Írafells og Fremra-Hálslanda: frá Laxá upp Hulsstaðarás og beint þaðan upp á Írafell, svo þaðan eptir sem vötnum veitir uppá Nónbungu á Dagmálafjalli og frá Nónbungu í Fannahlíðarhorn norðanvert og frá Fannahlíðarhorni suður í Þverárdalsbotn, þá frá

¹³⁰Skjal nr. 2(24).

¹³¹Skjöl nr. 4(92)–4(94).

¹³²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 417.

¹³³Skjal nr. 4(100).

¹³⁴Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 256.

¹³⁵Skjal nr. 4(23).

¹³⁶Skjal nr. 2(32).

Þverárdalsbotni suður Skálafell, suður á móts við dýsið á Svínaskarði, svo þaðan vestur að upptökum Svínadalsár á Svínaskarði.

Að vestan skilur Svínadalsá lönd Írafells og Möðruvalla, sunnan af skarði og norður að Laxá.

Fyrir neðan meginmál bréfsins stendur:

Ofanskrifuð landamerki játa jeg rjett að vera milli Fremra-Háls og Írafells.
Einar Jónsson.¹³⁷

Þar eru líka undirskriftir Guðmundar Gunnarssonar og Ásmundar Kristjánssonar á Möðruvöllum og Margrjetar Jónsdóttur og Sæmundar Jónssonar á Írafelli.

Nýtt landamerkjabréf fyrir Írafell var undirritað þann 31. maí 1912 og þinglesið daginn eftir. Bréfið er svohljóðandi:

Norður við Laxá, er ás sá, sem Hulsstaðaás nefnist: hann er á landamerkjunum milli Írafells og Fremra-Hálslands. Á hann eru hlaðnar 2 vörður og er bein stefna frá þeim í vörðu, sem hlaðin er á nyrðri fellsbrún og þaðan bein stefna í vörðu á suðurbrún og þaðan austur fell eptir því sem votnum hallar og merki segja til.-

Af eystra fellsenda í Nonbungu, eptir því sem vötum hallar og merki tilvísa. Af nónbungu bein stefna í vestra snjófannarhlíðarhorn og þaðan suður fjall í Þverárdalsbotn.

Úr Þverárdalsbotnum bein stefna suður á Skálafell þaðan bein stefna vestur Skálafell, eptir því sem vötum hallar alla leið vestur, að desi því sem er á Svínaskarði þaðan ræður Svínadalsá merkjum milli Írafells og Möðruvalla alla leið í Laxá sem ræður að norðan, að fyrnefndum Hulsstaðarás. — Á öllum merkjavörðunum er klappað L.M. sem þýðir landamerki.-¹³⁸

Undir þessa landamerkjalyýsingu skrifar eigandi jarðarinnar Fremraháls og ábúandi Hækingsdals. Einnig skrifar undir hana Guðmundur Sigurðsson (væntanlega bóndi á Möðruvöllum).¹³⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er land Írafells sagt mikið, allveg skýlt og gott til sumarþeitar. Mikið af landinu sé þó venjulega snjóþungt, einkum í ½ Svínadal, en eystri hlutinn er sagður hagsælli.¹⁴⁰

Í fasteignamatinu 1932 stendur m.a. að tún Írafells sé allt girt grípheldri girðingu og að beutilandið sé fremur gott. Mótekja er fjarri [býlinu] og byggingarefni á landareigninni er lélegt. Þar er hinsvegar nokkur laxveiði.¹⁴¹

¹³⁷Skjal nr. 2(10).

¹³⁸Skjal nr. 2(11).

¹³⁹Guðmundur Sigurðsson var bóndi á Möðruvöllum skv. sóknarmannatali 1912. Skjalasöfn presta og prófafa. Reynivellir BC/6.

¹⁴⁰Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁴¹Skjal nr. 2(33).

5.1.13. Fremriháls

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 er talað um Háls í Kjós.¹⁴² En líklega er þó frekar átt við Neðraháls.

Þann 30. nóvember 1566 var Sigurður Þorkelsson dæmdur fyrir þjófnað á Reynivöllum í Kjós. Hann gekkst m.a. við því að hafa stolið tveggja vetra gömlum graðungi á Efrahálsi, þ.e. Fremrahálsi.¹⁴³

Eftirfarandi kemur fram um selstöður Fremraháls í Jarðabók Árna og Páls frá 1705:

Selstöðu á jörðin í heimalandi.¹⁴⁴

Um Sauðafell, hjáleigu Fremraháls, segir:

Er þar nú selstaða frá Hálsi.¹⁴⁵

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 er landrými Fremraháls sagt bæði mikið og gott einkum um sumar, hinsvegar sé vetrarpungt.¹⁴⁶

Fremriháls eða Litliháls er metinn á 12 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹⁴⁷

Í jarðamatinu 1849–1850 segir um Fremraháls:

Utrymi mikið. Landkostir góðir. ...Vetrarríkisjörð.

Þar er þess ennfremur getið að Hulstaðir séu þrætuland milli Fremraháls og Írafells.¹⁴⁸

Landamerkjabréf fyrir Fremriháls annars vegar og Stíflisdal og Fellsendaland hins vegar var undirritað 19. júlí 1885 og þinglesið 8. júní 1886. Þar segir um landamerkin:

Úr Sýslulækjarminni við Sýsluhólma í Laxá beina stefnu yfir Stóra-Sauðafell (og fellur línán yfir gil í norðausturhlíð fellsins) í vestasta Tjarnarhól (Strítuhól svonefndan) og beina sömu stefnu áfram til Rjúpnagils, þaðan beint í Þverárdal, úr Þverárdal í Fannahlíðarhorn, úr Fannahlíðarhorni í Nónbunu, úr Nónbunu sem vötnum hallar ofan háls út Írafell beina stefnu í Hulsstaðaós, þaðan ræður Laxá í Sýslulækjarminni.

Fyrir aftan landamerkjalyfinguna kemur eftirfarandi fram:

Landamerki þau, sem tilgreind eru í brjefi þessu, og sem liggja milli Fremraháls-lands og Stíflisdals- og Fellsendalanda, samþykki jeg sem umráðamaður Þingvallarkirkjujarðarinnar Stíflisdals með hjáleigunni Fellsenda.

¹⁴²Skjal nr. 4(86).

¹⁴³Skjal nr. 4(1).

¹⁴⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 418.

¹⁴⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 419.

¹⁴⁶Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 256.

¹⁴⁷Skjal nr. 4(23).

¹⁴⁸Skjal nr. 2(32).

Þingvelli við Öxará 10. okt. 1885 Jens Pálsson

Framan skrifuð landamerki milli Fremraháls og Írafells vottum við rjett.

Írafelli þann 5. júní 1886 Sæmundur Jónsson, Margrjet Jónsdóttir.¹⁴⁹

Bent skal á að landamerkjalyásing Stíflisdals og Selkots árið 1890 var samþykkt af hálfu Fremraháls.¹⁵⁰

Þann 31. maí 1912 var annað landamerkjabréf fyrir Fremraháls undirritað en því var þinglýst degi síðar. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Úr gljúfrinu á sýslulæknum við Laxá og þaðan bein stefna í lítið holt, suðaustur frá Lanarholti. — Frá því holti bein stefna í há bunguna á Stóra Sauðfelli. Frá vörðu þeirri, sem þar er bein lína, í strítuhólinn sem er vestur af tjörninni í Tjarnarholunum [leiðrétt úr, Tjarnarholmanum] — Frá fyrnefndum hól beina [lína, yfirstrikuð]stefnu vestur að Rjúpnagili, svo ræður Rjúpnagil upp að giljunum þremur, það er miðgilið, og úr því bein stefna í Þverárdalsbrún, þá nyrðri. Þaðan norður brunirnar í vestra Sjöfannarhlíðarhorn, og þaðan beina stefnu í nónbungu.

Af Nónbungu norður Dagmálafjall ofan á háls, eptir því, sem merki til vísa. Af hálsinum vestur Írafellsfjall, eptir því sem vötnum hallar og merki, segja til. Af fellinu bein lína ofan á ás þann, sem Hulsstaðaás nefnist og er á landamerkjunum milli Fremra-Háls og Írafells. Á allar landamerkjavörður, er klappað **L.M.** sem á að þýða — Landa-Merki. -

Hulsstaðaás er norður við Laxá, og frá honum ræður Laxá mörkum austur að aðurnefndum sýslulæk.¹⁵¹

Eigandi Írafells lýsti sig samþykkan þessu landamerkjabréfi.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að landamerkjalyásing eiganda Efriháls (Fremriháls) sé óstaðfest. Land jarðarinnar er sagt vítt og gott til sumarbeitar og er niðri nær á vetrum. Á móti kemur að það er fremur snjóþungt, afréttarfé sækir í það og smölun er erfið.¹⁵²

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að tún Fremraháls sé girt af með streng og að beitiland jarðarinnar sé gott. Afréttarlandið er einnig gott og hefur jörðin nokkrar tekjur af því að leyfa öðrum afnot af afréttinni. Á jörðinni er slæm mótekja og lélegt byggingarefni en þar er nokkur laxveiði. Fremriháls selur eldsneyti til Hækingsdals.¹⁵³

5.1.14. Hækingsdalur (Hlíðarás er nýbýli úr landi Hækingsdals)

Hækjudalur eða Hækingsdalur kemur við sögu í eftirfarandi landamerkjum Vindáss frá því um 1270:

¹⁴⁹Skjal nr. 2(5).

¹⁵⁰Skjal nr. 4(29) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

¹⁵¹Skjal nr. 2(6).

¹⁵²Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁵³Skjal nr. 2(33).

Jtem j fyrstu áá milli Reynualla og uindas rædur g[eyða í handriti] lækr upp áá brun, þaðann sionhending norðr ad ga[tna]motum, þaðann norðr j selia áá. Enn áá milli hækiudals og vindas: rædr skipa gil vpp áá brun, og þaðann sionhending norður j selia áá.¹⁵⁴

Eftirfarandi upplýsingar um selstöður Hækingsdals koma fram í Jarðabók Árna og Páls frá 1705:

Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi góða, þar sem heita *Selsvellir* á Geitahlíð.

...

Saudhus hefur til forna í Hækingsdalslandi kallað verið þar sem stundum hefur í manna minni selstaða brúkast, og halda menn byggt ból hafi í gamalli tíð verið, og hafa til líkinda þar um girðinga og tófta leifar ...¹⁵⁵

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 kemur að fram landrými sé í Hækingsdal og arðgott beitiland einkum á sumrum.¹⁵⁶

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Hækingsdalur sagður 30 hundruð að dýrleika.¹⁵⁷

Í kaflanum um Hækingsdal í jarðamatinu 1849–1850 kemur eftirfarandi fram:

Utrymi mikið og landkostir góðir. ... en hagasæl á vetrardag með örðugleika.¹⁵⁸

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að engin landamerkjalyásing fylgi Hækingsdal. Land jarðarinnar er hinsvegar sagt stórt og allgott, einkum hvað samarheit áhrærir en sumt fé sé rekið til fjalls. Vetrarheit er sögð vera lítill. Að endingu er þess getið að Hækingsdalsbóndinn taki lítills háttar upprekstur eða sem samsvarar 10 krónum á ári.¹⁵⁹

Landamerkjabréf fyrir Hækingsdal var undirritað í nóvember 1921 og því þinglýst 23. júní 1922. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram um landamerki jarðarinnar:

1. Að sunnan milli Hækingsdals og Írafells Fremra-Háls, ræður Laxá merkjum.
2. Að austan, milli Hækingsdals og Stíflisdals og Selkots eru merki, frá Laxá á Hólmavaði bein lína um Klapparhól á Brattafelli í Steinkirkju og þaðan á Há-Kjöl.
3. Að norðan bein lína frá Há-Kjöl í Hjaltadalsárupptök. Þrándarstaðir á móti.

¹⁵⁴Skjal nr. 4(83).

¹⁵⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 421.

¹⁵⁶Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 256.

¹⁵⁷Skjal nr. 4(23).

¹⁵⁸Skjal nr. 2(32).

¹⁵⁹Skjal nr. 2(27) a–b.

4. Að vestan milli Reynivalla og Vindáslanda og Hækingsdals, bein lína, frá upptökum Hjaltadalsár, í Skálafellsvörðu, þaðan bein lína í Skiftagil sem svo ræður merkjum að Laxá.¹⁶⁰

Þessari lýsingu voru umboðsmenn Írafells, Fremraháls, Stíflisdals og Selkots í Þingvallasveit, Þrándarstaða, Reynivalla og Vindáss samþykkir.

Í fasteignamatinu 1932 er að finna kafla um Hækingsdal. Þar segir m.a. að afréttarland jarðarinnar sé allgott og að smáhluti upprekstrarins sé seldur. Mótekja er flutt til Hækingsdals eins og fram kemur í kaflanum um Fremraháls.¹⁶¹ Í kaflanum kemur einnig fram að laxveiðihlunnindi séu á jörðinni og að engi hennar séu girt og tún stórgripagirt.¹⁶²

5.1.15. Skorhagi

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1705 m.a. um Skorhaga.

Engjum spilla skriður, og hefur bærinn fluttur verið fyrir þann skuld, að skriður eyðilögðu hin fornu tún að ofan, en áin að framan. Var hinn forni bær kallaður Múli, og er þar nú auðn, en í staðinn komin þessi jörð, Skorhagi, fyrir meir en hundrað árum. Aldrei hafði þar fyrri bær verið sem nú stendur hann.¹⁶³

Má vera að þarna sé kominn Múli, bær Refs í Brynjudal, sem Þórðarbók Landnámu getur um.¹⁶⁴

Um Skorhaga segir í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 að útingangur sé góður bæði vetur og sumar.¹⁶⁵

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 er Skorhagi metinn á 10 hundruð að dýrleika.¹⁶⁶

Í jarðmatinu 1849 kemur eftirfarandi upplýsingar fram um Skorhaga:

Landrymi nóg. Sauðbeit góð sumar og vetur.¹⁶⁷

Landamerkjabréf Skorhaga var undirritað í október 1884 og því þinglýst 8. júní 1886. Samkvæmt bréfinu eru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

1. Á milli Skorhaga og Þyrils hafa merki verið haldin á miðjum Botnvogum.
2. Á milli Skorh. og Stórabotns, í Kötlugróf úr henni í Lambaskarð, svo ræður vatnahalli uppi á múlanum.
3. Á milli Skorh. og Ingunnarstaða ræður stefna norðan af há múla í vörðu á suðurbrúninni, úr þeirri vörðu niður í Skarð, sem skilur Skorhaga og

¹⁶⁰Skjal nr. 2(7).

¹⁶¹Í kaflanum um Fremraháls í sömu skýrslu kemur fram að eldsneytið komi þaðan.

¹⁶²Skjal nr. 2(33).

¹⁶³*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 422.

¹⁶⁴Skjal nr. 4(39).

¹⁶⁵Sigurður Sigurðsson, „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 254.

¹⁶⁶Skjal nr. 4(23).

¹⁶⁷Skjal nr. 2(32).

Hrísakotsengjar úr tjeðum skurði í Þúfu, er stendur á norðurbakka Brynjudalsár. -

4. Svo ræður nefnd á milli Skorh. og Þrándarstaða í sjó fram og eptir miðjum Brynjudalsvogum.¹⁶⁸

Þessi landamerki voru samþykkt af Þorkatli Þorlákssyni á Þyrli, Gísla Gíslasyni í Stórabotni, J.B.P. Ottesen á Ingunnarstöðum og Arnþóri Björnssyni og Jóni Vigfússyni á Þrándarstöðum.

Þann 24. apríl 1899 leigði bóndinn í Skorhaga félaginu The Iceland water power and Exploration Syndicat Limited réttinn til að virkja fossa á landareign sinni. Samkvæmt samningnum, sem þinglýst var 1. júní sama ár, skyldi félagið einnig hafa rétt til að reisa nauðsynleg mannvirki á jörðinni. Einnig kemur fram að ef enginn mannvirki yrðu reist innan fimm ára frá undirritun samningsins eða ef leigan yrði ekki greidd á réttum tíma skyldi hann falla úr gildi.¹⁶⁹

Landamerkjabréf fyrir Ingunnarstaði, Hrísakot og Skorhaga var gert árið 1922 (sjá Ingunnarstaði) vegna þess að merki, sem vísað var til árið 1890, fannst ekki.¹⁷⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að land Skorhaga sé útendi Múlafjalls og hlíðarnar á þrjá vegu sem sé klettótt og skriðurunnið en þó drjúgt og kjarngott til beitar.¹⁷¹

Í fasteignamatinu 1932 er greint frá því að jörðin Skorhagi hafi gott og hagsamt beitiland og að þar sé nýtanleg mótekja sem Skorhagi deili með Þrándarstöðum.¹⁷²

5.1.16. Þrándarstaðir

Á Öxarárþingi þann 30. júní 1509 kom undir úrskurð Þorvarðar lögmanns Erlendssonar mál um eignarrétt Þrándarstaða í Brynjudal. Jón Sigurðsson rak málið fyrir hönd Markúsar Jónssonar, systursonar síns, gegn Narfa Sigurðssyni, bróður sínum, sem hélt jörðina. Eftir að hafa skoðað eignarheimildir beggja aðila komst lögmaður að þeirri niðurstöðu að skipta jörðinni á milli Markúsar og Narfa.¹⁷³

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 kemur eftirfarandi fram um selstöðu Þrándarstaða:

Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi.¹⁷⁴

¹⁶⁸Skjal nr. 2(14).

¹⁶⁹Skjal nr. 2(36).

¹⁷⁰Skjal nr. 2(9).

¹⁷¹Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁷²Skjal nr. 2(33).

¹⁷³Skjal nr. 4(22).

¹⁷⁴*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 438.

Sá helmingur Þrándarstaða sem tilheyrði Skálholti var seldur undan stólnum þann 8. ágúst 1787.¹⁷⁵

Þrándarstöðum er skipt í tvennt í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840. Þrándarstaðir efri standa fremst í Brynjudal fyrir sunnan ána við Þverá og eru sagðir hafa nokkurn útigang. Þrándarstaðir neðri eru sagðir vera undir líkum kjörum og hinir efri og að Þverárdalur þeirra megin tilheyrri þeim.¹⁷⁶

Þrándarstaðir, áður stólsjörð að hálfu leyti, er talin 20 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847. Aðeins presturinn skiptir Þrándarstöðum í tvo hluta, þ.e. efri og neðri. Í jarðabók Skálholtsstóls er sá hluti jarðarinnar sem tilheyrði stólnum metinn á 13 2/3 hundruð.¹⁷⁷

Í umfjöllun jarðamatsins 1849–1850 um Þrándarstaði kemur eftirfarandi fram:

Landrymi nóg. Sæmileg sumarheit en sárlítill vetrarheit.¹⁷⁸

Landamerkjabréf fyrir Þrándarstaði var undirritað 6. maí 1886 og því þinglýst 8. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Millum Skorhaga og Þrándast. frá sjó upp miðja Brynjudalsvoga í Brynjudalsá, hana upp meðan Skorhagaland er annarsvegar.
2. Millum Ingunnarstaða og Þrándastaða upp tjeða á í ármótin Brynjudals og Þverár, svo hana upp alla, upp Þverárdal upp í Kjöl og hann vestur í Kjalarhorn.
3. Millum Fossár og Þrándastaða úr vesturhorni Kjalar beinustu leið norðvestur ofan fjallið í skarð það, sem Vestri-Rauðilækur kemur fram af Þrándastaðflóabruninni, svo hann ofan í sjó.¹⁷⁹

Lýsing þessi er staðfest af ábúendum Skorhaga, Ingunnarstaða og Fossár.

Þann 24. apríl 1899 leigði bóndinn á Þrándarstöðum félaginu The Iceland water power and Exploration Syndicat Limited réttinn til að virkja fossa á landareign sinni. Samkvæmt samningnum, sem þinglýst var 1. júní sama ár, skyldi félagið einnig hafa rétt til að reisa nauðsynleg mannvirki á jörðinni. Í honum kemur einnig fram að ef enginn mannvirki yrðu reist innan fimm ára frá undirritun samningsins eða ef leigan væri ekki greidd á réttum tíma skyldi hann falla úr gildi.¹⁸⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 er þess getið að landamerkjalyking Þrándarstaða hafi ekki verið send fasteignamatsnefnd. Þar kemur annars eftirfarandi fram:

Land stórt og fremur gott, en notalegasta sauðbeitin á vörum er langt frá bæ, út með firði; var fyr notaður til viðlegu Bárðarhellir, við ána niður hjá vogi,

¹⁷⁵ Skjal nr. 4(100).

¹⁷⁶ Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 254–255.

¹⁷⁷ Skjal nr. 4(23).

¹⁷⁸ Skjal nr. 2(32).

¹⁷⁹ Skjal nr. 2(16).

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(35).

og gekk fé þá oft úti þar, naut fjörubeitar með. Uppi í hlíðinni nær er hjalli, sjálfgirtur af klettum, til kvía-ærgeymslu, allmikið sumarhaglendi.¹⁸¹

Árið 1921 samþykkti umboðsmaður Þrándarstaða landamerkjabréf fyrir Hækingsdal (sjá þar).

Annað landamerkjabréf fyrir Þrándarstaði var undirritað 29. maí 1922 og því þinglýst 23. júní sama ár. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Merkjin eru þannig; Milli Þrándarstaða og Skorhaga ræður Brynjudalsá, milli Ingunnarstaða og Þrándarstaða ræður Þverá að upptökum, þaðan sjónhending suður á há Kjöl, milli Þrándarstaða og Hækingsdals eru merkjin eftir há Kjöl að upptökum Hjaltadalsáar, milli Þrándarstaða og Fossá eru merkjin frá upptökum Hjaltadalsáar yfir Kjalhorn þaðan beina stefnu að upptökum rauðalækjar, og eftir rauðalæk til sjávar.¹⁸²

Landamerkjabréfið var staðfest af Lúther Lárussyni á Ingunnarstöðum, Þorsteini Narfasyni á Klafastöðum (sem var eigandi Skorhaga, sbr. landamerkjabréf fyrir Ingunnarstaði og Skorhaga s.á.), Ólafi Matthíassyni á Fossá og umboðsmanni Hækingsdals.

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að Þrándarstaðir hafi allgott beitiland sem sé í nokkurri fjarlægð [frá bænum]. Haginn er girtur af með 400 metra langri girðingu. Á jörðinni er að finna lélegt byggingarefni og þar er hár lítill foss. Jörðin er sögð deila mótekju með Þrándarstöðum.¹⁸³

5.1.17. Ingunnarstaðir (Hrísakot var hluti af Ingunnarstöðum)

Í máldaga kirkjunnar á Ingunnarstöðum, sem talinn er frá því um 1180, segir að kirkjan eigi allt land á Ingunnarstöðum og séttung í Eyrarlandi.¹⁸⁴

Í máldaga Ingunnarstaðakirkju frá 1367 kemur það sama fram og 1180 nema hvað hún er sögð eiga séttung í Eyjalandi.¹⁸⁵

Vilchinsmáldagi frá 1397 og Gíslamáldagar frá 1570 og síðar eru samhljóða máldaganum frá 1367.¹⁸⁶

Á Bessastöðum þann 27. september 1563 höfðu þeir Páll Stígsson höfuðsmaður, fyrir hönd konungs, og Gísli Jónsson Skálholtsbiskup með sér jarðaskipti. Meðal þeirra jarða sem komu í hlut dómkirkjunnar í Skálholti var Hrísakot metið á átta hundruð.¹⁸⁷

¹⁸¹Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁸²Skjal nr. 2(17).

¹⁸³Skjal nr. 2(33).

¹⁸⁴Skjal nr. 4(8). Ingunnarstaði er að finna í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200, sbr. skjal nr. 4(11).

¹⁸⁵Skjal nr. 4(9).

¹⁸⁶Skjal nr. 4(85 og 99).

¹⁸⁷Skjal nr. 4(7). Í fjárskiptareikningi á milli Hólmsfríðar Erlendsdóttur og sonar hennar, Eyjólfssonar, sem gerður var á dögumum 23.–24. maí 1522 í Dal undir Eyjafjöllum, er minnst á Hrísý í Brynjudal sem sögð er 10 hundruð, sbr. skjal nr. 4(88). Einnig er minnst á Hrísá í Brynjudal í reikningi

Ingunnarstaðir voru seldir undan Skálholtsstól þann 8. ágúst 1787.¹⁸⁸

Hrísakot er hjáleiga eða afbýli og talið eða reiknað til lands Ingunnarstaða. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 koma eftirfarandi upplýsingar fram um selstöðu Hrísakots:

Selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi víðara en í einum stað.¹⁸⁹

Ennfremur segir jarðabókin:

Porunarsel liggur og í Ingunnarstaða landi, þar ætla menn bygð hafi verið til forna, ... Hafa nú Ingunnarstaðamenn þar selstöðu þá er þeim líkar.¹⁹⁰

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 eru Ingunnarstaðir sagðir sæmileg útigangsjörð og að hún eigi fjárbeit fram í dalnum, þ.e. Brynjudal. Hrísakot, tíu hundruð að dýrleika, er sagt hafa allgóða útbeit við hagahús.¹⁹¹

Ingunnarstaðir, áður stólsjörð, eru taldir 27 1/3 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847. Neðanmáls er því þó bætt við að eldri jarðabækur, að stólsjarðabókinni undanskilinni, telja Ingunnarstaði og Hrísakot saman 20 hundruð að dýrleika. Sýslumaður telur Hrísakot 5 hundruð að dýrleika og Ingunnarstaði 15 hundruð.¹⁹²

Í jarðamatinu 1849–1850 er kafli um Ingunnarstaði og hjáleiguna Hrísakot. Þar koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Landrymi mikið með talsverðum skógi. Sumarheit góð og nóg. Vetrarheit sæmilega góð.¹⁹³

Landamerkjabréf Ingunnarstaða ásamt Hrísakoti í Brynjudal í Kjós var undirritað 26. apríl 1890 og þinglesið 2. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerkin eftirfarandi:

Milli Ingunnarstaða og Skorhaga eru merki þannig: Þúfa sem stendur við Brynjudalsá og sjónhending úr þeirri þúfu til þess svonefndur Vörðuhvammalækur kemur fram af brúninni og þaðan norður á há múlann þar til skiptist Vatnahalli.

Milli Ingunnarstaða og Stórabotns ræður Vatnahalli á múlanum og sömuleiðis þar sem „Súlu“ taka við og það austur að Þingvallakirkjulandi.

Milli Ingunnarstaða og Þingvallakirkju eru merki: bein lína frá svonefndri „Hásúlu“ eða „Mjóúsúlu“, sem stendur í beinni línu við merki, að norðanverðu ræður svo stefna úr nýnefndri Súlu, til upptaka Öxarár við

Skálholtsstóls frá 1565, sbr. skjal nr. 4(98).

¹⁸⁸Skjal nr. 4(100).

¹⁸⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 440.

¹⁹⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. 1923. S. 441.

¹⁹¹Sigurður Sigurðsson, „Lýsing Reynivallasóknar 1840.“ *Landnám Ingólfs*, III. b., S. 254.

¹⁹²Skjal nr. 4(23).

¹⁹³Skjal nr. 2(32).

Mirkavatn, og þaðan sjónhending í suður á „Há-Kjöl“. Svo ræður vatnahalli vestur eptir Kilinum til þess á móts við, eða uppundan „Þverá“.

Milli Ingunnarstaða og Þrándarstaða ræður Þverá frá Brynjudalsá til efstu upptaka Þverár, og svo þaðan bein stefna uppá Kjöl, þar sem merki verður sett.¹⁹⁴

Gísli Gíslason í Stórabotni, Arnór Björnsson á Þrándarstöðum og Jón Einarsson í Skorhaga skrifuðu upp á bréfið auk umboðsmanns Þingvallakirkjutorfunnar.

Þann 8. nóvember 1910 buðust eigendur Ingunnarstaða og Hrísakots, þeir Ámundi Kristjánsson og Jón P. Ottesen, til þess að selja Þorsteini H. S. Kjarval í Reykjavík öll námuréttindi jarðanna og það land og þau vatnsaflsréttindi sem nauðsynleg væru til þess að námustarfsemi gæti þrífist. Kauptilboðið var bindandi til 1. janúar 1913. Réttindi þau sem fólust í þessu kauptilboði féllu síðar C. B. Eyjólfssyni í skaut. Hann framseldi þau í hendur The British North. North Western Syndicate Ltd. London þann 7. janúar 1911. Kauptilboðið og tilkynningin um framsalið voru þinglesin þann 24. maí 1911.¹⁹⁵

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að land Ingunnarstaða sé mikið og að það sé sameiginlegt við Hrísakot. Dalbotninn liggja beggja vegna við það og fjöllin umkringi á þrjá vegu. Land Ingunnarstaða er talið besta sauðjörð sveitarinnar bæði til sumar- og vetrarbeitar. Þar segir ennfremur að land Hrísakots sé mikið og gott, einkum sauðlandið.¹⁹⁶

Þann 15. febrúar 1922 var landamerkjabréf fyrir Ingunnarstaði ásamt Hrísakoti og Skorhaga undirritað en því var þinglýst 23. júní sama ár. Í því kemur eftirfarandi fram:

Vegna þess að landamerki milli nefndra jarða hafa raskast (þúfa sem stendur við Brá [Brynjudalsá] sbr. landamerkjaskrá frá 1890 fyrirfinst ekki) höfum við undirskrifaðir eigendur þeirra gjört ný merkji.

Merkjin eru þannig: Þar sem Vörðuhvamlækur kemur fram af brúninni er stefnan beint norður og suður niður að mýrinni, þaðan beint í austur 100 faðma, þá réttur vinkill niður að Brynjudalsá. Nefnd merkji eiga að vera girt með fjórsettum gaddavír.¹⁹⁷

Að gerð þessa skjals komu aðeins eigendur Ingunnarstaða og Skorhaga.

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að eigandi Ingunnarstaða hafi lagt Hrísakot, sem sé í eyði, undir heimajörðina og að það sé talið ¼ hluti hennar. Þar kemur kemur einnig fram að heimalandið sé girt neti sem sé um 6 ½ kílómetrar að lengd og að beiti- og afréttarlönd jarðarinnar séu mikil og góð. Smá hrís er á jörðinni

¹⁹⁴Skjal nr. 2(8).

¹⁹⁵Skjal nr. 2(37).

¹⁹⁶Skjal nr. 2(27) a–b.

¹⁹⁷Skjal nr. 2(9).

og lélegur mór. Þar er einnig lélegt byggingarefni. Landamerki Ingunnarstaða eru sögð ágreiningslaus¹⁹⁸

Þann 27. september 1986 var undirrituð skiptagerð á landi Ingunnarstaða með Hrísakoti í Kjósarhreppi. Landgræðslusjóður var eigandi að ¾ hlutum jarðarinnar og Alexíus Lúthersson eigandi að ¼ hluta. Hér á eftir fylgja fyrsti og fimmti liður landskiptagerðarinnar:

1. Landskiptin taka aðeins til lands neðan hæðarlínu sem dregin er með rauðu í fjallshlíðum á meðfylgjandi korti í mælikvarða 1:20.000 gerðu af Guðmundi Guðjónssyni eftir gróðurkortu í mælikvarða 1:40.000.

...

5. All<t> annað land Ingunnarstaða verður áfram sameign eigenda jarðarinnar í sömu hlutföllum og þeir hafa þá jörð átt.¹⁹⁹

5.1.18. Stóribotn

Landnáma getur landnámsmannsins Ávangurs sem bjó í Botni. Er talið að þar sé um Stórabotn að ræða.²⁰⁰

Í vaðmálareikningi Skálholtsstaðar frá 1502 er minnst á jörðina Botn sem mun vera Stóri-Botn í Borgarfjarðarsýslu.²⁰¹

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 kemur fram að Litli-Botn hafi útigang á vetrum.²⁰²

Dýrleiki Stóra-Botns er sagður 20 hundruð í Jarðatali Johnsens frá 1847.²⁰³ Í jarðamatinu 1849–1850 segir um Stórabotn:

...utheysisheyskapur nokkur, enn mikið langt í burt og erfiður, sumargott, vetrararbeit í besta lægi, ... landrími mikið og örðugt, ...²⁰⁴

Þann 14. maí 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Stórabotn og því þinglýst 6. júní sama ár. Bréfið hljóðar svo:

Fyrir jörðinni Stórabotni eru landamerki þannig; á milli Litlabotns og ofangreindrar jarðar ræður Stórabotnsá neðan frá vognum þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið, og þar frá ræður Litlabotnsá til upptaka, sem eru í svonefndri Stórukrókatjörn á miðri Botnsheiði.

Milli Efstabæjar og Stórabotns eru merki þannig; úr miðri Stórukrókatjörn sjónhending austur yfir háveggi og það austur á Veggjadal, sem næst

¹⁹⁸Skjal nr. 2(33).

¹⁹⁹Skjal nr. 5(6).

²⁰⁰skjal nr. 4(39).

²⁰¹Skjal nr. 4(21).

²⁰²Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, III. b. S. 254.

²⁰³Skjal nr. 4(23). (Þar er neðanmáls vísað á Forordningar Magnúsar Ketilssonar III. S. 23. Ekki kemur fram hvornig það kemur Stórabotni við.)

²⁰⁴Skjal nr. 2(32).

vatnahalla og verður þar sett hornmark, því þar tekur við Gilstreymisland, og á Stóribotn úr nýnefndu hornmarki austur á há Kvífjárindisfell; milli Þingvalla og Stórabotns úr há Kvífjárindisfelli og í Háusúlu (Mjúsúlu). Milli Stórabotns og Ingunnarstaða ásamt Hrísakoti í Brynjudal austan frá Þingvallakirkju landamerkjum, sem áður eru nefnd á Stóribotn Sútur alla að norðan er vötnum hallar til Botnsdals og það vestur á Múlafjall, þar til Skorhagaland tekur við. Sömuleiðis ræður vatnahalli á Múlanum, þar til kemur út á móts við Lambaskarð, sem svo er kallað, svo ræður sjónhending úr nefndu skarði utan til við Kötlugróf og það á miðjan vog fram og á Þyri þar á móts við. — og beina línu inn voginn og í Brunnárljót.

Landamerkjabréfið er staðfest af umboðsmanni Þingvallakirkjutorfunnar og eigendum Skorhaga, Efstabæjar, Vatnshorns [Birni Eyvindssyni], Litlabotns, Ingunnarstaða og Þyrils. Fyrir neðan undirskriftirnar stendur eftirfarandi texti:

Stórabotnsá ræður frá Botnsvog þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið. Þá taka við vörður á miðjum hólma norðan við árnesið, svo ræður Litlabotnsá úr því.²⁰⁵

Undir þetta skrifa Þorkell Pétursson og Helgi Jónsson, sem voru bændur í Litla- og Stórabotni árið 1921 þegar landamerkjalyðsingin var innfærð í nýja landamerkjabók en sú fyrri brann í Borgarnesi árið 1920.

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að langur vegur sé á engjar Stórabotns sem liggi bæði niðri í dalnum og uppi á Hríshálsi og Botnsheiði. Fjallaslægjurnar eru sagðar greiðfærar og grasgefnar en niðri í dalnum séu slægjurnar hinsvegar snöggar og reytingssamar. Beitlandið er afar víðlent og samanstendur bæði af heiðarlandi, vallendi og skóglendi. Góð beit er fyrir allar skepnur bæði sumar og vetur. Jörðin er fremur snjólétt en smalamennska er mjög erfið. Þó svo að miklu meira upprekstrarland tilheyri jörðinni en þörf krefur fyrir búpeninginn þá er ekki tekinn upprekstur fyrir aðra bændur. Skóglendi er mikið á jörðinni. Einnig er mikill ágangur afréttarfénaðar. Landamerki Stórabotns eru sögð þinglesin og ágreiningslaus og að endingu er þess getið að sá hluti jarðarinnar sem liggi sunnan Stórabotnsár sé í Kjósarsýslu.²⁰⁶

Í fasteignamatinu 1932 stendur m.a. að engi Stórabotns séu innan um bithaga. Þar kemur einnig fram að beitlandið, sem samanstendur af heiðar-, vall- og skóglendi, sé gott, víðlent og skjólgott. Það er bæði langt og skammt á það. Smalamennska er talin erfið. Um heimatúnið liggur 1100²⁰⁷ metra girðing sem samanstendur af 400 metra túngirðingu og 700 metra girðingu um nýrækt. Jörðin á stórt upprekstrarland sem að hluta til er leigt út. Mótak er lélegt en nægur skógur til heimilisnota. Torfrista er einnig góð og byggingarefni er nærtækt. Á jörðinni er ein

²⁰⁵Sbr. skjal 2(A.1.43).

²⁰⁶Fasteignamat 1916–1918 (Borgarfj.) (Undirmatsbók Borgarfjarðarsýslu. S. 7–10).

²⁰⁷Á öðrum stað í kaflanum segir að túnið sé girt með 1820 metra vír- og netagirðingu.

laug og margir fossar og þar er dálítill rjúpna- og silungsveiði. Í lýsingunni segir einnig að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus og að þau séu þinglesin.²⁰⁸

5.1.19. Afréttarnot í Kjós

Jón Oddsson Hjaltalín sýslumaður samdi lýsingu Kjósarsýslu árið 1746 að boði amtmanns. Þar kemur hann m.a. inn á afréttarmál eins og sjá má af eftirfarandi málsgrein:

Með fram sýslunni á austanverðu liggja frá suðri til norðurs heiðar, sem kallast Kjósarheiði og Mosfellsheiði. Eru á heiðum þessum góðir hagar, og ganga þar naut bænda, stóðhross og að sumu leyti ungar kindur yfir sumarið.²⁰⁹

Skúli Magnússon lýsti Gullbringu- og Kjósarsýslu í verðlaunaritgerð sem hann lauk við í byrjun árs 1785. Þar má finna eftirfarandi klausu um afréttarmál:

Mosfellsheiði og Kjósarheiði nefnist öll víðáttan frá byggð í Kjós og Mosfellssveit upp að Henglinum, sem áður er nefndur. Þar er mjög gott og grösugt afréttarland á sumrum og er notað úr öllum sýslunum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnæssýslu. Þar hefir og verið haldinn nautamarkaður 1. október árlega á svæði, sem til þess er afgirt um gjá eina.²¹⁰

Þann 26. maí 1789 var á manntalsþingi á Reynivöllum eftirfarandi efnisgrein færð til bókar:

Þessu næst spurde hreppstiórenn Petur Petursson Retten hvert nockur hefde í Fyrra heyrt Sysslumannen á Manntalsþingi befala Bændum í Sveitenne ad reka Naut á afRett hvartil Þing soknenn svaradi ad hun hefde ey heyrt Sysslumannenn Þad fyrer Rette giöra enn hreppstiórenn Guðmundur Thordarson seiger ad Sysslumadurenn hafe Þad vid sig þann sama dag nefndt hvar þad hafe vered man hann ey.²¹¹

Í lýsingu Reynivallasóknar frá 1840 eru eftirfarandi upplýsingar að finna um afréttarmál:

Óbyggðir dalir eður afréttardalir eru:

1. Þverárdalur, lítið dalverpi [úr sunnanverðum Brynjudal upp í Kjöl] ... 2. Seljadalur, og svo dalverpi [í Reynivallahálsi] ... 3. Svínadalur. Hann er æði langur og grösugur báðum megin. Hann liggur í útsuður að Svínaskarði. ... 4. Sandsdalur eður Eyjadalur. Hann er langur og liggur í suður inn í Esjufjallið og endar við Móskörð; ... 5. Flekkudalur; hann er ekki langur og liggur eins og hinn. ... 6. Meðalfellsdalur liggur til landsuðurs. ...

²⁰⁸Skjal nr. 2(33).

²⁰⁹Jón Oddsson Hjaltalín. „Lýsing Kjósarsýslu 1746“. *Landnám Ingólfs*, III. b. Reykjavík. 1937. S. 28.

²¹⁰Skúli Magnússon. „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu.“ *Landnám Ingólfs*, I. b. Reykjavík 1935–1936. S. 134.

²¹¹Skjal nr. 2(45) a–b.

Allir þessir dalir liggja inn í Esju fjallið, undanteknum þeim 2 fyrstu, og liggja mjóir fjallahryggir milli þeirra. Þeir eru allir brúkaðir fyrir afréttir og beitiland handa búsmala á sumrum og hagbeita á vetrum.

Afréttarlönd.

Múlafjallið, dalabotnar í Botnsdal og Brynjudal, Kjö(l)fjallið með tilheyrandi dölum og dældum, Seljadal(ur og) landið fyrir framan Hækingsdal og í kringum Stíflisdal er brúkað fyrir geldfjárhaga á sumrum.²¹²

Málarekstur varð vegna Fellsenda í Þingvallasveit um hvort þar væri nýbýlisland eða Þingvallaeign. Var dæmt í málinu í Landsyfírrétti árið 1860. Fyrir aukarétti á Þingvöllum í júlí 1858 lagði verjandi Árna Björnssonar, sem byggt hafði Fjallsenda/Fellsenda og gerði kröfu til landsins en var nú orðinn bóndi í Brautarholti í Kjalarnesi, fram m.a. eftirfarandi vitnisburð um landnotkun nokkurra Kjósarmanna:

ad No 3 - b.

Vjer undirskrifaðir gjörum svolátandi grein fyrir og vitnisburð um hvað vjer þekkjum til og heyrt höfum um landrjettindi, einkum hvað afrjett snertir, á hinni svokölluðu Mosfellsheiði.

Frá því vjer fyrst munum til höfðu Kjósarmenn og Kjalnesingar nauta upp rekstur á Mosfellsheiði. Hjeldu nautin sig jafnan sunnanvert við Sauðafell hið stóra alt suður undir Vilborgarkeldu í Skublúngum og Folaldadölum. Á þessum stöðvum var þeirra altaf leitað, einsog á löglegum og venjulegum afrjetti, og höfum vjer undirskrifaðir opt verið með í nautaleitum á þessum stöðvum.

Þá var þetta land af áðurgreindum sveitum einnig brúkað bæði til trippa uppreksturs og svo fóru menn þangað til grasatekju. Álitu þá Kjósarmenn og Kjalnesingar, að land þetta væri almenningur og afrjettur, sem þessum sveitum væri heimilt að brúka til áður greindra notkana, án þess nokkurs manns leyfi þyrfti til, eða nokkrum bæri tollur þar fyrir, og vitum vjer ekki til að nokkur áteldi, eða mótmælti þessari brúkun, nje þættist eiga kröfu til eða heimtaði toll eða afgjald fyrir.

Þetta vottum vjer eptir áskorun og erum fúsir til að staðfesta þetta vottorð vort með eiði, ef þess verður krafist.

Árni Stefánsson á Meðalfelli 68 ára Þorsteinn Torfason á Þorlaksstöðum aldur 68.

Guðmundur Eyolfsson á Sandi 78 ára Jón Jónsson á Grjóteyri 63 ára

Framlagt fyrir aukarjetti að Þingvöllum 27. Júlí 1858. Th. Gudmundsen.²¹³

Í fasteignamati 1916–1918 segir um afréttarmál Kjósverja:

²¹²Sigurður Sigurðsson. „Lýsing Reynivallasóknar 1840“. *Landnám Ingólfs*, 3. b. S. 247–248.

²¹³Skjal nr. 2(A 6.5 a–r í máli nr. 5/2004).

Sveitin á ekki upprekstrarland; en margar jarðirnar eiga land til fjalls, og eru sjálfum sér nógar um sumarland, en frá hinum landþrengri er rekið í hin rúmu lönd Brynjudalsjarðanna, einkum sameiginlegt land Ingunnarstaða og Hrásakots. Reynivallakirkja á og land gott í Seljadal og vestanverðum Kili; en á síðari árum er Seljadalur byggður (1 bær).²¹⁴

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Íslands sýslumönnum bréf þar sem óskað var eftir skýrslu um þau svæði í sýslunni sem talin voru almenningar svo og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða tilheyrt nokkru lögbýli.²¹⁵ Í svari sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 8. janúar 1920, segir að ekkert svæði í sýslunni verði talið almenningar er eigi sannanlega tilheyri einhverju lögbýli í sýslunni.²¹⁶

Björn Bjarnarson lýsti Kjósarsýslu í grein sem birtist árið 1937. Þar kemur þetta fram:

Afréttarland á sveitin ekki, en landrýmisjarðir eru nokkrar og aflögufærar um sumarhaga, mest Ingunnarstaðir.²¹⁷

Árið 1977 var Tryggva Einarssyni, Miðdal, Mosfellshreppi, og Oddi Andréssyni, Neðrahálsi í Kjós, falið að gera afréttarskrá fyrir Kjósarsýslu skv. 6. gr. laga nr. 42/1969. Í bréfi frá 14. desember 1978 komust þeir að þessari niðurstöðu:

Við nána athugun höfum við komist að þeirri niðurstöðu að afréttur hafi ekki verið til í Kjósarsýslu samkvæmt skilningi okkar á merkingu þess orðs, þar sem öll lönd innan sýslunnar hafa frá upphafi og nokkuð fram á 20. öldina fylgt ákveðnum jörðum.

Tryggvi og Oddur benda á að algengt sé að jarðeignir séu keyptar til sveitarfélaga eða opinberra stofnana. Síðan segja þeir m.a.:

Um alla útjörð, hvort heldur er til fjalla eða á lá<g>lendi er umferð heimil gangandi fóki samkvæmt náttúruverndarlögum. En nýtjar lands hvort heldur er á láði eða úr legi s.s. veiðar hverskonar eru óheimilar án leyfis viðkomandi eignaraðila eða umboðsmanns hans.²¹⁸

Í síðari útgáfu Gangna og rétta er lýsing (skrifuð 1981) á göngum og réttum í Kjósarhreppi eins og þær voru á fyrstu tugum tuttugustu aldar og talið að þeim hafi verið háttað á sama veg svo öldum skipti. Er þar sagt frá leitarsvæðum en ekki nefnt að um afréttarlönd sé að ræða. Samkvæmt niðurlagi frásagnarinnar er ekki lengur um sameiginleg fjallskil að ræða í Kjósarhreppi heldur smalar hver bóndi sitt umráðaland og kemur úrtíningi til lögréttar, í Kjósarrétt, en áður voru réttirnar tvær, Fossárrétt og Eyjarétt, og var sú síðarnefnda lögrétt.²¹⁹

²¹⁴Skjal nr. 2(27) a–b.

²¹⁵Skjal nr. 2(26) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

²¹⁶Skjal nr. 2(50).

²¹⁷Björn Bjarnarson. „Kjósarsýsla (1937).“ *Landnám Ingólfs*, II. b. Reykjavík. 1936–1940. S. 94.

²¹⁸Skjal nr. 1(5).

²¹⁹Bragi Sigurjónsson. *Göngur og réttir*, II. bindi. Akureyri. 1984. S. 319–321.

Elsta fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu og Gullbringusýslu er frá árinu 1891. Þar segir í 1. grein:

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afriðtt á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje) sje rekinn til afriðtta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afriðtt á, skal ef unnt er, og hún álitur þess þörf, útvega hreppsþúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að álitu hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.²²⁰

Í 6. grein eru ákvæði um að högun gangna skuli boðin með fjallgangnaseðli þremur vikum fyrir fyrstu fjallgöngur.

Næsta fjallskilareglugerð, 1896, kveður svo á í 1. grein:

Að svo miklu leyti sem heimalönd að álitu hreppsnefndar eru eigi nægileg til sumarþeitar, ber öllum, sem geldfjenað eiga, að reka hann til afriðttar, þar sem hann er, að öðrum kosti koma fjenaði sínum til göngu yfir sumartímann hjá öðrum, sem land hafa. Verði hlutaðeigandi óánægður með ráðstöfun hreppsnefndar, skal hlíta ítölu í landið. Sama gildir um þá, sem fjenað taka, ef þeir ofsetja í land sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje ekki vanrækt.²²¹

Óþreytt ákvæði voru í fjallskilareglugerð frá árinu 1902.

Sérstök fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1909. Ákvæðin, sem helst skipta máli, eru eftirfarandi:

1. gr. *Notkun og vörn afriðttarlands* sveitar getur hreppsnefnd hlutast til um eftir þörfum. Skal hún skipa fyrir um smalanir til rjetta og annað er þar að lýtur. -

2. gr. Að því leyti sem heimalönd, að álitu hreppsnefndar, eigi eru nægileg til sumarþeitar fyrir fjenað áþúenda, ber öllum, er geldfjenað eða dilkær eiga, að reka slíkan fjenað til afriðttar, ef til er, eða koma honum fyrir til sumargöngu hjá öðrum, er nægt land hafa til þess. ...

7. gr. Hver sá, er land hefir til áþúðar eða eigin afnota, er skyldur að smala það til haustskila ...²²²

Önnur fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1921. Eftirtektarverð er skilgreining á upprekstrar- og heimalöndum sem kemur fram í 4. grein. Hér eru teknar upp 1. og 4. grein og hluti 5. greinar:

1. gr. Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna sýslunnar. Hreppsnefnd hefir stjórn og framkvæmd á slíkum málefnum í sveitarfélagi

²²⁰Skjal nr. 4(28).

²²¹Skjal nr. 4(29).

²²²Stjórnartíðindi. 1909. B. S. 126–130. Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu.

sínu, eða í samvinnu, þar sem fleiri sveitarfélög en eitt hafa réttafélag sameiginlegt.

4. gr. Land allt í sýslunni greinist í upprekstrarlönd og heimalönd. Það teljast upprekstrarlönd, sem búpeningur gengur í á sumrum, en eru svo fjarlæg byggð, eða þannig á sig komin, að lítt notast á vetrum, hvort sem eru lönd einstakra jarða eða félagsleg afréttarlönd, og sé skipaðar leitir í þeim til rétta. Öll önnur lönd, nærlægari byggð, sem búfénaður getur í gengið, teljast heimalönd.

5. gr. Enginn má taka annara skepnur í félagslegt upprekstrarland (afrétt), né án leyfis hreppsnefndar hafa það til sérnota fyrir sig ...²²³

Þriðja sérstaka fjallskilareglugerðin fyrir Kjósarsýslu er frá árinu 1954. Teknar eru upp 1. grein og hlutar 2. og 4. greinar:

1. gr. ... Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála sýslunnar. Hreppsnefndir hafa stjórn og allar framkvæmdir fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu, þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur eða réttarhald sameiganlega. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum, skal sýslunefnd skera úr.

2. gr. ... Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland, þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekkert á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis hreppsnefndar. ...

4. gr. ... Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrum, ber öllum þeim sem eiga eða hafa undir höndum sauðfé, ótamin hross eða geldneyti að reka fénað sinn á afrétt svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar ástæður leyfa, nema þeir hafi örugglega girt landsvæði fyrir þann fénað ...²²⁴

Árið 1988 var staðfest fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Teknar eru upp 1., 2. og 4. grein eða greinarhlutar sem máli virðast skipta:

1. gr. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og alla framkvæmd fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur og réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli sveitarstjórna út af fjallskilamálum sker sýslunefnd úr. Heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála.

²²³Skjal nr. 4(32).

²²⁴Skjal nr. 4(34).

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. Fjallskilanevnd skal skipuð einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum af sveitarstjórnnum. ...

4. gr. ... Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppnum í heimaland og upprekstrarland ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekki á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.²²⁵

Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, þ.e. fyrir allt svæðið vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og vestan og sunnan varnarlína í Hvalfjörð, var samþykkt árið 1996. Þær greinar, sem skipta máli, eru eftirfarandi:

1. gr. ... Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr. ... Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr. ... Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstrarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilanevnd til að sjá um lögboðin fjallskil ...

5. gr. ... Upprekstrarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla [göngur og réttir] þessarar samþykktar. ...²²⁶

5.2. Kjalarnes

5.2.1. Landnám á Kjalarnesi

Landnámabók getur ýmissa manna, sem námu land á þessu svæði. Fyrstur landnámsmanna var Ingólfur Arnarson:

²²⁵Skjal nr. 4(36).

²²⁶Skjal nr. 4(37).

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.²²⁷

Sá, sem nam land austast á því landsvæði, sem tilheyrði síðar Kjalarneshreppi, var Hallur goðlaus. Landnámabókagerðum ber ekki saman um ættfærslu hans en eru sammála um landnámsmörk:

Hallr goðlauss hét maðr; hann var son Helga goðlauss. Þeir feðgar vildu ekki blóta ok trúðu á mátt sinn. Hallr fór til Íslands ok nam land með ráði Ingólfs frá Leiruvági til Mógilsár. Son Halls var Helgi, er átti Þuríði Ketilbjarnardóttur; þeira son var Þórðr í Álfsnesi, er átti Guðnýju Hrafnkelsdóttur. Hallr bjó í Múla.²²⁸

Hallr hét maðr, son Þóris goðlauss, Ormarssonar, bróður Hildar Ormarsdóttur, er átti Þorbjörn hinn gaulverski, samfeðri, en hon var sammædd við Þórð skeggja. Þeir feðgar vildu ekki blóta ok trúðu á mátt sinn. Hallr fór til Íslands ok nam land millim Mógilsár ok Leiruvágsár ok bjó í Múla. Hans son var Helgi, er átti Þuríði Ketilbjarnardóttur, þeira son var Þórðr í Álfsnesi, er átti Guðnýju Hrafnkelsdóttur.²²⁹

Eins og víðast getur Landnáma ekki um efri mörk landnáms Halls, en Haraldur Matthíasson gerir ráð fyrir að það hafi verið allt austur að sýslumörkum og mörk landnáma Halls verið um Leirvoggsá, upp í Leirvogsvatn en þaðan um Bugðu allt upp í sýslumörk, eins og hreppamörk milli Mosfellssveitar og Kjalarness voru. Bæjarnafnið Múli er óþekkt og ekki víst hvar bæjarins er að leita.²³⁰

Helgi bjóla, son Ketils flatnefs, fór til Íslands ór Suðreyjum. Hann var með Ingólfi enn fyrsta vetr ok nam með hans ráði Kjalarnes allt milli Mógilsár ok Mýdalsár; hann bjó at Hofi.²³¹

Mýdalsá nefnist nú Miðdalsá ofan til, en Kiðafellsá neðst.²³²

Örlygr hét son Hrapps Bjarnarsonar bunu; hann var at fóstri með enum <helga> Patreki byskupi í Suðreyjum. <Hann> fýstisk at fara til Íslands ... Hann helt þá at enu syðra fjallinu, ok var þat Kjalarnes, ok hafði Helgi bræðrungr hans numit þar áðr. Örlygr var með Helga enn fyrsta vetr, en um várit nam hann land at ráði Helga frá Mógilsá til Ósvífr>slækjar og bjó at Esjubergi. Hann lét þar gera kirkju, sem mælt var.²³³

Hauksbókartexti Landnámu er ekki samhljóða Sturlubók að öllu leyti, en þeim ber saman um landnámstakmörkin. Hins vegar segir Hauksbók Örlyg hafa byggt

²²⁷Skjal nr. 4(37).

²²⁸Skjal nr. 4(37).

²²⁹Skjal nr. 4(37).

²³⁰Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. Reykjavík. 1982. S. 83–84.

²³¹Skjal nr. 4(37).

²³²Skjal nr. 4(37).

²³³Skjal nr. 4(37).

„undir Esjubergi“.²³⁴ Ósvífurslækur er í síðari heimildum nefndur Ósénulækur eða Ósýnulækur.

5.2.2. Lýsing Kjalarneshrepps

Björn Bjarnarson lýsir Kjalarnesi í greininni Kjósarsýsla sem dagsett er 27. apríl 1937 og birtist í ritinu *Landnám Ingólfs*. Markverðustu atriði lýsingarinnar fara hér á eftir:

Takmörk sveitarinnar eru: Gagnvart Kjós frá Rjúpnagilsbotni um Skálafell, yfir Svínaskarð, um Móskaðahnúka á Esju og svo út eftir því fjalli út á Lokufjallstind, þá eftir Kerlingargili niður í Mýrdalsá (nú nefnd Kiðafellsá) og eftir henni til sjávar í Hvalfjörð. En gagnvart Mosfellssveit eru merkin Leirvogsá, alla leið frá Rjúpnagilsbotni til Leiruvogs. Á leið hennar er Leirvogsárvatn.

Byggðin liggur í hálfhring um Esjuna, víðast einlæg, nema að 4 bæir eru á Álfnesinu, laust frá fjallinu, á undirlendi milli Leiruvogs og Kollafjarðarbotns, smáfjarðar inn úr meira Kollafirði, flóanum milli Kjalarness og Seltjarnarness. Auk syðra hluta Esju eru þar eigi önnur fjöll en vestri (syðri) hluti Skálarfells og fram af því, milli Svínaskarðsár og Leirvogsár, Haukafell. Að vestan er Esja klofin af Blikdal, (nú rangnefndur Bleikdalur),²³⁵ er gengur all-langt austur í fjallið, óbyggður. Ekkert stöðuvatn er þar í sveit og ekki ár, aðrar en fjallalækir, sem að vísu eru nefndir ár: Blikdalsá (= Ártúnsá!), Vallá, Flóðá (= Flóðará), Mógilsá, Hvítá, Kollafjarðará, Grafardalsá, Þverá, Skarðsá (Svínaskarðsá), auk hreppamerkja-anna að hálfu. Suðvestur frá Esju skagar Kjalarnesstangi út milli Hvalfjarðar og Kollafjarðar. Á því nesi er mesta jörð sveitarinnar, Brautarholt. ...

Nyrzti bærinn, Tindsstaðir er í Mýrdal norðan Esju, hinn syðsti, Stardalur, sunnan undir Skálarfelli, skammt niður frá Leirvogsárvatni. ... Fjallið Esja, er flestar jarðirnar eiga land í, er bratt klettótt og skriðótt, en undirlendisjaðarinn, sem byggðin er á, að mestu mýrlendi. ...

Almenningsréttir Kjalnesinga eru við bæinn Kollafjörð, á grjóttási sunnan við túnið; hafa þar lengi staðið. Út-Kjalnesingar hafa sundurdráttarétt við Arnarhamar vestanvert við Esju. ...

Afréttarland á sveitin ekki. ...

Í hinni löngu Vatnshornshlíð í Skorradal eru 10 skógarítök, öll forn kirknaítök, tungur milli lækja. Þar eru í röð: Klausturskógur (Viðeyjarklausturs), Hvammstunga, Reynivallatungur 2, Meðalfellstunga og Tindsstaðatunga, er bendir til, að þar hafi, er ítakið var gefið (eða keypt), verið kirkja („staður“). ...

²³⁴Skjal nr. 4(37).

²³⁵Blikið („blinken“), sem dalurinn hefir fengið nafn af, er hinn ævarandi skafli í dalbotninum, er blasir við á siglingu inn Faxaflóa. — Aths. Björns Bjarnarsonar.

En Saurbær er nú 2 býli; annar bærinn er byggður spöl ofar, nefndur Dalsmynni, fyrir mynni Blikdals, er kirkjan á hálfan, norðan ár, en Brautarholtskirkja sunnan ár. - ...

Bakkaholt er nú nytjað frá Bakka, en í landi Arnarholts sunnanverðu er byggt mikið kúasel frá Korpúlfsstöðum í Mosfellssveit, steinhús mikil ummáls. Andríðsey í Hvalfirði, norður skammt út frá Arnarholts landi, tilheyrir Brautarholti, svo og Blikdalur, sunnan ár (Blikdalsár, sem nú er rangnefnd Ártúnsá eftir býli, sem dregur nafn sitt af ánni). ...²³⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 er mörkum Kjalarnessveitar lýst, sem einnig mun gert af Birni Bjarnarsyni í Grafarholti:

Norður- og landnorður-takmörk sveitarinnar eru sömu sem áðursögð suður- og vestur-takmörk Kjósarsveitar, frá Rjúpnagilsbotnum (vesturtakm. fremra-Hálslands) alla leið til sjávar við ós [strikað yfir Kiðafellsár] Mýrdalsár. Austurtakm.: Rjúpnagil til Bugðu, að sunnan Bugða, Leirvogsvatn og Leirvogsá til sjávar.

Sveitarbygðin er í skeifumynduðum boga um Esjuna að sunnan, vestan og norður fyrir útnyrzta horn hennar, Lokufjall (Tindsstaðahnjúk). Liggja því lönd flestra jarða þar til fjalls og sjávar, að nokkrum jörðum innan Kleifa undanskildum, er ekki ná til sjávar eða til fjalls (og Tindst. ekki til sjávar).²³⁷

5.2.3. Stardalur

Nokkrum sinnum er minnst á Stardal í tengslum við Þerney í gömlum heimildum. Í máldaga Þerneyjarkirkju, sem álitinn er að sé frá því um 1220, segir:

Kirkia a at helmingi selfor j Stardal ok sva afreit [Í AM 263 fol. segir: afrett].²³⁸

Aftur er minnst á Stardal í máldaga Þerneyjarkirkju, sem talinn er vera frá því um haustið 1269 en þar segir:

kirkia a helming j selfor j Starrdal: og svo afrett:²³⁹

Máldagi Brautarholtskirkju, sem talinn er gerður á bilinu 1491–1518, upplýsir að kirkjan eigi hálfan Stardal.²⁴⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um Þerney:

²³⁶Björn Bjarnarson. „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II. b. Reykjavík 1937–1938. S. 97–102.

²³⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

²³⁸*Íslenskt fornbréfasafn*, I. b. Kaupmannahöfn. 1857–1876. S. 413.

²³⁹Skjal nr. 4(16).

²⁴⁰*Íslenskt fornbréfasafn*, VII. b. Reykjavík. 1903–1907. S. 53.

Selstöðu hefur jörðin til forna um lánga æfi brúkað í Stardal, og fæst hún nú ekki síðan þar var bygð sett.²⁴¹

Um Stardal segir Jarðabókin:

Stardalur. Nýlega uppbyggð fyrir þrjátíu árum, og kemur hjer sá enginn fram, sem þykist vita að þar hafi fyrri nokkurn tíma bygt ból verið. Einn maður vel fertugur þykist heyrt hafa einhvörn segja þar skuli hafa verið bygð, áður drepsótt kom hjer í land, ... Þar í mót eru þeir flestir hjer, er þykjast muna það hafi af gömulum mönnum efað verið, hvort nokkurn tíma hafi hjer í fyrndinni bær staðið, ...

Hitt er almennilega kunnugt úngum og gömlum, að þar sem nú er þessi nýi bær, Stardalur, hafa um lánga æfi selstöður verið frá mörgum bæjum í Mosfellssveit, sem Jarðabókin í þeirri sveit vottar, og so frá Þerney, sem hjer er áður getið.²⁴²

Stardalur var þá konungseign.

Engin sóknalýsing var gerð á vegum Hins íslenska bókmenntafélags fyrir Kjalarnesþing. Verður því ekkert sagt um seljabúskap á Kjalarnesi á 19. öld.

Í kaflanum um Stardal í jarðamati 1804 segir m.a.:

Udegang for Heste om Vinteren faaes hos Fremmede, mod at indtage utæmmede Heste paa Græs om sommeren.²⁴³

Stardalur var konungsjörð en var seldur úr eigu konungs 9. september 1836²⁴⁴

Í kjölfar þess að Ólafur Jónsson lýsti yfir áhuga á því að stofna nýbýli á svokölluðu Sámsstaðalandi, en það lá á milli Stardals og Hrafnhóla, var ákveðið að halda áreiðargjörð til þess að finna út mörk svæðisins og fór hún fram þann 28. júlí 1852. Eftir að hafa ályktað um landamerki Sámsstaðalands kváðu áreiðarmennirnir upp úrskurð sinn. Hann var á þá leið að ekki væri grundvöllur fyrir nýbýlisstofnun því að landið væri óheppilega staðsett auk þess sem það væri mjög lítið. Nánar er sagt frá áreiðargjörðinni í kaflanum um Sámsstaði.²⁴⁵

Landamerkjabréf Stardals var undirritað 20. nóvember 1888 og þinglesið þann 3. júní 1890. Þar kemur eftirfarandi fram:

Úr efsta Rjúpnagilsbotni, ræður gilið ofaní bugðu svo ræður Bugða ofan í Leirvogsvatn, svo ræður Áin að læk þeim sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal, frá læknum yfir svonefnt Amt, og í Skopru, beina sjónhending í vörðu þá sem er að sjá í austur frá dysinu því nyrðra, úr vörðu þeirri austur háfjall í fyrrnefndan Rjúpnagilsbotn.

²⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. Kaupmannahöfn. 1923. S. 331.

²⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 336–337.

²⁴³ Skjal nr. 2(43).

²⁴⁴ Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

²⁴⁵ Skjal nr. 2(58) a–b.

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af umboðsmönnum Þingvallakirkjujarða (þ.e. Fellsenda, Stíflisdals og e.t.v. Heiðarbæjar), Mosfells í Mosfellssveit, eiganda „hols“ [sem líkast til á við Fremraháls] og Ólöfu Eiríksdóttur sem var eigandi Hrafnhóla og Þverárkots.²⁴⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Stardalur sagður liggja uppi í hálendinu sunnan Skálafells. Útslægjur eru taldar miklar bæði nær og fjær og fjallslægjurnar greiðfærar, að auki er þess getið að mikið sé lánað til slægna. Land jarðarinnar er sagt mikið og sumarland gott en snjóþungt og mishæðótt. Meðal ókosta Stardals er bent á ágang afréttarfénaðar og erfiða smölun.²⁴⁷

Björn Bjarnarson lýsir Kjálarnesi í greininni Kjósarsýsla sem dagsett er 27. apríl 1937 og birtist í ritinu Landnám Ingólfs. Þar stendur:

Í landi Stardals, nokkru ofar en Tröllafoss, er eyði-fornbýlið Sámsstaðir. Bærinn Stardalur hefir verið uppi í dalnum fyrst; þar hefi ég séð í árbakkanum sorphaug að molna, en djámosi hefir hlaðizt yfir bæjartóftimar. Bærinn með sama nafni hefir svo verið færður niður fyrir dalsmynnið, þar sem hann nú er, gengt því, er bústaður Halls goðlauss sennilega hefir verið, í Múlaendanum hins vegar Stardals-ársprænnar ...²⁴⁸

5.2.4. Sámsstaðir (ekki er ljóst hvort býlið tilheyrði Stardal eða Hrafnhólum)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir eftirfarandi:

Samstader, forn eyðijörð, sem almennilega segist áður skuli hafa verið kirkjustaður og legið í auðn síðan drepsótt var hjer í landi. Eigandinn hvör verið hafi áður í fyrnd veit enginn að segja. Nú er það um lánga æfi eignað kóngl. Majestat, og brúka kónsjarða ábúendur hjer grasnautn alla. Einkanliga hefur í lánga tíma frá Esjubergi hjer í því landi, sem þessari jörðu halda menn tilheyrt hafa, selstaða brúkuð verið, þar sem heitir Esjubergs sel.²⁴⁹

Um miðja 19. öld sóttist bóndinn Ólafur Jónsson eftir leyfi til að nýta eyðijörðina Sámsstaði. Að kröfu yfirvalda sendi hann þann 31. maí 1850 frá sér tilkynningu varðandi þessa jörð þar sem hann skoraði á alla að gefa sig fram sem teldu sig eiga tilkall til hennar. Þessi yfirlýsing var lesin upp í manntalsþingsréttinum að Esjubergi sama dag.²⁵⁰

Eftir að yfirlýsingin var lesin upp steig fram umboðsmaður Esjubergs og sýndi útdrátt úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en í honum var Esjubergi

²⁴⁶Skjal nr. 2(25).

²⁴⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁴⁸Björn Bjarnarson, „Kjósarsýsla“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II. b. Reykjavík 1937–1938, s. 97–102.

²⁴⁹*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 337–338.

²⁵⁰Skjöl nr. 2(37) og 2(93) a–b.

úthlutað selstöðu í Sámstaðalandi. Á grundvelli þessara upplýsinga mótmælti hann fyrirhugaðri nýbýlisstofnun. Eigandi Hrafnhóla mótmælti henni einnig. Að hans sögn höfðu eigendur Hrafnhóla nýtt eyðijörðina Sámstaði frá aldaöldi líkt og aðrar nærliggjandi konungsjarðir. Eigandi Hrafnhóla kvað sönnun þessa vera að finna í Jarðabók Árna og Páls.²⁵¹

Í kjölfar þess að Ólafur Jónsson lýsti yfir áhuga á því að stofna nýbýli á svokölluðu Sámstaðalandi, en það lá á milli Stardals og Hrafnhóla, var ákveðið að halda áreiðargjörð til að finna út mörk svæðisins og fór hún fram þann 28. júlí 1852. Meðal þeirra sem sóttu hana voru eigendur Hrafnhóla og Stardals. Áður en áreiðargjörðin hófst báðu þessir aðilar um orðið og kom eftirfarandi fram í máli þeirra:

ad Landamerki austur eptir frá Hrafnhólum seu haldin vid Sandhóla gil, er fra Stardal gáangi og seu haldin landamerki vid gil þetta austan frá, en eptir framlögðum vitnisburdum af Stardals hálfu ganga landamerkin vestur ad Raudhóls gili, sem er nokkud nær Hrafnhólum ...

Í greinargerð, sem samin var um áreiðina, kemur fram að í þessari lýsingu fólst sú skoðun að ekki væri hægt að kalla neitt landsvæði Sámstaðaland. Þar kemur einnig fram að enginn af skoðunarmönnum gat sagt til um hver landamerki Sámstaðalands hefðu verið því jörðin hafði verið í eyði í mörg hundruð ár. Þeir urðu því að giska á þau og eftir að hafa kannað kringumstæður og landslag komust þeir að þeirri niðurstöðu að land jarðarinnar hefði legið á svæðinu frá Sandhólagili og austur að Hnjúkum fyrir vestan Stardal.

Ábúandi og eigandi Stardals mótmælti þessum landamerkjum. Fyrir því voru tvær ástæður. Sú fyrri var að hann hafði byggt beitarhús á þessu svæði. Síðari, og að hans sögn mikilvægari, ástæðan var sú að hann taldi sig hafa heimildir fyrir því að hann ætti það land sem menn kölluðu Sámstaðaland. Máli sínu til stuðnings vitnaði hann í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1702²⁵² en þar segir um Sámstaðaland að þar verði ekki byggt fyrir landþrengslum og að tún, sem einu sinni hafi verið þar, hafi orðið fyrir skemmdum af völdum skriðna og uppblásturs.

Eftir að hafa ákveðið landamerki Sámstaðalands kváðu áreiðarmennirnir upp úrskurð sinn. Hann var á þá leið að ekki væri grundvöllur fyrir nýbýlisstofnun því að landið væri óheppilega²⁵³ staðsett auk þess sem það væri mjög lítið. Hægt væri að reisa þar afbýli en það myndi koma sér illa fyrir Hrafnhóla og ekki síður Stardal.²⁵⁴

²⁵¹Skjal nr. 2(93).

²⁵²Þetta er villa því samkvæmt Jarðabókinni (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b.) er skýrslan um þessa jörð samin árið 1704.

²⁵³Lítið tún, sem hægt væri að rækta á þessu svæði, fyrir eina kú yrði bæði fyrir sandfoki og skriðum úr melunum fyrir ofan. Þetta land hafði auk þess engar engjar, torffistu, eða aðstöðu til stungu [aðstaða til að stinga hnausa] og óvíst var hvort að mór myndist þar. Í greinargerðinni kemur fram að sumarþeir væri nokkur upp til fjalls en landið væri sumt mjög uppblásið. Sjá skjal nr. 2(58) a–b.

²⁵⁴Skjal nr. 2(58) a–b.

Egill Jónasson Stardal getur nokkurra selja í grein sinni Esja og nágrenni sem birtist í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1985:

Þegar komið er góðan spöl upp með gljúfrunum [Skarðsár sem fellur austan úr Svínaskarði norðan Haukafjalla] sést handan árinna til suðurs yfir dalverpi og flóa einn sem skilur að Haukafjöll og Stardalshnjúka. Flóinn heitir Esjubergsflói. ... Esjubergsflói hefur nafn sitt af því að forðum var þangað selför frá Esjubergi á Kjalarnesi; má enn líta tóftir selsins austast í honum undir strýtumynduðum hjúk sem heitir Skopra.²⁵⁵

5.2.5. Hrafnhólar

Hrafnhóla er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en þar segir:

Hrafnhólar, sumir kalla Hafnabjörg og segja það nafn eldra. Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn kóngl. Majestat. Þetta er forn eyðijörð og veit enginn hvað lengi í auðn verið hefur, þar til að í tíð Heidemanns er hjer að nýju bær gjör fyrir sextán árum, og hefur síðan viðhaldist til þess í fardögum 1703 það lagðist aftur á ný í eyði.²⁵⁶

Þann 7. september árið 1812 kannaði Th. Kolbeinsson, ásamt bændunum á Völlum og Mógilsá, land jarðanna Þverárkots og Hrafnhóla, að beiðni sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í skýrslunni sem hann samdi í kjölfar þessarar rannsóknar kemur fram að líklega séu ekki til áreiðanlegar heimildir um landamerki milli téðra jarða.

Skýrsluhöfundur nefnir síðan að leiða megi að því líkur að Þverárkot ætti að eiga meira land en Hrafnhólar. Hann nefnir einnig að svokallað Sámstaðaland tilheyrir líklega fremur Stardal en Hrafnhólum og að til lítils sé að afhenda Hrafnhólum slægjuland sem ábúendur Stardals hafa nýtt. Í lok greinargerðarinnar stendur eftirfarandi:

hier Vid er athugandi, ad sie Þverárkot ei utan 5 hndr. ad Jardardirleika/ edur hafi verid/ og Hrafnholar eins 5 hndr. og Þverárkot ætti út ad grafará, hálfan grafardal Sem ej sinist ólíklegt/ og til lögskila So sem vega rudnings er Þverárkots á búanda til haldid/ Þá sinist miög berlegt ad Hrafnhólar ættu þar sem Þverá og Skardá koma saman beint i fiall upp j Sokallad Skánardals gil Sem Rennur fyrir nordan Þverfell, en á sina Siduna frá Raudhólum stefnu j Vestra skálafells [h]orn i fiall upp. eptir Þessu hier ad framan anfærdu [hie]r Inn til vídara, Þessi mín áreid, meining, og allt ad [a]liktan hier Sluttud. Ut supra

Th. Kolbeinsson.²⁵⁷

²⁵⁵Ferðafélag Íslands. *Árbók 1985*. Þættir um nágrenni Reykjavíkur. Reykjavík. 1985. S. 92.

²⁵⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 338.

²⁵⁷Skjal nr. 2(21).

Hrafnhólar voru seldir úr eigu konungs þann 27. september 1826.²⁵⁸

Í kjölfar þess að Ólafur Jónsson lýsti yfir áhuga á því að stofna nýbýli á svokölluðu Sámsstaðalandi, en það lá á milli Stardals og Hrafnhóla, var ákveðið að halda áreiðargjörð til að finna út mörk svæðisins og fór hún fram þann 28. júlí 1852.

Eftir að hafa ákveðið landamerki Sámsstaðalands kváðu áreiðarmennirnir upp úrskurð sinn. Hann var á þá leið að ekki væri grundvöllur fyrir nýbýlisstofnun því að landið væri óheppilega staðsett auk þess sem það væri mjög lítið. Nánar er sagt frá áreiðargjörðinni í kaflanum um Sámsstaði.²⁵⁹

Þann 7. júní 1856 skrifaði bóndinn á Hrafnhólum yfirvöldum bréf þar sem hann lýsti því yfir að hann vildi breyta nafninu á býli sínu og gaf hann þá skýringu að hann hefði gamalt bréf í höndum þar sem jörðin Hrafnhólar var sögð eyðijörð. Í bréfinu kemur fram að bóndinn vildi kalla jörðina Gömlu-Sámsstaði og fylgdi með landamerkjalyking fyrir býlið:

Leirvogsá, sem skilur Kjalarnes og Mosfellssveitarhreppa ræður að sunnan og vestur að þeim gamla Skarðsárfarvegi, en Skarðsá rennur nú austar, þessi gamli farvegur ræður til norðurs og jafnvel landnorðurs, alla leið á mótis við vestra Haukafjalla hornið, og þaðan beint í Bláhnjúk; landamerki að austanverðu afgangið og þinglýst.

Síðar í bréfinu lýsti bóndinn eignar- og óðalsrétti sínum yfir jörðinni Gömlu-Sámsstöðum og bannaði mönnum að nýta sér það land án síns leyfis.²⁶⁰

Í landamerkjabréfi Þverárkots frá 10. febrúar 1890 eru Hrafnhólar hafðir með. Sjá kaflann um Þverárkot hér á eftir.

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru Hrafnhólar taldir með Þverárkoti.²⁶¹

5.2.6. Þverárkot

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir svo um Þverárkot.

Þverarkot, forn eyðijörð, áður kölluð Þverá, hefur um lánngan aldur í eyði legið, en bygðist upp úr auðn fyrir þrjátíu árum og hefur sú bygð síðan viðhaldist. Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn kóngl. Majestat.²⁶²

Þann 7. september árið 1812 kannaði Th. Kolbeinsson, ásamt bændunum á Völlum og Mógilsá, land jarðanna Þverárkots og Hrafnhóla að beiðni sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Nánar er fjallað um þessa rannsókn í kaflanum um Hrafnhóla hér að framan.²⁶³

²⁵⁸Skjal nr. 4(22) í Kjósarhluta.

²⁵⁹Skjal nr. 2(58) a–b.

²⁶⁰Skjal nr. 2(39).

²⁶¹Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁶²*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b., s. 338–339.

²⁶³Skjal nr. 2(21).

Þverárkot var í konungseigu fram til 17. maí 1837 er það var selt.²⁶⁴

Þann 16. júlí 1850 var farin áreiðargjörð á landamerki jarðarinnar Norðurgrafar, að beiðni eiganda býlisins, Jóns Árnasonar, í þeim tilgangi að fastsetja þau gagnvart jörðunum Þverárkoti og Völlum. Nánar er sagt frá þessari áreiðargjörð í kaflanum um Gröf (Norðurgröf).²⁶⁵

Eigendaskipti urðu að jörðinni Þverá eða Þverárkoti þann 2. mars 1854 en þá keypti bóndinn á Völlum hana af Kristjáni Björnssyni á Hrafnhólum. Samkvæmt afsalsbréfinu eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

ad austanverdu þar sem Grænhnjúkur ber í Haukafjallahornid, ad vestan beinlínis eptir Grafará, og uppí fjall, ad sunnanverdu alt ad Leirvogsa, ad nordanverdu upp til hædstu fjallatinda.

Í bréfinu kemur fram að öll jörðin sé seld auk hlunninda og ítaka sem henni hafi fylgt að undanskildum slægjum á Þverfelli eða Þríhjúkalágum. Sérstaklega er tekið fram að nýr eigandi eigi svokallaðan „Hólma“ sem sé milli Þverárkots og Hrafnhóla. Í lokin er þess getið að núverandi ábúandi jarðarinnar sé fráfarandi eiganda hennar í öllu óviðkomandi.²⁶⁶

Þann 10. febrúar 1890 var landamerkjabréf fyrir jörðina Þverárkot ásamt Hrafnhólum undirritað. Það var þinglesið 3. júní sama ár:

Úr vörðunni sem er í austur frá svonefndu Hádysi á Svínaskarði sem er hornmark, beina stefnu suður yfir Háskopru, frá Skopru beina stefnu í læk þann sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal, svo ræður Leirvogsaín niður í vörðu á norðurbakkanum, þaðan beina stefnu uppí Hátind, þaðan ræður fjallsbrúnin að svonefndu Disi, úr disinu í fyrstnefnda vörðu.

Undir þetta landamerkjabréf skrifuðu eigendur Stardals, Möðruvalla og Grafar, þ.e. Norðurgrafar, auk eiganda hálfra Skeggjastaða. Ábúandi Minna-Mosfells skrifaði einnig undir.²⁶⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru Hrafnhólar taldir með Þverárkoti. Land jarðarinnar er sagt mikið og gott er niðri nær, dalir, hlíðar og fell en sé undirorpið ágangi afréttarfénaðar. Ennfremur er þess getið að smölun sé erfið.²⁶⁸

5.2.7. Gröf / Norðurgröf

Í fúgetareikningunum frá 1547–1552 er Grafar getið og jörðin þá komin í konungseign.²⁶⁹ Jarðabók Árna og Páls segir m.a. eftirfarandi um Norðurgröf:

²⁶⁴Skjal nr. 4(100) í Kjósarluta.

²⁶⁵Skjal nr. 2(55) a–b.

²⁶⁶Skjal nr. 2(38).

²⁶⁷Skjal nr. 2(32).

²⁶⁸Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁶⁹*Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. b. Reykjavík. 1923–1932. S. 109, 135, 151, 171 og 397.

Selstöðu á jörðin í heimalandi. ... Átroðningur stór af fjár upprekstri, sem segir um Velli infra.²⁷⁰

Við sölu Grafar þann 13. júní 1838 hvarf jörðin úr eigu konungs.²⁷¹

Þann 16. júlí 1850 var farin áreiðargjörð á landamerki jarðarinnar Norðurgrafar, að beiðni eigandans, Jóns Árnasonar, í þeim tilgangi að fastsetja þau gagnvart jörðunum Þverárkoti og Völlum. Áreiðarmennirnir komust að eftirfarandi niðurstöðu varðandi landamerki Norðurgrafar og Þverárkots:

ad eptir afstöðunni synist sem ad Land Nordurgrafar nái til austurs ad Hátindi, þaðan nidur eptir hæðinni, sem er á milli Grafardals og Þverárdals nidurí Vörubrot, sem stendur nedst á tedri hæð, og hallar vötnum austur og vestur á vetrum í leysingum af tedum hrigg.²⁷²

Í beinu framhaldi af þessari landamerkjálýsingu er greint frá því að Jón Árnason hafi í áreiðargjörðinni lagt fram vitnisburð nokkurra staðkunnugra manna þessu álitu til stuðnings. Vitnisburðurinn, en hann er að finna í sérstöku skjali, hljóðar svo:

Eptir beiðni bóndans Mr. Jons Arnasonar i Gröf á Kialarnesi, Giefumm vid undirskrifud, Eptirbestu Vitund, Eptir 30; ára; Veru á Völlum, og Gröf, þann Vittnisburd ad Land, var, yrt, og varid úr Hæðinni sem er ad Austann Verdu Vid svo kallada grimu, miri, eda Brenni miri, sem var brend Frá Gröf til betri ræktar, og það beint uppi Hátind, úr vördu sem var á Firnefndumm Hól, — til stadfestu okkar nöfn.

Borg dag 14 Februa<r> 1843 Jon Jonsson Lambhaga. Jon Jonsson. Ragnhildur Jonsdottir. Runólfur Magnusson. Jon Runolfsson.²⁷³

Síðan segir:

Þegar enfremur er haft tillit til þess, ad jordin Nordurgröf er eptir jardabókinni frá 1760 metin á 20 hndr. en Þverarkot einúngis á 10 hndr., og ad Þverárdalur er mjög víðlendur, styrkist þetta álit ei alllítid, einsog vid það, ad dalurinn fyrir vestan fyrrteda hæð, er gengur nidur frá Hátindi, ad sögn gjördarmannanna ætid hefir verid nefndur Grafardalur.

Ábúandi Þverárkots var ósáttur við þetta álit um landamerki býlis síns og Norðurgrafar en sagði jafnframt að það væri ekki í sínum verkahring að mótmæla því. Slík mótmæli yrðu að berast frá eiganda jarðarinnar.

Hvað varðaði landamerki Norðurgrafar og Valla þá var það skoðun áreiðarmannanna að þau skyldu vera þessi:

ad bein lina sé dregin frá fjalli ofan úr Midtúngumel til sudurs í einstakan þufuklett ad nordanverdu vid Leirvogsa, og er þúfa á háum björgum sunnan

²⁷⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 340.

²⁷¹ *Jarðatal*. 1847. S. 438.

²⁷² Skjal nr. 2(55) a–b.

²⁷³ Skjal nr. 2(56) a–b.

við Leirvogsa, hin nedsta til leidarvisirs, og skal hún bera í þúfuklettin nordanvið Ána og upp í Midtúngumel.

Fyrir neðan þessa lýsingu stendur eftirfarandi:

Til glöggvari merkja er varda reist í holti uppfrá ánni, og er það midmerkið.²⁷⁴

Eigendur Norðurgrafar og Valla féllust báðir á landamerkin milli jarða sinna.

Nokkrum dögum eftir áreiðargjörðina, nánar tiltekið þann 8. ágúst, var bréf frá eiganda Þverárkots lesið upp fyrir aukarétti í Reykjavík en í því mótmælti hann þeim landamerkjum sem voru ákveðin milli jarðar hans og Norðurgrafar í áreiðargjörðinni þann 16. fyrra mánaðar.²⁷⁵

Landamerkjabréf fyrir Gröf var undirritað 28. febrúar 1888 og því var þinglýst 3. júní 1890. Samkvæmt bréfinu eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Á austursíðuna, milli Grafar og Þverárkots úr Hátindshorni, beina stefnu alla leið ofaní vörðu sem stendur milli rása í Grafará, á Leirvogsaárþakka.
2. Á suður-síðuna, milli Mosfellanna og Grafar, ræður Leirvogsa merkjum.
3. Á vestur-síðuna milli Grafar og Valla, úr svokallaðri Miðtungu í Esjunni, beina stefnu í flatan stein í mýrinni vestanverðt við Grafarholt, og þaðan sömu stefnu að Varmadalssandi sunnan við Latholt.

Eigendur Valla og Grafar auk ábúenda Þverárkots og Hrísbúar voru þessum landamerkjum samþykkir.²⁷⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 er land Grafar (Norðurgrafar) sagt allmikið, dalur sé inn í Esju og sumarland gott en lítil vetrarheit.²⁷⁷

Þann 14. mars árið 2002 keypti Reykjavíkurborg jörðina Norðurgröf með öllum gögnum og gæðum, þar með töldum öllum hitaveituréttindum jarðarinnar og veiðiréttindum í Leirvogsa. Undanskilið kaupunum var steinsteypt íbúðarhús (Norðurgröf) og 38,88 ha land umhverfis það.²⁷⁸

5.2.8. Vellir

Vellir voru meðal jarða Viðeyjarklausturs eins og sjá má á skrá um kvikfé og leigumála klaustursins frá árinu 1395.²⁷⁹ Þeirra er getið í fógetaeikningunum frá

²⁷⁴Skjal nr. 2(55) a–b.

²⁷⁵Skjöl nr. 2(55) a–b, 2(56) a–b og 2(57) a–b.

²⁷⁶Skjal nr. 2(8).

²⁷⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁷⁸Skjal nr. 14(4).

²⁷⁹Skjal nr. 4(20).

1547–1552 og eru þá komnir í konungseigu.²⁸⁰ Vellir voru meðal konungsjarða fram til 21. mars 1838 er þeir voru seldir.²⁸¹

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur um mikinn ágang vegna lamba- og geldfjárupprekstrar.²⁸² Að því verður vikið nánar í afréttarkaflanum hér á eftir.

Þann 16. júlí 1850 var farin áreiðargjörð á landamerki jarðarinnar Norðurgrafar, að beiðni eiganda býlisins, Jóns Árnasonar, í þeim tilgangi að fastsetja þau gagnvart jörðunum Þverárkoti og Völlum. Nánar er sagt frá þessari áreiðargjörð í kaflanum um Gröf (Norðurgröf).²⁸³

Eigendaskipti urðu að jörðinni Þverá eða Þverárkoti þann 2. mars 1854 en þá keypti bóndinn á Völlum hana af Kristjáni Björnssyni á Hrafnhólum. Nánar er greint frá sölunni í kaflanum um Þverárkot (Þverá).²⁸⁴

Landamerkjabréf fyrir Velli var undirritað 10. desember 1889. Því var þinglýst 3. júní 1890. Samkvæmt bréfinu eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Að vestan ræður bein stefna af Esjubrúninni skemmstu leið ofan í Kollafjarðarár-upptökin, þaðan ræður Kollafjarðará þangað til hún er komin ofan úr háfjallinu. Því næst ræður bein stefna úr fossinum vestanvert við Skotlandsöxlina ofaní jarðfallastein, frá honum ræður bein stefna um grástein ofaní stein vestanvert á Kjógagörðum.
2. Móts við Varmadal. Að sunnan ræður bein stefna úr Kollafjarðarhornmarki til austur um há Gljúfra mýrarholtið í gataklett í Hrísbúrarfjalli að Grafarlandi.
3. móts við Gröf. Að austan ræður bein stefna af Kistufellsbrún ofan að miðtungu bungu í fjallinu þaðan beina stefnu í flatan stein vestanhalt við Grafarholt (grástein) og þaðan sömu stefnu að Varmadalslandi.

Eigendur Grafar og Kollafjarðar undirrituðu þetta landamerkjabréf.²⁸⁵

Í fasteignamatinu 1916–1918 er land Valla sagt lítið á láglandi, annað en slægjuland, hins vegar klettótt, skriðótt og bratt í fjalli.²⁸⁶

5.2.9. Kollafjörður

Kollafjarðar er ítrekað getið í fógetareikningunum frá 1547–1552 og er þá í konungseign.²⁸⁷

²⁸⁰ Í *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. S. 109, 135, 151, 171 og 397.

²⁸¹ Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

²⁸² Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

²⁸³ Skjal nr. 2(55) a–b.

²⁸⁴ Skjal nr. 2(38).

²⁸⁵ Skjal nr. 2(31).

²⁸⁶ Skjal nr. 2(4) a–b.

²⁸⁷ Skjal nr. 4(9); *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. S. 117, 143, 157, 177 og 404.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur um stóran skaða af beitarátroðningi vegna lamba- og geldfjárupprekstrar,²⁸⁸ sem fjallað verður um síðar í afréttarkaflanum.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir neðanmáls við Kollafjörð:

1760 er Litli Kollafjörður talinn með, og þar, útaf fyrir sig, 40 al. af landskuldinni og 1 kúg.²⁸⁹

Kollafjörður var seldur úr konungseigu þann 28. ágúst 1839.²⁹⁰

Landamerkjabréf fyrir Kollafjörð var undirritað 28. október 1889 og því var þinglýst 3. júní 1890. Þar kemur fram:

Að vestan ræður Hvítá frá ósnum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka; þaðan ræður bein stefna skemmstu leið uppá Esju; því næst ræður há-Esjan að norðan svo sem vötnum hallar.

Að austan ræður bein stefna af Esju-brúninni skemmstu leið ofaní Kollafjarðarar-upptökin; þaðan ræður Kollafjarðará þangað til hún er komin ofan úr há-fjallinu; því næst ræður bein stefna úr fossinum vestanvert við Skotlands-öxlina ofaní Jarðfallastein; frá honum ræður bein stefna um Grástein ofan í stein vestanvert á Kjóagörðum, og þaðan ræður bein stefna í lægstu kelduna á flóanum, þar sem kelda að ofan kemur saman við hana; úr því ræður flóakeldan, er liggur til útsuðurs ofaní Naustanesslæk, og því næst ræður hann í sjó fram.

Lýsing þessi var samþykkt af eiganda Álfsness og Valla, ábúanda Varmadals og umboðsmönnum Jóhanns Þorkelssonar (prests á Mosfelli, en Mosfellskirkja átti Mógilsá) og þjóðjarðarinnar Fitjakots.²⁹¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er land Kollafjarðar sagt allmikið á láglendi og í fjalli. Landið er ennfremur talið nægt að sumri.²⁹²

Þann 30. september 1942 var kveðinn upp í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu dómur í máli Erlends Jónssonar, eiganda jarðarinnar Mógilsár, gegn landbúnaðarráðherra f.h. jarðakaupasjóðs ríkisins, eiganda Kollafjarðar. Deilan snerist ekki um mörk uppi í Esju heldur um breytingar á mörkum á láglendi. Þó skal bent á að stefndur (jarðakaupasjóður ríkisins) krafðist þess að Hvítá réði mörkum til upptaka sinna en síðan réði landamerkjum bein lína um Geithól upp á há-Esju. Dómurinn var svohljóðandi:

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

²⁸⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 343.

²⁸⁹ Skjal nr. 4(22).

²⁹⁰ Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

²⁹¹ Skjal nr. 2(9).

²⁹² Skjal nr. 2(4) a–b.

Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs með fram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til upptaka og úr því stytta lína í Esjubrún.²⁹³

Þessum úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, sem úrskurðaði 13. nóvember 1944 að dómurinn skyldi standa.²⁹⁴

5.2.10. Mógilsá

Mógilsá var meðal jarða Viðeyjarklausturs eins og sjá má af skrá frá 1395 um kvikfé og leigumála á jörðum klaustursins.²⁹⁵ Jörðina er að finna í fógetareikningunum frá 1547–1552 og er þá komin í eigu konungs.²⁹⁶ Mógilsá var meðal jarða sem samkvæmt konungsboði þann 3. október 1580 voru lagðar til fátækra presta.²⁹⁷

Um Mógilsá segir Jarðabók Árna og Páls m.a.:

Selstöðu á jörðin í heimalandi. ... Átroðningur af geldfjár upprekstri ut supra.²⁹⁸

Verður fjallað um geldfjáruppreksturinn í samhengi við aðrar jarðir í Kjalarneshreppi í afréttarkaflanum hér á eftir.

Björn Stephensen dómsmálaritari bjó á Esjubergi frá því um 1814 til dauðadags, þann 17. júní 1835.²⁹⁹ Eftir hann liggur svohljóðandi lýsing á landamerkjum Esjubergs og Mógilsár:

Að vestanverðu á Esjuberg land að Leirtjörn, sem er á hinu svo kallaða Móholtí, og síðan frá Leirtjörn vestanverðri beina stefnu í Brautarholtsborg, en úr Leirtjörn austanverðri eru landamerkin beina stefnu í Villingavað, og síðan úr Villingavaði beina stefnu í stærstu vörðuna, sem er neðan til á Varmhólum, og svo úr þeirri vörðu í austasta Leiðhamarinn, og síðan austur með sjónum austur í Djúpagil fyrir utan Mógilsá, og beina stefnu úr Djúpagili í Þverfellshornið. Að vestanverðu frá þessari beinu línu að neðan er stefnan og merkin beint úr Arósnum í hinn svo kallaða ytri Kvennsöðul, og beint í fjall upp.

[Krafa frá Mógilsá, Mosfellskirkju vegna, að eiga í Festargil, utar en Djúpagil, þar er helzt beitufjara. Esjubergsmenn hafa altaf haldið í Djúpagil, og Oddgeir segir föður sinn hafa haldið svo.³⁰⁰

²⁹³Skjal nr. 2(19).

²⁹⁴Hrd. 1944/329, mál nr. 129/1942.

²⁹⁵Skjal nr. 4(10).

²⁹⁶Í *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. b. S. 109, 135, 151, 170 og 396–397.

²⁹⁷*Lovsamling for Island*, 1. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 110.

²⁹⁸*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 345.

²⁹⁹Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár*, I. b. Reykjavík. 1948. S. 250.

³⁰⁰Oddgeir, sonur Björns, mun hafa skráð lýsinguna niður en hér er vísað í afrit Jóns Þorkelssonar

Jörðin var eign Mosfellskirkju samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847.³⁰¹

Landamerkjabréf jarðarinnar Mógilsár³⁰² var undirritað um mánaðamótin maí–júni 1890. Í skjalinu, sem var þinglýst 3. júní sama ár, kemur eftirfarandi fram:

1. Milli Mógilsár og Kollafjarðar. Þar ræður Hvítá frá sjó, í Geithól og uppá Esjubrún.
2. Milli Mógilsár og Esjubergs.

Þar liggja mörkin af Leiðvelli (Leirvelli) beina stefnu við vesturhornið á sljettri flöt uppí Markagil (Stangargil eða Festargil) fyrir vestan Fálkaklett, og eptir því um miðja Skarðadali, neðri og efri, eins og lækurinn ræður, úr efri Skarðadal uppí Gljúfurdalshálsinn, og ræður háhryggurinn uppí Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína uppá Esjubrún.

Undir þetta skjal skrifar ábúandinn í Kollafirði. En undirskrift umboðsmanns eigenda Esjubergs fylgir svohljóðandi athugasemd:

Hinsvegar skrifuð landamerkjaskrá verður ekki samþykkt eins og hún er óákveðin af eigendum Esjubergs.³⁰³

Á fyrsta áratug síðustu aldar falaðist Erlendur Jónsson, en hann bjó á kirkjujörðinni Mógilsá, eftir því að ríkið seldi honum ábýlisjörð hans. Í kjölfar þessarar beiðni var Mógilsá metin. Matsgjörðin er dagsett 25. maí 1909 og segir þar m.a.:

Aðal land jarðarinnar er fjalllendi, sem er sumarland fremur gott, en leggur fljótt undir snjó að vetrinum.³⁰⁴

Nokkrum vikum eftir að matið fór fram sendi Stjórnarráðið Mosfellspresti bréf, en Mógilsá var í eigu prestakallsins, þar sem hann var spurður hvort hann væri samþykkur sölunni og því verði sem væri sett á jörðina.

Í svarbréfi sagðist Mosfellsprestur ósáttur við verðið en hann setti sig ekki upp á móti því að jörðin væri seld. Samþykki hans var þó bundið því skilyrði að prestakallið héldi rétti sínum til þess að fá endurgjald fyrir þá notkun á landi Mógilsár sem fælist í samningi sem gerður hefði verið við Björn Kristjánsson, kaupmann í Reykjavík, þann 20. júní árið 1900. Mosfellsprestur lét samninginn fylgja með bréfi sínu. En samkvæmt honum veitti Mosfellsprestur Birni ótakmarkaðan einkarétt um óákveðinn tíma til þess að taka hverja þá stein-, sand-, leir- eða málmtegund sem hann teldi sig geta notað úr landi Mógilsár. Björn fékk þó ekki yfirráð yfir þeirri kalksteinstekju sem „The Iceland water power Explatin Syndicate“ hafði verið leigð

þjóðskjalavardar. Samkvæmt athugasemdum Jóns Þorkelssonar munu fyrstu tvær málsgreinar hafa verið með hendi Oddgeirs en sú síðasta með hendi Jóns Sigurðssonar frá því um 1870. Sjá skjal nr. 2(20).

³⁰¹Skjal nr. 4(22).

³⁰²Mosfellskirkja átti Mógilsá. Því mun Mosfellsprestur væntanlega hafa lagt fram skjalið, eða umboðsmaður hans.

³⁰³Skjal nr. 2(17).

³⁰⁴Skjal nr. 2(62).

24. júlí 1899. Í samningnum kom einnig fram að Björn Kristjánsson gæti hvenær sem væri, að fimm árum liðnum, sagt upp samningnum með því að hætta að borga þá leigu sem honum bar að greiða samkvæmt honum. Hvað varðaði Mosfellsprestakall þá gat það ekki sagt samningnum upp ef árgjaldið væri skilvíslega greitt á hverju ári.³⁰⁵

Þann 11. maí árið 1911 seldi ríkissjóður Erlendi Jónssyni jörðina Mógilsá. Námar sem voru á jörðinni, og kunnu að finnast þar, voru undanþegnir sölunni. Í afsalsbréfinu kom einnig fram að afnotagjald fyrir notkun á landi Mógilsár, samkvæmt samningnum frá 20. júní árið 1900, gengi eftir sem áður til Mosfellsprestakalls og að kaupandi yrði að setta sig við jarðrask sem kynni að hljótask af þeim framkvæmdum sem heimilaðar væru í téðum samningi.³⁰⁶

Um land Mógilsár segir í fasteignamatinu 1916–1918 að það sé lítið niðri en talsvert í Esjunni og sé lítið notað að vetri. Landþrengsli niðri er meðal ókosta jarðarinnar en kalknáma er talin til kosta.³⁰⁷

Þann 2. september 1922 var kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Esjubergs gegn Mógilsá og Móum fyrir merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í dómsorði stendur eftirfarandi:

Landamerkjum milli Mógilsár og Esjubergs er af eiganda Esjubergs lýst þannig: Að austan ræður Djúpagil frá sjó upp eptir, og þaðan sem það þrýtur í axlarhorn í Þverfelli og svo áfram sama stefna upp í há Esjuna, en af hálfu eiganda Mógilsár eru mörkin talin liggja af Leiðvelli (Leirvelli) beina stefnu við vesturhornið í sljettri flöt upp í Markagil (Stangargil eða Festargil) fyrir vestan Fálkaklett, og eptir því um miðja Skarðadali neðri og efri eins og lækurinn ræður. Úr efri Skarðadal upp í Gljúfurdalsháls og ræður há hryggurinn upp í Þverfellohorn að vestanverðu og þaðan bein lína upp í Esjubrún.

Til stuðnings landamerkjalýsing eiganda Esjubergs, að svo nefnt Djúpagil ráði merkjum, er skýrskotað til útskriftar úr jarðabók Arna Magnússonar, údráttar úr handritasafni Jóns Sigurðssonar, vottorðs landsbókavardar (~~um prestakall~~[yfirstrikaður texti]) og loks framlagðrar landamerkjaskrár fyrir Esjubergs landi 27. maí 1890.

Gögn þessi, sem yfir höfuð eru næsta ófullnægjandi, nefna eigi Djúpagil nema í óljósu sambandi í [yfirstrikaður texti] útskrift úr handritasafni Jóns Sigurðssonar og einnig svo í [yfirstrikaður texti] fyrgreindri landamerkjaskrá, sem mótmælt hefur verið, og því er ófullnægjandi samkvæmt þá og nú gildandi landamerkjalögum. Vottorð 3-[yfirstrikaður texti] þriggja manna, er lögð hafa verið fram í málinu af hálfu eiganda Mógilsár um að Marka- eða Festargil ráði merkjum, eru að miklu leiti samhljóða að efni til og virðast benda til að land frá Mógilsá hafi um langan aldur verið óátalið notað að Marka- eða Festargilsenda og eigi, óeðlilegt eptir hundraðatali jarðarinnar.

³⁰⁵Skjal nr. 2(62).

³⁰⁶Skjal nr. 2(62).

³⁰⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

Er það því álit merkjadómsins innfært að Marka- eða Festargil ráði merkjum milli Esjubergs og Mógilsár, og að öðru leiti sje farið eptir framlagðri landamerkjaskrá frá 3. júní 1890 að því er merkin milli jarðanna snertir. ...

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki á milli jarðanna Esjubergs í Kjalarneshreppi annarsvegar, og Mógilsár og Móa í sama hreppi hinsvegar, að því er samliggjandi land jarða þessara snertir, skulu vera þau er hjer greinir. Á milli Esjubergs og Móa ...

Landamerki milli jarðarinnar Esjubergs í Kjalarneshreppi og Mógilsár í sama hreppi skulu vera: Af Leiðvelli (Leirvelli) beina stefnu við vesturhornið á sljettri flöt upp í Markagil (Stangargil eða Festargil) fyrir vestan Fálkaklett, og eptir því um miðja Skarðadali neðri og efri eins og lækurinn ræður, úr efri Skarðadal upp í Gljúfurhalsinn, og ræður háhryggurinn upp í Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína upp í Esju brún.³⁰⁸

Dómur þessi var innfærður í landamerkjabók 26. október 1928.³⁰⁹

Hér frammar (sjá Kollafjörð) er fjallað stuttlega um landamerkjámál milli Mógilsár og Kollafjarðar. Landamerkjadómur 30. september 1942 var svohljóðandi:

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Mógilsár og Kollafjarðar skulu vera þessi:

Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar fyrir sunnan Sandeyri við Kollafjarðarbotn, upp að malarkambi og gegnum hann, síðan til norðurs með fram malarkambinum að tjörninni, sem áin myndar fyrir austan malarkambinn og síðan eftir farveginum í miðri tjörninni. Eftir það ráði áin frá því að hún rennur í tjörnina til uptaka og úr því stytta lína í Esjubrún.³¹⁰

Hæstiréttur staðfesti þennan úrskurð 13. nóvember 1944.³¹¹

5.2.11. Esjuberg

Esjuberg er nefnt í Landnámu sem jörð landnámsmannsins Örlygs Hrappssonar.³¹²

Á Esjubergi stóð kirkja samkvæmt kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.³¹³ Esjuberg var á meðal jarða Viðeyjarklausturs eins og sjá má af skrá frá árinu 1395 um kvikfé og leigumála á jörðum klaustursins.³¹⁴ Jarðarinnar er getið í fógetareikningunum frá 1547–1552 og er þá komin í eigu konungs.³¹⁵

Í kaflanum um Esjuberg í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur eftirfarandi:

³⁰⁸Skjal nr. 2(61).

³⁰⁹Skjal nr. 2(7).

³¹⁰Skjal nr. 2(19).

³¹¹Hrd. 1944, bls. 329, mál nr. 129/1942.

³¹²Landnámabók 1886. S. 52 og 54 (Sturlubók). Skjal nr. 4(37).

³¹³Skjal nr. 4(5).

³¹⁴Skjal nr. 4(4).

³¹⁵Íslenskt fornbréfasafn, XII. b. S. 109, 134, 150, 170 og 396.

Selstöðu á jörðin undir Svínaskarði að sunnan, og er þar berjalestur nokkur.³¹⁶

Selstaða Móa var samkvæmt Jarðabókinni:

Selstaða hefur hjeðan brúkast hjá Esjubergsseli og vita menn ei hvort að láni Esjubergsmanna eður eign þessarar jarðar.³¹⁷

Esjubergssel var í landi Sámstaða samkvæmt lýsingu á þeirri eyðijörð í Jarðabók Árna og Páls eins og getið er um varðandi Sámstaði hér framar.

Samkvæmt Jarðabókinni hafði Esjuberg afrétt fyrir hross og geldneyti á Mosfellsheiði en um það verður fjallað í afréttarkafli hér á eftir.

Lögfesta fyrir Esjuberg var lesin upp á manntalsþingi þann 9. júní 1801 en inntak hennar ekki skráð.³¹⁸

Björn Stephensen dómsmálaritari bjó á Esjubergi frá því um 1814 til dauðadags, þann 17. júní 1835.³¹⁹ Eftir hann liggur lýsing á landamerkjum Esjubergs og Mógilsár. Sagt er frá henni í kaflanum um Mógilsá.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 kemur fram að hjáleigur Esjubergs eru tvær; Grund (Austurbær) og Árvöllur, báðar 10 hundruð að dýrleika. Neðanmáls er greint frá því að engar upplýsingar sé að finna í jarðabókum um hjáleigurnar nema hvað 1802 er Austurbæjar getið sem Johnsen telur að sé sama jörð og sýslumaður og prestur kalla Grund.³²⁰

Esjuberg var meðal konungsjarða fram til 13. mars 1816 er það var selt.³²¹

Landamerkjabréf fyrir Esjuberg og Móa var undirritað 1. september 1873 og það var þinglesið 2. júní 1916. Samkvæmt því voru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. bein lína úr Leiðhömrum, þar sem þeir eru hæztir uppfrá sjó, og upp austanvert holtið til norðurs á svonefnda Varmhóla, sem eru landsunnanmegin Grundarflóða. -
2. bein lína af Varmhólum vestanverðum þar sem þeir eru hæstir í Brautarholtsborg, og liggur sú lína yfir lítinn leirpoll (Leirtjörn) á Saltvíkurholti og þaðan beint í sjó vestur. Á Saltvíkurland alt fyrir neðan þessa línu austur að skurði þeim sem nú er vestanvert við Móa, og sem liggur neðan frá miðjum malarkambi og beint upp til línunnar. Eiga þá Móar land það alt, sem nefndar línur hafa hjer ákveðið og alt til sjóar, en Esjuberg<g> alt fyrir austan og ofan Móaland, en Saltvík að vestan.

³¹⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 346.

³¹⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 348.

³¹⁸Skjal nr. 2(88) a–b.

³¹⁹Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár*, I. b. S. 250.

³²⁰Skjal nr. 4(22).

³²¹Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

Auk aðila frá Móum og Esjubergi skrifuðu bændurnir í Saltvík og á Grund undir þetta landamerkjabréf.³²²

Á síðasta áratug 19. aldar reis upp ágreiningur um hvort að lítill mýrarblettur upp frá sjónum á Kjalarnesi tilheyrði Esjubergi eða ekki. Þetta mál tengist ekki því viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar og því verður ekki greint nánar frá því hér. Rétt er reyndar að nefna að í kjölfar þess að deilan kom til kasta stiftsfyrivalda staðfestu þau landamerkjabréf Esjubergs frá 1. september 1873.³²³

Landamerkjabréf fyrir Esjuberg var undirritað 27. maí 1890. Því var þinglýst 3. júní 1890. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. að austan gagnvart Mógilsá ræður Djúpagil frá sjó upp beina sjónhending <í> axlarhorn Þverfells og alla beit í fjalli þar fyrir ofan.
2. Með sjó frá Djúpagili vestur Leiðvöll allan með fjörurjetti og leiðhamra alla í skurð þann sem er að vestanverðu við leiðhamra, þaðan í vörðu á landsuðurshorni á Varmhólum og svo beina stefnu vestur þá og af vörðu vestast á þeim beina stefnu í Villingavað á Móalæk, eða beina stefnu sjónhending á Brautarholtsborg alt að sjó vestur og svo sem sjón ræður að meðtöldum fjörurjett alt að flóðará þar sem hún fellur í sjó og sem flóðará heldur uppeptir þar til komið er í beina stefnu undan bleiksteini svo að stefnan verði yfir engið milli Skrauthóla og Esjubergs beint undan bleiksteini í hinn efri og og [og tvítekið í texta] skarpari kvennsöðul og svo sömu stefnu uppá fjallsbrún og austur há Esjufjallið að áðurgreindum mörkum.

Þessa framanskráðu landamerkjalyýsingu óska jeg að prestinum í Mosfellsprestakalli mætti þóknast að undirskrifa, að því leyti að við kemur Mógilsá og Móum.³²⁴

Undir þessa lýsingu skrifaði umboðsmaður eiganda Esjubergs, en umboðsmaður Mosfellsprests, sem var umráðamaður Mógilsár og Móa, neitaði að samþykkja hana. Lýsingin var engu að síður lesin á þingi 3. júní 1890.³²⁵

Landamerkjabréf jarðarinnar Mógilsár³²⁶ var undirritað um mánaðamótin maí–júní 1890. Því var þinglýst 3. júní sama ár:

1. Milli Mógilsár og Esjubergs

Þar liggja mörkin af Leiðvelli (Leirvelli) beina stefnu við vesturhornið á sljetttri flöt uppí Markagil (Stangargil eða Festargil) fyrir vestan Fálkaklett, og eptir því um miðja Skarðadali, neðri og efri, eins og lækurinn ræður, úr efri Skarðadal uppí Gljúfurdalshálsinn, og ræður

³²²Skjal nr. 2(5).

³²³Skjal nr. 2(6).

³²⁴Skjal nr. 2(3).

³²⁵Skjal nr. 2(3).

³²⁶Mosfellskirkja átti Mógilsá. Því mun Mosfellsprestur væntanlega hafa lagt fram skjalið, eða umboðsmaður hans.

háhyggurinn uppí Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína uppí Esjubrún.

Undir þetta skjal skrifar ábúandinn í Kollafirði og umboðsmaður eigenda Esjubergs sem lét fylgja með svohljóðandi athugasemd:

Hinsvegar skrifuð landamerkjaskrá verður ekki samþykkt eins og hún er óákveðin af eigendum Esjubergs.³²⁷

Í upphafi síðasta áratugar 19. aldar reis upp deila um landamerki Skrauthóla, Sjávarhóla og Esjubergs. Svo fór að ábúandinn á Skrauthólum, í umboði eigenda jarðarinnar, kærði eiganda Sjávarhóla og Esjubergs. Eftir að fjallað hafði verið um málið frá ýmsum hliðum fyrir rétti, m.a. var kallað eftir vitnisburðum nokkurra aðila, var kveðinn upp dómur þann 29. júní 1891. Í dómsorði stendur eftirfarandi:

Að því er nú fyrst snertir landamerkin milli Skrauthóla og Sjáfarhóla að vestan, þá er ágreiningurinn um hina svokölluðu Öfugskeldu, Eptir útdrætti þeim, sem lagður hefir verið fram úr jarðabók Árna Magnússonar, var hún til forna sjerstök jörð 10 hndr. fornu mati en er nú gjörsamlega spillt af skriðufalli. Þessi Öfugskelda hefir í ómunatíð verið notuð frá Sjáfarhólum, enda verður dómurinn að álíta, að hún rjettilega fylgi tjeðri jörðu, sem virðist vera ljóst af vottorði Kristínar og Karítasar Björnsdætra,³²⁸ sem hefir verið staðfest með eiði fyrir rjetti; í vottorði þessu er skýrt tekið fram, að þær sem seljendur Sjáfarhóla hafi selt hina svokölluðu Öfugskeldu með tjeðri jörðu. Þegar kemur til merkjanna milli Skrauthóla og þessarar Öfugskeldu, þá verður dómurinn eptir nákvæma fhugun að taka til greina kröfu umboðsmanns hinnar stefndu þannig að merkin sjeu úr svokölluðum „Nónklettí“, er stendur í sjó fram undan svokölluðu „Sandskarði“ beina línu í Öfugskeldu, sem virðist vera bæjarrúst og kölluð er Öfugskelda fyrir austan Skrauthólatún; þaðan beina stefnu uppí fjallið í „Svarta-Skúta“.

Þegar nú kemur til eystri landamerkjanna milli Sjáfarhólalands og vestri takmarkanna á landstykki því, er Skrauthólum fylgir, þá er í dómi þeim, sem fram hefur verið lagður, nefndur Ósjenulækur sem mark þar sem hann fellur í Flóðará að sunnan. Dómurinn álítur að hann hafi fundið þennan Ósjenulæk og þar að auki benti eitt vitni á hann, er merkjagangan fór fram, án þess að því hafi verið mótmælt af umboðsmanni hinnar stefndu. Merkjadómurinn verður því að álíta að þetta að þetta [yfirstrikaður texti] lækjarmynni sje hornmark og þaðan eigi að draga beina línu í enda á skurði, sem ábúandi Sjáfarhóla fyrir nokkrum árum hefir látið gjöra og tók þá fram, að hann væri í mörkum skr. vottorð frá Eggert Finssyni,³²⁹ skjal Nr. 9; því næst í beina stefnu uppí hæzta tindinn á Esjufjallinu fyrir austan „Gleið“. ... Að því er snertir mörkin fyrir sunnan Flóðará milli Sjáfarhóla og Skrauthóla, þá er skýrt tekið fram í hinum

³²⁷Skjal nr. 2(17).

³²⁸[Vottorð útgefið 22. maí 1889.]

³²⁹[Vottorð útgefið 22. september 1889.]

framlagða dómi,³³⁰ enda hefir því eigi verið mótmælt af umboðsmanni hinnar stefndu, að þau sju úr „Ósjenulækjar“ mynni í austur — landsuður í Bleiksteina. Þá segir í dómnum, að línu eigi að draga úr „Bleiksteinum“ beinleiðis stefnu norður að Flóðará og þaðan til fjalls upp í þann klett framan í Esjunni, sem kallast „Efri-Kvennsöðull“. En þar sem dómur þessi eingöngu ræðir um ítak Brautarholtskirkju í Skrauthólalandi fyrir sunnan Flóðará, verður merkjadómurinn að vera á þeirri skoðun, að á ákvæðum dóms þessa verði ekkert byggt um landamerki milli Esjubergs og Skrauthóla. Stefnandi hefir í málinu, eptir álitni merkjadómsins, nægilega sannað, að merkin að austan milli Esjubergs og Skrauthóla sju úr upptökum á „Gvendarbrunni“ bein lína uppí Esjufjall; úr upptökum á tjeðum brunni sama stefna þar sem skemmst er ofan í Flóðará en þessi merki hafi um langan aldur, eins og vottorðin, skjöl Nr. 6,³³¹ 7³³² og 8,³³³ bera með sjer, verið álitin rétt af ábúendum [yfírstrikaður texti] landsetum hinnar stefndu þar sem lína þessi kemur í Flóðará, verður aptur að draga beina línu í Bleiksteina, sem er viðurkennt hornmark af báðum málspörtum. ...

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Skrauthóla og Sjáfarhóla eiga að vera þessi: Úr svokölluðum „Nón-kletti“, er stendur í sjó fram undan svokölluðu „Sandskarði“ beina línu í „Öfugskeldu“, sem virðist vera bæjar-rúst fyrir austan Skrauthólaltún; þaðan beina stefnu uppí fjallið í „Svarta-Skúta“. — Úr „Ósjenulæk“ þar, sem hann fellur í Flóðará að sunnanverðu, bein lína í enda á skurði, sem nýlega hefir verið gjörður af ábúanda Sjáfarhóla, og sömu stefnu uppí hæzta tindinn á Esjunni fyrir austan „Gleið“. Úr mynni „Ósjenulækjar“ beina stefnu í „Bleikstein“.

Landamerki milli Skrauthóla og Esjubergs eiga að vera: Úr upptökum á „Gvendarbrunni“ beina stefnu uppá fjallsbrún, úr áðurnefndum upptökum skemmstu og beinustu leið ofan í Flóðará. Þaðan beina stefnu í Bleiksteina.

...³³⁴

Þann 20. ágúst 1910 var kveðinn upp í landsyfírrétti dómur í máli sem eigandi jarðarinnar Brautarholts höfðaði gegn ábúanda jarðarinnar Esjubergs vegna slæгнаftaks í svokölluðu kirkjulandi. Þetta mál tengist ekki því viðfangsefni sem hér er fjallað um og þ.a.l. verður ekki greint nánar frá því hér.³³⁵

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru Árvellir og Grund taldar með Esjubergi. Fram kemur að eigandi jarðarinnar noti mestan hluta engjanna og nokkuð það skásta einnig frá Saltvík. Land Esjubergs er talið lítið og rýrt niðri, þ.e. utan engja, en

³³⁰Eftirrit af dómi gengnum að Esjubergi 29. okt. 1773, sbr. skjal nr. 2(40).

³³¹Skjal nr. 2(60) a–b. [Vottorð útgefið 12. september 1889 af Magnúsi Ásmundssyni, Gottsveini Gottsveinssyni og Guðmundi Guðmundssyni].

³³²Skjal nr. 2(60) a–b. [Vottorð útgefið 12. september 1889 af Kolbeini Eyjólfssyni].

³³³Skjal nr. 2(60) a–b. [Vottorð útgefið 12. september 1889 af Birni Gíslasyni].

³³⁴Skjöl nr. 2(59) a–b og 2(60) a–b.

³³⁵Lyfrd. (yngri) VIII, bls. 346 Brautarholt (1908–12). S. 436–439.

talsvert upp í Esjuna og þ.m.t. er Gljúfurdalur. Að lokum er þess getið að Skrauthólaengi sé innan Esjubergsmerkja og að upp hafi risið mál um ítaksrétt Brautarholts.³³⁶

Þann 2. september 1922 var kveðinn upp dómur í landamerkjamáli Esjubergs gegn Mógilsá og Móum fyrir merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Í dómsorði stendur eftirfarandi:

Því dæmist rjett að vera:

...

Landamerki milli jarðarinnar Esjubergs í Kjalarneshreppi og Mógilsár í sama hreppi skulu vera: Af Leiðvelli (Leirvelli) beina stefnu við vesturhornið á sljettri flöt upp í Markagil (Stangargil eða Festargil) fyrir vestan Fálkaklett, og eptir því um miðja Skarðadali neðri og efri eins og lækurinn ræður, úr efri Skarðadal upp í Gljúfurhalsinn, og ræður háhryggurinn upp í Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína upp á Esju brún.³³⁷

Dómur þessi var innfærður í landamerkjabók 26. október 1928.³³⁸ Nánar er fjallað um hann í kaflanum um Mógilsá.

Í þinglýsingarvottorðum fyrir Esjubergi, mið-, vestur- og austurhluta, sem gefin voru út 3. júní 2004, kemur fram að allt land ofan 100 m hæðarlínu og malarnám í Varmdölum sé í óskiptri eigu bæjanna þriggja.³³⁹

5.2.12. Sjávarhólar

Þann 25.–28. maí 1536 fóru fram arfaskipti eftir séra Brynjólf Gissurarson. Í hlut fjögurra systra hans komu sex hundruð og 80 álnir í jörðinni Sjávarhólum. Jarðarparturinn staldraði þó ekki lengi við í eigu þeirra því Alexíus ábóti í Viðey keypti hann samstundis af þeim.³⁴⁰ Sjávarhólar eru ekki í fúgetareikningunum 1547–1552, klaustrið hefur því selt jörðina fyrir siðaskipti.³⁴¹ Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns voru Sjávarhólar í einkaeign og sami eigandi að Öfugskeldu.³⁴²

Sjávarhólar voru 20 hundruð að dýrleika samkvæmt Jarðatali Johnsens 1847. Neðanmáls kemur fram að jarðabækur nefni Öfugskeldu 10 hundruð að dýrleika til móts við sama dýrleika Sjávarhóla. Öfugskeldu er hins vegar hvorki getið 1802 né af

³³⁶Skjal nr. 2(4) a–b.

³³⁷Skjal nr. 2(61).

³³⁸Skjal nr. 2(7).

³³⁹Skjöl nr. 9(3), 9(4) og 9(5).

³⁴⁰Skjal nr. 4(14); Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn*, X. b. S. 113 en þar kaupir Alexíus ábóti 3 hundruð og 80 álnir í Sjávarhólum af tveimur systur séra Brynjólfs Gissurarsonar.

³⁴¹Íslenskt fornbréfasafn, XII. b. S. 105–119, 123–159, 166–185 og 391–434.

³⁴²*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 350–351.

sýslumanni og presti og virðist því hafa verið partur úr Sjávarhólum sem sé því rétt metin nú á 20 hundruð.³⁴³

Í upphafi síðasta áratugar 19. aldar reis upp deila um landamerki Skrauthóla, Sjávarhóla og Esjubergs. Svo fór að ábúandinn á Skrauthólum, í umboði eiganda jarðarinnar, kærði eiganda Sjávarhóla og Esjubergs. Eftir að fjallað hafði verið um málið frá ýmsum hliðum fyrir rétti, m.a. var kallað eftir vitnisburðum nokkurra aðila, var kveðinn upp dómur þann 29. júní 1891. Í dómsorði stendur eftirfarandi:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Skrauthóla og Sjáfarhóla eiga að vera þessi: Úr svokölluðum „Nón-kletti“, er stendur í sjó fram undan svokölluðu „Sandskarði“ beina línu í „Öfugskeldu“, sem virðist vera bæjar-rúst fyrir austan Skrauthólaltún; þaðan beina stefnu uppí fjallið í „Svarta-Skúta“. — Úr „Ósjenulæk“ þar, sem hann fellur í Flóðará að sunnanverðu, bein lína í enda á skurði, sem nýlega hefir verið gjörður af ábúanda Sjáfarhóla, og sömu stefnu uppí hætta tindinn á Esjunni fyrir austan „Gleið“. Úr mynni „Ósjenulækjar“ beina stefnu í „Bleikstein“...³⁴⁴

Nánar er fjallað um dóminn í kaflanum um Esjuberg framar.

Landamerkjalyking Skrauthólalands hefur ekki fundist, hvorki þinglesin né óþinglesin.

Í Jarðamatinu 1849–1850 segir um Sjávarhóla að þar sé hagbeit á sumrin og veturna lítil. Þar stendur einnig að landþröngt sé á jörðinni. Skriðuhætta er á engi jarðarinnar og að nokkru leyti á tún.³⁴⁵ Í fasteignamati því sem gert var 1916–1918 stendur að Sjávarhólar séu við sjóinn, niður frá Skrauthólum. Einnig stendur þar að Öfugskelda sé ekki talin með Sjávarhólum. Þar kemur fram að landamerki fyrir jörðina Sjávarhóla finnist ekki í sýslubókum.³⁴⁶ Þar er einnig sagt frá því að landþröngt sé á jörðinni.³⁴⁷

5.2.13. Öfugskelda

Öfugskeldu, 10 hundruð að dýrleika, er að finna meðal þeirra jarða sem komu í hlut Þorvarðs lögmanns Erlendssonar er þeir Grímur bóndi Pálsson gerðu með sér jarðaskipti þann 15. september 1501.³⁴⁸ Sæmundur Gissurarson fæddist um 1698 og var Kjósarmaður að ætt og uppruna. Hann kvæntist ungur Sigríði, dóttur Brynjólfs lögréttumanns Jónssonar á Ölfusvatni í Grafningi. Þegar manntalið 1729 var tekið var hann orðinn bóndi að Ölfusvatni en þar bjó hann allt til æviloka 1762. Sæmundur tók

³⁴³Skjal nr. 4(22).

³⁴⁴Skjöl nr. 2(59) a–b og 2(96).

³⁴⁵Skjal nr. 2(44) a–b.

³⁴⁶Ekki verður séð að landamerki Sjávarhóla hafi nokkru sinni verið þinglesin.

³⁴⁷Skjal nr. 2(4) a–b.

³⁴⁸Skjal nr. 4(21); Bréfið er skrifað 18. september 1501.

saman annál sem kenndur er við bæ hans en við árið 1747 færir hann eftirfarandi tíðindi til bókar:

Á því vori féll sú mikla skriða eður jarðarumrótan úr Esjunni, sem aftók mikinn part Öfugskeldu og Sjávarhóla-land. Hún tók til sjávar ofan, svo mikilfeng, að ekki er auðvelt frá að segja.³⁴⁹

Öfugskeldu er ekki getið í Jarðatali Johnsens 1847 en í neðanmálsgrein við jörðina Sjávarhóla segir að jarðabækur minnst á jörð þessa og telji hana, líkt og Sjávarhóla, 10 hundruð að dýrleika. Öfugskeldu sé hins vegar ekki getið 1802 og virðist hún hafa verið partur úr Sjávarhólum og því er hún ekki tekin upp í Jarðatalið.³⁵⁰

5.2.14. Skrauthólar

Skrauthólar, 20 hundruð að dýrleika, voru ein þeirra jarða sem komu í hlut Þorvarðs lögmanns Erlendssonar í jarðaskiptagjörningi sem hann gerði við Grím bónda Pálsson þann 15. september 1501.³⁵¹ Í próventusamningi við Viðeyjarklaustur 18. ágúst 1525 lét Anna Snjólfsdóttir af hendi jörðina Skrauthóla sem var 20 hundruð að dýrleika.³⁵² Í dómsbréfi frá 30. september 1541 voru eignarheimildir Viðeyjarklausturs fyrir jörðinni Skrauthólum dæmdar löglegar af Pétri Einarssyni sýslumanni og sex meðdómsmönnum.³⁵³ Skrauthólum bregður fyrir í fógetareikningunum 1547–1552 og eru þá komnir í konungseigu.³⁵⁴ Skrauthólar voru meðal jarða sem samkvæmt konungsboði í bréfi þann 3. október 1580 voru lagðar til fátækra presta. Hún varð þá lénsjörð presta í Kjalarnesþingum.³⁵⁵

Á manntalsþingi, sem haldið var á Esjubergi þann 29. maí 1747,³⁵⁶ lögfesti séra Gestur Árnason:

hans forlienings jörð Skrauthóla, móte öllum, sem land eiga til sömu jardar landa merkia sem ó uppátalad hafa yrkt yfer i 30 ár.³⁵⁷

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er selstaða Skrauthóla eftirfarandi:

Selstaða er, hefur hjeðan lengi brúkuð verið frí þar sem heitir undir Haukafjöllum, nálægt Hrafnhólum.³⁵⁸

³⁴⁹ *Annálar 1400–1800*, IV. b. Reykjavík 1940–1948. S. 350–351 og 358 þaðan sem beina tilvitnunin er tekin.

³⁵⁰ Skjal nr. 4(22).

³⁵¹ Skjal nr. 4(15); Bréfið er skrifað 18. september 1501.

³⁵² *Íslenskt fornbréfasafn*, IX. b. Reykjavík 1909–1913. S. 276–277.

³⁵³ *Íslenskt fornbréfasafn*, X. b. S. 671–672.

³⁵⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. S. 108, 135, 150, 170 og 396.

³⁵⁵ *Lovsamling for Island*, 1. b. S. 110.

³⁵⁶ Lögfestan var samín 27. maí 1747 og framlögð degi síðar.

³⁵⁷ Skjal nr. 2(97) a–b.

³⁵⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 353.

Velta má því fyrir sér hvort þessi selstöðuréttur tengist því að Skrauthólar höfðu verið í eigu Viðeyjarklausturs og síðar konungs áður en jörðin var lögð til Kjalarnesþinga en samkvæmt Jarðabók Árna og Páls voru allar jarðir inn með Esju, frá Saltvík og Esjubergi, og þar með Stardalur, í eigu konungs.

Samkvæmt konungsbréfi frá 26. apríl 1756 voru höfð makaskipti á Skrauthólum og Móum sem lénsjörð prests í Kjalarnesþingum. Við skiptin urðu Skrauthólar aftur að konungsjörð.³⁵⁹

Við sölu Skrauthóla þann 7. ágúst 1813 hvarf jörðin úr eigu konungs.³⁶⁰

Í jarðamati 1849–1850 stendur að hagbeit á jörð Skrauthóla sé mjög lítil sumar og vetur. Þar segir ennfremur að landkreppa jarðarinnar sé mikil.³⁶¹

Í upphafi síðasta áratugar 19. aldar reis upp deila um landamerki Skrauthóla, Sjávarhóla og Esjubergs. Svo fór að ábúandinn á Skrauthólum, í umboði eiganda jarðarinnar, kærði eiganda Sjávarhóla og Esjubergs. Eftir að fjallað hafði verið um málið frá ýmsum hliðum fyrir rétti, m.a. var kallað eftir vitnisburðum nokkurra aðila, var kveðinn upp dómur þann 29. júní 1891. Í dómsorði stendur eftirfarandi:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Skrauthóla og Esjubergs eiga að vera: Úr upptökum á „Gvendarbrunni“ beina stefnu uppá fjallsbrún, úr áðurnefndum upptökum skemmstu og beinustu leið ofan í Flóðará. Þaðan beina stefnu í Bleiksteina.
...³⁶²

Nánar er fjallað um dóminn í kaflanum um Esjuberg hér að framan.

Landamerkjabréf fyrir Skrauthóla var undirritað 25. maí 1895 og það var þinglesið 31. maí sama ár en skráð í veðmálabók Litra. L:

1. Að vestan á móts við ítak Hofshverfis. — Úr Malarskarði við sjó fram, upp markalæk er rennur niður mýrina það er upp aðallækinn og þaðan beina línu á fjall upp.
2. Að austan móts við Sjáfarhóla: Úr Nónkletti í sjó úti beina línu upp mýrina uppí dý það sem er að neðanverðu við túnjaðarinn og það upp keldu er liggur milli Skrauthólatúns og Öfugskeldu það í Svartaskúta og á fjall upp.
3. Fyrir Skrauthólaengjunum (austurengjunum).
 1. Að vestan móts við Sjáfarhóla; Úr kvos eða torfvörðu í Flóðará og það beina línu upp engjarnar það er beina línu úr kvosinni eða vörðunni og í hæsta tind á Kambinum.
 2. Að austan móts við Esjuberg úr Gvendarbrunni beina línu niður í Flóðará

³⁵⁹ *Lovsamling for Island*, 3. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 234–235. Skjal nr. 4(22).

³⁶⁰ Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

³⁶¹ Skjal nr. 2(44) a–b.

³⁶² Skjöl nr. 2(59) a–b og 2(96).

og sömuleiðis úr Gvendarbrunni beina línu á Fjall upp, að neðan ræður Flóðará.

Undir þetta skjal rita ábúendur Skrauthóla og Sjávarhóla.³⁶³

Í kaflanum um Skrauthóla í fasteignamati 1916–1918 stendur að jörðin sé upp við fjallsrætur, austur frá Vallá. Þar stendur einnig að ekkert landamerkjabréf fyrir jörðina finnist í sýslubókum. Í lok kaflans er eftirfarandi athugasemd:

Öfugskelda, túnblettur, er fylgt hefur Sjávarhólum, en liggur við Skrauthólatúnið, er nú lögð til þessarar jarðar (frá hinni).³⁶⁴

Í fasteignamati ársins 1932 stendur í kaflanum um Skrauthóla að beitiland jarðarinnar sé lítið.³⁶⁵

Á 7. og 8. áratug síðustu aldar seldi Tryggvi Stefánsson, Skrauthólum, skákir úr landspildu sem tilheyrðu þeirri jörð. Þann 24. júní 1966 seldi hann 8 ha. skák. Nokkrum dögum síðar, eða þann 18. júlí, seldi hann 6 ha., þann 10. maí 1967 seldi hann ca. 12 ha. og 20. júlí sama ár seldi hann 6,5 ha. Árið 1973, nánar tiltekið þann 24. nóvember, seldi hann síðan Jóni Leví Tryggvasyni spildu úr Skrauthólum. Í fjórum fyrstu afsalsbréfunum eru efnisgreinar þar sem fram kemur að við söluna fylgi hlutdeild í landi norðan markanna í fjallinu Esju í beinu framhaldi af hinni seldu skák. Nokkur blæbrigðamunur er á textunum í efnisgreinunum fjórum. Þannig stendur í afsalsbréfinu frá 24. júní 1966 að hlutdeildin í tæðu landi sé í samræmi við eignarhlutfall í ofangreindri landspildu, þ.e. landspildunni sem skákin var seld úr, sem sé ca. 73 ha. að stærð. Í afsalsbréfinu frá 18. júlí 1966 kemur einnig fram að hlutdeild í tæðu landi sé í samræmi við ofangreinda landspildu og í skjalinu frá 10. maí 1967 stendur að landið sem fylgi sölunni nái að Skrauthólalandi.³⁶⁶ Sama segir í efnisgreininni í afsalsbréfinu frá 20. júlí 1967. Þeirri málsgrein lýkur á þessum orðum:

Þá fylgir ennfremur við söluna ræsing og þurkun á landinu, sem seljandi hefur þegar látið framkvæma.³⁶⁷

Þann 18. desember árið 2000 eignaðist Reykjavíkurborg landspildu nr. 7 úr landi jarðarinnar Skrauthóla, ásamt öllu sem fylgja bar. Í afsalsbréfinu stendur eftirfarandi:

Í sölu þessari fylgir hlutdeild í óskiptu landi Skrauthóla, milli Sjávarhóla og Esjubergs, norðan framangreindra marka sem dregin eru samhliða fjallinu Esju, í beinu framhaldi af hinni seldu landspildu, í samræmi við eignarhlutdeild hinnar seldu spildu í ofangreindu óskiptu landi Skrauthóla, en óskipta landið er alls um 73 ha. að stærð.³⁶⁸

³⁶³Skjal nr. 2(48).

³⁶⁴Skjal nr. 2(4) a–b.

³⁶⁵Skjal nr. 2(45).

³⁶⁶Skjöl nr. 15(15), 15(16), 15(17), 15(18) og 15(19).

³⁶⁷Skjal nr. 15(18).

³⁶⁸Skjal nr. 15(21).

5.2.15. Vallá

Þann 5. maí 1377 seldi Valgarður bóndi Loftsson Brynjólfi bónda Bjarnarsyni jörðina Mánaskál í Húnavatnsþingi en Brynjólfur seldi Valgarði jörðina Syðstu-Vallá. Brynjólfur seldi jörðina með:

ollum þeim ummerkium sem hann uard fremst eigandi at af sueini grimssyni med þeim itölum sem uallaa a ok önnor lönd eiga þagat jtölur i med lögum ok slika sambeit sem uerit hefer at fornu millum iardanna.³⁶⁹

Þann 9. júlí 1380 fékk Valgarður Loftsson Páli ábóta í Viðey jörð að Syðstu-Vallá á Kjalarnesi, 20 hundruð að dýrleika, en í staðinn skuldbatt Páll sig til að kenna syni Valgarðs í sex ár.³⁷⁰ Í skrá um kvikfé og leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1395 má sjá að klaustrið átti tvær Vallár.³⁷¹ Minnst er á Stóru- og Minni-Vallá og Innri- og Ytri-Vallá í fúgetareikningunum frá 1547–1552.³⁷² Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 kemur fram að meðal þeirra jarða sem seldar voru ríkisaðmíral Henrik Bjelke, höfuðsmanni yfir Íslandi, þann 30. apríl 1675, voru Innri- (eystri) og Ytri- (vestri) Vallá.³⁷³

Lögfesta fyrir jörðina Vallá var lesin upp á manntalsþingi, sem haldið var á Esjubergi þann 24. maí 1764, en inntak hennar ekki fært til bókar.³⁷⁴

Landamerkjabréf Vallár var undirritað 1. maí 1891 og það var þinglesið 2. júní 1893. Í því stendur:

1st Úr Hafnarklettum og Helguhól og þaðan í fremmstu þúfu á Klifbergi, og svo sem sjón [á líklega að vera, sjór] ræður að meðtaldri fjöru austur þangað sem lækur fellur í sjó, og svo sem aðallækurinn heldur þar til hann skiptist, og svo sem eystri lækurinn heldur allt til fjalla, að upptökum hans. -

Fyrir neðan meginmál bréfsins er tekið fram að Ingibjörg Jóhannsdóttir hafi séð það.³⁷⁵

Í fasteignamati 1916–1918 er tekið fram að landamerki Vallár finnist ekki í registri sýslubóka.³⁷⁶

Þann 19. júní 1922 var nýtt landamerkjabréf fyrir Vallá undirritað. Það var þinglesið þremur dögum síðar:

Að vestanverðu milli Vallár og Hofs úr grjótvörðu neðst á háklifbergi beina línu í Helguhól, sem er vestast á Vallár grundum þaðan beina línu um Hrafnakletta sem eru tveir sjerstakir klettar framan í Esjunni, austast upp

³⁶⁹Skjal nr. 4(18).

³⁷⁰*Íslenskt fornbréfasafn*, III. b. Kaupmannahöfn 1890–1896. S. 354–355.

³⁷¹Skjal nr. 4(19).

³⁷²*Íslenskt fornbréfasafn*, XII. b. S. 108, 135, 150, 170 og 396.

³⁷³Skjal nr. 4(100) í Kjósarhluta.

³⁷⁴Skjal nr. 2(99) a–b.

³⁷⁵Skjal nr. 2(29). Hvorki sóknarmannatöl né veðmálaregistur gefa ábendingu um hver þessi Ingibjörg var eða hvaða jörð hún réð yfir.

³⁷⁶Skjal nr. 2(4) a–b.

undan dældunum, og þaðan bein-lína á fjall upp þar til vötnum hallar norður af.

Að austanverðu milli Vallár og engjabletts sem hlutafjelagið pípuverksmiðjan í Reykjavík á, og engjastikkjis sem Lykkju til heirir, eru þessi mörk, úr eikarstólp niður við sjávarkam**inn** 116 metrar fyrir austan hliðið í suðvestur horni girðingarinnar, bein lína í torf vörðu sem er upp við girðinguna, á milli ofar nefndra engja stikkja enn á milli Vallár og engja stikkissins frá Lykkju, ræður girðing sem nú er, og í torfvorðu sem er upp undan Lykkju engunum, og þaðan beina stefnu um grjótvörðu sem er þar nokkuð ofar, á fjall upp þar til vötnum hallar norður.

Enn er engja stikki sem liggur á milli Skrauthóla lands og Lykkju engja að austan úr torf vörðu á skurð bakkanum og eftir skurðinum og úr skurðsendanum beina stefnu í svarta skúta í torf vörðu sem er ofan við díjakróka (og er hornmark) og þaðan bein stefna í vestur í torfvorðu (sem er horn mark) en að vestan og neðan ræður girðing sem nú er.

Undir þetta landamerkjabréf skrifa eigendur Hofs, Lykkju og Brautarholts og Oddrún Bergþórsdóttir á Skrauthólum.³⁷⁷

5.2.16. Hofshverfi (Hof, Lykkja og Krókur)

Hof var landnámsjörð Helga bjólu Ketilssonar flatnefs.³⁷⁸

Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 kemur fram að kirkja stóð á Hofi.³⁷⁹ Samkvæmt jarðaskiptagjörningi á milli Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar, sem fram fór þann 15. september 1501 á Möðrufelli, kom Hof á Kjalarnesi, 60 hundruð að dýrleika, í hlut Þorvarðs lögmanns.³⁸⁰ Í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar kemur einungis fram að hálfkirkja sé á Hofi.³⁸¹

Selstöðu átti Hof (sem var í einkaeign), og þá væntanlega afbýlin Jörvi, Krókur og Lykkja, á Blikdal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Verður fjallað nánar um það undir Blikdal hér síðar.

Á manntalsþingi, sem haldið var að Esjubergi þann 9. júní 1787, lásu ábúendur jarðarinnar Hofs, að undanskildum ábúanda Jörva, upp lögfestu fyrir Hofi en inntak hennar ekki fært til bókar.³⁸²

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 eru Jörvi, Krókur og Lykkja hjáleigur Hofs.³⁸³

³⁷⁷Skjal nr. 2(30).

³⁷⁸Skjal nr. 4(37).

³⁷⁹Skjal nr. 4(8).

³⁸⁰*Íslenskt fornbréfasafn*, VII. b. S. 582–583.

³⁸¹*Íslenskt fornbréfasafn*, XV. b. Reykjavík 1947–1950. S. 635.

³⁸²Skjal nr. 2(80) a–b.

³⁸³Skjal nr. 4(22).

Landamerkjabréf Hofshverfis, jarðanna Hofs, Króks og Lykkju, var undirritað 1. mars 1895 og þinglesið³⁸⁴ 31. maí sama ár. Skjalið hljóðar svo:

1. Móts við Presthús:
Syðst: Upp Heiðvíkurlæk, er rennur í sjó, að upphlaðinni torfvörðu (hornmark)
2. Móts við Brautarholt:
Að vestan: Frá greindri torfvörðu í norður beina stefnu í Hjassapúfu — úr Hjassapúfu stefnuna í „Markapúfu“, sem er hornmark milli jarðanna: Mýrarholts og Arnarholts. -
3. Móts við Arnarholt:
Beina stefnu úr áðurnefndri markapúfu, og það eptir Langholtum alla leið í Langholtsvað; — þaðan í Landnorður í Arnarhamar og svo beint á fjall upp. -
4. Móts við Vallá:
Syðst að austan. Úr fremstu þúfu á Kleifbergi við sjó fram, beina stefnu að Helguhól miðjan (er stendur neðst á Vallár-skriðu) Þaðan í Hrafnakletta er, eru einstakir klettur tveir framan í Esjunni. -
5. Að norðan skiptir, þar sem vötnum hallar til suðurs og norðurs. -
6. Innan ofanritaðra landamerkja liggur landareign „Jörfa“ eftir samþ. og þinglesnu landamerkjabréfi fyrir jörðinni. -
7. Að sunnan ræður sjór alla leið frá Heiðvíkurlæk til Kleifbergs, að meðtaldri fjöru. -
8. Ítak Hofshverfis (að fráskildum Jörfa) liggur landspilda milli „Skrauthóla“ og „Vallár“.

Mörk fyrir því eru:

1. Móts við Skrauthóla
Að austan syðst: Úr malarskarði við sjó og það uppeftir læk er rennur niður mýrina það er upp aðal uppsprettulækinn og þar hann endar. Þá beina leið í svarta skúta er stendur í Esju, uppí vestanvert við svokallaðar „Moldbrekkur“.
2. Móts við Vallá
Syðst að vestan. Úr Vallár lækjarós og það eptir Vallárlæk allt upp fyrir tún, en þar sem [en þar sem tvítekið] tveir lækir koma saman, þá eftir miðjum klofningum beina stefnu vestast í langt klettabelti í Esjunni, neðsta klettabeltið og rennur eystri lækurinn niður með því að vestan.
3. Að norðan á fjalli uppi þar sem vötnum hallar til suðurs og norðurs.-

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af fulltrúum jarðanna Hofs, Lykkju og Króks og Arnarholts. Fyrir neðan þessar undirskriftir er svohljóðandi athugasemd frá Benedikt Magnússyni, eiganda Vallár:

³⁸⁴Skjal nr. 2(95) a–b.

Það sem greinir á með landamerki eptir áður þingl. landamerkjum fyrir Vallánni, þá er jeg þessum mörkum samþykkur.³⁸⁵

Þann 5. maí árið 1900³⁸⁶ seldu eigendur jarðanna Lykkju, Króks og Hofsb kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna, þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðum sínum. Í samningnum kemur fram að um sé að ræða svæðið á:

- a) allri jörðinni Lykkju á Kjalarnesi
- b) allri jörðinni Krók á Kjalarnesi og
- c) ½ jörðinni Hofi á Kjalarnesi í Kjósarsýslu út að yztu landamerkjum nefndra jarða á alla vegu. Þar með talið allt land það sem nefndar jarðir eiga í Esjunni, og land það allt sem nefndum jörðum fylgja, austanvert við „Vallá“ frá sjó til fjalls og sem nefnist „Eystri Vallá“, er landamerki þessarar jarðar (Eystri-Vallár), að austanverðu svonefndur Markalækur. Að vestanverðu takmarkast land Hofsb, Lykkju og Króks af þessum landamerkjum: Hjörspúfa í Grástein, í Árnamel, í Langholtsvað og Arnarhamarspúfu.

Samningnum var þinglýst þann 21. júní 1905.³⁸⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Hofsbflóð sé upp við Esju og að engi Eystri-Vallár, sem lá undir Hofshverfi, sé úrskipt. Land Hofshverfis er sagt ná upp á Esjuna en þar sé lítið annað en skriður og klettur. Annars er landið talið nægt að sumri. Hver jörð innan Hofshverfis er sögð eiga sína skák af landi en Hof þó mest.³⁸⁸

Hálf Króksjörðin er talin með Lykkju í fasteignamatinu 1916–1918. Engi jarðarinnar er sagt vera mýrablettir við túnið og engi Eystri-Vallár. Um land jarðarinnar er vísað á Hof.³⁸⁹

Minnst er á hálfan Krók í fasteignamatinu 1916–1918 og að hann sé í Hofshverfi. Þess er getið að eigandi jarðarinnar hafi selt Vallárbónda hluta sinn úr Eystri-Vallá sem hafi lagt hann til jarðar sinnar. Um land jarðarinnar er vísað á Hof.³⁹⁰

Landamerkjabréf fyrir Lykkju var undirritað 15. júní 1922. Því var þinglýst 22. júní 1922 og þar stendur:

1. Móts við Brautarholt.

Syðst: Að vestan 90 metra sunnan frá upptökum Heiðvíkurlæks er torfvarða (hornmark).

Að vestan frá greindri torfvörðu stefnt á Hjassapúfu úr Hjassapúfu í Markapúfu á Árnamel í skurðshorn vestanvert við Lykkjutorfholt áframmhaldandi eftir skurði er liggur ynnmeð Langholtum að vestan í

³⁸⁵Skjal nr. 2(46).

³⁸⁶Greinilega skráð í veðmálábók en ekki þingl. fyrr en löngu síðar.

³⁸⁷Skjal nr. 2(50).

³⁸⁸Skjal nr. 2(4) a–b.

³⁸⁹Skjal nr. 2(4) a–b.

³⁹⁰Skjal nr. 2(4) a–b.

gaddavírsgyrðingu móts við Langholtsvað, þaðan í lan<d>norður í Arnarhamar og beint á fjall upp.

2. Móts við Hof.

Syðst: Að austan eftir merkjaskurði er liggur milli túna Lykkju og Hofs í hornmark yst í Krókstúni beygist til útnorðurs eftir svo kölluðu Há-gerði í hornmark efst á Lykkjutúni. Beigist til norðurs í hornstólpa norðast og vestast á Krókstúni, og bein stefna á upphlaðna tor<f>vörðu vestantil við Hofssauðahús, úr áðurnefndur torfvörðu beinstefna á upphlaðna grjótvörðu vestanvert við svo kallaða Stríthóla, og þaðan á fjall upp.

3. Í ytaki Hofshverfisins milli Valláar og Skrauthóla á Lykkju eingastykki beint upp af Hofs eingum, (sem nú er eign Valláar og h/f Pípugerðarinnar í Reykjavík) Landamerki eftir því sem girðingar nú standa, og fjalllendi þar uppaf 110 metra á breidd og beint á fjall upp, og fjöru niðrundan Hofseingum 110 metra á breidd.

Öll gadda-vírs-girðing sem er á landamerkjum milli Lykkju og Brautarholts er eign Lykkju að einum þriðja og Brautarholts að tveim þriðju, og til viðhalds eftir sömu hlutföllum.

Eigandi Hofs samþykkti landamerkjabréfið. Það gerði einnig eigandi Vallár og umboðsmenn Brautarholts, Skrauthóla og Króks.³⁹¹

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hof var undirritað 20. júní 1922 og það var þinglesið tveimur dögum síðar:

Móts við Vallá. Að austan. Ur grjótvörðu á há Klifbergi niður við sjó, bein lína í Helguhól, sem er einn hóll vestast á Vallaargrundum. Þaðan bein stefna um Hrafnakletta sem eru tveir sjerstakir klettur framan í Esjunni, upp undan Dældunum austast og á fjall upp.

Móts við Lykkju syðst að vestan, ræður túnskurður og girðing merkjum upp að hornmarki á Krógstúni í suðausturhorni. Þá ræður girðing merkjum móts við Krók milli túna. Þá bein lína úr merktum stólpa með torfvörðu við í túngirðingu Krógs að norðanverðu við túnið, um austasta klettinn á Kvíjabóli og í klett með grjótvörðu á vestast á Húsholti. Þaðan bein lína í lækjarfarveg og upphlaðna grjótvörðu í Stríthólum, þaðan bein lína á fjall upp, og svo lan<g>t sem vötnum hallar.

Móts við Jörfa, að austan, ræður jörfalækur merkjum uppí efsta jarðfall skamt fyrir ofan Jörfaholt vestantil, þá ræður skurður sem lyggur í austur alla leið í aurbrú þá áframhaldandi bein lína austur í torfvörðu við Klifbergslæk, svo ræður Klifbergslækurinn niður í sjó.

Eigandi Hofs og Jörva skrifaði undir landamerkjabréfið og það var samþykkt af umboðsmönnum Lykkju, Króks og Brautarholts og eiganda Vallár.³⁹²

³⁹¹Skjal nr. 2(11).

³⁹²Skjal nr. 2(33).

Landamerkjabréf fyrir Krók var undirritað 20. júní 1922. Því var þinglýst 22. júní 1922. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

Suðaustur hornmark, á Krókstúni þar sem merkjaskurður endar milli Hofs og Lykkju. Frá þessu hornmarki móts við Lykkju, beygist merkjalínan í útnorður, eftir svo kölluðu Hágerði í hornmarg[svo] efst á Lykkjutúni, beigist þaðan til norðurs í næsta hornstólpa norðan og vestast við Krókstún. Þaðan bein lína í melbarð vestantil við Hofs sauðahús. Úr nemdu melbarði bein lína í grjótvorðu vestanvert við svo kallaða Stríthóla. Þaðan bein lína í fjall upp. Móts við Hof, að austan, ræður girðing merkjum milli túna frá fy<r>stnemdu hornmarki. Svo úr mer<k>tum stólpa í túngirðingu Króks fyrir norðan túnið með torfvorðu við bein stefna um austasta klettinn á Kvíjabóli í klett með grjótvorðu á vestast á Sauðahúsholti. Þaðan bein lína í lækjarfarveg og grjótvorðu í svokölluðum Stríthólum. Þaðan bein lína á fjall upp. Ennfremur á Krókur ítak syðst í svo kölluðu Bakkakots-landi við Heiðvíkurlæk, 90 metra breiða spildu efst og neðst auk 110 metra fjöru fyrir þessu landi.

Sömuleiðis á Krókur slæjuítak niðurundan Langaskygnishól fyrir vestan Lykkju, svo sem upp hlaðin merki segja til 6 1/6 teigs að stærð.³⁹³

Eigandi Hofs, umboðsmaður Lykkju og umboðsmaður Brautarholts lýstu sig samþykka þessum landamerkjum.

Þann 5. nóvember 1927 komust eigendur jarðanna Lykkju og Króks að samkomulagi um landamerki slægjulands sem lá vestanvert við Lykkju. Þetta landsvæði liggur ekki að kröfulínu og því verður ekki fjallað nánar um þetta mál hér.³⁹⁴

5.2.17. Brautarholt

Brautarholts er getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200.³⁹⁵ Í máldaga Brautarholtskirkju, sem talinn er frá því á bilinu 1491–1518, segir:

Hun aa heimaland allt fra gardi þeim er gengr aa milli Brautarholtz og Hofs [eyða í handriti] fiáll vpp og fram j sio og til lækiaross (þess er) gengr j milli arnarholtz og Myrarholtz. kellda su aa ad rada sem gengr nedan j Langholtzvad.

Hun aa [eyða í handriti] Langholt. og suo þadan land allt fram undir Fossa.

Hun aa eingi allt [eyða í handriti] flod fra osenulæk og riettsyni vr Bliksteinum og til fiállz vpp.

...

Hun aa halfan Stardal.

³⁹³Skjal nr. 2(10).

³⁹⁴Skjal nr. 2(12).

³⁹⁵Skjal nr. 4(3).

Kirkian aa skog allan j Hrauntungr er liggr fyrir ofan straum edur straund.³⁹⁶

Ekki er ólíklegt að með orðunum „land allt fram undir Fossa“ sé átt við Blikdal, sbr. Bláfossa sem talað er um í lögfestu Saurbæjar frá árinu 1803, sjá kaflann um Saurbæ.

Brynjólfur Sveinsson, biskup í Skálholti, stóð fyrir vísitasíu kirkjunnar í Brautarholti árið 1642. Í vísitasíubókinni kemur ekkert markvert fram.³⁹⁷

Sjö árum síðar, nánar tiltekið þann 15. ágúst 1649, lét Brynjólfur Sveinsson vísitera kirkjuna að Brautarholti á nýjan leik. Skýrslan, sem samin var eftir þessa eftirlitsferð, hljóðar svo:

Anno 1649 þann 15 Augusti ad Brautarholli aa Kialarnese Vpplesenn og lystur Maldagi hinnar fyrstu og annrar visitationis Brautarholts Kirkju,³⁹⁸ Tilseiger Hakon Bjarnar son ad Kirkjan eigi frammar Enn skrifad er Halfann Blikdal, huor Jafnliga fylgdt hefur og halfann Stardal Sem nu fylger ecki og Eingi J Skrauthola Jord Jtem Laurentius Báss a Reykianese Sem nu er allt fra nema halfur Blijkdalur tilsagdt Hakoni Bjarnarsyne Eignarmanni ad kalla til Domss og laga þad Sem vndann Kirkjunne er geingid og hun med Riettu aa efter Brefum og Maldogum med þui Hakon vænist maldaga brefe Handskriftudu af Herra Oddi [og Sira Sigu, yfirstrikað].

Undir skrifa: Hákon Bjarnason, Hákon Ormsson, Jón Oddsson, Torfi Jónsson, Böðvar Sturluson.³⁹⁹

Þórður Þorláksson Skálholtsbiskup vísiteraði árið 1678. Í greinargerðinni, sem samin var í kjölfar þessarar vísitasíu, er staðfest það sem skráð var við vísitasíuna 1649, nefnilega að kirkjunni hafi:

eignad verid efter frammburdj Hakonar Biarnasonar sem þa var hennar patronus og síá ma i visitatiu bok sal M Brinjolfsz Anni 1649 halfur Stardalur, einge i Skrauthöla jord og Lauentius bäs a Reikanesi huad nu er undan geingid, enn halfum Blikdal býhellur kyrkiann enn.

Undir þetta rita Daði Jónsson, sr. Hannes Björnsson, Erlingur Eyjólfsson, Bjarni Jónsson og Árni Álfsson.⁴⁰⁰

Í vísitasíu sem framkvæmd var á dögum Jóns Vídalíns Skálholtsbiskups, nánar tiltekið þann 1. ágúst 1703, segir:

Niculas kyrkia ad Brautar holle hün ä efter mäldógum ... halfan, Blikdal.

Undir þetta rita Páll Sveinsson, Jens Jörgensen, Benedikt Einarsson og Árni Gíslason.⁴⁰¹

³⁹⁶Skjal nr. 4(1).

³⁹⁷Skjal nr. 2(65) a–b.

³⁹⁸Úti á blaðjaðri stendur: „K(ir)kju eign og Jtök.“

³⁹⁹Skjal nr. 2(66) a–b.

⁴⁰⁰Skjal nr. 2(67) a–b.

⁴⁰¹Skjal nr. 2(68) a–b.

Teknar eru upp umsagnir Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um beitiland Brautarholts og selstöðu jarðarinnar og hjáleigu og kirkjujarða undir Blikdal (nr. 20) hér á eftir.

Tuttugu og einu ári eftir að Jón Vídalín stóð fyrir vísitasíu í Brautarholti árið 1703 var kirkjan vísiteruð af Jóni Árnasyni, biskupi í Skálholti. Í vísitasíunni, sem átti sér stað 13. maí 1724, kom fram að kirkjan í Brautarholti ætti samkvæmt máldögum hálfan Blikdal.⁴⁰²

Þann 23. júní árið 1751, í tíð Ólafs Gíslasonar, biskups í Skálholti, var Brautarholt vísiterað. Skýrslan, sem samin var um vísitasíuna, er svipuð máldaganum sem talin er frá 1491–1518:

Anno 1751 þann 23 Junii visiterud kyrkiann ad Brautarhollte, Er ä efter Mäldögum ... halfann Blikdal: ... It. liggur ä kyrkiunne, mäldaga bref af dato 1665. enn Vidimerad 1691. og äliktad ä Sessionenne ad Þingvöllum 14 Julii 1749. ad skule gilda fyrrer Original, ... Þetta bref eignar kyrkiunne heimaland alt frá garde þeim, er geingur á mille Arnarholts, og Mýrarholts, Kelda su ä ad ræda sem geingur undann i Langholts Vad; Hun ä Langholt, og so þadann land alt framm under Fossa: Hún ä Einge alt Flöd, frá Osenulæk og rettsyne ur Bliksteinum, og til Fialz upp: ... Hun ä halfann Stardal, allann skög i Hrauntungu, skög í Skorradal, er heiter Festarskögur, og Margretar Skridur ...

Undir þetta rita Ólafur Gíslason, Þorvarður Einarsson, S. Ólafsson og S. Sigurðsson.⁴⁰³

Í vísitasubókinni kemur einnig fram að á prestastefnu á Þingvöllum þann 5. júlí 1692 hafi þátttakendur rætt um máldagann frá 1665, þar sem fundarmenn urðu sammála um að máldagar væru rétt hærrí en lögfestur.⁴⁰⁴

Í biskupstíð Finns Jónssonar Skálholtsbiskups var kirkjan í Brautarholti vísiteruð fyrst 13. júní 1758. Þar eru fyrri upplýsingar um eign á hálfum Blikdal endurteknar.

Undir þetta rita Finnur Jónsson, Torfi Gíslason, Einar Torfason, Páll Jakobsson.⁴⁰⁵

Á manntalsþingi, sem haldið var að Esjubergi þann 9. júní 1787, gerðist eftirfarandi:

Lögfeste Sýsslumadur Wigfus Lángholt alt og land þadann alt framm i Fossa efter því sem Maldage Brautarholts kirkiu seiger sem fyrer Rettenum var

⁴⁰²Skjal nr. 2(69) a–b.

⁴⁰³Skjal nr. 2(70) a–b.

⁴⁰⁴Þessi máldagi er nefndur í vísitasíunni hér að framan. Umfjöllunin er í Bps. A. III. 2. S. 245. Þar segir: „Var uppléssenn transscriptadur Máldage Brautarholts Kyrkiu á Kialarnese hlióðande einkanliga umm Landamerke millumm Arnarholts og Mýrarholts sem og önnur þeirrar Kyrkiu jtok.“

⁴⁰⁵Skjal nr. 2(71) a–b.

upplesenn. Þesse Lögfestu er og samhliða við þær hier fyrer Rettenum upplesnu 2 Lögfestur [Sjá kaflana um Bakka og Hof].⁴⁰⁶

Lögfestu fyrir Brautarholti var lesin upp á manntalsþingi sem haldið var á Esjubergi þann 27. maí 1790 en inntak hennar ekki skráð.⁴⁰⁷

Rúmu 41 ári eftir að vísitasían árið 1758 átti sér stað, eða þann 1. október árið 1799, var Brautarholtskirkja vísiteruð af Geir Vídalín, biskupi í Skálholti. Aðalatriði vísitasíunnar eru þau sömu og í þeirri sem gerð var árið 1751. Hér verður því vísað til hennar.⁴⁰⁸

Í jarðamatinu 1804 eru eyðibýlin Efra- og Neðra-Langabúr nefnd með Brautarholti. Þar kemur einnig fram að Brautarholti tilheyra hjáleigurnar Skemma, Lambhús, Ketilsstaðir og Pálshús (eyðihjáleiga). Borg (kirkjujörð frá Brautarholti) er einnig tekin með.⁴⁰⁹

Fjallað er um réttindi Brautarholtskirkju, og þar af leiðandi Brautarholts, í kaflanum um Blikdal [Bleikdal] hér aftar.

Brautarholt er metið 35 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847 og eftirfarandi hjáleigur liggja undir hana: Lambhús, Snússa (Skemma), Hjallasandur og Ketilsstaðir. Neðanmáls kemur fram að samkvæmt jarðabókinni 1760 var jörðin metin á 60 hundruð og 100 hundruð í Jarðabók Árna og Páls. Ennfremur segir:

sýslumaður telur dýrleikann á eign þessari niður, sem hér greinir, þó eigi nema 25 h. á Brautarholti. Jarðabækurnar geta eigi Snússu, er prestur og sýslumaður kalla svo, og líklega er sama sem þær kalla Skemmu, eigi heldur Hjallasands, sem báðir þeir nefna ... 1802 er eyðihjáleigu frá Ketilshúsum, Pálshúsa, getið.⁴¹⁰

Þann 31. maí árið 1895 var landamerkjabréf Brautarholts og hjáleigna jarðarinnar þinglesið. Í skjalið voru einnig skráð ítök Brautarholts og máldagi kirkjunnar:

A Landamerki

Að austan ræður merkjum Heiðvíkurlækur frá sjó upp að torfvörðu upphlaðinni (hornmarki); þaðan bein stefna norður í Hjassapúfu. Þaðan aptur bein lína í markapúfu, sem er hornmark milli jarðanna Mýrarholts og Arnarholts. Þaðan (frá tjeðri markapúfu) vestur í Fúlusker, Brautarholti tilheyra og Langholt milli Hofshverfis og Arnarholts. Ennfremur á Brautarholt Bleikdal hálfan (fyrir sunnan ána) allt uppá fjall svo sem vötn falla. Annars ræður sjór merkjum.

B Ítök

⁴⁰⁶Skjal nr. 2(80) a–b.

⁴⁰⁷Skjal nr. 2(83) a–b.

⁴⁰⁸Skjal nr. 2(72) a–b.

⁴⁰⁹Skjal nr. 2(43).

⁴¹⁰Skjal nr. 4(22).

1. Í Esjubergslandi ,(eða Skrauthóla) hið svonefnda „Kirkjuland“ (eigi allt flóð) með þessum ummerkjum: að norðan ræður Flóðará, að vestan og sunnan ræður Ósynulækur, (sem rennur vestur eptir holtinu Flóðará), svo bein stefna frá upptökum Ósynulæks í Bleikstein; að austanverðu ræður bein stefna úr Bleiksteini í Kvennsöðul eystri. -

2. ... [Ítök sem skipta ekki máli]...

5. Loks eiga Presthús tiltölulegt ítak í Óskiptinu í Hofshverfislandi svo og

6. Hálfur Stardalur. -

Máldagi

Hún á heimaland allt frá garði þeim, er gengur á milli Arnarholts og Mýrarholts; kelda sú á að ráða, sem gengur norðan Langholtsvað; hún á Langholt og svo þaðan land allt fram undir Fossa, hún á engi, allt flóð, frá Ósynulæk og rjettsýnis úr Bleiksteinum og til fjalls upp, [hún á Langholt, og svo þaðan land allt fram undir Fossa, er yfirstrikað] ... hún á hálfan Stardal ... [ítök sem skipta ekki máli] ... -

Athugasemd -

Það sem tilfært er undir tölulíð 5 um ítök erum við ekki samþykkir. Ekki heldur getum við samþ. máldagann.

Hofi Lykkju

Bjarni Sigurðsson Magnús Magnússon

Guðjón Þórólfsson

Skrá um landamerki Brautarholts í Kjalarnesshreppi í Kjósarsýslu. -

Að norðan ræður skurður milli túna Bakkaholts og Bakka úr fjósgróf og þaðan beint í þúfu á holtinu fyrir sunnan Grænhól; — þaðan ræður bein lína í suður í garðlag, sem er norðanvert við Bakkalæk, síðan ræður Bak<k>alækur merkjum til sjáfar. ... [Fjallað um landamerki við sjó].

Undir þetta skjal skrifa eigendur Brautarholts og Bakka.⁴¹¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru með Brautarholti taldar allar hjáleigur, Andríðsey og kirkjujarðirnar Brekka, Arnarholt, Mýrarholt, Prestshús og 2.2 hundruð í Bakkaholti. Landið er talið allmikið, lágglent og því fylgir hálfur Blikdalur en þar uppfra er afrétt.⁴¹²

Landamerkjabréf fyrir Brautarholt ásamt jörðunum Bakkaholti, Brekku, Arnarholti, Mýrarholti og Prestshúsum var undirritað 31. maí 1921. Því var þinglýst 22. júní 1922. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

Að norðanverðu er merkin frá Holtsgróf upp með Bakkaholtstúni sunnanverðu, og þaðan í neðri enda flóðskurðar og svo upp Flóðskurðinn, og þá uppí og upp með Pollalæk. Á þessu svæði frá Pollalæk að Holtsgróf við sjó, er nú lögð girðing sem er og skal vera merkjagirðing milli Bakka og ofanefndra jarða, þar til ef öðruvísi verður ákveðið, og skulu hlutaðeigandi

⁴¹¹Skjal nr. 2(47).

⁴¹²Skjal nr. 2(4) a–b.

jarðareigendur skyldir í fjelagi að halda þessari girðingu við, svo hún sjé ætíð í góðu og gildu standi.

Frá Pollalæk er stefnt í urðargeira og þaðan í fjallsbrún, og svo með fjallsbrúninni á móts við Arnarhamar, og frá Arnarhamri í skurðsenda norðanvert við Langholtsvað og þá með skurði þessum er lyggur vestan vert við Langholtin þartil beiing kemur á hann vestanvert við Likkju-torfholt, og svo þaðan beina línu um merkjaþúfu í Hjassapúfu og þaðan áframhaldandi beinni línu að upptökum Heiðvíkurlækjar og svo ræður Heiðvíkurlækur í sjó fram. Á öllu svæðinu frá því neðanvert við Arnarhamar og þar til Heiðvíkurlækur kemur í sjó er nú lögð girðing samkvæmt áður nefndri merkjalínu. Þessi girðing er nú og skal vera ákveðin merkjagirðing þangað til ef öðruvísi verður ákveðið.

Eigendur Brautarholts og Likkju skulu annast um að þessari girðingu sje haldið við í góðu og gildu standi, og skal eigandi Brautarholts bera þann kostnað að tveim hlutum, en eigandi Likkju að einum þriðja.

Ennfremur fylgir Brautarholti Bleikdalur allur sunnan Bleikdalsár, suður og austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, ennfremur Andriðsey á Hvalfyrði.

Lýsing þessi var samþykkt af umráðamanni Lykkju, Þorvarði Guðmundssyni fyrir Bakka, sömuleiðis Eyjólf Runólfssyni vegna Saurbæjar, Benedikt Magnússyni vegna Vallár, Oddrúnu Bergþórsdóttur vegna Skrauthóla, Guðbjarti Jónssyni vegna Króks, Elínu Halldórsdóttur vegna Sjávarhóla, Hjálvari Þorsteinssyni vegna Hofis og umboðsmanni eigenda Esjubergs.⁴¹³

Eigandi Brautarholts, Ólafur Bjarnason, seldi Kjalarneshreppi þann hluta Blikdals sem tilheyrði jörðinni, en það var hálfur Blikdalur, nánar tiltekið syðri hluti dalsins, þann 8. maí 1960.⁴¹⁴

5.2.18. Brekka

Í Jarðatali Johnsens 1847 er fjallað um Brekku:

A.M. [Árni Magnússon] einn nefnir jörð þessa, sem hjáleigu frá Arnarholti, og telur sýslumaður hana einn 5 h að dýrleika.⁴¹⁵

Landamerkjabréf fyrir Brekku var undirritað 27. febrúar 1890. Því var þinglýst 3. júní 1890. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Að norðan gagnvart Bakka, ræður mörkum Bakkalækur þar sem fellur í sjó, og upp með honum þar til þrír lækir koma saman, þá með miðlæknum upp flóðin í svartaklett sem er norðanvert við Urðargeira.
2. Gagnvart Arnarholti að sunnan er bein lína úr Urðargeira niður yfir svokallaðar dýratorfur í grjóthól sem er norðanvert við Arnarholtstún.

⁴¹³Skjal nr. 2(1).

⁴¹⁴Skjal nr. 1(6).

⁴¹⁵Skjal nr. 4(22).

3. Frá síðastnefndum Grjóthól, er bein stefna vestanvert í Krosshólinn í torfvörðu í mýrinni fyrir sunnan hann, og svo þaðan beina stefnu í norðanvestur við Fúlusker.
4. Brekka á fjörur allar frá Fúluskeri að Bakkalæk.⁴¹⁶

Undir landamerkjabréfið skrifar umsjónarmaður Brekku. Það er samþykkt af ábúanda Arnarholts, sem jafnframt var meðeigandi, og ábúanda Bakka fyrir hönd eigandans.

5.2.19. Bakki

Þann 2. mars 1495 seldi Erlendur Jónsson Erlendi bónda Erlendssyni og Guðríði Þorvaldsdóttur, konu hans, jörðina Lágafell í Landeyjum fyrir jörðina Bakka á Kjalarnesi sem metin var á 20 hundruð.⁴¹⁷ Erlendur Jónsson lét jörðina Bakka, sem var 20 hundruð að dýrleika, af hendi í próventusamningi við Ögmund Pálsson, ábóta í Viðey, þann 23. júní 1517.⁴¹⁸ Bakki kemur ítrekað við sögu í fógætareikningunum frá 1547–1552 og er þá, eins og aðrar Viðeyjarklaustursjarðir, kominn í konungseigu.⁴¹⁹

Bakki átti, að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, frían fjárupprekstur á Esju ásamt öðrum jörðum á Kjalarnesi en um það verður fjallað í afréttarkafli síðar.

Á manntalsþingi, sem haldið var að Esjubergi þann 9. júní 1787, var lesin upp lögfesta fyrir jörðinni Bakka en inntak ekki fært til bókar.⁴²⁰

Þann 22. janúar 1835 seldi Þorlákur Brynjólfsson syni sínum, Brynjólfi Þorlákssyni, 5 hundruð í jörðinni Bakka. Með sölunni fylgdu öll ítök og hlunnindi sem tilheyrðu þessum jarðarparti. Í afsalsbréfinu stendur einnig eftirfarandi:

Enn þessi 5 hndr. er eg nú sel velnefndumm syni minumm Brinjólvi skulu lönd eiga: nla. það svokallada hiáleigu tún, og sem steinboga Kéldan heldur i sjó nidr og uppi grænholsþúfu og þvert sudur ad Arnarholts landi, enn hin 15 hndr. i jördinni skule hafa torfristu og stúngu eptir þörfum, líka hagbeit í þessu nú selda 5 hndr. landi; hvarfyrir ad ad téðum 5 hndr. tillegst: Andardijamyrinn, sem Andardyalækurinn skilur ad ofanverðu og stekkjarmirinn sem stekkurinn stendur i.⁴²¹

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir neðanmáls:

Að jörð þessi hefir verið konúngs eign (eptir 1643) sést af M. Ketils II. bls. 379 og 436.⁴²²

⁴¹⁶Skjal nr. 2(2).

⁴¹⁷*Íslenzkt fornbréfasafn*, VII. b. S. 252–253.

⁴¹⁸*Íslenzkt fornbréfasafn*, VIII. b. Reykjavík 1906–1913. S. 631–632.

⁴¹⁹*Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. b. S. 108, 134, 150, 170 og 396.

⁴²⁰Skjal nr. 2(80) a–b.

⁴²¹Skjal nr. 2(42).

⁴²²Skjal nr. 4(22).

Þann 29. maí 1890 var landamerkjabréf fyrir jörðina Bakka undirritað. Það var þinglesið 3. júní sama ár:

Að norðanverðu ræður Ártúnsá að Bleikdalsmynni, þaðan eru landamerki í Urðargeira, þaðan í Pollalæk en úr Pollalæk ræður garðlag sem ber í þúfu sunnanvert við Grænhól, úr þeirri þúfu beina stefnu í í Fjósgróf við sjó fram. Fjara er öll óskipt milli Holts [væntanlega er hér átt við Arnarholt] og Bakka milli Ártúnsár og Bakkalækjar.⁴²³

Jón Pjetursson skrifaði undir þessa lýsingu fyrir jörðina Holt og Eyjólfur Runólfsson var samþykktur henni hvað varðaði Saurbæjarland og Ártún.

Þann 7. maí árið 1905 seldu eigendur jarðarinnar Bakka⁴²⁴ kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna,⁴²⁵ þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðinni.⁴²⁶ Í samningnum kemur fram að svæðið sem um sé að ræða náí til:

Bakka á Kjalarnesi í Kjósarsýslu út að ystu landamerkjum á alla vegu þar með talið alt land það, sem nefnd jörð á í Esjunni. Landamerki eru þessi: Að norðanverðu ræður Ártúnsá að Bleikdalsmynni, þaðan í Urðargeira, þaðan í Pollalæk og úr Pollalæk ræður garðlag sem ber í þúfu sunnanvert við Grænhól, úr þeirri þúfu beina stefnu í Fjósagróf við sjóinn fram.

Samningnum var þinglýst þann 21. júní 1905.⁴²⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru þrjú hundruð af Bakkaholti talin með Bakka. Um land jarðarinnar segir að það sé mest láglandi.⁴²⁸

Landamerkjabréf fyrir Bakka og hluta úr Bakkaholti var undirritað 30. maí 1921. Því var þinglýst 2. júní 1921. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

Að norðan ræður Ártúnsá frá sjó að Fuglsstapa norðanvert við Bleikdalsmynni, þaðan um Bleikdalsmynni, svo þaðan eftir fjallsbrúninni í miðjan Sneiðingar- eða Urðargeiraklett, sem er í fjallsbrún, þaðan beina línu í Pollalæk, þar tekur við flóðskurður og girðing, og úr neðri enda flóðskurðsins beina línu til vesturs sunnan við túnið í Bakkaholti og þaðan í Holtsgróf við sjó. Girðing þessi frá sjó og upp með Pollalæk, eins og hún er nú lögð skal vera merki milli jarðanna Bakka annarsvegar og Bakkaholts og Arnarholts hinsvegar og skulu hlutaðeigandi jarðareigendur skyldir að halda þessari girðingu við svo hún verði ljós og skýr merki.⁴²⁹

⁴²³Skjal nr. 2(35).

⁴²⁴Fyrir neðan samningstextann kemur fram að undirskrift eins eiganda jarðarinnar vanti. Nafn hans er síðan ritað neðar á skjalinu.

⁴²⁵Í samningnum kemur m.a. fram að kaupandinn megi flytja jarðefni sem unnin hafi verið í Bleikdal [Blikdal] yfir land Bakka.

⁴²⁶Í viðauka við samninginn, sem saminn var 5. júní, lýsir kaupandinn því yfir að hann afsali sér réttinum yfir þeim stein-, sand- og leirtegundum sem ekki hafi nýtanlega málma eða þess háttar efni.

⁴²⁷Skjal nr. 2(52).

⁴²⁸Skjal nr. 2(4) a–b.

⁴²⁹Skjal nr. 2(34).

Eyjólfur Runólfsson, Saurbæ, samþykkti þessa lýsingu hvað Saurbæjar- og Ártúnsland snerti og Jóhann Eyjólfsson samþykkti hana vegna Brautarholts og meðfylgjandi jarða.

5.2.20. Blikdalur [Bleikdalur]

Í máldaga Saurbæjarkirkju frá því um 1220 segir:

Bru scal hallda a blic dals a. þar milli fialls oc fioru. ær sa vill sem j saurbæ byr.⁴³⁰

Sömu upplýsingar koma fram í Vilchinsmáldaga frá 1397.⁴³¹

Fjallað er um eignarrétt Brautarholtskirkju á Blikdal samkvæmt máldögum og vísitásiúm undir Brautarholti hér að framan.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er vikið að beitolandi og selstöðum nokkurra jarða á Blikdal. Um Hof segir:

Selstaða segja menn að hjeðan hafi brúkuð verið á Blikdal, þar sem heita Hofsel gömlu, hvort frí eða fyrir toll nokkurn til Brautarholts vita menn ekki.⁴³²

Borg (kirkjujörð frá Brautarholti):

Selstöðu á jörðin frí í Blikdal þar sem er Brautarholts kirkjuland.⁴³³

Um Brautarholt segir:

Selstöðu og beitoland á kirkjan á Blikdal og liggur það til jarðarinnar, tekur nú mjög af sjer að gánga af skriðum og vatnsgáangi.

Haglaust er að mestu á jörðunni bæði sumar og vetur.⁴³⁴

Um Nes, eina af hjáleigum Brautarholts segir Jarðabókin:

Selstöðu hefur jörðin brúkað frí í Blikdal þar sem er Brautarholtskirkjuland.⁴³⁵

Mýrarholt, kirkjujörð frá Brautarholti, hefur samkvæmt Jarðabókinni eftirfarandi selstöðu:

Selstöðu má jörðin hafa með frjálusu í Brautarholtskirkjulandi Blikdal.⁴³⁶

Ártún, kirkjujörð frá Saurbæ:

⁴³⁰Skjal nr. 4(11); Máldagi Saurbæjarkirkju frá 1315 er samhljóða hvað þetta varðar, sbr. skjal nr. 4(12).

⁴³¹*Íslenskt fornbréfasafn*, IV. b. Reykjavík 1895–1897. S. 115.

⁴³²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 360.

⁴³³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 360.

⁴³⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 362.

⁴³⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 363.

⁴³⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 367.

Selstöðu og beit hefur jörðin frí á Blikdal um sumar og vetur í Saurbæjarlandi.⁴³⁷

Kirkjustaðurinn Saurbær átti samkvæmt Jarðabókinni:

Fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi, þar sem heitir Blikdalur.⁴³⁸

Og Hjarðarnes, kirkjujörð frá Saurbæ, hafði samkvæmt sömu heimild:

Fjárupprekstur hefur jörðin frí á Blikdal í Saurbæjarlandi. Item selstöðu frí ibidem.⁴³⁹

Skúli Magnússon segir í Lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem samin var á árunum 1782–1784 um Blikdal:

Undir síðast greindar jarðir [þ.e. Brautarholt og Saurbæ] liggur dalur einn, Bleikdalur að nafni. Skerst hann inn milli Esju og Esjuháls. eru þar sel og góðir hagar.⁴⁴⁰

Blikdals er ekki getið sérstaklega í biskupsvísitasíum í Saurbæ. Kirkja þar átti 30 hndr. í heimalandi en samkvæmt máldögum voru það jarðirnar Ártún og Hjarðarnes.

Árið 1812 var lögð fyrir sáttanefnd ákæra Saurbæjarbónda á hendur bóndanum í Arnarholti fyrir ágang hrossa á óðals- og kirkjulandi Saurbæjarkirkju. Ekki er ólíklegt að þar hafi verið um Blikdal að ræða. Um það mál er fjallað í afréttarkaflanum síðast í greinargerðinni.

Í byrjun 5. áratugar 19. aldar hafði Runólfur Þórðarson í Saurbæ kirkjulönd Saurbæjar og Brautarholts til umráða.⁴⁴¹ Þessi svæði lágu í Bleikdal [Blikdal]. Þann 17. maí 1842 gaf Runólfur út viðvörun til íbúa Kjalarneshrepps þess efnis að þeir mættu ekki reka stóðhross, lömb eða annan geldan fénað þangað án hans leyfis. Í tilkynningunni, sem var þinglesin þann 1. júní 1842, minnst hann á Ártúnsrétt og nauðsyn þess að reisa nýja rétt.⁴⁴²

Í tilkynningu, sem ábúandinn á Saurbæ undirritaði 26. maí 1850, lýsir hann því yfir að hann hafi ákveðið að banna „innan og utansveitarmönnum „að stunda stóðhestarekstur í Blikadal. Ábúandinn telur sig hafa rétt til þessa því hann hafi Blikadal á leigu. Í tilkynningunni kemur einnig fram að gamlar stóðhryssur sem

⁴³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 374.

⁴³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 375.

⁴³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 378.

⁴⁴⁰ *Landnám Ingólfs*, 1. b. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta. Reykjavík. 1935–1936. S. 136.

⁴⁴¹ Hann hafði yfirráð og umsjón með Saurbæjarkirkjulandinu en leigði síðara svæðið (þ.e. Brautarholts).

⁴⁴² Skjöl nr. 2(18) og 2(54). Tilkynningin er uppskrifuð í afréttarkaflanum síðast í greinargerðinni.

„hvergi annars staðar tolla“ séu undanþegnar banninu. Tilkynningin var þinglýst 31. maí 1850.⁴⁴³

Á manntalsþingi, sem haldið var á Esjubergi þann 8. júní árið 1860, var lesin upp tilkynning frá A. Björnssyni [í Brautarholti], Ásbirni Ásbjörnssyni [í Mýrarholti] og Runólfi Þórðarsyni [Saurbæ], sem dagsett var 31. maí sama ár, en í henni banna þeir notkun á Bleikdal.⁴⁴⁴

Þann 17. maí 1873 skrifaði umráðamaður Brautarholtskirkju undir tilkynningu þess efnis að enginn mætti reka fé á Bleikdal [Blikdal] án þess að hafa til þess leyfi frá bændunum á býlunum tveimur Mýrarholti og Brautarholti, sem höfðu einhvers konar byggingarleyfi fyrir dalnum. Yfirlýsingin var þinglesin þann 20. maí 1873.⁴⁴⁵

Þann 29. maí 1890 var landamerkjabréf jarðarinnar Bakka undirritað. Það var þinglesið 3. júní sama ár. Þar er að finna upplýsingar um Blikdal:

Að norðanverðu ræður Ártúnsá að Bleikdalsmynni, þaðan eru landamerki í Urðargeira, þaðan í Pollalæk en úr Pollalæk ræður garðlag sem ber í þúfu sunnanvert við Grænhól, úr þeirri þúfu beina stefnu í Fjósgrof við sjó fram. Fjara er öll óskipt milli Holts [Arnarholt] og Bakka milli Ártúnsár og Bakkalækjar.⁴⁴⁶

Jón Pétursson skrifaði undir þessa lýsingu vegna Holts og Eyjólfur Runólfsson var samþykktur henni hvað varðaði Saurbæjarland og Ártún.

Landamerkjabréf Saurbæjar var undirritað í maí 1890 og þinglesið 3. júní 1890. Í því er að finna eftirfarandi upplýsingar um Blikdal:

1. Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarneskot, svo þaðan beina stefnu í torfvörðu á aurunum og þaðan áframhaldandi sömu stefnu í vörðu á Stóra Sandhóli, og beint í Háfjallsbrún á Melahnjúk og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.
2. Þaðan sem Ártúnsá ræður í sjó niður.

Ath.gr. Innan þessara marka er land kirkjujarðanna.

...

2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Artúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en að norðan(verðu) eru mörkin frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein lína í norðanvert ásholtið fyrir vestan kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

⁴⁴³Skjöl nr. 2(36) og 2(92) a–b. Forboðið er uppskrifað í afréttarkaflanum síðast í greinargerðinni.

⁴⁴⁴Skjal nr. 2(94) a–b.

⁴⁴⁵Skjal nr. 2(49). Tilkynningin er uppskrifuð í afréttarkaflanum síðast í greinargerðinni.

⁴⁴⁶Skjal nr. 2(35).

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit en slægjur þannig: að Hjarðarnesin (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.

...

Bjarg á að slægjum og beit 1/12, einn tólfta, úr Bleikdal, en fjara fyrir Saurbæjar og Bjargslandi er óskipt. ...

Undir þetta landamerkjabréf skrifar eigandi Bjargs, Þórður Elísson, Norðurkoti [í Melahverfi], og Ólafur Halldórsson, Tindsstöðum.⁴⁴⁷

Þann 7. maí árið 1900⁴⁴⁸ seldi eigandi Saurbæjar kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna, þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðum sem hann átti.⁴⁴⁹ Í samningnum kemur fram að réttindin gildi á eftirfarandi jörðum:

- a) Saurbæ á Kjalarnesi með
- b) Bjargi Ártúni og Hjarðarnesi í Kjósarsýslu út að sýslu takmörkum eða landamerkjum nefndra jarða á alla vegu, þar með talið allt land það, sem nefndar jarðir eiga í Esjunni og Bleikdal. Að sunnanverðu ræður Ártúnsá landamerkjum, en að norðan jarðfastur steinn með þúfu við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarnes og þaðan beint í fjallsbrún.

Samningurinn var þinglesinn þann 21. júní 1905.⁴⁵⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru með Brautarholti taldar allar hjáleigur, Andríðsey og kirkjujarðirnar Brekka, Arnarholt, Mýrarholt, Prestshús og 2.2 hundruð í Bakkaholti. Landið er talið allmikið, lágglent og því fylgir hálfur Blikdalur en þar upp frá er afrétt.⁴⁵¹

Landamerkjabréf fyrir Bakka og hluta úr Bakkaholti var undirritað 30. maí 1921. Því var þinglýst 2. júní 1921. Þar er einnig að finna upplýsingar um Blikdal:

Að norðan ræður Ártúnsá frá sjó að Fuglsstapa norðanvert við Bleikdalsmynni, þaðan um Bleikdalsmynni, svo þaðan eftir fjallsbrúninni í miðjan Sneiðingar- eða Urðargeiraklett, sem er í fjallsbrún, þaðan beina línu í Pollalæk ...

Eyjólfur Runólfsson, Saurbæ, samþykkti þessa lýsingu hvað Saurbæjar- og Ártúnsland snerti og Jóhann Eyjólfsson samþykkti hana vegna Brautarholts og fylgjandi jarða.⁴⁵²

⁴⁴⁷Skjal nr. 2(23).

⁴⁴⁸Samningurinn er færður inn í afsals- og veðmálalabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra O; 1904–1905 þannig að hér gæti verið um vitlausu dagsetningu að ræða.

⁴⁴⁹Í viðauka við samninginn, sem saminn var 5. júní 1900 (eða 1905, erfitt að lesa úr), lýsir kaupandinn því yfir að hann afsali sér réttinum yfir þeim stein-, sand- og leirtegundum sem ekki hafi nýtanlega málma eða þess háttar efni.

⁴⁵⁰Skjal nr. 2(51).

⁴⁵¹Skjal nr. 2(4).

⁴⁵²Skjal nr. 2(34).

Landamerkjabréf fyrir Brautarholt ásamt jörðunum Bakkaholti, Brekku, Arnarholti, Mýrarholti og Presthúsum var undirritað 31. maí 1921. Því var þinglýst 22. júní 1922. Í lok landamerkjabréfsins er að finna upplýsingar um Blikdal:

Ennfremur fylgir Brautarholti Bleikdalur allur sunnan Bleikdalsár, suður og austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, ennfremur Andriðsey á Hvalfyrði.⁴⁵³

Lýsing þessi var samþykkt af umráðamanni Lykkju, Eggerti Briem fyrir Esjuberg og Þorvarði Guðmundssyni fyrir Bakka. Einnig skrifuðu undir: Eyjólfur Runólfsson vegna Saurbæjar, Benedikt Magnússon vegna Vallár, Oddrún Bergþórsdóttir vegna Skrauthóla, Guðbjartur Jónsson vegna Króks, Elín Halldórsdóttir vegna Sjávarhóla og Hjálmar Þorsteinsson vegna Hofs.

Árið 1922 var samið nýtt landamerkjabréf fyrir Saurbæ. Það var undirritað 8. maí það ár og þann 22. júní var það þinglesið. Þar er líka að finna upplýsingar um Blikdal:

Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjó, fyrir sunnan svokallaðan Markalæk, fyrir norðan Hjarðarneskot og svo þaðan beina stefnu í tvo steina báða merкта með M.K. og stendur annar þeirra í stórasandhól fyrir norðan veginn en hinn sem er stærri stendur að sunnan verðu við veginn.

...

Frá merkjasteinum þeim er við veginn standa er bein stefna í Strítu á fjallsbrún og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður.

Innan þessara marka eru lönd Kirkjujarðanna.

...

2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Bleikdalsá frá sjó að Bleikdalsmynni, en að norðanverðu eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina beina línu í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri, og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskifta beit en slæjur þannig að Hjarðarnes og Hjarðarneskot hafa slæjur fyrir ofan götu milli Heigils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk. ...

Umboðsmenn Mela, Norðurkots, Tindsstaða, Miðdals, Eilífisdals, Brautarholts og Bakka skrifuðu undir þetta landamerkjabréf auk Jóns Jónssonar í Útkoti.⁴⁵⁴

Rétt aðeins er minnst á Blikdal [Bleikdal] á nokkrum stöðum í fasteignamati ársins 1932. Í umfjölluninni um afréttarland Saurbæjar er sagt að hálfur Blikdalur sé afréttarland Saurbæjar en að nyrðri hluti sé kirkjujarðarinnar. Þar kemur einnig fram að: „6 + 8 [þ.e. Hjarðarnes og Ártún] nota líka“. Í kaflanum um Arnarholt kemur fram

⁴⁵³Skjal nr. 2(1).

⁴⁵⁴Skjal nr. 2(24).

að hálfur syðri hluti Blikdals sé upprekstrarland jarðarinnar og í umfjölluninni um jörðina Brautarholt er nefnt að afréttarland jarðarinnar sé hálfur syðri hluti Blikdals.⁴⁵⁵

Eigandi Brautarholts, Ólafur Bjarnason, seldi Kjalarneshreppi þann hluta Blikdals sem tilheyrði jörðinni, hálfan Blikdal, nánar tiltekið syðri hluta dalsins, þann 8. maí 1960.⁴⁵⁶

Við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, 3. apríl árið 1998, eignaðist borgin þann hluta Blikdals sem Kjalarneshreppur hafði keypt árið 1960.⁴⁵⁷

Þann 13. september árið 2000 keypti Reykjavíkurborg hluta Saurbæjar í óskiptri sameign í Blikdal norðan Blikdalsár. Nánar er sagt frá þessum samningi í kaflanum um Saurbæ hér aftar.⁴⁵⁸

Í kaflanum um afréttarnot á Kjalarnesi hér á eftir er talsvert minnst á Blikdal.

5.2.21. Ártún [Kirkjujörð í eigu Saurbæjar]

Ártúns er getið í máldaga Saurbæjarkirkju í Gíslamáldögum frá 1575.

Kirkian i Saurbæ ä Kjalarnese ä xxxc. i heimalande. enn thad eru ij kot. Artun og Hiardarnes.⁴⁵⁹

Í Jarðabók Árna og Páls stendur eftirfarandi um Ártún (kirkjujörð frá Saurbæ):

Selstöðu og beit hefur jörðin frí á Bleikdal um sumar og vetur í Saurbæjarlandi.⁴⁶⁰

Í lögfestu fyrir jörðinni Saurbæ frá 24. maí 1803 er minnst á Ártún. Þessi lögfesta er skráð í kaflanum um Saurbæ.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Ártún sagt eign Saurbæjarkirkju og 10 hundruð að dýrleika.⁴⁶¹

Landamerkjabréf Saurbæjar var undirritað í maí 1890 og þinglesið 3. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar (með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti, Ártúni og Bjargi) eftirfarandi. [Annað en það, sem á við Ártún, er tekið út]:

1. Gagnvart Melalandi ...
2. Þaðan sem Ártúnsá ræður í sjó niður.

Ath.gr. Innan þessara marka er land kirkjujarðanna.

...

2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Artúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en að norðan(verðu) eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein

⁴⁵⁵Skjal nr. 2(45).

⁴⁵⁶Skjal nr. 1(6).

⁴⁵⁷Skjal nr. 1(7).

⁴⁵⁸Skjal nr. 12(6).

⁴⁵⁹*Íslenskt fornbréfasafn*, XV. b. S. 634.

⁴⁶⁰*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 374.

⁴⁶¹Skjal nr. 4(22).

lína í norðanvert ásholtið fyrir vestan kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit en slægjur þannig: að Hjarðarnesinn (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.

Undir þetta landamerkjabréf skrifar eigandi Saurbæjar. Það var samþykkt af eiganda Bjargs, Þórði Elfssyni, Norðurkoti (í Melahverfi) og Ólafi Halldórssyni Tindsstöðum.⁴⁶² Nánar er fjallað um landamerkjabréfið í kaflanum um Saurbæ.

Þann 7. maí árið 1900⁴⁶³ seldi eigandi Saurbæjar kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna, þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðum sem hann átti.⁴⁶⁴ Í samningnum kemur fram að réttindin gildi á eftirfarandi jörðum:

- a) Saurbæ á Kjalarnesi með
- b) Bjargi Ártúni og Hjarðarnesi í Kjósarsýslu út að sýslu takmörkum eða landamerkjum nefndra jarða á alla vegu, þar með talið allt land það, sem nefndar jarðir eiga í Esjunni og Bleikdal. Að sunnanverðu ræður Ártúnsá landamerkjum, en að norðan jarðfastur steinn með þúfu við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarnes og þaðan beint í fjallsbrún.

Samningnum var þinglýst þann 21. júní 1905.⁴⁶⁵

Í fasteignamati 1916–1918 er vísað á landamerkjalytingu Saurbæjar hvað varðar landamerki Ártúns. Um land jarðarinnar segir að engi sé innan um bithaga líkt og í Saurbæ enda sé landið sameiginlegt með Saurbæ. Að endingu er þess getið að jörðin eigi sumarreit í Bleikdal.⁴⁶⁶

Árið 1922 var samið landamerkjabréf fyrir Saurbæ með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti og Ártúni. Það var undirritað 8. maí og þann 22. júní var það þinglesið. Eftirfarandi varðar Ártún:

Fyrir Ártúni ræður að sunnan Bleikdalsá frá sjó að Bleikdalsmynni, en að norðanverðu eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina beina línu í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri, og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit en slægjur þannig að Hjarðarnes og Hjarðarneskot hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heigils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.⁴⁶⁷

Fjallað er ítarlegar um þetta landamerkjabréf í kaflanum um Saurbæ.

⁴⁶²Skjal nr. 2(23).

⁴⁶³Samningurinn er færður inn í afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu nr. O; 1904–1905 þannig að hér gæti verið um ranga dagsetningu að ræða.

⁴⁶⁴Skjal nr. 2(51).

⁴⁶⁵Skjal nr. 2(51).

⁴⁶⁶Skjal nr. 2(4) a–b.

⁴⁶⁷Skjal nr. 2(24).

Þann 15. desember 1994 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur er varðar Blikdal á Kjalarnesi. Eigendur jarðanna Saurbæjar og Dalsmynnis höfðu stefnt eigendum jarðanna Hjarðarness og Ártúns vegna ágangs hrossa þeirra í Blikdal. Í dóminum kemur fram að Blikdalsá (Ártúnsá) skipti Blikdal (Bleikdal) í tvennt og að eigendur Saurbæjar og Dalsmynnis telji Blikdal norðan Blikdalsár til óskiptrar sameignar sinnar. Sá hluti Blikdalsins sem liggur sunnan við ána tilheyrir hins vegar Kjalarneshreppi og sé nýttur sem upprekstrarland af íbúum hreppsins. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að eigendur Hjarðarness og Ártúns ættu engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda. Ítaksréttindi þau, er um var getið í landamerkjabréfi, hefðu fallið niður vegna vanlýsingar og rökum um traustfang eða hefð var hafnað. Hin dómkrafa stefnenda um að viðurkennt yrði með dómi að stefndu væri með öllu óheimilt að beita búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár var hins vegar vísað frá. Ástæða þess virðist hafa verið sú að norðurhluti Blikdals var ekki afgirtur og því ekkert sem kom í veg fyrir að búpeningur gengi á milli. Óumdeilt var að Blikdalur hafi verið háður fjallskilareglugerð og því var vísað til 12. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.s.frv. Þar segir að, ef beitolönd einstakra jarða séu notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með svipuðum hætti og afréttir, skuli reglum laganna um afretti beitt um þau, eftir því sem við á.

Málinu var áfrýjað til æðra dómstigs og þann 29. febrúar 1996 kvað Hæstiréttur upp úrskurð um að hinn áfrýjaði dómur skyldi standa óraskaður.⁴⁶⁸

5.2.22. Saurbær

Í máldaga Saurbæjarkirkju frá því um 1220 segir:

þar liggja til circiu .x. hundruð þriggja alna j Saurbæiar landi. slicra sem ganga j cialar nes þingi. ... Bru scal hallda a blic dals a. þar milli fialls oc fioru. ær sa vill sem j saurbæ byr.⁴⁶⁹

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 segir að Saurbæjarkirkja eigi:

xxx c i heimajordu. epter þui sem soru sira Gudmundur Gilsson oc sira Þorkell Haflidason oc dæmtt haufdv. vj. prestar epter bodi herra Gyrdz og þorkiell sem þa atti jordina var þar þa fyrer kalladur. Bru skal hallda a Blikdalsa þar millum fialls oc fioru er sa vill er j Saurbæ byr ...⁴⁷⁰

Varðveittur er máldagi Saurbæjarkirkju frá 1477 þar sem fram kemur að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og jörðina Hjarðarnes. Þar er ekki getið brúarhalds á Blikdalsá.⁴⁷¹

Í Gíslamáldögum frá 1575 segir:

⁴⁶⁸Hrd. 1996, bls. 696. Mál nr. 92/1995.

⁴⁶⁹Skjal nr. 4(11); Máldagi Saurbæjarkirkju frá 1315 er samhljóða hvað þetta varðar, sbr. skjal nr. 4(12).

⁴⁷⁰*Íslenzkt fornbréfasafn*, IV. b. S. 115.

⁴⁷¹*Íslenzkt fornbréfasafn*, VI. b. S. 122–123.

Kirkian i Saurbæ ä Kialarnese ä xxxc. i heimalande. enn thad eru ij kot. Artun og Hiardarnes.

Þar er heldur ekki getið brúarhalds á Blikdalsá.⁴⁷²

Í tíð Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups, nánar tiltekið árið 1642, var kirkjan að Saurbæ vísiteruð. Hluti skýrslunnar, sem unnin var eftir vísitasíuna, fer hér á eftir. Hún er að mestu byggð á Vilchins- og Gíslamáldögum:

Peturskyrckia ad Saurbæ a Kialarnesi visiterud epter Ordinantiunni, ä epter visitatiubók herra Gýsla Jónssonar xxx hndr. i heimalandi, enn það eru ij kot, Aartun og Hiardarnes x aura landskyllid af huoru, Giórer Vilchins mäldagi þar ä suo fellda skyrslu. Kyrckian ä xxx hndr. i heima jórdu, epter þvÿ sem söru sera Gudmundur Gilsson og sera Þorkiell haflidason, og dæmt hofdu vj prestar epter bodi herra Gyrdz, Og Þorkiell sem þä atti jordina var þar þä fyrerkalladur. Framar seigir Vilchins mäldagi. Brü skal hallda ä Blikdalsä, þar millum fialls og fióru, er sä vill er i Saurbæ Byr, þä er medalmadur meigi bera halfa vætt, hafa fätækan ömaga þar sem brüin er ä giór. ...

För þetta framm ad Saurbæ ä Kialarnesi Anno 1642 die ut supra.

Undir þetta rita Ísleifur Eyjólfsson, Jón Oddsson, Hallur Árnason, Hákon Bjarnason og Stefán Ólafsson.⁴⁷³

Þrjátíu og sex árum síðar vísiteraði Þórður Þorláksson, biskup í Skálholti, Saurbæjarkirkju. Í vísitasíunni, sem fór fram 23. ágúst 1678, kemur eftirfarandi fram:

hun a i föstu xxx hndr. i heima landj sem eru Ärtun og Hiardarnes lx aln landskulld af hvoriu /Um bruargiord a Blikdalz ä edur þann kuenngilldann ömaga og älögur er Vilkens bok og visitatiu bok M Brinjolfz um gieta stendur til grejna.

Undir þetta rita sr. Hannes Björnsson, Bjarni Jónsson, Árni Álfsson, Hinrik Magnússon og Guðmundur Ljótsson.⁴⁷⁴

Saurbær var vísiteraður af Jóni Vídalín 31. júlí 1703 og Jóni Árnasyni 13. maí 1724. Aðalatriði þessara vísitasía eru þau sömu og í vísitasíunni frá 1678 og hér verður því vísað til hennar.⁴⁷⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir eftirfarandi um Saurbæ:

Fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi, þar sem heitir Blikdalur.⁴⁷⁶

Sama máli virðist gegna um afbýlið Litla-Saurbæ.⁴⁷⁷

⁴⁷² *Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. b. S. 634.

⁴⁷³ Skjal nr. 2(73) a–b.

⁴⁷⁴ Skjal nr. 2(74) a–b.

⁴⁷⁵ Skjöl nr. 2(75) a–b og 2(76) a–b.

⁴⁷⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 375.

⁴⁷⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 376.

Rúmum 27 árum eftir að vísitasían árið 1724 átti sér stað, eða þann 25. júní árið 1751, var Saurbær vísiteraður af Ólafi Gíslasyni, biskupi í Skálholti. Í vísitasíubókinni segir m.a.:

Visiterud kyrkian að Saurbaj ä Kialarnese. Ä i föstu xxx hndr. í heimalande, sem eru Artun og Hiardarnes, enn um bru ä Blikdalsaa og kvenngilldenn ömaga, sem Vilchins Mäldage umm gietur, er eckert að finna i Hr: Gisla Mäldaga og nuverande Proprietarius Gófuður Landþingskrifarenn Sr: Sigurdur Sigurdsson, seiger að umm næstu hundrad ar hafe hvörke þesse bru ä Blikdalsä, nie Omagenn i hennar stad, vered ískillda Jardarennar.

Undir þetta rita Ólafur Gíslason, S. Sigurðsson, Gestur Árnason, S. Sigurðsson og Sigurður Ólafsson.⁴⁷⁸

Þann 14. júní 1758 var kirkjan í Saurbæ vísiteruð af Finni Jónssyni Skálholtsbiskupi. Í vísitasíunni er staðfest eftirfarandi úr fyrri máldögum:

Hun á i Fostu xxx hndr. i heimalande, sem eru Artun og Hiardarnes, Enn um Brú á Blikdalsá og kvenngylldann omaga, sem Vilchins maldage umm gietur er eckert að finna i Hr. Gisla maldaga.

Undir þetta rita Finnur Jónsson, Böðvar Högnason, Ólafur Jónsson og Einar Einarsson.⁴⁷⁹

Árið 1799, nánar tiltekið þann 30. september, en þá var Geir Vídalín Skálholtsbiskup, var Saurbær vísiteraður. Kaflinn í vísitasíubókinni er keimlíkur þeim sem saminn var eftir vísitasíuna árið 1751:

Hún á 30 hndr. i heimalandi, sem eru Artún og Hiardarnes, enn hvad Bps. [Biskups] Vilchins Mäldagi getur um Bru á Bleikdalsá, og meira henni vidvíkiandi, er ecki að finna i Gísla Bps. Mäldaga, og þykjast ei helldur elstu menn, þarum tilspurdir, til vita, edur heirt hafa.

Undir skrifa: G. Þorláksson, O. Þorvarðsson, Geir Vídalín, Halldór Eyjólfsson, Guðmundur Guðmundsson, viðstaddur var Þ. Þórhallason.⁴⁸⁰

Í lögfestu fyrir jörðinni Saurbæ og kirkjujörðum hennar, Ártúni og Hjarðarnesi, frá 24. maí 1803, kemur fram hver landamerki þessara jarða eru:

ad Blickdals á, sem í Sió rennur millum Artuns og Backalands með bugalaus Rensle um síafar fiöruna ráði merkium alt framm undir Blickdals fialls land og so frammeftir ollum Blickdal til móts við Brautarholts kirkju land í þeim fyrsta farveg og so framm í Blafossa sokallada sunnan til við Gunnlaugs Skard, enn að innan verdu rædur merkjum Markalækur sem í Sió rennur fyrir innan Hiardarnes kot ogso upp eftir hönum til þess hann begir sudur á, þadan Siónhending yfirum ydsta Melhólinn og uppá Fiall í þa Klettanibbu sem utarliga er á Melafialli f(yrer) nordan og austan Qvenagaungugil úr þ(ei)rri

⁴⁷⁸Skjal nr. 2(77) a–b.

⁴⁷⁹Skjal nr. 2(78) a–b.

⁴⁸⁰Skjal nr. 2(79) a–b.

Klettsnibbu og í Díadalshnúk solangt norðr á fiallid og austur til þess vötnum hallar so úr Díadalshnúkum sudur eftir fiallgards hæðunum til þess votnum hallar til nordurs austurs og sudurs, alt ad Blafossum adurnefndum; lögfesti jeg tiedra Jarda Saurbæar Artúns og Hiardarness hús Töduvöll Eingjar og úthaga til fialls láglandi og Fiöru, vatn og reka, til ytstu Ummerkja móts vid adra Eigendur og fyrreradendur.

Þetta landsvæði mátti enginn nýta nema hafa til þess tilskilin leyfi.

Eigandi Saurbæjar, Þórður Ólafsson, skrifaði undir lögfestuna sem var þinglesin þann 5. júní 1806.⁴⁸¹

Lögfestan frá 24. maí 1803 var lögð fram í héraðsrétti sem haldinn var á Esjubergi þann 20. febrúar 1828.⁴⁸²

Nokkrum vikum síðar, eða 29. mars, var héraðsrétturinn settur aftur. Í greinargerðinni, sem samin var vegna hans, kemur eftirfarandi fram:

Þó hann nú hafi í höndum lögleg eignarskiöl og lögfestu fyrir allri Jördunni Saurbæ, sem öll eru Þinglýst áðurenn Skiptinn frammföru Þann 16 Julii 1808, géta þau ej helgad honum nu Þad af Jordunni sem hann hefir vid téð skipti afstadid til Samarfa sinna, med því ad skrifa edur láta skrifa undir skiptagiordirnar og med því ad láta þær óátaldar innann þess tíma, er skiptum má appellera til Yfirréttarins.⁴⁸³

Framar [undir Blikdal] hafa verið raktar ýmsar aðvaranir og tilkynningar sem bændur í Saurbæ gáfu út á þingum varðandi notkun á Blikdal, svo sem 17. maí 1842 og 26. maí 1850. Verða þær ekki raktar hér heldur vísast til kaflans um Blikdal.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 kemur fram að Saurbær hafi hjáleiguna Stekkjarkot. Einnig er minnst á að Stekkjarkots sé fyrst getið árið 1802.⁴⁸⁴

Landamerkjabréf Saurbæjar var undirritað í maí 1890 og þinglesið 3. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar (með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti, Ártúni og Bjargi) eftirfarandi:

1. Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarneskot, svo þaðan beina stefnu í torfvörðu á aurnum og þaðan áframhaldandi sömu stefnu í vörðu á stóra Sandhól; og beint í Háfjallsbrún á Melahnúk og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.
2. Þaðan sem Ártúnsá ræður í sjó niður.

Ath.gr. Innan þessara marka er land kirkjujarðanna.

1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarnesskots. útað jarðfallinu við Selvík beina stefnu í vörðu á Skarðshólnum.
2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Artúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en

⁴⁸¹Skjal nr. 2(53) a–b.

⁴⁸²Skjal nr. 2(90) a–b.

⁴⁸³Skjal nr. 2(91) a–b.

⁴⁸⁴Skjal nr. 4(22).

að norðan(verðu) eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein lína í norðanvert ásholtið fyrir vestan kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás uppað dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit en slægjur þannig: að Hjarðarnesinn (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.

1. Mörk fyrir Bjargi er skurðurinn á milli túnanna bein stefna í vörðu fyrir norðan svokallaðan Stekkjarás, og þaðan beina stefnu í vörður á melnum fyrir norðan borgarmýri

Bjarg á að slægjum og beit 1/12, einn tólftha, úr Bleikdal, en fjara fyrir Saurbæjar- og Bjargslendi er óskipt. Svokallað Saurbæjarsker fyrir framan Bakka á Saurbær og Bjarg til allra afnota. Í mæli er að Saurbær eigi beitutekju á Melafjöru.

Undir þetta landamerkjabréf skrifar eigandi Saurbæjar. Það var samþykkt af eiganda Bjargs, Þórði Elíssyni í Norðurkoti og Ólafi Halldórssyni Tindsstöðum.⁴⁸⁵

Þann 7. maí árið 1900⁴⁸⁶ seldi eigandi Saurbæjar kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna, þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðum sem hann átti.⁴⁸⁷ Nánar er fjallað um samninginn í kaflanum um Blikdal hér að framan.

Stekkjakot er talið með Saurbæ í fasteignamatinu 1916–1918. Þegar landi jarðarinnar er lýst segir m.a. að það sé fjallendi og jafnframt hálfur Bleikdalur sem teygi sig langt inn í Esju. Landrými á láglandi og til fjalls er talið meðal kostna jarðarinnar.⁴⁸⁸

Árið 1922 var samið nýtt landamerkjabréf fyrir Saurbæ með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti og Ártúni. Það var undirritað 8. maí og þann 22. júní var það þinglesið:

Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjó, fyrir sunnan svokallaðan Markalæk, fyrir norðan Hjarðarneskot og svo þaðan beina stefnu í tvo steina báða merkta með M.K. og stendur annar þeirra í stórasandhól fyrir norðan veginn en hinn sem er stærri stendur að sunnan verðu við veginn.

Á milli nefndra steina og framannefnds steins við sjóinn, skulu eftir beinni línu vera settar tvær vörður, önnur á brúnina á Stóra sandhól, en hin hjerumbil miðleiðis milli vörðu þessarar og markasteinsins við sjóinn.

Frá merkjasteinum þeim er við veginn standa er bein stefna í Strítu á fjallsbrún og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður.

Innan þessara marka eru lönd Kirkjujarðanna.

⁴⁸⁵Skjal nr. 2(23).

⁴⁸⁶Samningurinn er færður inn í afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra O; 1904–1905 þannig að hér gæti verið um ranga dagsetningu að ræða.

⁴⁸⁷Skjal nr. 2(51).

⁴⁸⁸Skjal nr. 2(4) a–b.

1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarneskots út að jarðfallinu við Selvík, beina stefnu í vörðu á Skarðshólum.
2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Bleikdalsá frá sjó að Bleikdalsmynni, en að norðanverðu eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina beina línu í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri, og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskifta beit en slæjur þannig að Hjarðarnes og Hjarðarneskot hafa slæjur fyrir ofan götu milli Heigils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgislæk að Heygislæk.⁴⁸⁹

Eigandi ofannefndra jarða skrifaði undir þetta landamerkjabréf. Umboðsmenn Mela, Norðurkots, Tindsstaða, Miðdals, Eilífsdals, Brautarholts og Bakka samþykktu það auk Jóns Jónssonar í Útkoti.

Þann 15. desember 1994 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur er varðar Blikdal á Kjalarnesi. Eigendur jarðanna Saurbæjar og Dalsmynnis höfðu stefnt eigendum jarðanna Hjarðarness og Ártúns vegna ágangs hrossa þeirra í Blikdal. Það mál hefur verið rakið í Blikdalskaflanum og því ekki endurtekið hér. Bent skal þó á að í dómi Hæstaréttar er vísað til landskiptagerðar í Saurbæ frá 13. september 1930 á milli þáverandi ábúenda Saurbæjar. Þar kemur fram að báðir jarðarhlutarnir eigi jafnan rétt á öllu útlandi jarðarinnar:

með þeim hluta Bleikdals, er henni fylgir eftir ítökin.⁴⁹⁰

Í þeim dómi kemur fram að annar jarðarhlutinn varð seinna að Dalsmynni.

Þann 13. september árið 2000 keypti Reykjavíkurborg hluta af landi Saurbæjar. Um var að ræða allt land jarðarinnar fyrir ofan gamla hringveginn, þ.m.t. hluta Saurbæjar í óskiptri sameign í Blikdal, norðan Blikdalsár á mótí jörðinni Dalsmynni, svo og allt er eignarhluta þessum fylgdi og fylgja bar að engu undanskildu nema u.þ.b. 3–5 fm spildu við gamla þjóðveginn umhverfis vatnsból sem Saurbær og Skógarás notuðu.⁴⁹¹

5.2.23. Hjarðarnes [Kirkjujörð í eigu Saurbæjar]

Hjarðarnes er getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá 1477 sem eign kirkjunnar.⁴⁹² Í Gíslamáldögum frá 1575 má sjá að Hjarðarnes er enn í eigu Saurbæjarkirkju.⁴⁹³

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um jörðina Hjarðarnes:

⁴⁸⁹Skjal nr. 2(24).

⁴⁹⁰Hrd. 1996, bls. 696. Mál nr. 92/1995.

⁴⁹¹Skjal nr. 12(6).

⁴⁹²Skjal nr. 4(6).

⁴⁹³Íslenskt fornbréfasafn, XV. b. S. 634.

Fjárupprekstur hefur jörðin frí á Blikdal í Saurbæjarlandi. Item selstöðu frí ibidem.⁴⁹⁴

Í lögfestu fyrir jörðinni Saurbæ frá 24. maí 1803 er minnst á Hjarðarnes. Innihald hennar er skráð í kaflanum um Saurbæ.

Í jarðamatinu 1804 eru nefnd bæði Hjarðarneskot og Hjarðarnes.⁴⁹⁵

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 tilheyrði Hjarðarnes Saurbæjarkirkju. Hjarðarneskots er getið sem hjáleigu. Neðanmáls segir að sýslumaður skipti dýrleikanum niður á milli jarðanna og telji hvora um sig vera 7 hundruð að dýrleika þó svo að fram komi í Jarðabók Árna og Páls að kotið sé einungis þriðjungur af Hjarðarnesi.⁴⁹⁶

Landamerkjabréf Saurbæjar var undirritað í maí 1890 og þinglesið 3. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar (með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti, Ártúni og Bjargi) eftirfarandi:

1. Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarneskot, svo þaðan beina stefnu í torfvörðu á aurnum og þaðan áframhaldandi sömu stefnu í vörðu á stóra Sandhól; og beint í Háfjallsbrún á Melahnúk og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.
2. Þaðan sem Ártúnsá ræður í sjó niður.

Ath.gr. Innan þessara marka er land kirkjujarðanna.

1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarnessk. útað jarðfallinu við Selvík beina stefnu í vörðu á Skarðshólum.
2. Fyrir Ártúni ræður ...

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit en slægjur þannig: að Hjarðarnesinn (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk...⁴⁹⁷

Nánar er fjallað um þetta landamerkjabréf í kaflanum um Saurbæ hér að framan.

Þann 7. maí árið 1900⁴⁹⁸ seldi eigandi Saurbæjar kaupmanni í Reykjavík réttinn til vinnslu jarðefna, þ.e. stein-, sand-, leir- og málmnam, á jörðum sem hann átti.⁴⁹⁹ Í samningnum kemur fram að réttindin gildi á eftirfarandi jörðum;

- a) Saurbæ á Kjalarnesi með
- b) Bjargi Ártúni og Hjarðarnesi í Kjósarsýslu út að yztu takmörkum eða

⁴⁹⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 378.

⁴⁹⁵Skjal nr. 2(43).

⁴⁹⁶Skjal nr. 4(22).

⁴⁹⁷Skjal nr. 2(23).

⁴⁹⁸Samningurinn er færður inn í afsals- og veðmálalæk Gullbringu- og Kjósarsýslu Litra O; 1904-1905 þannig að hér gæti verið um ranga dagsetningu að ræða.

⁴⁹⁹Í viðauka við samninginn, sem saminn var 5. júní 1900 (eða 1905, erfitt að lesa úr), lýsir kaupandinn því yfir að hann afsali sér réttinum yfir þeim stein-, sand- og leirtegundum sem ekki hafi nýtanlega málma eða þess háttar efni.

landamerkjum nefndra jarða á alla vegu, þar með talið allt land það, sem nefndar jarðir eiga í Esjunni og Bleikdal. Að sunnanverðu ræður Ártúnsá landamerkjum, en að norðan jarðfastur steinn með þúfu við sjóinn fyrir sunnan svokallaðan markalæk fyrir norðan Hjarðarnes og þaðan beint í fjallsbrún.

Samningnurinn var þinglesinn þann 21. júní 1905.⁵⁰⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Hjarðarneskot talið með Hjarðarnesi. Um land jarðarinnar segir að það sé að mestu mýrarundirlendi en jafnframt skák í brattri fjallshlíðinni. Meðal kosta jarðarinnar er upprekstur í Bleikdal.⁵⁰¹

Árið 1922 var samið landamerkjabréf fyrir Saurbæ með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti og Ártúni. Það var undirritað 8. maí og þann 22. júní var það þinglesið:

Gagnvart Melalandi eru mörk frá jarðföstum steini með þúfu á við sjó, fyrir sunnan svokallaðan Markalæk, fyrir norðan Hjarðarneskot og svo þaðan beina stefnu í tvo steina báða merкта með M.K. og stendur annar þeirra á stórasandhól fyrir norðan veginn en hinn sem er stærri stendur að sunnan verðu við veginn.

Á milli nefndra steina og frammannefnds steins við sjóinn, skulu eftir beinni línu vera settar tvær vörður, önnur á brúnina á Stórasandhól, en hin hjerumbil miðleiðis milli vörðu þessarar og markasteinsins við sjóinn.

Frá merkjasteinum þeim er við veginn standa er bein stefna í Strítu á fjallsbrún og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður.

Innan þessara marka eru lönd Kirkjujarðanna.

1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarneskots út að jarðfallinu við Selvík, beina stefnu í vörðu á Skarðshólnum.
2. Fyrir Ártúni ræður ...

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskifta beit en slæjur þannig að Hjarðarnes og Hjarðarneskot hafa slæjur fyrir ofan götu milli Heigils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgilslæk að Heygilslæk.⁵⁰²

Ítarlegar er fjallað um þetta landamerkjabréf í kaflanum um Saurbæ hér að framan.

Þann 15. desember 1994 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur er varðar Blikdal á Kjalarnesi. Eigendur jarðanna Saurbæjar og Dalsmynnis höfðu stefnt eigendum jarðanna Hjarðarness og Ártúns vegna ágangs hrossa þeirra í Blikdal. Fjallað hefur verið um þennan dóm í kaflanum um Blikdal og verður það ekki endurtekið.

⁵⁰⁰Skjal nr. 2(51).

⁵⁰¹Skjal nr. 2(4) a–b.

⁵⁰²Skjal nr. 2(24).

5.2.24. Melahverfi

Í sáttargerð frá 7. maí 1529 fékk Erlendur bóndi Þorvarðsson séra Þórði Einarssyni jörðina Mela á Kjalarnesi. Þórður tók við jörðinni fyrir hönd barna Orms Einarssonar en um var að ræða ógreiddar eftirstöðvar vegna vígsbóta eftir hann.⁵⁰³

Minnst er á selstöðu Mela uppi í Esju í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

Selstöðu á jörðin þar sem heitir Mela Seljadalur, og eru þeir hagar að mestu aleyddir af skriðum.⁵⁰⁴

Guðmundur Runólfsson sýslumaður réttaði um þrætuland milli Tindsstaða og Mela á Kjalarnesi þann 30. og 31. maí 1763. Deilan virðist hafa staðið um það, hvort land milli Þverár og Kleifa/Kleifar [bæði nöfnin notuð] tilheyrði Melum eða Tindsstöðum. Málsaðilar voru Þorvarður Einarsson lögréttumaður [eigandi Mela] og Halldór Eyjólfsson á Tindsstöðum. Kölluð voru mörg vitni fyrir réttinn. Þau voru m.a. spurð eftirfarandi spurningar:

Hvar hafa landamerke mille Tindstada og Mela halldenn vered, alla þá tiid sem þier t[il] vited, yfer 20 aar?

Flestum vitnunum bar saman um að landamerki hefðu verið talin um Þverá. Eitt vissi ekkert um merki. Fimmta vitnið, Þorkell Sölmundarson, sagði:

Eg hefe heyrt, þau være vid Þveraa, nema Eiólfur sal: Helgason á Tinstöðum sagde mier ad Tinstader ættu land útá Kleifar, og það hefde hann lögfest; hann átte haalfa Tinstade, enn tvær systur hans haalfa.

Tíunda vitnið, Gunnlaugur Jörensón, bar:

svar til þess Ita Þveraa, og saa stóre steirn, sem hier er útá Kleifunumm, hladed i kringumm, naalægt veigenumm, það hefur fader minn sagt mier (sem er nú vid aattrædes alldur) effter Eiólfe Helgasyne og sama sagde Eyólfur mier. [Eyjólfur Helgason var ekki faðir annars málsaðila, Halldórs Eyjólfssonar á Tindsstöðum].

Tólfta vitnið, Helgi Eyjólfsson, svaraði:

Úti Kleif, hier fyrer utan stóra steinenn, sem hladed er i kring: Þad sagde mier fader minn Eyólfur, og það sagdest hann hafa lögfest ásamt öðru Tinstada lande sem skiede fyrer mitt minne, og er nær 50 aara ad alldre, sem eg veit þo til þessa dags óatalda. Heyrt hefe eg ad þesse landamerke sieu úr Kleifenne og í þúfu nockra, fyrer heimann Bolla, sem sie hier fyrer ofann, hverja þúfu eg hefe sied til forna, og er siidan hier um 20 ár.

Prettánda vitnið, Sighvatur Sveinbjörnsson, bar:

⁵⁰³ *Íslenskt fornbréfasafn*, IX. b. S. 488.

⁵⁰⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 381.

Bæde Þveraa og Kleif: Eiólfur Helgason sagde mier það være Kleif, e[n] ei Þveraa, Kleifenn være þar sem almenningz vegurenn liggur ofann af kleifunumm; þar vid lækenn, þaðann síónhending i þúfu nockra, fyre[r] nedann og heimann so kalladann Bolla, hverja þúfu eg giet siint.

Fjórtánda vitnið, Arndís Nikulásdóttir, sagði:

hvörtveggja bæde Kleifa brúnena og Þveraa, þó ei það sijdara fyrr enn nærstlided aar, það sagde Eyólfur Helgason ad væru landamerke mille Mela og Tindstada, Síónhending úr Kleifenne sem vegurenn liggur ofann af klei[f]unum, i þúfu þaa sem er fyrer nedann Bolla, hverja þúfu hun [eyða] nar sig þeckja.

Fimmtánda vitnið, Guðmundur Þorsteinsson frá Brautarholti, svaraði:

Þveraa, þo ei fyrr enn nærstlided aar ad þesse þræta byrjadest.

Varðandi markapúfuna, sem sum vitnanna vísuðu til, kom eftirfarandi fram:

Fraa riettenum voru sender 3 menn med Helga Eyólfssyne, ad effter siaa af hönum nefndre marka þúfu, ad med fylgjendumm sóknara og verjanda maalsens; þesser afftur komner, seigjast meina það fuglastapa, sem eingenn sijneleg manna verk sie á; ...

Vitnin voru einnig spurð um hversu Melaland næði langt upp til fjalls⁵⁰⁵ og hvort það hefði verið óákært meðan þau vissu.⁵⁰⁶ Álfheiður Þórarinsdóttir svaraði spurningunni á þessa leið:

Til 8da Fraa Me[eyða] selja Gli<u>fre i Sandhnukenn, fyrer vestann Diadal, og so langt upp sem Ve[ige]numm hallar sudur af, til Blichdals, og so framm aa Melafiallz hnú[k] þetta seigest hun hafa so heyr. Til 9da Ó! Jaa.

Fjórða vitnið, Gísli Bárðarson, bar:

Til 8da Þar umm veit eg eckert til vissu, nema eg veit mig heyr hafa til þess nefndann Haaahnúk, fraa Þveraa. Til 9da Eckert veit eg til þess, þar til þesse þræta byrjadest.

Fimmta vitnið, Þorkell Sölmundarson, sagði

Til 8da heyr hefe eg, og það hellst af Eyólfe sal. Helgasyne, ad [eyða] næde, uppí litla hnúk, sem er fyrer vestann Dijadals hnúk, enn þaðann sudur á brún, þar til vötnum hallar sudur af. Til 9da Jaa: ecke veit eg annad.

Sjöunda vitnið, Gróa Brandsdóttir, bar:

Til 8da Eg hefe heyr, úr Þveraa, og i fjall upp, enn örnefne þar veit eg ecke. Til 9da Jaa.

⁵⁰⁵Það var áttunda spurningin.

⁵⁰⁶Það var níunda spurningin.

Ýmis vitni könnuðust við lögfestuna sem um var spurt,⁵⁰⁷ önnur ekki eða voru ekki spurð. Eitt vitni bar að skopast hefði verið að henni, en ekki kemur fram að lögfestunni hafi verið mótmælt á sínum tíma. Aðeins eitt vitni, Sighvatur Sveinbjörnsson, gat um merki sem lögfestan hefði náð til:

Til 6ta Jaa: So sagde Eyólfur Helgason, ad hann hefde lögfest Tinstada land, utan fra Kleif og inn til Holu.

Ekki var dæmt í málinu heldur sæst á notkun beggja aðila á þrætulandinu eða eins og hér segir:

Anno 1763. Þridjudagen þann 31 Maji aa þrætu plaatzenu mille Tindstada og Mela aftaladest einingsarsamlega, mille hlutadeigenda, nefnelega Monsr Einars Þorvardssonar, effter honumm giefenne fullmagt af siinum göða födur, lögriettumannenumm mr: Þorvarde Einarsyne, og hreppstióranns Loffts Jónssonar, aa eina siidu, sem medeigenda jardarennar Mela; Enn aa adra bóndans á Tindstöðum, Halldórs Eyólfssonar, sem þeirrar jardar med eiganda, effterskrifud saattsamleg forliikun soleides: Ad aatölulaus beit sie notkud frá Melum sumar og vetur, inn ad Þveraa, samt m[oo] uppfærsla, til Melasels á Skarda miire, edur hvar sem gyrnest á þessu þrætu lande þegar Mela ábuendur hennar med þurfa, eins og á eignarlande: Þar i móte brúke og beite Tindstada ábúendur tied þrætuland so vel til beitar sumar og vetur, eins og hiingad til vered hefur, sem til móuppfærslu effter þörfum til heimiles, elldevidar, allt eins og á eignar lande. Þesse herlegheit, skulu hverigrar jardar ábuendur hafa magt til undan ödrum ad hefda, helldur sem öryggeleg standa laata, vid fulla magt: Einasta er hier vid ad observera ad saa partur i Melum, edur Melakot vid síóenn, sem sýslumannenumm Sr: Brinjólfe Sigur[ds]syne tilheyre, er so viitt undann þessare forliikun skilenn, ef honumm þocknast, þar ed hier mæter eingenn af hanns haalfu hana ad inngångá, edur s[am]þickja. Þesser skilmálar og forliikun, óska vidverande hlutadeigendur ad i Protocolenn mættu innfærast og af sýslumannenumm, samt þiingvitnum til vitterlighed underskrifast, þar ed hún er fyrer sitjande riette inngeingenn og fullkomnud. Hverju til stadfestu eru underskrifud nöfn so vel hlutadeigenda, sem heila riettarens, Anno die et loco ut supra.

Einar Þorvardsson Lofftur Jonsson Halldor Eiolffsson

Thorfe Gislason, G Runolfsson, Gisle Björnsson

Jón Björnsson, J Runolfsson, Gudmundur Þordarson

Runolfur Jonsson, Þorleifur Bardarson, Brandur Þordarson.

Einnig kom fram í vitnisburðum að Melasel væri í Melaseljadal utan við Þverá. Vitnið Álfheiður Þórarinsdóttir nefndi ákveðinn mann sem þar hafði haft í seli en annars virðist selstaðan ekki hafa verið nýtt svo vitnin minntust. Einnig höfðu sum

⁵⁰⁷Spurningin hljóðaði svo: „Hafe þier heyr ad Eyolfur Helgason hafe lögfest þetta þrætu land?“

vitni heyrt um Tindsstaðasel á Tindsstaðadal en ekkert þeirra virðist hafa vitað um notkun á því.⁵⁰⁸

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 kemur fram að jörðin Melar hafi hjáleigurnar; Útkot, Niðurkot og Norðurkot. Jafnframt kemur fram að hjáleignanna er ekki getið fyrir en 1802.⁵⁰⁹

Landamerkjabréf fyrir Mela og Norðurkot var undirritað 28. maí 1890 og því var þinglýst 3. júní sama ár. Í því stendur m.a.:

1. Mörkin að sunnan milli Hjarðarness og Melatorfunnar, fyrst úr jarðföstum steini með þúfu á, (vörðu) við sjóinn á jarðnefinu lítið eitt fyrir sunnan svokallaðan markalæk og svo þaðan beina stefnu í torfvörðu á mýrunum og svo þaðan beina stefnu í vörðu á miðjum stóra Sandhól, og þaðan beina stefnu í há fjallsbrúnina beina stefnu sem vötnum hallar til norðurs í litlahnúk sem er fyrir vestan díadalshnúk og niður í Þverá þar sem hún fellur í melaseljadal og sem Þverá ræður niður í Kiðafellsá og svo sem Kiðafellsá ræður alt til sjávar, og svo sem fjara ræður allt suður að Hjarðarnesslandi sem áður er greint.
2. Landið frá Þverá allt fram á Kleifar eða Klettabrún er sameignarland Melamanna og Tindstaða samkvæmt sáttargjörð Anno 1763 þann 31. maí. Enginn er hjer viðstaddur sem eigandi eða umráðamaður Útkots og er honum því geymdur rjettur. Þessa landamerkjaskrá óskum við undirskrifaðir að þeir sem lönd eiga til móts við oss vildu undirskrifa.

Þetta landamerkjabréf var samþykkt af umboðsmanni Hjarðarness.

Á eftir undirskriftum þeirra eru veittar upplýsingar um slægjuland Mela, Niðurkots, Norðurkots og Útkots. Þar sem þessi svæði eru ekki nálægt kröfulínunni verður ekki nánar greint frá þeim hér.⁵¹⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru Norðurkot og Niðurkot talin með Melum. Í lýsingu á landi jarðarinnar kemur m.a. fram að hlíðin sé brött, skriðótt og klettótt. Meðal kosta jarðarinnar er t.d. talið upp að sumarhagar séu nægir og að hún eigi upprekstur í Blikdal. Meðal ókosta er m.a. nefnt beituítak Saurbæjar og að jörðin Útkot sé sameign. Í umfjöllun fasteignamatsins um tún eyðijarðarinnar Útkots er þess getið að hún eigi annað óskipt í Melalandi.⁵¹¹

Landamerkjabréf, sem lýsti mörkunum milli Mela og Norðurkots og Niðurkots, var undirritað 2. júní 1921. Því var þinglýst sama dag. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

Að ofan úr Gilbotni ræður lækurinn milli bæjanna til sjávar, að því undanskildu, að landstykkið svokallað Sölvaflatir, sem tilheyrir Melum eru

⁵⁰⁸Skjal nr. 2(98) a–b.

⁵⁰⁹Skjal nr. 4(22).

⁵¹⁰Skjal nr. 2(13).

⁵¹¹Skjal nr. 2(4) a–b.

fyrir norðan læk, en fylgja nú Norðurkoti, þess í stað fylgir Melum, það úr Niðurkotstúni er nefnist Skipaflöt og mannvirki þau er þar eru, hús og hlaða og ræður beinstefna úr torfvörðu við skurð fyrir ofan túnið í norðurhorn á kálgarði til sjávar; að ofan ræður nefndur skurður í lækinn. Hagbeit fyrir utan tún og slæjuland er óskipt land, sömuleiðis fjörubeit, allur reki, beitutekja selveiði og hver önnur hlunnindi til fjalls og fjöru og hefir hvor ábúandi, heimild að hagnýt<a> eftir samkomulagi hlutfallslega eftir jarðarstærð meðan ekki verður skipt, eða öðruvísi umsemst.

...⁵¹²

Landamerkjabréf, þar sem fram komu mörkin milli Melahverfis annars vegar og Hjarðarness og Saurbæjar hins vegar, var undirritað í júní 1922. Því var þinglýst 22. sama mánaðar. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

Beina línu skal taka frá steini með þúfu á fyrir norðan Hjarðarnes lítið eitt fyrir sunnan svo kallaðan Markalæk í tvo steina sem eru sinn hverju megin við aðalvegin á stóra sandhól, báðir merktir M.K. í beinni línu milli merkja þessara skal hlaða tvær vörður aðra á stórasandhól og hina miðja vegu á aurnum Vörður þessar skulu hlaðnar og haldið við af hlutaðeigandi jarðareigendum. Frá nefndum markasteinum við veginn er áframhaldandi stefna í strítu í fjallsbrún og svo beina stefnu frá strítu þessari eins og vötum hallar í Litlahnúk sem er fyrir vestan Dýadalshnúk og þaðan niður í Þverá, og svo eins og Þverá ræður til Kiðafellsár, þaðan ræður Kiðafellsá til sjóar.

Landið frá Þverá allt fram á Kleifar eða klettabrún er sameignarland Melahverfisins og Tindstaða, samkvæmt sáttargjörð frá 31. maí 1763.

Fulltrúar Mela, Norðurkots, Útkots, Kiðafells og Saurbæjar skrifuðu undir þetta landamerkjabréf. Fyrir neðan þessar undirskriftir stendur eftirfarandi texti:

Með skýrskotun til sáttgjörðar frá 31. maí 1763 samþykkur með það fyrir augum að spildan milli Þverár, kleifa og klettabrúnar upp að Saurbæjarmörkum, sje sameignarland.

p.t. Lykkju, 22. júní 1922

Ásmundur Ólafsson⁵¹³

Landamerkjabréf fyrir Útkot var undirritað í júní 1922. Þau landamerki sem þar koma fram snerta ekki kröfulínu og því er bréfið ekki skráð hér.⁵¹⁴

Landamerkjabréf fyrir Melahverfi var undirritað 15. nóvember 1928. Þar segir:

Við undirrituð eigendur Melahverfis í Kjalarneshreppi Gjörum þessi viðbótarlandamerki á óskiftu útlandi jarðanna Norðurkots - Mela - og Útkots, neðan Kleif, nema svokallaðar „Ósbrekkur“ eru nú sameign óskift milli Mela

⁵¹²Skjal nr. 2(15).

⁵¹³Skjal nr. 2(16).

⁵¹⁴Skjal nr. 2(28). Ásmundur Ólafsson var bóndi á Tindsstöðum.

og Norðurkots, en fyrir sinn hlutfallslega deil í þeim fær [fær, tvítekið] Útkot frjálstan aðgang með flutning að og frá sjó gegn um Melaland vestan „Gerðis“.

1. Norðurkotsmörk.

Það hefur alt áður verið óskift land fyrir innan merkjalínu. Úr torfvörðu við botninn á Melagili beina stefnu í snösina við Tvisnaskarð að sunnan. — Svo hefur það 175 m. breiða landspildu frá þjóðvegi úti við Hjarðanesmörk niður að sjó með sömu breidd að neðan. -

2. Melamörk.

Fjall<l>endi frá áðurnefndum Norðurk.mörkum að Útkotsmörkum, sem er bein stefna úr Melaholtsvörðu í eistra Hnefagil. — Annað fjallastikki niður að þjóðvegi eiga Melar Vestann-megin Útkotsmarka. — Vesturhlið þessa landsstikkis takmarkast við Hjarðarnesmörk fyrir neðan þjóðveg eiga Melar enn fremur landspildu milli áðurnefnds Norðurkotsstikkis og Útkotsmarka, frá þjóðvegi og niður að sjó. -

3. Útkotsmerki.

Að austan samkvæmt áðurnefndum Melamörkum, sem er áframhalds bein stefna af áður þinglesnum landamerkjum fyrir Útkoti um Melaholtsvörðu í eistra Hnefagil í fjall upp. — Vesturkantur, áframhalds sama stefna af áður þinglesnum landamerkjum í fjall upp. -

Enda þótt land Útkots nái hvergi að sjó, hefur það öll fjöru- og sjávarrjettindi hlutfalllega við hinar jarðirnar. -

Undir landamerkjabréfið skrifa eigendur Norðurkots, Mela og Útkots. Það er innfært í afsals- og veðmálabók 7. maí 1929.⁵¹⁵

5.2.25. Tindsstaðir

Í kaupbréfi, sem talið er vera frá því um 1509, seldi Árni Brandsson Kolbeini Ófeiggssyni í umboði Þorvarðs lögmanns Erlendssonar jörðina Tindsstaði í Saurbæjarþingum fyrir 20 hundruð en Þorvarður skyldi greiða 21 hundruð í lausafé.⁵¹⁶

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. eftirfarandi um jörðina Tindsstaði:

Selstaða er í heimalandi.⁵¹⁷

Guðmundur Runólfsson sýslumaður réttaði um þrætuskika milli Tindsstaða og Mela á Kjalarnesi þann 30. og 31. maí 1763. Deilan virðist hafa staðið um það, hvort land milli Þverár og Kleifa/Kleifar [bæði nöfnin notuð] tilheyrði Melum eða Tindsstöðum. Fjallað er um þessa deilu í kaflanum um Mela hér að framan.

Neðanmáls í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir að í jarðamatinu 1802 komi fram að með Tindsstöðum sé hafður eyðipartur úr Mýdal í Kjósarhreppi, svokallaður

⁵¹⁵Skjal nr. 2(14).

⁵¹⁶Skjal nr. 4(17).

⁵¹⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 382.

Mýdalspartur, sem sé konungseign. Mýdalspartur var svo seldur með konungsráskurði 5. júní 1833.⁵¹⁸

Í jarðamatinu 1804 kemur eftirfarandi fram um jörðina Tindsstaði:

Med denne Jord [þ.e. Tindsstöðum] benyttes tillige en öde Gaards Part inden Reinevalle Rep Middalspart kaldet.⁵¹⁹

Landamerkjabréf fyrir jörðina Tindsstaði var undirritað 27. maí 1890. Það var þinglesið 3. júní sama ár:

1. Að norðanverðu milli Tindstaða eru mörkin sem Miðdalsá ræður.
2. Að austanverðu milli Tindstaða og Miðdalskots eru mörkin Kerlingargil og gamall lækjarfarvegur sem vatn hefur runnið í til forna niður í Miðdalsá.
3. Að sunnanverðu milli Tindstaðadals og Bleikdals eru mörkin eptir fjal<l>sbrún og sem vötnun hallar.
4. Vestanverðu það sem Kleifar og Klettabrún ræður upp til hnefa Landið frá Klettabrún innað Þverá er sameignarland Tindstaða og Melamanna samkvæmt sáttargjörð anno 1763 — 31. maí.

Undir þetta landamerkjabréf skrifaði fulltrúi eigenda Mela og fulltrúar þjóðjarðarinnar Morastaða og eigandi Saurbæjarjarða.⁵²⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að land Tindsstaða sé há og brött fjallshlíð og að nægt sumarland sé handa öllum fénaði. Að landi Tindsstaða liggur Melbær í Kjós sem er sameign við Tindsstaði og hafði verið notaður þaðan um langan tíma. Þess vegna er Melbær talinn með er heyaflí Tindsstaða er metinn. Meðal kosta Tindsstaða er talið skógarítak sem er þó í fjarlægð.⁵²¹

Þann 20. júní 1927 var gengið frá landamerkjabréfi varðandi mörk jarðanna Ytri- og Innri-Tindsstaða. Bréfið var þinglesið 23. júní 1927. Mörkunum er þannig lýst:

Vestanverðu við há Dýjadalshnúk beina línu í Nóngilslæk þar sem hann rennur ofan af Tind[a, strikað yfir]staðadalsbrún og svo eftir Nóngilslæk niður fyrir tún, síðan eftir fornum lækjarfarveg ofan í Miðdalsá.⁵²²

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að býlið Melbær (Miðdalspartur) í Kjósarhreppi sé í eigu Daníels Magnússonar á Tindsstöðum.⁵²³

Egill Jónasson Stardal getur nokkurra selja í grein sinni Esja og nágrenni sem birtist í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1985. Þar stendur m.a.:

⁵¹⁸Skjal nr. 4(22).

⁵¹⁹Skjal nr. 2(43).

⁵²⁰Skjal nr. 2(26).

⁵²¹Skjal nr. 2(4) a–b.

⁵²²Skjal nr. 2(27).

⁵²³Skjal nr. 2(33) (Kjós).

Skammt fyrir vestan Tindstaðabæi sem eru ystu bæir í Kjalarnesshreppi kemur lítil á úr Esjunni sem heitir Þverá og upp með henni er Melaseljadalur.⁵²⁴

5.2.26. Afréttarnot á Kjalarnesi

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1704 virðast bændur í allstórum hluta Kjalarnesshrepps hafa rekið geldneyti og hross á Mosfellsheiði, er þar einkum talað um Hvannavelli, og virðist ekki hafa verið greitt fyrir. Slíkur geldneytarekstur er nefndur við Álfsnes og Varmadal.⁵²⁵ Norðurgröf, Vellir, Kollafjörður, Mógilsá, Esjuberg Vallá vestri og Hof (þar með talin afbýlin Jörvi, Krókur og Lykkja) höfðu geldneyta- og hrossarekstur á Mosfellsheiði. Um Vallá vestri segir:

Hesta og nautagánga um sumur hefur frá þessari jörðu so vel sem öðrum í þessari sveit brúkuð verið frí og átölulaust um lánga æfi á Mosfellsheiði, þar sem heita Hvannavellir.

Og í lýsingu Hofs stendur:

Geldnauta og hesta upprekstur hefur frá þessari jörðu um lánga tíma brúkaður verið til sumarbeitar upp á Mosfellsheiði þángað sem heita Hvannavellir, og það frí og átölulaust. Nú um stundir síðan menn urðu hjer so fátækir, að þeir áttu ekki slíkan pening, hafa þeir þetta ekki megnað að brúka.⁵²⁶

Móar og Saltvík höfðu geldneyta- og geldfjárupprekstur á Mosfellsheiði.⁵²⁷

Vallá eystri hafði hrossagöngu:

Hestagánga um sumur þykist eigandinn af eldri mönnum heyrt hafa frá þessari jörð hafi brúkuð verið frí og átölulaust á Mosfellsheiði, þar sem heitir Hvannavellir.⁵²⁸

Hins vegar var kvartað um beitarágang lamba og geldfjár á jörðunum innst með Esjunni: Um Velli segir Jarðabók Árna og Páls:

Bæði þessi jörð og Gröf [Norðurgröf] áður skrifuð líða stóran átroðning af lamba og geldfjár upprekstri, sem Mosfellssveit brúkar í þessara jarða land, þakkar og betalingslaust bæði til ábúenda og umboðshaldarans, og hefur þetta verið so lengst til menn minnst.⁵²⁹

Þá segir Jarðabókin um Litla-Kollafjörð (þriðjung úr Kollafirði) þar sem fjallað er um skemmdir á jörðinni:

⁵²⁴ *Árbók 1985*. S. 99.

⁵²⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 333 og 336.

⁵²⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 344, 345, 354 og 358.

⁵²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 348–349.

⁵²⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 353.

⁵²⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 341.

Liggur og öll jörðin undir stórum skaða af beitarátroðningi ut supra.⁵³⁰

Og um Mógilsá:

Átroðningur af geldfjár upprekstri ut supra.⁵³¹

Jarðabók Árna og Páls minnst ekki á afrétt varðandi Sjávarhóla, Öfugskeldu og Skrauthóla en ætla má að sama hafi gilt um þær og aðrar jarðir innan til í Kjalarneshreppi. Raunar voru þessar jarðir í einkaeign eða eign Kjalarnesþinga en Hof, sem hafði þennan rétt samkvæmt Jarðabókinni, var líka í einkaeign.

Stóðhrossa- og geldneytaganga á Mosfellsheiði er ekki nefnd við jarðir yzt á Kjalarnesi. Á eftirtöldum jörðum er getið um beutiland eða fjárupprekstur:

Brautarholt (kirkjustaður):

Selstöðu og beutiland á kirkjan á Blikdal og liggur það til jarðarinnar, tekur nú mjög af sjer að gánga af skriðum og vatnsgangi. Haglaust er að mestu á jörðunni bæði sumar og vetur.⁵³²

Arnarholt (jörð í einkaeign):

Fjárupprekstur eigna menn jörðunni, og hefur hún haft átölulaust um lánagan aldur tollfrí ásamt öðrum jörðum á Kjalarnesi, uppá Esjufjall.⁵³³

Sama virðist gilda um eina hjáleigu Arnarholts, Sigurðarhús og líkt er um hinar hjáleigurnar.⁵³⁴

Bakki (einkaeign):

Fjárupprekstur hefur jörðin frí haft uppá Esju ásamt öðrum á Kjalarnesi.⁵³⁵

Ártún (kirkjujörð frá Saurbæ):

Selstöðu og beit hefur jörðin frí á Bleikdal um sumar og vetur í Saurbæjarlandi.⁵³⁶

Saurbær (kirkjustaður):

Fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi, þar sem heitir Blikdalur.⁵³⁷

Hjarðarnes (kirkjujörð frá Saurbæ):

Fjárupprekstur hefur jörðin frí á Blikdal í Saurbæjarlandi. Item selstöðu frí ibidem.⁵³⁸

⁵³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 343.

⁵³¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 344.

⁵³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 362.

⁵³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 369.

⁵³⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 370–371.

⁵³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 372.

⁵³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 374.

⁵³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 375.

⁵³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. b. S. 378.

Í greinargerð Þjóðskjalasafns segir að til ihugunar sé varðandi jarðir í Kjalarneshreppi að samkvæmt Jarðabók Árna og Páls átti konungur eða hafði átt allar jarðir í hreppnum innanverðum, þ.e. Þerney, Álfsnes, Fitjakot, Varmadal, Stardal, Hrafnhóla, Þverárkot, Gröf (Norðurgröf), Velli, Kollafjörð, Mógilsá, Esjuberg, Móa, Saltvík og Skrauthóla.⁵³⁹ Einn einstaklingur var eigandi að Brautarholti og Bakka og hafði þá yfirráð yfir jörðum Brautarholtskirkju, Borg og Mýrarholti, og átti einnig hluta úr Hofi og Lykkju.⁵⁴⁰ Vekur þetta upp vangaveltur um rétt bænda á framantöldum jörðum á Kjalarnesi til gjaldfrjáls upprekstrar hvort hann hafi byggst á réttindum, sem Viðeyjarklaustur hafi náð, og rétti Brautarholtskirkju til Blikdals. Í því sambandi er rétt að líta til áðurnefndra rekstrarréttinda Arnarholts en Arnarholt (og Eystri- og Vestri-Vallá) var meðal þeirra jarða sem konungur seldi Henrik Bjelke 30. apríl 1675.⁵⁴¹

Í lýsingu Skúla Magnússonar á Gullbringu- og Kjósarsýslum segir:

Mosfellsheiði og Kjósarheiði nefnist öll víðáttan frá byggð í Kjós og Mosfellssveit upp að Henglinum, sem áður er nefndur. Þar er mjög gott og grösugt afréttarland á sumrum og er notað úr öllum sýslunum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnessýslu. Þar hefir og verið haldinn nautamarkaður 1. október árlega á svæði, sem til þess er afgirt við gjá eina.⁵⁴²

Áður hefur Skúli Magnússon sagt í sama riti:

Skilyrði eru og góð til að hafa í seli á heiðinni [Mosfellsheiði] uppi undir afréttarlandinu.⁵⁴³

Af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem og lýsingu Skúla Magnússonar virðist því mega ráða að Kjalnesingar hafi stundað stóð- og geldneytarekstur á Mosfellsheiði. Er það stutt af öðrum gögnum sem hér verða nefnd á eftir. Einnig má ráða af Jarðabókinni og lýsingu Skúla að Mosfellsheiði og heiðalöndin milli Kjósar-, Gullbringu- og Árnessýslna hafi verið notuð sem afréttur fyrir sauðfé líka. Hins vegar má ætla að Kjalnesingar hafi nýtt Esjuna fyrir geldfjár- og lambagöngu á sumrin en landþrengslabændur í öðrum sveitum verið að koma fé sínu þangað, bæði í leyfi og óleyfi. Til þess benda áðurnefndar kvartanir um beitarátroðning Mosfellssveitarmanna í Jarðabók Árna og Páls varðandi jarðirnar Norðurgröf, Velli, Kollafjörð og Mógilsá.

Ekki virðast Mosfellingar hafa verið einir um að veita þann ágang, sem sjá má af því að á manntalsþingi í Görðum á Álftanesi var lesið eftirfarandi forboð 18. maí 1789:

⁵³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 329–349, 352–353.

⁵⁴⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. b. S. 358, 360–368, 372–372.

⁵⁴¹ *Jarðatal* 1847. S. 444.

⁵⁴² *Landnám Ingólfs*, I. 1–2. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Verðlaunaritgerð eftir Skúla Magnússon landfógeta. Reykjavík. 1935–1936. S. 134.

⁵⁴³ *Landnám Ingólfs*, I. b. 1–2. S. 133.

item upplest Forbod fyrir Alptnesinga og Seltierninga að reka þeirra Saud Fie í Esiuna a Kialarnesi samt LögFestur fyrir Garda Kyrkiu og Hvaleyrar Lande ...⁵⁴⁴

Þetta forboð var einnig lesið á manntalsþingi í Reykjavík daginn eftir, 19. maí 1787.⁵⁴⁵

Á manntalsþingi að Lágafelli 15. júní 1791 var eftirfarandi innfært í þingbókina:

Sömuleidis var tekid vara fyrir óreglulegum upprekstri í Esjuna af Saudpeningi, er aðr skal verid hafa tídkadr Sysslunnar Innbýggiurum til stórs skada. ...⁵⁴⁶

Bændur virðast hafa verið misjafnlega duglegir við að koma frá sér geldfé og stóði eins og kemur fram í eftirfarandi þinglestrum:

Á manntalsþingi á Esjubergi 24. maí 1797 var eftirfarandi lesið:

Lit: K: aminnte Sysslumadur alvarlega þingsóknina að rydia Vegu, leita grenia og vinna þaug samt hlada Tún og Maturta garda, líka sletta Tún, líka Reka Geldfé og Stód á Afrétt, ...⁵⁴⁷

Manntalsþing var haldið á Esjubergi þann 30. maí 1798. Þar voru [Kjalnesingar] minntir á að standa rétt að fjallrekstri.⁵⁴⁸

Enn var vandað um hrossarekstur á Esjubergsþingi 21. maí 1799 en einnig lagst gegn því að utansýslufé væri tekið til hagagöngu í Esju:

Litr H var um umvandad umm það æconomiska so sem vega rudning, Trippa rekstur, og einkum að einginn tæki utann Sysslu Fie til haga gaungu í Esiu fiall; ...⁵⁴⁹

Eftir þetta er Esjan ekki nefnd sérstaklega sem beitiland í skjölum sýslumanna og sveitarfélaga. Hins vegar fer Blikdalurinn að koma oft fyrir.

Árið 1812 kærði Saurbæjarbóndi bónda í Arnarholti fyrir hrossaágang á óðals- og kirkjuland. Líklegt er að um Blikdalinn hafi verið að ræða en einnig getur verið land Ártúns og Saurbæjar.

[Anno 1812] þann 16da octobris settust í Forlykunar Rettinn Presturi[nn Sra Gestur

Tho]rlaksson og Hreppstíórinn Thorarinn Kolbeinsson og [mættu fy]ir Rettinum Bóndinn Mr. Þordur Olafsson á Saur[bæ og] Bóndinn Gísle Arnason á Arnarholte og frammlag[de Mr.] Þo[rdu]r eina Stefnu, hvar inne Bondinn Gisle Arna[so]n er stefndur til að svara fyrir hrossabeit hans á [?] odals og Kyrkiulande Saurbæar Kyrkiu, sem stefnann [af ?] octobr. 1812

⁵⁴⁴Skjal nr. 2(81) a–b.

⁵⁴⁵Skjal nr. 2(82) a–b.

⁵⁴⁶Skjal nr. 2(84) a–b.

⁵⁴⁷Skjal nr. 2(85) a–b.

⁵⁴⁸Skjal nr. 2(86) a–b.

⁵⁴⁹Skjal nr. 2(87).

Lióslega med sier ber Noterud L. 1. [Og] lata málspartarnir sig þanninn Forlyka í tiedre Sök [ad] Gisle Arnason efter síns mótparts uppástande fyrir 8tta(?) [hro]ssa beit á yfirstandande Sumre á tiedri ódalseign [og] Kyrki[u]lande tilstendur ad betala Mr. Þorde einr fisk í [pen]ingumm undir hvert Hross í 8tta vikur, fyrir hveria vik[u og l]ofar frammeigis aldrej framar med vilia nie a[setningi??] ad bruka Hagbeit fyrir Hross sin i oleife i Þordar [landi??] enn Mr. Þordur tilstendur ad sleppa öllu tilkalle efter Hrossabeit Gisla á undannfórnumm árumm, og Gisle n[u ...] vid rettinn utbetalar uppástadinn betaling til Mr. Þordar med lumm Rd. 48 s., fyrir hveria 1 rd. 48 s. Mr. Þordur sáttsamlega qvittera<r> utsvaranda, ár og dag sem up<p>haflega greiner.

G. Thorlaksson.

Th. Kolbeinsson.

Sem málspartar undirskrifa

Þordur Olafsson.

Gisle Arnason.⁵⁵⁰

Árið 1842 aðvaraði Saurbæjarbóndi, sem hafði fengið hluta Brautarholtskirkju á Blikdal á leigu, bændur á Kjalarnesi við að reka stóð, lömb eða geldpening á Blikdal án leyfis:

Eg undirskrifadr gjöri hérmed vitanlegt, ad eg hefi Saurbæar og Brautarholts Kirkjuland liggjandi á Bleikdal það fyrra til ráða og umsjónar, enn hid sídarnefnda til leigu fengid hiá velnefndum Bónnda Mon<s>r Arna Magnussyni. Hvörsvegna hermed advarast allir nefndra Kirkjusókna innbúar í Kjalarnesshrepp, ad gjöra þángad hinn minnsta upprekstur af stodhrossum lömbum edur ödrum gældum gángandi fénadi án minnar vitundar edur leifis. Enn þeir sem vilja samkvæmt mínu leifi reka á Bleikdal stodhross, lömb edur géldfénad, mega vidbúast ad svara mér tilhlydilegum hagbeitarlaunum eptir sannsýnilegu uppástandi, nefnelega 48 s. fyrir hvert stodhross edur trippi frá vordögum til veturnátta (o s frv) hverr tollur mér sé greiddur innan Octobris manadar loka. Enn þared margir undangangandi tíð, sem vid ransókn stóðhrossa hafa rekid þau ofanad Artúns Rétt, hvarmed þeir bædi hafa spilt Rettinni, og hrossenn þannig eptir skilin hafa gjört nærverandi búendum ágáng og skada. Og med því slikt er hin stakasta óregla, vyrdist hærst naudsynlegt og ómissandi, ad þeir sem stóðhross á Bleikdal eiga, hefdu samtök med ad hlada sér rétt edur adhald, nær hrossenn vildu ransaka.

Saurbæ þann 17 Mai 1742.

R. Þordarson.

Lesid í manntalsþings réttinum á Esjubergi þann 1ta Juni 1842 og innfært i Júrisdictionárinna Pantabók N 219 pag 216.⁵⁵¹

⁵⁵⁰Skjal nr. 2(63). Skjalið er töluvert skert. Það sem er innan hornklofa er tilgáta afritara.

⁵⁵¹Skjal nr. 2(18).

Þann 31. maí árið 1850 var forboð Saurbæjarbónda gegn stóðhrossabeit á Blikdal lesið á Esjubergsþingi:

Það eg undirskrifadur get nú ekki lengur þolad framvegis um talslaust, að Kjalnesingar haldi stóðhrossum sínum á mínu (og mjer leigdu) beitarlandi, Bleikdal, einsog undangangandi tíð hefur vidgengist, sem og líka orsakad hefur, óvidjafnanleg beitar og slæju spjöll, ekki einúngis hvad mig áhrærir heldur og líka hefi eg mátt liggja undir ákærum fyrir það sama af nábúum mínum. Þessvegna fyrir býd eg alvarlega hjermed öllum bæði innan og utan sveitar mönnum hjereptir, að reka stóðhross sín edur annara á Bleikdal fyrir utan þær gömlu stóðhrissur sem á honum hafa alist og fram færst hín gadtíl og hvergi annarstarar tolla, þær enar sömu líd eg einúngis sumar lángt á Dalnum, þó med því skylyrði að mjer sjeu 10iu fiskar skilvíslega borgadir fyrir hverja eina í hagbeitartoll.

Skyldu eigendur hrossanna (mót von) ekki gaum gefa þessari minni advörun, þá finn eg mig orsakadan að neita þeirra laga, sem vardveita þann sama heimildarrjett fyrir minni landeign.

Saurbæ þann 26 maí 1850 R. Þórðarson.⁵⁵²

Málarekstur varð vegna Fellsenda í Þingvallasveit, hvort þar væri nýbýlisland eða Þingvallaeign. Var dæmt í málinu í Landsyfirrétti árið 1860. Voru menn yfirheyrðir um landamerki Þingvalla- og Mosfellskirkna og notkun Kjalnesinga á landinu. Einnig komu fram vitnisburðir um upprekstur á Blikdal. Hér á eftir eru rakin helstu atriði varðandi Kjalnesinga í vitnisburðunum og yfirheyrslunum:

Fyrir aukarétti á Þingvöllum í júlí 1858 lagði verjandi Árna Björnssonar, sem byggt hafði Fjallsenda/Fellsenda og gerði kröfu til landsins (Árni var þá orðinn bóndi í Brautarholti á Kjalarnesi), fram eftirfarandi vitnisburði nokkurra Kjalnesinga og Kjósverja:

ad No 3 -a.

Jeg undirskrifaður — sem allan minn aldur hefi dvalið í Kjalarneshreppi — gef þann vitnisburð: að frá því jeg fyrst man til mín, hjer um bil á árunum 1802–1803 til þess á árunum 1835–1836 var aftrjettar landið á Mosfellsheiði, kríngum litla Sauðafell og í svo kölluðum Hálsum brúkað árlega öldungis átölulaust og óhindrað af öllum bæði frá uppeldis föður mínum, Brinjólfi sál. Einarssyni lögrjettumanni á Bakka og öðrum bændum í Kjalarneshreppi, samt sjálfum mjer, eptir að jeg varð búsráðandi — til uppreksturs fyrir stóð, hross fjallagrasatekju og fl. Get jeg þar um vitni borið, að jeg sjálfur í mörg ár í samfellu var þar við smölun hrossa, og heyrði aldrei annars getið, en að þetta væri frjáls aftrjettur Kjalnesinga, en notkun þessari var hætt einasta vegna þess, að um það leyti fjekkst greiðara upprekstur, í kirkjulöndunum á Bliks-

⁵⁵²Skjöl nr. 2(36) og 2(92) a–b.

eða Bleikdal, án þess að, — mjer vitanlega, — þar kæmi nokkur önnur hindrun í veginn.

Staður að Brautarholti þann 18da Júní 1858 M. Sigurðsson (fyrv. hreppst. í Kjalarnes hreppi).

Jeg undirskrifaður sem einnig hef dvalið allan minn aldur í Kjalarneshreppi (nú á 61ta aldurs ári) ber vitni um brúkun afrjettarins eða almenningsins á Mosfellsheiði og í Hálsum öldungis samkvæmt þeim, er Magnús Sigurðsson, fyrrverandi hreppstjóri Kjalnesinga hefur þegar útgefið af dató í dag, og hjer að framan er ritaður, en bæti því við, að einnig naut voru upprekin til sama afrjettar hjeðan af Kjalarnesi átölulaust af öllum, uns bygðar menn hjer megin heiðarinnar fóru að kvarta undan átroðningi af stórgipafjöldanum á heiðinni, hvað, ásamt opnun upprekstursins á Bleikdal, var orsök til að notkun upprekstursins var hætt.

Hofi þann 18. Júní 1858 Jón Runólfsson.

Framlagt fyrir aukarjetti að Þíngvöllum 27. Júlí 1858. Th. Gudmundsen.

ad No 3 - b.

Vjer undirskrifaðir gjörum svolátandi grein fyrir og vitnisburð um hvað vjer þekkjum til og heyrt höfum um landrjettindi, einkum hvað afrjett snertir, á hinni svokölluðu Mosfellsheiði.

Frá því vjer fyrst munum til höfðu Kjósarmenn og Kjalnesingar nauta upp rekstur á Mosfellsheiði. Hjeldu nautin sig jafnan sunnanvert við Sauðafell hið stóra alt suður undir Vilborgarkeldu í Skublúngum og Folaldadölum. Á þessum stöðvum var þeirra altaf leitað, einsog á löglegum og venjulegum afrjetti, og höfum vjer undirskrifaðir opt verið með í nautaleitum á þessum stöðvum.

Þá var þetta land af áðurgreindum sveitum einnig brúkað bæði til trippa uppreksturs og svo fóru menn þangað til grasatekju. Álitu þá Kjósarmenn og Kjalnesingar, að land þetta væri almennigur og afrjettur, sem þessum sveitum væri heimilt að brúka til áður greindra notkana, án þess nokkurs manns leyfi þyrfti til, eða nokkrum bæri tollur þar fyrir, og vitum vjer ekki til að nokkur áteldi, eða mótmælti þessari brúkun, nje þættist eiga kröfu til eða heimtaði toll eða afgjald fyrir.

Þetta vottum vjer eptir áskorun og erum fúsir til að staðfesta þetta vottorð vort með eiði, ef þess verður krafist.

Árni Stefánsson á Meðalfelli 68 ára Þorsteinn Torfason á Þorlaksstöðum aldur 68.

Guðmundur Eyolfsson á Sandi 78 ára Jón Jónsson á Grjóteyri 63 ára

Framlagt fyrir aukarjetti að Þíngvöllum 27. Júlí 1858. Th. Gudmundsen.

Á aukafingi á Lágafelli 10. september 1858 voru fjórir bændur í Mosfellssveit spurðir af umboðsmanni sækjanda (Þingvallaprests) ýmissa spurninga, svo sem hvað þeir vissu um takmörk Stíflisdalslands að útnorðan og vestanverðu áður en nýbýlið Fellsendi var stofnað og hvað þeir vissu um takmörk Mosfellskirkjulands uppi á heiðinni og hverjir hefðu eignað sér land þar á móti að austan. Segja má að eftirfarandi spurningar hafi varðað afréttarmál Kjalnesinga:

4. Vitið þjer til að land það, sem Fellsenda nú er tileinkað, hafi nokkur tíma verið kallað eður álitnið almenningur?

...

8. Hvað vitið þjer um brúkun Kjalnesinga á Mosfellsheiði; hvaða skepnur hafa þeir rekið þangað; hvert hafa þeir rekið; í hvers leyfi hafa þeir rekið?

Einnig lagði umboðsmaður stefnda (Árna Björnssonar) fram gagnspurningar:

1 Hefir vitnið ekki heyrt þess getið, eða veit það ekkert um að Kjósarmenn og Kjalnesingar hafi talið sér nauta og stóðhrossa afrétt í því landi, sem Fellsendi nú er, eða jafanvel brúkað það sem þvílíkt?

2 Spurning: Veit vitnið til að þeirri brúkun hafi verið mótmælt?

Vitnin töldu annað hvort Mosfellskirkjuland og Þingvallaland liggja saman á umræddum mörkum eða menn sögðust vera því ókunnugir. Þrír sögðu að stóð og hross hefðu verið í heiðinni. Einn vissi til þess að B(jörn) Stephensen á Esjubergi [bóndi þar 1814?–1835] hefði rekið naut sín á heiðina:

þó ekki fremur í eitt pláts enn annað.

Enginn vissi til þess að landið væri almenningur eða að Kjósarmenn eða Kjalnesingar hefðu helgað sér landið. Einn sagði Þingvallasveitarmenn hafa mótmælt stóðhrossagöngu en hinir vissu ekki til þess.⁵⁵³

Á Esjubergsþingi 8. júní 1860 var lesið forboð Á(rna) Björnssonar (bónda í Brautarholti), Ásbjarnar Ásbjarnarsonar (bónda í Mýrarholti (kirkjujörð Brautarholts skv. Jarðabók Árna og Páls)) og Runólfs Þórðarsonar (bónda í Saurbæ), dagsett 31. maí 1860, gegn brúkun á Bleiksdal.⁵⁵⁴

Kjalnesingar hafa væntanlega eitthvað lengur rekið hross sín á Mosfellsheiði, sem sjá má af því að 1. júní 1864 var á manntalsþingi á Hofi lesin aðvörun Mosfellsprests gegn hrossagöngu á Mosfellsland, dagsett 27. maí s.á.⁵⁵⁵

Umráðamaður Brautarholtskirkju [eigandi Brautarholts] lét þinglýsa banni við heimildarlausum rekstri skepna á Bleikdal 20. maí 1873:

Eins og kunnugt er liggur Bleikdalur fyrir sunnan á undir Brautarholts kirkju og er hann hálfur byggður bóndanum í Mýrarholti, en hálfur bændunum á

⁵⁵³ Skjal nr. 2(31) í máli nr. 5/2003, Grafningur.

⁵⁵⁴ Skjal nr. 2(94).

⁵⁵⁵ Skjal nr. 2(144) í máli nr. 2/2004, Stór Reykjavíkursvæðið.

heimajörðinni í Brautarholti. Sökum þessa fyrirbýð eg öllum, að reka skepnur sínar hesta, naut eður sauðpening á nefndan Bleikdal, nema þeir fái til þess leyfi hjá téðum mönnum, þeir, er eigi hirða um þetta forboð mitt, mega búast við að verða að kaupa út pening þann sinn, er þar finnst.

Reykjavík 17. maí 1873. Jón Pétursson.⁵⁵⁶

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Íslands sýslumönnum bréf þar sem óskað var eftir skýrslu um þau svæði í sýslunni sem talin voru almenningar svo og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða tilheyrt nokkru lögbýli.⁵⁵⁷ Í svari sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 8. janúar 1920, segir að ekkert svæði í sýslunni verði talið almenningar er eigi sannanlega tilheyri einhverju lögbýli í sýslunni.⁵⁵⁸

Í fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 er lýsing á Kjalarnesi eftir Björn Bjarnarson í Grafarholti. Þar segir hann um afréttarmál:

Afréttarland á sveitin ekki, en þær jarðir, er ekki hafa nægt sumarland fyrir sauðfé sitt, fá (nota) upprekstur í Þverárkoti og Stardal eða á Bleikdal [síðar er strikað yfir Bleikdal og breytt í Blikdal ofan línu], er skerst langt inn í Esju vestan að, og kirkjurnar í Brautarholti og Saurbæ eiga.⁵⁵⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 eru með Brautarholti taldar allar hjáleigur, Andriðsey og kirkjujarðirnar. Landið er talið allmikið, láglent og því fylgir hálfur Blikdalur en þar upp frá er afrétt.⁵⁶⁰

Í fasteignamati 1932 er syðri hluti Blikdals sagður beutiland frá Arnarholti en þá er búið að sameina Brekku og meirihluta Bakkaholts þeirri jörð. Og í umfjöllun um jörðina Brautarholt er nefnt að afréttarland jarðarinnar sé hálfur syðri hluti Blikdals.⁵⁶¹ Líklega mun þá hafa verið um leigu til Arnarholts að ræða, enda var Blikdalshlutinn ekki seldur undan Brautarholti fyrr en árið 1960 og þá til Kjalarneshrepps.⁵⁶²

Fjallskila- eða afréttarmála á Kjalarnesi er ekki getið í Göngum og réttum.

Árið 1977 var Tryggva Einarssyni, Miðdal, Mosfellshreppi, og Oddi Andræssyni, Neðrahálsi í Kjós, falið að gera afréttarskrá fyrir Kjósarsýslu skv. 6. gr. laga nr. 42/1969. Í bréfi frá 14. desember 1978 komust þeir að þessari niðurstöðu:

Við nána athugun höfum við komist að þeirri niðurstöðu að afréttur hafi ekki verið til í Kjósarsýslu samkvæmt skilningi okkar á merkingu þess orðs, þar sem öll lönd innan sýslunnar hafa frá upphafi og nokkuð fram á 20. öldina fylgt ákveðnum jörðum.

Tryggvi og Oddur benda á að algengt sé að jarðeignir séu keyptar til sveitarfélaga eða opinberra stofnana. Síðan segja þeir m.a.:

⁵⁵⁶Skjal nr. 2(49).

⁵⁵⁷Skjal nr. 2(26) í máli nr. 5/2004, Grafningur.

⁵⁵⁸Skjal nr. 2(100).

⁵⁵⁹Skjal nr. 2(4).

⁵⁶⁰Skjal nr. 2(4).

⁵⁶¹Skjal nr. 2(45).

⁵⁶²Skjal nr. 1(6).

Um alla útjörð, hvort heldur er til fjalla eða á lág<g>lendi er umferð heimil gangandi fóki samkvæmt náttúruverndarlögum. En nýtjar lands hvort heldur er á láði eða úr legi s.s. veiðar hverskonar eru óheimilar án leyfis viðkomandi eignaraðila eða umboðsmanns hans.⁵⁶³

Það er athugandi varðandi Þverárkot að samkvæmt þinglýsingarvottorði 9. nóvember 2004 virðist vera til einhver kvöð um rétt Kjalarneshrepps til upprekstrar,⁵⁶⁴ en ekki kemur fram í skjölum, sem lögð hafa verið fram, hver sá réttur er.

Elsta fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu og Gullbringusýslu er frá árinu 1891. Þar segir í 1. grein:

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álitur þess þörf, útvega hreppsþúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að álitu hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.⁵⁶⁵

Í 6. grein eru ákvæði um að högun gangna skuli boðin með fjallgangnaseðli þremur vikum fyrir fyrstu fjallgöngur.

Næsta fjallskilareglugerð, 1896, kveður svo á í 1. grein:

Að svo miklu leyti sem heimalönd að álitu hreppsnefndar eru eigi nægileg til sumarbeitar, ber öllum, sem geldfjenað eiga, að reka hann til afrjettar þar sem hann er, að öðrum kosti koma fjenaði sínum til göngu yfir sumartímann hjá öðrum, sem land hafa. Verði hlutaðeigandi óánægður með ráðstöfun hreppsnefndar, skal hlíta ítölu í landið. Sama gildir um þá, sem fjenað taka, ef þeir ofsetja í land sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje ekki vanrækt.⁵⁶⁶

Óbreytt ákvæði voru í fjallskilareglugerð frá árinu 1902.

Sérstök fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1909. Ákvæðin, sem helst skipta máli, eru eftirfarandi:

1. gr. *Notkun og vörn afrjettarlands* sveitar getur hreppsnefnd hlutast til um eftir þörfum. Skal hún skipa fyrir um smalanir til rjetta og annað er þar að lýtur. -

2. gr. Að því leyti sem heimalönd, að álitu hreppsnefndar, eigi eru nægileg til sumarbeitar fyrir fjenað ábúenda, ber öllum, er geldfjenað eða dilkær eiga, að reka slíkan fjenað til afrjettar, ef til er, eða koma honum fyrir til sumargöngu hjá öðrum, er nægt land hafa til þess. ...

⁵⁶³Skjal nr. 4(57).

⁵⁶⁴Skjal nr. 8(3).

⁵⁶⁵Skjal nr. 4(27).

⁵⁶⁶Skjal nr. 4(28).

7. gr. Hver sá, er land hefir til ábúðar eða eigin afnota, er skyldur að smala það til haustskila ...⁵⁶⁷

Önnur fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu var sett árið 1921. Eftirtektarverð er skilgreining á upprekstrar- og heimalöndum sem kemur fram í 4. grein. Hér eru teknar upp 1. og 4. grein og hluti 5. greinar:

1. gr. Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna sýslunnar. Hreppsnefnd hefir stjórn og framkvæmd á slíkum málefnum í sveitarfélagi sínu, eða í samvinnu þar sem fleiri sveitarfélög en eitt hafa réttafélag sameiginlegt.

4. gr. Land allt í sýslunni greinist í upprekstrarlönd og heimalönd. Það teljast upprekstrarlönd, sem búpeningur gengur í á sumrum, en eru svo fjarlægð byggð, eða þannig á sig komin, að lítt notast á vetrum, hvort sem eru lönd einstakra jarða eða félagsleg afréttarlönd, og sé skipaðar leitir í þeim til rétta. Öll önnur lönd, nærlægari byggð, sem búfenaður getur í gengið, teljast heimalönd.

5. gr. Enginn má taka annara skepnur í félagslegt upprekstrarland (afrétt), né án leyfis hreppsnefndar hafa það til sérnota fyrir sig ...⁵⁶⁸

Þriðja sérstaka fjallskilareglugerðin fyrir Kjósarsýslu er frá árinu 1954. Teknar eru upp 1. grein og hlutar 2. og 4. greinar:

1. gr. ... Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála sýslunnar. Hreppsnefndir hafa stjórn og allar framkvæmdir fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu, þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur eða réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum, skal sýslunefnd skera úr.

2. gr. ... Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland, þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekkert á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis hreppsnefndar. ...

4. gr. ... Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrum, ber öllum þeim sem eiga eða hafa undir höndum sauðfé, ótamin hross eða geldneyti að reka fénað sinn á afrétt svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar ástæður leyfa, nema þeir hafi örugglega girt landsvæði fyrir þann fénað ...⁵⁶⁹

⁵⁶⁷Stjórnartíðindi 1909 B, s. 126–130. Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu.

⁵⁶⁸Skjal nr. 4(31).

⁵⁶⁹Skjal nr. 4(33).

Árið 1988 var staðfest fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Teknar eru upp 1., 2. og 4. grein eða greinarhlutar sem máli virðast skipta:

1. gr. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Kjósarsýslu, Reykjavík Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og alla framkvæmd fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur og réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli sveitarstjórna út af fjallskilamálum sker sýslunefnd úr. Heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála.

2. gr. Eigi fleiri en eitt sveitarfélag afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli kjósa fjallskilaneftnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. Fjallskilaneftnd skal skipuð einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum af sveitarstjórnnum. ...

4. gr. ... Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppnum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekki á veturnum sökum fjarlægðar frá byggð.⁵⁷⁰

Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, þ.e. fyrir allt svæðið vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og vestan og sunnan varnarlína í Hvalfjörð var samþykkt árið 1996. Þær greinar, sem skipta máli, eru eftirfarandi:

1. gr. ... Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr. ... Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr. ... Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstrarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilaneftnd til að sjá um lögboðin fjallskil ...

⁵⁷⁰Skjal nr. 4(35).

5. gr. ... Upprekstrarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla [göngur og réttir] þessarar samþykktar. ...⁵⁷¹

⁵⁷¹Skjal nr. 4(36).

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Ágreiningur aðila máls þessa varðar eignarréttarlega stöðu landsvæða sem í þjóðlendukröfugerð íslenska ríkisins eru nefnd „efsti hluti Esjunnar og hluti Blikdals“ og „hálandið upp af jörðunum Ingunnarstöðum og Þrándarstöðum“, þ.e. hvort þar sé eignarland eða þjóðlenda.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Þar verður fyrst fjallað um landnám á Esjusvæðinu og síðan einstök landsvæði á og við fjallið, frá jörðinni Þverárkoti að suðaustanverðu, umhverfis Esjuna og að jörðinni Eyjum að norðaustanverðu.⁵⁷² Að því búnu verður vikið að ágreiningssvæðinu norðaustur af Kili og suðvestur af Botnssúlum, þ.e. Þrándarstöðum og Ingunnarstöðum ásamt Hrísakoti. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

Um fjöllun þessi er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, í fyrri úrskurðum og vísar til þeirra.⁵⁷³ Í hinum almennu niðurstöðum er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Nánar tiltekið er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjöru eign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

⁵⁷² Um fjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 18 í Kjalarnesþætti málsins og skjal nr. 10 í Kjósarþætti þess, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

⁵⁷³ Sjá kaflann *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–7/2000 og *Viðauka við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fyrst birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1–9/2003. Sami viðauki fylgir hér.

Þá hefur Hæstiréttur kveðið upp fyrstu dóma réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004. Jafnframt liggja fyrir úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 1–7/2000 í uppsveitum Árnessýslu (svæði 1), nr. 1–5/2001 í Austur-Skaftafellssýslu (svæði 2) og nr. 1–9/2003 í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu (svæði 3). Af þessum heimildum er einnig tekið mið, enda hafi einstakar niðurstöður almenna skírskotun.

Þess ber einnig að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum lagt til grundvallar að eðlismunur væri á þjóðlendu og eignarlandi, sbr. 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þjóðlenda væri landsvæði utan eignarlanda og því yrði eignarland ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsalaði sér eignarráðum sínum. Þannig hefur óbyggðanefnd talið að jarðir í eigu ríkisins væru eignarland, enda þótt ríkið hafi ekki kallað eftir slíkum rétti vegna ósamrýmanlegrar kröfu sinnar um afmörkun aðliggjandi þjóðlendu. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Íslenska ríkið gegn Íslenska ríkinu vegna annars vegar Skaftafells I og III og hins vegar aðliggjandi þjóðlendu) en þar varð niðurstaðan sú að rannsóknarskylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 breytti engu um að málsaðilar færu með forræði á máli sínu fyrir nefndinni. Með vísan til þessa dóms beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra, sbr. bréf dags. 10. mars 2006, hvort skilja bæri þjóðlendukröfur þannig að land í eigu ríkisins væri lagt til þjóðlendu, í þeim tilvikum þegar nefndin teldi að land á kröfusvæði væri eignarland. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. sama mánaðar, var erindinu svarað á þann veg að í þjóðlendukröfu ríkisins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland. Verður því við það miðað í úrskurðum óbyggðanefndar hér eftir.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 verður þannig dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Umfjöllun í úrskurðum óbyggðanefndar mun því einskorðast við þau landsvæði sem gerð hefur verið þjóðlendukrafa til en ekki gerð sérstök grein fyrir landsvæðum sem liggja innan þess landsvæðis, sem nefndin hefur upphaflega tekið til meðferðar, en utan þjóðlendukröfusvæða íslenska ríkisins, svo sem verið hefur.

6.2. Landnám

Í kafla 5.1.1. og 5.2.1. hér að framan er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Getið er ýmissa manna og Ingólfur Arnarson þar fyrstur nefndur til sögunnar en landnám hans spannaði land „milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.“

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu, sem og í öðrum málum á svæði 4, að landnám Ingólfs, svo sem því er lýst hér að framan, beri fremur brag af hertöku, eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málartilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að af lýsingum Landnámu, og rannsóknum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Er þá ekki síst hafður samanburður af fyrstu landnámunum sem óumdeilanlega sýnast hafa verið verulega miklu stærri en síðari landnám. Sé tilgreining Landnámu þannig lögð óbreytt til grundvallar samkvæmt skýrum texta sínum má ráða að allt það landsvæði, sem tekist er á um í þessu máli, hafi í öndverðu verið numið.

Með vísan til framangreinds ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum sínum lagt til grundvallar að „skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar.“⁵⁷⁴ Jafnframt hefur þó verið tekið fram að heimildargildi Landnámu sé „umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.“ Það er einnig almenn niðurstaða óbyggðanefndar að óvissa um aðferðir við landnám sé of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

6.3. Einstök landsvæði á og við Esju

6.3.1. Kröfur og málsástæður aðila

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína í Esju frá Tindstaðahnjúk (A), þaðan eftir brúnum í Dýjadalshnjúk (B), þaðan í Melahnjúk (C), síðan beint í suður sem vötnum hallar í Ártúnsá við botn Blikdals (D), þaðan í mynni Blikdals (E), síðan með brúnum í Kambshorn (F), þaðan að Þverfellshorni (G), síðan eftir brúnum að Móskaðshnjúkum (H/I), þaðan í Suðurárbotna (H), síðan í Esjuhörn (G), áfram eftir brúnum Flekkudals í Nónbungu (F), síðan eftir brúnum Eilífsdals í Þörnýjartind (E) og loks eftir brúnum, aftur í fyrirnefndan Tindstaðahnjúk (A/D). Á kröfukorti kemur fram að íslenska ríkið telur að brúin séu í klettabrún en fylgi hæðarlínum þess á milli.

Á móti hafa eigendur jarða og landsvæða gert kröfu um beinan eignarrétt að þeim landsvæðum sem þeir telja að falli innan merkja jarða. Íslenska ríkið er eigandi Kollafjarðar og Mógilsár og hefur ekki gert sérstakar kröfur vegna þessara jarða umfram það sem leiðir af þjóðlendukröfulínu ríkisins. Um samspil annars vegar þjóðlendukrafna og hins vegar fyrirsvars vegna ríkisjarða er fjallað í kafla 6.1. og vísast þangað. Kröfum íslenska ríkisins er að öðru leyti nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.4.–3.18.

Af hálfu íslenska ríkisins er einkum vísað til heimilda um landnám og bent á að ekki hafi verið heimilt að auka við eignarrétt frá því sem var í lok landnámsaldar.

⁵⁷⁴ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Skoða þurfi landamerkjabréf og gæta að því hvort þau samrýmist eldri gögnum og staðháttum. Bent er á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sé vísað til þess að jörðin Bakki hafi átt frían fjárupprekstur á Esju ásamt öðrum á Kjalarnesi. Landamerkjabréf einnar jarðar, Esjubergs, frá 1890, tiltaki mörk jarðarinnar í Þverfellshorn og bæti við að jörðin ætti alla beit þar fyrir ofan. Hvort tveggja bendi til þess að efsti hluti Esjunnar hafi verið almenningur. Kristinna laga þáttur Grágásar byggi, auk þess á því að háfjöll á vatnaskilum hafi aldrei skoðast nein sérleg eign nokkurs. Lýsingar á merkjum jarða við Esju beri með sér að ákvarða mörk jarða innbyrðis en ekki gagnvart jörðum hinum megin Esjunnar. Þess vegna sé því hafnað að efsti hluti Esjunnar sé háður beinum eignarrétti.

Að því er tekur til Blikdals er vísað til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem tilgreini að Brautarholt ætti selstöðu og beutiland á Blikdal og lægi það til jarðarinnar. Um Saurbæ var tiltekið að kirkjustaðurinn ætti fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu í eigin landi, þar sem hétu Blikdalur. Aðrar jarðir hafi átt selstöðu í Blikdal, þar sem væri Brautarholtskirkjuland. Kröfulína byggist á að mörk Saurbæjarkirkjulands liggi í suður frá Melahnjúk í dalsbotn, í sömu merkingu eins og botn í Íláti. Einmitt á þessum stað hætti Blikdalsá að heita svo og nefnist Ártúnsá eftir það á kortum. Merkjum sé lýst með öðrum hætti um land Brautarholts þar sem vísað sé til fjallsbrúnar eins og vötnum hallar. Vísað er til dóms Hæstaréttar Íslands (Hrd. 1996/696) vegna lands norðan Blikdalsár og því hafnað að hann feli í sér niðurstöðu um mál þetta. Varðandi syðri hluta dalsins hafi ekkert verið minnst á eign Brautarholts í Blikdal í máldaga kirkjunnar frá 1491 en sá máldagi sé þó grunnheimild um eignir kirkjunnar. Í síðari heimildum sé gerður greinarmunur á því hvernig vísað er til eignarhalds í Blikdal, talað sé um land Saurbæjarkirkju en um tilheyrslu Brautarholtskirkju.

Af hálfu eigenda landsvæða í kringum Esjuna er vísað til þess að allt land þessa svæðis hafi verið numið í öndverðu og enginn ágreiningur hafi verið um landamerki jarðanna sem þýðingu hafi í málinu. Landamerkjaskrár jarðanna hafi verið þinglýst athugasemdalaust og verði þeim ekki hnekkt nema fyrir liggi óyggjandi sönnun fyrir því að þær séu rangar. Hafi landeigendur haft réttmætar væntingar til þess að eignarréttur þeirra innan þeirra marka væri virtur. Bent er á að lýsing í fjallsbrún sé í samræmi við það sem almennt gildi á Kjalarnesi og í Kjós en átt sé við hæstu brún Esjunnar, þ.e. þar sem vötnum hallar. Landamerkjabréf beggja vegna Esjunnar styðji þennan skilning og skipti ekki máli, þótt landamerkjabréf séu ekki í öllum tilvikum árituð um samþykki jarða hinum megin Esjunnar. Landamerki margra jarða séu hins vegar með slíkri áritun. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrárinnar og óskráðra reglna eignarréttar sem verndi eignarrétt, þinglýsingalaga sem fjalli um réttindi þinglýsts eiganda, laga um landamerki og laga um hefð en eigendur jarðanna hafi haft umráð landsins margfaldan hefðartíma. Þá er vísað til fordæma óbyggðanefndar, dóms Hæstaréttar Íslands frá 21. október 2004 og dóms

Mannréttindadómstóls Evrópu frá 1997 í málinu Hin helgu klaustur gegn Grikklandi. Að lokum er vísað til venjuréttar sem feli í sér að land, sem að fornu hafi eingöngu verið notað af landeigendum, sé eignarland þeirra án takmarkana.

Bent er á að jörðin Esjuberg hafi verið landnámsjörð og að ekki sé vitað um annað en að hún hafi verið í einkaeigu síðan. Tilvísun um rétt eiganda Bakka til fjárupprekstrar bendi til ítaks en það hafi fallið niður eigi síðar en í júlí 1954, sbr. lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum. Af hálfu þinglýstra eigenda Blikdals er vísað til áðurgreinds dóms Hæstaréttar Íslands. Hann taki af tvímæli um eignarrétt að landi norðan árinna og hljóti því að hafa þýðingu við úrlausn málsins, enda geri fyrirbyggjandi heimildir ekki annan greinarmun á landinu en að Saurbæjarkirkja hafi átt annan hlutann og Brautarholtskirkja hinn. Sjónarmiðum íslenska ríkisins um landnám og túlkun merkjalýsinga er alfarið hafnað.

6.3.2. Hugtakið fjallsbrún í landamerkjabréfum jarða á og við Esju

Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitafni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. Í skýrslutökum fyrir óbyggðanefnd kom fram að landeigendur á svæðinu miða almennt við að fjallsbrún sé þar sem fjall sé hæst.

Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls og sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað.

Í köflum 6.3.3.–6.3.16. hér á eftir verður ítarlega rakið hvernig merkjum jarða á Esjusvæðinu er lýst í landamerkjabréfum og öðrum fyrirbyggjandi heimildum um það efni. Lýsingar á merkjum til fjalls eru misskýrar og þarfnast athugunar í samhengi við merkjalýsingar annarra jarða á svæðinu, einkum notkun hugtaksins fjallsbrún. Ástæða er því til að gera fyrst sameiginlega grein fyrir notkun þess hugtaks í merkjalýsingum einstakra jarða á svæðinu, í staðfræðilegri röð frá vestanverðu Kjalarnesi og umhverfis Esjuna að austanverðri Kjós.

Merkjum Þverárkots í Kjalarnesi er lýst í Hátind og að þaðan ráði fjallsbrúnin að svonefndu Dysi. Skilningur eiganda jarðarinnar kemur fram í afsalsgerð um jörðina frá 1854, en þar er beinlínis tekið fram að jörðin nái upp til hæstu fjallatinda. Auk þessa skal þess getið að Hátindur er ofan á Esju en ekki í fjallsbrún samkvæmt hugtakanotkun sem íslenska ríkið miðar við. Styður þetta þann skilning sem eigandi Þverárkots lagði í hugtakið árið 1854 og jarðeigendur byggja nú á.

Í landamerkjabréfi Valla frá 1889 er merkjum gagnvart Norðurgröf lýst þannig: „... ræður bein stefna af Kistufellsbrún ofan að miðtungu bungu í fjallinu þaðan beina stefnu í flatan stein ...“ Telja verður líklegt að tilvísun um hvar mörkin skyldu dregin úr norðri hefði verið nákvæmari ef byggt væri á skilningi íslenska ríkisins um fjallsbrún, enda tekur klettabrúin til stórs svæðis.

Landamerkjabréf Kollafjarðar virðist vera mjög skýrt um að fjallsbrún liggi á háfjallinu. Vestur- og norðurmörkum jarðarinnar er lýst sem „... bein stefna skemmstu leið uppá Esju; því næst ræður há-Esjan að norðan svo sem vötnum hallar.“ Í lýsingu austurmarka er stefna dregin af „Esju-brúninni skemmstu leið ofaní Kollafjarðarar-upptökin“ og verður ekki dregin önnur ályktun en að „Esju-brún“ hljóti að vera þar sem lýsingu norðurmarka sleppir í austri, þ.e. á „há-Esju svo sem vötnum hallar.“ Í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. september 1942 var fjallað um ágreining sem risið hafði milli eigenda Kollafjarðar og Mógilsár um landamerki jarðanna. Dómurinn tók til greina stefnukröfu eiganda Mógilsár í málinu, að landamerki jarðanna skyldu vera „Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar [...] og úr því stysta lína í Esjubrún.“ Á því virðist byggt í málinu að mörk jarðanna til Esju hafi verið ágreiningslaus milli eigendanna. Dómurinn hefur ekki aðra þýðingu um það álitafni sem hér er til umfjöllunar.

Í landamerkjabréfi Mógilsár frá júní 1890 er vísað til þess að merkjalína liggi „uppí Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína uppí Esjubrún.“ Sýnir það glögg að Þverfellshorn, sem samkvæmt skilningi íslenska ríkisins ætti að vera á fjallsbrúninni, telst ekki til fjallsbrúnar samkvæmt merkjalýsingu. Lýsing þessi var staðfest í dómi merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. september 1922.

Í dómi frá 29. júní 1898 var leyst úr landamerkjaágreiningi milli Skrauthóla, Sjávarhóla og Esjubergs. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að merki Skrauthóla og Sjávarhóla væru „... sömu stefnu uppí hætta tindinn á Esjunni fyrir austan "Gleið"...“ en milli Skrauthóla og Esjubergs lægju merki „... beina stefnu uppá fjallsbrún, ...“. Óbyggðanefnd telur ekki óvarlegt að ætla að dómurinn noti þessi hugtök jöfnum höndum um sama fyrirbærið, þar sem um norðurmörk einnar jarðar, Sjávarhóla, er að ræða annars vegar í vestri og hins vegar í austri.

Í landamerkjabréfi fyrir Brautarholt, Bakkaholt, Brekku, Arnarholt, Mýrarholt og Presthús frá 31. maí 1921 er jörðunum eignaður Blikdalur sunnan Blikdalsár, „suður og austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, ...“. Í landamerkjabréfi Bakka, dags. 30. maí 1921, er tekið fram að Sneiðingar- eða Urðargeiraklettur sé í fjallsbrún. Ekki liggur fyrir í málinu hvar sá klettur er og hefur því ekki þýðingu við úrlausn þessa. Í landamerkjabréfi Saurbæjar frá maí 1890 er vísað til þess að merki færu „... beint í Háfjallsbrún á Melahnúk og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.“ Í yngra landamerkjabréfi Saurbæjar frá maí 1922 er merkjum lýst með beinni „... stefnu í Stritu á fjallsbrún og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.“ Samanburður þessara heimilda bendir til þess að fjallsbrún liggi eftir

háfjallinu þar sem engin gögn liggja fyrir um að yngri lýsing merkja hafi átt að taka til minna svæðis en áður. Sá skilningur var lagður til grundvallar niðurstöðu í dómi Hæstaréttar Íslands 29. febrúar 1996 (H 1996 696) en þar segir að norðurmörk Blikdals afmarkist af vatnaskilum til fjalla sem liggja milli Blikdals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar. Í landamerkjabréfi fyrir Mela og Norðurkot frá maí 1890 er merkjum lýst með „... stefnu í há fjallsbrúnina beina stefnu sem vötnum hallar ...“. Í því bréfi kemur hins vegar fyrir hugtakið „Klettabrún“ og kemur það hugtak oftast fyrir þegar fjallað er um mörk jarðarinnar. Sama hugtak kemur fram í landamerkjabréfi fyrir Meðalfell með Meðalfellskoti og húsmannsbýlinu við Meðalfellsfjórhus, frá desember 1921, þannig að mörk liggja „... beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess "Esjan" er hæst.“ Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Tindsstaði frá maí 1890 eru mörk jarðarinnar við Blikdal sögð fara eftir fjallsbrún og sem vötnum hallar. Í landamerkjabréfi fyrir Miðdal, Miðdalskot og Melbæ frá maí 1890 er vísað til þess að fjallsbrún ráði sem vötnum hallar.

Í landamerkjabréfi Eyja og Eyjahóls frá júní 1887 og frá júní 1922 er merkjum lýst eftir „hæðstu brúnum“ Í landamerkjabréfi Írafells frá maí 1912 eru nefndar tvær vörður, önnur „... á nyrðri fellsbrún og þaðan bein stefna í vörðu á suðurbrún og þaðan austur fell eptir því sem vötnum hallar ...“ Eins háttar til í landamerkjabréfi fyrir Fremraháls frá maí 1912.

Samkvæmt framangreindum heimildum telur óbyggðanefnd ótvírætt að merki jarðanna Þverárkots, Kollafjarðar, Skrauthóla og Sjávarhóla á Kjalarnesi taki að einhverju leyti til hæsta hluta fjallsins og þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins. Sama máli gegnir um Blikdal, Eilífsdal, Miðdal og Meðalfell í Kjós. Heimildir um merki Mógilsár eru ekki eins ótvíræðar en samhengi innan umræddra lýsinga bendir þó ekki til þess að hugtakið fjallsbrún sé þar notað í þeirri merkingu sem kröfugerð íslenska ríkisins gerir ráð fyrir, heldur liggja ofar í fjallinu. Aðrar lýsingar eru óljósari en nefna þó gjarnan vatnaskil, brúnir eða jafnvel hæstu brúnir, sbr. merkjalýsingar fyrir Blikdal, Saurbæ, Miðdal, Eyjar, Írafell, Fremriháls, Mela og Norðurkot. Þetta gildir þó ekki um Velli.

Esjan er hár og brattur móbergsstapi, mótaður af jöklum, ám og lækjum; skorin með dölum og giljum í allar áttir. Á hryggjum milli dala er víðast bratt til beggja hliða og ekki mikið um flatt land ofan á fjallinu. Á flestum stöðum eru því engin vandkvæði á að finna hvar vötnum hallar á Esjunni. Hugtakið fjallsbrún er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esjuna, jafnvel þar sem erfitt er að átta sig á hvar fjallsbrún í skilningi íslenska ríkisins ætti að vera, nema þá að litlum hluta.

Samkvæmt framangreindum heimildum um merki og staðháttum á Esjusvæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalyýsingum vísi til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir eru og vötnum hallar frá. Verður það lagt til grundvallar í úrskurði þessum en áréttað að sú úrlausn einskorðast við það mál sem hér er til umfjöllunar. Tekið skal fram að

með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu viðkomandi landsvæða, sem fjallað verður um hér síðar, í köflum 6.3.10., 6.3.11. og 6.3.17.

6.3.3. Þverárkot

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Þverárkots og Hrafnhóla, dags. 10. febrúar 1890 og þinglýst 3. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Þverárkoti liggur Norðurgröf að vestanverðu og til norðurs eru Esjan og jarðir í Kjósarhreppi, Meðalfell, Flekkudalur- og Grjóteyri, Eyjar og Möðruvellir.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs úr um það bil 90, í um það bil 900 m yfir sjó vestast, í Hátindi, en í um það bil 700 m yfir sjó austast, í Móskaðshnúkum.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þverárkots er rakin í kafla 5.2.6. Þar kemur fram að Þverárkots er getið í heimildum allt frá 1704. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁷⁵ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Þverárkots er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þverárkoti. Athugun þessi einskorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Þverárkots gagnvart Norðurgröf er að finna í áreiðargjörð 16. júlí 1850. Áreiðarmenn töldu að land Norðurgrafar næði „að Hátindi, þaðan nidur eptir hældinni, sem er á milli Grafardals og Þverárdals nidurí Vördubrot, sem stendur nedst á tedri hæld, og hallar vötnum austur og vestur á veturnum í leysingum af tedum hrygg.“ Eigandi Þverárkots var ósáttur við þessa lýsingu en það hefur ekki þýðingu í þessu máli. Merkjum Þverárkots er næst lýst í afsalsbréfi frá 2. mars 1854. Þar kom fram að jörðin næði að norðanverðu „... uppí fjall, að sunnanverdu alt ad Leirvogsá, ad nordanverdu upp til hældstu fjallatinda.“

Merkjum jarðarinnar er að þessu leyti næst lýst í landamerkjabréfi Þverárkots og Hrafnhóla, 10. febrúar 1890, þannig að þau liggi „... beina stefnu uppí Hátind, þaðan ræður fjallsbrúnin að svonefndu Disi, úr disinu í ...“. Bréfið er samþykkt vegna Stardals, Möðruvalla og Norðurgrafar auk eiganda hálfra Skeggjastaða. Ábúandi Minna-Mosfells skrifaði einnig undir bréfið.

Í landamerkjabréfi fyrir Meðalfell og Meðalfellskot frá 8. mars 1890 er merkjum jarðanna lýst m.a. þannig að þau liggi „... frá Meðalfellsvatni (að sunnan) þverbein stefna frá vatninu uppí „Arnbjargarhnúk“ (í Skóginum); af Arnbjargarhnúk

⁵⁷⁵ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

(eptir því sem vötnum hallar) upp „Nónbungu“, „Paradísarhnúk“ og uppá Esju. Svo ofan af Esju niður í Meðalfellsdalsbotn þar sem áin hefur upptök við Geldfjárlíð.“ Nýtt landamerkjabréf fyrir Meðalfell með Meðalfellskoti og húsmannsbýlinu við Meðalfellsfjánhús var undirritað 14. desember 1921. Þar er merkjum að þessu leyti lýst svo: „... bein lína upp á „Arnbjargahnúk“ eða „Miðmundahnúk“. Þá frá vörðu, á nefndum hnúki, þar sem hæst er eða frá hallar til beggja hliða) upp hálsinn, uppá „Nónbungu“, uppá „Paradísarhnúk“ og uppá „Esju“, beint þar uppaf til þess hæst er, eða að þeim stað að hallar frá til beggja hliða. // 3. Milli Meðalfells- og Eileifsdalslanda eru merki: Frá uppsprettum „Dælisár“, austan við „Geldfjárlíð“ í Meðalfellsdalsbotni, beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess „Esjan“ er hæst.“ Ekki er að sjá að bréf þetta hafi verið borið undir jarðeigendur á Kjalarnesi.

Merkjum jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar var lýst í október 1883 þannig, um það svæði sem hér er til skoðunar, að þau næðu „...beint upp gilið uppá Sandfjallsbrún nálægt Dagmálavörðu, svo í landsuður eptir sem vötnum hallar suður og norður af Sandfjalli, suður fyrir Torvaldsbotn hæðstan, svo beint suður í Esjuhorn og upp á það til hæðstrar Esju suður fyrir Flekkudalsbotn. // 2. Þaðan aptur norður eptir því, sem vötnum hallar, millum Flekkudals að norðaustan og Meðalfellsdals að vestan norður Paradísarhnúk, svo norður og ofan Nónbungu ...“ Þessum merkjum var næst lýst í landamerkjabréfi fyrir jarðirnar frá 15. ágúst 1912, þannig að þau væru „... bein lína í gil austan við Dagmálavörðu, úr henni austur Sandfjal<l>sbrún norðan við Torfadalsbotn sem vötnum hallar í Esjuhorn. // 2. Milli Flekkudals og Grjóteyrarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, og Þverárkots og Grafar í Kjalarneshreppi, sem vötnum hallar eptir Esjunni vestur í Paradísarhnúk.“ Landamerkjabréf þetta var samþykkt m.a. af hálfu eigenda Norðurgrafar og Þverárkots, enda þótt eigandi Þverárkots gerði þó fyrirvara við undirritun sína. Þriðja landamerkjabréf Flekkudals og Grjóteyrar var undirritað 13. desember 1921 og lýsir þeim merkjum, sem hér eru til umfjöllunar, með sama hætti. Sú lýsing er samþykkt af hálfu eigenda Norðurgrafar og Þverárkots auk annarra.

Í landamerkjabréfi Eyja, þinglýstu 1. júní 1887, er merkjum jarðarinnar lýst þannig að þau færu „... eptir hæðstu brúnum í landsuður á mótis við Trönudalsbotna, frá þeim suður á Mósakörð, þaug vestur öll á by (svo) við Suðurárdalsbotn, þaðan norður í Esjuhorn.“ Merkjum Eyja er enn lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá nóvember 1921. Þar kemur fram að þau liggja „... þaðan sem vötnum hallar suður á Háa-hnúk, svo eftir hæðstu brúnum fjallsins alla leið suður á Mósakarðahnúk. 6. Millum Þverárkots og Eyja vestur há-Esju eftir því sem vötnum hallar vestur á mótis við Markagil.“ Landamerkjabréf þetta var samþykkt af eiganda Þverárkots.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Þverárkots nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem

fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.4. Norðurgröf

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Norðurgrafar, dags. 28. febrúar 1888 og þinglýstu 3. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Norðurgröf liggja Vellir að vestanverðu og Þverárkot að austanverðu. Að norðan er Esjan og jarðir í Kjósarhreppi, Eilífsdalur og Meðalfell.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs úr um það bil 60 m í um það bil 900 m yfir sjó í Hábungu og í Hátindi.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Norðurgrafar er rakin í kafla 5.2.7. Þar kemur fram að Norðurgrafar er getið í heimildum allt frá 1547. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁷⁶ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Norðurgrafar er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Norðurgröf. Athugun þessi einskorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Norðurgrafar er að finna í áreiðargjörð 16. júlí 1850. Um merki gagnvart Þverárkoti vísast til umfjöllunar um þá jörð. Gagnvart Völlum í vestri töldu áreiðarmenn að merki Norðurgrafar væru eftir línu sem væri „... dregin frá fjalli ofan úr Midtúngumel til sudurs í einstakan þufuklett að nordanverdu við Leirvogsa, ...“. Eigendur Norðurgrafar og Valla féllust báðir á landamerki milli jarða sinna.

Merkjum jarðarinnar er að þessu leyti næst lýst í landamerkjabréfi Grafar 28. febrúar 1888. Austurmerki voru tilgreind úr Hátindshorni, beina stefnu alla leið ofaní vörðu sem stendur milli rása í Grafará, á Leirvogsbakka. Vesturmerki voru tilgreind „... úr svokallaðri Miðtungu í Esjunni, beina stefnu í flatan stein í mýrinni vestanverðt við Grafarholt, og þaðan sömu stefnu að Varmalandslandi sunnan við Latholt“. Suðurmerki miðuðust við Leirvogsa. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki eiganda Valla og ábúenda Þverárkots og Hrísbúar.

Í landamerkjabréfi Valla frá 10. desember 1889 voru merki jarðarinnar gagnvart Norðurgröf tilgreind sem „... bein stefna af Kistufellsbrún ofan að miðtungu

⁵⁷⁶ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

bungu í fjallinu þaðan beina stefnu í flatan stein vestanhalt við Grafarholt ...“.

Landamerkjabréf Valla er áritað um samþykki Norðurgrafar.

Í landamerkjabréfi fyrir Eilífsdal frá 20. maí 1890 er merkjum jarðarinnar lýst m.a. þannig að þau liggi „... Fossá uppá fossabrún, þaðan til há Esju, svo þaðan vestur á Gunnlögsskarð, ...“. Ekki er að sjá að bréf þetta hafi verið borið undir jarðeigendur á Kjalarnesi.

Í landamerkjabréfi fyrir Meðalfell og Meðalfellskot frá 8. mars 1890 er merkjum jarðanna lýst m.a. þannig að þau liggi „... frá Meðalfellsvatni (að sunnan) þverbein stefna frá vatninu uppí „Arnbjargarhnúk“ (í Skóginum); af Arnbjargarhnúk (eptir því sem vötnum hallar) upp „Nónbungu“, „Paradísarhnúk“ og uppá Esju. Svo ofan af Esju niður í Meðalfellsdalsbotn þar sem áin hefur upptök við Geldfjárhlíð.“

Nýtt landamerkjabréf fyrir Meðalfell með Meðalfellskoti og húsmannsbýlinu við Meðalfellsfjárhús var undirritað 14. desember 1921. Þar er merkjum að þessu leyti lýst svo: „... bein lína upp á „Arnbjargahnúk“ eða „Miðmundahnúk“. Þá frá vörðu, á nefndum hnúki, þar sem hæst er eða frá hallar til beggja hliða) upp hálsinn, uppá „Nónbungu“, uppá „Paradísarhnúk“ og uppá „Esju“, beint þar uppaf til þess hæst er, eða að þeim stað að hallar frá til beggja hliða. // 3. Milli Meðalfells- og Eilífsdalslanda eru merki: Frá uppsprettum „Dælisár“, austan við „Geldfjárhlíð“ í Meðalfellsdalsbotni, beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess „Esjan“ er hæst.“ Ekki er að sjá að bréf þetta hafi verið borið undir jarðeigendur á Kjalarnesi.

Í kafla 6.3.15. um Flekkudal og Grjóteyri og í kafla 6.3.3. um Þverárkot er fjallað um uppáskrift eigenda Þverárkots og Norðurgrafar vegna merkja Flekkudals og Grjóteyrar. Ekki er að sjá að jarðirnar Norðurgröf annars vegar og Flekkudalur og Grjóteyri hins vegar hafi átt sameiginleg merki en uppáskrift eiganda Norðurgrafar bendir þó til þess að báðir aðilar hafi talið Norðurgröf eiga réttindi upp á Esju.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Norðurgrafar nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.5. Vellir

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Valla, dags. 10. febrúar 1890 og þinglýstu 3. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Völlum liggja Kollafjörður í vestri og Norðurgröf í austri. Að norðan liggja Blikdalur og að óverulegu leyti Eilífsdalur.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs úr um það bil 40 m í um það bil 900 m yfir sjó í Hábungu.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Valla er rakin í kafla 5.2.8. Þar kemur fram að Valla er getið í heimildum allt frá 1395. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁷⁷ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Valla er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Völlum. Athugun þessi einkorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálandi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Um merki í austri gagnvart Norðurgröf vísast til umfjöllunar um þá jörð. Í landamerkjabréfi Valla frá 1889 var vesturmörkum lýst þannig að bein stefna réði af Esjubrúninni skemmstu leið ofan í Kollafjarðarúpptökin. Eigendur Norðurgrafar og Kollafjarðar samþykktu þetta landamerkjabréf. Nánar er fjallað um þessi merki í umfjöllun um Kollafjörð. Um merki Blikdals sunnan og norðan Blikdalsár vísast til kafla sem um hann fjalla.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju ásamt Blikdal, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Valla nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.6. Kollafjörður

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Kollafjarðar, dags. 28. október 1889 og þinglýstu 3. júní 1890. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Kollafirði liggja Mógilsá að vestanverðu og Vellir að austanverðu. Að norðan liggur Blikdalur.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér er um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs frá sjávarmáli í um það bil 900 m yfir sjó í hábungu Esju.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kollafjarðar er rakin í kafla 5.2.9. Þar kemur fram að Kollafjarðar er getið í heimildum allt frá 1547. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁷⁸ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

⁵⁷⁷ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

⁵⁷⁸ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Kollafjarðar er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Kollafirði. Athugun þessi einskorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfussvæðis íslenska ríkisins.

Merki jarðarinnar eru tilgreind í landamerkjabréfi Kollafjarðar frá 1889. Vestur- og norðurmörkum jarðarinnar er lýst sem „... bein stefna skemmstu leið uppá Esju; því næst ræður há-Esjan að norðan svo sem vötnum hallar.“ Í lýsingu austurmarka er stefna dregin af „Esju-brúninni skemmstu leið ofaní Kollafjarðarar-upptökin“ og verður ekki dregin önnur ályktun en að „Esju-brún“ hljóti að vera þar sem lýsingu norðurmarka sleppir í austri, þ.e. á „há-Esju svo sem vötnum hallar.“ Lýsing þessi var samþykkt af eigendum Álfsness og Valla, ábúanda Varmadals og umboðsmönnum þjóðjarðarinnar Fitjakots og prestsins á Mosfelli, en Mosfellskirkja átti Mógilsá.

Í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. september 1942 var fjallað um ágreining sem risið hafði milli eigenda Kollafjarðar og Mógilsár um landamerki jarðanna. Í dóminum er vísað til þess að merkjum jarðanna sé annars vegar lýst í landamerkjabréfi Mógilsár með því að Hvítá ráði merkjum frá sjó í Geithól og upp á Esjubrún. Hins vegar sé merkjum þessara jarða lýst í landamerkjabréfi Kollafjarðar með því að Hvítá ráði merkjum frá „... ósum, þar sem hún fellur nú í sjóinn, til upptaka. Þaðan ræður bein stefna skemmstu leið upp á Esju.“ Dómurinn er mjög ítarlegur og er skýr um að ágreiningur einskorðaðist við það álitafni hvort Hvítá hefði breytt um farveg frá undirritun landamerkjabréfanna. Dómurinn, sem staðfestur var af Hæstarétti 13. nóvember 1944 (Hrd. 1944/329), tók til greina stefnukröfu eiganda Mógilsár í málinu, að landamerki jarðanna skyldu vera „Frá sjó ráði Hvítá, eins og hún rennur til sjávar [...] og úr því stysta lína í Esjubrún.“ Á því virðist byggt í málinu að mörk jarðanna til Esju hafi verið ágreiningslaus milli eigendanna. Að mati óbyggðanefndar verður ekki dregin sú ályktun af dómi þessum að hann hafi með nokkrum hætti takmarkað land Kollafjarðar til norðurs.

Um merki Blikdals sunnan Blikdalsár vísast til kafla 6.3.10., sem um hann fjallar.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju ásamt Blikdal, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Kollafjarðar nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju, ásamt Blikdal. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.7. Mógilsá

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Mógilsár, þinglýstu 3. júní 1890. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Mógilsá liggja Esjuberg að vestanverðu og Kollafjörður að austanverðu. Blikdalur er norðan jarðarinnar.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs frá sjávarmáli í um það bil 820 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Mógilsár er rakin í kafla 5.2.10. Þar kemur fram að Mógilsár er getið í heimildum allt frá 1395. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁷⁹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Mógilsár er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mógilsá. Athugun þessi einkorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálandi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Um austurmörk gagnvart Kollafirði vísast til umfjöllunar um þá jörð.

Fyrstu lýsinguna á vesturmerkjum Mógilsár gagnvart Esjubergi er að finna í lýsingu Björns Stephensens á Esjubergi (dáinn 1835) á merkjum þeirrar jarðar. Þar er merkjum lýst þannig að þau liggja í Djúpagil fyrir utan Mógilsá og í beinni stefnu úr því gili í Þverfellshornið.

Merki jarðarinnar eru tilgreind í landamerkjabréfi Mógilsár frá 1890. Vesturmörkum jarðarinnar er lýst „... úr efri Skarðsdal uppí Gljúfurdalshálsinn, og ræður háhryggurinn uppí Þverfellshorn að vestanverðu, og þaðan bein lína uppá Esjubrún“. Austurmörkum gagnvart Kollafirði er lýst frá Hvítá, „... í Geithól og uppá Esjubrún“. Lýsing þessi var samþykkt af eiganda Kollafjarðar. Eigandi Esjubergs samþykkti ekki þessa lýsingu. Var fjallað um ágreining eigenda þessara jarða í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 2. september 1922. Var þar dæmt að landamerki jarðanna, að því leyti sem hér er til skoðunar, skyldu vera eins og fram kemur í landamerkjabréfi Mógilsár. Í dóminum kemur fram að aðilar voru sammála um að land jarðanna næði lengra til norðurs en að Þverfellshorni; eigandi Esjubergs lýsti mörkum „... í axlarhorn í Þverfelli og svo áfram sama stefna upp í há Esjuna“, en eigandi Mógilsár lýsti mörkum „... upp í Þverfellshorn að vestanverðu og þaðan bein lína upp í Esjubrún“ eins og áður segir.

Um merki Blikdals sunnan Blikdalsár vísast til kafla 6.3.10., sem um hann fjallar.

⁵⁷⁹ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Mógilsár nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju, ásamt Blikdal. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.8. Esjuberg

Hér verður fjallað um norðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Esjubergs, dags. 27. maí 1890 og þinglýstu 3. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Esjubergi liggja Skrauthólar að vestanverðu og Mógilsá að austanverðu. Blikdalur er norðan jarðarinnar.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá suðri til norðurs frá sjávarmáli í um það bil 820 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Esjubergs er rakin í kafla 5.2.11. Þar kemur m.a. fram að Esjuberg er landnámsjörð og af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸⁰ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámapókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Esjubergs er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Esjubergi. Athugun þessi einskorðast við könnun norðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Um merki gagnvart Mógilsá vísast til umfjöllunar um þá jörð.

Vestur- og norðurmörkum Esjubergs er lýst þannig í landamerkjabréfi að þau miðist við „... hinn efri og skarpari kvennsöðul og svo sömu stefnu uppá fjallsbrún og austur há Esjufjallið að áðurgreindum mörkum“. Bréfið er ekki áritað um samþykki aðliggjandi jarða í vestri. Ágreiningur reis um landamerki Esjubergs, Sjávarhóla og Skrauthóla og var leyst úr honum með dómi 29. júní 1891. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að merki Skrauthóla og Sjávarhóla væru „... sömu stefnu uppí hæzta tindinn á Esjunni fyrir austan "Gleið"...“ en milli Skrauthóla og Esjubergs lægju merki „... beina stefnu uppá fjallsbrún, ...“. Óbyggðanefnd telur ekki óvarlegt að ætla að dómurinn noti þessi hugtök jöfnum höndum um sama fyrirbærið, þar sem að um norðurmörk einnar jarðar, Sjávarhóla, er að ræða annars vegar í vestri og hins vegar í austri.

⁵⁸⁰ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Um merki Blikdals sunnan Blikdalsár vísast til kafla sem um hann fjallar.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Esjubergs nái saman við merki annarra jarða og Blikdals uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.9. Hofshverfi, Vallá, Skrauthólar og Sjávarhólar

Óumdeilt er í máli þessu að merki jarðanna Hofshverfis, Vallár, Skrauthóla og Sjávarhóla annars vegar og merki Blikdals sunnan Blikdalsár hins vegar nái saman uppi á Esju. Fjallað verður um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis í kafla 6.3.17.

6.3.10. Blikdalur sunnan Blikdalsár

Hér verður fjallað um landsvæði það, sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Brautarholt ásamt jörðunum Bakkaholti, Brekku, Arnarholti, Mýrarholti og Prestshúsum frá 31. maí 1921, að því er tekur til Blikdals norðan Blikdalsár.

Blikdalur er vestan í Esjunni og liggur frá vestri í um það bil 60 m yfir sjó og til austurs í um það bil 800 m yfir sjó. Í dalnum rennur á og nefnist Blikdalsá og Ártúnsá þegar neðar tekur.

Fram er komið, sbr. kafla 5.2.20., að í máldaga Brautarholtskirkju, sem talinn er frá því á tímabilinu 1491–1518, hafi kirkjunni verið eignað land „... allt fram undir Fossa“ en ekki er að fullu ljóst við hvað er átt. Líkindi eru á að hér sé vísað til Bláfossa sem nefndir eru í lögfestu fyrir jörðinni Saurbæ og kirkjujörðum hennar frá 24. maí 1803, en þar segir um mörk í Blikdal: „... og so frammeftur ollum Blickdal til móts við Brautarholts kirkju land í þeim fyrsta farveg og svo framm í Blafossa svokallaða sunnan til við Gunnlaugs Skard, ...“ Hálf Blikdals er getið í skýrslu frá 1649 meðal eigna kirkjunnar, einnig í greinargerð frá 1678 og í vísitasíum 1703 og 1724. Í vísitasíu 1751 var landi kirkjunnar lýst þannig að hún ætti „... Langholt, og so þaðann land alt framm undir Fossa: ...“ Sama land var lögfest kirkjunni á manntalsþingi á Esjubergi 9. júní 1878 og áréttað nokkrum sinnum síðar eins og rakið er í kafla 5.2.20. Í landamerkjabréfi jarðarinnar þann 31. maí 1885 var merkjum jarðarinnar, að því leyti sem hér skiptir máli, lýst svo: „Að austan ræður merkjum Heiðvíkurlækur frá sjó upp að torfvörðu upphlaðinni (hornmarki); þaðan bein stefna norður í Hjassapúfu. Þaðan aptur bein lína í markapúfu, sem er hornmark milli jarðanna Mýrarholts og Arnarholts. Þaðan (frá tjeðri markapúfu) vestur í Fúlusker, Brautarholti tilheyra og Langholt milli Hofshverfis og Arnarholts. Enn fremur á Brautarholt Bleikdal hálfan (fyrir sunnan ána) allt uppá fjall svo sem vötn falla. Annars ræður sjór merkjum.“ Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 31. maí 1921 segir

m.a.: „Enn fremur fylgir Brautarholti Bleikdalur allur sunnan Bleikdalsár, suður og austur á fjallsbrún eins og vötnum hallar, enn fremur Andriðsey á Hvalfirði.“ Vegna síðastgreinds skal tekið fram að ekki er ágreiningur um að Andriðsey er eignarland. Landamerkjabréf Brautarholts var áritað um samþykki vegna Lykkju, Bakka, Saurbæjar, Vallár, Skrauthóla, Króks, Sjávarhóla, Hofa og Esjubergs.

Ekki virðist vera ágreiningur um mörk Blikdals sunnan Blikdalsár og verður lagt til grundvallar að þau liggi að norðanverðu eftir Blikdalsá, upp að Hábungu í Esju. Að sunnanverðu liggi mörkin „suður og austur eftir fjallsbrún eins og vötnum hallar“ að Hábungu. Ágreiningur er um hvort stofnast hafi beinn eignarréttur að umræddu landi.

Í kafla 5.2.20. er því lýst hvernig Blikdalur hefur í aldanna rás einkum verið notaður til selstöðu og upprekstrar fjár og hrossa. Því er lýst hvernig slík afnot voru ýmist samkvæmt heimild eða í trássi við vilja ábúenda þeirra jarða sem landið var talið tilheyrja.

Fyrir jörðina Brautarholt var gert landamerkjabréf árið 1921 og var bréfið áritað um samþykki jarða sem liggja að Blikdal. Ekkert er fram komið um ágreining um þessi merki gagnvart öðrum jörðum og á merkjalýsingin stoð í eldri heimildum um landamerki jarðarinnar. Um inntak eignarréttar á svæðinu eiga sömu sjónarmið við og þau sem eiga við Blikdal norðan Blikdalsár, og lúta að staðháttum, gróðurfari og öðrum þáttum, sem skipta máli um sönnun á beinum eignarrétti lands. Slík sönnun á beinum eignarrétti þótti fram komin í dómsmáli um Blikdal norðan Blikdalsár, sem áður var getið. Þá er óumdeilt að allt land sunnan Blikdals er eignarland. Ekkert er fram komið í málinu, sem stutt getur að munur verði gerður á landi í Blikdal eftir því hvorum megin árinna hann liggur. Þegar þessi aðstaða er virt í heild sinni standa ekki rök til annars en að niðurstaðan verði sú sama að því er varðar Blikdal sunnan Blikdalsár og um allt svæðið að öðru leyti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Blikdals sunnan Blikdalsár, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.11. Blikdalur norðan Blikdalsár

Hér verður fjallað um landsvæði það, sem lýst er í landamerkjabréfi fyrir Saurbæ með Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti og Ártúni frá 8. maí 1922, að því er tekur til Blikdals norðan Blikdalsár.

Blikdalur er vestan í Esjunni og liggur frá vestri í um það bil 60 m yfir sjó og til austurs í um það bil 800 m yfir sjó. Í dalnum rennur á og nefnist Blikdalsá og Ártúnsá þegar neðar tekur.

Í máldaga Saurbæjarkirkju frá því um 1220 kemur fram sú kvöð að „... Bru scal hallda a blic dals a þar milli fialls oc fjoru. ær sa vill sem j saurbæ byr.“ Hún er

árétuð í Vilchinsmáldaga frá 1397, og í vísitasíum 1642, 1678, 1703 og 1724. Svo virðist sem Blickdals sé ekki getið með öðrum hætti vegna Saurbæjar fyrr en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem tiltekur að jörðin eigi fjárupprekstur, hestagöngu og selstöðu í „... sínu eigin landi, þar sem heitir Blickdalur.“

Fyrstu lýsingu á merkjum Saurbæjar er að finna í lögfestu frá 24. maí 1803:

ad Blickdals á, sem í Sió rennur millum Artuns og Backalands með bugalausum Rensle um síafar fiöruna ráði merkium alt framm undir Blickdals fialls land og so frammeftir ollum Blickdal til móts við Brautarholts kirkju land í þeim fyrsta farveg og so framm í Blafossa sokallada sunnan til við Gunnlaugs Skard, enn ad innan verdu rædur merkjum Markalækur sem í Sió rennur fyrir innan Hiardarnes kot ogso upp eftir hönum til þess hann begir sudur á, þaðan Siónhending yfirum ydsta Melhólinn og uppá Fiall í þa Klettanibbu sem utarlaga er á Melafialli f(yrer) nordan og austan Qvenagaungugil úr þ(ei)rri Klettsnibbu og í Díadalshnúk solangt norðr á fiallid og austur til þess vötnum hallar so úr Díadalshnúkum sudur eftir fiallengards hæðunum til þess votnum hallar til norðurs austurs og sudurs, alt ad Blafossum adurnefndum ...

Í landamerkjabréfi Saurbæjar frá 1890 segir að jörðin eigi land „... beint í Háfjallsbrún á Melahnúk og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn.“ Þá er tekið fram að jarðirnar, sem landamerkjabréfið tók til, ættu óskipta beit á Bleikdal.

Í landamerkjabréfi jarðanna frá 1922 er merkjum í Blickdal lýst þannig að þau liggja eftir beinni stefnu í Strítu á fjallsbrún og „þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður.“ Landamerkjabréfið var samþykkt af hálfu Mela, Norðurkots, Tindsstaða, Miðdals, Eilífsdals, Brautarholts og Bakka.

Ágreiningur er um hvar Bleikdalsbotn liggur. Af hálfu íslenska ríkisins er haldið fram að um sé að ræða örnefni sem vísi til botns í fláti en af hálfu gagnaðila er haldið fram að botn sé innsti hluti dals. Engin rök standa til þess að taka undir skýringar íslenska ríkisins að þessu leyti, enda tilgreinir landamerkjabréfið sjálf að lína liggja „sem vötnum hallar“ suður fram í Bleikdalsbotn. Að mati óbyggðanefndar er augljóslega ekki lögð áhersla á að línan skuli dregin í suður, enda kæmi það ekki heim og saman við eldri lýsingar. Þá hefur ekki verið bent á að túlkun íslenska ríkisins eigi sér hliðstæðu í notkun á hugtakinu dalsbotn í merkjalýsingum jarða. Óbyggðanefnd telur rétt að túlka örnefnið til samræmis við eldri heimildir, þ.e. lögfestu frá 1803, en samkvæmt því eru merki Saurbæjar að þessu leyti eftir fjallsgarðshæðunum til þess sem vötnum hallar til norðurs, austurs og suðurs, en það mun vera Hábungu. Er það sami skilningur og var lagður í merkjalýsingar þessar í dómi Hæstaréttar Íslands frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) og áður er nefndur. Þar er tiltekið að norðurmörk Blickdals liggja eftir vatnaskilum til fjalla sem liggja milli þess dals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar.

Í niðurstöðu dómsins segir svo:

Að framan er rakið efni landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922, sem hefur ekki verið hnekkt með skírskotun til eldri heimilda. Verður ekki fundin stoð fyrir öðru en allt land norðan Blik-dalsár í Blikdal hafi heyrt til Saurbæjar, en verið háð rétti til beitar og slægna handa jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni. Með landskipta-gerðinni 1930 var þetta land í Blikdal gert að óskiptri sameign, sem fylgdi jörðunum Saurbæ og Dalsmynni, svo sem er áréttað í framangreindu orðalagi kaupsamnings og afsals fyrir Dalsmynni frá 1936. Samkvæmt gögnum málsins hefur annarri skipan en þessari ekki verið komið á með yngri heimildarbréfum. Verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins, að Blikdalur norðan Blikdalsár sé eignarland í óskiptri sameign gagnáfrýjenda og hluti af jörðum þeirra, Saurbæ og Dalsmynni.

Samkvæmt þessu liggur fyrir dómur um það álitafni sem hér er til úrlausnar og verður hann lagður til grundvallar niðurstöðu málsins.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Blikdals norðan Blikdalsár, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.12. Miðdalur

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Miðdals og Melbæjar, dags. 27. desember 1921 og þinglýstu 23. júní 1922. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Miðdal liggur Blikdalur í suðri, Tindsstaðir í vestri og Eilífssdalur í austri.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá vestri og til suðurs úr um það bil 100 m í um það bil 840 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Miðdals er rakin í kafla 5.1.4. Þar kemur fram að Miðdals er getið í heimildum allt frá 1220. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸¹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Miðdals er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Miðdal. Athugun þessi einskorðast við könnun suðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á austurmerkjum Miðdals gagnvart Eilífssdal er að finna í vitnisburði um áreið 2. mars 1468. Kom fram að eigandi Miðdals hefði eignað sér land „... allri leingra en j nedannuerdann Sandhrygginn. er geingr ofan ur hnuknum fyrir sunnann fram j dalnum. og suo yfer griotfestina (grjótrústina) er geingr ofan ur

⁵⁸¹ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fjallinu fyrir nordann framm j dalnum.“ Merkjum Miðdals er næst lýst í landamerkjabréfi fyrir Miðdal, Miðdalskot og Melbæ 28. maí 1890, þannig að þau liggi „... að vestanverðu kerlingargil og gamall lækjarfarvegur úr því gili sem vatn hefur runnið til forna niður í Miðdalsá, og svo sem áin ræður niður til merkjagils að norðan verðu við ána ...“. Að austan liggi merki úr Festarhrygg í Sandfelli þvert yfir dalinn í Sandhrygg „... uppá fjallsbrún og svo eptir fjallsbrún allt vestur í kerlingargil.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki Morastaða, Tindstaða og Eilífsdals.

Í landamerkjabréfi Miðdals frá 23. júní 1922 er merkjum lýst að þessu leyti þannig að þau liggi úr Festarhrygg í Innri-Sandhrygg „... og eptir honum í Þórnyjartind. // Að sunnan frá Þórnyjartindi eptir há-Esju eins og vötnum hallar vestur á Tindstaðahnjúk. Þaðan beint i Kerlingargil.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki Morastaða, Eyra, Bæja, Tindstaða, Eilífsdals og Saurbæjar, en norðurhluti Blikdals tilheyrði síðastnefndri jörð. Í dómi Hæstaréttar Íslands 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996, bls. 696) kemur fram sá skilningur réttarins að norðurmörk Blikdals afmarkist af vatnaskilum til fjalla sem liggja milli Blikdals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar.

Í ljósi þessa verður ekki annað séð en að landamerkjabréf jarðarinnar frá 1922 lýsi sömu merkjum og greind eru í eldra landamerkjabréfi 1890 og hafi þannig stuðning í því bréfi. Ekki skiptir máli, þótt merkjalýsing frá 1468 hafi einskorðast við merki jarða á láglandi en ekki náð til fjalla.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Miðdals nái saman við merki annarra jarða og Blikdals uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.13. Eilífsdalur

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Eilífsdals, dags. 20. maí 1890, og þinglýstu 2. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Eilífsdal liggur Blikdalur í suðri, Miðdalur í vestri, Meðalfell í austri, ... í norðri. Samkvæmt kröfugerð virðast Vellir og Norðurgröf á Kjalarnesi að óverulegu leyti eiga mörk gagnvart Eilífsdal.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá norðri og til suðurs úr um það bil 120 m í um það bil 900 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Eilífsdals er rakin í kafla 5.1.5. Þar kemur fram að Eilífsdals er getið í heimildum allt frá 1352. Af þeim

verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸² Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Eilífsdals er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Eilífsdal. Athugun þessi einkorðast við könnun suðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfuvæðis íslenska ríkisins.

Um merki gagnvart Miðdal vísast til umfjöllunar um þá jörð. Merkjum Eilífsdals er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina 20. maí 1890. Að því leyti sem snertir mál þetta er merkjum lýst þannig að þau liggi eftir „... Dælisá upp Dalinn, svo Fossaá uppá fossabrún, þaðan til há Esju, svo þaðan vestur á Gunnlögsskarð, síðan norðvestur fjall á Þórnýjartind, svo ofan Sandhrygginn, ...“. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki Miðdals, Meðalfells og Tindstaða. Í dómi Hæstaréttar Íslands 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996, bls. 696) kemur fram sá skilningur réttarins að norðurmörk Blikdals afmarkist af vatnaskilum til fjalla sem liggja milli Blikdals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar. Nánar er fjallað um landamerki gagnvart Meðalfelli í kafla 6.3.14. um þá jörð og vísast til hans að því leyti.

Óbyggðanefnd telur að ekki skipti máli, þótt tilvísun í landamerkjabréfi til vesturs og norðvesturs ofan á Esju svari ekki til réttara átta en af yfirlitskortu má ráð, að lína frá há-Esju til Gunnlaugsskarðs liggi í norðvestur og lína þaðan að Þórnýjartindi liggi í norðnorðvestur eða því sem næst. Verður byggt á kennileitum að þessu leyti.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Eilífsdals nái saman við merki annarra jarða og Blikdals uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.14. Meðalfell

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Meðalfells, dags. 14. desember 1921 og þinglýstu 23. júní 1922. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Meðalfelli liggur Eilífsdalur í vestri, Flekkudalur og Grjóteyri í austri og Þverárkot og Norðurgröf á Kjalarnesi í suðri.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá norðri og til suðurs úr um það bil 50 m í um það bil 900 m yfir sjó.

⁵⁸² Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Meðalfells er rakin í kafla 5.1.6. Þar kemur fram að Meðalfells er getið í heimildum allt frá 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸³ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Meðalfells er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Meðalfelli. Athugun þessi einkorðast við könnun suðurmerkja jarðarinnar gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Meðalfells er að finna í landamerkjabréfi fyrir Meðalfell og Meðalfellskot 8. mars 1890. Að því leyti sem snertir mál þetta er merkjum lýst „... frá Meðalfellsvatni (að sunnan) þverbein stefna frá vatninu uppí „Arnbjargarhnúk“ (í Skóginum); af Arnbjargarhnúk (eptir því sem vötnum hallar) upp „Nónbunu“, „Paradísarhnúk“ og uppá Esju. Svo ofan af Esju niður í Meðalfellsdalsbotn þar sem áin hefur upptök við Geldfjárhlið.“ Undir landamerkjabréfið undirrita margir menn, þar á meðal fyrirsvarsmenn Eilífsdals, en óvíst er um hvort áritað er vegna allra aðliggjandi svæða. Nýtt landamerkjabréf fyrir Meðalfell með Meðalfellskoti og húsmannsbýlinu við Meðalfellsfjárhús var undirritað 14. desember 1921. Þar er merkjum m.a. lýst svo:

Milli Meðalfells- og Flekkudals og Grjóteyarlanda eru þessi merki: Frá vörðu eða hól, gerðum þar sem lækur úr „Miðmundadal“ fellur í Meðalfellsvatt, bein lína upp á „Arnbjargahnúk“ eða „Miðmundahnúk“. Þá frá vörðu, á nefndum hnúki, þar sem hæst er eða frá hallar til beggja hliða) upp hálsinn, uppá „Nónbunu“, uppá „Paradísarhnúk“ og uppá „Esju“, beint þar uppaf til þess hæst er, eða að þeim stað að hallar frá til beggja hliða. // 3. Milli Meðalfells- og Eileifsdals- landa eru merki: Frá uppsprettum „Dælísár“, austan við „Geldfjárhlið“ í Meðalfellsdalsbotni, beint uppá klettabrún og þaðan beint upp til þess „Esjan“ er hæst. Þá, frá nefndum uppsprettum, er Dælísá landamörk, meðan Eileifsdalsland er að henni að vestan.

Landamerkjabréf þetta er áritað um samþykki fyrir Flekkudal og Grjóteyri, Eilífsdal og fleiri jarðir. Um merki gagnvart Þverárkoti og Norðurgröf vísast til þess sem fram kemur í köflum um þær jarðir.

Óbyggðanefnd telur að ekki skipti máli þótt tilvísun í landamerkjabréfi til vesturs og norðvesturs ofan á Esju svari ekki til rétttra átta en af yfirlitskorti má ráða að lína frá há-Esju til Gunnlaugsskarðs liggja í norðvestur og lína þaðan að Þórnyjartindi liggja í norðnorðvestur eða því sem næst. Verður byggt á kennileitum að þessu leyti.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur

⁵⁸³ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

óbyggðanefnd að merki Meðalfells nái saman við merki annarra jarða og Blikdals uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.15. Flekkudalur og Grjóteyri

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Flekkudals og Grjóteyrar, dags. 14. desember 1921 og þinglýstu 23. júní 1922. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óparft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Flekkudal og Grjóteyri liggur Meðalfell í vestri og norðri, Sandur og Eyjar í austri og Þverárkot á Kjalarnesi í suðri.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá norðri og til suðurs úr um það bil 50 m í um það bil 840 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Flekkudals og Grjóteyrar er rakin í köflum 5.1.7. og 5.1.8. Þar kemur fram að Flekkudals er getið í heimildum allt frá 1475. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða og eftir skiptingu tvær jarðir.⁵⁸⁴ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðanna Flekkudals og Grjóteyrar er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi einkorðast við könnun suðurmerkja jarðanna gagnvart hálandi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Flekkudals og Grjóteyrar er að finna í landamerkjabréfi fyrir óskipt beitiland jarðanna frá október 1883 og eru þau svofelld:

...beint upp gilið uppá Sandfjallsbrún nálægt Dagmálavörðu, svo í landsuður eptir sem vötnum hallar suður og norður af Sandfjalli, suður fyrir Torvaldsbotn hæðstan, svo beint suður í Esjuhörn og upp á það til hæðstrar Esju suður fyrir Flekkudalsbotn. // 2. Þaðan aptur norður eptir því, sem vötnum hallar, millum Flekkudals að norðaustan og Meðalfellsdals að vestan norður Paradísarhnúk, svo norður og ofan Nónbungu, frá henni beint á Arnbjargarhnúk, þaðan beint ofan í Meðalfellsvatn vestarlega.

Landamerkjabréf þetta er áritað um samþykki fyrir Sand og Meðalfell.

Næst er merkjum jarðanna lýst svo í Landamerkjabréfi fyrir jarðirnar í ágúst 1912:

⁵⁸⁴ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

...bein lína í gil austan við Dagmálavörðu, úr henni austur Sandfjal<l>sbrún norðan við Torfadalsbotn sem vötnum hallar í Esjuhörn. // 2. Milli Flekkudals og Grjóteyarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, og Þverárkots og Grafar í Kjalarneshreppi, sem vötnum hallar eptir Esjunni vestur í Paradísarhnúk. — // 3. Milli Flekkudals — og Grjóteyarlands og Meðalfells og Meðalfellskotslands frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, eptir því sem vötnum hallar í Nónbungu, úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar í svonefndan Miðmundahnúk, sem austanvert við svonefn<dan> Miðmundadal, úr þeim hnúk þar sem hann er hæstur, bein lína í Grástein, sem er utarlega í svonefndum Flekkudalsskáp, úr Grástein beint niður í Meðalfellsvatn.

Landamerkjabréf þetta var áritað af eigendum Sands og Eyja í Kjós auk eigenda Norðurgrafar og Þverárkots á Kjalarnesi, sá síðastgreindi þó með fyrirvara.

Þriðja landamerkjabréf fyrir Flekkudal og Grjóteyri var gert í desember 1921. Þar er þeim merkjum, sem hér skipta máli, lýst svo:

...beina línu í Barnhúsvörðu, þaðan beina línu, sem vörður vísa, eftir gili upp á Sandsfjallsbrún. Síðan úr gili þessu, sem vötnum hallar í Esjuhörn. // 2. Milli Flekkudals og Grjóteyarlands og jarðanna Eyja í Kjósarhreppi, Þverárkots og Grafar í Kjalarneshreppi, eru landamerki: sem vötnum hallar, vestur í Paradísarhnúk. // 3. Landamerki milli Flekkudals og Grjóteyarlands og Meðalfells, frá Paradísarhnúk, þar sem hann er hæstur, sem vötnum hallar í Nónbungu. Úr Nónbungu sömuleiðis sem vötnum hallar, í Miðmundahnúk, sem er austanvert við Miðmundadal. Þaðan úr vörðunni á Miðmundahnúk, beina línu í Meðalfellsvatn, þar sem Miðmundadalslækurinn rennur í það.

Landamerkjabréf þetta er áritað um samþykki vegna Eyja, Meðalfells, Sands og Þverárkots. Um merki gagnvart Þverárkoti vísast til þess sem fram kemur í kafla 6.3.3. um þá jörð.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Flekkudals og Grjóteyarar nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.16. Eyjar

Hér verður fjallað um suður- og vesturhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Eyja, dags. í nóvember 1921 og þinglýstu 23. júní 1922. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Eyjum liggja Flekkudalur og Grjóteyri og Sandur að vestan- og norðanverðu, Möðruvellir að austanverðu og Þverárkot að sunnanverðu.

Fjalllendi einkennir stóran hluta þess landsvæðis sem hér um ræðir, landið rís frá norðri og til suðurs úr um það bil 60 m í um það bil 840 m yfir sjó.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Eyja er rakin í kafla 5.1.9. Þar kemur fram að Eyja er getið í heimildum allt frá 1180. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða og eftir skiptingu þrjár jarðir.⁵⁸⁵ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Eyja er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Athugun þessi einskorðast við könnun suður- og vesturmerkja jarðanna gagnvart hálendi Esjunnar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Eyja er að finna í landamerkjabréfi fyrir jörðina Sand frá 1887. Þar er austur- og suðurmörkum Sands gagnvart Eyjum lýst þannig að þau liggi eftir tiltekinni línu frá Meðalfellsvatni í Sandsá, „... hornið með ánni uppí mynnið í myrkagili, upp gilið í Esjuhörn“. Bréfið var samþykkt af hálfu Eyja. Næst er landamerkjum Eyja lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina 1887. Þar er austur- og suðurmörkum lýst þannig að þau liggi eftir Hvassneslæk, úr honum beint uppí Stórahnífhól, „... og hann upp á Eyjafellshorn þaðan sem vötnum hallar suður á Háa-Hnúk, svo eptir hæðstum brúnum í landsuður á móts við Trönudalsbotna, frá þeim suður á Mósörð, þaug vestur öll á by við Suðurárdalsbotn, þaðan norður í Esjuhörn.“ Landamerkjabréf þetta er áritað um samþykki fyrir Sand, Meðalfell, Þorláksstaði, Vindás og Möðruvelli.

Næst er þessum merkjum jarðanna lýst svo í landamerkjabréfi fyrir Eyjar í nóvember 1921: „5. Millum Möðruvalla og Eyja uppeftir Hvassneslæk að öðru lækjarmynni og þaðan í vörðu á Stórahnífhól þaðan uppí Eyjafellshorn, þaðan sem vötnum hallar suður á Háa-hnúk, svo eftir hæðstu brúnum fjallsins alla leið suður á Móskaðahnúk. // 6. Millum Þverárkots og Eyja vestur há-Esju eftir því sem vötnum hallar vestur á móts við Markagil. // 7. Millum Sands og Eyja af há Esju ofan í Markagilsbotn eftir gilinu í Sandsá ...“

Landamerkjabréf þetta var áritað af hálfu Meðalfells, Hurðarbaks, Þorláksstaða, Vindáss, Möðruvalla, Flekkudals og Grjóteyrar, Þverárkots og Sands.

Í ljósi framangreinds og heimilda um merkjalýsingar annarra jarða suður og norður með Esju, sbr. einkum umfjöllun um hugtakið fjallsbrún í kafla 6.3.2., telur óbyggðanefnd að merki Eyja nái saman við merki annarra jarða uppi á Esju. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu umrædds landsvæðis, sem fjallað

⁵⁸⁵ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verður um í kafla 6.3.17. Þá skal áréttað að í merkjaumfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.3.17. Niðurstaða um eignarréttarlega stöðu landsvæða á og við Esju

Svo sem greinir í köflum 6.3.3.–6.3.16. telur óbyggðanefnd að heimildir um merki jarða suður og norður með Esju bendi til þess að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins falli allt innan þeirra. Ekki hefur þó verið tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu annarra landsvæða en Blikdals, sem í köflum 6.3.10.–6.3.11. er talinn eignarland. Hér verður fjallað um sameiginleg atriði sem varða aðra hluta þessa svæðis og komist að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þess.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 eru gerð landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar að mestu leyti rétt lýst en í einstaka tilfelli skarast merki tiltekinna jarða. Landamerkjabréf jarðanna eru í flestum tilvikum samþykkt af aðliggjandi jörðum eða öfugt en í öðrum tilvikum samræmast merki jarða á kröfusvæðinu. Bréfin eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nággranna sem máli skiptir við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna. Þannig styðst tilvísun í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um réttindi Bakka og Arnarholts til fjárupprekstrar í Esju, sem fjallað er um í kafla 5.2.26., ekki við önnur gögn, t.d. umfjöllun um aðrar jarðir. Réttindum þessum er lýst sem ítaki en það hefur þá fallið niður fyrir vanlýsingu eigi síðar en í júlí 1954, sbr. lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁵⁸⁶

⁵⁸⁶ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þverárkots, Norðurgrafar, Valla, Kollafjarðar, Mógilsár, Esjubergs, Hofshverfis, Vallár, Skrauthóla, Sjávarhóla, Miðdals, Eilífsdals, Meðalfells, Flekkudals og Grjóteyrar og Eyja, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.4. Þrándarstaðir

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Þrándarstaða, dags. 29. maí 1922 og þinglýstu 23. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Þrándarstöðum liggur Fossá í vestri, Skorhagi í norðri, Ingunnarstaðir og Hrísakot í austri og Hækingsstaðir í suðri.

Íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendukröfulínu sína frá há-Kili á sýslumörkum og eftir „mörkum milli Hækingsstaða og Ingunnarstaða/Hrísakots að hornmarki við Þrándarstaði, þaðan er bein lína þar til hún sker mörk Ingunnarstaða/Hrísakots og Stóra-Botns í 500 m hæð“, sjá nánar í kafla 3.1.1. Að því er varðar jörðina Þrándarstaði krefst sami aðili beins eignarréttar að þjóðlendukröfulínu og þar fyrir ofan, að sveitarfélagamörkum, viðurkenningar á rétti til afréttarnota innan þjóðlendu, sjá nánar í kafla 3.1.2., sbr. einnig kafla 6.1.

Af hálfu íslenska ríkisins einskorðast málatilbúnaður við að um sams konar land sé að ræða og óbyggðanefnd fjallaði um í málinu nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi. Þar hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hluti lands Þingvallakirkju væri þjóðlenda. Líklegt sé að land vestan megin þjóðlendu sé einnig þjóðlenda og beri sá sönnunarbyrði sem haldi öðru fram.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þrándarstaða er rakin í kafla 5.1.16. Þar kemur fram að Þrándarstaða er getið í heimildum allt frá 1509. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸⁷ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Þrándarstaða er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Þrándarstöðum. Athugun þessi einskorðast við könnun suðausturmerkja jarðarinnar gagnvart kröfusvæði íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Þrándarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á merkjum Þrándarstaða er að finna í landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 1886. Þar er mörkum lýst eftir Brynjudalsá í ármót gagnvart Þverá, svo

⁵⁸⁷ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hana upp, upp Þverárdal upp í Kjöl og hann vestur í Kjalarhorn, úr vesturhorni Kjalar beinustu leið norðvestur ofan fjallið í skarð sem Vestri-Rauðalækur kemur fram af Þrándastaðaflóabruninni, svo hann ofan í sjó. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki fyrir Skorhaga, Ingunnarstaði og Fossá. Af hálfu Þrándarstaða var samþykkt landamerkjalyking Hækingsdals árið 1921 en þar var norðurmörkum þeirrar jarðar lýst með beinni línu frá há-Kili í Hjaltadalsárupptök. Í nýju landamerkjabréfi fyrir Þrándarstaði frá 29. maí 1922 er merkjum lýst þannig að þau fylgi Brynjudalsá að Þverá, eftir henni að upptökum, þaðan sjónhending suður á há-Kjöl, eftir há-Kili að upptökum Hjaltadalsár, þaðan yfir Kjalarhorn þaðan bein stefna að upptökum Rauðalækjar og eftir honum til sjávar.

Stærstur hluti Þrándarstaða er utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf jarðarinnar er samþykkt af aðliggjandi jörðum. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Í kjölfar þess að landamerkjalyg taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Þrándarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða í Kjós, Þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skiptir. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Þrándarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Þrándarstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að úrlausn óbyggðanefndar varðandi jörðina Þingvelli hafi áhrif á eignarréttarlega stöðu Þrándarstaða. Umræddur úrskurður óbyggðanefndar er birtur í skýrslu óbyggðanefndar fyrir árin 1998–2002. Þar kemur fram að gögn um stofnun allsherjarríkis beri með sér að eignarréttarleg staða Þingvalla hafi snemma verið með sérstökum hætti. Vafi væri um landnám á því svæði og væri hann óhjákvæmilega meiri eftir því sem norðar og austar drægi. Í úrskurðinum er vísað til gagna um að Skjaldbreiður hafi ekki tilheyrt jörðinni frá upphafi og samandregið komist að þeirri niðurstöðu að Þingvallakirkjuland hafi ekki í heild sinni verið undirorpið beinum eignarrétti en óvíst væri hvar mörkin lægju. Óbyggðanefnd féllst á kröfu íslenska ríkisins, sem eiganda jarðarinnar, um þjóðlendumörk, enda yrði ekki við önnur réttari mörk miðað, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Engar forsendur eru tilgreindar af hálfu íslenska ríkisins í þessu máli, sem leggja að jöfnu land Þingvallakirkju, sem úrskurðað var þjóðlenda, og það land Þrándarstaða sem mál þetta fjallar um. Er sjónarmiðum íslenska ríkisins því hafnað.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Þrándarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1922 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendi jarðarinnar hafa þar ekki verið undanskilin.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Þrándarstaða hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem máli skiptir. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Þrándarstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁵⁸⁸

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þrándarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.5. Ingunnarstaðir og Hrísakot

Hér verður fjallað um suðurhluta landsvæðis þess sem lýst er í landamerkjabréfi Ingunnarstaða, dags. 26. apríl 1890, og þinglýstu 2. júní sama ár. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir í ljós að óþarft er í máli þessu að fjalla um aðra hluta jarðarinnar.

Að Ingunnarstöðum liggja Þrándarstaðir og Skorhagi í vestri, Stóri-Botn í norðri og Þingvallakirkjuland í austri og suðri.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá há-Kili á sýslumörkum og eftir „mörkum milli Hækingsstaða og Ingunnarstaða/Hrísakots að hornmarki við Þrándarstaði, þaðan bein lína þar til hún sker mörk Ingunnarstaða/Hrísakots og Stóra-Botns í 500 m hæð“. Á móti hafa eigendur Ingunnarstaða og Hrísakots gert kröfu um beinan eignarrétt að því landsvæði sem þeir telja að falli innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins einskorðast málatilbúnaður við að um sams konar land sé að ræða og óbyggðanefnd fjallaði um í málinu nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi. Þar hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hluti lands Þingvallakirkju væri þjóðlenda. Líklegt sé að land vestan megin þjóðlendu sé einnig þjóðlenda og beri sá sönnunarbyrði sem haldi öðru fram.

⁵⁸⁸ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Af hálfu eigenda Ingunnarstaða og Hrísakots er vísað til þess að allt land þessa svæðis hafi verið numið í öndverðu og að enginn ágreiningur hafi verið um landamerki jarðarinnar sem þýðingu hafi í þessu máli. Landamerkjaskrá jarðarinnar hafi verið þinglýst athugasemdalaust og komi heim og saman við lýsingar aðliggjandi jarða á svæðinu. Vísað er til 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttar, þinglýsingalaga sem fjalli um réttindi þinglýsts eiganda, laga um landamerki og laga um hefð en eigendur jarðarinnar hafi haft umráð landsins margfaldan hefðartíma og meinað öðrum afnot þess. Þá er vísað til fordæma óbyggðanefndar og annarra gagna um eignarhald og dóms Hæstaréttar Íslands frá 21. október 2004. Að lokum er vísað til venjuréttar sem feli í sér að land, sem að fornu hafi eingöngu verið notað af landeigendum, sé eignarland þeirra án takmarkana.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Ingunnarstaða er rakin í kafla 5.1.17. Þar kemur fram að Ingunnarstaða er getið í heimildum allt frá 1180. Af þeim verður ráðið að um sjálfstaða jörð hefur verið að ræða.⁵⁸⁹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum jarðarinnar Ingunnarstaða er lýst í heimildum um það efni. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Ingunnarstöðum. Athugun þessi einkorðast við könnun suður- og austurmerkja jarðarinnar gagnvart kröfusvæði íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ingunnarstaða verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem til umfjöllunar er.

Fyrstu lýsinguna á merkjum Ingunnarstaða er að finna í landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 1890. Að því leyti sem hér skiptir máli þá er mörkum gagnvart Stóra-Botni lýst þannig að vatnshalli ráði á múlanum og sömuleiðis þar sem „Súlur“ taki við og það austur að Þingvallakirkjulandi. Gagnvart Þingvallakirkjulandi liggja merkin á beinni línu frá „Háusúlu“ eða „Mjóusúlu“ sem standi í beinni línu við merki, þaðan til upptaka Öxarár við Myrkavatn og þaðan sjónhending í suður á há-Kjöl. Síðan ráði vatnshalli vestur eftir Kilinum „til þess á móts við, eða uppundan „Þverá“. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki Þrándarstaða, Skorhaga og Þingvallakirkjutorfunnar. Landamerkjalysing Stóra-Botns frá 14. maí 1890 fellur að lýsingu Ingunnarstaða og var áritað um samþykki vegna hennar.

Stærstur hluti Ingunnarstaða er utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Landamerkjabréf jarðarinnar er samþykkt af jörðum í suðri, vestri og austri. Þá er landamerkjabréf Stóra-Botns í norðri áritað um samþykki vegna Ingunnarstaða. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

⁵⁸⁹ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Ingunnarstaði. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða til suðurs, vesturs og austurs og eigandi Ingunnarstaða samþykkti merki aðliggjandi jarðar til norðurs. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skiptir. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Ingunnarstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Ingunnarstaða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að úrlausn óbyggðanefndar varðandi jörðina Þingvelli hafi áhrif á eignarréttarlega stöðu Ingunnarstaða. Umræddur úrskurður óbyggðanefndar er birtur í skýrslu óbyggðanefndar fyrir árin 1998–2002. Þar kemur fram að gögn um stofnun allsherjarríkis beri með sér að eignarréttarleg staða Þingvalla hafi snemma verið með sérstökum hætti. Vafi var um landnám á því svæði og væri hann óhjákvæmilega meiri eftir því sem norðar og austar drægi. Í úrskurðinum er vísað til gagna um að Skjaldbreiður hafi ekki tilheyrt jörðinni frá upphafi og samandregið komist að þeirri niðurstöðu að Þingvallakirkjuland hafi ekki í heild sinni verið undirorpið beinum eignarrétti en óvíst væri hvar mörkin lægju. Óbyggðanefnd féllst á kröfu íslenska ríkisins, sem eiganda jarðarinnar, um þjóðlendumörk, enda yrði ekki við önnur réttari mörk miðað, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Engar forsendur eru tilgreindar af hálfu íslenska ríkisins í þessu máli, sem leggja að jöfnu land Þingvallakirkju, sem úrskurðað var þjóðlenda, og það land Þrándarstaða sem mál þetta fjallar um. Sjónarmiðum íslenska ríkisins í þessa átt er því hafnað.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ingunnarstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendi jarðarinnar hafa þar ekki verið undanskilin.

Ekki verður annað séð en að eignarhald innan framangreindra merkja Ingunnarstaða hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem máli skiptir. Engar heimildir eru um að land innan merkja jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Ingunnarstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða án

þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁵⁹⁰

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ingunnarstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.6. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsnets hf.

⁵⁹⁰ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

7. ÚRSKURÐARORÐ

Ekki eru þjóðlendum á landsvæði því sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Eyvindur G. Gunnarsson hrl., kr. 1.250.000; Gunnar Sæmundsson hrl., kr. 280.000; Hákon Árnason hrl., kr. 310.000; Páll Arnór Pálsson hrl., v/jarða á Kjalarnesi kr. 500.000 og v/jarða í Kjós kr. 950.000, Sigurður Sigurjónsson hrl., kr. 370.000; en þóknun lögmanna greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

Halldór Jónsson

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

Sjá bls. 195

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá



Þjóðlendukort - Mál nr. 3 - 4/2004 Kjós og Kjál



- | | | |
|---|---------------------------------------|---|
| Krafa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendumörk. | Kröfur ýmissa aðila um eigarréttindi. | Linustæði Landsvirkjunar |
| Krafa eiganía Esjubergs. Skarast við kröfur eigenda Skrauthóla, Sjárhóla og Vallár. | Mörk óviss | Krafa eiganía Sjárhóla. Skarast við kröfur eigenda Smátýla 4 - 14 og Esjubergs. |

arnes



- Kafa Pránderstaða um afrítt.
- Útskipt land í jörðunum Ingunnarstöðum og Hrisakot.
- Varakrafa Ingunnarstaða.

Engin þjóðenda samskipt úrskurð Óbyggðanefndar

Óggh. 18.05.06
 Kartagráf 1:50.000
 Málavæðir: 150.000
 Kartagerð: Sigurður Skússon, Landhæðingur
 © Landmæringar Íslands, lýfi nr. L2200013

II. Aðilaskrá

Þjóðlendum	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Blikdalur norðan Blikdalsár	Bjarni Bærings Bjarnason vegna Dalsmynnis
Blikdalur norðan Blikdalsár	Reykjavíkurborg vegna Saurbæjar
Blikdalur sunnan Blikdalsár	Reykjavíkurborg vegna Brautarholts
Eilífsdalur	Aðalsteinn Grímsson
Esjuberg	Árni Snorrason
Esjuberg	Bergþóra Gísladóttir
Esjuberg	Gísli Snorrason
Esjuberg	Oddný Snorradóttir
Esjuberg	Steypustöðin ehf.
Esjubær	Agnar Þórðarson vegna Hofs
Esjubær	Anna Harðardóttir vegna Hofs
Esjubær	Kristín H. Traustadóttir vegna Hofs
Esjubær	Sveinn Agnarsson vegna Hofs
Esjubær	Sverrir Þórðarson vegna Hofs
Esjubær	Uggi Agnarsson vegna Hofs
Esjubær	Úlfur Agnarsson vegna Hofs
Esjubær	Þórður Harðarson vegna Hofs
Eyjar I	Marta Kristín Karlsdóttir
Eyjar I	Páll Ingólfsson
Eyjar II	Eyjaberg ehf.
Flekkudalur	Einar Ólafsson
Flekkudalur	Guðný Ívarsdóttir
Flekkudalur	Halldóra Ingibjörnsdóttir
Flekkudalur	Ólafur Einar Ólafsson
Flekkudalur	Ólafur Guðmundsson

Flekkudalur	Ólafur Ingibjörnsson
Flekkudalur	Ólöf Sigríður Arngrímsdóttir
Flekkudalur	Siggeir Ólafsson
Flekkudalur	Signý Ósk Ólafsdóttir
Flekkudalur	Sigríður Ólafsdóttir
Flekkudalur	Sævar R. Arngrímsson
Flekkudalur	Þórunn Einarsdóttir
Grjóteyri	Kristján Finnsson
Hjalli	Aðalheiður Birna Einarsdóttir
Hjalli	Hermann Ingólfsson
Hof	Eygló Gunnarsdóttir
Hrísakot	Ingibjörg Magnúsdóttir
Hrísakot	Landgræðslusjóður
Ingunnarstaðir	Ingibjörg Magnúsdóttir
Ingunnarstaðir	Landgræðslusjóður
Kollafjörður	Ríkissjóður Íslands
Meðalfell	Gísli Ellertsson
Miðdalur	Guðmundur H. Davíðsson
Miðdalur	Svanborg Magnúsdóttir
Mógilsá	Ríkissjóður Íslands
Möðruvellir I	Sigurður Guðmundsson
Möðruvellir II	Bílfell ehf.
Norðurgröf	Skipulagssjóður Reykjavíkur
Sjávarhólar	Ólafur S. Guðbjartsson
Smábýli 4 í landi Skrauthóla	Þorsteinn H. Kúld
Smábýli 5 í landi Skrauthóla	Björk Þórðardóttir
Smábýli 6 í landi Skrauthóla	Ingibjörg Svavarsdóttir
Smábýli 7 í landi Skrauthóla	Reykjavíkurborg
Smábýli 8 í landi Skrauthóla	Reykjavíkurborg
Smábýli 9 í landi Skrauthóla	Jón Leví Tryggvason
Smábýli 10 í landi Skrauthóla	Sigríður Pétursdóttir
Smábýli 10 í landi Skrauthóla	Hreinn Hákonarson
Smábýli 11 í landi Skrauthóla	Víkingur Aðalsteinsson
Smábýli 12 í landi Skrauthóla	Kristinn B. Sigurðsson

Smábýli 13 í landi Skrauthóla	Guðlaugur Þorgeirsson
Smábýli 14 (Árvellir) í landi Skrauthóla	Götusmiðjan ehf.
Vallá	Skurn hf.
Vallá, spilda	Geir G. Geirsson
Vallá, spilda	Hjördís Gissurardóttir
Vallá, spilda	Silfurskinn ehf.
Vallá, spilda	Stjórngrís ehf.
Vellir	Arnfríður Jónasdóttir
Vellir	Björn Jónasson
Vellir	Db. Helga Jónassonar
Vellir	Guðrún Sonja Guðmundsdóttir
Vellir	Hjartavernd
Vellir	Jóhanna Björnsdóttir
Vellir	Jóhanna S. Guðbjörnsdóttir
Vellir	Jónas Jónasson
Vellir	Lilja Guðmundsdóttir
Vellir	Ólafur Kr. Magnússon
Vellir	Skúli Guðmundsson
Vellir	Sverrir Guðmundsson
Þrándarstaðir	Ríkissjóður Íslands
Þverárkot	Sveinn Sigurjónsson
Landsnet hf.	

III. Skjalaskrá¹

A. Skjöl í Kjalarneshluta málsins²:

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
 - 1(1) Skjalaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(3) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra á Kjalarnesi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni (mælikvarði 1:50.000).
 - 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 27.10.2004. Tilkynning um meðferð á svæði IV.
 - 1(5) Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Ólafs Bjarnasonar í Brautarholti vegna sölu á Blikdal, dags. 11.4.1960.
 - 1(6) Ólafur Bjarnason afsalar hálfum Blikdal til hreppsnefndar Kjalarneshrepps, dags. 8.5.1960.
 - 1(7) Bréf Sjafnar Kristjánsdóttur fulltr., f.h. Hjörleifs B. Kvaran borgarlögmanns, til þinglýsingadeildar sýslumannsembættisins í Reykjavík, dags. 27.7.1998. Beiðni um breytingu á eigendaskráningu fasteigna.
 - 1(8) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.
 - 1(9) Kort sem sýnir breytingu á kröfulínu ríkisins á Kjalarnesi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni (mælikvarði 1: 50.000).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005.

Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:

- 2(1) Brautarholt, dags. 31.5.1921.
- 2(2) Brekka, dags. 27.2.1890.
- 2(3) Esjuberg, dags. 27.5.1890.
- 2(5) Esjuberg, dags. 2.6.1916.
- 2(6) Esjuberg og Móar, dags. 1.9.1873.
- 2(7) Esjuberg, Mógilsá og Móar, dags. 2.9.1922.
- 2(8) Gröf (þ.e. Norðurgröf), dags. 28.2.1888.
- 2(9) Kollafjörður, dags. 28.10.1889.
- 2(10) Krókur, dags. 20.6.1922.
- 2(11) Lykkja, dags. 15.6.1922.
- 2(12) Lykkja, dags. 5.11.1927.
- 2(13) Melar, dags. 28.5.1890.
- 2(14) Melar, dags. 15.11.1928.
- 2(15) Melar, dags. 2.6.1921.
- 2(16) Melar, dags. í júní 1922.
- 2(17) Mógilsá, dags. 27.5.1980.
- 2(22) Norðurkot, dags. 2.6.1921.
- 2(23) Saurbær, dags. maí 1890.

¹ Svo sem fram kemur í kafla 2.4. voru mál nr. 3/2004, Kjalarnes, og mál nr. 4/2004, Kjós, sameinuð. Skjalanúmerum var þó haldið óbreyttum í hvorum þætti hins sameinaða máls fyrir sig og skjöl er varða Kjalarnes geta því borið sama skjalanúmer og skjöl er varða Kjós. Þarf þá að gæta að því hvorn hluta málsins skjalið varðar. Skjalaskrá er því skipt upp í A-hluta, fyrir Kjalarnes, og B-hluta, fyrir Kjós.

² Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(24) Saurbær, dags. 8.5.1922.
- 2(25) Stardalur, dags. 20.11.1888.
- 2(26) Tindsstaðir, dags. 27.5.1890.
- 2(27) Tindsstaðir, dags. 20.6.1927.
- 2(28) Útkot, dags. í júní 1922.
- 2(29) Vallá, dags. 1.5.1891.
- 2(30) Vallá, dags. 19.6.1922.
- 2(31) Vellir, dags. 10.12.1889.
- 2(32) Þverárkot (þar með Hrafnhólar), dags. 10.2.1890.
- 2(33) Hof, dags. 20.6.1922.
- 2(34) Bakki, dags. 30.5.1921.
- 2(35) Bakki, dags. 29.5.1890.
- 2(46) Landamerkjaskrá Hofa, Króks og Lykkju, dags. 1.3.1895, ásamt uppskrift.
- a-b
- 2(47) Landamerkjaskrá Brautarholts með hjáleigum og ítakaskrá, ódags., ásamt uppskrift.
- a-b
- 2(48) Landamerki Skrauthóla, dags. 25.5.1895, ásamt uppskrift.
- a-b
- Jarðaskjöl:*
- 2(20) Landamerki Esjubergs og Mógilsár. Afrit eftir samhljóða blaði með hendi Oddgeirs Stephensens.
- 2(21) Mat á sköðum í landi Þverárkots og Hrafnhóla á Kjalarnesi og vangaveltur um landamerki, sem talin eru óviss, dags. 9.9.1812.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 2(36) Forboð ábúanda Saurbæjar gegn stóðhrossarekstri Kjalnesinga á Bleikdal, dags. 26.5.1850. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862 (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 99.
- 2(37) Yfirlýsing varðandi Sámsstaði á Kjalarnesi, dags. 31.5.1850. Sámsstaðir voru eyðibýli sbr. Jarðabók Árna og Páls, en ekki er ljóst hvort landið tilheyrði Stardal eða Hrafnhólum. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862 (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 100.
- 2(38) Afsal fyrir Þverárkoti með landamerkjalyðingu og tilteknum ítökum Þverárkots og Hrafnhóla, dags. 2.3.1854. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862. (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 244.
- 2(39) Eigandi og ábúandi Hrafnhóla lýsir yfir vilja sínum, að jörðin kallist Sámsstaðir og lýsir landamerkjum þeirrar jarðar, dags. 7.6.1856. Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu 1848-1862 (Gull. og Kjós. XIX, 3). Skjal nr. 331.
- 2(41) Bann við hrísrifi í landi Garða milli fjalls og fjöru, dags. 23.10.1846 (Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu B, nr. 510).
- 2(42) Þorlákur Brynjólfsson selur Brynjólfi Þorlákssyni 5 hundruð í Bakka á Kjalarnesi, dags. 22.1.1835 (Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu A, nr. 145).
- 2(18) R. Þórðarson hefur land Saurbæjar- og Brautarholtskirkna á Blikdal til umráða. Bannar öðrum að reka þangað fénað nema gegn gjaldi, dags. 17.5.1842 (Afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu B, nr. 219).
- 2(49) Bann umráðamanns Brautarholtskirkju við að reka skepnur á Bleikdal án leyfis, dags. 17.5.1873.
- 2(50) Samningur um leir- og grjótnám á jörðunum Lykkju, Króki og Hofi, dags. 5.5.1900.
- 2(51) Samningur um leir- og grjótnám á jörðunum Saurbæ, Bjargi, Ártúni og Hjarðarnesi, dags. 5.6.1900.
- 2(52) Samningur um leir- og grjótnám á jörðinni Bakka, dags. 5.6.1900.
- 2(53) Lögfesta Saurbæjar og kirkjujarðanna Ártúns og Hjarðarness, dags. a-b 24.5.1803, ásamt uppskrift.

- 2(54) Aðvörun ábúanda Saurbæjar til búenda í Brautarholts- og Saurbæjarsóknum a-b vegna umráða hans yfir Bleikdal, dags. 17.5.1842, ásamt uppskrift.
Fasteigna- og jarðamöt:
- 2(4) Fasteignamat 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
a-b
- 2(43) Fasteignamat 1804, Kjalarneshreppur (Esjubergshreppur).
- 2(44) Fasteignamat 1849, Kjalarnes, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(45) Fasteignamat 1932.
Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:
- 2(40) Dómur um engi milli Skrauthóla og Esjubergs á Kjalarnesi, dags. 29.10.1773 (Gull. & Kjós. IV, 6, dóma- og þingbók 1763-1775).
- 2(19) Útdráttur úr dómabók Gullbringu- og Kjósarsýslu í landamerkjamálinu nr. 1/1941 um landamerki á milli Mógilsár og Kollafjarðar, dags. 30.9.1942.
- 2(55) Landamerki *Norðurgrafar gegn Þverárkoti og Völlum*, dags. 16.7.1850, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(56) Vitnisburður um landamerki *Norðurgrafar móti Þverárkoti*, dags. 14.2.1843, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(57) Eigandi *Þverárkots* mótmælir merkjum, dags. 8.8.1850, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(58) Álit um *Sámsstaðaland* á Kjalarnesi vegna fyrirhugaðrar nýbýlisstofnunar, a-b dags. 28.7.1852, ásamt uppskrift.
- 2(59) Dómur um landamerki *Skrauthóla, Sjávarhóla og Esjubergs*, dags. 29.6.1891.
- 2(60) Málsskjöl í landamerkjamálinu *Skrauthólar, Sjávarhólar, Esjuberg*, nr. 6-12, 15, 16, 18 a og b, 20-23. Dómsskjöl 1891.
- 2(61) Dómur um *landamerki Esjubergs gagnvart Móum og Mógilsá*, dags. 2.9.1922.
- 2(63) Bóndi í *Saurbæ* kærir bónda í Arnarholti fyrir hrossaágang á *óðals- og kirkjuland* árið 1812, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(64) Ágreiningur um *Þverárkot* árið 1853, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(80) Manntalsþing að Esjubergi, lesnar lögfestur fyrir Hofi og hluta af Brautarholtslandi, dags. 9.6.1787, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(81) Manntalsþing í Görðum. Álftnesingum og Seltirningum forboðið að reka fé þeirra í Esjuna, dags. 18.5.1789, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(82) Manntalsþing í Reykjavík. Forboðið að reka fé í Esjuna, dags. 19.5.1789, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(83) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 27.5.1790. Lesin lögfesta fyrir Brautarholti (Lögfestan sjálf ekki með), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(84) Manntalsþing að Lágafelli. Tekinn vari fyrir óreglulegum sauðfjárupprekstri í Esjuna, dags. 15.6.1791, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(85) Manntalsþing á Esjubergi. Sýslumaður áminntir að reka geldfé og stóð á afrétt, dags. 24.5.1797, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(86) Manntalsþing á Esjubergi. Hreppsúar áminntir um fjallrekstur, dags. 30.5.1798, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(87) Manntalsþing á Esjubergi. Hreppsúar áminntir um tripparekstur og einkum að taka ekki utansýslufé til hagagöngu í Esjuna, dags. 21.5.1799, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(88) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 9.6.1801. Lesin lögfesta fyrir Esjubergi (Lögfestan sjálf fylgir ekki), ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(89) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 5.6.1806. Lesin lögfesta fyrir Saurbæ, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(90) Héraðsréttur á Esjubergi, dags. 20.2.1828. Lögð fram lögfesta fyrir Saurbæ og aðliggjandi jörðum frá 1803, ásamt uppskrift að hluta.
a-b

- 2(91) Héraðsréttur að Esjubergi, dags. 29.3.1828. Fjallað um arfaskipti í Saurbæ og a-b vísað til skjala, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(92) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 31.5.1850. Lesið forboð Saurbæjarbónda a-b gegn stóðhrossabeit í Bleikdal ásamt uppskrift að hluta.
- 2(93) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 31.5.1850. Lýst fyrirætlun um byggingu a-b eyðingarinnar Sámsstaða og mótmælum bænda á Esjubergi og Hrafnhólum, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(94) Manntalsþing á Esjubergi, dags. 8.6.1860. Lesið forboð gegn notkun á a-b Bleiksdal, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(95) Manntalsþing að Lykkju, dags. 1.6.1883. Lesið landamerkjabréf fyrir a-b Hofshverfi, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(96) Aukaréttur að Kollafirði o.v. í Kjalarnesshreppi, dags. 24.6.1891. Ágreiningur um landamerki milli Skrauthóla, Esjubergs og Sjávarhóla.
- 2(97) Lögfesta fyrir Skrauthóla lögð fram á manntalsþingi, dags. 29.5.1747, ásamt a-b uppskrift að hluta.
- 2(98) Réttarhald varðandi þræutland milli Tindsstaða og Mela, dags. 30.5.1763. a-b Sátt, dags. 31.5. s.á., ásamt uppskrift.
- 2(99) Lögfesta fyrir Vallá lesin á manntalsþingi að Esjubergi, dags. 24.5.1764, a-b ásamt uppskrift að hluta.

Vísitasíubækur biskupa:

- 2(65) Vísitasía að Brautarholti, ódags. 1642 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(66) Vísitasía að Brautarholti, dags. 18.8.1649 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(67) Vísitasía að Brautarholti, ódags. 1678 (A.II, 11), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(68) Vísitasía að Brautarholti, dags. 1.8.1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(69) Vísitasía að Brautarholti, ódags. 1724 (A.II, 17), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(70) Vísitasía að Brautarholti, dags. 23.6.1751 (A.II, 19), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(71) Vísitasía að Brautarholti, dags. 13.6.1758 (A.II, 21), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(72) Vísitasía að Brautarholti, dags. 1.10.1799 (A.II, 24), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(73) Vísitasía að Saurbæ, ódags. 1642 (A.II, 8), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(74) Vísitasía að Saurbæ, ódags. 1678 (A.II, 11), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(75) Vísitasía að Saurbæ, dags. 31.7.1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(76) Vísitasía að Saurbæ, ódags. 1724 (A.II, 17), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(77) Vísitasía að Saurbæ, dags. 25.6.1751 (A.II, 19), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(78) Vísitasía að Saurbæ, dags. 14.6.1758 (A.II, 21), ásamt uppskrift að hluta. a-b
- 2(79) Vísitasía að Saurbæ, dags. 30.9.1799 (A. II, 24), ásamt uppskrift að hluta. a-b

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:

- 2(62) Sala á Mógilsá, dags. 11.5.1911. Þar fylgir afrit af namaréttarsamningi frá 20.6.1900.
- 2(100) Svarbréf Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8.1.1920 til Stjórnarráðs Íslands varðandi svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.

3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum biskupa, dags. 19.8.2004.

4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 2.9.2004.

Fasteigna- og jarðamöt:

4(22) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847), bls. 96-99.

4(23) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861, bls. 41-42.

4(24) Fasteignabók 1921. Rv. 1921, bls. 18-19.

4(25) Fasteignabók 1932. Rv. 1932, bls. 26.

4(26) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944, bls. 83.

Fjallskilareglugerðir:

4(27) Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl., nr. 103/1891. Stjórnartíðindi 1891, B-deild, bls. 109-112.

4(28) Reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o.fl., nr. 154/1896. Stjórnartíðindi 1896, B-deild, bls. 211-217.

4(29) Reglugjörð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl. nr. 92/1914. Stjórnartíðindi 1914, B-deild, bls. 162-166.

4(30) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð, dags. 28.8.1914 fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl., nr. 31/1918. Stjórnartíðindi 1918, B-deild, bls. 81.

4(31) Fjallskilamálareglugerð [fyrir Kjósarsýslu], nr. 76/1921. Stjórnartíðindi 1921, B-deild, bls. 165-176.

4(32) Fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 215/1939. Stjórnartíðindi 1939, B-deild, bls. 345-348.

4(33) Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu, nr. 101/1954. Stjórnartíðindi 1954, B-deild, bls. 213-217.

4(34) Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 121/1965. Stjórnartíðindi 1965, B-deild, bls. 251-259.

4(35) Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, nr. 304/1988. Stjórnartíðindi 1988, B-deild, bls. 683-688.

4(36) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.

Máldagar o.fl. úr Íslenzku fornbréfasafni:

4(1) Brautarholt. Máldagi 1491-1518 með landamerkjalyýsingu (Í.f. VII. b., bls. 53-54).

4(2) Brautarholt. Getið 1286 (Í.f. II. b., bls. 263).

4(3) Brautarholt. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).

4(4) Esjuberg. Jarðaskrá Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 597-598).

4(5) Esjuberg. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).

4(6) Hjarðarnes. Máldagi Saurbæjar 1477 (Í.f. VI. b., bls. 123).

4(7) Hof. Oddgeirsmáldagar 1367 (Í.f. III. b., bls. 220).

4(8) Hof. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).

4(9) Kollafjörður. Leignareikningar 1547 (Í.f. XII. b., bls. 117).

4(10) Mógilsá. Jarðaskrá Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 597-598).

4(11) Saurbær. Máldagi 1220 (Í.f. I. b., bls. 401-402).

4(12) Saurbær. Máldagi 1315 (Í.f. III. b., bls. 31-32).

4(13) Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).

4(14) Sjárvarhólar. Skiptabréf 1536 (Í.f. X. b., bls. 70).

4(15) Skrauthólar. Skiptabréf 1501 (Í.f. VIII. b., bls. 583).

4(16) Stardalur. Getið í máldaga Þerneyjar 1269 (Í.f. II. b., bls. 64).

- 4(17) Tindsstaðir. Sala 1502 (Í.f. VIII. b., bls. 299-300).
- 4(18) Vallá syðsta. Sala 1377 (Í.f. III. b., bls. 317).
- 4(19) Vallá. Jarðaskrá Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 597-598).
- 4(20) Vellir. Jarðaskrá Viðeyjar 1395 (Í.f. III. b., bls. 598).
- 4(21) Öfugskelda. Skiptabréf 1501 (Í.f. VIII. bindi, bls. 583).
- Landnáma:*
- 4(37) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-47, 388-395.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 4(38) Sjávarhólar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(39) Esjuberg, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(40) Mógilsá, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(41) Kollafjörður, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(42) Vellir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(43) Gröf, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(44) Hof, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(45) Vallá, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(46) Skrauthólar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(47) Skrauthólar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(48) Sjávarhólar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(49) Esjuberg, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(50) Mógilsá, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(51) Kollafjörður, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(52) Vellir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(53) Gröf, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(54) Þverárkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(55) Vallá, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(56) Hof, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(59) Saurbær, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(60) Þverárkot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(61) Ártún, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (eldra registrið).
- 4(62) Dalsmynni I-II, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
a-b
- 4(63) Saurbær, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(64) Hof, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(65) Vallá, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(66) Skrauthólar, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(67) Sjávarhólar, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(68) Esjuberg, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(69) Mógilsá, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(70) Kollafjörður, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(71) Gröf, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(72) Þverárkot, síða úr Afsals- og Veðmálabók Kjalarneshrepps.
- 4(75) Þinglýsingarvottorð fyrir Sjávarhóla, dags. 19.9.2005.
- 4(76) Þinglýsingarvottorð fyrir Þverárkot, dags. 19.9.2005.
- 4(77) Þinglýsingarvottorð fyrir Hofsland, dags. 10.10.2005.
- 4(78) Þinglýsingarvottorð fyrir Hof, dags. 1.6.2005.
- 4(79) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá-Litla, dags. 10.10.2005.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 4(57) Bréf Odds Andréssonar og Tryggva Einarssonar til Sýslumanns Kjósarsýslu varðandi afrétti í Kjósarsýslu, dags. 14.12.1978.
- 4(58) Bréf Bæjarfógetans í Hafnarfirði til Tryggva Gunnarssonar, lögfr. varðandi

- afrétti í Kjósarsýslu, dags. 10.12.1985.
- 4(73) Sjá skjal nr. 24.
- 4(74) Sjá skjal nr. 24(1).

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Sjávarhóla:

- 5 Kröfulýsing, dags. 25.6.2004.
- 5(1) Kort sem sýnir kröfulínu Sjávarhóla. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 5(2) Uppdráttur. Unninn af Péttri Hjálmsyni júlí-ágúst 1968.
- 5(3) Greinargerð Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. f.h. eigenda Sjávarhóla, dags. 9.11.2004.
- 5(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Sjávarhóla, dags. 9.11.2004.
- 5(5) Fasteignamatvottorð fyrir Sjávarhóla (landnr. 125750), dags. 25.6.2004.
- 5(6) Breyting á kröfugerð Sjávarhóla, dags. 10.2.2005.
- 5(7) Leiðrétting á kröfulínu Sjávarhóla, dags. 10.11.2005, ásamt korti.

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Vallár:

- 6 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 6(1) Kort sem sýnir kröfulínu Vallár. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 6(2) Greinargerð Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. f.h. eigenda Vallár, dags. 9.11.2004.
- 6(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá (öll jörðin fyrir utan 4,5ha), dags. 9.11.2004.
- 6(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá (spilda), dags. 9.11.2004.
- 6(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá (hluti af 4,5ha landspildu), dags. 9.11.2004.
- 6(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá (4,5ha spilda frá þjóðvegi milli lækjar og Litlu-Vallár fyrir utan hluta lóðar undir geymslu og vindmön), dags. 9.11.2004.
- 6(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Vallá (landspilda neðan þjóðvegjar), dags. 9.11.2004.
- 6(8) Fasteignamatvottorð fyrir Litlu-Vallá (landnr. 125764), dags. 25.6.2004.
- 6(9) Fasteignamatvottorð fyrir Vallá (landnr. 125762), dags. 25.6.2004.
- 6(10) Varðandi aðild að kröfugerð Vallár, dags. 10.11.2005.

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Valla:

- 7 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 7(1) Kort sem sýnir kröfulínu Valla. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 7(2) Greinargerð Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. f.h. eigenda Valla, dags. 9.11.2004.
- 7(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Velli (spilda), dags. 31.7.2003.
- 7(4) Fasteignamatvottorð fyrir Velli (landnr. 125769), dags. 25.6.2004.
- 7(5) Leiðrétting á kröfulínu Valla, dags. 10.2.2005.
- 7(6) Kort sem sýnir leiðrétta kröfulínu Valla. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Þverárkots:

- 8 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 8(1) Kort sem sýnir kröfulínu Þverárkots. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 8(2) Greinargerð Eyvindar G. Gunnarssonar hdl. f.h. eigenda Þverárkots, dags. 9.11.2004.
- 8(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Þverárkot, dags. 9.11.2004.
- 8(4) Fasteignamatvottorð fyrir Þverárkot (landnr. 125776), dags. 25.6.2004.

Lagt fram af Gunnari Sæmundssyni hrl. og Skarphéðni Péturssyni hdl., fulltrúa Hákonar Árnasonar hrl., vegna Esjubergs:

- 9 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 9(1) Kort sem sýnir kröfulínu Esjubergs. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 9(2) Hnitsettur uppdráttur sem sýnir vesturmörk Esjubergslands neðan 100 m hæðarlínu yfir sjávarmáli, sem og 100 m línuna sjálfa.
- 9(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Esjuberg, austasta hluta, óskipt.
- 9(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Esjuberg, miðhluta, 1/3 hluti lands Esjubergs.
- 9(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Esjuberg, vestasta hluta, 1/3 hluti lands Esjubergs.
- 9(6) Landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu, dómur um landamerki á milli Esjubergs, Mógilsár og Móa, dags. 2.9.1922.
- 9(7) Útprentun úr hlutafélagaskrá fyrir Vinnuvélar ehf., dags. 1.7.2004.
- 9(8) Fasteignamatvottorð fyrir Esjuberg, dags. 30.6.2004, ásamt útprentunum af heimasíðu Fasteignamats ríkisins og úr skrám Fasteignamatsins.
- 9(9) Greinargerð Gunnars Sæmundssonar hrl. og Skarphéðins Péturssonar hdl., fulltrúa Hákonar Árnasonar hrl., f.h. eigenda Esjubergs, dags. 3.11.2004.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Kollafjarðar:

- 10 Kröfulýsing, dags. 1.6.2004.
- 10(1) Skjalaskrá, dags. 1.6.2004.
- 10(2) Kort sem sýnir kröfulínu Kollafjarðar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 10(3) Fasteignamatvottorð fyrir Kollafjörð, dags. 24.6.2004.
- 10(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Kollafjörð, dags. 24.6.2004.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Mógilsár:

- 11 Kröfulýsing, dags. 1.6.2004.
- 11(1) Skjalaskrá, dags. 1.6.2004.
- 11(2) Kort sem sýnir kröfulínu Mógilsár. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 11(3) Fasteignamatvottorð fyrir Mógilsá, dags. 24.6.2004.
- 11(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Mógilsá, dags. 24.6.2004.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Blikdals norðan Blikdalsár:

- 12 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 12(1) Kort sem sýnir kröfulínu Blikdals norðan Blikdalsár. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 12(2) Fasteignamatvottorð fyrir Dalsmynni, dags. 4.6.2004.
- 12(3) Fasteignamatvottorð fyrir afréttarland (landnr. 125910), dags. 21.5.2004.
- 12(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Dalsmynni, dags. 4.6.2004.
- 12(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Saurbæ, dags. 4.6.2004.
- 12(6) Kaupsamningur og afsal, dags. 13.9.2000. Anna Margrét Sigurðardóttir selur Reykjavíkurborg hluta af landi jarðarinnar Saurbæjar.
- 12(7) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda Blikdals norðan Blikdalsár, dags. 2.11.2004.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Blikdals sunnan Blikdalsár:

- 13 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 13(1) Kort sem sýnir kröfulínu Blikdals sunnan Blikdalsár. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 13(2) Fasteignamatvottorð fyrir afréttarland (landnr. 125910), dags. 21.5.2004.
- 13(3) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda Blikdals sunnan Blikdalsár, dags. 2.11.2004.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Norðurgrafar:

- 14 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 14(1) Kort sem sýnir kröfulínu Norðurgrafar. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 14(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Norðurgröf, dags. 7.6.2004.
- 14(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Gröf (þ.e. Norðurgröf), dags. 4.6.2004.
- 14(4) Kaupsamningur og afsal, dags. 14.3.2002. Andlegt þjóðarráð Bah'ía á Íslandi selur Skipulagssjóði Reykjavíkur jörðina Norðurgröf.
- 14(5) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda Norðurgrafar, dags. 2.11.2004.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Smábýla 4-14 í landi Skrauthóla:

- 15 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 15(1) Kort sem sýnir kröfulínu Smábýla 4-14 í landi Skrauthóla. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 15(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Árvelli, dags. 4.6.2004.
- 15(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Skrauthóla, dags. 4.6.2004.
- 15(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 4, dags. 4.6.2004.
- 15(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 6, dags. 4.6.2004.
- 15(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 7, dags. 4.6.2004.
- 15(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 8, dags. 4.6.2004.
- 15(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 9, dags. 4.6.2004.
- 15(9) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 10, dags. 4.6.2004.
- 15(10) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 11, dags. 4.6.2004.
- 15(11) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 12, dags. 4.6.2004.
- 15(12) Fasteignamatsvottorð fyrir Smábýli 13/Kirkjuland, dags. 4.6.2004.
- 15(13) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr Skrauthólum (smábýli nr. 7), dags. 4.6.2004.
- 15(14) Þinglýsingarvottorð fyrir spildu úr Skrauthólum (smábýli nr. 8), dags. 4.6.2004.
- 15(15) Afsal, dags. 24.6.1966. Tryggvi Stefánsson afsalar 8 ha skák úr landspildu tilheyrandi jörðinni Skrauthólum til Sigvalda Jóhannessonar. Teikning fylgir.
- 15(16) Afsal, dags. 18.7.1966. Tryggvi Stefánsson afsalar 6 ha skák úr landspildu tilheyrandi jörðinni Skrauthólum til Péturs Haraldssonar. Teikning fylgir.
- 15(17) Afsal, dags. 10.5.1967. Tryggvi Stefánsson afsalar u.þ.b. 12 ha skák úr landspildu tilheyrandi jörðinni Skrauthólum til Svövu Halldórsdóttur og Halldórs Gunnarssonar.
- 15(18) Afsal, dags. 20.7.1967. Tryggvi Stefánsson afsalar u.þ.b. 6,5 ha skák úr landspildu tilheyrandi jörðinni Skrauthólum til Kristins B. Sigurðssonar. Teikning fylgir.
- 15(19) Afsal, dags. 24.11.1973. Tryggvi Stefánsson afsalar spildu úr jörðinni Skrauthólum til Jóns Levís Tryggvasonar.
- 15(20) Kaupsamningur, dags. 12.12.2000. Kristinn H. Þorsteinsson selur borgarsjóði Reykjavíkur landspildu nr. 7 úr landi jarðarinnar Skrauthóla.
- 15(21) Afsal, dags. 18.12.2000. Kristinn H. Þorsteinsson afsalar landspildu nr. 7 úr landi jarðarinnar Skrauthóla til borgarsjóðs Reykjavíkur.
- 15(22) Örnefnalýsing fyrir Skrauthóla.
- 15(23) Örnefnalýsing fyrir Sjávarhóla.
- 15(24) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda Smábýla 4-14 í landi Skrauthóla, dags. 2.11.2004.
- 15(25) Leiðrétting á kröfulínu Smábýla 4-14 úr Skrauthólum, dags. 9.2.2005.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 16 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 16(1) Kort sem sýnir raforkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi 2004.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 17 Yfirlitskort. Mál nr. 3/2004 Kjalarnes. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
- 18 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar á Kjalarnesi, dags. 5.9.2004.
- 19 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða á Kjalarnesi, dags. 30.5.2005.
- 20 (1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 7.9.2004.
20(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.10.2004.
20(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 3.11.2004.
20(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 3.2.2005.
20(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 7.-11.2.2005.
20(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
- 23 Svar Orðabókar Háskólans við fyrirspurn óbyggðanefndar um dal(s)botn, dags. 17.10.2005.
- 23(1) Svar Orðabókar Háskólans við fyrirspurn óbyggðanefndar um fjallsbrún, ódags.
- 24 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
- 24(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Lagt fram af Sigurði Sigurjónssyni vegna 50% Blikdals norðan Blikdalsár:

- 21 Kröfulýsing, dags. 4.10.2004.
- 21(1) Bréf Sigurðar Sigurjónssonar hrl. til Ólafs Sigurgeirssonar hrl., lögmanns ríkisins, dags. 2.6.2004.

Lagt fram af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Hofs:

- 22 Kröfulýsing, dags. 8.2.2005.
- 22(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hof, ódags.
- 22(2) Fasteignamatvottorð fyrir Hof (landnr. 125689), dags. 18.1.2005.
- 22(3) Kort sem sýnir kröfulínur Hofs. Gert af Sigurgeiri Skúlasynti landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 22(4) Leiðrétting á kröfugerð Hofs, dags. 10.11.2005, ásamt þinglýsingarvottorði fyrir Esjubæ (spildu úr Hofslandi), dags. 10.10.2005.

Hliðsjónargögn vegna Kjalarnes:**Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi, bls. 332, 340-348, 356-363, 366-367, 372-379.
- Ónr. Landnám Íslands. Guðni Jónsson, bls. 16-17.
- Ónr. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu, bls. 97-102, 136-137.

Lagt fram til hliðsjónar af Eyvindi G. Gunnarssyni hrl. vegna Sjávarhóla:

- Ónr. Gróður- og jarðakort (mælikvarði 1:25.000).

Lagt fram til hliðsjónar af Gunnari Sæmundssyni hrl. vegna Esjubergs:

- Ónr. Örnefni sem koma fyrir í lýsingu landamerkjia Esjubergs í kröfulýsingu á skjali nr. 9, dags. 2.2.2005.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Lyfrd. (yngri) VIII: 436. Brautarholt.
- Ónr. Hrd. 1944: 329, mál nr. 129/1942. Mógilsá.
- Ónr. Hrd. 1996: 696, mál nr. 92/1995. Blikdalur (Dalsmynni, Saurbær).

B. Skjöl í Kjósarluta málsins:³

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
- 1(1) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Kjós. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 1(2) Skjalaskrá, dags. 6.2.2004.
- 1(3) Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, tilkynning um meðferð á svæði IV, dags. 27.10.2003.
- 1(5) Bréf Odds Andréssonar og Tryggva Einarssonar til Einars Ingimundarsonar, sýslumanns í Kjósarsýslu, dags. 14.12.1978.
- 1(6) Bréf Ingimundar Einarssonar, sýslumanns í Kjósarsýslu, til Tryggva Gunnarssonar, dags. 10.12.1985.
- 1(7) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.
- 1(8) Kort sem sýnir breytingu á kröfulínu ríkisins í Kjós. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005

Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:

- 2(1) Eilífsdalur, dags. 20.5.1890.
- 2(2) Flekkudalur og Grjóteyri, dags. í október 1883.
- 2(3) Flekkudalur, dags. 13.12.1921.
- 2(4) Fossá, dags. 30.5.1890.
- 2(5) Fremri-Háls, dags. 19.7.1885.
- 2(6) Fremri-Háls, dags. 31.5.1912.
- 2(7) Hækingsdalur, dags. í nóvember 1921.
- 2(8) Ingunnarstaðir (Hrísakot var hluti úr Ingunnarstöðum), dags. 26.4.1890.
- 2(9) Ingunnarstaðir, dags. 15.2.1922.
- 2(10) Írafell, dags. 30.11.1885.
- 2(11) Írafell, dags. 31.5.1912.
- 2(12) Sandur, dags. í maí 1887.
- 2(13) Sandur, dags. í nóvember 1921.
- 2(14) Skorhagi, dags. í október 1884.
- 2(15) Vindás, dags. 10.12.1889.
- 2(16) Þrándarstaðir, dags. 6.5.1886.
- 2(17) Þrándarstaðir, dags. 29.5.1922.
- 2(18) Miðdalur, Miðdalskot og Melbær, dags. 28.5.1890.
- 2(19) Meðalfell, dags. 8.3.1890.
- 2(20) Grjóteyri með Flekkudal, dags. 13.12.1921.
- 2(21) Grjóteyri og Flekkudalur, dags. 5.7.1924.
- 2(22) Eyjar, dags. í nóvember 1921.
- 2(23) Eyjar, dags. 31.5.1887.
- 2(28) Miðdalur og Melbær, dags. 27.12.1921.
- 2(29) Meðalfell með Meðalfellskoti, dags. 14.12.1921.
- 2(30) Landskiptabréf Eyja, dags. í júní 1929.
- 2(49) Eyjar og Eyjahóll, ódags. en lesið á manntalsþingi 1.6.1887.

³ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

Afsals- og veðmálabækur:

- 2(24) Landskiptabréf fyrir Möðruvelli í Kjós, nr. 388A.
 2(25) Afsalsbréf fyrir Miðdal í Kjós, dags. 31.12.1848. Skjal nr. 52. Nefnd eru heimildarskjöl fyrir jörðinni, sem kaupanda eru afhent.
 2(26) Jón Jónsson á Grjóteyri lýsir nábyli sínu, Grjóteyri, dags. 13.5.1834, nr. 115.
 2(34) Bann Þingvallaprests við rjúpnaveiði í löndum jarða í Þingvallahreppi, sem liggja á mótis við Kjósarhrepp, dags. 14.5.1889.
 2(35) Samningur um að leigja land og fossa á Þrándarstöðum undir virkjun, dags. 24.4.1899.
 2(36) Samningur um að leigja land og fossa í Skorhaga undir virkjun, dags. 24.4.1899.
 2(37) Kauptilboð í Ingunnarstaði og Hrísakot í Brynjudal með tilheyrandi námuréttindum, dags. 8.11.1910.
 2(38) Sala á 3 hndr. úr Flekkudal til bóndans á nýbýlinu Grjóteyri, dags. 19.1.1835, a-b ásamt uppskrift.

Fasteigna- og jarðamöt:

- 2(27) Fasteignamat 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
 a-b
 2(31) Fasteignamat 1804.
 2(32) Fasteignamat 1849, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(33) Fasteignamat 1932.

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:

- 2(45) Manntalsþing á Reynivöllum. Spurt hvort skipað hafi verið að reka naut á afrétt, dags. 26.5.1789, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(46) Manntalsþing á Reynivöllum, dags. 24.5.1792. Lesin lögfesta fyrir Reynivallaprestakalli og jörðunum Vindási og Sogni (lögfestan fylgir ekki), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(47) Manntalsþing á Reynivöllum, dags. 22.5.1834. Lesið afsalsbréf fyrir Miðdalparti eða Kóngsparti við Miðdal, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(48) Manntalsþing á Reynivöllum, dags. 22.5.1834. Tilkynnt um nafnið Grjóteyri á nýbýli í Flekkudalslandi, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:

- 2(50) Svarbréf sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8.1.1920, til Stjórnarráðs Íslands varðandi svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja:

- 2(51) *Upplýsingar um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslna 1831-1832:* Bréf Björns Gunnlaugssonar til stiftamtmanns, dags. 27.12.1831. Bréf stiftamtmanns til sýslumanna, dags. 3.1.1832. Svar sýslumanns í Árnessýslu, dags. 11.1.1832. Svar sýslumanns í Gullbringusýslu, dags. 12.4.1832, með svörum hreppstjóra í Mosfellssveit, dags. 25.1.1832, og Kjós, dags. 14.3.1832, ásamt útskýringum Þjóðskjalasafns Íslands.

Vísitasúbækur biskupa:

- 2(39) Vísitasía að Meðalfelli, dags. 13.9.1661 (A.II, 9), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(40) Vísitasía að Meðalfelli, ódags. 1703 (A.II, 14), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(41) Vísitasía að Meðalfelli, dags. 16.5.1724 (A.II, 17), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(42) Vísitasía að Meðalfelli, dags. 26.6.1751 (A.II, 19), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(43) Vísitasía að Meðalfelli, dags. 15.6.1758 (A.II, 21), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(44) Vísitasía að Meðalfelli, dags. 29.9.1799 (A.II, 24), ásamt uppskrift að hluta.
 a-b

- 3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum biskupa, dags. 19.8.2004.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 2.9.2004.
- Fasteigna- og jarðamöt:*
- 4(23) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi). Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847, bls. 99-105.
- 4(24) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861, bls. 42.
- 4(25) Fasteignabók 1921. Rv. 1921, bls. 19-20.
- 4(26) Fasteignabók 1932. Rv. 1932, bls. 26-27.
- 4(27) Fasteignabók 1942. Rv. 1942-1944, bls. 83-84.
- 4(100) Jarðatal Johnsens 1847. (Jarðatal á Íslandi). Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847, bls. 416-417, 422-423, 435, 438-439.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 4(40) Miðdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(41) Meðalfell, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(42) Hækingsdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(43) Hrisakot (hjáleiga), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(44) Neðri-Flekkudalur (hjáleiga), síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(45) Grjótreyri, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(46) Efri Flekkudalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(47) Eilífsdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(48) Ingunnarstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(49) Þrándarstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(50) Möðruvellir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(51) Eyjar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(52) Meðalfell, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(53) Ingunnarstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu (elsta registrið).
- 4(54) Ingunnarstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(55) Hrisakot, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(56) Þrándarstaðir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(57) Hækingsdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(58) Miðdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- a-b
- 4(59) Möðruvellir, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(60) Efri Flekkudalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(61) Grjótreyri, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(62) Eyjar og Eyjahóll, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(63) Eyjar, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(64) Meðalfell, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(65) Eilífsdalur, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.
- 4(66) Melbær, síða úr veðmálaregistri Gullbringu- og Kjósarsýslu.

- 4(68) Miðdalur, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(69) Eilífsdalur, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(70) Meðalfell, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(71) Flekkudalur, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(72) Grjótreyri, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(73) Eyjar I-II, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- a-c
- 4(74) Möðruvellir I, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(75) Hækingsdalur, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(76) Bráandarstaðir, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(77) Hrásakot, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(78) Ingunnarstaðir, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- 4(79) Hjalli, síða úr Afsals- og veðmálabók Kjósarhrepps.
- Fjallskilareglugerðir:*
- 4(28) Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl., nr. 103/1891. Stjórnartíðindi 1891, B-deild, bls. 109-112.
- 4(29) Reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o.fl., nr. 154/1896. Stjórnartíðindi 1896, B-deild, bls. 211-217.
- 4(30) Reglugjörð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl. nr. 92/1914. Stjórnartíðindi 1914, B-deild, bls. 162-166.
- 4(31) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð, dags. 28.8.1914, fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað um fjallskil o.fl., nr. 31/1918. Stjórnartíðindi 1918, B-deild, bls. 81.
- 4(32) Fjallskilamálareglugerð [fyrir Kjósarsýslu], nr. 76/1921. Stjórnartíðindi 1921, B-deild, bls. 165-176.
- 4(33) Fjallskilareglugerð Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 215/1939. Stjórnartíðindi 1939, B-deild, bls. 345-348.
- 4(34) Fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu, nr. 101/1954. Stjórnartíðindi 1954, B-deild, bls. 213-217.
- 4(35) Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 121/1965. Stjórnartíðindi, B-deild, bls. 251-259.
- 4(36) Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, nr. 304/1988. Stjórnartíðindi, B-deild, bls. 683-688.
- 4(37) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.
- Máldagar o.fl. úr Íslenzku fornbréfasafni:*
- 4(1) Efriháls (= Fremriháls). Þjófnadarmál 1566 (Í.f. XV. b., bls. 549-550).
- 4(2) Eilífsdalur. Máldagi Reynivalla 1352 (Í.f. III. b., bls. 70).
- 4(3) Eyjar. Máldagi 1180 (Í.f. I. b., bls. 266-267).
- 4(4) Eyjar. Reynivallamáldagi 1352 (Í.f. III. b., bls. 70).
- 4(5) Eyjar. Máldagi 1367 (Í.f. III. b., bls. 219).
- 4(6) Flekkudalur. Sala 1475 (Í.f. V. b., bls. 800).
- 4(7) Hrásakot. Jarðaskiptabréf 1563 (Í.f. XIV. b., bls. 155-158).
- 4(8) Ingunnarstaðir. Máldagi 1180 (Í.f. II. b., bls. 265-266).
- 4(9) Ingunnarstaðir. Máldagi 1367 (Í.f. III. b., bls. 219).
- 4(10) Ingunnarstaðir. Getið 1541 (Í.f. X. b., bls. 663-664).
- 4(11) Ingunnarstaðir. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 10).
- 4(12) Meðalfell. Máldagi 1367 (Í.f. III. b., bls. 219).
- 4(13) Meðalfell. Sala 1538 (Í.f. X. b., bls. 376).
- 4(14) Meðalfell. Sala 1541 (Í.f. X. b., bls. 604).
- 4(15) Meðalfell. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 10).
- 4(16) Miðdalur. Saurbæjarmáldagi 1220 (Í.f. I. b., bls. 401-402).
- 4(17) Miðdalur. Máldagi 1269 (Í.f. II. b., bls. 64).

- 4(18) Miðdalur. Máldagi 1367 (Í. f. III. b., bls. 219).
- 4(19) Miðdalur. Landamerkjavitnisburður 1468 (Í. f. V. b., bls. 516).
- 4(20) Möðruvellir. Þjófnaðarmál 1566 (Í. f. XV. b., bls. 549-550).
- 4(21) Stóri-Botn í Borgarfjarðarsýslu. Getið 1502 (Í. f. VII. b., bls. 627-628).
- 4(22) Þrándarstaðir. Eignarréttur 1509 (Í. f. VIII. b., bls. 284).
- 4(38) Eilífsdalur. Landamerki við Miðdal 1468 (Í. f. V. b., bls. 516).
- 4(82) Saurbær. Máldagi 1220 (Í. f. I. b., bls. 401-402).
- 4(83) Vindás. Landamerki 1270 (Í. f. II. b., bls. 81-82).
- 4(84) Reynivallakirkja. Máldagi 1352 (Í. f. III. b., bls. 70-71).
- 4(85) Meðalfellskirkja, Eyjakirkja, Reynivallakirkja, Hvammskirkja og Ingunnarstaðakirkja. Máldagar 1397 (Í. f. IV. b., bls. 114-118).
- 4(86) Reynivallakirkja. Máldagi 1397 (Í. f. IV. b., bls. 171).
- 4(87) Reynivallakirkja. Máldagi 1478 (Í. f. VI. b., bls. 178-179).
- 4(88) Hrísey í Brynjudal. Fjárskiptabréf 1522 (Í. f. IX. b., bls. 86-88).
- 4(89) Eyjar og Flekkudalur. Lofunarbréf 1538 (Í. f. X. b., bls. 378).
- 4(90) Írafell. Fógetareikningar á Bessastöðum um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðargjaldi 1547-1548 (Í. f. VII. b., bls. 105-107).
- 4(91) Írafell. Fógetareikningar á Bessastöðum um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðargjaldi 1548-1549 (Í. f. VII. b., bls. 130-131, 134-135, 144-145).
- 4(92) Írafell. Fógetareikningar á Bessastöðum um konungstekjur af leigum, landskyldum og skreiðargjaldi 1549-1550 (Í. f. VII. b., bls. 149).
- 4(93) Írafell. Afgjaldareikningur 1550 (Í. f. VII. b., bls. 166-169).
- 4(94) Írafell. Fógetareikningar 1552 (Í. f. VII. b., bls. 391, 395).
- 4(95) Hvammur. Arfaskiptabréf 1554 (Í. f. VII. b., bls. 708-709).
- 4(96) Meðalfell. Testamentum og skiptabréf 1558 (Í. f. VIII. b., bls. 323-325).
- 4(97) Miðdalur og Eilífsdalur. Arfaskipti 1562 (Í. f. VIII. b., bls. 733-734).
- 4(98) Ingunnarstaðir, Þrándarstaðir og Hrísey. Reikningur kvikfjár, afla og afgjalda Skálholtsstóls. 1565. (Í. f. XIV. b., bls. 439, 442-443).
- 4(99) Meðalfell, Eyjar og Miðdalur. Gíslamáldagi 1570 (Í. f. XV. b., bls. 632-634).
- Landnámabók:*
- 4(39) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-47, 388-395.
- Fornleifaskráning (yfirlit):*
- 4(67) Fornleifaskráning menningarminja í Kjósarhreppi, 2005. bls. 46-51, 53-64, 117-126.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 4(80) Sjá skjal nr. 14.
- 4(81) Sjá skjal nr. 14(1).

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Ingunnarstaða og Hrísakots:

- 5 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 5(1) Kort sem sýnir kröfulínum Ingunnarstaða og Hrísakots. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrísakot, dags. 21.5.2004.
- 5(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Ingunnarstaði, dags. 21.5.2004.
- 5(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrísakot, dags. 6.6.2004.
- 5(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Ingunnarstaði, dags. 6.6.2004.
- 5(6) Landskiptagerð eigenda Ingunnarstaða með Hrísakoti, dags. 27.9.1986.
- 5(7) Kort sem sýnir landskiptagjörð skv. samningi dags. 27.9.1986 (mælikvarði 1:20.000).
- 5(8) Útrentun á hluta af grein Gunnars Kristjánssonar „Í Kjósinni“ í Árbók Ferðafélags Íslands 1985.
- 5(9) Útrentun af færslum fyrir Landgræðslusjóð úr fyrirtækjaskrá, dags. 1.6.2004.

- 5(10) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda Ingunnarstaða og Hrísakots, dags. 2.11.2004.
- 5(11) Kort sem sýnir kröfulínur Ingunnarstaða og Hrísakots. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Möðruvalla I, Möðruvalla II, Hjalla, Eyja I, Eyja II, Grjóteyjar, Flekkudals, Meðalfells, Eilífsdals og Miðdals:

- 6 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 6(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Eilífsdal, dags. 21.5.2004.
- 6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyjar I, dags. 21.5.2004.
- 6(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyjar II, dags. 21.5.2004 (útprentun á færslum fyrir Eyjaberg ehf., úr hlutafélagaskrá, fylgir).
- 6(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Flekkudal, dags. 21.5.2004.
- 6(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Grjóteyri, dags. 21.5.2004.
- 6(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjalla, dags. 21.5.2004.
- 6(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Meðalfell, dags. 21.5.2004.
- 6(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Miðdal, dags. 21.5.2004.
- 6(9) Fasteignamatsvottorð fyrir Möðruvelli I, dags. 21.5.2004.
- 6(10) Fasteignamatsvottorð fyrir Möðruvelli II, dags. 21.5.2004 (útprentun á færslum fyrir Bílfell ehf., úr hlutafélagaskrá, fylgir).
- 6(11) Þinglýsingarvottorð fyrir Eilífsdal, dags. 4.6.2004.
- 6(12) Þinglýsingarvottorð fyrir Eyjar I, ódags.
- 6(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Grjóteyri, dags. 4.6.2004.
- 6(14) Þinglýsingarvottorð fyrir lóð úr landi Grjóteyjar, dags. 1.6.2004.
- 6(15) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjalla, dags. 4.6.2004.
- 6(16) Þinglýsingarvottorð fyrir Meðalfell, dags. 4.6.2004.
- 6(17) Þinglýsingarvottorð fyrir Miðdal, dags. 4.6.2004.
- 6(18) Þinglýsingarvottorð fyrir Möðruvelli I, dags. 4.6.2004.
- 6(19) Þinglýsingarvottorð fyrir Möðruvelli II, dags. 4.6.2004.
- 6(20) Endurrit úr landaskiptabók Kjósarsýslu vegna Eyja, dags. 3.2.1978.
- 6(21) Útprentun á hluta af grein Gunnars Kristjánssonar „Í Kjósinni“ í Árbók Ferðafélags Íslands 1985.
- 6(22) Esjan, útvistarkort (mælikvarði 1:25.000).
- 6(23) Kort sem sýnir kröfulínur jarðeigenda. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 6(24) Þinglýsingarvottorð fyrir Flekkudal, dags. 4.6.2004.
- 6(25) Þinglýsingarvottorð fyrir Eyjar II, ódags.
- 6(26) Greinargerð Páls A. Pálssonar f.h. eigenda jarða við norðanverða Esju, dags. 9.11.2004.
- 6(27) Kort sem sýnir kröfulínur jarða við norðanverða Esju. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 6(28) Endanleg kröfugerð eigenda jarða norðan Esju, dags. 9.2.2005.
- 6(29) Leiðrétting á kröfulínu milli Miðdals, norðurhluta Blikdals og Tindsstaða, dags. 9.2.2005.
- 6(30) Útprentun á skýringum orðsins og orðasambanda með orðinu „leg“. Prentað úr Orðabók Háskólans á veraldarvefnum, dags. 10.2.2005.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 7 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 7(1) Kort sem sýnir raforkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi 2004.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. vegna Þrándarstaða:

- 8 Kröfulýsing, dags. 6.9.2004.
- 8(1) Skjalaskrá, dags. 6.9.2004.
- 8(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Þrándarstaði, dags. 31.8.2004.

- 8(3) Kort sem sýnir kröfulínur jarðeigenda. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 9 Yfirlitskort. Mál nr. 4/2004 Kjós. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
- 10 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Kjós, dags. 5.9.2004.
- 11 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í Kjós, dags. 10.6.2005.
- 12 (1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 7.9.2004.
12(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.10.2004.
12(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 3.11.2004.
12(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 3.2.2005.
12(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 7.-11.2.2005.
12(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
- 13 Svar Orðabókar Háskólans við fyrirspurn óbyggðanefndar um *dal(s)botn*, dags. 17.10.2005.
- 13(1) Svar Orðabókar Háskólans við fyrirspurn óbyggðanefndar um *fjallsbrún*, ódags.
- 14 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
- 14(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Hliðsjónargögn vegna Kjósar:

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Göngur og réttir II, bls. 319-321.
- Ónr. Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson, bls. 16-19.
- Ónr. Lýsing Kjósarsýslu 1937 eftir Björn Bjarnarson, bls. 90-96.
- Ónr. Lýsing Kjósarsýslu 1746 eftir Jón Oddsson Hjaltalín, sýslumann, bls. 25, 28-29.
- Ónr. Lýsing Varmárþingssóknar og Esjubergsþingssóknar, bls. 132-141.
- Ónr. Lýsing Reynivallasóknar 1840 eftir síra Sigurð Sigurðsson, bls. 241-249, 254-258.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi, bls. 413-415.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Skýrslur í máli 4/2004 hjá óbyggðanefnd, (28 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Landnám Ingólfs. I. bindi. Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu, bls. 134.
- Ónr. Landnám Ingólfs. II. bindi. Eftir Björn Bjarnarson, bls. 90-91, 94-95.
- Ónr. Landnám Ingólfs. III. bindi. Eftir Jón Oddsson Hjaltalín, bls. 28.
- Ónr. Landnám Ingólfs. III. bindi. Eftir síra Sigurð Sigurðsson, bls. 241-243, 246-249, 254-257.
- Ónr. Árbók F.Í. 1985. Esja og nágrenni. Eftir E.J. Stardal, bls. 95-97.
- Ónr. Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni. Eftir Matthías Þórðarson 1945, bls. 283-284.

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

mál nr. 5/2004

Grafningur



31. maí 2006

EFNISYFIRLIT

1.	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	817
2.	MÁLSMEDFERÐ	818
2.1.	Hlutverk og skipan óbyggðanefndar.....	818
2.2.	Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar.....	818
2.3.	Lýstar kröfur og kynning	819
2.4.	Mál nr. 5/2004, Grafningur.....	820
3.	KRÖFUGERÐ	822
3.1.	Kröfur íslenska ríkisins.....	822
3.2.	Kröfur Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda tiltekinna jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna Grafningsafréttar	822
3.3.	Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur sem eiganda Ölfusvatns og hluta Hagavíkur.....	823
3.4.	Kröfur Landsnets hf.	823
4.	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	824
4.1.	Inngangur.....	824
4.2.	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	824
4.3.	Vettvangsferð.....	825
4.4.	Skýrslutökur	826
5.	SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR	827
5.1.	Landnám	827
5.2.	Takmörk Þingvallasveitar og Grafnings.....	828
5.3.	Stíflisdalur og hjáleigurnar Selkot og Fellsendi [Fjallsendi].....	833
5.4.	Heiðarbær	838
5.5.	Nesjar.....	840
5.6.	Nesjvellir.....	842
5.7.	Ölfusvatn og hjáleigurnar Hagavík og Krókur	844
5.8.	Þingvalla- og Grafningsafréttir	850
6.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	856
6.1.	Inngangur.....	856
6.2.	Landnám	858
6.3.	Ölfusvatn og hjáleigurnar Hagavík og Krókur	859
6.4.	Grafningsafréttur	861
6.5.	Landsnet hf.	868
6.6.	Um málskostnað	869
7.	ÚRSKURÐARORÐ	870

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og 7/2006, tekið fyrir málið

**nr. 5/2004, Grafningur,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendu.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl. og Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Orkuveita Reykjavíkur vegna hluta jarðarinnar Hagavíkur (Hagavíkurlauga I–II), Ölfusvatns og Nesjavalla.

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur og tiltekna jarðir í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna Grafningsafréttar.

(Óskar Sigurðsson hrl.)

Landsnet hf.

(Þórður Bogason hdl.)

¹Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Hlutverk og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000 og 7/2005. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 27. október 2003, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu, auk þess hluta Árnassýslu sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið fjórða sem kemur til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til norðurs af mörkum Kjósarhrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem fylgja suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi, en þau byrja við Botnsvog og enda í Háu-Súlu, og þegar austar dregur af suðurmörkum þeirra jarða sem óbyggðanefnd tók afstöðu til í málum á svæði 1 (nr. 1–7/2000, varðandi uppsveitir Árnassýslu). Að austan afmarkast svæðið af Þjórsá, en að sunnan og vestan af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.² Fjármálaráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða.

²Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort).

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Árborgar, auk Bændasamtaka Íslands, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 20. febrúar 2004, og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi bárust 20. febrúar 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004, Fréttablaðinu 4. mars og Morgunblaðinu 7. mars, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 3. júní 2004. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í lok júní 2004.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, frá 1. júlí til 3. ágúst 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 10. ágúst 2004. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi

sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málalíbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfuvæði íslenska ríkisins vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 7 hlutum og 4 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 61 kröfulýsing ýmissa aðila, auk krafna Landsnets hf. Kröfulýsingar þessar taka til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða á Suðvesturlandi, stundum sameiginlega.

2.4. Mál nr. 5/2004, Grafningur

Í ágúst 2004 var lögmonnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfuvæði íslenska ríkisins niður í sex mál, þ.e. mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd, mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið, mál nr. 3/2004 Kjalarnes, mál nr. 4/2004 Kjós, mál nr. 5/2004 Grafningur og mál nr. 6/2004 Ölfus.

Mál nr. 5/2004, Grafningur, var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 14. september 2004. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málinu og færi gefið á athugasemdum. Engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmennt að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, og óskað eftir að lögmennt gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Jafnframt var óskað eftir því að lögmennt skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við aðra fyrirtöku málsins, 12. október 2004, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Þá var gerð grein fyrir bréfi Þórðar Bogasonar hdl. fyrir hönd Landsvirkjunar, dags. 4. október 2004, þar sem fram kom að lögmaðurinn myndi ekki sækja fundi nefndarinnar í málinu nema eftir því væri sérstaklega óskað af hálfu nefndarinnar eða hún teldi slíkt nauðsynlegt vegna hagsmunagæslu Landsvirkjunar, sbr. lokamgr. 10. gr., lokamgr. 13. gr. og 17. gr. laga

nr. 58/1998.³ Öðrum málsaðilum var veittur fjögurra vikna frestur til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. nóvember sama ár, voru greinargerðir þeirra lagðar fram, ásamt fleiri gögnum.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 28. febrúar 2005. Við það tækifæri voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar sem og fyrirkomulag vettvangsferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 2.–4. mars 2005 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Þeirri fyrirspurn var enn beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendulaga. Lögmenn greindu frá því að þeir hefðu ræðst við en fullar sættir ekki náðst. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Grand Hótel Reykjavík. Þann 24. maí 2005 var haldið til frekari vettvangsskoðunar á hluta svæðisins. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.–4.4. og vísast þangað.

Þann 11. maí 2006 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

³Með bréfi, dags. 21. apríl 2006, tilkynnti Þórður Bogason hdl. að Landsnet hf. hefði tekið við öllum réttindum og skyldum Landsvirkjunar í málum fyrir óbyggðanefnd.

3. KRÖFUGERÐ⁴

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins var upphaflega gerð sú krafa að eftirfarandi lína yrði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Grafningi ásamt Þingvallasveit: „Fyrsti punktur á þessu kröfusvæði er Vörðuskeggi (A), þaðan er dregin lína í Sköflung (B) og þaðan í Klofningatjarnir (C) (hornmark við Heiðarbæjarland og Nesjaland), þaðan í þrívörður í Moldarbrekkum (D) (Sæluhúsatóft).“

Að öðru leyti er svæðið afmarkað af þjóðlendukröfusvæðum íslenska ríkisins í málum 2/2004 og 6/2004 fyrir óbyggðanefnd.

Við aðalmeðferð var gerð sú breyting að hluti af kröfulínu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í máli nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd, Ölfus, var fluttur yfir í það mál sem hér er til umfjöllunar. Endanleg kröfugerð um þjóðlendumörk á því svæði miðar við rauðleitan melhnjúk (A) fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka (hornmark á móti Króki). Frá rauðleita melhnjúknum heldur kröfulínan áfram meðfram landi Nesjavalla á austurhlíð, í Hengilsyllur (B), og þaðan eftir beinni stefnu í Vörðuskeggja (C). Að öðru leyti er kröfugerð svo sem áður sagði, þ.e. frá Vörðuskeggja er dregin lína í Sköflung (D), þaðan í Klofningatjarnir (E) (hornmark við Heiðarbæjarland og Nesjaland), og þaðan í þrívörður í Moldarbrekkum (F) (Sæluhúsatóft).

3.2. Kröfur Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda tiltekinna jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna Grafningsafréttar

Af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda tiltekinna jarða í sveitarfélaginu er gerð eftirfarandi krafa: „Mörk afréttarins eru þessi: Úr Skeggja í Borgarhól, úr Borgarhól í vörðu á Moldbrekkum, sem er hornmark á milli Bláskógabyggðar, Mosfellsbæjar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Úr Moldbrekkum í Klofningstjörn, þaðan í Sköflung og úr Sköflungi í Skeggja.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarins séu með þeim hætti, sem að ofan greinir, og að umrætt landsvæði sé einkaeignarland sveitarfélagsins og þeirra jarða í sveitarfélaginu, sem upprekstrar- og nýtingarrétt eiga á afréttinum, sbr. fylgiskjal með kröfugerð frá 2. júní 2004.

Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.“

⁴Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

3.3. Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur sem eiganda Ölfusvatns og hluta Hagavíkur

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, sem eiganda jarðanna Ölfusvatns og hluta Hagavíkur (Hagavíkurlauga I og II), auk Nesjavalla (sem þó á einungis merki að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins), miðast endanleg kröfugerð við að merki eignarlands jarðanna afmarkist (sameiginlega) til suðvesturs af línu sem dregin er úr Skeggja (C) í staur á Hengilsyllum (B), þaðan beina línu í rauðbleikan melhnúk við Kýrgil (1), sem er hornpunktur Hagavíkur í Grafnings- og Grímsneshreppi, Reykjatorfu, Litla- og Stóra-Saurbæjar í Ölfusi og afréttar sveitarfélagsins Ölfuss.

Þess er einnig krafist að gagnaðili, íslenska ríkið, verði úrskurðað til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998 sbr. lög nr. 65/2000.

3.4. Kröfur Landsnets hf.

Af hálfu Landsnets hf. eru gerðar kröfur til nauðsynlegs landsvæðis til afnota vegna háspennulína og tengdra mannvirkja að svo miklu leyti sem þau verða talin standa innan þjóðlendumarka. Nánar tiltekið er þess krafist að háspennulínur fyrirtækisins geti staðið ótímabundið á landi því sem þær fara um og það hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim til viðhalds og endurbóta, m.a. með lagningu vegslóða. Með vísan til 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, er gerð krafa um að þessi réttindi Landsnets hf. verði viðurkennd innan þess svæðis sem kann að verða talið til þjóðlendu á svæði nr. 4.

Hér er um er að ræða eftirfarandi háspennulínu í eigu Landsnets hf.:

„Sogslína 3 (220 kV) liggur frá tengivirki við Sog og vestur um Grafning og Mosfellsheiði að tengivirki við Geitháls.“

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–12 ásamt undirskjöllum eða samtals 156 skjöl, auk 15 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. 1. nr. 65/2000. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaeftni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3

og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað frá Grand Hóтели Reykjavík að morgni miðvikudagsins 2. mars 2005. Með í för, auk óbyggðanefndar, starfsmanns nefndarinnar og lögmannna málsaðila, voru þeir Árni Þorvaldsson, Bíldsfelli, Ársæll Hannesson, Stóra-Hálsi, fyrrverandi oddviti, og Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur. Þá var Gestur Gíslason, starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur, einnig með í för en hann ferðaðist á eigin bíl.

Ekið var sem leið lá austur Suðurlandsvegi í átt að Hellisheiði. Beygt var út af Suðurlandsvegi uppi á Hellisheiði og ekið í átt að Hengli. Ekið var yfir Hengladalsá og áfram sem leið lá í norðurátt. Stöðvað var við Bitru og fjallasýn skoðuð. Að sögn viðstaddra hefði mátt sjá í melinn rauðbleika, sem lýst er í landamerkjabréfum, ef jörð hefði verið auð. Afráðið var að ganga upp á fell það sem samkvæmt greinargerð Gylfa Más Guðbergssonar prófessors er Raufarberg og skoða þar klöpp sem búið er að merkja. Að sögn Hjörleifs B. Kvaran hrl. hefur steinn þessi oltið í jarðaskjálfta á síðustu árum. Uppi á fellinu sást vel yfir Ölfusafrétt.

Haldið var af stað á ný og ekið áfram í átt að Brúnkollublettum. Þegar þangað var komið var bifreiðin stöðvuð og skyggnt um. Mikill jarðhiti er á svæðinu. Framundan sást í fell það sem talið er vera Raufarberg. Einnig sást Kýrgil vel. Áfram var haldið og ekið sem leið lá meðfram austurhlíðum Hengilsins. Stöðvað var við Ölkelduháls. Þaðan sást vel yfir lönd Nesjavalla, Hagavíkur og Ölfusvatns. Framundan mátti sjá Ölfusvatnsskyggni og ónefndan hrygg þar fyrir ofan. Einnig sást vel í Hengilssyllur. Þá sást í Kýrgilshnjúk en norðan við hann er gil sem gengur vestur í Fremstadal. Þar norðan við eru efri og neðri Hengilssyllur.

Enn var haldið af stað og ekið aðeins áfram. Bifreiðin var svo stöðvuð og skyggnt yfir. Þaðan mátti sjá Hengilssyllur frá öðru sjónarhorni sem og Ölfusvatnsskyggni. Þá var haldið tilbaka sömu leið og út á þjóðveg nr. 1. Ekið var austur yfir Hellisheiði, fyrir Ingólfsfell og áfram inn Grafninginn. Ekið var framhjá Villingavatni, sem er á mörkum Króks og Úlfljótsvatns, og svo áfram um land Ölfusvatns og Hagavíkur. Beygt var inn á veg sem liggur að Nesjvallavirkjun og Nesbúð. Ekið var framhjá Stöðvarhúsinu og áfram um veg sem liggur upp í Hengilinn. Stöðvað var við borholu 14. Framundan mátti sjá Köldulaugar við ónefndan hrygg, en frá þeim lagði mikinn gufustrók. Einnig sást í Ölfusvatnsskyggni. Afráðið var að ganga í átt að Köldulaugum.

Að því loknu var haldið af stað á ný og ekið sem leið lá eftir Nesjallaveginum. Ekið var framhjá Dyrinum og Dyradal sem Dyradalshnjúkur tekur nafn sitt af. Bifreiðin var stöðvuð og skyggnt yfir. Mikið flatlendi blasti við en hvorki sást í Skeggja né Borgarhól sökum skýjafars. Að svo búnu var haldið heim á

leið og ekið sem leið liggur til Reykjavíkur. Komið var til baka á Grand Hótel Reykjavík þar sem vettvangsferð lauk eftir hádegi.

Þann 24. maí 2005 var haldið til frekari vettvangsskoðunar á Hengilssvæðinu og m.a. gengið upp Hengilssyllur. Eftirtaldir tóku þátt: Nefndarmennirnir Karl Axelsson og Bendikt Bogason; lögmennirnir Ólafur Sigurgeirsson, Hjörleifur Kvaran og Björn Pálsson (leiðsögumaður).

4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sigurgeiri Skúlasyni landfræðingi; Ársæli Hannessyni, Stóra-Hálsi; Einari Gunnlaugssyni jarðfræðingi; Árna Þorvaldssyni, Bíldsfelli og Bjarna Helgasyni, áður búsettum í Hagavík. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG AFRETTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Síðan er fjallað um stjórnisýslumörk á svæðinu, rakin í stórum dráttum saga einstakra jarða sem ágreiningur í máli þessu varðar, afmörkun þeirra, ráðstafanir að eignarrétti og nýting. Loks er á sama hátt gert grein fyrir sögu afréttarnota.⁵

5.1. Landnám

Landnámabók getur ýmissa manna, sem námu land á þessu svæði. Fyrstur landnámsmanna var Ingólfur Arnarson:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.⁶

Hrolleifr son Einars Ölvissonar barnakarls kom í Leiruvág, þá er byggt var allt með sjó; hann nam lönd til móts við Steinröð [þ.e. Melpatreksson] öll fyrir útan Öxará, er fellr um Þingvöll, ok bjó í Heiðabæ nökkura vetr. Þá skoraði hann á Eyvind í Kvíguvágum til hólmgöngu eða landsölu, en Eyvindr kaus heldr at þeir keypti löndum. Eyvindr bjó nökkura vetr síðan í Heiðabæ ok fór síðan á Rosmhvalanes til Bæjarskerja, en Hrolleifr bjó síðan í Kvíguvágum ok er þar heygðr.⁷

Nú er komit at landnámi Ingólfs. En þeir menn, er nú eru talðir, hafa byggt í hans landnámi.

Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds, nam lönd öll fyrir ofan Þverá ok bjó at Bíldsfelli. Hans leysingi var Steinröðr, son Melpatrix af Írlandi; hann eignaðist öll Vatslönd ok bjó á Steinröðarstöðum.⁸

Nú er komit at landnámi Ingólfs.

Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds sammæðri við hann, var son Úlfs frá Hóli; hann nam öll lönd fyrir ofan Þverá og byggði at Bíldsfjalli.

Steinröðr Melpatreks son, göfugs manns af Írlandi, hann var leysingi Þorgríms bílds; hann átti dóttur Þorgríms ok var allra manna venstr; hann nam öll Vatslönd ok bjó á Steinröðsstöðum.⁹

⁵Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 16. Þó hefur verið felld út umfjöllun um þær jarðir sem liggja utan við ágreiningssvæði málsaðila. Einnig hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁶Skjal nr. 4(33). S. 45 (Sturlubók og Hauksbók).

⁷Skjal nr. 4(33). S. 389 og 391 (Hauksbók).

⁸Skjal nr. 4(33). S. 388 og 390 (Sturlubók).

⁹Skjal nr. 4(33). S. 388 og 389 (Hauksbók).

Efri mörk landnáms Hrolleifs eru um Öxará. Hin neðri, móti landnámi Þorgríms og síðan Steinröðar, eru óviss, líklega nálægt sveitamörkum í Jórukleif.¹⁰

Pverá á upptök sín í Grafningshálsi milli Ingólfsfells að sunnan og Bjarnarfells, ekki langt frá mörkum Grafnings og Ölfuss, og fellur milli Stóra- og Litlaháls norður í Geithamarsgil og kallast síðan Ytriá en Tunguá eftir að Hlíðará eða Austurá er komin saman við hana. Tunguá hét áin þegar um 1700.¹¹

Vatnslönd eru vafalaust löndin suðvestan Þingvallavatns til móts við Hrolleif en mörkin eru óljós. Ef átt væri við allan hluta landnáms Þorgríms, sem legið hefði að Þingvallavatni, álitur Haraldur Matthíasson að mörk landnáms Steinröðar hefðu átt að vera um Dráttarhlíð og ofan við Úlfljótsvatn. Einari Arnórssyni sýndist landnám Steinröðar hafa náð yfir Nesjaland og líklega til Jórukleifar, vestur í hálendið í áttina til Hengils. Landnámsbærinn Steinröðarstaðir er óþekktur.¹² Giskað hefur verið á að hann hafi verið undir Vatnsbrekku í landi Nesja og fleiri staðir nefndir til.¹³

5.2. Takmörk Þingvallasveitar og Grafnings

Árið 1740 lögfesti Markús Snæbjörnsson, prestur á Þingvöllum, Þingvallastað. Í þeirri lögfestu eru teknar með jarðir Þingvallakirkju í Þingvallasveit þannig að segja má að sveitarmörkum sé lýst að mestu leyti. Eftirfarandi atriði eru tekin upp úr lögfestunni:

Soknarprestur til Þingvallar og Ulfljótsvatns Kyrkju Safnada Eg Markus Snæbjörnsson lögfesti hér i Dag mér forlénad kongl. Majsts Beneficium Þingvelli innan Arness Syslu, til efter skrifadra Takmarka: ... Enn fyrer nordann vegenn [Hrafnabjargaveg] strandlengis efter Fjöllum norðr ad Skialdbreid hvörja eg lögfesti alla itra; þaðann beint i Leirárhöfda og so vestur epter allt þar til vötnum hallar ad Borgarfyrði: það[an] beint yfer ad Steinkyrkiu eda Steinkistu (af sumum kalladri) úr henni i midja þúfuna sem stendr hædst uppa Brattafelli, sidann beint ofann i Holmavad, úr Holmavadi, midt yfer um stóra Saudafell, þaðann i Riúpnagil, úr Riúpnagili i Steininn á litla Saudafelli, frá Steini þeim i Sysluvördur á eystri Moldbreckum, og so þvert yfir i Klofnínga, enn úr þeim i Þingvallavatn, epter gilinu milli Heidarbæar og Nesia. Innann þessara Marka lögfesti eg Tödur og Engiar, Skóga Holt og Haga Vötn og Veidistadi, Eggver og allar landsnytjar þær sem þessu Landi eiga ad logum ad fylgia og Kongl Majt ei allranádugast epter lated hefr Landsþinginu til nytsemda, allt ad ordfullu lögfullu og lögmáli réttu, fyrerbjódande hédann af hvörjum manni sér ad nýta tilteked Þingvallar Beneficii land edur i því vinna nema mitt leifi þar til fái. ... Lögfestuna stadfester Nafn mitt med egenn hendi skrifad her ad nedann.

¹⁰Skjal nr. 4(33). S. 391 (4. nmgr.). Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma*, 2.b. Reykjavík. 1982. S. 503. Einar Arnórsson. *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Reykjavík. 1950. S. 203–206.

¹¹Skjal nr. 4(33). S. 389 (5. nmgr.). Haraldur Matthíasson. 2, b. S. 503. Einar Arnórsson. S. 199–200.

¹²Skjal nr. 4(33). S. 390 (1. nmgr.). Haraldur Matthíasson, 2. b. S. 503. Einar Arnórsson. S. 200–203.

¹³Þór Vigfússon. *Í Árnesþingi vestanverðu*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík. 2003. S. 164.

Actum Stóruborg i Grimsnesi þann 16 Maji A° 1740. Marcus Snæbjornson.

Upplesed ad Stóruborgar Manntalsþingi, þann 16da Maji 1740. Brinjúlfur Sigurdsson.¹⁴

Þessi lögfesta var síðar lesin á manntalsþingi að Stóruborg í Grímsnesi 10. júní 1848.¹⁵

Skúli Magnússon landfógeti nefnir í lýsingu sinni á Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1785 Þrívörður á Mosfellsheiði, sem séu mörkin milli Kjósar- og Árnassýslna.¹⁶ Þessar Þrívörður áttu eftir að koma við sögu í deilu Mosfellsprests og Nesjabónða um landnýtingu á Mosfellsheiði, svo sem nánar verður vikið að í kaflanum um Nesja.

Björn Gunnlaugsson skólakennari skrifaði stiftamtmani bréf 27. desember 1831 og beiddist upplýsinga um sýslumörk Gullbringu- og Kjósarsýslna og Árnassýslu vegna fyrirhugaðrar kortagerðar. Stiftamtmaður óskaði eftir upplýsingum um þetta hjá viðkomandi sýslumönnum í bréfi 3. janúar 1832.

Svar sýslumanns í Árnassýslu var svohljóðandi:

Amtet har, ved naadige Skrivelse af 3ie Dennes, paalagt mig, at indkomme til Hoisamme med Oplysninger om, hvor Grændselinien maatte ansees at falde mellem Arness-Syssel og Guldbringe & Kiose-Sysseler, for at Adjunct Gunnlögsen som har paataget sig, at forfærdige Kaarte over de forskiellige Sønder-Amtets Jurisdictioner, herom kunde faae den fra Amtet reqvirerede Underretning.

Den sydligste Punct i denne Grændse-Linie maa antages at være in confesso de saakalde Sysselsteene (: Sijsslusteinar) under Geitahljyd midt i mellem Gaardene Krisevik, som tilhører Guldbringe-Syssel, og Herdijsarvík, som tilhører Arness-Syssel. Den nordligste Punct af Linien angives af Thingvalle-Præstekalds Lovfester og Kirkebøger, som maa antages, at være autentiqve Documenter, saaledes som Proprietair Stephán Paulsson af Oddgeirsholum, opdragen paa Præstegaarde Þíngvellir og Søn af en sammestæds i lang Tid fungerende Præst, har angivet i indsluttede Beretning, som tillige indeholder Oplysning om Grændselinien mellem Arness- og Borgerfiords-Sysselser. Herr Adjunct Gunnlögsen vil saaledes a dato puncto ad datum punctum kunde udfinde den rette Linie, som her antages at være følgende:

Fra Sijsslusteinar under Geitahljyd over Fieldet i Nærheden af Vífilfell til den store Steen ved den ostlige Ende af Liklafell, som ogsaa kaldes Sijsslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakalde Mosfellsheide, derfra til de sydligere

¹⁴Matthías Þórðarson. *Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni*. Reykjavík. 1945. S. 283–284.

¹⁵Skjal nr. 2(10).

¹⁶Skúli Magnússon: „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, I. b. Reykjavík. 1935–1936. S. 6.

Moldbreckur, derfra i Riúpnagil mellem Gaardene Stardal, som tilhører Kiose Syssel, og Stijblisdal, som tilhører Arness-Syssel, derfra i Tuen, som er opført paa Store-Saudafell, derfra i Sysselholmen (: Sijssluhólma:) i Store-Laxaaen, derfra i Steenkirken (: Steinkjrkju:), derfra i Fieldet Sútur, hvorfra Grændserne af Arness- og Borgerfiords-Sysseler begynde til Hrosshædir, derfra til Uxahrigg, derfra i Lejrárhöfda og til Eiriksnjpu i Baldjökulen.

Ved Arness-Syssels-Archiv findes ingen Documenter, som herom give Oplysning, men det er dog notorisk, at Ölvess-Reppen i Arness-Syssel, fra ældgamle Tider, vedligeholder Fieldstuen sönden for Hellirsheiden og ryddeliggiör Veien lige til Vatnene eller til Liklafellet, hvilket synes at tilintetgiöre den Paastand, hvis den af nogen fremförtes, at Hellirsheidar Fiældrygen angiver Grændserne, hvilket ogsaa de ældgamle Egenavne i Grændselinien: Sijsslusteinar, Sijsslusteinn, og Sijssluhólmi, synes ydermeere at afbeviser.

Arness-Syssels-Kontoir den 11te Januar 1832.

underdanigst. ThSveinbiörnsson.

Svar sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu var á þessa leið:

I Anledning af Deres Höjvelbaarenheds gunstigste Skrivelse af 3die Januar til mig angaaende Oplysningers Erhvervelse om Grændseskiellen imellem Kiose og Guldbringe Syssel samt Arnæs Syssel, havde jeg, da jeg underhaanden ikke troede at kunde erholde saa paalidelig Efterretning derom som jeg önskede, til skrevet Repstyrerne i Mosfellssveit og Kioserep des angaaende, og först nu for faae Dage siden har jeg modtaget Svar derpaa fra den sidstnævnte.

Ved hoslagt ærbödigst at tilsende Deres Höjvelbaarenhed disse 2de Svarskrivelser, kan jeg ikke lade ubemærket at det er kun Repstyrerne i Mosfellssveit som nævne „Liklafell“ som Grændseskiel, da Repstyrerne i Kioserep ikke melder om Grændsskiellene saa langt syd paa. I fölge flere mundtlige Oplysninger, jeg har sögt at erhverve denne Gienstand ang. er de opivne Grændser nord fra ligetil „Borgarholar“, hos de fleste aldeles overeensstemmende, ligesom det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Sysslusteinar“ imellem Krisevig og Herdijсарvig sönden for den Fieldryg som adskiller Sysseleer; men derfra til Borgarhólar er det eneste som der haves forskiellige Sagn om, og skulde Liklafell udgiöre Markeskiellet herimellem, vil grændserne derved blive i aldeles ulige Retning, og skulde Vifilfell antages at være det nærmeste Mærke paa Sydsiden, udgiöre dermed en spids Vinkel.

Imidlertid er det af ingen synderlig Vigtighed hvorledes Grændserne afstikkes imellem förbemte Sysseleer, naar blot Kiose og Guldbringesysseleer reserveres deres hidtil, i det mindste ved Brug i umindelige Tider erhvervede Ret til

Afretsbrug eller Græsning for deres Kreaturer i alle de Fjeldegne som adskiller begge Sysslernes Boigdelaug.

Kiose og Guldringesyssels Contoir d 12 April 1832

Finsen

Bréfi sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu fylgdu eftirfarandi vitnisburðir hreppstjóra í Mosfellssveit og Kjós:

Þaug Sýslu skil sem við getum næstkomist eru þesse — stor steirn a steinkirku Hrigg vestast, þaðann i vestasta Hornid a Brattafelle, ur því í sýsta Holma í Laxá ur hönum i vestasta Hornid a stora Saudafelle þaðann i Riupnagil — og ur því i stein á Há Saudafelle litla, þaðann i Eistre Mold Breckur, svo i hæsta Borguholinn, þaðann i líklafell — leingra sudur höfum við Ei heirt tilnef<n>t

Mosfels sveit þann 25 Januari 1832

V Haldorsson Th Jonsson

Uppá Bref Ydar af 14 Janúarii s.l. um að gefa þá Skírslu sem eg vissi um Merki á millum Arness- og Kjosar-sysslu, er þetta:

Hólmi í midri Laxá, skamt nedan Stiblisdalsvatn, Sijssluhólmi kalladr, hefr altaf verid haldin Merki millum Kjósar og Arness-sysslu, úr honum til Sudurs: Yfir Saudafell, þar tekur Mosfells-land við, til nordurs úr Sijssluhólma: nordur há Kjöl í Botnssúlur; þá kémr Botnsá úr Hvalvatni, sem skylur Kjósar- og Borgarfjardar-Sysslur. Önnur Sysslina-Merki eru mér ej kunn.

Nedrahálsi þann 14da Martii 1832.

L. Gudmundsson¹⁷

Í lýsingu Páls Melsteðs sýslumanns á mörkum Árnassýslu árið 1842 segir:

Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árnass- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýsl[u]steinar undir Geitahlíð millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnassýslu og Krýsivíkur, sem tilheyrir Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslutakmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn; þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mosfellsheiði; þaðan í Syðri-Moldbrekkur; þaðan í Rjúpnagil millum bæjanna Stardals í Kjósar- og Stíflisdals í Árnassýslu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafelli; þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá; þaðan í Steinkirkju; þaðan í Súlu.¹⁸

¹⁷Skjal nr. 2(31).

¹⁸Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. Reykjavík 1979. S. 18.

Lýsing Páls Melsteðs er greinilega byggð á lýsingu Stefáns Pálssonar, sem tekin er upp hér framar í bréfi sýslumanns Árnassýslu árið 1832.¹⁹

Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, sem þjónaði Þingvöllum og Úlfjótuvatni, lýsir ekki mörkum Þingvallasveitar og Grafnings í sóknalýsingu sinni árið 1840 heldur gerir kort. Mörk þau, sem Björn dregur upp, koma að nokkru saman við áður tilvitnaða lýsingu Stefáns Pálssonar og lýsingu Árna Björnssonar (sonar Björns Pálssonar) sem tekin verður upp í kaflanum um Nesja. Auk þess eru fá örnefni á kortinu, svo mörkum verður ekki lýst eftir þeim.²⁰

Í fjallaupptalningu Björns Pálssonar á Þingvöllum segir meðal annars:

cccc. Fjallhryggur, ekki allhár, á bak við Grafningsfjöll, sem aðgreinir Ölves og Þingvallahrepp eftir vatnahalla.

...

Á milli Hrómundartinds og Hengilsins, sem báðir eru sveitaskil, er lágur háls, sem kallast Ölkelduháls.

...

m. Stóra-, n. Litla-Sauðafell, bæði lág og allgrösug; það stóra er sýslumerki, en önnur sýslumerki á Mosfellsheiði eru so óglögg, að eg þori þau ekki að fullyrða.

o.o.o.x. Lágur fjallhryggur, kallaður Kjölur, fyrir vestan og útnorðan Stíflisdal. Á honum stendur húslagaður klettur, sem kallast Steinkirkja eða Steinkista og er sýsluskil.²¹

Í lýsingu séra Stefáns Þorvaldssonar á Mosfellssókn árið 1855 er talað um Sauðafell (litla) sem sé á landamærum Mosfells- og Þingvallasveita, einnig Kjósar- og Árnassýslna.²² Síðar minnst Stefán á flóa, sem í deilu Nesjabónða og Mosfellsprests (sjá kaflann um Nesja) nefndist Sauðafellsflói:

Sauðaustur með Litla-Sauðafelli liggur allmikill stararflói, grasgefinn, en mjög votlendur, er liggur að landamærum millum Mosfells- og Þingvallnakirkna landa á Mosfellsheiði.²³

Í kaflanum um Stíflisdal verður vikið að stofnun býlisins Fellsenda í Stíflisdalslandi og málarekstri sem varð út af því landi og endaði með Landsyfirréttardómi árið 1860.

Á árunum 1870–1873 var til meðferðar fyrir dómstólum þræta milli Mosfellsprests og bóndans í Nesjum um slægjur í svonefndum Sauðafellsflóa.

¹⁹Skjal nr. 2(31).

²⁰Árnassýsla. 1979. S. 184–185.

²¹Árnassýsla. 1979. S. 174.

²²Stefán Þorvaldsson: „Lýsing Mosfells- og Gufunesssóknna“. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. b. Reykjavík. 1937–1939. S. 221–222.

²³*Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. b. S. 238.

Tengdist það ágreiningi um landa- og sýslumörk. Í því máli gekk dómur 22. nóvember 1873 en málið dæmdi sýslumaðurinn í Árnassýslu ásamt meðdómsmönnum.

Mörk Grafnings eru þessi samkvæmt ritinu Sunnlenskar byggðir:

Grafningur liggur í Árnassýslu vestanverðri. Austurmörk eru um Sogið ásamt tveimur vötnum: Úlfljótavatni og Álftavatni, en það rennur í gegnum þau bæði. Þingvallavatn er að norðaustan en Ölfushreppur að sunnan. Er þar Ingólfsfjall á mörkum og er nyrðri hluti þess í Grafningi en láglandisræma milli fjallsins og Álftavatns tengir byggðalöndin saman. Frá norðvesturhlið Ingólfsfjalls gengur hnúkaklasi mikill norðvestur til Hengils og norður til Þingvallavatns. Norðvestan þessa hálendis er Mosfellsheiði en nokkur hluti hennar telst til Grafnings. Er það afréttarland, sameiginleg eign bænda sveitarinnar. Nánari sveitarmörk eru sem hér greinir:

Arnarhólmi er í Álftavatni. Er hann í mörkum og telst hálfur til Grafnings. Þaðan er markalína í Inghól hæst á Ingólfsfjalli, þaðan í Kaga sem er hnúkur norðvestan í fjallinu, þá í vörðu við syðri enda á Efumýri, í klapparhól á miðri Kyllisfellsmyri, um Folaldaháls, í klapparhól syðst á Tjarnarhnúk, um miðjan Brúnkollblett, í Raufarberg, í bleikrauðan mel í Hengli, í Hengilskeggja, í Borgarhóla hæst á Mosfellsheiði, í Moldbrekkur og Klofningstjörn, í Þingvallavatn og eftir því í Efra-Sog, eftir Úlfljótavatni og Neðra-Sogi og Álftavatni í Arnarhólma.²⁴

5.3. Stíflisdalur og hjáleigurnar Selkot og Fellsendi [Fjallsendi]²⁵

Stíflisdalur er nefndur meðal eigna Þingvallakirkju í Gíslamáldögum frá því um 1570²⁶ eins og Kárastaðir og Heiðarbær og var meðal kirkjueigna til ársins 1908.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er fjallað um afrétti Þingvellinga en það verður tekið upp í kaflanum Þingvalla- og Grafningsafréttir síðast í greinargerðinni. Jarðabókin nefnir einnig ónotaða selstöðu frá Stíflisdal:

Nyrðri dalur heitir í dalnum í landnorður af Stíflisdal; munnmæli eru, að hjer hafi byggð verið fyrir stóru pláguna, og sjest hjer enn nú til tófta eður girðinga nokkra. Í plágunni meinast þetta í eyði lagst hafa, og allajafna síðan í auðn verið, nema hvað elstu menn heyrta hafa, að þar hafi einn maður búið að nafni Páll, og veit enginn hvers son hann var, eður hvað lengi hann þar búið hefur. Þar meinast síðan hafa verið brúkuð selstaða frá Stíflisdal, en í manna minni hefur hún þó ekki brúkuð verið.²⁷

²⁴*Sunnlenskar byggðir III. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur.* Búnaðarsamband Suðurlands. 1983. S. 237.

²⁵Fellsendi er talinn vera hjáleiga í Stíflisdalslandi.

²⁶Skjal nr. 4(2).

²⁷*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. S. 370.

Síðar segir enn varðandi Stíflisdal:

Selstöðu á jörðin í Nyrðradal sem áður er skrifað, en er þó ekki brúkuð nje hefur verið það menn til muna.²⁸

Á þessum stað mun væntanlega síðar hafa byggst býlið Selkot árið 1830.²⁹

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er dýrleika Stíflisdals ekki getið en fram kemur að jörðin tilheyrir Þingvallakirkju. Neðanmáls segir hins vegar að í jarðabókinni 1803 sé Stíflisdalur talinn 20 hundruð að dýrleika. Dýrleiki Selkots kemur ekki fram í Jarðatali Johnsens en þar segir að jörðin tilheyrir Þingvallakirkju. Neðanmáls segir að bæði prestur og hreppstjóri telji jörðina sem kirkjueign þó engar jarðabækur geri það. Af skýrslu hreppstjóra virðist mega ráða að Selkot sé nýbýli eða hjáleiga frá Kárástöðum.³⁰

Jarðamatið 1849–1850 hefur að geyma upplýsingar um jörðina Stíflisdal og hjáleigur hennar Selkot og Fellsenda.

Í þeim hluta skýrslunnar sem fjallar um Stíflisdal stendur meðal annars:

... Slægjur miklar hægar og sæmilega góðar, heykostur góður. Landrými gott og landkostir í betra lagi. Vetrarríki mikið.

Í Selkotshlutanum stendur meðal annars:

Slægjur að víðáttu og gæðum sæmilegar og hægar. Utrými og landkostir og aðrir eginlegleikar sem í Styflisdal, þar þessi jörð á land samanvið hana.

Að lokum er svo umfjöllun um Fellsenda. Í henni kemur eftirfarandi fram:

Slægjur víðlendar og góðar. Landareignin er sem Styflisdals, þar Fellsendi meinast að liggja í þessarar jarðar landi.³¹

Útmæling á nýbýlinu Fjallsenda/Fellsenda fór fram 8. júlí 1850. Við hana mættu auk úttektarmanna: Þingvallaprestur, fulltrúi Mosfellsprests, ábúendur Fremraháls og Stíflisdals og útmælingarbeiðandinn. Mosfellsprestur lagði fram skýrslu um merki milli Mosfells- og Þingvallakirknalanda. Hún er ekki innfærð, en hana má finna í uppskrift í skjölum, sem lögð voru fram í Landsyfirrétti árið 1860. Fylgir einnig vitnisburður umboðsmanns Mosfellsprests við áreiðina. Hljóða skýrsla og vitnisburður svo:

Með því bóndinn Arni Björnsson á nýbýlinu Fjallsenda hefur gefið mjer í skyn, að næstkomandi mánudag eða þann 8. þ.m. væri áformuð skoðun á landamerkjum og úthlutun lands til tjeðrar nýlendu hans af Sýslumanni með þartil kvaddri nefnd manna, og þareð jeg, sem Beneficiarius á Mosfelli, sem á land að hjer að vestan verðu, hlýt samkvæmt skyldu minni, að eiga þar að nokkruleyti hlut að máli, leyfi jeg mjer hjermeð, til nauðsynlegrar aðgæslu

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 371.

²⁹ Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. S. 176, 181 og 186.

³⁰ Skjal nr. 4(8).

³¹ Skjal nr. 2(15).

fyrir tjeða nefnd, að geta um og taka fram þau landamerki, sem mjer með samhljóða vitnisburðum gamalla og áreiðanlegra manna hafa verið sögð, og eru þau þessi: Sjónhending úr Rjúpnagilsdrögum eða upptökum í aflangan stóran stein einstakan astantil á litla Sauðafelli, og aftur sjónhenda úr tjeðum steini, sem sumir kalla markastein (Sýslustein) á austari Moldbrekkur svonefndar, og en<n> sjónhenda úr Moldbrekkum suðaustan vert við Borgarhóla. A þessum landamerkjum hefi jeg aldrei heyrt neinn vara leika, hversvegna jeg vona bæði að nefndin taki þessi merki til greina með sannsýni samkvæmt skyldu sinni, sem og hitt, að enginn leyfi sjer að haggja þeim eða raska, eins og jeg líka vil reyna til að láta þá kirkju eða prestakall, sem mjer er trúað fyrir halda rjetti sínum óskertum. Býst jeg því við að halda áfram bæði að tileinka Mosfellskirkju fjalllendi alt, að vestanverðu við tjeð merki, sem og að nota það eptir mætti, þörfum og kríngum stæðum.

Mosfelli þann 5. d. Júlím. 1850. Stefán Þorvaldsson prestur til Mosfells.

Framan og ofan skrifuð landamerki milli Þingvalla og Mosfells kirkna landa á Mosfellsheiði eru einmitt gjörsamlega samkvæm því, sem jeg heyrði optlega föður minn sál. Jón bónda Eyólfsson á Laxnesi og föðurbróður minn Þorstein sál. þar og fleiri greinda og kunnuga menn glögglega tala um.

Hraðastöðum þann 6ta Júlí 1850. vitnar Olafur Jonsson bóndi á Hraðastöðum.³²

Útmæling nýbýlisins Fjallsenda fór fram 8. júlí 1850 og er á þessa leið:

Hernæst var nú skodað eigi einúngis land það, sem um er bedid ad útvisad verdi til nýbýlis lódar, heldur einnig land jardarinnar Stýflisdals, hveerrar dýrleiki og skuldsetning væntanlega mundi rírast við útvisunina, þar engin mörk svo menn viti til eru tiltekin fyrir landi nefndrar jardar á þessa hliðina nema ef vera skyldi Rjúpnagil og Sýslusteinn á Litla-Sauðafelli og álitu hinir útnefndu gjördarmenn ásamt Sýslumanni, ad Stýflisdalur væri fullgild 20 hndra jörd bæði ad landrými og öðru þó hin umbedna utvísun framfari.

Þarnæst var nýbýlinu Fjallsenda útvisad til yrkíngar hagbeitar og sérhveerrar annarar notkunar land það er liggur innan fylgjandi takmarka: Frá mörkum jardarinnar Fremraháls í Kjós á hæstu nordurbrún stóra Saudafells, í landsudur eptir brúninni beina stefnu í Grjóta, og eptir þessari á til sudurs uppad efri Gljúfrunum, þaðan sömu stefnu yfir midja Startjörn í midja Grjótártjörn vestanhallt við Þríjarnir í hatt hollt fyrir austan Stórasund og hedan í Sæluhúsid á Eystri moldbrekkum. Hedan til utnordurs í stein austanhallt hæst á Litla Saudafelli, þaðan í Rjúpnagil á Eyrunum og eptir því uppad austasta klofníngi þess og hedan loksins til landnordurs yfir vestasta Tjarnhól í ádur téda brún nordan og hæst á Stóra-Sauðafelli.

³²Skjal nr. 2(31).

Narfi Þorsteinsson, sonur ábúandans á Styflis dal, Ekkjunnar Gudnyar Eyúlfsdóttir, framfærði mótmæli gegn því, að jörðin Styflisdalur héreptir gæti verið söm að dyrleika og eptirgjaldi, þar það hefde alla tíð í mæli verið, að Styflisdal tilheyrdi hid utvísada land, sem gjördarmenn hafa alitid að stærð fimta part af fyrrveranda Stýflisdalslandi, og það hafi brúkad verið til torfskurdar til að ljá upprekstur í og til að ljá slægjur, einnig hafi það stöku sinnum notad verið til slæгна frá Styflisdal í grasleysis árum; það hann þessi mótmæli færð til bókar.

Þar enginn óskadi frekara tilfært þingbokinni var athofn þessari lokid ut supra

P. Gudjohnsen settur

Haldor Jonsson. S. Bech. G. Ólafsson. M. Sæmundsson. Ingimundur Gíslason. A. Björnsson. vegna móður minnar Narfi Þorsteinsson. vegna Sra St. Þorvaldssonar Ólafur Jónsson.

Forevist den 19 Juli 1850. Sagerne have ikke Nummer, Register mangler. J. D. Trampe.³³

Hinn 22. maí 1852 var gefið út byggingarbréf fyrir nýbýlinu Fjallsenda. Því var þinglýst 3. júní 1852.³⁴

Deilur hófust síðar um það hvort Fellsendi hefði orðið eign stofnanda býlisins eða væri eign Þingvallakirkju og féll um það endanlegur dómur í Landsyfirrétti árið 1860.

Landamerkjabréf Stýflisdals var undirritað 12. apríl 1890 og þinglesið 7. júní sama ár:

Landamerki milli Stýflisdals og Hækingsdals.

Úr há-Kjöl bein stefna til suður — útsuðurs í Steinkirkju (Steinkistu), úr Steinkirkju sömu stefnu í Klapparhól þann á Brattafelli, er ber við lopt, er miðað er frá Hólmavaði á Laxá, úr Klapparhól þessum á Brattafelli beina sömu stefnu yfir Sýsluhólma í Sýslulækjarmynni.

Landamerki milli Stýflisdals og Fellsenda, og hinsvegar Fremraháls í Kjós:

Úr Sýslulækjarmynni (við Sýsluhólma í Laxá) bein stefna yfir Stóra-Sauðafell (fellur línar yfir gil í norðaustur hlíð fellsins) í vestasta Tjarnarhól (Strítuhól) og beina sömu stefnu fram til Rjúpnagils.

Einar Jónsson var samþykkuð landamerkjunum hvað Fremraháls viðkom.³⁵

Annar ábúandi Stýflisdals sótti um kaup á jörðinni allri (Selkot meðtalið) 14. apríl 1908 með samþykki mótbýlismannsins og Selkotsbónda. Meðal framlagðra

³³Skjal nr. 2(11).

³⁴Skjal nr. 2(6).

³⁵Skjal nr. 4(29).

skjala voru landamerkjalyýsingin frá 1890 og matsgerð frá 29. júní 1908. Þar segir meðal annars:

Jörðin Stíflisdalur með hjáleigunni Selkoti er landstór jörð, sem liggur í af skegtum dal uppí fjöllum. Vetrar ríkji er mjög mikið þar svo í flestum árum er þar öll jörð undir snjó frá byrjun vetrar og alt framm á sumar. ...

Útheiskaparslægjur eru hingað og þangað um hagana, en ekki afskegtar, þær eru tölu verðar að víðáttu en liggja undir tölu verðum ágangi bæði af heima fénaði og sérflægi afréttarfé. ...

Hjáleigan Selkot hefur alla sömu staðhætti sem heimajörðin.

Hinn 29. júlí 1908 féllst Stjórnarráðið á söluna og var það tilkynnt Þingvallapresti 8. ágúst sama ár. Afsalsbréf var gefið út 6. október 1908.³⁶ Það skal tekið fram að Fellsendi var ekki með í þessari sölu.

Fasteignamatið 1916–1918 fjallar um Fellsenda, Stíflisdal og Selkot, sem sérstakar jarðir, en þá hefur Selkot verið selt undan Stíflisdal. Landamerki Fellsenda eru sögð þinglesin og beitolandi er þannig lýst:

Beitolandið er ágætt sumarland, en mjög snjóþungt; víðlent, skjólalítið en kjarngott.

Stíflisdalslandamerki eru sögð þinglesin og vafalaus og beitolandi lýst með sama hætti og á Fellsenda. Selkot er með þinglesin landamerki og orðið eign Kárastaðabónða:

Beitlandið er gott sumarland, en snjóþungt; skjólgott, fremur víðlent, kjarngott.³⁷

Í fasteignamati ársins 1932 eru kaflar um býlin Stíflisdal I og II:

Jörðin Stíflisdalur I verður fyrir ágangi afréttarfjár. Í kaflanum kemur einnig fram að það er full klukkustundarferð á þær engjar sem eru lengst frá bænum. Umhverfis tún og nýrækt jarðarinnar er gaddavírsgirðing. Lélegt mótak og byggingarefni eru á jörðinni en þar er sémileg torfrista og smá silungsveiði. Upplýsingar um afréttarland jarðarinnar eru misvísandi en að öllum líkindum hefur jörðin aðgang að Þingvallasveitararétti en notar hann ekki. Í greinargerðinni stendur einnig að jörðin sé oft í eyði um nokkurn tíma.

Engar nothæfar upplýsingar er að finna í kaflanum um Stíflisdal II.³⁸

Í fasteignamati ársins 1932 kemur fram að býlið Selkot hafi lélega torfristu og byggingarefni á jörðinni. Í kaflanum kemur einnig fram að jörðin verði fyrir ágangi afréttarfjár. Upplýsingar um afréttarland jarðarinnar eru misvísandi en að öllum

³⁶Skjal nr. 2(18).

³⁷Skjal nr. 2(3).

³⁸Skjal nr. 2(16).

líkindum hefur jörðin aðgang að Þingvallasveitarafrétti en notar hann ekki. Landamerki Selkots eru ágreiningslaus.³⁹

Í sama fasteignamati kemur fram að jörðin Fellsendi hafi fjallamýrar. Torfrista er á jörðinni en hún er léleg og þar er ekkert nýtilegt byggingarefni. Upplýsingar um afréttarland Fellsenda eru misvísandi en að öllum líkindum hefur jörðin aðgang að Þingvallasveitarafrétti en notar hann ekki. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus.⁴⁰

Fellsendi er enn í eigu Þingvallakirkju (ríkisjörð).

5.4. Heiðarbær

Heiðarbær var landnámsjörð Hrolleifs Einarssonar sem síðar neyddi Eyvind í Kvíguvogum til landskipta og bjó Eyvindur á Heiðarbæ um skeið.⁴¹ Heiðarbær er nefndur meðal eigna Þingvallakirkju í Gíslamáldögum frá því um 1570⁴² eins og áðurtaldir jarðir Kárastaðir og Stíflisdalur og er talinn meðal kirkjueigna síðan.

Heiðarbær virðist hafa nýtt selstöðu sína samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1711:

Selstöðu góða á jörðin í sínu landi.⁴³

Árið 1740 lögfesti Markús Snæbjörnsson, prestur á Þingvöllum, Þingvallastað. Í þeirri lögfestu eru teknar með jarðir Þingvallakirkju í Þingvallasveit þannig að landamerkjum kirkjujarða er lýst að nokkru leyti. Nánar er fjallað um lögfestuna í kaflanum um takmörk Þingvallasveitar og Grafnings.

Heiðarbær tilheyrir Þingvallakirkju samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847.⁴⁴ Í kaflanum um Heiðarbæ í jarðamati 1849–1850 kemur fram að:

Slægjur víðlendar mjög en langt til aðdráttu nokkuð. heykostur í betra lagi. Landrými mikið og kostagott en vetrarþungt er þar nokkuð. ... fremur orðug smalamennska og dyrbitur nokkur ...⁴⁵

Árið 1849 gaf prófastur í Árnessýslu skýrslu um skógaeign prestssetra. Um Heiðarbæ segir:

Kyrkjujörðinni Heiðarbæ fylgir skógur í heimalandi í bröttu fjal<|>lendi, er það ekki mikið pláts og eyðist skógurinn af skriðum árlega, en ekki er hann undir orpinn ágángi af fénaði. Með hann er vel farið.⁴⁶

³⁹Skjal nr. 2(16).

⁴⁰Skjal nr. 2(16).

⁴¹Skjal nr. 4(33). S. 389 og 391 (Hauksbók).

⁴²Skjal nr. 4(2).

⁴³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 374.

⁴⁴Skjal nr. 4(8).

⁴⁵Skjal nr. 2(15).

⁴⁶Sbr. skjal nr. 2 (A. 12. 2 a–d).

Hinn 15. apríl 1890 var skrifað undir landamerkjabréf kirkjujarðarinnar Heiðarbæjar. Því var þinglýst 7. júní sama ár:

1. Landamerki milli Heiðarbæjar og Nesjalanda eru: Úr Klofningatjörn bein stefna í merkjavörðu yzt á Gildrubrekku, þaðan bein stefna í merkjavörðuna á Lönguhlíð, þaðan í farveg þrýhrynningagils á Kleifareggjum og svo úr Stóruskriðu undir eggjum þessum beint yfir Miðbungumel suðaustur í Þingvallavatn; þaðan liggur Þingvallavatn fyrir landinu austur að Móakotsárósum.

2. Landamerkin millum Heiðarbæjar og Skálabrekku eru: Móakotsá upp til Skollalækjar, þá Skollalækur til Drykkjartjarnar, þá Markalækur, er rennur gegnum Leirtjörn alla leið til Markatjarnar.

3. Landamerki milli Heiðarbæjar og Stíflisdals eru þessi: Úr Markatjörn ræður bein stefna yfir Hádegisholtsvörðuna í Svörtukletta, þaðan aptur bein stefna yfir Markahringinn á Strítuhól til landamerkja Mosfellskirkjulands og skal þar hlaðin hornmarksvarða.⁴⁷

Ábúendur á Heiðarbæ sóttu hvor í sínu lagi um kaup á jarðarhlutum sínum árið 1914. Landamerkjabréfið frá 1890 var lagt fram. Einnig matsgerðir fyrir hvorn jarðarhluta frá 6. júní sama ár, sem eru samhljóða hvað varðar gæði og lesti:

Eng<j>arnar eru víðáttu miklar en votsamar og ligga lánt frá bænum uppá mosfellsheiði. ... Úthagar eru víðáttu miklir, meirihluti þeirra heiðlendi, en liggja undir mjög miklum ágangi af utanhreppafjenaði.

Hreppstjórinn í Þingvallasveit lagðist gegn sölunni, taldi meðal annars ekki eiga að selja jarðir yfirleitt. Í umsögn Stjórnarráðsins, 27. júlí 1914, var sölunni mótmælt:

... landflæmi á hún [jörðin Heiðarbær] mikið upp um Mosfellsheiði og engjar óþrjótandi. Hin um talaða járnbraut myndi, ef hún kæmist til framkvæmdar, liggja um land jarðarinnar og mundu engjarnar þá að sjalfsögðu verða afar mikils virði.

Var hreppstjóra tilkynnt um synjun 31. ágúst 1914.⁴⁸

Fasteignamat 1916–1918 segir landamerki Heiðarbæjar þinglesin. Þá er tvíbýlt í Heiðarbæ en landlýsing á við báðar jarðirnar. Kvartað er undan ágangi af afréttarfé en beitolandi lýst þannig:

Beitolandið er gott sauðland, en snjóþungt; víðlent heiðarland, kjarngott. Smalamennska mjög erfið.⁴⁹

Fjallað er um býlin Heiðarbæ I og Heiðarbæ II í fasteignamati 1932.

⁴⁷Skjal nr. 4(28).

⁴⁸Skjal nr. 2(20).

⁴⁹Skjal nr. 2(3).

Í kaflanum um Heiðarbæ I kemur fram að engjar jarðarinnar séu meðal annars á heiðarlandi hennar. Þar er líka fjallað um beitiland jarðarinnar. Sauðfé hefur þar nægt pláss en ekki eru góðir gripahagar nema langt frá bænum. Á jörðinni er silungsveiði og steypuefni og lítils háttar beiti-kjarr. Léleg torfrista er langt frá bænum. Tún Heiðarbæjar I og smáflöt eru girt með gaddavír.⁵⁰ Upplýsingar um afréttarland jarðarinnar eru misvísandi en að öllum líkindum hefur jörðin aðgang að Þingvallasveitarafrétti en notar hann ekki. Í skýrslunni er líka minnst á að jörðin verði fyrir miklum ágangi sauðfjár.⁵¹

Heiðarbær II þarf líka að kljást við ágang sauðfjár.⁵² Í kaflanum um býlið kemur einnig fram að líkt og á Heiðarbæ I hefur sauðfé nægt pláss á beitilandi jarðarinnar. Á jörðinni er torfrista, smáhrís og byggingarefni en gæði þess eru léleg. Auk þess er þar silungsveiði. Upplýsingar um afréttarland eru misvísandi en að öllum líkindum hefur jörðin aðgang að Þingvallasveitarafrétti en notar hann ekki. Tún Heiðarbæjar II er girt með gaddavír⁵³ og landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus.⁵⁴

Heiðarbær er enn í eigu Þingvallakirkju (ríkisjörð).

5.5. Nesjar

Nesja mun fyrst getið í gjafabréfi frá 1539. Gaf Erlendur Þorvarðarson lögmaður Margræti dóttur sinni jörðina ásamt mörgum öðrum til giftumála.⁵⁵ Þá er jarðarinnar getið í Gíslamáldögum vegna þess að þaðan var kirkjusókn að Ölfusvatni.⁵⁶

Afrétt áttu Nesjar að sögn Jarðabókar Árna og Páls árið 1706 undir Hengli en um afrétti er fjallað síðar. Þá áttu Nesjar samkvæmt sömu heimild fleiri en eina selstöðu:

Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifasel, Klængsel og Vallasel.⁵⁷

Í ritinu Sunnlenskar byggðir, III. bindi, er sérstakur kafli um selstöður í Grafningi. Þar segir meðal annars:

Hálendið upp af bæjunum telst til heimalands jarðanna. Er þar mikið beitiland og var fyrrum mjög notað til selstöðu. Sér þar víða til selrústa. Skulu hér nefnd þau sel sem þekkt eru:

⁵⁰Girðingin er um 1000 metrar.

⁵¹Samkvæmt skýrslunni er hér um að ræða sauðfé úr öðrum sveitum.

⁵²Í þessu tilfelli er um að ræða afréttarsauðfé.

⁵³Girðingin er um 700 metrar.

⁵⁴Skjal nr. 2(16).

⁵⁵Skjal nr. 4(1).

⁵⁶Skjal nr. 4(2).

⁵⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 2. b. S. 378.

Sel frá Nesjum: Frá Nesjum er sel við Selklif, sem nú er í Nesjavallalandi. Liggur vegur þar rétt hjá niður að Þingvallavatni til sumarbústaða sem þar eru og einnig að Nesjum.⁵⁸

Hinn 19. maí 1817 gerði eigandi Nesja lögfestu fyrir jörðina. Þar er greint frá merkjum:

ad Sunnannverdu fra Þingvallavatni eptir giánne sem liggur millum Grámelanna beina Stefnu á Sialf qvívar a Stángarháse ur Sialfqvium í Stora Skigner a Stángarháse úr sama Skigner beina Stefnu i Köldulaug sem liggur i millum Ölvers vatns lauga og og Nesialauga ur Koldu laug i Vörduskéggia ur Vorduskeggia eftir melnum sem Liggur fyrir Vestan Dyrafjöllinn a Skuflunga ur Skuflungum i Klofninga en ur þeim eptir gili[nu] á millum Heidarbær og Nesia, úr greindu Gile beina Stefnu sudur yfer Vatnid a Mots Vid ádur áminsta Giá og beint þadan Vestur i hana; alt ad ordfullu Lögfullu og Logmale réttu: fyrirbiodande hedan af hverjum Manne sér ad nyta tiltekid Nesia Land i því vinna né veide fyrir því brúka án míns Leyfis.⁵⁹

Þessi lögfesta var þinglesin á Bakkárholtspingi 19. maí 1817.

Nesjavellir byggðust úr landi Nesja árið 1820 (eða 1819) eins og segir í kaflanum um Nesjavelli hér á eftir.

Skipti á landi og veiðistöðum milli Nesja og Nesjavalla, sem gerð voru 8. janúar 1848, voru þinglesin á manntalsþingi 10. júní 1848.⁶⁰

Nesjar eru metnir 20 hundruð að dýrleika í Jarðatali Johnsens frá 1847. Neðanmáls segir að hreppstjóri telji Nesja 10 hundruða að dýrleika og Nesjavelli, sem ekki er getið í jarðabókum, sömuleiðis. Prestur getur Botndals en hvorki hreppstjóri né jarðabækur.⁶¹ Í kaflanum um bændaeygnina Nesjar í jarðamati 1849–1850 kemur eftirfarandi fram:

Slægiur litlar og reitingslegar, heykostur <í> meðallagi. Utrými gott og landkostir fremur góðir. Vetrarþeir í meðallagi. ... Smalamennska fremur orðug og dýrbitur mikill.⁶²

Á árunum 1868–1873 var uppi deila milli Ófeigs Vigfússonar í Nesjum og Mosfellsprests vegna notkunar hins fyrrnefnda á Sauðafellsflóa á Mosfellsheiði, sem Mosfellsprestur taldi tilheyra kirkju sinni. Í því máli gekk dómur 22. nóvember 1873 en málið dæmdi sýslumaðurinn í Árnessýslu ásamt meðdómsmönnum.

Landamerkjabréf Nesja var undirritað 15. maí 1890 og því var þinglýst 9. júní 1890. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar:

⁵⁸*Sunnlenskar byggðir, III. b.* S. 246.

⁵⁹Skjöl nr. 2(4) a–b og 2(8).

⁶⁰Skjal nr. 2(10).

⁶¹Skjal nr. 4(8).

⁶²Skjal nr. 2(15) a–b.

Fyrst milli Nesja og Nesjavalla hefjast þannig. Úr Sandhólnum austanvert á svonefndum Stapa við Þingvallavatn í merkjasteina norðan til á Krummahlíð, þaðan í Brúnkolluhól og svo í skarðið milli Jórutinds og Hátinds, þaðan í Dyadalshnúk, þaðan í Vörðuskeggja, svo beint norður í Sköflunga, svo í Klofninga tjarnir sem er hornmark milli Heiðarbæjarlands og Nesjalands, svo sjónhending austur í vörðuna norðan til við há-Lönguhlíð; þaðan eptir jarðfallinu norðan við Þríhyrning fram á svonefnda Jórúkleyf, þaðan í Miðbungumel við Þingvallavatn.

(þrotun búnga)

Athugasemd

Þess skal getið, að Nesjar eiga ítak til slæгна í Nesjavallalandi í Botnadal og vestan megin Illagils, en Nesjavellir skógarítak í Jórúkleyf frá stóra steininum norðvestan á vatnsbrekkunni, brekkuna norður að Skriðu og niður að götu.

Lýsingin var samþykkt af umráðamanni Þingvallakirkjujarðarinnar Heiðarbæjar, eiganda Nesjavallalands og fulltrúa afréttar Grafningshrepps.⁶³

Fasteignamat 1916–1918 kveður landamerki vafalaus. Einnig segir:

Beitilandið er víðlent fjallendi, sumstaðar skógi vaxið; skjólgott, kjarngott, mjög gott sauðfjárland. ... Nes<j>avellir eiga skógarítak í landinu, á svo nefndri Nesjakleif, sem nú er nær að engu orðið.⁶⁴

Í fasteignamati 1932 stendur að beitiland Nesja sé víðlent og gott fjallendi. Einnig kemur þar fram að tún þeirra séu vel afmörkuð. Hluti þess er girt með gaddavír en hluti túnsins liggur að vatni. Nesjar eiga afréttarland í fjallendi sem er ekki mjög víðlent. Á jörðinni er nokkurt skógarhögg og hún þarf að þola ágang afréttarfjár. Jörðin hefur slæгнаftak í Nesjavallalandi. Landamerki Nesja eru ágreiningslaus.⁶⁵

5.6. Nesjavellir

Nesjavellir eru úr upphaflegu Nesjalandi og urðu til sem býli árið 1820 eftir því sem segir í Árbók Ferðafélags Íslands árið 2003. (Sunnlenskar byggðir segja árið 1819). Var það sjálfseignarbóndi í Nesjum sem flutti þangað eftir að kona hans drukknaði í Þingvallavatni.⁶⁶

Í sóknalýsingu Björns Pálssonar frá 1840 segir:

Nesjavellir eru byggðir fyrir rúmum 20 árum.⁶⁷

⁶³Skjal nr. 4(30) a–b.

⁶⁴Skjal nr. 2(3).

⁶⁵Skjal nr. 2(16).

⁶⁶Þór Vigfússon. S. 166. *Sunnlenskar byggðir*, III. b. S. 262.

⁶⁷Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar*. S. 186.

Nesjavalla er getið sem hjáleigu Nesja í Jarðatali Johnsens frá 1847. Neðanmáls kemur fram að jarðarinnar sé ekki getið í jarðabókum.⁶⁸

Skipti á landi og veiðistöðum milli Nesja og Nesjavalla, sem gerð voru 8. janúar 1848, voru þinglesin á manntalsþingi 10. júní sama ár.⁶⁹

Í þeim hluta jarðamatsins 1849–1850, sem fjallar um bændaeignina Nesjavelli, kemur eftirfarandi fram:

Slægjur hægar og fremur góðar en litlar, heykostur sæmilega góður. Landrými nog og landkostir góðir, en vetrarþýngsli nokkur. ... smalamennska fremur orðug og dyrbítur mikill.⁷⁰

Hinn 27. janúar 1852 undirritaði Grímur Þorleifsson á Nesjavöllum samning er kvað á um leigu á brennisteinsnámum í Nesjavallalandi til Jóns Hjaltalíns landlæknis. Í samningnum kom einnig fram að leigutaki ætti rétt til annarra jarðmálma sem fyndust í Nesjavallalandinu. Samningurinn var til 100 ára og þinglesinn 20. júní 1859.⁷¹

Landamerkjabréf jarðarinnar Nesjavalla var undirritað 27. mars 1886. Það var þinglesið 24. maí 1889:

Milli Ölvisvatnstorfu og Nesjavalla hefjast landamerkin við Þingvallavatn í gjá þeirri, er liggur í vatn fram milli svonefndra Grámela; liggja þau úr gjá þessari eptir gjáardrögum, er liggja í Rauðhóls-gjáarendann hinn nyrðri, og eptir Rauðhólsgjá endilangri og úr syðri enda hennar beina stefnu í Ölvisvatnsskyggirnir og þaðan beina stefnu í hrygg þann, sem liggur milli Ölvisvatnslaugar og Köldulaugar. Þaðan liggja landamerki Nesjavalla eptir beinni stefnu í Vörðuskeggjahnúk, og úr honum beina stefnu í Djúpadalshnúk úr Dyradalshnúk beina stefnu í skarðið milli Jórutinds og Hátinds „Tindaskarð“. Þaðan eptir því skarði miðju norður á móts við norðurenda „Hátindatagls“ og þaðan beina stefnu í svonefndan Markhól norður við Þingvallavatn. Markhóll þessi er sandhóll áfastur við svonefndan „Stapa“ sunnanverðan. Að norðanverðu við Nesjavallaland liggur Þingvallavatn og á jörðin silungsveiði fyrir öllu landi sínu og norður í djúp vatnsins til móts við aðrar jarðir er sunnan að vatninu liggja.

Utan þessara landamerkja á jörðin Nesjavellir skógarítak (skógarhögg) í Nesjalandi í Jórúkleif. Umhverfis ítaksspildu þessa liggur: að norðaustan Heiðarbæjarland, að suðaustan vegurinn (reiðgatan) allt að stórum steini við veginn, fyrir sunnan „Syðra gil“, að suðvestan bein stefna upp í „Eggjar“. Móts við skógarítak þetta á jörðin Nesjar slægnaftak, þ.e. rjett til heyskapar í „Botnadal“ og í „Vegghamrahólum“ innan Nesjavallalands.

⁶⁸Skjal nr 4(8).

⁶⁹Skjal nr. 2(10).

⁷⁰Skjal nr. 2(15) a–b.

⁷¹Skjal nr. 2(7) a–b.

Lýsing þessi var samþykkt af eigendum 4/5 hluta af jörðinni Nesjum, eiganda Ölfusvatns með Hagavík, prestinum á Þingvöllum og umboðsmanni afréttar Ölfushrepps.⁷²

Landamerkjabréf Nesja var undirritað 15. maí 1890 og því var þinglýst 9. júní 1890. Í því eru upplýsingar um landamerkin við Nesjavelli. Fjallað er um þetta landamerkjabréf í kaflanum um Nesjar hér að framan.

Landamerki Nesjavalla eru sögð vafalaus í fasteignamati 1916–1918. Beitolandi er svo lýst:

Beitolandið er víðlent fjallendi, vaxið skógi að nokkru leyti, skjólgott, snjóþungt, kjarngott. Smalamennska erfið.⁷³

Í kaflanum um Nesjavelli í fasteignamati 1932 kemur fram að á jörðinni sé að finna hrís og hverfi og að talið sé að þar finnist brennisteinn. Einnig stendur þar að beitolandið sé stórt og gott. Tún og engjar jarðarinnar séu girt af með um 2000 metra girðingu. Nesjavellir eigi afréttarland í fjalllendi sem ekki sé mjög víðlent. Þá eigi jörðin skógarítak á Nesjum.⁷⁴

Samkvæmt kaupsamningi í apríl 1964 og afsali frá 22. apríl 1965 eignaðist Reykjavíkurborg Nesjavelli.⁷⁵ Nú er Orkuveita Reykjavíkur eigandi Nesjavalla samkvæmt eignaryfirlýsingu 1. október 2003.⁷⁶

5.7. Ölfusvatn og hjáleigurnar Hagavík og Krókur

Ölfusvatn eða Vatn er fyrst nefnt í máldaga kirkjunnar þar, sem talinn er frá 1180. Þar er Hagavíkur einnig getið:

Vatn. Þessi er kirkio maldage at vatne. at þar liggir til sandey oll. oc .xij. hundrað alna i vatz lande oc i hagavíkr lande. oc scal eigi selia lond þesse nema með ollom gæþom. þeim er fylgia. at leyfe biscops þess er i scala hollte er.⁷⁷

Samkvæmt Vilkinsmáldaga frá árinu 1397 var hálf heimaland Ölfusvatns kirkjueign. Ekki er minnst á Hagavík.⁷⁸ Í máldaga Ölfusvatnskirkju frá því um 1491–1518 segir:

Kirkian a Olversvatni. a heimaland halft. sandey. kirkivRid. ... þar liggur til eirn bær. kirkian lasin. Hana a skalholt.⁷⁹

⁷²Skjal nr. 4(31) a–b.

⁷³Skjal nr. 2(3) a–b.

⁷⁴Skjal nr. 2(16).

⁷⁵Skjöl nr. 5(3 og 4).

⁷⁶Skjal nr. 5(6).

⁷⁷Skjal nr. 4(4).

⁷⁸Skjal nr. 4(58).

⁷⁹Skjal nr. 4(59).

Krókur er nefndur í Gíslamáldögum frá því um 1570. En þangað var kirkjusókn að Ölfusvatni. Þá átti Ölfusvatnskirkja hálf heimalandið.⁸⁰ Eftir því mætti ætla að Krókur hafi verið sérstök jörð og lögbýli eins og kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en bæði Krókur og Ölfusvatn (Hagavík hjáleiga Ölfusvatns) voru þá eign Skálholtsstóls.⁸¹

Ölfusvatn og Krókur áttu selstöður í heimalöndum samkvæmt Jarðabók Árna og Páls.⁸²

Á manntalsþingi að Bakkárholti 15. maí 1833 var lesið forboð hreppstjóra í Þingvallasveit og ábúenda á Ölfusvatni, Króki og Hagavík um að fé Ölfusmanna rækist ei í ofanefndra jarða lönd. Forboðið er dagsett 11. maí 1833.⁸³

Hinn 13. maí 1834 skrifaði ábúandi á Ölfusvatni, ásamt ábúendum á Torfastöðum, Tungu, Hlíð, Úlfjótuvatni og Villingavatni, undir yfirlýsingu þar sem fram kom að þessir aðilar bönnuðu ferðafólki að fara svokallaðan veg milli hrauns og hlíða því að ferðir um hann skemmdu slægjur og búfjárhaga ofanefndra jarða. Í skjalinu kemur einnig fram að nefndar jarðir:

byrja við Alptavatn og ná til Afréttar.

Þetta skjal var þinglesið 27. maí 1834.⁸⁴

Björn Pálsson færði selstöður inn á kort sem fylgdi sóknalýsingu hans. Allar voru þær aflagðar nema frá Ölfusvatni:

Ein var samt tekin upp í fyrra frá Ölfusvatni og aftur brúkuð í sumar; mun það því ekki hafa skaði þókt.⁸⁵

Eftir korti Björns að dæma virðist þetta sel hafa verið skammt frá mörkum Grafnings og Ölfuss. Er það væntanlega selið, sem kallast Nýjasel í ritinu Sunnlenskar byggðir, en þar segir um sel frá Ölfusvatni og Króki:

Sel frá Ölfusvatni: Gamlasel var í kvos sunnan undir Selhól í Ölfusvatnshólum. Rennur Ölfusvatnsá þar rétt hjá og er Kaldá þar komin í ána. Þetta sel er ævagamalt. Þarna handhuggu fylgdarmenn Þórðar kakala Þorstein Guðinason, fylgdarmann Gissurar Þorvaldssonar, ...

Nýjasel er móti norðvestri við smátjörn á mýrarbletti sem er alveg við selið. Nýjasel er úti í Seltöngum meira en klukkutíma gang frá Ölfusvatni. Var fénu beitt í Laka, ... Er þetta eina selið sem er vitað með vissu, hvenær var síðast notað, en það var 1849.

Sel frá Króki var út við Kaldá rétt ofan við efstu flúðirnar.⁸⁶

⁸⁰Skjal nr. 4(2).

⁸¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 378–380.

⁸²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 379–380.

⁸³Skjal nr. 2(9).

⁸⁴Skjal nr. 2(5) a–b.

⁸⁵Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. S. 182.

⁸⁶Sunnlenskar byggðir, III. b. S. 246.

Þór Vigfússon vísar að þessum seljum í Árbók Ferðafélags Íslands árið 2003. Einnig getur hann um þörf bænda fyrir að forða búpeningi á sumrum undan mýbiti á bökkum Sogs og Þingvallavatns.⁸⁷

Ölfusvatn og Krókur voru meðal þeirra jarða sem seldar voru undan Skálholtsstóli fyrir árið 1800. Ölfusvatn var selt 1. ágúst 1787 og Krókur 26. janúar 1791. Samkvæmt Jarðatali Johnsens voru Ölfusvatn og Krókur lögbýli en Hagavík hjáleiga frá Ölfusvatni.⁸⁸

Jarðamatið 1849–1850 segir Ölfusvatn bændajörð og hjáleigur hennar vera Hagavík og Krók.

Í Ölfusvatnshlutanum í jarðamatinu stendur meðal annars:

Slægjur sæmilega goðar, ekki miklar heypall heldur létt. Landrými nægilegt og landkostir góðir, vetrarþing í meðallagi.

Í þeim hluta greinargerðarinnar, sem fjallar um Hagavík, stendur meðal annars:

Slægjur reitingslegar, snöggglendar, örðugar, heypallið gott. Landrými nóg, landkostir góðir og vetrarþing sömuleiðis. ... fremur örðug smalamennska og dýrbítur.

Að lokum er svo umfjöllun um Krók. Í henni kemur eftirfarandi fram:

Slægjur miklar, votsamar, hægar, heypallið fremur létt. Hagrými og landkostir góðir en vetrarþingt ... dyrbítur nokkur.⁸⁹

Samkvæmt Nýrri jarðabók frá 1861 eru Krókur og Hagavík talin hjáleigur frá Ölfusvatni.⁹⁰

Í framhaldi af áreið sem farin var á landamerki jarðanna Króks og Ölfusvatns og hjáleigunnar Hagavíkur 8. og 9. júlí 1884 var útbúið landamerkjabréf fyrir téðar jarðir. Það var undirritað 15. ágúst 1885:

Norðaustan að löndum þessara jarða liggur Þingvallavatn, sunnan frá mynni „Villingavatns-ár“ eður „Króksár“, og norður í lægð þá, er liggur milli svonefndra „Grámela“ við Þingvallavatn. Þá hefjast landamerkin á landi í gjáarmunna þeim, er liggur út í Þingvallavatn milli nýnefndra „Grámela“, og liggja þau eptir gjáardrögum þeim, er þaðan liggja uppí „Rauðhólsgjáar“ enda hinn nyrðri, svo ræður „Rauðhólsgjá“ mörkum til enda; síðan ræður bein stefna úr „Rauðhólsgjáar“-enda hinum syðri í Ölvisvatns-skygginnir, og úr honum aptur bein stefna í hrygg þann ofanverðan, er liggur upp á milli „Ölvisvatnslaugar“ og Köldulaugar. Af hrygg þessum ræður merkjum bein stefna í bergeggjar eða brúnir þær, er mynda svonefndar „Hengilsyllur“

⁸⁷Þór Vigfússon. S. 159 og 163.

⁸⁸Skjöl nr. 4(9 og 60).

⁸⁹Skjal nr. 2(15) a–b.

⁹⁰Skjal nr. 4(9).

(austan í Henglinum); síðan liggur merkjalínan eptir eggjum þessum, og úr þeim í mel einn, bleikrauðan til að sjá, er liggur upp af „Raufarbergi“, og þaðan í „Raufarberg“ sjálft. Úr „Raufarbergi“ liggja mörkin síðan yfir miðjan „Brúnkollublett“ beina stefnu í „Grjóthól“ sunnan í „Tjarnarhnúknun“, þaðan í bergnef eitt sunnanvert við „Álptatjörn“, þaðan beina stefnu austur yfir „Folaldaháls“ í grjóthól, er stendur einstakur í „Killis-fells-mýri“, og síðan sömu beina stefnu austur í miðjan slakkann, er liggur milli „Killisfells“ og „Klóarfells“. Skal haldið uppi hornmarksvörðu í miðjum slakka þessum, þar eð þar er hornamark Villingavatnslands og Ölvisvatnslands, er þar mætast, en land Reykjakirkju í Ölvesi liggur fyrir báðum þessum löndum að sunnan. Frá hornmarksvörðu þessari, eður sunnan frá merkjalínu Reykjakirkjulands í miðjum slakkanum milli „Killisfells“ og „Klóarfells“, þar, sem hann er lægstur, liggja merkin svo milli Ölvisvatns- og Krókslands annars vegar en Villingavatnslands hins vegar norður lægstan slakka þenna miðjan niður úr „Laxárdalsbotni“. Síðan ræður merkjum alla leið til Þingvallavatns á sú er rennur eptir dal þessum endilöngum, og síðan norður í Þingvallavatn milli jarðanna „Króks“ og „Villingavatns“, og nefnist hún neðan verð ýmist „Króksá“ eða „Villingavatns-á“.

Eyjan „Sandey“ í Þingvallavatni liggur undir jörðina Ölvisvatn og tilheyrir henni að öllu leyti sem hver annar hluti af landi hennar.

Fyrir neðan landamerkjálýsinguna stendur:

Ofanskriðuð landamerki móti Reykjatorfulandi eru af mjer undirskriðuðum samþykkt. Sæmundur Sæmundsson á Elliðavatni og mjer Gísla Guðmundssyni í Reykjakoti.

Þar fyrir neðan koma undirskriftir fulltrúa Úlfljótsvatns og eiganda Nesjavalla. Síðast kemur undirskrift Jóns Árnasonar oddvita vegna afréttarlands Ölfuss.⁹¹

Ölfusvatn, Hagavík og Krókur voru í fjölskyldueign samkvæmt fasteignamati 1916–1918. Átti faðirinn Ölfusvatn en sonurinn hinar jarðirnar. Tekið er fram við Hagavík að landamerki jarðanna séu sameiginleg og þinglesin. Upplýsingar, sem helst gætu skipt máli, eru varðandi beitoland. Um Hagavík segir meðal annars:

Engjar lítt grasgefnar, sléttar, mest harðvelli á dreif um bithaga; langt á þær. ...Beitolandið er víðlent fjalllendi, sumstaðar skógi vaxið, ágætt fyrir sauðfé, skjólgott. fremur snjólétt, kjarngott. Smalamennska erfið.

Á Ölfusvatni:

Beitolandið er gott sumarland, einkum fyrir sauðfé, víðlent, skjólgott, fremur snjóþungt, kjarngott. Smalamennska erfið.

Krókur:

⁹¹Skjal nr. 4(32) a–b.

Beitilandið er gott sauðfjárland, víðlent fjalllendi, skjólgott, fremur snjóþungt. Smalamennska erfið.⁹²

Krókur var seldur út úr Ölfusvatnseign árið 1917 án landskipta.⁹³

Í fasteignamati frá árinu 1932 er kafli um jörðina Ölfusvatn. Í honum segir meðal annars að beitiland jarðarinnar sé víðlent og að stutt sé á það og engjarnar. Túnið sé girt með 1000 metra gaddavírgirðingu. Á jörðinni sé mótak, dálítið hrís, hverir og silungsveiði. Þar sé einnig léleg torfrista og byggingarefni. Ölfusvatn eigi afréttarland í fjalllendi sem ekki sé mjög víðlent. Umferð afréttarfjár og fénaðar frá öðrum bæjum skaði jörðina.⁹⁴

Í sama fasteignamati kemur fram að beitiland Hagavíkur sé víðlent. Langt sé að engjum býlisins. Túnið sé girt 1200 metra járngirðingu. Á jörðinni sé að finna skóg, hverir og laugar. Þar sé einnig silungsveiði. Hagavík eigi afréttarland í fjalllendi í sveitareign sem ekki sé mjög víðlent. Jörðin verði fyrir ágangi afréttarfjár.⁹⁵

Króki er lýst þannig í fasteignamati frá 1932 að beitiland sé víðlent og ekki langt á það. Í skýrslunni kemur einnig fram að tún og engjar jarðarinnar séu girt með gaddavír og timbri. Á jörðinni sé mótak, torfrista og byggingarefni auk silungsveiði. Krókur eigi afréttarland í fjalllendi í sveitareign sem ekki sé mjög víðlent. Býlið eigi sameiginleg landamerki með Ölfusvatni og hjáleigunni Hagavík. Jörðin verði fyrir ágangi afréttarfjár.⁹⁶

Árið 1940 voru gerð landskipti milli Ölfusvatns og Króks. Landamerkjabréf með lítills háttar breytingum frá skiptunum 1940 var gert 20. október 1942:

Undirritaðir eigendur jarðanna Króks annarsvegar og Ölfusvatns hinsvegar, beggja í Grafningshreppi, hafa í dag komið sér saman um neðangreind landamerki milli téðra jarða.

Úr Villingavatnsá, við Bullaugalækjarmynni, eftir svonefndri Ölfusvatnsgirðingu, að svonefndri Króksgirðingu, vestan í Víðihlíð, frá horni Króksgirðingar eftir girðingunni, austan Ölfusvatnsár, til suðvesturs, að útsuðurhorni Króksgirðingar við Kaldármynni, þaðan austan Kaldármynnis beina stefnu í hæsta hnúk Stóra Stapafells. Úr nefndum hnúk eftir Stapafelli í Tindgilsmunna, eftir Tindgili í Kattartjörn efri, þaðan eftir slakkanum, þar sem hann er lægstur í Álftatjörn, yfir hana, í bergnef eitt sunnan við Álftatjörn. Það skal tekið fram að Ölfusvatnsáin er öll eign Ölfusvatns. Þar sem girðingar ráða mörkum, verða merkjasteinar síðar settir.

[Síðan koma ákvæði um veiðirétt Króks í Þingvallavatni].⁹⁷

⁹²Skjal nr. 2(3).

⁹³Skjal nr. 5(13).

⁹⁴Skjal nr. 2(16).

⁹⁵Skjal nr. 2(16).

⁹⁶Skjal nr. 2(16).

⁹⁷Skjal nr. 5(26).

Hagavík var seld sérstaklega 7. ágúst 1936.⁹⁸ Engin mörk koma fram í afsalinu. Eigandi Hagavíkur (Helgi Tómasson), sem einnig átti hálf Ölfusvatn, og hinn eigandi Ölfusvatns (Sveinn Benediktsson) komu sér saman um 19. september 1952 að gerðardómur skæri úr um landamerki milli eignarhlutanna. Sá dómur var kveðinn upp 7. júlí 1954, svohljóðandi:

Frá Þingvallavatni við norðurenda Ölfusvatnsfjalls fylgja merkin beinni línu, sem liggur um hæztu punkta á norður- og suðurenda fjallsins, og eru þeir merktir á uppdrætti Herforingjaráðsins með hæðatölunum 220 á norðurenda fjallsins, en 241 á suðurendanum. Frá punkti þeim, sem merktur er 241, liggja merkin síðan beinalínu í hæsta punkt á Selhól, merktum með hæðatölunni 201 á nefndum uppdrætti, og beint áfram, unz línan sker Ölfusvatnsárgljúfur, þaðan fylgja merkin Ölfusvatnsá, þar til gljúfrin þrýtur suðaustur af Mælifelli. Frá gljúfurendanum eru merkin bein lína í Klapparnef það við Þverá, sem er næst norðaustan við Móbergsbogann, sem Þverá fellur undir, en móbergsbogi þessi er þar sem Lakalækur fellur í Þverá. Þetta mark liggur gegnt hæðatölu 224 á uppdrætti Herforingjaráðsins. Frá nefndu klapparnefi eru merkin bein lína að mótum Þverár og Ölkeldu-háslækjar, en vatnamót þessi liggja norður undan háum hamri, sem er milli lækjarins og árinna. Síðan ráða Þverá og Kýrgil Merkjum, unz Kýrgil sker þinglesin landa- og hreppamörk á Hengilsyllum.

Hæðatölur þær, sem miðað er við í landamerkjum þessum, eru samkvæmt uppdrætti danska herforingjaráðsins í mælikvarða 1:50.000. Eru landamerkin mörkuð með grænni línu á uppdrátt, sem fylgir gerðardómnum.

Einnig kemur fram í gerðardómnum að sá, sem fékk austurhluta Ölfusvatnslands, hafði fengið hlutfallslega stærra land og jarðhitasvæði en honum bar og sömuleiðis hlutfallslega nokkuð meiri veiðiaðstöðu í Þingvallavatni og Ölfusvatnsá, en hjá því varð ekki komist ef haganleg skipti áttu að fást. Voru eiganda Hagavíkur og vesturhluta Ölfusvatns gerðar fébætur þess vegna. Gerðardómurinn var innfærður í afsals- og veðmálabók Árnassýslu 27. maí 1968.⁹⁹

Hinn 15. september 1950 var gerður félagssamningur um Hagavík.¹⁰⁰ Eigendur Hagavíkur slitu sameign á jörðinni með landskiptagerð 11. apríl 1969. Hluti var þó áfram í óskiptri sameign:

1. Í hlut Bjarna Helgasonar kemur það land, sem markast að norðan af Þjóðvegi frá mörkum Nesjavalla og Hagavíkur að Þingvallavatni, þó svo að síðasta spölinn, frá norðaustur horni Bæjarfjalls ræður miðlína gamla vegarins, er liggur niður af núverandi Þjóðvegi, þar til komið er í beina stefnu af suðurvegg gamla fjóssins, en þaðan, síðsta kaflann niður í vatn ræður lína í

⁹⁸Skjal nr. 5(10).

⁹⁹Skjal nr. 5(13).

¹⁰⁰Skjal nr. 5(12).

beina stefnu í suðausturhorn sumarbústaðar dr. Helga heitins Tómassonar í Hagavík. Við fjöruborð skal settur upp markasteinn. ...

Úr markasteini ræður Þingvallavatn að landi Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Brynjólfs Helgasonar. Að sunnan ræður markalína milli síðastnefnds lands og Hagavíkurlands, í svonefndan Skolla, en þaðan bein lína í Ölfusvatnsskyggni og úr honum eftir landamerkjum Nesjavalla og Hagavíkur, í núverandi þjóðveg.

3. Í óskiptri sameign jarðeigenda (aðila) er allt land Hagavíkur sunnan og vestan línu þeirrar úr Skolla í Ölfusvatnsskyggni, sem um getur í l. lið, ásamt jarðhita og öðrum gögnum og gæðum.¹⁰¹

Árið 2004 var gerður kaupsamningur milli eigenda Hagavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur um landið sem er tilgreint í 3. lið í landskiptagerðinni frá 1969 Sömuleiðis var þessum hluta skipt úr Hagavík með landskiptagerð 30. apríl sama ár. Nefndist hið útskipta land Hagavíkurlaugar I.¹⁰²

Bjarni Helgason seldi Orkuveitu Reykjavíkur hluta af úrskiptu landi sínu frá árinu 1969 með kaupsamningi 30. apríl 2004. Jafnframt voru gerð landskipti sama dag. Hið útskipta land nefnist Hagavíkurlaugar II.¹⁰³ Land Hagavíkurlauga I og II er sýnt á korti frá Línuhönnun.¹⁰⁴

Umboðsmaður eigenda suðurhluta Ölfusvatns og Hitaveita Reykjavíkur gerðu með sér kaupsamning 30. júlí 1985 sem síðan var staðfestur með afsali 31. desember sama ár. Orkuveita Reykjavíkur óskaði síðan eftir þinglýsingu eignaryfirlýsingar á þessu landi 1. október 2003.¹⁰⁵

5.8. Þingvalla- og Grafningsafréttir

Um Brúsastaði segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1711:

Afrjett á jörðin saman við Grímsnesínga á Skjaldbreiðarhrauni og Hrafnabjörgum, og þar norður um alt, en hefur ekki um lánga tíma brúkaður verið, ut supra hjá Miðfelli.¹⁰⁶

Sambærileg umsögn er um jarðirnar Kárastaði, Stíflisdal, Skálabrekku og Heiðarbæ. Tekið er fram um jarðirnar Brúsastaði, Kárastaði, Stíflisdal og Heiðarbæ að haga á sumri eigi jarðirnar mikla og góða.¹⁰⁷

¹⁰¹Skjal nr. 5(14).

¹⁰²Skjöl nr. 5(17, 19 og 21).

¹⁰³Skjöl nr. 5(18, 20 og 22).

¹⁰⁴Skjal nr. 5(23).

¹⁰⁵Skjöl nr. 5(28, 29 og 32).

¹⁰⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 368.

¹⁰⁷Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 368, 369, 371, 373 og 374.

Hálfdan Jónsson, bóndi á Reykjum í Ölfusi, samdi árið 1703 lýsingu Ölfushrepps (sem þá náði yfir Ölfus og Grafning). Um afrétt sveitarinnar segir meðal annars:

Það þráttnefnda fjall Hengill er stórt og hátt og liggur til austurs og vesturs, að ofanverðu blásið með mosum, en til hliðanna, einkum að sunnan og austanverðu, með grasbrekkum. En á vestri síðuna hefur það stór gil og hamra. ... Þetta fjall með kringumliggjandi á allar síður fellum, hálsnum, ásamt dölum og völlum, er afrétt Ölvesinga fyrir sauðfé, naut og einnin hross. Þennan afrétt munu og Suðurnesjamenn brúkað hafa í fyrri tíð, er hér að framan um getur.¹⁰⁸

Páll Vídalín gerði jarðabók fyrir Grafning og Ölfus árin 1706 og 1708. Þar segir um Nesja í Grafningi:

Afrjett á jörðin undir Hengli tollfrí ásamt öðrum Ölvess og Selvogsmönnum.¹⁰⁹

Til þessa vitnar Jarðabók Árna og Páls við hverja jörð í Grafningi og Ölfusi, ekki þó við Hjalla. Selvogsmenn virðast hafa verið hættir að nýta afréttinn undir Hengli árið 1706, sbr. það sem segir um Snjóthús:

Afrjett hefur jörðin stundum brúkað tolllaust ásamt öðrum þessarar sveitar innbúendum, þar sem heitir Hengill. Nú láta menn það ógjört um stundir.¹¹⁰

Áþekkar umsagnir eru um aðrar jarðir í Selvogi.

Auk þessa voru í Nesjum samkvæmt Jarðabókinni:

Sumarhagar óþrjótandi góðir og miklir.¹¹¹

Hinn 19. maí 1826, var lesið á manntalsþingi í Reykjavík bréf frá nokkrum bændum í Grafningi og Þingvallasveit frá 21. desember 1825 þar sem gert var forboð móti því að reka stóðhross í afrétt fyrir ofan Mosfellssveit og Seltjarneshrepp.¹¹²

Hinn 4. apríl 1833 senda Ófeigur Jónsson (í Heiðarbæ), Þorsteinn Einarsson (í Stúflisdal), Jón Eyjólfsson á Fremrahálsi í Kjós, Sigurður Þorkelsson (í Selkoti) og Grímur Þorleifsson (á Brúsastöðum) kvörtun til Ólafs Finsens, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, yfir ágangi stóðhrossa úr Mosfellssveit, Kjalarnesi og jafnvel Seltjarnarnesi og Reykjavík á beitilönd, sem þeim voru leigð, haga, engjar og jafnvel tún:

hvörrier aller þó litla og sumer að ockar meiningu alls einga tiltölu eiga til afréttar eða beitar á austurheidum, og að visu einginn þessara tiltölu til Hrossa nauta eða fjárbeitar innann Arness sýslu takmarka.

¹⁰⁸ *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. S. 246–247.

¹⁰⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. S. 377.

¹¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. S. 444.

¹¹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. S. 377.

¹¹² Skjal nr. 2(21).

Biðja þeir sýslumann að halda þeim að reka stóð sitt suður í fjöll, það sem eingöngu tilheyrir Gullbringusýslu, og gera hrossaeigendum kunnugan ásetning sinn og fleiri, sem hlut áttu að máli, að þeir hefðu í huga að setja stóðhross óviðkomandi og óþekktra eigenda í tröð til útlausnar eða meðhöndla sem annan óskilafénað, ef þau hittust í beitarlendi þeirra eða engjum framvegis.¹¹³

Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, segir í sóknalýsingu sinni árið 1840:

Afréttur fyrir Grafnings- og Ölvesmenn, sem rétta saman, er í fjöllunum milli Grafnings og Ölves, þegar kemur vestur fyrir Hrómundartind, og það vestur á Mosfellsheiði. Fyrir norðan Sútur, Ármannsfell og Lágafell og suður af Skjaldbreið er afréttur fyrir Þingvallasókn, sem tilheyrir Þingvallaprestakalli og brúkast leigulaust.¹¹⁴

Í jarðamati 1849–1850 er kafli um Þingvalla- og Grafningsafrétti. Þar kemur eftirfarandi fram:

Grafningur á Afrétt saman við Ölfus menn, en Þingvallasveit á afrétt að Systuskilum frá Skuflungahrigg á Moldbrekkur eystri á Mosfellsheiði; þaðan á Systustein, þaðan í Rjúpnagil héðan yfir Sauðafell og í Systuhólma í Stóruhá, þaðan í Steinkirkju og á Kjöl norður og héðan í Hvalskarð norður; þaðan í Veggi og þaðan í Fantófell, héðan til austurs í Hróðurkalla, þaðan í Skjaldbreið og í Tindafjöll suður og héðan loksins í Hrafnabjörg.¹¹⁵

Í landamerkjabréfi, sem var þinglýst 10. júní 1890, er greint frá afréttarmörkum Ölfus- og Grafningshreppa innan Árnassýslu:

Raufarberg, sem er hornmark milli Ölfusvatns og Reykjatorfu, og svo úr Raufarbergi beina stefnu í vestasta horn á Ölfusvatnsskigni, sem er landamerki á Ölfusvatns- og Nesja-torfum, og úr vestasta horni á Ölfusvatnsskigni beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól, sem er í sýslumörkum á milli Arnass- og Gullbringusýslna.

Þessi lýsing var samþykkt af Þorgeiri Þórðarsyni á Núpum, fyrir Ölfushrepp. Gísli Magnússon á Króki skrifaði undir hana fyrir hönd Grafningshrepps og Jón Jónsson skrifaði undir vegna Ölfusafréttar. Þeir skrifuðu undir 22. maí 1886.¹¹⁶

Fyrir neðan undirskriftirnar er útdráttur úr landamerkjaskrár jarðanna Miðdals og Elliðakots í Kjósarsýslu. Í honum er fjallað um mörkin milli nefndra jarða og Grafnings- og Ölfushreppa. Undir útdráttinn var skrifað 3. október 1885:

Miðdalsland að austanverðu frá vörðunni á hæsta Borgarhólnum til suðurs sjónhending á Vífilfell um sýsluþúfu, sem er á Lágheiðinni fyrir austan Lyklafell niður að árfarinu, sem liggur niður Bolavelli.

¹¹³Skjal nr. 2(1).

¹¹⁴Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. S. 182–183.

¹¹⁵Skjal nr. 2(15) a–b.

¹¹⁶Skjal nr. 4(38) a–b.

Elliðakotsland að austanverðu frá nefndu árfari beint til Vífilfells eins og sjónhending ræður frá Borgarhólnum; þaðan niður sandskeiðið o.s.frv.

Þessi lýsing er staðfest af Guðm. Einarssyni (Miðdal) og Guðm. Magnússyni, Elliðakoti, og Jóni Jónssyni vegna Ölfusafréttar.¹¹⁷

Á haustfundi árið 1909 var ákveðið að gera áreið á afréttinn milli Grafnings og Ölfushrepps sem fyrst.¹¹⁸ Þá voru í undirbúningi skipti á afréttinum, a.m.k. hvað varðar leitir eins og síðar verður nefnt. Enn var haldinn hreppsfundur árið 1912 þar sem ákveðið var að útbúa glögg merki milli afrétta hreppanna og kosinn fulltrúi til þess að mæta við áreið:

Sjerstök áhersla lögð á að landamerkjalinan verði fyrir vestan gren þau sem eru í Grafningslandi og borgað hefur verið á af Grafningshreppi frá ómunatíð.¹¹⁹

Um afrétti Þingvalla- og Grafningshreppa segir fasteignamatið 1916–1918:

Afrétt á hreppurinn [Grafningshreppur] fyrir ofan bygðina (í Henglafjöllum), fremur grösugan og góðan, en ekki mikinn. ...

Afrétt á hreppurinn [Þingvallahreppur] fyrir ofan bygðina og innan, allmikinn og góðan.¹²⁰

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Íslands sýslumönnum bréf þar sem óskað var eftir skýrslu um þau svæði í sýslunni sem talin væru almenningar svo og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða tilheyrt nokkru lögbýli.¹²¹ Sýslumaður í Árnessýslu sendi ekkert svar en í skjalasafni sýslunnar fundust eftirfarandi svör hreppstjóra í Þingvallasveit, Grafningi og Ölfusi:

Hreppstjóri Þingvallasveitar svaraði þannig 16. mars 1920:

Með brjefi af 4 febrúar hafið þjer hr Sýslumaður beiðst skýrslu um almenninga í Þingv.hr. Í Þingvallahreppi er alt land skjipt milli bíla og í nálægð við þau nema Þingvallaland sem nú eru á 5 bíli og er það að nokkruleiti afrjettur norður á bláskógheiði. fyrir norðan landspildu þá sem seld var af Þingvallalandi til Grímsneshrepps eru vatslaus öræfi uppað jökli sem mjer vitanlega ekkjert bíli eða hreppur hefur helgað sjer eða hefir neina eignar heimild á.¹²²

Hreppstjóri Grafningshrepps svaraði 8. apríl 1920:

Í Grafningshreppi eru ekki aðrir almenningar en afrjettur hreppsins. Landamerki umhverfis hann eru eptir því, sem mjer er kunnugt þau er nú skal

¹¹⁷Skjal nr. 4(38) a–b.

¹¹⁸Skjal nr. 2(23).

¹¹⁹Skjal nr. 2(24).

¹²⁰Skjal nr. 2(3) a–b.

¹²¹Skjal nr. 2(26).

¹²²Skjal nr. 4(55).

greina: Bein stefna úr Vörðuskeggja sem er á Há-Hengli í stóra-Borgarhólinn, (sem er á Mosfellsheiði). Úr Borgarhólnum stefna í austur á Siðri-Moldbrekkur og þaðan í Klofningatjörn, sem er sunnan við Mosfellsheiðarveiginn, og úr Klofningatjörn bein stefna suður í fyrnefndann Vörðuskeggja. Afrjetturinn er því spilda úr miðri Mosfellsheiði, og má heita að svæði það sje með öllu vatnslaut á sumrin.¹²³

Hreppstjóri Ölfushrepps svaraði þannig 28. febrúar 1920:

Um almenninga aðra enn það sem talið er að vera afrjettarland hreppsins er hjer enga að ræða enn afrjettarland þetta er og hefur að fornu verið norðvesturbrúnir Hellisheiðar, það er að segja Hengillinn og dalirnir í kríngum hann þá til suðvesturs Skarðsmýrarfjall, Reykjafell, Sauðadalahnjúkar um Lambafell og þaðan lína vestur í afrjettarmörk Selvogsmanna. Sunnan og austan að línu þessari lyggja búfjarlönd margra Jarða í sveitinni. Hinsvegar og norður og vestur frá fellum þessum er hinn eiginlegi afrjettur svo sem Bolavellir Svínahraun Norðurvellir og sauðasturtaglið [svo í frumriti] á Mosfellsheiði alla leið niður að sýslumörkum að vestan og afrjettarmörkum Grafningsmanna að norðan enn sýslumörkin það er mörkin milli Árnessýslu að austan og Gullbríngusýslu að vestan lyggja eptir línu sem dregin er úr Vífilfelli um Bolaöldu norður í Borgarhól á Mosfellsheiði. Munu að þeim mörkum að vestan lyggja afrjettarlönd Seltjerna og búfjarlönd Mosfellssveitarmanna. Úr Borgarhól lyggja svo mörkin um suðurtaglið á Mosfellsheiði uppí Skeggja það er norðausturhornið á Henglinum. Um enga á er að ræða í afrjettarlandi þessu nema litla sprænu sem sprettur upp í Innstadal sunnanundir Henglinum og úr verður Hengladalsá. Um lönd þau er lyggja umhverfis Ölfushrepp að öðru leiti skal þess getið að vestan er Selvogur og Selvogsafrjettur. Svo með sjó fram austur að Ölfusá þá með henni uppað Sogi og með því þar til land Grafningsmanna tekur við lyggja svo búfjarlönd Ölfusinga og Grafningsmanna saman um fjöllin vestur að Hengli.¹²⁴

Í fasteignamatinu frá 1932 kemur fram¹²⁵ að jarðir í Þingvallasveit eigi afréttarland í Þingvallasveitarafrétti. Afrétturinn er kjarngott fjallaland.¹²⁶

Hinn 2. júní árið 1978 lýsti hreppstjóri Þingvallahrepps landamörkum afréttar Þingvallahrepps þannig:

Milli Kjósahrepps og Þingvallahrepps: Um há Kjöl í Botnssúlur. Milli Þingvallahrepps og Borgarfjarðar: Úr Botnssúlum í Kvígindisfell; þaðan í Fanntófell; úr Fanntófelli í vestasta [vestasta handskrifað ofan línu]

¹²³Skjal nr. 4(56).

¹²⁴Skjal nr. 4(53).

¹²⁵Skjal nr. 2(3).

¹²⁶Skjal nr. 2(16).

Hrúðurkarl. [Síðan kemur lýsing á mörkum Þingvalla- og Grímsneshrepps].¹²⁷

Sama dag lýsti oddviti Grafningshrepps landamörkum Grafningsafréttar:

Úr Skeggja í Borgarhól; úr Borgarhól í vörðu á Moldbrekkum, sem er hornmark á milli Þingvallasveitar, Mosfellssveitar og Grafningshrepps. Úr Moldbrekkum í Klofningstjörn; þaðan í Sköflung; úr Sköflungi í Skeggja.¹²⁸

Böðvar Magnússon á Laugarvatni lýsir Þingvallaafrétti þannig í ritinu Göngur og réttir. Lýsingin miðast við afréttarsvæði Þingvellinga í heild áður en varnargirðingar voru settar upp:

Að norðan eru mörk Þingvallaafréttar úr Hrúðurkötlum við Langjökul, þaðan vestur sjónhendin<g>u yfir Sjónarhól, yfir há-Kvífénaðsfell eða Kvígindisfell, þaðan yfir Botnsúlur, yfir Kjöl norðan Búrfells, þaðan í Skálafell og Moldbrekkur, sem eru austarlega á Mosfellsheiði.

¹²⁷Skjal nr. 4(36).

¹²⁸Skjal nr. 4(37).

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Ágreiningur aðila máls þessa varðar annars vegar eignarréttarlega stöðu Grafningsafréttar, þ.e. hvort þar sé eignarland eða þjóðlenda, og hins vegar afmörkun jarðanna Ölvisvatns með Hagavík og Króki gagnvart Ölfusafrétti, vegna ágreinings um staðsetningu á hornmarkinu „rauðbleikur melhnúkur“, sbr. landamerkjabréf Ölfusvatnstorfu frá 15. ágúst 1885. Úr síðarefnda álitaefninu, þ.e. staðsetningu umrædds örnefnis, er leyst í máli nr. 6/2004 og verður vísað til þeirrar niðurstöðu eftir þörfum.

Kröfum aðila er lýst í kafla 3 en hér skal þess getið að þær hafa tekið nokkrum breytingum undir rekstri málsins, að hluta til fyrir milligöngu óbyggðanefndar. Þessar breytingar hafa fyrst og fremst miðað að því að einfalda kröfugerð og afmarka ágreining við raunverulegt eignarréttarlegt inntak. Undir rekstri málsins tókust þannig að nokkru sættir með aðilum um vesturmörk jarða gagnvart Ölfusafrétti og eftir þá sátt snertir kröfulína íslenska ríkisins ekki land innan merkja jarðarinnar Nesjavalla. Hún kemur því ekki til sérstakrar umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar, enda meðal þeirra jarða sem gerðar voru eignarlandskröfur vegna í tilefni af þjóðlendukröfu íslenska ríkisins.

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Þar verður fyrst fjallað um landnám á því svæði sem hér er til umfjöllunar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.¹²⁹ Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

Umfjöllun þessi er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, í fyrri úrskurðum og vísar til þeirra.¹³⁰ Í hinum almennu niðurstöðum er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Nánar tiltekið er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra

¹²⁹Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 9, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

¹³⁰Sjá kaflann *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–7/2000 og *Viðauka við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og fyrst birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1–9/2003. Sami viðauki fylgir hér.

flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þá hefur Hæstiréttur kveðið upp fyrstu dóma réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004. Jafnframt liggja fyrir úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 1–7/2000 í uppsveitum Árnassýslu (svæði 1), nr. 1–5/2001 í Austur-Skaftafellssýslu (svæði 2) og nr. 1–9/2003 í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu (svæði 3). Af þessum heimildum er einnig tekið mið, enda hafi einstakar niðurstöður almenna skírskotun.

Þess ber einnig að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum lagt til grundvallar að eðlismunur væri á þjóðlendu og eignarlandi, sbr. 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þjóðlenda væri landsvæði utan eignarlanda og því yrði eignarland ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsalaði sér eignarráðum sínum. Þannig hefur óbyggðanefnd talið að jarðir í eigu ríkisins væru eignarland enda þótt ríkið hafi ekki kallað eftir slíkum rétti vegna ósamrýmanlegrar kröfu sinnar um afmörkun aðliggjandi þjóðlendu. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Íslenska ríkið gegn íslenska ríkinu vegna annars vegar Skaftafells I og III og hins vegar aðliggjandi þjóðlendu) en þar varð niðurstaðan sú að rannsóknarskylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 breytti engu um að málsaðilar færu með forræði á máli sínu fyrir nefndinni. Með vísan til þessa dóms beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra, sbr. bréf dags. 10. mars 2006, hvort skilja bæri þjóðlendu kröfu þannig að land í eigu ríkisins væri lagt til þjóðlendu, í þeim tilvikum þegar nefndin teldi að land á kröfuvæði væri eignarland. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. sama mánaðar, var erindinu svarað á þann veg að í þjóðlendu kröfu ríkisins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland. Verður því við það miðað í úrskurðum óbyggðanefndar hér eftir.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 verður þannig dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Umfjöllun í úrskurðum óbyggðanefndar mun því einskorðast við þau

landsvæði sem gerð hefur verið þjóðlendukrafa til en ekki gerð sérstök grein fyrir landsvæðum sem liggja innan þess landsvæðis sem nefndin hefur upphaflega tekið til meðferðar en utan þjóðlendukröfusvæða íslenska ríkisins, svo sem verið hefur.

6.2. Landnám

Í sögulegum kafla, þ.e. 5. kafla hér að framan, er nánari grein gerð fyrir frásögn Landnámu af landnámi á því svæði sem hér um ræðir og er þá fyrst og fremst horft til þess afmarkaða svæðis sem síðar varð Þingvallasveit og Grafningur og er til meðferðar í máli þessu.

Landnáma getur ýmissa manna sem land námu á svæðinu og er Ingólfur Arnarson þar fyrstur nefndur til sögunnar og spannaði landnám hans land „milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út“. Þorgrímur bíldr er talinn hafa byggt í landnámi Ingólfs, nánar tiltekið öll lönd fyrir ofan Þverá og byggði að Bíldsfelli. Leysingi Þorgríms Steinröðr nam síðan öll Vatnslönd og bjó að Steinröðarstöðum. Þá skal getið Hrolleifs Einarssonar Ölvissonar sem nam lönd til móts við fyrrnefndan Steinröð fyrir utan Öxará.

Lýsingin á landnámi Ingólfs veldur staðfræðilega litlum vafa. Efri mörk landnáms Hrolleifs eru um Öxará. Hin neðri, móti landnámi Þorgríms og síðan Steinröðar, eru hins vegar óviss, líklega nálægt sveitamörkum í Jórúkleif. Þverá á upptök sín í Grafningshálsi milli Ingólfsfells að sunnan og Bjarnarfells, ekki langt frá mörkum Grafnings og Ölfuss, og fellur milli Stóra- og Litlaháls norður í Geithamarsgil og kallast síðan Ytriá en Tunguá eftir að Hlíðará eða Austurá er komin saman við hana. Tunguá hét áin þegar um 1700. Vatnslönd Steinraðar eru síðan álitin vera landsvæðið suðvestan Þingvallavatns til móts við landnám Hrolleifs en mörk eru óljós. Ef átt væri við allan hluta landnáms Þorgríms sem legið hefði að Þingvallavatni, álitur Haraldur Matthíasson að mörk landnáms Steinröðar hefðu átt að vera um Dráttarhlíð og ofan við Úlfljótsvatn. Einari Arnórssyni sýndist landnám Steinröðar hafa náð yfir Nesjaland og líklega til Jórúkleifar, vestur í hálendið í áttina til Hengils.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu, sem og í öðrum málum á svæði 4, að landnám Ingólfs, svo sem því er lýst hér að framan, beri fremur brag af hertöku eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málartilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að af lýsingum Landnámu, og rannsóknnum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Er þá ekki síst hafður samanburður af fyrstu landnámunum sem óumdeilanlega sýnast hafa verið verulega miklu stærri en síðari landnám. Sé tilgreining Landnámu þannig lögð óbreytt til grundvallar skv. skýrum texta sínum má ráða að allt það landsvæði sem tekist er á um í þessu máli hafi í öndverðu verið numið.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi. Á hinn bóginn hefur nefndin í fyrri málum lagt það til grundvallar að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir séu þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem öðru haldi fram. Þó svo ekki sé útilokað að slík landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti þá skorti iðulega allt samhengi eignarréttar og sögu, yfirfærslu þeirra eignarréttarlegu heimilda sem mögulega hafi verið stofnað til á grundvelli námsins. Nýting landsins hafi fyrst og fremst, fyrr og síðar, falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafi verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá sé ljóst að löggjafinn hafi ráðstafað eignarréttindum að slíkum afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hafi um aldir verið talinn fara með hafi einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar.¹³¹ Að þessu virtu er a.m.k. ekki sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttar sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumararbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kann hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda benda slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu.

Um frekari ályktanir hér að lútandi fyrir niðurstöður máls þessa verður fjallað hér í framhaldinu.

6.3. Ölfusvatn og hjáleigurnar Hagavík og Krókur

Hér verður fjallað um það landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðanna Króks og Ölfusvatns og hjáleigunnar Hagavíkur frá 15. ágúst 1885, þinglesið á manntalsþingi sumarið 1887.

Að jarðatorfunni liggja Nesjavellir og Úlfjótuvatn í Grafningi, Ölfusafréttur og Reykjatorfa í Ölfusi. Liggur jörðin á milli nefndra jarða, Þingvallavatns og Hengils.

Ölfusvatn eða Vatn er fyrst nefnt í máldaga kirkjunnar þar, sem talinn er frá árinu 1180. Þar er Hagavíkur einnig getið. Þá er Ölfusvatns getið í Vilkinsmáldaga frá

¹³¹Sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* (í viðauka).

1397 og máldaga Ölfusvatnskirkju frá því um 1491–1518. Krókur er nefndur í Gíslamáldögum frá því um 1570. Þá átti Ölfusvatnskirkja hálf heimalandið. Eftir því mætti ætla að Krókur hafi verið sérstök jörð og lögbýli eins og kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en bæði Krókur og Ölfusvatn (Hagavík hjáleiga Ölfusvatns) voru þá eign Skálholtsstóls. Á manntalsþingi að Bakkárholti 15. maí 1833 var lesið forboð hreppstjóra í Þingvallasveit og ábúenda á Ölfusvatni, Króki og Hagavík um að fé Ölfusmanna rækist ei í ofanefndra jarða lönd. Forboðið er dagsett 11. maí 1833. Hinn 13. maí 1834 skrifaði ábúandi á Ölfusvatni, ásamt ábúendum á Torfastöðum, Tungu, Hlíð, Úlfhljótsvatni og Villingavatni, undir yfirlýsingu þar sem fram kom að þessir aðilar bönnuðu ferðafólki að fara svokallaðan veg milli hrauns og hlíða. Svo sem rakið er í 5. kafla geta ýmsar heimildir selstöðu Ölfusvatns. Ölfusvatn og Krókur voru meðal þeirra jarða sem seldar voru undan Skálholtsstóli fyrir árið 1800. Samkvæmt Jarðatali Johnsens voru Ölfusvatn og Krókur lögbýli en Hagavík hjáleiga frá Ölfusvatni. Jarðamatið 1849–1850 segir Ölfusvatn bændajörð og hjáleigur hennar vera Hagavík og Krók. Sama kemur fram í jarðabók 1861.

Í framhaldi af áreið sem farin var á landamerki jarðanna Króks og Ölfusvatns og hjáleigunnar Hagavíkur 8. og 9. júlí 1884 var útbúið landamerkjabréf fyrir téðar jarðir. Það var undirritað 15. ágúst 1885 og er það tekið upp í heild sinni í 5. kafla. Landamerkjabréfið er undirritað af Jens Pálssyni á Þingvöllum. Það er síðan áritað um samþykki af eigendum og fulltrúum aðliggjandi jarða og annarra landsvæða, þ.e.a.s. Reykjatorfu, Úlfhljótsvatns, Nesjavalla og Ölfusafréttar. Svo sem nánari grein er gerð fyrir í kafla 5, þá voru Ölfusvatn, Hagavík og Krókur í fjölskyldueign samkvæmt fasteignamati 1916–1918 þar sem nákvæm grein er gerð fyrir landkostum og kemur m.a. fram að beitiland sé víðlent og að ágangur sé af afréttarfé. Árið 1940 fóru fram landskipti milli Ölfusvatns og Króks og tveimur árum síðar gerð sérstök landamerkjalyking þar að lútandi. Hagavík hafði hins vegar verið seld sérstaklega 1936 án þess að sérstök mörk kæmu fram í afsalinu. Árið 1950 var gerður félagssamningur um Hagavík. Eigendur Hagavíkur, sem einnig áttu hálf Ölfusvatn, og hinn eigandi Ölfusvatns komu sér saman um það á árinu 1952 að fela gerðardómi að skera úr um landamerki milli eignanna og gekk sá gerðardómur á árinu 1954, sbr. nánari umfjöllum í 5. kafla. Eigendur Hagavíkur slitu sameign á jörðinni með skiptagerð á árinu 1969. Hluti var þó áfram í óskiptri sameign. Á árinu 1985 eignaðist Hitaveita Reykjavíkur suðaustur hluta jarðarinnar Ölfusvatns. Í apríl 2004 skipta eigendur Hagavíkur óskiptu landi jarðarinnar frá og seldu það Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt seldi einn eigendanna hluta úr útskiptu landi sínu. Nefnast þessar sérstöku fasteignir Orkuveitunnar eftir það Hagavíkurlaugar I og II.

Landamerki Ölfusvatns með Hagavík og Króki, sbr. landamerkjabréfið frá 1885, eru í öllum aðalatriðum ágreiningslaus, samræmast merkjalýsingum aðliggjandi jarða og er áritað um samþykki þeirra. Fyrirliggjandi ágreiningur tekur þannig alfarið til staðsetningar á svokölluðum rauðbleikum (bleikrauðum) melhól, sem er meðal

annars hornmark þeirra jarða, sbr. landamerkjabréfið frá 15. ágúst 1885, en jafnframt hornmark Reykjatorfu, sbr. landamerkjabréf frá 23. ágúst 1884 og samkvæmt kröfugerð þýðingarmikið kennileiti á mörkum Ölfusafréttar og jarða í Ölfusi og Grafningi. Staðsetning rauðbleika melhólsins hefur því jafnframt þýðingu í máli nr. 6/2004 og verður úrlausn þessa álitaefnis því samræmd í þessum tveimur málum.

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hefur því verið haldið fram að melhnjúkurinn liggji upp af og norðanvert við Kýrgil. Af hálfu ríkisins og sveitarfélagsins Ölfuss er því hins vegar haldið fram að melhnjúkurinn liggji fyrir framan Kýrgilið. Ágreiningur þessi lýtur eingöngu að staðsetningu melhólsins en allir aðilar eru einhuga um að hann eigi að ráða þegar kennileitinu hefur verið fundinn staður.

Á því leikur ekki vafi að annars vegar landamerkjabréf Reykjatorfunnar frá 1884 og hins vegar landamerkjabréf fyrir jarðirnar Krók og Ölfusvatn með hjáleigunni Hagavík frá 1885 lýsa sömu kennileitum þegar vísað er til rauðleits melhnjúks eða bleikrauðs mels og Raufarbergs. Verður það ráðið af samhengi bréfanna sem bæði eru undirrituð með skömmu millibili af sömu einstaklingum sem voru í fyrirsvari vegna jarðanna. Af báðum bréfunum verður einnig ráðið að í grennd við melhólinn liggur Raufarberg og var því fundinn staður í tveimur vettvangsgöngum nefndarinnar með lögmonnum aðila. Liggur það kennileiti nær þeim melhól sem ríkið og Sveitarfélagið Ölfus miðar við um staðsetningu melhólsins en ekki hefur verið fundið neitt annað kennileiti nærri þeim stað sem Orkuveitan miðar við sem kemur heim og saman við þá lýsingu. Þá verður ekki ráðið af landamerkjabréfinu fyrir Krók og Ölfusvatn með hjáleigunni Hagavík að melhólinn taki við af Hengilssyllum og að óhjákvæmileg sjónlína sé milli melhólsins og Hengilssyllna. Loks getur engu breytt hvort sjónlína er milli hólsins og Reykjafells enda hafði þverlína milli þeirra marka enga þýðingu fyrir þær jarðir sem umrædd landamerkjabréf taka til, þ.e. jarðirnar í Grafningi og Reykjatorfuland. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar að rauðleiti melhólinn sé fyrir framan Kýrgilið á þeim stað sem ríkið og Sveitarfélagið Ölfus miðar við. Að þessu gættu verða mörk Ölfusvatns með Hagavík og Króki gagnvart Ölfusafrétti ákvörðuð eftir Hengilssyllum og þaðan í umræddan rauðleitan melhól en syllurnar eru nú ágreiningslaust kennileiti með málsaðilum.

Að öðru leyti skal það ítrekað að úrlausn þessa álitaefnis hefur jafnframt þýðingu við úrlausn máls nr. 6/2004.

6.4. Grafningsafréttur

Hér verður fjallað um landsvæði það sem nefnt er Grafningsafréttur. Við afmörkun svæðisins er að meginstefnu stuðst við lýsingu oddvita Grafningshrepps á mörkum afréttarins, dags. 2. júní 1978, sem og heimildir um landamerki aðliggjandi jarða og landsvæða.

Að Grafningsafrétti liggja að vestanverðu Ölfusafréttur, hluti Miðdals II (hornmark) og sá hluti Mosfellsheiðar sem áður tilheyrði Mosfelli. Að norðanverðu

eru jarðirnar Fellsendi (hornmark), Stíflisdalur ásamt Selkoti (hornmark) og Heiðarbær. Að austanverðu er jörðin Nesjar og loks Nesjavellir (hornmark).

Grafningsafréttur er um u.þ.b. 36 km² að stærð. Um er að ræða landsvæði sem er tiltölulega slétt heiðarflæmi í um 270–370 m hæð. Borgarhólar rísa vestast í um 410 m hæð hæst og til suðurs er Hengilssvæðið og rís þar hnjúkur er nefnist ýmist Skeggi eða Vörðuskeggi hæst í um 800 m hæð. Að austanverðu er móbergshryggur er nefnist Sköflungur. Lítils háttar lægð myndast í landslagi milli Sköflungs og Borgarhóla og er hún að öllu leyti gróin. Aðeins móbergsfellin og undirhlíðar Skeggja eru að einhverju marki gróðurvana. Landi hallar svo að öðru leyti til norðurs í átt að Klofningstjörn og Sæluhúsatóft.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína úr Vörðuskeggja í Sköflung, þaðan í Klofningstjörn og áfram í Þrívörður í Moldarbrekkum eða Sæluhúsatóft. Samkvæmt þessari kröfugerð er Grafningsafréttur allur innan Þjóðlendu. Á móti hefur Grímsnes- og Grafningshreppur fyrir eigin hönd og fyrir hönd eigenda jarða í sveitarfélaginu krafist beins eignarréttar að sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum sveitarfélagsins í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. nánar skjöl nr. 1 og 1(5), er því haldið fram að grundvöllur að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin eignarrétti aldrei getað aukist, heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunar árið 1776 sem beinlínis hafi verið lögfest svo að hægt væri að efla byggð með því að taka eigendalaus svæði og gera að eignarlöndum. Tilskipunin hafi gert ráð fyrir því að landi væri útvísað, þó ekki stærra landi en hentaði fyrir meðalbú. Jafnframt hafi ekki verið heimilt að taka land til annarra nota en undir býli. Því megi segja að tilskipunin hafi verið samin í sama anda og landnámsreglur forfeðranna. Samkvæmt þeim hafi þurft nám til grundvallar eignarrétti að býli, nám hafi ekki þurft vegna lands sem tekið hafi verið til afnota sem almenningur eða afréttur. Af hálfu ríkisins er byggt á því að Grafningsafréttur sé dæmigerður samnotaafréttur og því Þjóðlenda. Afrétturinn hafi aldrei verið jörð eða hluti jarðar og beit einu afnotin. Fyrirkomulag fjallskila styðji og þá niðurstöðu og með hliðsjón af því hvíli sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt á þeim sem því haldi fram.

Af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir eigin hönd og fyrir hönd tilgreindra jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi, sbr. nánar skjöl nr. 6 og 6(2), er því haldið fram að tilhögun landnáms hér á landi eigi sér ekki þekktu hliðstæðu í Evrópu. Flest bendi til þess að landið allt hafi verið numið til eignar. Land hér hafi verið einskis manns eign og hendur landnámsmanna því óbundnar, þar á meðal um stærð landnáma. Land sem einu sinni hafi komist í einkaeigu haldi þeirri stöðu þó svo það kunní síðar að vera gert að sameign eða eign sveitarfélaga eða kirkna. Þá verði að taka lýsingum Landnámu með fyrirvara.

Hvað flokkun lands varði er bent á að hugtakið afréttur segi ekki til um tilhögun eignarhalds. Þjóðlenda taki nú yfir þau landsvæði sem áður hafi verið flokkuð sem almenningar, andstætt eignarlöndum og afréttum. Komi þar helst til greina jökklar landsins. Það sé viðtekin afstaða í eignarrétti að í fasteign felist einkaréttur eigandans til að ráða yfir eigninni með nánar tilteknum skilyrðum og þessi regla eigi að sjálfsögðu við þegar fullkomið eignarland sé nýtt sem afréttur. Frá öndverðu hafi hagað þannig til að hlunnindi afréttanna hafi verið nýtt eftir því sem kostur var. Það sé því ljóst að ætíð hafi verið litið á afréttina sem eignarland og nýting þeirra verið hin sama og á öðru landi í einkaeigu. Þetta endurspeglar m.a. í eldri löggjöf.

Þá er vísað til landamerkjalyýsinga fyrir Grafningsafrétt. Þar sé landið skýrt afmarkað og það sé allt eignarland. Sá sem vilji halda öðru fram beri fyrir því sönnunarbyrðina. Heimildir um landnám Ingólfs Arnarsonar styðji og þá niðurstöðu. Enn fremur eigi sama niðurstaða sér stoð í gildandi landamerkjalögum og því hlutverki sem löggjafinn hafi ætlað þeim. Landamerkjaskrá á svæðinu beri saman um merki og hafi verið svo frá öndverðu. Ætíð hafi verið út frá því gengið að land innan greindra landamerkja væri einkaeignarland. Sú staða hafi í raun verið viðurkennd bæði af einkaaðilum og hinu opinbera. Ríkið hafi þannig gengið út frá slíku við afmörkun sveitarfélaga. Sönnunargildi landamerkjabréfa er áréttað, sem og sú regla íslensks réttar að sá sem hafi þinglýsta eignarheimild sé talinn eigandi nema annað sannist.

Um Grafningsafrétt hagi svo til að landið hafi verið eign allra jarða í hreppnum og nýtt af ábúendum frá landnámsöld. Landið hafi verið numið í öndverðu og sé því háð einkaeignarrétti, þó svo síðar hafi stofnast til sameignar um það. Hefðarsjónarmið styðji og þann rétt og minnt er á dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og túlkun þess dómstóls á svokölluðum „réttmætum væntingum“, jafnframt því sem vísað er til 72. gr. stjórnarskrár. Kenningum um takmörkuð eignarréttindi á afréttum er hafnað og vísað til þess að þær hafi fyrst komið fram á 20. öldinni. Er af þessu tilefni rakið efni dóma frá 19. og 20. öld til og með dómi Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 48/2004.

Sveitarfélagið vilji jafnframt og sérstaklega fá skorið úr um rétt sinn en það hafi ásamt byggðarmönnum farið með eignarráð á afréttinum um ómunatíð. Enn fremur er minnt á að það hafi ekki verið ætlunin með þjóðlendulögum að falla frá grundvallarsönnunarreglum íslensks réttar og því verði ríkið að sanna með ótvíræðum og óyggjandi hætti eignarrétt sinn að landsvæðinu.

Í kafla 5 hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um það landsvæði sem hér er nefnt Grafningsafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir

að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.¹³² Af þeim virðist ótvírátt að við gildistöku Þjóðlendulaga hefur Grafningsafréttur talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.¹³³ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Grafningsafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða, en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 4 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að hluti þessara landsvæða séu þjóðlendar.

Fyrsta heimildin sem gefur vísbendingu um afmörkun afréttarins er lýsing á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshreppa innan Árnassýslu, dags. 22. maí 1886 og þingl. 10. júní 1890. Þar segir að úr vestasta horni á Ölfusvatnsskyggni liggja mörkin beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól, sem er í sýslumörkum á milli Árnes- og Gullbringusýslna. Lýsingin var samþykkt vegna Grafningshrepps, Ölfushrepps og Ölfusafréttar.

Í bréfi hreppsstjóra Grafningshrepps til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 8.4.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti, er mörkum afréttar hreppsins lýst með svofelldum hætti:

Bein stefna úr Vörðuskeggja sem er á Há-Hengli í Stóra-Borgarhólinn (sem er á Mosfellsheiði). Úr Borgarhólnum stefna í austur á Syðri-Moldarbrekkur og þaðan í Klofningatjörn, sem er sunnan við Mosfellsheiðarveginn, og úr Klofningatjörn bein stefna suður í fyrrnefndan Vörðuskeggja.

Þá er rekið fram að afrétturinn sé spilda úr miðri Mosfellsheiði og sé svæðið því sem næst vatnslaut á sumrin.

Í lýsingu oddvita Grafningshrepps á landmörkum afréttar hreppsins, dags. 2. júní 1978, er mörkum afréttarins lýst svo:

Úr Skeggja í Borgarhól; úr Borgarhól í vörðu á Moldbrekkum, sem er hornmark á milli Þingvallasveitar, Mosfellssveitar og Grafningshrepps. Úr Moldbrekkum í Klofningstjörn; þaðan í Sköflung; úr Sköflungi í Skeggja.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Grafningsafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert heildstætt landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár. Er sú elsta frá árinu 1881 en gildandi fjallskilareglugerð er frá árinu 1996. Verður engin sérstök vísbending af þeim dregin en þær eru í öllum aðalatriðum með hefðbundnu sniði.

¹³²Sjá nánar í kafla 4.

¹³³Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka)*.

Bréf hreppstjóra frá 1920 getur ekki skoðast sem eiginleg landamerkjaskrá þó svo ritað sé eftir gildistöku landamerkjalaga. Lýsing oddvita Grafningshrepps á mörkum afréttarins er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku eldri landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessar lýsingar verður því fremur að líta sem einhliða staðfestingar viðkomandi trúnaðarmanna fyrir hönd hreppsins á heildarlandamerkjum afréttarins. Þá ber þeim ekki fyllilega saman, hvorki innbyrðis né við lýsinguna á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshreppa frá 1886. Við mat á þýðingu þessara lýsinga er því nauðsynlegt að kanna hvort efni þeirra fær samrýmst fyrirleggjandi gögnum um merki aðliggjandi landsvæða.

Í lýsingum hreppstjóra og oddvita er suðvesturmörkum afréttarins, gagnvart Ölfusafrétti, lýst úr Skeggja í Borgarhól. Í lýsingunni á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshrepps frá 1886 er þessum mörkum hins vegar lýst úr vestasta horni á Ölfusvatnsskyggni beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól. Sú lýsing gerir þannig ráð fyrir að afrétturinn nái allt niður að Ölfusvatnsskyggni. Það er þó hvorki í samræmi við landamerkjabréf Nesjavalla, dags. 27. mars 1886 og þingl. 1887, né landamerkjabréf Ölfusvatnstorfu, dags. 15. ágúst 1885 og þingl. 1887, en í báðum þeim bréfum er merkjum lýst norður fyrir Ölfusvatnsskyggni í hrygg nokkurn á milli, annars vegar, Ölfusvatnstangans og Köldulaugar og, hins vegar, á milli Ölfusvatnslaugar og Köldulaugar. Þessi landamerkjabréf eru bæði samþykkt vegna afréttar Ölfushrepps. Þá er lýsingin í landamerkjabréfi Nesjavalla í ágætu samræmi við lýsingu hreppstjóra og oddvita en þar er merkjum lýst úr framangreindum hrygg í Vörðuskeggjahnúk. Við það er enn fremur miðað í kröfulýsingum aðila, bæði í þessu máli og máli nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd, Ölfus, að mörk Grafningsafréttar liggi úr Skeggja í Borgarhól. Ekki liggur fyrir önnur lýsing á merkjum Ölfusafréttar að þessu leyti en sú frá 1886.

Jörðin Miðdalur á hornmark í vörðu á Stóra-Borgarhól, sbr. landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 26. maí 1890, þingl. 4. júní sama ár.

Í tilvitnuðum lýsingum hreppstjóra og oddvita er vesturmörkum Grafningsafréttar gagnvart þeim hluta Mosfellsheiðar sem áður tilheyrði Stóra-Mosfelli lýst úr Borgarhól í syðri Moldarbrekkur annars vegar (hreppstjóri) en vörðu á Moldbrekkum hins vegar (oddviti). Þetta er í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Stóra-Mosfells, dags. 29. maí 1890 og þingl. 4. júní s.á, þar sem segir að austurmörk Stóru-Mosfellsheiðarlands séu miðuð við „...Þrívörður á Moldbrekkum, þaðan beint í vörðuna á Stóra-Borgarhól“. Landamerkjabréf Stóra-Mosfells er ekki áritað vegna Grafningsafréttar. Framangreindar merkjalýsingar eru einnig í samræmi við dóm sýslumanns Árnassýslu, dags. 22. nóvember 1873, um austurmerki Mosfellskirkjulands. Niðurstaða dómsins var sú að merki að austan væru „...úr Rjúpnagili í Sýslustein, þaðan beint í Moldbrekkur við sæluhús og þaðan eptir beinni línu í Borgarhóla“. Þá er lýsing hreppstjóra og oddvita í samræmi við samkomulag um

mörk á Mosfellsheiði milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I hins vegar, dags. 23. júní 1991 og birt í Stjórnartíðindum 11. apríl 1991. Að því leyti sem mörkin snúa að Grafningsafrétti var lína dregin „...frá Sæluhústótt á Moldbrekkum í steiptan stöpul á Borgarhólum...“

Fellsendi á síðan hornmark í sæluhúsi á Eystri-Moldbrekkum, sbr. útmælingu frá 8. júlí 1850 og hornmark gagnvart Stíflisdal, sbr. landamerkjabréf þeirrar jarðar dags. 12. apríl 1890 og þingl. 7. apríl sama ár.

Í lýsingum hreppstjóra og oddvita er norðurmerkjum Grafningsafréttar gagnvart Heiðarbæ lýst úr Moldbrekkum (Syðri-Moldbrekku) í Klofningstjörn. Í landamerkjabréfi Heiðarbæjar, dags. 15. apríl 1890 og þingl. 7. júní s.á., er mörkum jarðarinnar gagnvart Grafningsafrétti ekki lýst sérstaklega. Þar er suðurmörkum gagnvart Nesjum hins vegar lýst úr Klofningatjörn og norðvesturmörkum gagnvart Stíflisdal lýst til landamerkja Mosfellskirkjulands. Ekkert í þeirri lýsingu stangast því á við lýsingu hreppstjóra og oddvita. Landamerkjabréfið er eingöngu undirritað af umboðsmanni Þingvallakirkjujarða en ekki áritað um samþykki af hálfu annarra aðliggjandi jarða og fasteigna. Frekari heimildir um landamerki Heiðarbæjar að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Austurmerkjum Grafningsafréttar gagnvart Nesjum er ekki eins lýst í lýsingu hreppstjóra frá 1920 og oddvita frá 1978. Í bréfi hreppstjóra segir að mörkin séu úr Klofningstjörn, bein stefna í Vörðuskeggja. Í yfirlýsingu oddvitans er merkjum hins vegar lýst úr Klofningstjörn í Sköflung og úr Sköflungi í Skeggja. Yngri lýsingin er í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Nesja, dags. 15. maí 1890 og þingl. 9. júní s.á., sem samþykkt er vegna aðliggjandi landsvæða, sem og lögfestu fyrir jörðina, dags. 19. maí 1817. Frekari heimildir um landamerki Nesja að þessu leyti liggja ekki fyrir.

Svo sem áður er rakið var hvorki gert heildstætt landamerkjabréf fyrir Grafningsafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þannig liggur engin lögformleg lýsing á heildarmerkjum afréttarins fyrir. Einu heildstæðu lýsingarnar á merkjum Grafningsafréttar eru í bréfi hreppstjóra frá 1920 og lýsing oddvita frá 1978. Þær lýsingar virðast í öllum aðalatriðum vera í samræmi við landamerkjalýsingar aðliggjandi jarða sem gerðar voru í lok 19. aldar svo langt sem þær ná. Þó gengur yngri lýsingin nær landi Nesja en sú eldri en er þó í betra samræmi við þekktar lýsingar á merkjum Nesja og verður því lögð til grundvallar þar að lútandi. Fyrirliggjandi landamerkjabréfum var jafnframt þinglýst og þau færð í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrir eða síðar komið fram. Þetta bendir allt til þess að þar sé merkjum gagnvart Grafningsafrétti rétt lýst. Þá verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu þó merkjum sé lýst með aðeins öðrum hætti í lýsingu á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshreppa frá 1886 enda stangast sú lýsing á við lýsingar á merkjum þeirra jarða sem liggja að Ölfusafrétti og eru samþykktar vegna hans. Þeim

landamerkjalyfingum var einnig þinglýst og þær færðar í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrr eða síðar komið fram. Þá er hvorki miðað við lýsinguna frá 1886 í kröfugerð íslenska ríkisins né annarra aðila að þessu máli eða máli nr. 6/2004 hjá óbyggðanefnd, Ölfus. Allt virðist því benda til þess að lýsing oddvita Grafningshrepps á merkjum afréttarins sé rétt og í samræmi við það sem almennt er talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Grafningsafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að hvorki skriflegar heimildir né rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til þess að byggð hafi að fornu eða nýju verið á Grafningsafrétti. Þegar þessa landsvæðis er getið í fyrirbyggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Grafningi haft af Grafningsafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Grafningi eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur að Grafningsafréttur kunni að hafa verið að öllu eða einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Að námi svæðisins er vikið hér fyrir í þessum, sbr. kafla 6.2. Þar kemur m.a. fram sú afstaða óbyggðanefndar að ekki sé sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttar sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en alla jafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kunni hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda bendi slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því fallin niður. Að öllu þessu virtu er það mat nefndarinnar að enginn vafi leiki á því að Grafningsafréttur sé svokallaður samnotaafréttur og að frásögn Landnámu um upphaflegt nám svæðisins skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Grafningsafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Grafningi hafi tekið landsvæði þetta til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og

fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps, hvorki fyrir eigin hönd né fyrir hönd eigenda tilgreindra jarða í Grímsnes- og Grafningshreppi, að Grafningsafréttur sé eignarland. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.¹³⁴

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í fyrrum Grafningshreppi hafi verið að ræða. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í *Almennum niðurstöðum* nefndarinnar, að land Grafningsafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Úr Skeggja í Borgarhól, úr Borgarhól í vörðu á Moldbrekkum, úr vörðu á Moldbrekkum í Klofningstjörn, þaðan í Sköflung og úr Sköflungi í Skeggja.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Grafningshreppi í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

6.5. Landsnet hf.

Í máli þessu gerir Landsnet hf. kröfur vegna háspennulínunnar, Sogslínu 3, sem liggur innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Af hálfu Landsnets hf. er gerð krafa um að Sogslína 3 fái að standa ótímabundið á landi því sem hún fer um og fyrirtækið hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að henni, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Með vísan til úrskurða óbyggðanefndar á svæði 1 í Árnassýslu er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsnet hf. sé eigandi framangreindrar orkuveitu sem liggur innan úrskurðaðrar þjóðlendu í máli þessu og njóti lögvarins réttar til nýtingar hennar. Hins vegar er Landsnet hf. hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitan liggur um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

¹³⁴Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.6. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsnets hf.

7. ÚRSKURÐARORÐ¹³⁵

Grafningsafréttur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er þjóðlenda:

Úr Skeggja í Borgarhól, úr Borgarhól í vörðu á Moldbrekkum, úr vörðu á Moldbrekkum í Klofningstjörn, þaðan í Sköflung og úr Sköflungi í Skeggja.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Grafningshreppi, nú innan Grímsnes- og Grafningshrepps, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Á þessu svæði fer Landsnet hf. með eignarrétt að Sogslínu 3 sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum og nýtur lögvarins réttar til nýtingar hennar.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Hjörleifur B. Kvaran hrl., kr. 1.100.000, Óskar Sigurðsson hrl., kr. 675.000; en þóknun lögmanna greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulínu að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

¹³⁵Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.


VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnassýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

Sjá bls. 195

FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



2004 Grafningur



— Mörk þjóðlandu, skv. úrskurði
 öbyggðanefndar
— Mörk afreittar innan þjóðlandu, skv. úrskurði
 öbyggðanefndar

Dæpi: 29.5.04
 Köngrunúmer: 850R
 Mækkvæði: 1:50.000
 Kostgæfi: Þingenes Skúliason, Landfræðingur
 © Landmælinga Íslands, lýfi nr. 120200013

II. Aðilaskrá

Þjóðlendum

Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins.

Grafningsafreittur

Sveitarfélagið Grímsnes- og
Grafningshreppur fyrir eigin hönd og
fyrir hönd eigenda tiltekinna jarða í
Grímsnes- og Grafningshreppi

Hagavík

Orkuveita Reykjavíkur

Nesjavellir

Orkuveita Reykjavíkur

Ölfusvatn

Orkuveita Reykjavíkur

Landsnet hf.

III. Skjalaskrá¹

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
 - 1(1) Skjalaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 6.2.2004.
 - 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, tilkynning um meðferð á svæði IV, dags. 27.10.2003.
 - 1(4) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Þingvallasveit og Grafningi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:50.000).
 - 1(5) Greinargerð fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 17.9.2004.
 - 1(6) Endanleg kröfugerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins í máli nr. 5/2004, Grafningur ásamt Þingvallasveit.
 - 1(7) Breytt kröfulína í Þjóðlendumáli í Ölfusi og Grafningi, dags. 9.6.2005, ásamt a-b upprætti, dags. 8.6.2005.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005.

Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:

 - 2(29) Miðdalur, dags. 26.5.1890.
 - 2(30) Stóra-Mosfell, dags. 29.5.1890.
Sjá einnig skjöl nr. 4(25 -32), 4(38) og 4(61).

Jarðaskjöl:

 - 2(1) Mosfellsheiði. Bændur úr Þingvallasveit (og Kjós) kvarta yfir ágangi stóðhrossa úr Mosfellssveit, Kjalarnesi, Seltjarnarnesi og Reykjavík, dags. 4.4.1833.
 - 2(2) Vitnisburður Guðmundar Erlingssonar á Þrándarstöðum um landamerki Brúsastaða og Þingvalla, en hann átti heima á Brúsastöðum 1708-1737.
 - 2(27) Lögfesta Markúsar Snæbjörnssonar fyrir Þingvöllum 16.5.1740 (staðfest afrit).

Afsals- og veðmálabækur:

 - 2(4) Lögfesta fyrir Nesjum, dags. 19.5.1817, ásamt uppskrift.
a-b
 - 2(5) Forboð fara á milli Hrauns og Hlíðar í Grafningi, dags. 13.5.1934, ásamt uppskrift.
a-b
 - 2(6) Byggingarbréf fyrir Fjallsenda, dags. 22.5.1852.
 - 2(7) Afsalsbréf fyrir brennisteinsnámum í Nesjavalla landi, dags. 27.1.1852, ásamt a-b uppskrift.

Fasteignamöt:

 - 2(3) Fasteignamat 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
a-b
 - 2(14) Fasteignamat 1804.
 - 2(15) Fasteignamat 1849, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
 - 2(16) Fasteignamat 1932.

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:

 - 2(8) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 19.5.1833.
 - 2(9) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 15.5.1833.
 - 2(10) Manntalsþing á Stóruborg, dags. 10.6.1848.

¹ Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttu númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(11) Útmæling á nýbýlinu Fjallsendi, dags. 8.7.1850, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(12) Mál milli Þingvallaprests og stofnanda býlisins Fjallsendi, dags. 24.6., 27.7. og 5.10.1858.
- 2(13) Aukaréttur varðandi mál á milli prests á Mosfelli í Mosfellssveit og bónda á Nesjum um landamerki á Mosfellsheiði, dags. 12.7.1870, ásamt uppskrift.
- 2(21) Manntalsþing í Reykjavík, dags. 19.5.1826. Nokkrir bændur í Grafningi og a-b Þingvallasveit gera forboð gegn stóðhrossarekstri í afrétt fyrir ofan Mosfellssveit og Seltjarnarneshrepp, ásamt uppskrift að hluta.
- 2(22) Hreppsnefnd Grafningshrepps ræðir um að leigja Hróarsholtsbændum afrétt fyrir fé og trippi og reka fullorðið fé og trippi vestur fyrir „Fergis lóm“ í suðurfjall, dags. 10.10.1899.
- 2(23) Hreppsnefnd Grafningshrepps ákvað að gera áreið á afréttinn milli Grafnings og Ölfushrepps sem fyrst, dags. 2.10.1909.
- 2(24) Hreppsnefnd Grafningshrepps ákvað að gera glögg merki milli afrétta Grafnings- og Ölfushreppa. Sérstök áherzla lögð á, að landamerkjalinan verði yfir vestan greni, sem eru í Grafningslandi og Grafningshreppur hefur borgað á frá ómunatíð, dags. 21.6.1912.
- 2(25) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem a-b beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
- 2(26) Svarbréf Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8.1.1920, til Stjórnarráðs Íslands varðandi svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
- Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:*
- 2(17) Beiðni um sölu á Brúastöðum í Þingvallasveit, dags. 14.4.1908. Lýsing á a-b jörðinni og landamerkjum fylgir m.m., ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 2(18) Sala á Stíflisdal í Þingvallahreppi beiðni dags. 14.4.1908. Lýsing á jörðinni og landamerkjum fylgir m.m.
- 2(19) Beiðni um sölu á Kárastöðum í Þingvallasveit, beiðni dags. 16.6.1910. Lýsing á jörðinni og landamerkjum fylgir m.m.
- 2(20) Beiðnir um sölu á Heiðarbæ í Þingvallasveit, dags. 3.2. og 15.4.1914. Lýsingar á jarðarhlutunum og landamerkjum fylgja m.m., þar á meðal umsögn hreppstjóra, dags. 4.7.1914.
- Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja:*
- 2(28) *Upplýsingar um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslna* 1831-1832: Bréf Björns a-b Gunnlaugssonar til stiftamtmanns, dags. 27.12.1831. Bréf stiftamtmanns til sýslumanna, dags. 3.1.1832. Svar sýslumanns í Árnessýslu, dags. 11.1.1832. Svar sýslumanns í Gullbringusýslu, dags. 12.4.1832, með svörum hreppstjóra í Mosfellssveit, dags. 25.1.1832, og Kjós, dags. 14.3.1832, ásamt útskýringum Þjóðskjalasafns Íslands.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 2(31) Skjöl í landsyfirréttarmáli Árnar Björnssonar gegn prestinum, Símoni Bech, a-b vegna Þingvallakirkju. Dómur nr. II 1860, ásamt uppskrift að hluta.
- 3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum biskupa, dags. 19.8.2004.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 14.9.2004.
- Fasteigna- og jarðamöt:*
- 4(8) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi). Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847, bls. 73-74.
- 4(9) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861, bls. 26.
- 4(10) Fasteignabók 1921. Rv. 1921, bls. 254-255.
- 4(11) Fasteignabók 1932. Rv. 1932, bls. 18.
- 4(12) Fasteignabók 1942. Rv. 1942-1944, bls. 76.
- 4(60) Jarðatal Johnsens 1847 (Jarðatal á Íslandi). Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847,

bls. 416-417 og 420-421.

Fjallskilareglugerðir:

- 4(13) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár og fyrir hreppana í Árnessýslu milli Þjórsár og Hvítár, um notkun afrétta, upprekstur til fjalls, fjallskil, réttir og úrgang úr réttum, um refaveiðar o.fl. frá 1881, ásamt athugasemd við reglugerðina sem birt var í Stjórnartíðindum. Reglugerð þessi var samþykkt 1881 af sýslunefnd en ekki staðfest af amtmanni. Reglugerðin var ekki birt í stjórnartíðindum.
- 4(14) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár og fyrir hreppana í Árnessýslu milli Þjórsár og Hvítár, um notkun afrétta, upprekstur til fjalls, fjallskil, réttir og úrgang úr réttum, um refaveiðar o.fl. í sýslunefnd Árnessýslu, dags. 15.4.1886. Undirritað af amtmanni suðuramtsins þann 8.7.1886. Reglugerðin var ekki birt í stjórnartíðindum.
- 4(15) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, nr. 74/1895. Stjórnartíðindi 1895, B-deild, bls. 85-93.
- 4(16) Reglugerð um breytingar á reglugjörð nr. 74/1895 fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, nr. 66/1901. Stjórnartíðindi 1901, B-deild, bls. 102.
- 4(17) Reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, meðferð óskilafjenaðar, grenjaleitir og refaveiðar fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár, nr. 72/1909. Stjórnartíðindi 1909, B-deild, bls. 147-156.
- 4(18) Reglugerð um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.fl., vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1910, nr. 105/1910. Stjórnartíðindi 1910, B-deild, bls. 215.
- 4(19) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o.fl. vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1909, nr. 62/1919. Stjórnartíðindi 1919, B-deild, bls. 113.
- 4(20) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o.fl. vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1909, og annarri breytingu á reglugjörð frá 1919, nr. 49/1920. Stjórnartíðindi 1920, B-deild, bls. 100-101.
- 4(21) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, nr. 83/1941. Stjórnartíðindi 1941, B-deild, bls. 127-135.
- 4(22) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, nr. 14/1955. Stjórnartíðindi 1955, B-deild, bls. 14-22.
- 4(23) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, nr. 163/1979. Stjórnartíðindi, B-deild, 1979, bls. 268-276.
- 4(24) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.

Máldagar o.fl. úr Íslenzku fornbréfasafni:

- 4(1) Nesjar. Gjafabréf 1539 (Í.f. X. b., bls. 497).
- 4(2) Heiðarbær, Kárastaðir, Krókur, Nesjar, Stíflisdalur, Ölfusvatn. Gíslamáldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 644).
- 4(3) Hagavík. Máldagi Ölfusvatnskirkju 1180 (Í.f. I.b., bls. 269-270).
- 4(4) Ölfusvatn. Máldagi Ölfusvatnskirkju 1180 (Í.f. I. b., bls. 269-270).
- 4(5) Ölfusvatn. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 8).
- 4(6) Ölfusvatn. Máldagi 1553-1554 (Í.f. XII. b., bls. 661-662).
- 4(7) Ölfusvatn. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 644).
- 4(58) Ölfusvatnskirkja. Máldagi 1397 (Í.f. IV. b., bls. 94-95).
- 4(59) Ölfusvatnskirkja. Máldagi 1491-1518 (Í.f. VII. b., bls. 47).

Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:

- 4(25) Þingvellir með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili, dags. 1.9.1886.

- 4(26) Brúsastaðir, dags. 1.9.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(27) Kárastaðir, dags. 2.9.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(28) Heiðarbær, dags. 15.4.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(29) Stíflisdalur og Fellsendi, dags. 12.4.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(30) Nesjar, dags. 15.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi .
a-b
- 4(31) Nesjavellir, dags. 27.3.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(32) Krókur, Ölfusvatn og Hagavík, dags. 15.8.1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
a-b
- 4(38) Selvog-, Ölfuss- og Grafningsafréttir, dags. 24.9.1889, 22.5.1886 og 3.10.1885, ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 4(61) Reykjavörð (Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross), dags. 23.8.1884.

Landnáma:

- 4(33) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-46, 388-395.

Afsals- og veðmálabækur:

- 4(39) Hagavík í Grafningshreppi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Árnessýslu.
- 4(40) Krókur í Grafningshreppi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Árnessýslu.
- 4(41) Nesjar í Grafningshreppi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Árnessýslu.
- 4(42) Nesjavellir í Grafningshreppi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Árnessýslu.
- 4(43) Ölfusvatn í Grafningshreppi. Yfirlit í afsals- og veðmálabók Árnessýslu.
- 4(44) Þinglýsingarvottorð Hagavíkurlaugar 1, Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 10.2.2005.
- 4(45) Þinglýsingarvottorð Hagavíkurlaugar 2, Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 10.2.2005.
- 4(48) Þinglýsingarspald fyrir jörðina Ölfusvatn, Grafningshreppi, dags. 3.2.2005.
- 4(49) Útrent úr landskrá fasteigna fyrir Hagavík, Grafningi, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(50) Útrent úr landskrá fasteigna fyrir Nesjar, Grafningi, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(51) Útrent úr landskrá fasteigna fyrir Ölfusvatn, suðurhluti Grafningi, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(52) Útrent úr landskrá fasteigna fyrir Ölfusvatn, norðurhluti Grafningi, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.

Fornleifaskráning (yfirlit):

- 4(46) Fornleifar í Grafningi, Fornleifastofnun Íslands 1998, Orri Vésteinsson ofl. Síður 2-3, 37-46 og 137-138.
- 4(47) Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns 1997, Orri Vésteinsson. Síður 3, 16-50 og 54-55.

Önnur óprentuð frumgögn:

- 4(34) Landamerki Grímsnesafréttar, dags. 26.5.1975.
- 4(35) Landamerki Grímsnesafréttar, dags. 2.5.1979.
- 4(36) Landamerki afréttar Þingvallahrepps, dags. 2.6.1978.
- 4(37) Landamerki afréttar Grafningshrepps, dags. 2.6.1978.
- 4(53) Bréf hreppsstjóra Ölfushrepps til Sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 28.2.1920 varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(54) Bréf hreppsstjóra Grafningshrepps til Sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 8.4.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti, ásamt svarbréfi Héraðsskjalasafns Árneseinga til óbyggðanefndar varðandi svör hreppsstjóra í Gullbringu- og Kjósarsýslu til sýslumannsins, dags. 30.8.2005.

- 4(55) Bréf hreppsstjóra Þingvallahrepps til Sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 16.3.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(56) Sjá skjal nr. 12.
- 4(57) Sjá skjal nr. 12(1).

Lagt fram af Hjörleifi B. Kvaran hrl., f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, vegna jarða Orkuveitunnar í Þingvallasveit og Grafningi; Nesjavalla, Hagavíkur og Ölfusvatns:

- 5 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 5(1) Skjalaskrá, ódags.
- 5(2) Kort sem sýnir kröfulínu Orkuveitunnar vegna hluta Nesjavalla, Hagavíkur og Ölfusvatns. Gert af Maríu Thors (mælikvarði 1:50.000).
- 5(3) Kaupsamningur. Óli V. Metúsalemsson selur Reykjavíkurborg jörðina Nesjavelli, dags. í apríl 1964.
- 5(4) Afsal Óla V. Methúsalemssonar til Reykjavíkurborgar á jörðinni Nesjavöllum, dags. 22.4.1965.
- 5(5) Kort af Nesjavöllum (mælikvarði 1:40.000).
- 5(6) Eignayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur vegna Nesjavalla, dags. 1.10.2003.
- 5(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Nesjavelli, landnr. 170825, dags. 26.5.2004.
- 5(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Nesjavelli, landnr. 170925, dags. 26.5.2004.
- 5(9) Þinglýsingarvottorð Nesjavalla, dags. 1.6.2004.
- 5(10) Afsal Björns Þórðarsonar lögmanns, f.h. dánarbús Magnúsar Jónssonar, til Helga Tómassonar á jörðinni Hagavík, dags. 7.8.1936.
- 5(11) Samningur um friðun Hagavíkurlands í Grafningi, dags. 2.10.1947.
- 5(12) Félagssamningur á milli Helga Tómassonar (eig. að 5/8 Hagavíkur) og Tómasar, Ragnhildar og Bjarna Helgabarna (eig. að 1/8 hvert), dags. 15.9.1950.
- 5(13) Gerðardómur varðandi Ölfusvatn og Hagavík, dags. 7.7.1954. Kort fylgir (mælikv. 1:50.000).
- 5(14) Landskiptagerð jarðarinnar Hagavíkur í Grafningshreppi, dags. 11.4.1969.
- 5(15) Samkomulag milli Ragnhildar, Tómasar og Bjarna Helgabarna um skiptingu veiðitíma, dags. 11.4.1969.
- 5(16) Yfirlýsing vegna landskiptagerðar frá 11.4.1969, dags. 9.7.1980.
- 5(17) Kaupsamningur. Tómas Helgason, Ragnhildur Helgadóttir og Bjarni Helgason selja Orkuveitu Reykjavíkur hluta jarðarinnar Hagavíkur, dags. 30.4.2004.
- 5(18) Kaupsamningur. Bjarni Helgason selur Orkuveitu Reykjavíkur hluta jarðarinnar Hagavíkur, dags. 30.4.2004.
- 5(19) Stofnskjal Hagavíkurlaugar I, landnr. 198331, dags. 30.4.2004.
- 5(20) Stofnskjal Hagavíkurlaugar II, landnr. 198332, dags. 30.4.2004.
- 5(21) Landskiptagerð vegna sölu á hluta jarðarinnar Hagavíkur, sem var í óskiptri sameign Tómasar, Ragnhildar og Bjarna Helgabarna, til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30.4.2004. Uppdráttur fylgir, sjá 5(23).
- 5(22) Landskiptagerð vegna sölu á hluta jarðarinnar Hagavíkur, sem var í eigu Bjarna Helgasonar, til Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 30.4.2004. Uppdráttur fylgir, sjá 5(23).
- 5(23) Kort vegna landskiptagerða (mælikvarði 1:20.000).
- 5(24) Fasteignamatsvottorð fyrir Hagavík, dags. 26.5.2004.
- 5(25) Þinglýsingarvottorð fyrir Hagavík, dags. 1.6.2004.
- 5(26) Landamerkjabréf fyrir Ölfusvatn og Krók, dags. 20.10.1942.
- 5(28) Kaupsamningur. Helga Ingimundardóttir, f.h. eigenda Ölfusvatns, selur Hitaveitu Reykjavíkur hluta suðausturhluta jarðarinnar Ölfusvatns, dags. 30.7.1985. Kort fylgir (mælikvarði 1:50.000).
- 5(29) Afsal Helgu Ingimundardóttur, Benedikts Sveinssonar, Einars Sveinssonar, Guðrúnar Sveinsdóttur og Ingimundar Sveinssonar til Hitaveitu Reykjavíkur á suðausturhluta jarðarinnar Ölfusvatns, dags. 31.12.1985.

- 5(30) Kort sem sýnir Ölfusvatn og fleiri jarðir, dags. í júní 1997 (mælikvarði 1:40.000).
- 5(31) Kort sem sýnir jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi, dags. í júní 1997 (mælikvarði 1:40.000).
- 5(32) Eignayfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur vegna Ölfusvatns, dags. 1.10.2003.
- 5(33) Fasteignamatsvottorð fyrir Ölfusvatn, norðurhluta, landnr. 175578, dags. 26.5.2004.
- 5(34) Fasteignamatsvottorð fyrir Ölfusvatn, suðurhluta, landnr. 170832, dags. 26.5.2004.
- 5(35) Þinglýsingavottorð fyrir Ölfusvatn, suðurhluta, dags. 1.6.2004.
- 5(36) Greinargerð Hjörleifs B. Kvaran hrl. f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9.11.2004.
- 5(37) Endurskoðuð aðalkröfugerð Orkuveitu Reykjavíkur, ásamt korti, dags. 28.9.2005.

Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hrl. og Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl. vegna Grafningsafreittar:

- 6 Kröfufylsing, dags. 2.6.2004.
- 6(1) Kort sem sýnir kröfufúlínur vegna Grafningsafreittar. Gert af Landform ehf. (mælikvarði 1:50.000).
- 6(2) Greinargerð Óskar Sigurðssonar hdl. og Guðjóns Æ. Sigurjónssonar hdl. f.h. eigenda/umráðamanna Grafningsafreittar, dags. 9.11.2004.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

- 7 Kröfufylsing, dags. 3.6.2004.
- 7(1) Kort sem sýnir raforkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi 2004.
- 7(2) Viðbætur við kröfufylsingu, frekari skýringar á legu háspennulína, ásamt skýringarkorti, dags. 21.4.2006.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 8 Yfirlitskort. Mál nr. 5/2004 Grafningur ásamt Þingvallasveit. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfufúlínukort einstakra málsaðila.
- 9 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Grafningi ásamt Þingvallasveit, dags. 10.9.2004.
- 10 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í Grafningi ásamt Þingvallasveit, dags. 25.4.2006.
- 11(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 14.9.2004.
- 11(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 12.10.2004.
- 11(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.11.2004.
- 11(4) Fundargerð 4 fyrirtöku, dags. 28.2.2005.
- 11(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 2.3.2005.
- 11(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
- 12 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
- 12(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:
Ónr. Göngur og réttir II eftir Braga Sigurjónsson, bls. 297-301.

-
- Ónr. Bráðabirgðaskrá yfir afrétti á Íslandi skv. korti. Unnið í nóvember 1983.
Ónr. Descriptio Ölveshrepps anno 1703 eftir Hálfðan Jónsson, lögréttumann, bls. 1-20.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. bindi, bls. 376-379.
Ónr. Lýsing Þingvallaprestakalls 1840, bls. 66-69.
Ónr. Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson, bls. 10-13.

Lagt fram til hliðsjónar af Hjörleifi B. Kvaran hrl. f.h. Orkuveitu Reykjavíkur:

- Ónr. Ljósrit úr Sýslu- og sóknalýsingum. Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir eftir Björn Pálsson. Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir eftir Jón Matthíasson, bls. 173-208.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Hrd. 1997: 1985, mál nr. 327/1995. Stíflisdalur.
Ónr. Skýrslur í máli 5/2004 hjá óbyggðanefnd, (13 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr. Landnám Ingólfs I. bindi. Skúli Magnússon: Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu, bls. 6.
Ónr. Landnám Ingólfs III. bindi. Stefán Þorvaldsson: Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855, bls. 221-222, 236.
Ónr. Árnesþing. Einar Arnórsson, bls. 199-206.
Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar Árnessýslu, bls. 18-19, 246-247.
Ónr. Sunnlenskar byggðir III. bindi, bls. 205, 237, 246, 262.
Ónr. Í Árnesþingi vestanverðu. Þór Vigfússon, bls. 159, 163-164, 166.

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

mál nr. 6/2004

Ölfus



31. maí 2006

EFNISYFIRLIT

1.	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD.....	889
2.	MÁLMEÐFERÐ	890
2.1.	Hlutverk og skipan óbyggðanefndar.....	890
2.2.	Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar.....	890
2.3.	Lýstar kröfur og kynning.....	891
2.4.	Mál nr. 6/2004, Ölfus	892
3.	KRÖFUGERÐ.....	894
3.1.	Kröfur íslenska ríkisins.....	894
3.1.1.	<i>Þjóðlenda</i>	894
3.1.2.	<i>Herdísarvík</i>	895
3.2.	Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur	895
3.2.1.	<i>Sameiginleg atriði</i>	895
3.2.2.	<i>Stóri-Saurbær, Litli-Saurbær I, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Vötn, Núpar I, II og III, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Þóroddsstaðir I og II, Bakki I, Bakki II, Lækur, Krókur (Hjallakrókur), Þorgrímsstaðir, Hjalli og Gerðakot</i>	895
3.2.3.	<i>Kolviðarhóll</i>	896
3.3.	Kröfur sveitarfélagsins Ölfuss vegna Selvogs- og Ölfusafrétta.....	896
3.4.	Kröfur Hjalta Þórðarsonar o.fl. vegna jarða í Hjallatorfu (Bjarnastaða, Bakka I–II, Þorgrímsstaða, Hjallakróks, Lækjar, Hjalla og Gerðakots).....	897
3.5.	Kröfur Sjöunda dags aðventista á Íslandi vegna jarðarinnar Breiðabólstaðar/Vindheima	898
3.6.	Kröfur Strandarkirkju vegna jarðanna Hlíðar, Vogsósa, Stakkavíkur og Strandar ..	899
3.7.	Kröfur Sverris Jónssonar og Kristjáns Jónssonar vegna Litla-Saurbæjar I og II.....	900
3.8.	Kröfur Íþróttafélags Reykjavíkur vegna landsvæðis á Helliðshóli (Kolviðarhóls) ..	900
3.9.	Kröfur Páls Auðar Haraldssonar o.fl. vegna jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjars, Grænhóls, Hlíðartungu og Ósgerðis vegna afréttar Ölfusinga.....	901
3.10.	Kröfur Landsnets hf.....	901
4.	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	902
4.1.	Inngangur.....	902
4.2.	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	902
4.3.	Vettvangsferð.....	903
4.4.	Skýrslutökur	905
5.	SAGA JARÐA OG AFRETTAR.....	906
5.1.	Landnám	906
5.2.	Takmörk Ölfuss og Selvogs	907
5.3.	Selvogur.....	910
5.3.1.	<i>Herdísarvík</i>	910
5.3.2.	<i>Strandarkirkjujarðir (Hlíð, Stakkavík, Strönd og Vogsósar)</i>	914
5.4.	Ölfus	921
5.4.1.	<i>Hlíðarendi</i>	921
5.4.2.	<i>Breiðabólstaður /Vindheimar</i>	922
5.4.3.	<i>Hjallatorfa (Hjalli, Bakki I og II, Lækur, Gerðakot, Þorgrímsstaðir og Hjallakrókur (Krókur)</i>	926
5.4.4.	<i>Þóroddsstaðir (ásamt Riftúni)</i>	933
5.4.5.	<i>Þurátorfa (Eystri-Þurá I og II og Ytri-Þurá)</i>	935
5.4.6.	<i>Núpar</i>	939
5.4.7.	<i>Kröggólfsstaðatorfa (Kröggólfsstaðir, Þúfa og Vötn)</i>	943
5.4.8.	<i>Saurbær</i>	949

5.4.9. Reykjatorfa (þ.e. Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross)	952
5.4.10. Kolviðarhöll	958
5.5. Selvogs- og Ölfusafréttur	966
5.5.1. Almenn	966
5.5.2. Afrétta-, hreppa- og sýslnamörk	971
5.5.3. Notkun lands í afréttum	977
5.6. Selstaða í Ölfusi og Selvogi	984
6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	988
6.1. Inngangur	988
6.2. Landnám	989
6.3. Herdísarvík og Strandarkirkjueignir (Stakkavík, Hlíð, Vogsósar og Strönd)	991
6.3.1. Almenn	991
6.3.2. Málsástæður aðila	994
6.3.3. Niðurstaða	995
6.4. Eyma, Þorkelsgerði, Gata, Bjarnastaðir, Nes, Hlíðarendi og Litlaland	997
6.5. Breiðabólstaður/Vindheimar og Hjallatorfa	998
6.5.1. Almenn	998
6.5.2. Málsástæður aðila	1000
6.5.3. Niðurstaða	1001
6.6. Kolviðarhöll og athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur í Sleggjubeinsskarði	1003
6.6.1. Stofnun nýbýlis	1003
6.6.2. Athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur	1004
6.6.3. Málsástæður aðila	1008
6.6.4. Niðurstaða	1009
6.7. Þóroddsstaðir, Þurá, Núpar, Kröggólfsstaðir og Vötn, Þúfa, Litli-Saurbær og Stóri-Saurbær	1011
6.7.1. Almenn	1011
6.7.2. Um einstakar jarðir	1012
6.7.3. Málsástæður aðila	1017
6.7.4. Niðurstaða	1020
6.8. Réttindi innan þjóðlendu á Helliðshéið sunnan Ölfusafréttar	1025
6.8.1. Almenn	1025
6.8.2. Eignarheimildir um Litla-Saurbæ	1026
6.8.3. Málsástæður aðila vegna Litla-Saurbæjar	1028
6.8.4. Niðurstaða um réttindi Litla-Saurbæjar ofan fjalls	1029
6.9. Ölfusafréttur og Selvogafréttur	1030
6.9.1. Almenn	1030
6.9.2. Málsástæður aðila	1031
6.9.3. Niðurstaða	1033
6.10. Landsnet hf.	1043
6.11. Um málskostnað	1043
7. ÚRSKURÐARORÐ	1044

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2006, miðvikudaginn 31. maí, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og 7/2006, tekið fyrir málið

**nr. 6/2004, Ölfus,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Karl Axelsson og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðarinnar Herdísarvíkur.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl. og Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Orkuveita Reykjavíkur vegna jarðanna/jarðahlutanna Stóra-Saurbæjar, Litla-Saurbæjar I, Kröggólfsstaða, Þúfu, Vatna, Núpa I–III, Ytri-Þurár, Eystri-Þurár I, Þóroddsstaða I–II, jarða í Hjallatorfu (Bakka I–II, Lækjar, Króks, Þorgrímsstaða, Hjalla og Gerðakots) og landsvæðis við Kolviðarhól.

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

Sveitarfélagið Ölfus vegna Selvogs- og Ölfusafretta.

Hjalti Þórðarson o.fl. vegna jarða í Hjallatorfu (Bjarnastaða, Bakka I–II, Þorgrímsstaða, Hjallakróks, Lækjar, Hjalla og Gerðakots).

Sjöunda dags aðventistar á Íslandi vegna jarðarinnar Breiðabólstaðar/Vindheima.

Strandarkirkja vegna jarðanna Hlíðar, Vogsósa, Stakkavíkur og Strandar.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Sverrir Jónsson og Kristján Jónsson vegna Litla-Saurbæjar I–II.

¹Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

(Óskar Sigurðsson hrl. og Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.)
 Íþróttafélag Reykjavíkur (Í.R.) vegna landsvæðis við Kolviðarhól.
 (Eiríkur Jónsson hdl. fyrir hönd Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl.)
 Páll Auðar Haraldsson o.fl. vegna jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða,
 Vatna, Þúfu, Kjarrs, Grænhóls, Hlíðartungu og Ósgerðis vegna afréttar
 Ölfusinga.
 (Jörundur Gauksson hdl.)
 Landsnet hf.
 (Þórður Bogason hdl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Hlutverk og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000 og 7/2005. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipaðir Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sunnanverðri Árnassýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 27. október 2003, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæði sem tekur yfir sveitarfélög í Gullbringu- og Kjósarsýslu, auk þess hluta Árnassýslu sem óbyggðanefnd hefur ekki þegar tekið afstöðu til, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið fjórða sem kemur til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til norðurs af mörkum Kjósarhrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem fylgja

suðurmörkum jarðarinnar Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi, en þau byrja við Botnsvog og enda í Háu-Súlu, og þegar austar dregur af suðurmörkum þeirra jarða sem óbyggðanefnd tók afstöðu til í málum á svæði 1 (nr. 1–7/2000, varðandi uppsveitir Árnassýslu). Að austan afmarkast svæðið af Þjórsá, en að sunnan og vestan af hafi, allt norður að fyrrgreindum suðurmörkum Stóra-Botns í Hvalfjarðarstrandarhreppi.² Fjármálaráðherra var veittur frestur til 28. janúar 2004 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Árborgar, auk Bændasamtaka Íslands, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 20. febrúar 2004, og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Suðvesturlandi bárust 20. febrúar 2004. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. mars 2004, Fréttablaðinu 4. mars og Morgunblaðinu 7. mars, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 3. júní 2004. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt

²Sjá einnig fylgiskjal nr. I (kort).

fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í lok júní 2004.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna í Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og á Selfossi, frá 1. júlí til 3. ágúst 2004, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 10. ágúst 2004. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatalilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra lagði fyrir hönd íslenska ríkisins fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í sjö hlutum og fjórar kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti barst 61 kröfulýsing ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Kröfulýsingar þessar taka til 122 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða á Suðvesturlandi, stundum sameiginlega.

2.4. Mál nr. 6/2004, Ölfus

Í ágúst 2004 var lögmonnum aðila tilkynnt að óbyggðanefnd hefði ákveðið að skipta þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins niður í sex mál, þ.e. mál nr. 1/2004 Grindavík og Vatnsleysuströnd, mál nr. 2/2004 Stór-Reykjavíkursvæðið, mál nr. 3/2004 Kjalarnes, mál nr. 4/2004 Kjós, mál nr. 5/2004 Grafningur og mál nr. 6/2004 Ölfus.

Mál nr. 6/2004, Ölfus, var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 14. september 2004. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málinu og færi gefið á athugasemdum. Engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega

vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við aðra fyrirtöku málsins, 12. október 2004, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Þá var gerð grein fyrir bréfi Þórðar Bogasonar hdl. fyrir hönd Landsvirkjunar, dags. 4. október 2004, þar sem fram kom að lögmaðurinn myndi ekki sækja fundi nefndarinnar í málinu nema eftir því væri sérstaklega óskað af hálfu nefndarinnar eða hún teldi slíkt nauðsynlegt vegna hagsmunagæslu Landsvirkjunar, sbr. lokamgr. 10. gr., lokamgr. 13. gr. og 17. gr. laga nr. 58/1998.³ Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur fjögurra vikna frestur til skila á greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. nóvember sama ár, voru lagðar fram fjórar greinargerðir og sú fimmta við fjórðu fyrirtöku, 11. mars 2005. Við þessi tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá var farið yfir dagskrá aðalmeðferðar sem og fyrirkomulag vettvangsferðar. Af hálfu Jörundar Gaukssonar hdl. kom fram að ekki væri nauðsynlegt, umbjóðenda hans vegna, að taka þátt í aðalmeðferð málsins, þ. á m. vettvangsferð. Jafnframt kom fram af hálfu Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hdl. að hann myndi einungis taka þátt í málflutningi.

Aðalmeðferð fór fram dagana 15., 16. og 18. mars 2005 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og munnlegan málflutning. Fram kom að lögmenn hefðu ekki talið sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í salarkynnum Hótel Arkar, Hveragerði. Þann 24. maí 2005 var haldið til frekari vettvangsskoðunar á hluta svæðisins. Um vettvangsferðir og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.3.–4.4. og vísast þangað.

Loks var málið endurupptekið 11. maí 2006 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

³Með bréfi, dags. 21. apríl 2006, tilkynnti Þórður Bogason hdl. að Landsnet hf. hefði tekið við öllum réttindum og skyldum Landsvirkjunar í málum fyrir óbyggðanefnd.

3. KRÖFUGERÐ⁴

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna jarðarinnar Herdísarvíkur en þinglýstur eigandi hennar er Fjársýsla ríkisins vegna Háskóla Íslands.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra eru fyrir hönd íslenska ríkisins gerðar þær endanlegu aðalkröfur að eftirfarandi lína verði úrskurðuð þjóðlendumörk í Ölfusi: „Frá Kistufelli er dregin lína sjónhending að Kálfahvamm fyrir vestan Geitafell. Þar sem sú lína sker sýslumörkin (A) er fyrsti punktur í kröfulínu og þaðan er svo lína sjónhendingu í Kálfahvamm (B) vestan í Geitafelli. Frá Kálfahvamm er kröfulínan dregin í Fálkaklett (C) og frá honum í vörðu norðaustan til á há Geitafelli (D) og þaðan í Rauðhól (E) og þaðan beina stefnu í punkt í Sanddölum (F) og þaðan í Reykjafell (G). Frá Reykjafelli er dregin lína í Hengladalsá (H) við Orrustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrarfjalli. Þaðan er línan látin fylgja Hengladalsá niður að Helluvaði (I), sem er fyrir vestan Árstaðafjall, sem er merkjapunktur við Reykjatorfuland. Síðan fylgir línan landamerkjum Reykjatorfu beina stefnu frá Helluvaði í norðurenda einkennilegrar gjár (J), þaðan beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnjúk (K) fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka (hornmark á móti Króki). Frá rauðleita melhnjúknum heldur kröfulínan áfram meðfram landi Nesjavalla á austurhlið, í Hengilsillur (L), og þaðan eftir beinni stefnu í Vörðuskeggja (M).“

Undanskilið framangreindu þjóðlendukröfusvæði er þó land Kolviðarhóls sem íslenska ríkið viðurkennir sem eignarland og vísar til eftirfarandi merkja þess: Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli sjónhending í Þverfell, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsmúlann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áður nefndan hnjúk á Reykjafelli.

„Til vara er þess krafist, ef ekki er fært að taka til greina aðalkröfu, að lína verði dregin frá Rauðhól í Lambafell og þaðan í Reykjafell og frá Reykjafelli að rauðleitum melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka.“

Við aðalmeðferð var hluti af kröfulínu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í málinu fluttur yfir í mál nr. 5/2004 og eftir það er punktur K, samkvæmt framangreindu, síðasti punktur í kröfulínu íslenska ríkisins í máli nr. 6/2004.

⁴Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

3.1.2. Herdísarvík

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins vegna Háskóla Íslands til þess lands jarðarinnar Herdísarvíkur, sem dregið er upp á kröfukorti, upp að kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk.

3.2. Kröfur Orkuveitu Reykjavíkur

„Krafa Orkuveitu Reykjavíkur er sett fram í tveimur hlutum. Fyrri hluti kröfugerðarinnar tekur til eftirtalinna jarða og/eða jarðahluta sem Orkuveita Reykjavíkur keypti á árunum 1999 og 2001: Stóri-Saurbær, Litli-Saurbær I, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Vötn, Núpar I, II og III, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Þóroddsstaðir I og II, Bakki I, Bakki II, Lækur, Krókur (Hjallakrókur), Þorgrímsstaðir, Hjalli og Gerðakot. Lönd þessi liggja saman, að afrétti Ölfuss að norðan, að Reykjatorfulandi að austan og að landi Breiðabólstaðar og Vindheima að vestan. [...] Seinni hluti kröfugerðarinnar tekur til þess lands, Kolviðarhóls, sem Reykjavíkurborg eignaðist með afsali frá Íþróttafélagi Reykjavíkur 11. október 1955.“

3.2.1. Sameiginleg atriði

„Krafa Orkuveitu Reykjavíkur er sú að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur Orkuveitu Reykjavíkur að landsvæðum þeim er Orkuveitan hefur keypt í samræmi við áðursendar kröfulýsingar til óbyggðanefndar þann 3. júní 2004.

Þá er kröfugerð ríkisins mótmælt eins og hún er fram sett með kröfulýsingu dags. þann 26. febrúar 2004 og í greinargerð ríkisins þann 22. september 2004.“ Þess er krafist að aðalkröfu ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd með þeim rökum sem fram eru sett í greinargerð og að varakröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

„Þá gerir Orkuveita Reykjavíkur kröfu til þess að óbyggðanefnd úrskurði Orkuveitunni málskostnað vegna reksturs málsins fyrir nefndinni skv. málskostnaðarreikningi eða eftir mati nefndarinnar.“

3.2.2. Stóri-Saurbær, Litli-Saurbær I, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Vötn, Núpar I, II og III, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Þóroddsstaðir I og II, Bakki I, Bakki II, Lækur, Krókur (Hjallakrókur), Þorgrímsstaðir, Hjalli og Gerðakot

Endanleg aðalkrafa er svohljóðandi:

„Austurmörk: Úr rauðbleikum melhnúk við Kýrgil, merktur nr. 1 á korti (hnit liggja fyrir) sem er hornpunktur Hagavíkur í Grafnings- og Grímsneshreppi, Reykjatorfu, Litla- og Stóra-Saurbæjar í Ölfusi og afréttar sveitarfélagsins Ölfuss og síðan landamerki Reykjatorfu og Litla- og Stóra-Saurbæjar, þ.e. frá rauðbleika melhnúknum í nyrsta hluta einkennilegrar gjár merkt J á korti og þaðan í Helluvað.

Norðurmörk: Úr rauðbleikum melhnúk við Kýrgil, merktur nr. 1 á korti (hnit liggja fyrir) sem er hornpunktur Hagavíkur í Grafnings- og Grímsneshreppi,

Reykjatorfu, Litla- og Stóra -Saurbæjar í Ölfusi og afréttar sveitarfélagsins Ölfuss og í eystra horn Reykjafells. Úr eystra horni Reykjafells stefnu í Lambafell að mörkum Breiðabólstaðar og Vindheima.

Að vestan. Lína dregin úr Lambafelli beint í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan beint í Skógarhlíðagafl. [...] Varakrafa. Að norðurmörk landsins frá eystra horni Reykjafells (punktur 2) verði dregin í rauðbleikan melhól (punktur 8) eins og sýnt er sem þverlína 1 á uppdrætti verkfræðistofunnar Forverks ehf., dags. okt. 1998, sem er fylgiskjal með kaupsamningum þeirra jarða sem mörk eiga að þessari línu. Varakrafa Orkuveitu Reykjavíkur er hin sama og varakrafa íslenska ríkisins samkvæmt kröfugerð fjármálaráðherra.“

3.2.3. Kolviðarhóll

„Aðalkrafa er að mörk Kolviðarhóls verði dregin úr hæsta tind Reykjafells (punktur 2) í vörðu í Skarðsmýrarfjalli (punktur 9) merktri með hæðartölunni 570 m, þaðan í Sleggju (470 m) (punktur 10). Þaðan beina stefnu yfir Húsmúlann í Mið-Múlahornið (punktur 11), þaðan beint í vörðu (punktur 12) er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu í áðurnefndan hnúk, á Reykjafelli (punktur 2).

Varakrafa er að mörk Kolviðarhóls verði dregin með þeim hætti sem fram kemur í kröfugerð fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins en að Orkuveita Reykjavíkur eigi auk þess jarðhitaréttindi á landi sem afmarkast af línu úr hæsta tind Reykjafells (punktur 2) í vörðu í Skarðsmýrarfjalli (punktur 9) merktri með hæðartölunni 570 m þaðan í Sleggju (470 m) (punktur 10). Þaðan beint í Þverfell (punktur 13), þaðan í áðurnefndan hnúk á Reykjafelli (punktur 2).“

3.3. Kröfur sveitarfélagsins Ölfuss vegna Selvogs- og Ölfusafrétta

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Ölfus, þinglýstur eigandi Selvogs- og Ölfusafrétta, „hafi beinan eignarétt að öllu landi afréttanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttanna séu þessi, skv. hnitsettum uppdrætti með hornpunktaskrá er telst hluti kröfulýsingar þessarar“:

Endanlegt aðalkröfusvæði er afmarkað svo: „Að austanverðu: Úr Fálkakletti í Geitafelli, í vörðu sem er norðaustan til á há-Geitafellinu, þaðan beina línu í Rauðhól. Úr Rauðhól í Lambafell, þaðan beina stefnu í hæsta hnjúk á Reykjafelli. Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli í vörðu á Skarðsmýrarfjalli, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsmúlann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áðurnefndan hnjúk á Reykjafelli. Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli, beina línu í rauðleitan melhnjúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka.“

Að norðanverðu: Úr rauðleita melhnjúknum (K) fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka, meðfram landi Nesjavalla á austurhlið, í Hengilsillur (L) og þaðan eftir beinni stefnu í Vörðuskeggja (M). Úr Vörðuskeggja beina línu í steiptan stöpul á Borgarhólum. Hér er gerð varakrafa um að línan liggja „úr rauðleita melhnjúknum (K) fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka í Hengilsyllur (B2), þ.e. í Nesjaskyggir ofan við Ölfusvatnsskyggni, og þaðan í Vörðuskeggja (M).“

„Að vestanverðu: Úr steiptum stöpul á Borgarhólum, þaðan beina línu í Sýsluþúfu, þaðan bein lína í Sýslustein austan Lyklafells, og þaðan bein lína í steiptan stöpul á Vífilsfelli. Úr stöpli á Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn, þaðan í Kóngsfell (Litla-Kóngsfell).

Að sunnanverðu: Úr Kóngsfelli (Litla-Kóngsfelli) beina línu í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli, þaðan beina stefnu aftur í Fálkakletta.“

„Landeigandi lítur svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda. Þess er sérstaklega krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið eigi einkarétt til allrar nýtingar á auðlindum í jörðu á grundvelli hefðar, venju og réttmætra væntinga.“

„Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins dags. 22. sept. 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk á svæðinu verði hafnað.“

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og að skaðlausu.

3.4. Kröfur Hjalta Þórðarsonar o.fl. vegna jarða í Hjallatorfu (Bjarnastaða, Bakka I–II, Þorgrímsstaða, Hjallakróks, Lækjar, Hjalla og Gerðakots)

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur framangreindra jarða „hafi beinan eignarétt að öllu landi Hjallatorfu, sem þeir hafa ekki selt frá jörðinni með lögmætum hætti. Heildarlandamerki Hjallatorfu eru þessi:

Milli Riftúns og Hjallatorfunnar er Sigmundarvað hornmark, þaðan liggur línan í klett fyrir utan Riftún merktan með X: þaðan í torfu í svonefndum Litlahvammi, á efri brún hennar kemur Þóroddsstaðaland á móti landi Hjallatorfunnar og liggja mörkin úr næsttöldu örnefni beint í vörðu á Háskálafelli og þaðan beint í vörðu austan á Reykjafelli. Úr nefndri vörðu beint í Lambafell móti Ölfuss afrjettarlandi.

Milli Breiðabólstaðar og Vindheima annars vegar og Hjallatorfunnar hins vegar liggur línan úr Lambafelli beint í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan beint í Skóghlíðargafli.

Milli Hrauns og Hjallatorfunnar liggja mörkin austur svonefnda Tíðargötu fyrir neðan Skóghlíðargafli að Sólarsteini.

Milli Grímslækjanna og Hjallatorfunnar liggja mörkin úr Sólarsteini í Klapparhól sem merktur er með X, þaðan í svonefndan Lækjarbotnalæk og ræður hann svo og tjörn fyrir ofan Efri-Grímslæk, úr henni ræður Grímslækjarós fram í Lambeyrarós, sem ræður mörkum að neðanverðu og svo Þorleifslækur upp að fyrst töldu merki, Sigmundarvaði.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

„Sérstök krafa er gerð um einkanýtingarrétt þinglýstra eigenda af auðlindum í jörðu innan landamerkja, jafnvel þó einstakir hlutar teljist þjóðlenda.“

„Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins dags. 22. sept. 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk á svæðinu verði hafnað.“

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og að skaðlausu.

3.5. Kröfur Sjöunda dags aðventista á Íslandi vegna jarðarinnar Breiðabólsstaðar/Vindheima

Þess er krafist að viðurkennt verði að framangreindur þinglýstur eigandi tilgreindrar jarðar „hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Hornmark að sunnan og vestan á milli Litlalands, Breiðabólsstaðar og Vindheima er varða í Kálfförum, úr henni liggur merkjalínan í Draugshellir, þaðan beint í Grislingahlíð, þá beina línu um miðja Þúfnavelli og er þeim sleppir beint í Rauðhól.

Milli Ölfusafréttar og Breiðabólsstaðar og Vindheima úr Rauðhól beina stefnu í Lambafell beina stefnu í vestasta hornið á Lönguhlíð, þaðan beint í Skóghlíðargafli. (Milli Hraunstorfunnar og fyrirtalra jarða úr síðasttöldu örnefni í vörðu fyrir ofan Miðþúfu, þá beina línu niður Grjótin um tvær vörður, er standa sín á hverri klöpp; þá í vörðu fyrir ofan Leirarnar. Milli Þorlákshafnar og fyrirtalra jarða. Úr síðasttalinni vörðu beina línu í fyrsttalda vörðu í Hálförum.)

Hefur lína sú sem afmörkuð er innan sviga hér að ofan verið skýrð nánar með sátt, milli eigenda jarðanna Hrauns og Breiðabólsstaðar/Vindheima, gerðri fyrir sýslumanninum á Selfossi, þann 20. júní 2002. Er þar línan skýrð svo: Milli Hraunstorfunnar og niður í hornmarksvörðu í sandgræðslugirðingu, þar sem fyrrum skárust lönd Þorlákshafnar, Breiðabólstaðar/Vindheima og Hraunstorfu, um vörðu

staðsetta ca. miðja vegu þar á milli auðkennda með M klappað í klöpp þar við hlið, á sama hátt er hornmarksvarðan auðkennd.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

„Sérstök krafa er gerð um einkanýtingarrétt þinglýstra eigenda af auðlindum í jörðu innan landamerkja, jafnvel þó einstakir hlutar teljist þjóðlenda.“

„Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins dags. 22. sept. 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk á svæðinu verði hafnað.“

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og að skaðlausu.

3.6. Kröfur Strandarkirkju vegna jarðanna Hlíðar, Vogsósa, Stakkavíkur og Strandar

Þess er krafist að viðurkennt verði að Strandarkirkja, þinglýstur eigandi ofangreindra jarða, „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna, sem verndaður er með 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu þessi:

Að vestanverðu: bein stefna úr Breiðabás (=Helli skv. máldögum), sem er fjöruvík nokkurt, ekki allskammt fyrir austan Herdísarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan í Kóngsfell (Litla-Kóngsfell), sem er gömul, en ekki há, grámosavaxin eldborg, umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar, góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.

Að norðanverðu: Bein lína úr Kóngsfelli (Litla-Kóngsfelli) og í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.

Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli, og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból, austan til við Vindással, og í Gapa í Hellholti. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

„Sérstök krafa er gerð um einkanýtingarrétt þinglýstra eigenda af auðlindum í jörðu innan landamerkja, jafnvel þó einstakir hlutar teljist þjóðlenda.“

„Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins, sbr. greinargerð ríkisins dags. 22. sept. 2004, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk á svæðinu verði hafnað.“

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi og að skaðlausu.

3.7. Kröfur Sverris Jónssonar og Kristjáns Jónssonar vegna Litla-Saurbæjar I og II

Af hálfu Sverris Jónssonar og Kristjáns Jónssonar er þess aðallega krafist „að spilda úr landi Litla-Saurbæjar I á Hellisheiði, sem auðkennd er á uppdrætti [meðfylgjandi] ... kröfulýsingu þeirra, verði viðurkennd einkaeignarland þeirra, þannig hnitmerkt: Frá punkti nr. 101 (x-hnit 660730.470, y-hnit 398800.980) að punkti nr. 102 (x-hnit 660360.076, y-hnit 399005.935), frá þeim punkti að punkti nr. 103 (x-hnit 657637.637, y-hnit 390377.815), frá þeim punkti að punkti nr. 104 (x-hnit 657958.478, y-hnit 392837.384). Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að „viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að því landi sem tilheyrir Litla-Saurbæ I ofan fjalls á Hellisheiði, sem auðkennt er á uppdrætti [meðfylgjandi] ... kröfulýsingu, þannig hnitmerkt: Frá punkti nr. 13 (x-hnit 658289.42, y-hnit 393539.22), að punkti nr. 12 (x-hnit 660730.47, y-hnit 398800.98), frá þeim punkti að punkti nr. 16 (x-hnit 659796.22, y-hnit 399317.96), frá þeim punkti að punkti nr. 17 (x-hnit 658247.67, y-hnit 394535.17), frá þeim punkti að punkti nr. 18 (x-hnit 658157.65, y-hnit 393764.90). Litið er svo á að í kröfugerð felist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til viðbótar við framangreindar aðal- og varakröfur er þess krafist að „viðurkenndur verði beitarréttur fyrir jörðum þeirra í afrétti Ölfusinga.“

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

3.8. Kröfur Íþróttafélags Reykjavíkur vegna landsvæðis á Hellisheiði (Kolviðarhóls)

„Íþróttafélag Reykjavíkur krefst þess aðallega að landsvæði á Hellisheiði með eftirfarandi landamerkjum verði viðurkennt sem eignarland Íþróttafélags Reykjavíkur, sbr. 1. gr. og a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og teikningu kröfulína á [meðfylgjandi skjali] ...: Lína dregin úr hæsta tind Reykjafells (A), í vörðu á Skarðsmýrarfjalli með hæðartölunni 570 metrar (B), þaðan í Sleggju (C), þaðan sjónhendingu í Þverfell (D), og þaðan í áðurnefndan hæsta tind Reykjafells (A).

Verði komist að þeirri niðurstöðu að ofan nefnt svæði sé þjóðlenda, er þess krafist til vara, með vísan til 5. gr. og c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, að úrskurðað verði að Íþróttafélag Reykjavíkur njóti þar allra sömu réttinda og það hefur neytt frá 1939, þ.á m. réttinda til fullra afnota af svæðinu, til að reisa þar mannvirki og til að leigja þessi réttindi út og hirða með öðrum hætti arð af eigninni.“

Þá krefst Íþróttafélag Reykjavíkur þess að allur kostnaður félagsins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

3.9. Kröfur Páls Auðar Haraldssonar o.fl. vegna jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjarrs, Grænhóls, Hlíðartungu og Ósgerðis vegna afréttar Ölfusinga

Af hálfu Páls Auðar Haraldssonar o.fl. er þess krafist „að verði það niðurstaða óbyggðanefndar að einhver hluti afréttar Ölfusinga sé þjóðlenda þá verði viðurkenndur upprekstrarréttur jarðanna ásamt því sem honum fylgir lögum samkvæmt. Viðurkenndur yrði upprekstrarréttur á afréttinum eins og hann yrði ákveðinn innan þjóðlendu af óbyggðanefnd.“

Jafnframt er krafist alls málskostnaðar.

3.10. Kröfur Landsnets hf.

Af hálfu Landsnets hf. eru gerðar kröfur til nauðsynlegs landsvæðis til afnota vegna háspennulína og tengdra mannvirkja að svo miklu leyti sem þau verða talin standa innan þjóðlendumarka. Nánar tiltekið er þess krafist að háspennulínur fyrirtækisins geti staðið ótímabundið á landi því sem þær fara um og það hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim til viðhalds og endurbóta, m.a. með lagningu vegslóða. Með vísan til 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, er gerð krafa um að þessi réttindi Landsnets hf. verði viðurkennd innan þess svæðis sem kann að verða talið til þjóðlendu á svæði nr. 4.

Um er að ræða eftirfarandi háspennulínur í eigu Landsnets hf.:

„Sogslína 2 (132 kV) liggur frá tengivirki við Sog og niður í Ölfus þar sem hún mætir Búrfellslínu 2 (220 kV) skammt austan Hveragerðis. Eftir það liggja þessar tvær háspennulínur nær samhliða til vesturs, yfir Hellsisheiði að Kolviðarhóli og þaðan sem leið liggur niður Sandskeið og að tengivirki við Geitháls. [...]

Sogslína 3 (220 kV) liggur frá tengivirki við Sog og vestur um Grafning og Mosfellsheiði að tengivirki við Geitháls.

Búrfellslína 3 (220 kV) fer úr Grafningnum um Ölkelduháls og í suðvesturátt upp á Hellsisheiði. Á heiðinni hittir hún fyrir Sogslínu 2 og Búrfellslínu 2 og liggur samhliða þeim til vesturs niður af heiðinni og að Sandskeiði. Við lítið spennivirki á Sandskeiði sveigir Búrfellslína 3 til suðvesturs inn á svonefndan Bláfjallafólkvang og liggur um Húsfellsbruna inn á Reykjanesfólkvang.“

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–20 ásamt undirskjöllum eða samtals 758 skjöl, auk 22 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. 1. nr. 65/2000. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum og engar athugasemdir komið fram.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3

og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Vettvangsferð

Haldið var af stað frá skrifstofu óbyggðanefndar að Hverfisgötu 4a, Reykjavík, að morgni þriðjudagsins 15. mars 2005, í mjög góðu skyggni. Með í för auk óbyggðanefndar, fundarritara, starfsmanns nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru þeir Ólafur Sigurgeirsson hrl., Hjörleifur B. Kvaran hrl. og Eiríkur Jónsson hdl. Guðjón Ægir Sigurðsson hdl. og Jörundur Gauksson hdl. höfðu hins vegar lýst því yfir fyrir fram að umbjóðenda sinna vegna teldu þeir ekki þörf á að taka þátt í vettvangsferð eða skýrslutökum vegna málsins. Þá voru með í för Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, landfræðingur hjá óbyggðanefnd, Björn Pálsson héraðsskjalavörður (á vegum Ólafs Björnssonar hrl.) og Einar Gunnlaugsson jarðfræðingur, starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur.

Ekið var sem leið liggur út úr borginni og austur Suðurlandsveg. Björn Pálsson annaðist leiðsögn. Stansað var við Litlu-Kaffistofuna og þar komu í bifreiðina Ólafur Björnsson hrl., Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi í sveitarfélaginu Ölfusi, Sigurður Hermannsson í Gerðakoti (Hjallatorfa), Gunnar Konráðsson, bóndi á Grímslæk (vegna Hjallatorfu), Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, Árni Þorvaldsson (frá Orkuveitu Reykjavíkur) og Ágúst Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Landmælinga Íslands. Einnig fulltrúar skíðadeildar Í.R., þ.e. Þórir Lárusson og Helgi Hallgrímsson. Hjörleifur Brynjólfsson, oddviti í sveitarfélaginu Ölfusi, og Páll Bjarnason, tæknifræðingur hjá Verkfræðistofu Suðurlands, voru einnig með í för á eigin bifreiðum. Sama máli gegndi um Þorberg Eysteinnsson (frá Í.R.).

Björn Pálsson sagði frá örnefnum og lýsti landslagi. Horft var að Reykjafelli og Litla-Reykjafelli. Beygt var inn Þrengslaafleggjarann og stansað við námu í Lambafelli. Þaðan sást vel yfir að Stóra-Reykjafelli. Að svo búnu var haldið aftur út á Suðurlandsveg og ekið til austurs, þar til beygt var inn á veginn að Kolviðarhóli. Skarðsmýrarfjall sást mjög vel og möstur á fjallinu. Haldið var fram hjá Kolviðarhóli og inn á skíðasvæðið í Hamragili, sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur til. Þar lýsti Þórir Lárusson skálum og öðrum framkvæmdum á svæðinu. Að svo búnu voru skoðuð mannvirki á skíðasvæði í Sleggjubeinsdal. Þessu næst var ekið upp Hellisskarð. Stansað var við borholur Orkuveitunnar og þaðan gengið upp á Reykjafell. Á miðju fellinu var stansað og skyggnst yfir. Björn Pálsson lýsti staðháttum. Áfram var gengið alveg upp á topp, þaðan sem yfirsýn var mjög góð yfir kröfussvæði íslenska ríkisins í málinu. Björn Pálsson lýsti staðháttum.

Eftir að gengið hafði verið á Reykjafell hættu eftirtaldir þátttöku í vettvangsferð: Eiríkur Jónsson hdl. og fulltrúar skíðadeildar Í.R., þ.e. Þórir Lárusson, Þorbergur Eysteinnsson og Helgi Hallgrímsson.

Þessu næst var haldið til baka sömu leið. Ekið var fram hjá eldgígaröð frá suðurhlíð Skarðsmýrarfjalls og austan Reykjafells, þar sem verið hefur malarnám. Björn Lýsir skoðun sinni á afmörkun Hellisheiðar, sem miða eigi við Hengladalaá og Skarðsmýrarfjall. Haldið var aftur út á Suðurlandsveg og ekið í austur, þar til beygt var norður vegarslóða sem liggur inn á Hengilssvæðið. Ekið var yfir Hengladalaá og áfram slóðann, þar til staðnæmst var í þeim tilgangi að leita að merkjapunkti þeim sem nefndur er „rauðleitir melhóll [eða melhnjúkur] fyrir framan Kýrgilshnúka“. Kristján Torfason, Karl Axelsson, Hjörleifur B. Kvaran og Hjörleifur Brynjólfsson héldu áfram í jeppabifreið þess síðastnefnda, í þeim tilgangi að staðsetja umræddan melhnjúk. Björn Pálsson, Ólafur Björnsson, Árni Þorvaldsson og Sigurður Jónsson gengu einnig um Kýrgilshnúkana. Töldu menn sig finna tvo rauðleita melhnúka, annan suðaustanvert í Hengli og hinn framan Kýrgilshnúka og einnig Raufarbergið framan í Kýrgilshnúkunum austanverðum. Á bakaleið var numið staðar á brún Svínahlíðar og horft yfir Smjörþýfi. Björn Pálsson benti á Orustuhólinn, rétt sunnan Litla-Skarðsmýrafjalls en ekki vestan þess eins og sagt er í örnefnaskrá.

Að þessari athugun lokinni var haldið til baka, sömu leið út á Suðurlandsveg. Ekið var áfram austur, þar til stansað var á útsýnisstað rétt ofan krapprar beygju þar sem þjóðvegur 1 liggur niður af Hellisheiði, nálægt þeim stað sem Helluvað er sagt vera (sbr. punkt I í kröfugerð íslenska ríkisins). Gengið var yfir þjóðveginn og að Hengladalaá framan Raufarbergs þar sem Björn Pálsson benti á eldri farvegi árinna og þann stað á ánni sem hann telur líkast til vera hið rétta Helluvað. Björn telur trúlegt að staðfærslu vaðanna hafi verið snúið við í örnefnaskrá.

Þessu næst var Suðurlandsvegur ekinn áfram austur, uns beygt var til suðvesturs inn á Þorlákshafnarveg. Þar tók við leiðsögn Gunnar Konráðsson á Grímslæk. Við vegamót Þorlákshafnarvegur og Þrengslavegar kom í bifreiðina Þórarinn Snorrason í Vogsósum. Haldið var áfram Þrengslaveg og m.a. horft að Lönguhlíð, Geitafelli, Heiðinni há og Litla-Sandfelli. Áfram var ekið sem leið liggur undir leiðsögn Gunnars. Stöðvað var á merkjum við Lambafell og að svo búnu haldið aftur út á Suðurlandsveg.

Af Suðurlandsvegi var haldið inn Bláfjallaveg. Stansað var við gömlu hreppa- og sýslumörkin við Kóngsfell og Vífilsfell. Eftir stutt stopp í Bláfjöllum var snúið við og haldið sömu leið til baka. Áð var við Litlu-Kaffistofuna þar sem Ólafur Björnsson og aðrir þeir sem þar komu í bifreiðina, auk Björns Pálssonar, hættu þátttöku í vettvangsferð. Komið var til baka á skrifstofu óbyggðanefndar síðdegis og lauk þar með vettvangsferð.

Þann 24. maí 2005 var haldið til frekari vettvangsskoðunar á Hengilssvæðinu og m.a. gengið upp Hengilssyllur. Eftirtaldir tóku þátt: Nefndarmennirnir Karl Axelsson og Bendikt Bogason; lögmennirnir Ólafur Sigurgeirsson og Hjörleifur Kvaran og Björn Pálsson (leiðsögumaður).

4.4. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af eftirtöldum: 1. Jón Guðmundsson, bjó að Stóra-Saurbæ í 75 ár. 2. Friðrik Kristjánsson, ólst upp að Stóra-Saurbæ. 3. Gunnlaugur Jóhannsson, bóndi að Núpum í u.þ.b. 30 ár. 4. Guðmundur Birgisson, Núpum III. 5. Björn Pálsson, BA í sagnfræði og héraðsskjalavörður á Selfossi. 6. Þórir Lárusson, meðal forystumanna skíðadeildar Íþróttafélags Reykjavíkur (Í.R.) á undanförnum áratugum. 7. Helgi Hallgrímsson, meðal forystumanna skíðadeildar Íþróttafélags Reykjavíkur (Í.R.) á undanförnum áratugum. 8. Hjörleifur Brynjólfsson, oddviti í sveitarfélaginu Ölfusi. 9. Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi í sveitarfélaginu Ölfusi. 10. Ágúst Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Landmælinga Íslands. 11. Jón E. Hjartarson, Læk í Ölfusi og einn af eigendum Hjallatorfu. 12. Gunnar Konráðsson, bóndi að Efri-Grímslæk í Ölfusi, og eigandi að Hjallatorfu í gegnum eignarhlutdeild sína í Þorgrímsstöðum (á þar 58%). 13. Sigurður Hermannsson, Gerðakoti og eigandi að 10% í Hjallatorfu. 14. Þórarinn Snorrason, Vogsósum og oddviti og hreppstjóri í Selvogshreppi í áratugi.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5. SAGA JARÐA OG AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er, síðan fjallað nokkuð um takmörk sveita. Rakin verður í stórum dráttum saga jarða eða býlahverfa þeirra sem ágreiningur er um í máli þessu, afmörkun þeirra, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu. Loks er fjallað um afrétti, þ.e. almennt, afréttar-, hreppa- og sýslnamörk, notkun afrétta og að endingu um selstöður.⁵

5.1. Landnám

Landnámabók getur ýmissa manna, sem námu land á þessu svæði. Fyrstur landnámsmanna var Ingólfur Arnarson:

En Ingólfr nam land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.⁶

Ormr enn gamli, son Eyvindar jarls, Arnmóðssonar jarls, Nereiðssonar jarls ens gamla; Ormr nam land fyrir austan Varmá til Þverár ok um Ingólfsfell allt ok bjó í Hvammi.⁷

Álfr enn egzki stökk fyrir Haraldi konungi af Ögðum ór Nóregi; hann fór til Íslands ok kom skipi sínu í ós þann, er við hann er kenndr ok Álfsóss heitir; hann nam lönd öll fyrir útan Varmá ok bjó at Gnúpum.⁸

Þórir haustmyrkr nam Selvág ok Krýsuvík, en Heggr son hans bjó at Vági.⁹

Ormur hinn gamli nam neðsta hluta Grafnings og efsta hluta Ölfuss.¹⁰ Mörk milli landnáma Orms og Álfs egzka voru um Varmá, sem er framhald Hengladalsár.¹¹

Landnám Álfs hefur náð frá Varmá og sennilega út á Selvogshreiði, þar sem voru hreppamörk Ölfuss- og Selvogshreppa.¹² Landnámsbærinn var Gnúpar, sem nú kallast Núpar.

Landnámsmörk Þóris haustmyrkrurs eru ekki tilgreind nánar. En bær sonar hans, Vágr, er sennilega Vogur í Selvogi, sem getið er um 1275, sem síðar hét Vogshús og enn síðar Vogsósar.¹³

⁵Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 18. Þó hefur verið felld út umfjöllun um þær jarðir sem liggja utan við ágreiningssvæði málsaðila. Einnig hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um þær heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

⁶Skjal nr. 4(128). S. 45 (Sturlubók og Hauksbók).

⁷Skjal nr. 4(128). S. 390.

⁸Skjal nr. 4(128). S. 390. S. 391 og 393 eru með nokkurn orðamun og allmikla ættfærslu, en textinn um landnámsmörkin er samhljóða.

⁹Skjal nr. 4(128). S. 392, 393.

¹⁰Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. Reykjavík. 1982. S. 506.

¹¹Þór Vigfússon. *Í Árnesþingi vestanverðu*. Árbók Ferðafélags Íslands 2003. Reykjavík. 2003. S. 35.

¹²Skjal nr. 4(128). S. 390 (3. nmgr.). Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*, 2. b. S. 506.

¹³Skjal nr. 4(128). S. 392 (2. nmgr.).

5.2. Takmörk Ölfuss og Selvogs

Í lýsingu lögréttumannsins Hálfðanar Jónssonar á Ölfushreppi frá 1703 er að finna eftirfarandi upplýsingar um sýslumörk:

Þessi eru haldin sýslumót milli Árnassýslu og Kjalarnesþings, fyrst er Vilborgarkelda, er liggur á Mosfellsheiði, fyrir vestan Heiðarbæ. Þaðan ræður Laufdælingastígur, í vestur liggjandi eftir heiðinni, allt í nyrðri Lyklafellsenda. Síðan í þann einstaka stein, er stendur við Hellirsheiðarveginn á melnum fyrir sunnan Lyklafell, er kallast Sýslusteinn. Þaðan í það stóra bjarg, er liggur við veginn í Ólafsskarði. Síðan sjónhen<d>ing í Hvítskeggshvamm, fyrir sunnan Geitahlíð, milli Herdísarvíkur og Krýsivíkur.¹⁴

Nánari lýsing Hálfðanar á Ölfusi er tekin upp þegar fjallað verður um afréttinn hér síðar í þessum kafla.

Jón Matthíasson, prestur í Arnarbæli, lýsir takmörkum Ölfuss þannig árið 1840:

Ölves nær til sjóvar milli suðurs og útsuðurs átta. Í vesturátt frá Ölvesi er Selvogur næsta sveit. Takmörk nefndra sveita eru þessi: Á bergi við sjó fram er hellir, er nefnist Viðarhellir; þaðan ræður bein stefna til útnorðurs upp til Selvogsheiðar, þaðan í sömu átt til Geitafells, síðan norður í Heiðina há og seinast í Kóngsfell. Þaðan beygist stefnan til norðurs yfir þveran Grindarskarðarveg, eftir endilöngum Bláfjöllum, allt til Vífilsfells; þaðan til landnorðurs yfir Ólafsskarðsveg og þver Fóelluvötn, upp til Mosfellsheiðar, þaðan aftur til austurs yfir Dyrafjöll og norðan Hengil, síðan eftir Grafningsfjöllum, norðan Ingólfsfjall, allt niður að vatni því, er Álftavatn kallast; ...¹⁵

Sæluhúsin á vestanverðri Hellisheiði, Bolavöllum og í Fóelluvötnum virðist Jón Matthíasson telja innan marka Ölfuss.¹⁶

Jón Vestmann, prestur í Vogsósum, lýsir takmörkum Strandarsóknar á eftirfarandi hátt árið 1840:

Takmörk Strandarkirkjusóknar í Selvogi að austanverðu er Viðarhellir við sjó, sem er suðurhafið. Þaðan upp eftir Selvogsheiði, sem er hólvaðin, breið um sig, klettalaus, með góðum högum í lágum og brekkum, en mosavaxin á hæðum. Þaðan upp í Geitafell, sem stendur upp úr aðalfjallgarðinum, er liggur einlægur strandlengis ofan frá jöklum og vestur fyrir Krýsuvík. Geitafell er hátt, ílanghnöttótt, óbrunnið, með skörpum brúnarklettum, blásið að norðan og austan, en skriðurunnið að sunnan og vestan. Þaðan eru téð

¹⁴Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölveshrepps anno MDCCIII.“ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík. 1979. S. 250.

¹⁵Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir.“ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík. 1979. S. 195.

¹⁶Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 205.

takmörk upp í Heiðina háu, sem er afréttur Selvogssveitar, Þórlákshafnar og vestustu bæja í Hjallasókn. Þessi heiði er hátt, breitt, ávalt fjall, gnæfir upp úr fjallgarðinum, blásið í grjót og berg að norðan, en sunnanvert með góðum fjallhöfum í lágum og brekkum, en mosabörð með standklettum, hálfeldbrunnum, þar á milli. Þaðan er takmark þvert vestur í Kóngsfell, sem hefur nafn af því, að fjallkóngur í Selvogi skipti þar á haustum fólki í fjárleitir. Þaðan sjónhendingu vestur til Brennusteinsfjalla. Þau eru langur og hár fjallsás upp úr aðalfjallgarðinum. Á þeim er Kistufell, tilsýndar sem kista. ... Takmark Strandarsóknar til vesturs er stefna úr téðum fjöllum suður á fjallsbrún vestanvert við Lyngskjöld, sem er óbrunninn blettur yst í Herdísarvíkurfjalli. Þaðan stefnu fram í Sýslustein við alfaraveg. Þaðan fram á Seljanef við sjó. Eru þetta og svo takmörk Gullbringusýslu og Krýsuvíkursóknar að austanverðu. Hennar takmörk að norðan: Vestari partur Brennusteinsfjalla allt vestur í Kleifar, norðan til við Kleifarvatn. Þaðan til útsuðurs fram eftir Vigdísarhálsi fram á Núphlíð, sem hvervetna eru blásin að norðvestanverðu, en grösugri móti suðaustri, þó mikið skriðurunnin, samt með góðum höfum. Loksins liggur takmark Krýsuvíkursókna til sjávar á Selatöngum, útveri frá Krýsuvík.¹⁷

Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, gerir svohljóðandi grein fyrir hreppamörkum í lýsingu Þingvallaprestakalls árið 1840:

Fjallhryggur, ekki allhár, á bak við Grafningsfjöll, sem aðgreinir Ölves og Þingvallahrepp eftir vatnahalla. ...

Á milli Hrómundartinds og Hengilsins, sem báðir eru sveitaskil, er lágur háls, sem kallast Ölkelduháls.¹⁸

Páll Melsted sýslumaður lýsir sýslumörkum þannig árið 1842:

Jafnvel þó eg viti, að herra adjunktius Björn Gunnlaugsson hafi nákvæmleg dregi[ð] upp og skýrt frá takmörkum Árnassýslu í landkorti því, er hann samið hefur yfir hana, og þó eg sjálfur ei hafi aðra vissu en sögusögn manna fyrir takmörkum sýslunnar að vestan- og norðanverðu vil eg samt tilgreina hér, hvað eg um téð takmörk heyrte hefi, og hvað eg hefi þar um í sýslunnar skjalasafni skrásett fundið. Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árnass- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýsl[u]steinar undir Geitahlíð, millum bæjanna Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnassýslu, og Krýsuvíkur, sem tilheyrir Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslutakmörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteininn; þaðan beina stefnu í Borgarhóla á Mosfellsheiði; þaðan í Syðri-Moldbrekkur; þaðan í Rjúpnagil millum bæjanna Stardals í

¹⁷Jón Vestmann. „Selvogssþing (Strandar- og Krýsuvíkursóknir).“ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík. 1979. S. 211.

¹⁸Björn Pálsson, „Þingvalla- og Úlfhljótsvatnssóknir.“ *Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík. 1979. S. 174.

Kjósar- og Stíflsdals í Árnessýslu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er á Stóra-Sauðafell; þaðan í Sýsluhólma í Stóru-Laxá; þaðan í Steinkirkju; þaðan í Súllur. Frá fjalli þessa byrja takmörk millum Árness- og Borgarfjarðarsýslu ...¹⁹

Í þriðja bindi *Sunnlenskra byggða* eru mörk Ölfushrepps sögð eftirfarandi:

Mörkin á milli Selvogs og Ölfuss eru mitt á milli „Vogs og Hafnar,“ úr Þrívörðum og lína í Geitafell (509 m), þaðan í Vífilfell (655 m). Þaðan lína í Borgarhóla á Mosfellsheiði (268 m). Síðan til austurs í Hengilskeggja (Vörðuskeggja 768 m). Þaðan um austurbrún Hengilsins til suðausturs í Kýrgilshnúk (283 m). Þá til austurs nálægt vatnaskilum á milli Grafnings og Ölfuss, stefna í Inghól á Ingólfsfjalli (551 m). Þaðan í Sogið skammt sunnan við Álftavatn.²⁰

Mörk Selvogshrepps hljóða svo samkvæmt sama riti:

Takmörk sveitarinnar eru að vestan: Úr Seljabótarnefi um Sýslustein austan Geitahlíðar, þaðan fjöll norður í Litla-Kóngsfell, þaðan í Stóra-Kóngsfell um Rauðuhnúka í topp Vífilfells sem er nyrsti markapunktur afréttarins. Að austan úr Þrívörðum vestan Keflavíkur, þaðan í Fálkaklett í Geitafelli, síðan yfir austanvert Geitafell um Rauðhól í Ólafsskarðshnúk, þaðan í topp Vífilfells.²¹

Gylfi Már Guðbergsson gerði athugasemdir við þessar lýsingar í Sunnlenskum byggðum í greinargerð sinni varðandi mörk jarða og afréttarlands árið 1990. Að greinargerð Gylfa verður vikið í kafla hér á eftir um afréttinn.

Í bókinni *Í Árnesþingi vestanverðu* vitnar Þór Vigfússon í samkomulag um mörk milli sýslna og sveita frá 1980. Mörkin eru á þessa leið:

Samkvæmt samkomulagi, sem gert var um 1980 milli vestanmanna og austanmanna, liggja mörkin beint úr Sýslusteini í Kóngsfell (þ.e. gíghraukinn sem stundum er einnig kallaður Litla-Kóngsfell og stendur við Selvogsgötu suðaustur af Grindaskörðum). Liggja mörkin nú austast um Lyngskjöld og síðan rétt austan við Sandfell neðra og Sandfell efra, Brennisteinsfjöll og Draugahlíðar, en öll þessi góðu fjöll eru í Gullbringusýslu. Að Kóngsfelli eru tæplega 15 km frá Sýslusteini.²²

Síðan vísar Þór í Hæstaréttardóm frá 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848) en að þeim dómi verður vikið hér á eftir í kafla um afréttinn.

Samkomulagið, sem þarna er vísað til, er samkomulag um mörk Herdísarvíkur og Krísuvíkur sem einnig skyldu vera mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis

¹⁹Páll Melsted. „Árnessýsla“. *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík. 1979. S. 18.

²⁰*Sunnlenskar byggðir* III: Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. Búnaðarsamband Suðurlands. 1983. S. 279.

²¹*Sunnlenskar byggðir* III. S. 473.

²²Þór Vigfússon. *Í Árnesþingi vestanverðu*. S. 52.

Grindavíkurkaupstaðar og Selvogshrepps. Að samkomulagi þessu er vikið í kafla um Herdísarvík.

5.3. Selvogur²³

5.3.1. Herdísarvík

Herdísarvíkur er getið í rekaskrá Strandarkirkju í Selvogi sem er talin vera frá árinu 1275.²⁴ Í máldaga Krísuvíkirkirkju sem einnig er talinn frá því um 1275 kemur fram að Herdísarvík tilheyri kirkjunni í Krísuvík.²⁵

Hinn 28. júní 1448 útnefndi Steinmóður, Viðeyjarábóti og officialis Skálholtskirkju, tólf presta dóm á prestastefnu í Skálholti. Jón Oddsson, prestur á Þingvöllum, hafði kært töku á sjöttungi hvals er rekið hafði í Herdísarvík. Þessi dómur fjallar eingöngu um rekarétt og skógarítak og er því ekki tekinn upp.²⁶

Hinn 27. september 1563 lagði Páll Stígsson hirðstjóri niður sóknarkirkju í Krísuvík að undirlagi Gísla biskups Jónssonar. Við það færðust bæði Krísuvík og Herdísarvík undir forræði Skálholts.²⁷

Krísuvík er að finna í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar, þó svo að kirkjan hafi verið lögð niður árið 1563. Þar segir sem fyrr að Herdísarvík tilheyri kirkjunni í Krísuvík.²⁸

Jarðabók Árna og Páls yfir Selvog var tekin saman árið 1706. Þar er að finna eftirfarandi umsögn um Herdísarvík:

Skóg á jörðin lítinn og þó er hann nýttur til kolgjörðar heimabónda, hvorki er hann til að ljá nje selja, en mjög til að bjarga kvikfje í heyskortí. Sami skógur brúkast og til eldiviðar.

Lýngrif brúkast og til eldiviðar. Berjalestur hefur stundum til nokkurs hagnaðar verið.²⁹

Herdísarvík var seld með Krísuvík undan Skálholtsstóli 8. ágúst 1787.³⁰

Í lýsingu séra Jóns Vestmanns í Vogsósum á Selvogspingum frá 1840 koma meðal annars eftirfarandi upplýsingar fram um Herdísarvík:

Hlíðar, Stakkavíkur og Herdísarvíkur hagar mæta stórum áföllum af grjótkasti og skriðum úr fjallinu, því þeir allir bæir eiga þar land, en hafa þó flatlendishaga ásamt. Á öllum nútöldum bæjum er heyskapur mikið lítill, ...

²³Í jarðamatinu 1804 er fjallað um jarðir í Selvogi. Í flestum jarðalýsingum er talað um að viðkomandi jörð hafi góðan útgang, misjafnlega sterkum orðum. Sbr. skjal nr. 2(24).

²⁴Skjal nr. 4(52).

²⁵Skjal nr. 4(54). Það sama kemur fram í máldögum frá 1307, 1367, 1477 og 1553–1554, sbr. skjöl nr. 4(53, 55, 57 og 58).

²⁶Skjal nr. 4(56).

²⁷Skjal nr. 4(59).

²⁸Skjal nr. 4(61).

²⁹*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. Kaupmannahöfn. 1913–1917. S. 466–467.

³⁰Skjal nr. 4(1).

en útigangshagar samt so góðir, að trúa má þeim fyrir skepnunum, þegar jörð er auð.³¹

Herdísarvík, sem var áður stólsjörð, var eign Krísvúrkirkju samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847.³²

Í jarðmatinu frá 1849 er að finna svohljóðandi lýsingu á jörðinni Herdísarvík:

Uthagar miklir og góðir til fjalls og fjöru og skógur til egin þarfa og nokkurrar miðlunar. Vetrarþing góð. ... smalamennska fremur hæg og dýrbítur mikill.

Skýrslan sýnir einnig jarðmatið, þar sem meðal annars stendur:

Dýrbítur er einúngis þessari jörð til galla og slægiuleysi; allt annað er henni vel gefið, og bætist slægiuleysið upp af vetrarþinginu, sem aldrei bregðst.³³

Hinn 20. nóvember 1886 var skrifað undir landamerkjalyýsingu Herdísarvíkur. Lýsingin, sem var þinglesin 3. júní 1889, er svohljóðandi:

Maríu kirkja í Krísvík á í Arnessýslu samkvæmt máldögum jörðina Herdísarvík.

Landamerki Herdísarvíkur eru þau er nú skal greina:

að austanverðu, milli tjeðrar jarðar og kirkjujarðarinnar Stakkavíkur: þein stefna úr Breiðabás (= Helli samkvæmt máldögum) sem er fjöruvík nokkurt ekki allskamt fyrir austan Herdísarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kongsfelli, sem er gömul, ekki há, grámosavaxin eldborg umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.

að vestanverðu, milli Herdísarvíkur og Krísvíkur ræður mörkum stefnulína frá áður nefndu Kongsfelli í Seljabótarnef lágan hraunhnúk, vestast í Seljabót, við sjó fram. -

Kirkjan á þriðjung hvalreka og allann annann reka fyrir landi jarðarinnar frá Breiðabás að Seljabótarnefi og sömuleiðis allar landsnytjar innan hjer taldra ummerkja, með þeim takmörkunum, er síðar greinir (sbr. No 2).

Ítök sem aðrir eiga í jörðinni Herdísarvík eru þessi:

1. Tveir þriðjungar hvalreka ... eign Strandakirkju í Selvogi.
2. Allir brennisteinsnámar sem finnast í landi jarðarinnar með öllum þeim „málmjarðartegundum“ öðrum er námarnir kunna að geyma, hagagöngu fyrir hross í „vanalegum bithögum og áfangastöðum“

³¹Jón Vestmann. „Selvogsping (Strandar- og Krísvúrkursóknir)“. S. 219.

³²Skjal nr. 4(1).

³³Skjal nr. 2(25) a–b.

rjetti til vegagjörða og húsabygginga með „hæfilegum maturtagarði“ sem „nauðsynlegt“ er til þess að geta yrkt námana o. sv. fr. allt samkvæmt afsalsbrjefi 30. september og 4. Októb. 1858. Ítak þetta tilheyrir þrotabúi hins íslenska brennisteins og koparfjelds.³⁴

Undir lýsinguna skrifa Á. Gíslason og E. Sigfússon prestur í Vogsósum.³⁵ Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Herdísarvík:

Landamerki vafalaus. ...

Beitilandið er víðlent, fjalllendi, hraun og heiði, mjög kjarngott, snjólétt, skjólgott, ágætt vetrarland fyrir sauðfé ... Smalamenska erfið.³⁶

Um Herdísarvík segir meðal annars í fasteignamatinu 1932:

Beitiland jarðarinnar er talið nokkuð gott og í meðallagi víðlent. Einnig kemur fram að jörðin eigi rétt til uppreksturs í afrétt sveitarinnar. Jörðin verður fyrir ágangi afréttarfjár. Hvað varðar landamerki Herdísarvíkur þá greinir skýrsluhöfundur frá því að þar sem hann sé nýfluttur á jörðina þá hafi hann ekki ennþá fengið útskrift úr landamerkjaskrá sýslunnar. Hann veit hins vegar ekki til þess að neinn ágreiningur sé varðandi jörðina.³⁷

Háskóli Íslands, eigandi Herdísarvíkur, fór fram á það árið 1979(?) að landamerki Herdísarvíkur og Krísuvíkur yrðu ákvörðuð. Við vettvangsferð 6. júní 1979 kom í ljós að sjónhending úr Seljabótarnefi, sem er kennileiti í landamerkjalyngu Herdísarvíkur 1886 og Krísuvíkur 1890, í Litla-Kóngsfell lá ekki um svonefndan Sýslustein sem sýslumenn Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnassýslu höfðu árið 1832 ákveðið sem sýslumörk. Sýslusteinn er ekki nefndur í landamerkjabréfunum. Í greinargerð 25. júní 1979 lagði sýslumaður Gullbringusýslu til að mörk Krísuvíkur yrðu ákveðin þannig:

Bein lína úr Seljabótarnefi í Sýslustein, þaðan bein lína í Litla-Kóngsfell.³⁸

Aðilar málsins, annars vegar sýslunefnd Árnassýslu vegna sýslufélagsins, hreppsnefnd Selvogshrepps vegna sveitarfélagsins og Háskóli Íslands, sem eigandi Herdísarvíkur, og hins vegar bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar vegna bæjarfélagsins, sýslunefnd Gullbringusýslu, fyrir hönd sýslufélagsins sem eiganda Krísuvíkurlands að mörkum Árnassýslu, og loks landbúnaðarráðuneytið fyrir hönd ríkisins, sem eiganda ýmissa réttinda í Krísuvíkurlandi, komu sér saman um eftirfarandi:

1. Mörk milli Árnassýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru

³⁴Skjal nr. 4(117) a–b.

³⁵Á(rni) Gíslason, eigandi og ábúandi Krísuvíkur og væntanlega eigandi Herdísarvíkur vegna Krísuvíkurkirkju. Eggert Sigfússon, prestur í Vogsósum, hafði umráð Stakkavíkur og Hlíðar.

³⁶Skjal nr. 2(22) a–b.

³⁷Skjal nr. 2(26).

³⁸Skjal nr. 4(129).

bein lína úr hápunkti Litla Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteinum til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi. ...

Staðsetning (hnit) samkvæmt mælikerfi Landmælinga Íslands er þessi:

Litla Kóngsfell:	X-682760,0	Y-390000,0
Sýslusteinn:	X-692533,8	Y-378925,4.
Seljabótarnefi:	X-692603,2	Y-376523,0.

2. Hreppamörk Selvogshrepps falla saman við sýslumörkin.

3. Mörk jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur falla einnig saman við mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar.

Landamerkjabréfið var undirritað af málsaðilum 25. og 29. janúar og 16. febrúar 1980 og staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.³⁹

Í kröfulýsingu vegna Herdísarvíkur, dags. 1. júní 2004, er vegna landamerkjalyýsinga vestustu jarða í Selvogi vísað til lýsingar Almenningssskóga Álftaneshrepps frá 21. júní 1849, sem þinglesin var 22. sama mánaðar.⁴⁰ Lýsingin er svohljóðandi:

Með því mjer er á hendur falið í brjefi til mín af 19 Juni næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni [T. Guðmundsen, yfirstrikað] að boði Stiftamtsins umsjón þess almennings, sem er að finna í Alptaneshrepp, þá orsakast jeg til að lysa þess almennings takmörkum fyrir alþyðu á manntalsfundinum í Görðum innan sama hrepps, sem jeg veit glöggast fráskilið annara eignum og er því að álíta sjerskilið almennings sameignar land gamlra lögbilisjarða í Alptaneshrepp, hvers takmörk eru þessi. Fyrst milli Garðakirkju fjall<l>lands, ur steinhusi suður í Markagil á Marraka eður undirhlíðum þaðan á Hæðstaholt, á Dauðadölum á annan veg ur Dauðadölum norður í Húsfell af Húsfelli upp á Þríhnjúka þaðan á suðurenda Blafella, á milli afrjetta Alptanes og se<l>tjarnarneshreppa. A milli Gullbringu og Arnessyslna af Bláfjöllum vestur á Kistufell. A milli Alptaneshrepps og almennings og Krísivíkur landa af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradals brún þaðan í Marrakagil, so í þúfu á fjallinu eina þaðan í Helguflöt norðaná Buðarhólum. A milli jarðanna Heimalands og afrjetta af Buðarhólum eptir Buðarhólagjá, þaðan aptur í Steinhús. Þetta ofantalið afrjetta og almennings land, sem er að finna fráskilið annara eignum lísi jeg til rjettarins fullkomnari úrskurðar gamallra lögbylisjarðajarða afrjetta að öðru nafni almenningsland í Alptaneshrepp með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna. Eptir hverri rjettarins skipan hjer ofantaldri eg skyldast að fyrirbjóða og aðvara hvern

³⁹Skjal nr. 4(130).

⁴⁰ Skjal nr. 11.

þann mann sem ekki hefur fullkomið tilkall til almenningsítaks alla brukun hverju nafni sem heitir, innan ofantaldra takmarka að vitni þíngvitnanna og allra þeirra er orð mín heyra.⁴¹

5.3.2. Strandarkirkjujarðir (Hlíð, Stakkavík, Strönd og Vogsósar)

Heggur, sonur landnámsmannsins Þóris haustmyrks, bjó að sögn Landnámu í Vogu, sennilega Vogu í Selvogi sem síðar nefndist Vogshús og enn síðar Vogsósar.⁴²

Getið er kirkju á Strönd í Selvogi í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.⁴³ Vogs er getið í ritröðinni Íslenzkt fornbréfasafn. Elstu heimildirnar um hann þar eru rekaskrá Strandarkirkju og máldagi Krísvíkurkirkju sem báðar eru taldar vera frá því um 1275.⁴⁴

Í vitnisburði Þorbjarnar Högnasonar um máldaga og eignir Strandarkirkju í Selvogi frá 13. maí 1367 kemur fram að hún eigi 30 hundruð í heimalandi og landið að „vægshvsum“, þ.e. Vogsósum.⁴⁵

Í jarðaskiptum þeim, sem þeir Þorvarður lögmaður Erlendsson og Grímur bóndi Pálsson höfðu á milli sín 15. september 1501, færði Grímur Þorvarði Hlíð.⁴⁶

Í Gíslamáldaga frá um 1570 og síðar koma fram sömu upplýsingar og í máldaganum frá 1367, þ.e. að Strandarkirkja eigi 30 hundruð í heimalandi og landið að Vogshúsum.⁴⁷ Vogs er getið í máldaga Krísvíkurkirkju í Gíslamáldögum frá 1570 og síðar en einungis í tengslum við hvalreka.⁴⁸

Í tíð Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups, nánar tiltekið 3. ágúst 1642, var kirkjujörðin Strönd í Selvogi vísiteruð. Í vísitasubókinni stendur eftirfarandi:

Mariukyrckia ad Strond J Selvogi a epter Visitatiu-Bók Herra Giisla Jonssonar xxx hndr. J Heima Jordu, landid ad wogshúsum x hndr. ... Kom þessum Máldaga Herra Giisla Jonssonar Saman vid vitnisburdarskrá sem stóð J Vilcinsbók, Suo mikid sem ahrærdi þessum fastaeignum og rekaportum Hafdi sá vitnisburdur tekinn verid af Oddgeiri Biskupi Anno 1367 og vtgefin af Þorbirni Hogna syni, sem Sú vitnisburdarskrá sier liikast hermer...⁴⁹

Í vísitasíu Þórðar Þorlákssonar frá 28. ágúst 1679 kemur eftirfarandi fram:

⁴¹Skjal nr. 2(50) í máli nr. 2/2003, Stór-Reykjavíkursvæðið.

⁴²Skjal nr. 4(128).

⁴³Skjal nr. 4(70).

⁴⁴Skjöl nr. 4(77 og 79).

⁴⁵Skjal nr. 4(73).

⁴⁶Skjal nr. 4(62).

⁴⁷Skjal nr. 4(76).

⁴⁸Skjal nr. 4(82).

⁴⁹Skjal nr. 2(15).

Sama dag Visiterud Mariæ Kyrkia ad Strönd i Selvogie hun A efter Mældögum xxx hndr. i heima Jördu, landid ad Vogs ósum x hndr. Hlijd xx hndr. Stackavijk x hndr.⁵⁰

Hinn 19. ágúst 1703, þ.e. í biskupstíð Jóns Vídalíns, var Strönd vísiteruð og svo aftur í tíð Jóns Árnasonar 5. mars 1723. Aðalatriði beggja vísitasíanna eru þau sömu og þeirrar frá 1679 og því vísast til hennar.⁵¹

Strönd var vísiteruð 8. júní árið 1751 að undirlagi Ólafs Gíslasonar biskups. Í vísitasíubókinni kemur eftirfarandi fram:

Hun á efter Mældögum og Visitatium 30 hndr. i Heima Lande, Landed ad Vox Ósum 10 hndr. Landskuld 12 al. Hlyd 20 hndr. Landskuld 70 alr. Stackavijk 10 hndr. Landskuld 60 alr. ... Nu er Heima Jorden Strönd i Selvoge Adur firre 60 hndr. ad dyrleika, ásamt henne tilheirande Eigendómur, Herlegheit og Jtök ad öllu tilskyldu, enn öngvu fráteknu sem Proprietario hefur med rettu tilheirt i Greindre Jordu Gefenn og til lögd til Nota og Underholdningar æfinnlega Upphiedann Prestenum sem þíonar hier i Selvoge Af Velædla Fru Gudrunu Einarsdottur, so sem hennar eigid Giafa Bref af Dato 15 Julii 1749 framrar augliser. Jt. hefur Kyrkiann Átt adur 14 Kugillde enn nu forsorgast ecke á Kyrkiu-Eigenenne, nema 6, Hvar fyrer Hattnefnd Fru Gudrun hefur feinged Kyrkiunne fyrer hin 8 til æfinnlegs Eigendóms og Prestenum til Nota 5 hndr. i Jordunne Þorkiels Gerde, og Eide Jordena Vindás 12 hndr. badar liggjande her i Selvoge efter her greindu Giafa Breffe, Af Hvoriu einn Genpartur liggur vid Stift Kistuna i Skaalhollte, enn Annar i Prestsens Höndum, Ehruverdugs Sr. Einars Jonssonar, og forvarast af Hönum medal annara Kyrkiunar Skiala.⁵²

Finnur biskups Jónsson vísiteraði Strandarkirkju 25. ágúst 1756. Í vísitasíunni koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Anno 1756 dag 25 Augusti visiterud Kyrkiann ad Strönd i Selvoge. Hún á efter Mældögum xxx hndr. i Heimalande, Landed ad Vogshúsum, þar fyrer utann á sá Prestur sem þíonar Strandar Kirkiu, allt það Jardargagn til Siós og Lands, sem tilheirer Jördenne og Kyrkiunne ad Strönd efter fornum og Núm Mældögum Hvar umm til er, Giafabref Sal Frur Biskups Eckiunnar Gudrunar EinarsDottur af Dato 1749. 15 Julii

Kyrkiunne hafa átt ad filgia 14 Kug. Enn Sal. Fru Gudrun EinarsDottir, þegar Hun bætte Prestsens Jnntekt med stórmannlegum Giöfum i því ad tilleggia Prestenum Þorkelsgerde V hndr Jtem Eyde Jördena Vindas, þá synest Hun hafa ætlad til þess ad þetta skyllde vera Prestenum til Ágóða og Jnntektar,

⁵⁰Skjal nr. 2(16).

⁵¹Skjöl nr. 2(17 og 18).

⁵²Skjal nr. 2(19).

fyrir þau urgeingnu 8 Kugyllde. Hún á og Jordena Hlyd xx hndr. og Stackavík x hndr.⁵³

Hinn 4. ágúst 1829, í biskupstíð Steingríms Jónssonar biskups, var Strönd vísiteruð aftur. Í vísitasíubókinni stendur eftirfarandi:

Anno 1829 þan 4 Aug. visiterade biskupen yfer Islandi kyrkjuna ad Strönd i Selvogi hún á epter máldögum 30 hndr. i Heimalande, Landed ad Vogshúsum; þar fyrer utan á sá Prestur sem þíonar Strandarkirkju allt það Gagn til Sios og Lands sem tiheyrrer jördenni og Kyrkjunni ad Strönd epter fornum og nyum máldögum, hvar um til er Giafa Bref Sal. Frúr BiskupsEckju Gudrúnar Einarsdóttur af Dato 1749. 15. Julii, innfært i elldri Kyrkjubókina. Kyrkjunni hafa att ad fylgia 14 Kugillde, enn nefnd Eckjufrú; þegar hún bætte Prestsins Inntekt med Þorkelsgerdi 5 hndr., item eydejördenne Vindás, synest hafa ætlad til þess ad þetta skyllde vera Prestinum til ágóða og intektar fyrer þau úr geingnu 8 Kúgillde; Hún á og Jördena Hlýd 20 hndr og Stackavíjk 10 hndr. þá fyrre nú leigda med 70 al. Landskulld og tveim Kugilldum, þá sydare med 60 al. Landskulld og 1 Kulgillde, ...⁵⁴

Að forlagi biskups var lagt mat á Vogsósa í Selvogi árið 1839, en þar segir svo:

40 til 50 hestar af adskilianlegu heyi, verda hér reittir saman utann Túns af Hólmum, Fialli, Sandi, med góðu Fylgi, annars Ecki. ...

Lika spillast hagar i heidinni af blástrum, vatns-Rásam og moldarflögum, hvar til óskinsamleg líng rifnínng Fólks, er mikid verkandi, sem ei verdur lagfært, (Skada minst er ad rífa líng þar, sem Snió leggur fyrst yfir).

Útbeit er hér horseig og ad því leiti nota góð; Enn hungrad er Fé og Hestar, hér í heidinni, á Sniólausri Jördu, þá Frost er; Enn i þidvidri kroppar það sig fullt af grasrótum þeim, er umreisanda hestar vidskilia, sem afnaga alt gras á hvöriu hausti, er þeir leifdu frá lesta tímanum, og sídar spratt framm eftir Sumrinu.⁵⁵

Hálfðan Jónsson, lögréttumaður í Ölfusi, setti saman lýsingu Ölfushrepps árið 1703. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Í austur frá Engidal, upp á Henglinum, stendur þúfa, er enn nú nefnist Strendurþúfa; þangað eiga Strendurmenn í Selvogi með frí lambarekstra árlega.⁵⁶

⁵³Skjal nr. 2(20).

⁵⁴Skjal nr. 2(21).

⁵⁵Skjal nr. 2(42) a–b.

⁵⁶Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 240.

Jarðabók Árna og Páls yfir Selvog var tekin saman árið 1706. Þar koma fram eftirfarandi upplýsingar um Vindás:

Lýngrif til eldiviðar og þángtekja hjálplegt enn nú.⁵⁷

Heimajörðin Strönd var komin í eyði fyrir tíu árum samkvæmt sömu heimild. Enn var við lýði hjáleigan Lambhús en forn hjáleiga, Sigurðarhús, hafði verið endurreist sem lögbýli. Um Sigurðarhús segir:

Munnmæli eru að jörðin hafi skógarítak átt fyrir sunnan fjall fyrir innan almennínga, þar sem enn í dag eru kallaðar Strandartorfur, þar er nú skógur eyddur og lítið hrís eftir; rök vita menn ekki hjer til nema munnmæli.

Lýngrif og þángtekja brúkast hjer enn nú til eldiviðar, er þáng af nægð, en lýng tekur að þverra. ...⁵⁸

Vogshús (Vogsósar) fá eftirfarandi umsögn í Jarðabók Árna og Páls:

Lýngrif til eldiviðar sem áður segir um Strönd. ... Beit á jörðin í Hlíðarlandi, óvíst hvað mikla, en Hlíð aftur sölvatekju í Vogshúsafjöru.⁵⁹

Um Vogshúsahjáleigu segir sama heimild:

Hlunninda jarðarinnar allrar til fjalls og fjöru nýtur hjáleigumaðurinn með heimabónða nema selveiði einnar.⁶⁰

Hlíð var eign Strandarkirkju en um hana segir meðal annars í Jarðabók Árna og Páls:

Lýngrif til eldiviðar bjarglegt.⁶¹

Loks er það Stakkavík sem einnig var eign Strandarkirkju en svohljóðandi umsögn er að finna um hana í Jarðabókinni:

Lýngrif brúkast til eldiviðar bjarglegt. Rifhrís og til eldiviðar brúkast og peníngi til bjargar í heyskortu. ... Berjalestur hefur að gagni verið, en fer til þurðar.⁶²

Jón Vestmann, prestur í Vogsósum, lætur eftirfarandi orð falla um Hlíð og Stakkavík í sóknarlýsingu sinni frá árinu 1840:

Hlíðar, Stakkavíkur og Herdísarvíkur hagar mæta stórum áföllum af grjótkasti og skriðum úr fjallinu, því þeir allir bæir eiga þar land, en hafa þó flatlendishaga ásamt. Á öllum nútöldum bæjum er heyskapur mikið lítill, ...

⁵⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 457.

⁵⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 460–461.

⁵⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 462–463.

⁶⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 463.

⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 464.

⁶² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 465–466.

en útigangshagar samt so góðir, að trúa má þeim fyrir skepnunum, þegar jörð er auð.⁶³

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er þess getið neðanmáls að eyðijarðirnar Strönd og Vindás séu taldar með Vogsósum í jarðabókum. Hlíð og Stakkavík eru sagðar tilheyra Vogsósum og sömuleiðis 3½ hundrað í Þorkelsgerði.⁶⁴

Í jarðamati 1849 er Vogsósum lýst svo:

Utrými er mikið og hagar góðir en örðugir bæði til fjalls og fjöru.

Í jarðamatinu segir meðal annars:

Utrými, hagagæði og reki eru kostir jarðar þessarar, en örðugleiki á allri notkun hennar, er henni til ókosta.⁶⁵

Í jarðamatinu 1849 er jörðinni Hlíð lýst og hún metin. Helstu atriði lýsingar eru þessi:

Slægjur reitingslegar í fjalli og á eyu í Hlíðarvatni. Hagar miklir og góðir meiripart til fjalls og því örðugir. Vetrararbeit góð, þó örðug. Smalamennska mjög erfið og dýrbítur mikill.

Í matinu sjálfu stendur eftirfarandi:

Hér eru ókostir örðug smalamennska og dýrbítur, en hagarými og hagagæði teljast henni til gildis.⁶⁶

Í jarðamatinu 1849 er að finna lýsingu á jörðinni Stakkavík og í öðrum kafla er lagt mat á hana. Helstu atriði fyrri kaflans eru eftirfarandi:

Engjar svo að segja engar, nema sár örðugur reitíngur í fjalli. Úthagar nógr á sumrum og góðir, en litlir á vetrum. Skógur er hér til egin þarfa og brúkast meðfram til kúafóðurs. ... örðug smalamennska og dýrbítur mikill.

Í seinni kaflanum kemur eftirfarandi fram:

Landbrot, örðug smalamennska og dýrbítur eru okostir, en hagarými og landkostir, skógur reki og silúngsveiði kostir þessarar jarðar, en þrátt fyrir hagarými og landkosti finna jarðamatsmenn hana að framfærslunni til ekki nærri svara til síns forna dýrleika ...⁶⁷

Hinn 1. júní 1867 var lagt svohljóðandi mat á Vogsósa:

Mat a buiördinni Vogsosum.

Hun firir finst þannin: ... Utan tuns slæur eru að mestu af, einkanlega hólmar eda eijar í Vatninu af Vatns a gangi. Haga beit ágæt firir hross og saud fie

⁶³Jón Vestmann, „Selvogsping (Strandar- og Krýsuvíkursóknir)“. S. 219.

⁶⁴Skjal nr. 4(1).

⁶⁵Skjal nr. 2(25) a–b.

⁶⁶Skjal nr. 2(25) a–b.

⁶⁷Skjal nr. 2(25) a–b.

fullordid og mætti víst hafa 300 fullordins fiar. Enn hei verður að kaupa firir lomb og fæst það ekki nær enn uppi Ölvusi. - Hlunnindi Jardarinnar eru: ... Mótak eckkért þáng fiara góð en ervid, ördug smalamenska, hrakninga samt og flædi giant, ef eckki er því betri smali - ...

Selvogshreppi 1a Juni 1867

Þorsteinn Asbiörsson

Ólafur Jonsson⁶⁸

Landamerkjabréf Strandarkirkjueignar og kringumliggjandi jarða var undirritað 4. september 1890 og þinglýst 5. júní 1891. Samkvæmt bréfinu eru landamerkin svohljóðandi:

Að vestanverðu eru landamerki þessi: bein stefna úr Breiðabás (= Helli samkvæmt máldögum), sem er fjöruvik nokkurt, ekki allskammt fyrir austan Herdýsarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kóngsfell, sem er gömul, en ekki há, grámosavaxin eldborg, umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar, góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.

Ítök kirkjunnar í annars landi eru:

- a) Kirkjan á tvo þriðjunga (= 2/3) alls hvalreka fyrir Herdýsarvíkurlandi ...
- b) Ítak, sem annar á í Strandarkirkjulandi, er: einn fjórði (= ¼) af öllum hvalreka, sem tilheyrir Krýsuvíkurkirkju.

Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli, og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból, austan til við Vindassel, og á Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.⁶⁹

Undir lýsinguna skrifar E. Sigfússon [prestur í Vogsósum] og var hún samþykkt af Á. Gíslasyni fyrir Krýsuvíkurkirkju [eiganda Herdýsarvíkur] og Á. Árnasyni fyrir eyðijörðina Eymu.

Strandar er ekki getið í fasteignamatinu 1916–1918 en þar eru lýsingar á Hlíð, Stakkavík og Vogsósum. Þar segir að Hlíð sé í eyði en eftirfarandi upplýsingar eru meðal annars tilfærðar:

⁶⁸Skjal nr. 2(48) a–b.

⁶⁹Skjal nr. 4(116) a–b. Innan þessara landamerkja eru væntanlega Stakkavík, Hlíð, Vogsósar og Strandarhluti kirkjunnar.

Landamerki vafalaus. ...

Beitilandið er víðlent fjallendi, ágætt sumar og vetur, snjólétt, skjólgott, kjarngott. ... Smalamenska erfið.⁷⁰

Um Stakkavík segir:

Landamerki vafalaus. ...

Beitilandið er víðlent fjallendi, ágætt sumar og vetur, snjólétt, skjólgott, kjarngott. ... Smalamenska erfið.⁷¹

Að endingu er eftirfarandi umsögn um Vogsósa:

Landamerki? ...

Beitilandið er víðlent heiðarland, snjólétt, skjólgott, kjarngott; ágætt til beitar vetur og sumar ... Smalamenska hæg.⁷²

Í fasteignamatinu 1932 segir að beitiland Vogsósa sé gott og víðlent en frekar langt sé í góða beit. Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt í sveitareign en hún á ekki sérstakt upprekstrarland. Landamerkjaskrá er ekki fyrir hendi. Í kaflanum kemur fram að Strandarland sé talið með Vogsósum.⁷³

Minnst er á jörðina Stakkavík í fasteignamatinu 1932, en þar segir að beitiland hennar sé nokkuð gott, frekar víðlent og tiltölulega stutt á það. Þar segir einnig að Stakkavík eigi rétt til upprekstrar í afrétt sem er í sveitareign. Jörðin verður fyrir ágangi afréttarfjár. Landamerkjaskrá Stakkavíkur er ekki fyrir hendi en sá sem skrifar skýrsluna um jörðina telur að hún sé sennilega hjá sýslumanninum.⁷⁴

Sýslumaður í Árnassýslu leigði, sem umráðamaður jarðeigna Strandarkirkju, Stangeveiðifélaginu Stakkavík eyðijarðirnar Stakkavík og Hlíð til 10 ára (frá ársbyrjun 1978 til ársloka 1987) 7. febrúar 1978. Oddviti Selvogshrepps samþykkti samninginn 31. mars s.á. Í samningnum segir meðal annars:

9. Landamerki jarðanna eru ágreiningslaus en ekki fyrir hendi nema rituð að nokkru leyti í landamerkjaskrá Strandarkirkjueignar í Selvogi og kringum liggjandi jarða, dags. 4/9 1890, nr. 334 í landamerkjabók.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið framlengdi samninginn til ársloka 1997, 30. apríl 1984. Samþykkti oddviti Selvogshrepps einnig þann samning.⁷⁵

⁷⁰Skjal nr. 2(22) a–b.

⁷¹Skjal nr. 2(22) a–b.

⁷²Skjal nr. 2(22) a–b.

⁷³Skjal nr. 2(26).

⁷⁴Skjal nr. 2(26).

⁷⁵Skjal nr. 10(2).

Kirkjuráð og Stangveiðifélagið Stakkavík gerðu síðar með sér nýjan samning, 9. apríl 2003, sem gildir frá ársbyrjun 2004 til ársloka 2013. Þar er landamerkjum jarðanna lýst á sama hátt.⁷⁶

5.4. Ölfus

5.4.1. Hlíðarendi

Í máldaga og landamerkjaskrá Hjallakirkju í Ölfusi frá árinu 1400 segir:

Hier med a Hialle landed vestur j lækiarbotnalæk og j gard þann sem liggur fyrir utan borgarstígenn j göturnnar under fialled og fialled alltt gagnvartt a motz vid skog hlijdararenda enn ytra.⁷⁷

Hinn 13. september 1551 keypti Ögmundur bóndi Eyjólfsson Hraun af Erlendi lögmanni Þorvarðssyni. Hraun var ekki selt með öllum sínum hlunnindum og til þess að bæta það upp var lyngrif á 20 hesta selt til eigenda Hrauns undan Hlíðarenda og Breiðabólstað. Lyngrifið skyldi taka annað hvert ár til skiptis úr jörðunum.⁷⁸

Eftirfarandi umsögn um Hlíðarenda er að finna í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1708:

Lýngrif til eldiviðar nægilegt. Berjalestur nógur. Engjatak á jörðin í Hraunslandi takmarkað þar sem kallað er Hlíðarendaengi. Hjer í mót, segja menn, að Hraun eigi á 12 hesta lýngrif á vor og aðra 12 á haust í Hlíðarendalandi, hefur þó sjaldan brúkast, en engjatakað frá Hlíðarenda árlega.⁷⁹

Eftirfarandi umsögn um Hlíðarenda er að finna í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar frá árinu 1840:

Þá Hlíðarendi, 2r bæjarleiðir í útnorður frá Þorlákshöfn, undir Hlíðarendafjalli, að dýrleik 10 hndr. Þar er útigangur og víðlendir hagar, kostagott á sumrum, heyskaparlítið og harðlent.⁸⁰

Einnig segir séra Jón um hina svonefndu Hlíðarbæi:

Vindheimar, Breiðabólstaður, Litlaland og Hlíðarendi (kallast sameiginlega Hlíðarbæir) eiga allir lyngrif í jarðanna fjallendi.⁸¹

Í jarðamatinu frá árinu 1849 er að finna eftirfarandi lýsingu á Hlíðarenda:

Uthagi víðlendir mjög og góður, vetrararbeit dágóð. Fjarhellir er hér stór til nokkurra nota. ... örðug smalamennska og dýrbítur mikill.

⁷⁶Skjal nr. 10(20).

⁷⁷Skjal nr. 4(18).

⁷⁸Skjal nr. 4(24).

⁷⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 442.

⁸⁰Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjásóknir“. S. 201.

⁸¹Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjásóknir“. S. 197.

Einnig er mat á jörðinni:

... örðug smalamennska og dýrbítur er þessari jörð til galla, en Hagrými og landkostir gilda hana.⁸²

Í landamerkjabréfi, sem var þinglýst 10. júní 1890, er að finna eftirfarandi landamerkjalyásingar:

Landamerkjabréf fyrir Selvogsafrjetti og Ölvesafrjetti að innan, en Hlíðarbæja [Breiðabólstaður, Vindheimar, Litlaland og Hlíðarendi] að neðan samþykkt af undirskrifuðum.

Úr Vífilfelli í Ólafsskarð, þaðan beina línu niður eptir Lambafellshrauni í vörðu, sem er norðaustan til á há-Geitafelli, úr henni beina línu í Fálkaklett.⁸³

Undir þessa lýsingu, sem dagsett er 24. september 1889, skrifa Sæmundur Ingimundarson í Stakkavík og Kristján Oddsson í Bartakoti fyrir Selvogshrepp og Jón Jónsson á Hlíðarenda og Sæmundur Eiríksson á Vindheimum fyrir Ölfushrepp.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Hlíðarenda:

Landamerki þinglesin og vafalaus. ...

Beitilandið er þurlent, víðlent, skjólgott, snjólétt, kjarngott. Smalamenska er erfið.⁸⁴

Fram kemur í fasteignamatinu frá árinu 1932 að jörðin Hlíðarendi eigi engjar í fjallinu Geitafelli. Þar stendur einnig að beitiland jarðarinnar sé víðlent en að því fylgi ekki sérstakt upprekstrarland. Hún á hins vegar rétt til upprekstrar í Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi. Mestallt land Hlíðarenda er girt til þess að verja það gegn ágangi afréttarfjár. Enginn ágreiningur er um landamerki jarðarinnar.⁸⁵

5.4.2. Breiðabólstaður /Vindheimar

Í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað eigi 10 hundruð í heimalandi.⁸⁶

Hinn 13. september 1551 seldi Erlendur lögmaður Þorvarðsson Ögmundi bónda Eyjólfssyni jörðina Hraun í Ölfusi. Jörðin var seld með öllum þeim gögnum og gæðum sem henni fylgdu og fylgt hafði að undanskildum öllum stórtjám á Hraunsrekum, þ.e. öllum rekavið sem var sex álnir að lengd eða lengri. Einnig skyldi Erlendur fá tvö stakksengi í Lambeyrum og engi sem tilheyrði krossinum á Grímslæk. Til að bæta upp þetta hlunnindatap mælti Erlendur svo fyrir að Hraun skyldi í staðinn

⁸²Skjal nr. 2 (25) a–b.

⁸³Skjal nr. 4(114) a–b.

⁸⁴Skjal nr. 2(22).

⁸⁵Skjal nr. 2(26).

⁸⁶Skjal nr. 4(6).

eiga ævinlegt lyngrif á 20 hesta sem taka skyldi annaðhvert ár til skiptis úr jörðum Hlíðarenda og Breiðabólstaðar.⁸⁷

Í Gíslamáldögum frá um 1570 og síðar segir að hálfkirkja sé á Breiðabólstað sem eigi 10 hundruð í heimalandi.⁸⁸

Eftirfarandi umsögn um Breiðabólstað er í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1708:

Lýngrif til eldiviðar hefur verið, brúkast enn, en þver mjög. Berjalestur nægur fyrir heimabóndann. Skipsuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir selstöðu í heimalandi. ...

Engjatak á jörðin og brúkar árlega á Hraunsengi, þar sem heita Lambeyrar. Þar í mót segja menn, að Hraun eigi lýngrif á 30 hesta annaðhvort ár í Breiðabólstaðarlandi NB, vide Hraun supra.⁸⁹

Um hjáleigur Breiðabólstaðar segir svo í sömu Jarðabók:

Vindheimar og Skriða voru hjer hjáleigunöfn. Þær bygðust báðar fyrst í voru minni, þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið. Varaði bygðin hjer um 10 eður 12 ár, hafa nú í auðn verið 19 ár eður skemur.⁹⁰

Í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar í Arnarbæli frá árinu 1840 segir að gæði og annmarkar Breiðabólstaðar og Vindheima séu líkir Hlíðarenda en um Hlíðarenda segir:

Þar er útigangur og víðlendir hagar, kostgott á sumrum, heyskaparlítið og harðlent.⁹¹

Einnig segir séra Jón um hina svonefndu Hlíðarbæi:

Vindheimar, Breiðabólstaður, Litlaland og Hlíðarendi (kallast sameiginlega Hlíðarbæir) eiga allir lyngrif í jarðanna fjallendi.⁹²

Í Jarðatali Johnsens segir neðanmáls að hreppstjóri telji Breiðabólstað og Vindheima 12 ½ hundrað að dýrleika hvort en þar sem engin jarðabók geti Vindheima hljóti jörðin að vera nýbýli frá Breiðabólstað.⁹³

Í jarðamatinu frá árinu 1849 er þessi lýsing og mat á Breiðabólstað:

... héraðauk eru litlar reitingslegar engjar innanum fjallið. Uthagar víðlendir og allgóðir bæði sumar og vetur, en sumt af þeim langt burtu. ... örðug smalamennska og dýrbítur mikill.

⁸⁷Skjal nr. 4(9).

⁸⁸Skjal nr. 4(10).

⁸⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 440.

⁹⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 440.

⁹¹Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjásóknir“. S. 201.

⁹²Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjásóknir“. S. 197.

⁹³Skjal nr. 4(1).

Atroðningur af umferð, orðug smalamennska og dýrbítur telst þessari jörð til galla en hagbeit, reki og sölvatekja til gildis, þótt hvertveggja þetta síðasttalda sé lítilfjörlegt.

Vindheimum er lýst á eftirfarandi hátt í jarðamatinu frá árinu 1849:

... Engjar og slægjur og hagar saman við Breiðabólstað, og einsog þar. ... Hér er einnig orðug smalamennska og dýrbítur mikill.

Svohljóðandi mat er lagt á jörðina:

Með tilliti til þess að jorðunni Breiðabólstað álitst vera skipt í 2 jafna parta (Breiðabólstað og Vindheima) ættu þessi jörð að virðast eins og hin næsta á undan, en jarðamatsmenn álíta þessarar jarðar tún nokkru lakara enn hinnar og meta hana því nokkuð minna.⁹⁴

Samkvæmt Nýrri jarðabók frá árinu 1861 voru Vindheimar sjálfstæð jörð, metin jöfn Breiðabólstað að fornu mati.⁹⁵

Sameiginlegt landamerkjabréf Breiðabólstaðar og Vindheima var undirritað 28. maí 1889 og þinglesið daginn eftir. Samkvæmt því eru landamerkin þannig:

Hornmark að sunnan og vestan á milli Litlalands, Breiðabólstaðar og Vindheima er varða í „Hálfförum“, úr henni liggur merkjalínan í „Draugshellir“ [eða Drangshellir], þaðan beint í „Gríslingahlíð“, þá beina línu um miðju „Þúfnavelli“ og er þeim sleppir beint í „Rauðhól“.

Milli Ölfus-afrjettar og Breiðabólstaðar og Vindheima úr Rauðhól beina stefnu í „Lambafell“. Milli Hjallatorfunnar og ofantalinna jarða úr „Lambafelli“ beina stefnu í vestasta hornið á „Lönguhlíð“, þaðan beint í „Skóghlíðargaffl“. Milli Hraunstorfunnar og fyrirtaldrar jarða úr síðasttöldu örnefni í vörðu fyrir ofan „Miðþúfu“, þá beina línu niður „Grjótin“ um tvær vörður, er standa sín á hverri klöpp; þá í vörðu fyrir ofan „Leirarnar“. Milli Þorlákshafnar og fyrirtaldrar jarða. Úr síðasttalinni vörðu beina línu í fyrsttalda vörð í Hálfförum.

Við allar hjer taldar fimm vörður er klappað „M“ í klappir þær sem vörðurnar standa á.⁹⁶

Undir bréfið skrifa Ísl. Gíslason, eigandi að meir en helmingi Breiðabólstaðar, og Jón Árnason, eigandi Vindheima. Magnús Magnússon er samþykkur lýsingunni vegna Litlalands og Hrauns, Eyjólfur Gíslason vegna Hjallatorfunnar og Jón Jónsson fyrir Ölfusafrétt.

Landamerki Hlíðarbæja gagnvart Ölfus- og Selvogsafréttum voru þinglesin árið 1890 svo sem vikið er að í umfjöllun um Hlíðarenda.⁹⁷

⁹⁴Skjal nr. 2(25) a–b.

⁹⁵*Ný jarðabók fyrir Ísland*. Kaupmannahöfn. 1861. Bls. 33.

⁹⁶Skjal nr. 4(106) a–b.

⁹⁷Skjal nr. 4(114) a–b.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Breiðabólstað:

Landamerki ágreiningslaus. ...

Beitilandið er víðlent, kjarngott, snjólétt, skjólgott. Smalamenska erfið.⁹⁸

Umsögnin um Vindheima 1916–1918 er svo gott sem samhljóða.⁹⁹

Greint er frá því í fasteignamatinu frá 1932 að Breiðabólstaður og Vindheimar teljist nú ein jörð. Beitiland jarðarinnar sé víðlent. Hún hafi rétt til afnota af Ölfusafrétti sem sé kjarngott fjalllendi. Túnið og nokkuð af beitilandinu er girt sauðheldri girðingu úr gaddavír.¹⁰⁰

Engin búseta var á Breiðabólstað 1920–1954 en jörðin nýtt með Vindheimum.¹⁰¹

Eigandi og ábúandi Vindheima og Breiðabólstaðar, Halldór Magnússon, og eigandi og ábúandi Hlíðarenda og Litlalands, Sigurður Þórðarson, komu sér saman um eftirfarandi landamerki 8. janúar 1939:

Úr Rauðhól sem er í Lambafellshrauni í vörðu á miðjum Þúfnavöllum (varðan verður sett á næsta vori) þaðan í klöpp sem er vestan við Krossfjöll og inst í Litlalandsgirðingu. Á klöppinni er varða og í hana högginn stafirnir L.M. Þaðan í þúfu sem stendur á klöpp á Grislingahlíð þaðan um Draughelli í vörðu niður á sandi er nefnist hálfaravarða.

Staddir í Gerðakoti 8 jan. 1939. Sigurður Þórðarson. Halldór Magnússon.¹⁰²

Breiðabólstaður og Vindheimar voru seldir sem ein jörð með kaupsamningi 30. mars 1947.¹⁰³ Frá árinu 1954 eru öll jarðarnot Breiðabólstaðar og Vindheima talin með Breiðabólstað.¹⁰⁴

Árið 1947 keyptu Sjöunda dags aðventistar báðar jarðirnar og hófu síðar skólarekstur. Síðan hefur nafnið Vindheimar ekki verið skráð í opinberum plöggum.¹⁰⁵

Samningur um efnistöku úr malarnámu í Lambafelli í landi Breiðabólstaðar var gerður árið 1998 milli eigenda Breiðabólstaðar og Jarðvéla sf.¹⁰⁶ Samningurinn var endurnýjaður 22. maí 2001 og nær til 1. júní 2006.¹⁰⁷

⁹⁸Skjal nr. 2(22).

⁹⁹Skjal nr. 2(22).

¹⁰⁰Skjal nr. 2(26).

¹⁰¹*Sunnlenskar byggðir* III. S. 327.

¹⁰²Skjal nr. 7(5).

¹⁰³Skjal nr. 7(2).

¹⁰⁴*Sunnlenskar byggðir* III. S. 327.

¹⁰⁵*Sunnlenskar byggðir* III. S. 328.

¹⁰⁶Skjal nr. 7(10).

¹⁰⁷Skjal nr. 7(11).

5.4.3. Hjallatorfa (Hjalli, Bakki I og II, Lækur, Gerðakot, Þorgrímsstaðir og Hjallakrókur (Krókur))

Í Landnámu er nefnd Arnbjörg Ráðormsdóttir, en faðir hennar nam land í Holtum, milli Þjórsár og Rangár. Sonur hennar með síðari manni, Gnúpi Molda-Gnúpssyni, var Hallsteinn á Hjalla en dóttir Rannveig, móðir Skafta lögsögumanns [Þóroddssonar. Skafti var lögsögumaður 1004–1030].¹⁰⁸ Einar Arnórsson bendir á að Þóroddur goði, faðir Skafta lögsögumanns, hafi að sögn Hungurvöku búíð á Hjalla, en Þóroddur var afkomandi bróður Álfs egðska, þriðji maður frá Grímólfi, bróður Álfs. Telur Einar Hjalla hafa verið óðal ættarinnar, þ.e. Álfsættarinnar.¹⁰⁹

Hjalla er getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.¹¹⁰ Í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 segir að kirkjan á Hjalla í Ölfusi eigi landið á Bakka.¹¹¹

Máldaga- og landamerkjaskrá Hjallakirkju í Ölfusi frá árinu 1400 er varðveitt. Þar kemur eftirfarandi fram:

Jtem a Hiallakirkia landed (ä) Backa frä Sandvade sionhendijng j klettinn fyrer austan backa j huerholmunum. Og þadan j þufuna fyrer austan hellrana og so j austanverdann hest. Hier med a Hialle landed vestur j lækiarbotnalæk og j gard þann sem liggur firir utan borgarstigenn j göturnnar under fialled og fialled alltt gagnnvart a motz vid skog hlijdararenda enn ytra. alla lönguhlijd j sanddale. rædur þa merkium gata su er þar liggur. a þa Hialle enn nordara partt. reykiabell og laka med.¹¹²

Í Gíslamáldögum frá um 1570 eru ítrekaðar upplýsingar fyrri máldaga um að Hjallakirkja eigi Bakkaland.¹¹³

Brynjólfur Sveinsson, biskup í Skálholti, stóð fyrir vísitasíu Hjallakirkju 3. ágúst 1642. Í vísitasíubókinni stendur meðal annars:

Sama dag Visiterud Kyrckian Hins H. Olaf[s] kóngs ad Hialla i Aulvesi. A land ad Backa ...¹¹⁴

Aðalatriði vísitasía úr biskupstíð Þórðar Þorlákssonar frá 30. ágúst 1679, Jóns Vídalíns frá 15. september 1704 og Jóns Árnasonar frá 3. maí 1723 eru þau sömu og finnast í ofangreindri vísitasíu frá 1643 og því vísast til hennar.¹¹⁵

¹⁰⁸ Landnámabók, s. 367.

¹⁰⁹ Einar Arnórsson, *Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Reykjavík. 1950. S. 217–218.

¹¹⁰ Skjal nr. 4(20).

¹¹¹ Skjal nr. 4(17). Það sama kemur fram í Gíslamáldaga frá um 1570, sbr. skjal nr. 4 (22).

¹¹² Skjal nr. 4(18).

¹¹³ Skjal nr. 4(22).

¹¹⁴ Skjal nr. 2(8).

¹¹⁵ Skjöl nr. 2(9, 10 og 11).

Hinn 16. júní 1750, í tíð Ólafs Gíslasonar biskups, var kirkjan að Hjalla vísiteruð á ný. Í vísitasíunni kemur eftirfarandi fram:

... Máladagar og Visitatiur eigna henne land ad Backa ...¹¹⁶

Kirkjan að Hjalla var vísiteruð 24. ágúst 1756 í biskupstíð Finns Jónssonar. Aðalatriði þessarar vísitasíu eru þau sömu og þeirrar frá 1750 og því vísast til hennar.¹¹⁷ Tæpum 73 árum eftir að vísitasían árið 1756 átti sér stað, nánar tiltekið 4. ágúst árið 1829, var Hjalli vísiteraður aftur, nú að skipan Steingríms Jónssonar biskups yfir Íslandi. Í vísitasubókinni stendur eftirfarandi:

...á land ad Backa ...¹¹⁸

Hálfðan Jónsson, lögréttumaður á Reykjum í Ölfusi, samdi lýsingu Ölfushrepps árið 1703. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Í suður frá Jórutind er nefnd Hjallatorfa, Hjallakirkju skógarítak, nú mjög gagnlítið.¹¹⁹

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1708 má finna eftirfarandi umsögn um Hjalla:

Lýngrif hefur til eldiviðar áður verið og brúkast enn nú nokkuð lítið, er þó nærri þrotið. ...

Skógarítak hefur jörðin átt í Nesjalandi í Grafníngi í takmörkuðu landsplátsi og kallast Hjallatorfa. Það er nú gjöreytt og skógur enginn og því ekki brúkað í margt ár.¹²⁰

Bakki var eign Hjallakirkju en um jörðina segir Jarðabók Árna og Páls:

Skógarítak hefur jörðin átt í Nesjalandi í Grafníngi, þar sem heitir Hjallatorfa, er nú fyrir mörgum árum skógurinn gjöreyddur.¹²¹

Hjáleigur Hjalla voru Þorgrímsstaðir, Krókur (sem hafði verið í eyði frá síðustu fardögum), Móakot (sem hafði legið í auðn síðastliðin 18 ár), Gerðakot, Lækur og Bjarnastaðir. Allar þessar hjáleigur höfðu verið byggðar í manna minni. Um þær segir ennfremur:

Allir kostir og ókostir á þessum sex hjáleigum sem segir um heimajörðina ...¹²²

Athugandi er að Jarðabók Árna og Páls nefnir ekki afréttarréttindi við Hjalla gagnstætt öðrum jörðum í Ölfusi.

¹¹⁶Skjal nr. 2(12).

¹¹⁷Skjal nr. 2(13) a–b.

¹¹⁸Skjal nr. 2(14).

¹¹⁹Hálfðan Jónsson, „Descriptio Ölfeshrepps anno MDCCIII“. S. 247.

¹²⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 426.

¹²¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 424.

¹²²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 428.

Jón Matthíasson, prestur í Arnarbæli, segir árið 1840 að Hjallakirkja eigi að eiga:

... svokallaðar Hjallatorfur í Nesjalandi í Grafningi, og var þar áður brúkanlegur kolaskógur.¹²³

Um Hjalla segir séra Jón Matthíasson:

...undir Hjallafjalli stendur bærinn Hjalli, bóndaeign. Þar er kirkja og 5 hjáleigur, allar á sama sviði, sem kallast Hjallatorfa, að dýrl(eika) 55 hndr. Er þar heyskapur mikill í þerrisumrum og útigangur á vetrum, en ærið mýr og votlent.¹²⁴

Hinn 10. desember 1844 seldi Sigurður Hinriksson á Hjalla bóndanum Eyjólfí Guðmundssyni á Grímslæk jörðina Krók í Hjallahverfi. Í afsalsbréfinu er talið upp hvaða eignir fylgja sölunni. Meðal þeirra eru haga- og hagbeitarnot sem jörðin á í rétttri tiltölu við sameigendur og yrkjendur Hjallatorfunnar.¹²⁵

Í jarðamatinu frá árinu 1849 eru lýsingar á býlum í Hjallatorfunni, nánar tiltekið jörðunum Bakka, Hjalla og Læk og hjáleigunum Bjarnastöðum, Þorgrímsstöðum, Króki og Gerðakoti.

Í kaflanum um Bakka stendur eftirfarandi:

Úthagar nokkrir að stærð, en ónotasælir á vetrum næstum ónytjandi.

Eftirfarandi umsögn er að finna um Hjalla:

Uthagi víðlendur og allkostoðgur, en liggur heldur ónotalega og upp á fjall að sækja. Vetrararbeit allgóð en erfið. ... orðug smalamennska og dyrbítur.

Um jörðina Læk kemur eftirfarandi fram:

Hagbeit reka og annað að tiltölu sem á heimajörðinni.

Sama gildir um Bjarnastaði og Þorgrímsstaði. Einnig um Krók og Gerðakot nema þau hafa ekki reka.

Hvað matið á þessum jörðum áhrærir þá eru meginatriðin eftirfarandi:

Örðugleiki á engjunum og smalamenskunni, samt dyrbítur eru jörð þessari til ókosta en heykostur, hagbeit og reki gildir hana. ...

Þetta mun eiga við allar jarðirnar sem fjallað er um hér að framan nema Bakka en um hann segir:

örðugleiki á notkun engjanna og rekans ríra jörð þessa samt hættur.¹²⁶

Hinn 13. janúar 1872 sótti Jóhannes Jónsson á Læk um leyfi fyrir því að reisa nýbýli undir Reykjafelli á landi sem:

¹²³Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 197.

¹²⁴Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 201.

¹²⁵Skjal nr. 2(39).

¹²⁶Skjal nr. 2(25) a–b.

ljggur milli Hellirshejdar og Lága Skardsvega í Arnes Syslu afrétti við marka
ljnu Hjalla...¹²⁷

Beiðnin endaði á borði stiftamtmannsins yfir Íslandi. Hann kvað upp þann úrskurð að ekki skyldi veita Jóhannesi leyfi til þess að stofna nýbýli á umræddum stað. Niðurstaðan var byggð á álitserðum hreppstjóranna í Ölfushreppi og sýslumannsins í Árnassýslu en þeir höfðu eindregið lagst gegn leyfisveitingunni meðal annars á þeim forsendum að umrætt landsvæði væri í eigu jarðarinnar Hjalla og að það væri notað sem afréttarland af íbúum Ölfushrepps. Hinn 22. apríl 1872 skrifaði stiftamtmaður sýslumanninum í Árnassýslu bréf þar sem hann bað hann að tilkynna Jóhannesi um ákvörðun sína.

Þremur árum síðar skrifaði Jóhannes, sem nú var fluttur á jörðina Litlaleður í Selvogi, landshöfðingjanum yfir Íslandi bréf. Þar lýsti hann því yfir að hann væri ekki sáttur við synjun amtsins og fór þess á leit að ákvörðunin yrði endurskoðuð, enda væri skynsamlegt að reisa býli á fyrrnefndum stað. Landshöfðinginn óskaði álits amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu á þessari nýju beiðni og í svarbréfi hans kemur fram að hann leggst gegn því að ákvörðuninni verði breytt. Hann taldi hins vegar að ekki væri hægt að neita Jóhannesi um skoðunargjörð á umræddu landsvæði. Landshöfðinginn tók undir það og í uppkasti að bréfi amtmannsins til sýslumannsins í Árnassýslu frá 9. nóvember 1875 kemur fram að hann skorar á sýslumanninn að tjá Jóhannesi, ef hann óski eftir nýbýlisútmælingu, að amtmannsembættið muni stuðla að því að hún fari fram. Í uppkastinu stendur einnig að þessi skoðunargjörð geti orðið að útvísunargerð ef skoðunarmennirnir mæla með því.¹²⁸ Ekki verður séð að gert hafi verið meira í málinu.

Landamerkjabréf Hjallatorfunnar var undirritað 28. maí 1889 og þinglesið degi síðar. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

Milli Riftúns og Hjallatorfunnar er „Sigmundarvað“ hornmark þaðan liggur línan í klett fyrir utan Riftún merktan með X; þaðan í torfu í svonefndum „Litlahvammi“, á efri brún hennar kemur Þóroddsstaðaland á móti landi Hjallatorfunnar og liggja mörkin úr næstöldu örnefni beint í vörðu á Háskálafelli og þaðan beint í vörðu austan á „Reykjafelli“. Úr nefndri vörðu beint í „Lambafell“ móti Ölfuss afrijettar landi.

Milli Breiðabólsstaðar og Vindheima annarsvegar og Hjallatorfunnar hinsvegar liggur línan úr „Lambafelli“ beint í vestasta hornið á „Lönguhlíð“ og þaðan beint í Skóghlíðargafli.

Milli Hrauns og Hjallatorfunnar liggja mörkin austur svo nefnda „Tíðagötu“ fyrir neðan „Skógarhlíðargafli“ að „Sólarsteini“.

¹²⁷Skjal nr. 2(46).

¹²⁸Skjal nr. 2(46).

Milli Grímslækjanna og Hjallatorfunnar liggja mörkin úr „Sólarsteini“ í „Klapparhól“ sem merktur er með X, þaðan í svonefndan „Lækjarbotnalæk“ og ræður hann svo og tjörn fyrir ofan Efri Grímslæk, úr henni ræður „Grímslækjarós“ fram í „Lambeyrarós“, sem ræður mörkum að neðanverðu og svo „Þorleifslækur“ upp að fyrst töldu merki „Sigmundarvaði“.¹²⁹

Undir bréfið skrifa Jón Árnason, eigandi að hálfum Hjallaeignum, og Eyjólfur Gíslason.¹³⁰ Lýsingin var samþykkt af Þorleifi Grímssyni vegna Grímslækjar, Ísl. Gíslasyni vegna Breiðabólsstaðar, Magn. Magnússyni vegna Hrauns og Jóni Jónssyni vegna Ölfushreppsafrettar.

Samkvæmt fasteignamatinu frá 1916–1918 er tvíbýli á Hjalla. Við fyrra býlið er tekið fram að landamerki séu þinglesin en það er ekki gert um hið seinna. Annars er eftirfarandi umsögn tvítekin:

Beitilandið er þröngt, rýrt til vetrarbeitar einkum; er hraun og harðvelli; liggur til fjalls. Smalamenska erfið.¹³¹

Í fasteignamatinu frá árinu 1932 er að finna umfjöllun um jarðir í Hjallatorfunni, þ.e. Hjalla, Læk, Bjarnastaði, Þorgrímsstaði, Hjallakrök, Gerðakot og Bakka I og II. Fram kemur í kaflanum um Hjalla að jörðin hafi víðtækt beitiland. Í kaflanum um jörðina Læk kemur fram að þar er víðlent beitiland sem stutt er á. Þar er einnig nátthagi. Jörðin verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár. Landamerki hennar eru hrein, svo notuð séu orð matsmanna. Beitiland Bjarnastaða er víðlent og þar er létt beit. Jörðin verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár.

Í umfjöllun um Þorgrímsstaði í fasteignamatinu kemur fram að beitiland jarðarinnar sé snögglent fjalllendi en víðlent og fremur snjóþungt. Jörðin þarf ekki að þola ágang afréttarfjár.

Samkvæmt fasteignamatinu er beitiland Hjallakróks víðlent. Afréttarfé gengur ekki á jörðina. Fram kemur í fasteignamatinu að beitiland Gerðakots sé víðlent. Það er skjólgott fjalllendi. Gerðakot verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár.

Að síðustu er fjallað um Bakkajarðirnar tvær. Jörðin Bakki I þarf ekki að þola ágang afréttarfjár. Í kaflanum um Bakka II segir að beitiland jarðarinnar sé víðlent. Afréttarfé gengur ekki á jörðina. Landamerki hennar eru í sambandi við Hjallatorfuna.

Engin jarðanna í Hjallatorfunni á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar allar afnot af Ölfusafretti sem er kjarngott fjalllendi.¹³²

Landskipti á Hjallatorfu fóru fram á árunum 1943–1946. Þessi skipti fóru að því er virðist aðeins fram á heimalandi neðan fjalls en athugandi er að við skiptaupphaf árið 1943 krafðist Bakkabóndi að Bakki ætti sameiginlegt beitiland við Hjallatorfu og bæri því að taka til skipta beitiland Bakka og Hjallatorfu í einu lagi.

¹²⁹Skjal nr. 4(104) a–b.

¹³⁰Eyjólfur Gíslason var bóndi á Bakka skv. sóknarmannatali Arnarbælisprestakalls 1889.

¹³¹Skjal nr. 2(22) a–b.

¹³²Skjal nr. 2(26).

Var á það fallist og landinu skipt milli Bjarnastaða, Lækjar, Þorgrímsstaða, Gerðakots, Hjalla, Króks og Bakka.¹³³

Landskipti fóru fram á landi Hjallatorfu innan landgræðslugirðingar á Neðrafjalli árið 1988. Eigendur Hjalla og Bjarnastaða undu þeirri skiptingu ekki og kom málið fyrir yfirlandskiptanefnd, sem staðfesti fyrri landskipti 16. október 1996.¹³⁴ Þar sem ekki verður séð að þetta land snerti þjóðlendumál er ekkert tekið upp úr landskiptagerðinni.

Eigendur Hjallatorfu hafa leigt ýmsum aðilum land á Hellisheiði:

Eigendur „að heimalandi Hjallatorfunnar“ (þ.e. Hjalla, Lækjar, Gerðakots, Bjarnastaða, Bakka, Króks og Þorgrímsstaða) leigðu A.C. Höyer, bónda í Hveradölum, land á leigu til 30 ára 18. júní 1928. Landnýting var heimiluð til hvers konar ræktunar og búskapar og einnig heimilaður frjáls afnotaréttur af hverum í Hveradölum til upphitunar á húsum og landi en jafnframt vísað til réttinda sem Árni Pétursson, læknir í Reykjavík, hefði öðlast til hveranna í Hveradölum. Landlýsing var þessi:

1. gr. Ofangreindir leigusalar selja hjer með nefndum A.C. Höyer á leigu 3 - þrjár - dagsláttur af óræktuðu landi í Hveradölum sunnan við Reykjafjall vestanvert við Hellisheiði í Ölfushreppi Árnassýslu, á því svæði er girðingar er leigutaki setur upp umhverfis landið nánar afmarka.

Ennfremur seljum við til viðbótar nefndum A.C. Höyer á leigu, á sama stað, beggja meigin við þjóðveginn, alt að 27 dagsláttum af óræktuðu landi er hann afgirðir jafnóðum og hann ræktar það eða strax og hinar fyrstu þrjár dagsláttur hafa verið ræktaðar. Leigutímabilið er 30 ár og er óuppsegjanlegt.

6. gr. Frjálst er leigutaka refa og fuglaveiði á fjallinu í landi leigutaka í samræmi við landslög, þá er og leigutaka heimilt að nota grjót, mold og torf og annað efni er hann getur hagnýtt við byggingar og hleðslugarða í sambandi við búskap sinn.¹³⁵

Rúmu ári síðar, 30. október 1929, var samningurinn framlengdur um 20 ár frá þeim degi er hinn upprunalegi leigusamningur endaði.¹³⁶

Í kröfulýsingu Ólafs Björnssonar hrl., fyrir hönd jarðeigenda, segir að A.C. Höyer hafi búið í Hveradölum til ársins 1933 þegar Skíðafélag Reykjavíkur reisti þar skála.¹³⁷ Leigusamningur við Skíðafélag Reykjavíkur mun hafa verið gerður 3. júní 1934, sjá hér síðar (við árið 1970).

Knattspyrnufélagi Reykjavíkur var leigð 6 ha landspilda í Hveradölum á Hellisheiði til 65 ára frá undirskrift sammings, 1. október 1944 og 30. maí 1945.

¹³³Skjöl nr. 5(98–100).

¹³⁴Skjal nr. 5(103).

¹³⁵Skjal nr. 5(194).

¹³⁶Skjal nr. 5(195).

¹³⁷Skjal nr. 9(bls. 3).

Leiguréttindum fylgdi réttur til hagnýtingar jarðhita á hverasvæðinu í Hveradölum, svo og leyfi til hagnýtingar á köldu vatni, þar sem það kynni að finnast í nágrenni landsins. Virkjun jarðhita og kalds vatns var bundin því skilyrði að hún yrði framkvæmd með samkomulagi við Skíðafélag Reykjavíkur.¹³⁸

Í september árið 1947 fékk Skíða- og skautafélag Hafnarfjarðar 1½ hektara lands í Hveradölum á Hellisheiði til leigu hjá eigendum Hjallatorfu með sömu skilmálum og Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafði fengið.¹³⁹

Menntaskólinn í Reykjavík fékk leigulóð í Hveradölum til 65 ára, 1½ ha að stærð, 27. september 1947. Skíðaskáli skólans með lóðarsamningi var seldur Skátafélaginu Dalbúum 3. janúar 1975. Samningurinn mun enn í gildi.¹⁴⁰

Starfsmannafélag Landssmiðjunnar fékk 1½ ha land í Hveradölum í landi Hjallatorfu með leigusamningi 1. desember 1947 til 60 ára. Skíðaskáli félagsins með lóðarréttindum var seldur Stúdentaráði Háskóla Íslands 24. janúar 1949. Samningurinn mun enn vera í gildi.¹⁴¹

Árið 1951 voru 4 ha úr Hjallatorfu, neðan við Hest á svonefndu Neðrafjalli, seldir Riftúnsbónda.¹⁴² Virðist það land hafa fylgt Riftúni síðan við sölu.

Samkvæmt fyrrgreindri kröfulýsingu Ólafs Björnssonar hrl. byggðu Blómey Stefánsdóttir og Óskar Magnússon sér bæ, Garðstungu, fyrir ofan Flengingabrekku, á hjalla austur úr Reykjafelli, með leyfi Hjallabónda, um 1970, og bjuggu þar um áratuga skeið.¹⁴³

Leigusamningur milli eigenda Hjallatorfu og Skíðafélags Reykjavíkur, sem upphaflega mun gerður 3. júní 1934, var endurnýjaður til 50 ára 29. nóvember 1970. Landinu var lýst þannig:

1. Leigusalar leigja leigutaka lóðarspildu í nánd við hverinn í Hveradölum á Hellisheiði og takmarkast spildan svo sem nánar er greint í 1. gr. leigusamnings aðila dags. 3. júní 1934 og hljóðar svo: „Stærð lóðarinnar er 100 metra með þjóðveginum frá suðvesturhorni á landi því, sem A.C. Höyer hefir haft á leigu frá Hjallatorfunni norðan þjóðvegarins undir Reykjafelli og takmarkast lóðin að austan af landamerkjum téðs lands og að vestan af línu, hliðstæðri áður greindum merkjum að austan, sem er dregin frá þjóðvegi til fjalls“. Gengið er út frá að lóðin verði að stærð um 1 ½ hektari skv. uppdrætti, sem festur er við samning þennan.

Leyft var að nýta meira land svo sem fyrir færanlegar skíðalyftur, t.d. í Flengingabrekku og Lakahnúkum sunnan vegarins, og setja upp rafstöð utan

¹³⁸Skjal nr. 5(105). Sjá og skjal nr. 9(39 b).

¹³⁹Skjal nr. 5(106).

¹⁴⁰Skjöl nr. 9(40 og 41).

¹⁴¹Skjöl nr. 9(38 og 39 a).

¹⁴²Skjal nr. 5(107).

¹⁴³Skjal nr. 9 (bls. 3).

lóðarmarka. Einnig fylgdu réttindi til hagnýtingar á heitu vatni og gufu og til borunar eftir köldu vatni.¹⁴⁴

Þá leigðu Hjallatorfueigendur og Grímslækjarmenn Ýtutækni hf. rétt til efnistöku í eignarlandi sínu í Lambafelli og við Þrengslaveg í júlí 1973. Gilti samningurinn til 1. júní 1979 og framlengdist um eitt ár í senn, væri honum ekki sagt upp.¹⁴⁵

Svo virðist sem Hjallatorfueigendur hafi samið við Árvélar hf. árið 1982 um leigu á námi og efnistöku í og við Lambafell árið 1982, samkvæmt því, sem kemur fram í framlengingu leigusamnings er gerð var 5. júlí 1999. Gildir samningurinn frá 1. júní 1999 til 1. júní 2015 með forleigurétti að leigutíma loknum.¹⁴⁶ Svo virðist sem ætlunin hafi verið að stofna nýtt félag, Námaafll ehf., um efnistöku við Lambafell en hætt við það. Fóru fram ýmis bréfaskipti varðandi efnistökuálin á árinu 1999. Meðal annars gerði sveitarstjórn Ölfuss ekki athugasemd við framlengingu leigusamningsins, ef aðeins yrði unnið í námunni, sem opnuð hafði verið.¹⁴⁷

Skíðaskálinn í Hveradölum, sem mun standa á leigulandi Skíðafélags Reykjavíkur, var seldur með kaupsamningi 7. mars 1995. Þar er tekið fram að kaupunum fylgi yfirtaka á lóðarleigusamningi við bændur í Ölfushreppi.¹⁴⁸

Orkuveita Reykjavíkur hefur keypt óskipt land Hjallatorfu, þ.e. Bakka I og II, Króks, Gerðakots, Hjalla, Lækjar og meginhluta Þorgrímsstaða ofan fjalls/landgræðslugirðingar, með öllu, sem fylgir, nema Lambafelli. Undanskilinn er hluti Bjarnastaða og 1/4 Þorgrímsstaða.

5.4.4. Þóroddsstaðir (ásamt Riftúni)

Erlendur Þorvarðarson gaf Þórisstaði í Ölfusi Gissuri Einarssyni biskupi í vald 26. júní 1546. Af bréfi Gissurar til Erlends 6. desember 1547 kemur fram að um er að ræða Þórisstaði í Hjallasókn.¹⁴⁹

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var í vestari hluta Ölfuss árið 1708, er jörðin sögð almennilega kölluð Þórustaðir, aðrir nefni og skrifir Þórisstaðir, nokkrir skrifir og Þóroddsstaðir.¹⁵⁰ Og Jarðatal Johnsens segir uppboðsbók Skálholtsstólsjarða nefna Þórustaði ytri.¹⁵¹

Fram kemur í kaflanum um Riftún í Jarðabók Árna og Páls að bærinn er:

Partur úr heimajörðinni. ... Áður var það kölluð hjáleiga.¹⁵²

¹⁴⁴Skjal nr. 5(108).

¹⁴⁵Skjal nr. 5(109).

¹⁴⁶Skjal nr. 5(112). Sbr. skjal nr. 8(69).

¹⁴⁷Skjöl nr. 8(69 og 70).

¹⁴⁸Skjal nr. 8(8), sbr. skjal nr. 8(9).

¹⁴⁹Skjal nr. 4(196).

¹⁵⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 422.

¹⁵¹Skjal nr. 4(1).

¹⁵²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 423.

Þóroddsstaðir voru seldir undan Skálholtsstól 26. janúar 1791 og Riftún fylgdi svo í kjölfarið 8. september 1798.¹⁵³

Í jarðamatinu frá árinu 1849 er eftirfarandi lýsing á Þóroddsstöðum:

Úthagi viðlendur nokkuð, en magur og uppblásinn; vetrararbeit litilfjörleg og létt. ... Smalamenska fremur erfið og dyrbítur nokkur.

Annars staðar í skýrslunni er greint frá jarðamati Þóroddsstaða. Þar stendur meðal annars:

Erfið smalamenska og dyrbítur telst þessar jörð til ókosta.

Á öðrum stað í sömu greinargerð er umfjöllun um Riftún. Hún skiptist í lýsingu á jörðinni og mat hennar. Hér verður greint á milli þessara tveggja hluta með skástriki (/) og er lýsingin höfð fyrst.

Úthagar litilfjörlegir og magrir, vetrararbeit engin. ... smalamenska nokkuð orðug og dyrbítur. / ... örðug smalamenska og dyrbítur eru þessari jörð til ríðar, en til kosta telst henni ekkert.¹⁵⁴

Landamerkjum Þóroddsstaða móti Hjallatorfu er lýst í landamerkjabréfi Hjallatorfu 28. maí 1889, svo sem vikið var að í kaflanum um Hjallatorfu, en enginn undirritar bréfið vegna Þóroddsstaða.

Landamerkjabréf Þóroddsstaða var undirritað 28. maí 1889 og þinglesið degi síðar. Samkvæmt því voru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

Landamerki milli Þóroddsstaðar og Riftúns. Hornmark á bakka fram við Þorleifslæk Þúfnarás sem ræður uppí Forarmót í Tjörn. Úr henni beint í Reiftúnslæk þar sem hann klýfst svo ræður hann upp undir alfaraveg, og þaðan beint í torfatóttir, úr þeim í klett í brúninni fyrir austan Reiftún, þaðan beint yfir fjöll og hálsa inn í Reykjafell.

Landamerki milli Þóroddsstaða og Ytri Þurár eru mörkin þessi:

Hornmark við ós á Þorleifslæk og beina leið að Lambakró og uppí stekk og upp í Þóroddsstaða háaleyti og svo beina leið í eystra horn á Reykjafelli.¹⁵⁵

Undir þetta landamerkjabréf skrifar Eyjólfur Eyjólfsson, Ytri-Grímsslæk, sem væntanlega hefur átt Þóroddsstaði eða tengst ábúandanum.¹⁵⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 er tvíbýli á Þóroddsstöðum og eru landamerki sögð þinglesin á báðum býlum. Annars á eftirfarandi umsögn við bæði býlin:

Beitilandið er þröngt og rýrt. Smalamenska hæg.¹⁵⁷

¹⁵³Skjal nr. 4(1).

¹⁵⁴Skjal nr. 2(25) a–b.

¹⁵⁵Skjal nr. 4(103) a–b.

¹⁵⁶Á þessum tíma bjó Eydís Eyjólfsdóttir ekkja á Þóroddsstöðum.

¹⁵⁷Skjal nr. 2(22) a–b.

Um Riftún segir sama fasteignamat:

Landamerki eru talin ágreiningslaus. ... Beitalandið er þröngt og rýrt.
Smalamennska hæð.¹⁵⁸

Jörðunum Riftúni og Þóroddsstöðum I og II eru gerð skil í fasteignamatinu 1932. Beitaland Riftúns er sagt þröngt en það er stutt á það. Riftún verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár. Þóroddsstaðir I þurfa ekki að þola ágang afréttarfjár. Landamerki jarðarinnar eru innrituð hjá sýslumanni. Þóroddsstaðir II þurfa að þola dálítinn ágang afréttarfjár. Beitalandið er nærri en það er þröngt og næðingssamt. Engin jarðanna þriggja á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar allar afnot af Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi.¹⁵⁹

Fram kemur í ritinu *Sunnlenskar byggðir III* að tvö býli hafi verið á Þóroddsstöðum til 1948.¹⁶⁰ Samkvæmt afsalsbréfi frá árinu 1949 mun hafa verið um tvo aðskilda hluti að ræða.¹⁶¹

Kaupsamningar milli eigenda Þóroddsstaða I og II annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar á óskiptu landi ofan fjalls voru gerðir 18. desember 2000.¹⁶² Landskipti á eignarhluta jarðanna ofan fjalls fóru fram 21. desember s.á.¹⁶³ Afsal fyrir Þóroddsstöðum I var gefið 28. júní 2001. Var þar vísað til landamerkjabréfs Þóroddsstaða móti Riftúni og Ytri-Þurá 1889, skiptayfirlýsingar 1992, kaupsamnings 1994, afsals 1998 og yfirlýsinga 1998 og 1999.¹⁶⁴ Samsvarandi afsal fyrir landi Þóroddsstaða II var gefið 28. júní 2001 nema þar er talað um 50% hlut í landi sem er samtals 265 ha að stærð. Vísað var til landamerkja Þóroddsstaða og Riftúns og Ytri-Þurár 1889 og afsala árið 1949.¹⁶⁵

5.4.5. Þurártofta (Eystri-Þurá I og II og Ytri-Þurá)

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1708 er getið bæði Eystri-Þurár sem er í eigu Skálholtsstóls og Ytri-Þurár sem er í einkaeign. Við Ytri-Þurá er að finna eftirfarandi umsögn:

Landþröng er í og nýtur ábúandi góðvilja nágranna sinna.¹⁶⁶

Á manntalsþingi sem haldið var á Bakkárholti 14. maí árið 1729 var:

... upplesenn Logfesta af Biarna Erlendssyne fyrer allre Jörðunne ytre Þurrá i Olvese 20 hndr. ad dyrleika hanns og hannz bræðruna eign til tiltekenna

¹⁵⁸Skjal nr. 2(22).

¹⁵⁹Skjal nr. 2(26).

¹⁶⁰*Sunnlenskar byggðir III*. S. 342.

¹⁶¹Skjal nr. 5(93).

¹⁶²Skjöl nr. 5(86 og 94).

¹⁶³Skjal nr. 5(87).

¹⁶⁴Skjal nr. 5(88).

¹⁶⁵Skjal nr. 5(95). Sbr. kaupsamning 18. desember 2000. Skjal nr. 5(94).

¹⁶⁶*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 2. b. S. 422.

Landa merkia daterud að Backárhollte þann 14 Maí Anno 1729. Til Vitnes Brinjólfur Jonss. Jon Þorleifsson Þorsteinn Bergþorsson. Halldór Þórdarson.¹⁶⁷

Þess er aðeins getið að lögfestan hafi verið lesin upp, efni hennar er ekki tilgreint.

Eystri-Þurá var seld undan Skálholtsstóli 8. ágúst 1787.¹⁶⁸

Í jarðamatinu 1849 eru kaflar um Eystri- og Ytri-Þurá. Líkt og í öðrum hlutum jarðamatsins er lýsing á jörð og mat á henni aðskilin. Hér verður greint á milli þessara þátta með skástriki (/) og er lýsingin fyrst.

Um Eystri-Þurá segir meðal annars:

Úthagi víðlendur nokkuð, hagarnir góðir sumar og haust, en vetrarheit aðkeypt. ... örðug smalamennska og dýrbítur. ... / Ókostur eru hér erfiðleiki á smalamennsku dyrbítur og hættur, að öllu öðru, nema notsemi engianna er jörðin allgóð ... samt að átroðningur sá, sem hún verður fyrir af ferðafólki, megi töluverðt ríra hana.

Í kaflanum um Ytri-Þurá kemur eftirfarandi fram:

Uthagi meðallagi að víðáttu, allgóður sumar og haust; vetrarhagi ekki teljandi. ... örðug smalamennska nokkuð, og ekki laust við dýrbít, á N 28 og 29 [þ.e. Eystri- og Ytri-Þurá] er átroðningur af ferðafólki. / Örðug smalamennska, dýrbítur nokkur og anmarkinn á engjunum telst þessari jörð til galla.¹⁶⁹

Landamerkjabréf fyrir Eystri-Þurá var undirritað í maí 1885 og þinglesið 29. júní 1886. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar eftirfarandi:

1. Milli Eystri-Þurár og Núpa ræður frá „Strút“ garðlag austur við Þorleifslæk (Varmá), aptur ræður sjónhending frá „Strút“ í Vatnsskarð og svo til afréttar.
2. Milli Eystri-Þurár og Arnarbælis ræður Þorleifslækur (Varmá) frá aðurnefndu Garðlagi að Þurárósi.
3. Milli Eystri-Þurár og Ytri-Þurár ræður sjónhending frá Þurárósi um Þúfu vestan Eystri-Þurár — túnenda í Markaklett á Þurárflofum (brekkum) og ræður sú stefna til afréttar.

Hvað mörk milli túnanna áhrærir þá er áin látin ráða merkjum.¹⁷⁰

Undir landamerkjalyýsinguna skrifa Grímur Gíslason, Jón Jónsson, Björn Jörinsson og Eyjólfur Eyjólfsson, sameigendur að Eystri-Þurá. Samþykkir lýsingunni

¹⁶⁷Skjal nr. 2(33).

¹⁶⁸Skjal nr. 4(1).

¹⁶⁹Skjal nr. 2(25) a–b.

¹⁷⁰Skjal nr. 4(102) a–b.

voru Þorgeir Þórðarson vegna Núpa og Ytri-Þurár og Sæm. Gíslason vegna Núpa. Þinglesið landamerkjabréf fyrir Ytri-Þurá er ekki til.

Landamerkjum Ytri-Þurár og Þóroddsstaða er lýst í landamerkjabréfi Þóroddsstaða 1889 og vísast til kafla um þá jörð.¹⁷¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 er talað um bæði Ytri- og Eystri-Þurá. Umsögnin um Ytri-Þurá er á þessa leið:

Landamerki eru talin greinileg. ...

Beitilandið er þröngt og rýrt. Smalamenska hæg.¹⁷²

Sambærileg lýsing er á báðum býlunum á Eystri-Þurá en þar var tvíbýli.

Jarðirnar þrjár í Þurártorfunni, Ytri-Þurá og Eystri-Þurá I og II, fá hver sinn kafla í fasteignamatinu 1932. Í kaflanum um Ytri-Þurá kemur fram að jörðin verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár og enginn ágreiningur er um landamerki hennar og deilir hún beitilandi með Eystri-Þurá. Beitiland Eystri-Þurár I er bæði fjall- og mosalendi. Jörðin þarf ekki að þola ágang afréttarfjár og landamerkjabréf jarðarinnar er hjá sýslumanni. Í kaflanum um Eystri-Þurá II kemur fram að beitiland jarðarinnar er frekar víðlent, skjólgott og ekki langt á það. Jörðin verður ekki fyrir ágangi afréttarfjár. Engin jarðanna þriggja á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar allar afnot af Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi.¹⁷³

Landskipti milli Eystri-Þurár I og II fóru fram 9. september 1950 og voru á þessa leið:

Oddamaður hafði áður en skiptafundur hófst mælt landið og kortlagt ofan flotgröfuskurðar og upp að fjallsrótum.

Engjum neðan flotgröfuskurðar var endurskipt eftir korti Pálma Einarssonar (frá 17. júlí 1942).

Mörk voru ákveðin sem hér segir:

Allt land ofan þjóðveggar milli Núpa og Ytri-Þurár að uppsettum merkjum nálægt fjallsrótum tilheyrir Eystri-Þurá II, ásamt landinu neðan þjóðveggar, að Núpamörkum, niður með túninu á Eystri-Þurá II, að girðingu milli túnanna á Eystri-Þurá I og Eystri-Þurá II og ræður frá þeirri girðingu bein lína í vörðu austur í hrauni sunnan við Miðmundatjörn og þaðan beint í Núpamörk alveg norðan við klapparhól með grasþúfu á. Landið sunnan við þessa línu milli Núpa og Ytri-Þurár tilheyrir Eystri-Þurá I.

[Síðan kemur lýsing á engjaskiptum, sem hér er sleppt].

Eystri-Þurá I skal hafa upprekstrarrétt til fjalls:

¹⁷¹Skjal nr. 4(103) a–b.

¹⁷²Skjal nr. 2(22).

¹⁷³Skjal nr. 2(26).

a) á 15 m. breiðri spildu frá Þjóðvegi upp með Ytri-Þurármörkum.

b) frá Þjóðvegi með Núpamörkum í Vatnsskarð.

[Loks voru ákvæði um engjaveg og umferðarrétt á engjar og afnot af fjárrétt].¹⁷⁴

Landskipti voru gerð á Eystri-Þurá I 3. nóvember 1966:

Samkomulag með aðilum um skiptin eru þannig:

Frá Núpamörkum að hornmarki Eystri-Þurá II og I er girðing. Úr hornmarkinu er dregin lína niður að engjavegi í hugsaðan punkt, sem er 150 m sunnar, en nefnd lína myndi á engjavegi, ef hún væri dregin í beinu framhaldi af áðurnefndri girðingu.

Síðan fylgja mörkin engjavegi niður að flotgröfuskurði.

Frá brú á flotgröfuskurði í brú á Þorleifslæk og með Þorleifslæk til austurs.

Auk þess er Þorleifslækur mörk og önnur þau mörk sem fyrir eru, (svo sem Norðurbæjarmörk) samkv. fyrri skiptagjörðum.

Samkv. ofanrituðu hafa aðilar fallist á að sá hluti, sem lendir innan fyrrgreindra marka, sem að megni er suðausturhluti jarðarinnar Eystri-Þurá I, verði eign Elliheimilisins Grundar, Reykjavík.

...

Annar hluti jarðarinnar fyrir neðan Þjóðveg ásamt mannvirkjum öllum er eign Gunnars Eyjólfssonar leikara og Dr. Eggerts Jóhannssonar yfirlæknis.¹⁷⁵

Landamerki Núpa, Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár voru ákveðin með dómssátt 4. desember 1970. Um efni sáttarinnar er vísað til kaflans um Núpa.

Gerður var landskiptasamingur um Ytri-Þurá og Eystri-Þurá (I), sem höfðu verið í óskiptri sameign, 23. desember 1988. Í honum segir meðal annars:

1. Ytri landamerki jarðanna halda sér, sem og mörk í millum Eystri-Þurrár I og Eystri-Þurrár II. Þessi mörk eru tilgreind í landamerkja (L.M.)- og landskipta (L.S.)- bréfum sem hér segir:

L.M. Þóroddsstaða nr. 212, dags. 28. maí 1889.

L.S. Eystri-Þurrár nr. 88, dags. 9. september 1950.

L.S. Eystri-Þurrár nr. 136, dags. 3. nóvember 1966.

L.M. Eystri-Þurrár nr. 155, dags. 1. maí 1885.

¹⁷⁴Skjal nr. 5(60).

¹⁷⁵Skjal nr. 5(61).

2. [Þar er vísað til loftmyndar sem sýnir mörk].

Mörkin milli þessara jarðarluta sjást í myndinni en þau eru þessi:

Frá þverlínu, sem dregin er í gegnum Skírnarlaug, ræður Þurráin skiptum niður að Þorleifslæk þó þannig að farvegi árinna verður breytt og hún færð í mörk. ...

Að öðru leyti vísast til landamerkja- og landskiptabréfa sem talin eru í 1. grein að ofan.

3. Óskipt sameign Ytri-Þurrár og Eystri-Þurrár I verður Þurrárland ofan áðurnefndrar þverlínu í gegnum Skírnarlaug, sem og land í óskiptu á móti Eystri-Þurrár II. Hraun verður áfram í óskiptri sameign Ytri- og Eystri-Þurrár I í landskiptagerð þessari.

4. Hlunnindum svo sem veiði, vatni, hitaréttindum og jarðefnum er ekki skipt með landskiptagerð þessari. ...

5. Arður af jarðefnasölu á Hellsheiði skal skiptast í eignahlutföllum sem teljast jöfn.¹⁷⁶

Eigendur Ytri-Þurrár leigðu Skandís ehf. einkarétt til gjallvinnslu í landi Ytri-Þurrár á Hellsheiði, austan Stóra-Reykjafells, til fimm ára (hófst 1. janúar 1997) með forleigurétti samkvæmt samningi 19. nóvember 1996.¹⁷⁷

Kaupsamningur milli eigenda Ytri-Þurrár og Orkuveitu Reykjavíkur um sölu á hluta Ytri-Þurrár í óskiptu landi með Eystri-Þurrá I ofan fjalls var gerður 8. janúar 1999. Vísað var til eignarheimilda, landamerkjabréfs Eystri-Þurrár 1885, landamerkja milli Þóroddsstaða og Ytri-Þurrár 1889, dómssáttar um landamerki 1970, landskipta 1950, 1966 og 1988, eignayfirlýsinga 1994 og 1996 og efnistökusamnings 1996.¹⁷⁸ Landskiptagerð vegna sölu á óskiptu landi Ytri-Þurrár og Eystri-Þurrár I ofan fjalls er frá 8. janúar 1999¹⁷⁹ og afsal fyrir hluta Ytri-Þurrár í landinu gefið 21. apríl 1999.¹⁸⁰

Eigandi Eystri-Þurrár I afsalaði Orkuveitu Reykjavíkur sínum hluta í óskiptu landi Eystri-Þurrár I og Ytri-Þurrár 21. apríl 1999 en kaupsamningur var gerður 8. janúar sama ár. Afsalið er efnislega samhljóða afsali fyrir hlutanum úr Ytri-Þurrá.¹⁸¹

5.4.6. Núpar

Núpar voru landnámsjörð Álfs egðska samkvæmt Landnámu.¹⁸²

¹⁷⁶Skjal nr. 5(63).

¹⁷⁷Skjal nr. 5(67).

¹⁷⁸Skjal nr. 5(68).

¹⁷⁹Skjal nr. 5(69).

¹⁸⁰Skjal nr. 5(70).

¹⁸¹Skjöl nr. 5(77 og 207).

¹⁸²Skjal nr. 4(128). S. 390, 319–393.

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 kemur fram að kirkjan að Núpum eigi 10 hundruð í heimalandi.¹⁸³

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 er að finna svohljóðandi umsögn um Núpa:

Haga selur ábúandinn fyrir x álnir árlega bóndanum á Vötum. Hjer fyrir utan gengur annara nágranna peníngur í líðunarsemi í búfjárhögunum og gjörir þó stundum skaða tünnum og engjum. Öngvan toll þiggur bóndinn hjer fyrir. ...

Hvannatekja og rótagröftur hefur nokkuð lítill verið, er þó mjög erfiður og að litlu gagni, þó að brúkaður sje.¹⁸⁴

Á manntalsþingi, sem haldið var að Bakkárholti 15. maí 1726, var:

... upplesenn logfesta Heiðurlegs Kiennemanns Sr. Alfs Gíjlsasonar í KalldadarNese fyrer Nupum j Ölvese ad tilteknum Landamerkjum, Dat. 15. Majj 1726.¹⁸⁵

Þess er einungis getið að lögfestan hafi verið lesin upp, efni hennar er ekki tilgreint.

Svohljóðandi lögfesta fyrir Núpum var undirrituð 17. maí 1817 og þinglesin tveimur dögum síðar:

Her logfesti eg í Dag abylijsjörd mína er Nupar Heita Akra og Tödur Eingiar Holt og Haga Votn og Veidestade og allar þær Landsnytjar er nefndrar Jardar Lande fylgja til ummerkja er adrir menn eiga í móti mér bædi að ordi fullu og Lög máli Réttu eftir þeim Landamerkjum sem hér greinir, og byrja þá fyrst a Hól þeim er Strutur heitir og beint í árfarið i Vatnz Skardi, þaðan a fjall upp eptir árfarinu og í Fót á Hverahlíd so austur yfir Hraunið og í sama árfar alt innad Lamba Vadi a Varmá so eptir henni alt ad Hellu Vade þaðan beina stefnu fram hia Nupa fialls enda og i Hólinn Sogaborg og þaðan i Sandarbotn [eða Saudarbotn] eptir henni i Vatnatiörn og eftir Skammár lækjar gamla farveg i Altfár ós fylgja so Mörkinn Læknum alt þar til fyrrnefndur Strutur er kominn opið Vatnsskard. Fyrirbyd eg Hvörjum manni hedann af í ad Vinna Beita edur sér ad nyta nema mitt se Lof edur Leyfi til ...¹⁸⁶

Undir þessa lögfestu skrifaði Þórður Magnússon.

Hinn 12. maí 1823 skrifuðu ábúendurnir á Núpum undir yfirlýsingu þar sem fram kom að þeir krefðust þess að ferðamenn héldu sig við ákveðna leið er þeir færu yfir svokallaðar Núpsbringur sem eru:

... austan verdt við Þurarhraun ...

Í yfirlýsingunni kom einnig fram að ferðamönnum væri bannað að á í þeim hluta Núpsbringna sem ábúendur nýttu til slægna en það svæði var:

¹⁸³Skjal nr. 4(28). Sömu upplýsingar koma fram í Gíslamáldaga frá um 1570, sbr. skjal nr. 4(29).

¹⁸⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 420.

¹⁸⁵Skjal nr. 2(31).

¹⁸⁶Skjal nr. 2(27) a–b.

öll sú mýri, sem liggur vestanverdt við læk þann, sem rennur undan fjallinu nidureptir bríngunum.

Ábúendur Núpa gerðu þó undantekningu fyrir þá sem nauðsynlega þurftu að hvíla sig þar. Þeim var þó aðeins leyft að á í:

mýri sem liggur vestanverdt við svokallaða Sanda fyrir neðan veigin.¹⁸⁷

Ný lögfesta fyrir Núpa var undirrituð 4. maí 1827 og þinglesin 14. maí sama ár. Efni skjalsins er samhljóða lögfestunni frá 17. maí 1817 nema hvað stafsetningin er ekki nákvæmlega sú sama og tveir eigendur eru að jörðinni. Undir lögfestuna skrifa Þórður Magnússon og Sæmundur Steindórsson.¹⁸⁸

Í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar í Arnarbæli frá 1840 segir um Núpa:

Þaðan í landnorður undir Núpafjalli er bærinn Núpar, 18 hndr. að dýrleik, víðlend hagajörð og heyskapur í betra lagi.¹⁸⁹

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að á jörðinni Núpum sé:

Uthagi víðlendur og allgoður sumar og haust; vetrarhagar töluverðir, en léttir. ... smalamennska örðug og dýrbítur töluverður.

Í matinu er tekið tillit til að þar er:

Örðugur heyskapur og smalamennska og dýrbítur eru þessari jörð til ókosta; allt annað er henni vel gefið.¹⁹⁰

Landamerkjabréf Núpa var undirritað 22. maí 1890 og þinglesið 10. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar þessi:

1. Milli Núpa og Kröggólfsstaðatorfu:

Úr þver línunni milli afrjeta og heimalanda beint í stein undan Svarthúfugili, sem er undir Núpafjalli, og úr honum í Vatnastekk og úr Vatnastekk beint í þúfu, sem hlaðin er upp á Fífuhólma, og úr þeirri þúfu í Alptaás,¹⁹¹ þar sem hann beygist fullt í vestur.

2. Milli Arnarbælis eptir Þorleifslæk út að garðbrotinu.

3. Milli Þurárlanda eptir garðbrotinu upp í Strút, og úr honum í gjána, sem er í Vatnsskarði og þaðan beina stefnu í þverlínuna, sem skilur heimalönd og afrjett.¹⁹²

¹⁸⁷Skjal nr. 2(28) a–b.

¹⁸⁸Skjal nr. 2(30) a–b.

¹⁸⁹Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 201.

¹⁹⁰Skjal nr. 2(25) a–b.

¹⁹¹Annars staðar er talað um Álfarós.

¹⁹²Skjal nr. 4(101) a–b.

Undir bréfið skrifuðu Þorgeir Þórðarson og M. Símonsson. Lýsingin var samþykkt af Guðna Símonarsyni og Eyjólfí Gíslasyni vegna Kröggólfsstaða og Vatna og Eyjólfí Gíslasyni vegna Þurár.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er nefnt að tvíþýli sé á Núpum og því er eftirfarandi umsögn samhljóða á báðum stöðunum:

Landamerki eru talin ágreiningslaus. ...

Beitilandið er gott sumarland, fremur víðlent. Vetrarþeir rýr.¹⁹³

Í fasteignamatinu 1932 eru jarðirnar Núpar I og Núpar II. Í kaflanum um Núpa I kemur fram að beitiland jarðarinnar er sæmilega rúmgott og skjólgott. Heimahagar verða fyrir ágangi fénaðar frá nágrannajörðum. Um landamerki jarðarinnar segir:

Landamerki skulu framlögð á sínum tíma.

Núpar II eru sagðir hafa sæmilega víðlent beitiland sem sé út frá túninu. Líkt og á Núpum I verða heimahagar jarðarinnar fyrir ágangi fjár af bæjum í nágrenninu. Landamerki Núpa II voru lögð fram á sínum tíma. Hvorug jarðanna á upprekstrarland en hafa hins vegar báðar afnot af Ölfusafreйти sem er kjarngott fjallendi.¹⁹⁴

Skátafélag Reykjavíkur fékk leigða til 50 ára landspildu úr landi Núpa árið 1943 umhverfis skála, sem félagið var að reisa, einnig fylgdu afnot af jarðhita til upphitunar skálans og baðstofu. Uppdráttur sýndi takmörk spildunnar.¹⁹⁵ Þessi samningur féll úr gildi með nýjum samningi 5. júní 1947 sem einnig var til 50 ára en náði til skála þeirra, sem félagið hafði reist og var að láta reisa. Samkvæmt meðfylgjandi korti er landið suðaustan í Skarðsmýrarfjalli og austan þess.¹⁹⁶

Eigandi Núpa leigði félaginu „Klúbbur 16“ u.þ.b. 30 hektara lands til 25 ára 11. ágúst 1945. Var það leigt til þess að reisa þar skíðaskála en heimilt að reisa þar önnur mannvirki, rækta tún og matjurtagarða, bora eftir heitu vatni og nýta sér það.¹⁹⁷ Kort, sem sýndi staðsetningu landsins, fylgdi ekki skjölum óbyggðanefndar.

Eigendur Núpa leigðu félaginu „Svartstökkum“ 400 m² lóð í Núpalandi (ótiltekið hvar) undir og umhverfis skíðaskálann „Surt“ til 30 ára, með umferðarrétti að skálanum, 7. nóvember 1970.¹⁹⁸

Landamerki Núpa, Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár voru ákveðin með dómssátt 4. desember 1970:

Milli jarðanna ræður garðlag frá „Strúti“ austur að Þorleifslæk (Varmá). Frá „Strúti“ til norðurs ræður sjónhending um gjána í Vatnsskarði til afréttar í Þverlínu, sem skilur heimalönd og afrétt - allt eins og sýnt er á meðfylgjandi

¹⁹³Skjal nr. 2(22).

¹⁹⁴Skjal nr. 2(26).

¹⁹⁵Skjal nr. 5(197).

¹⁹⁶Skjal nr. 5(198).

¹⁹⁷Skjal nr. 5(199).

¹⁹⁸Skjal nr. 5(51).

ljósmynd af uppdrætti, sem gerður er af Ágústi Guðmundssyni, landmælingamanni, og dagsettur er 1. marz 1970, sbr. og meðfylgjandi ljósmynd af loftljósmynd, áritaðri af sama manni sama dag.¹⁹⁹

Eigendur Núpa afsöluðu eigendum Ytri-Þurár sínum hluta af námarétti í þeirra hluta af þeim hól í Kristnitökugígúnunum, sem landamerkjálfa milli Ytri-Þurár og Núpa fór yfir, 1. júní 1971. Að 15 árum liðnum félli ónýttur námaréttur eigenda Ytri-Þurár niður.²⁰⁰

Landskipti á Núpum fóru fram 8. febrúar 1983 þar sem felld voru úr gildi landskipti 25. janúar 1950 vegna nýbýlalands. Við landskiptin 1983 var eingöngu tekið til skipta heimaland neðan við fjallsrætur. Allt annað land og hlunnindi voru óskipt sameign.²⁰¹ Viðauki og samningur voru gerðir vegna hlunninda árið 1984, sem náðu aðeins til heimalands.²⁰²

Eigendur Núpjarðanna gerðu með sér samkomulag 19. mars 1997 um hlunnindi sem skyldu áfram vera í óskiptri sameign í samræmi við eignarhlutföll en landi ofan fjalls skyldu aðeins fylgja hlunnindin sem í því landi væri að finna og landi neðan fjalls hlunnindi sem þar væri að finna.²⁰³ Í framhaldi af þessu samkomulagi var gerður viðauki við landskipti 2. maí 1997.²⁰⁴

Núpaiegendur og Orkuveita Reykjavíkur gerðu með sér kaupsamning um land ofan fjalls 8. janúar 1999.²⁰⁵ Afsal var gefið út 21. apríl sama ár.²⁰⁶ Þar var vísað til landamerkjabréfa Núpa, Kröggólfsstaða og Vatna frá 1890, dómssáttar frá 1970 vegna Þurárjarðanna og Núpa og landskiptagerðar frá 1983, viðauka og samnings 1984, samkomulags og viðauka við landskipti 1997 og leigusamnings frá 1970 vegna skíðaskálalóðar.

5.4.7. Kröggólfsstaðatorfa (Kröggólfsstaðir, Þúfa og Vötn)²⁰⁷

Í Vilchinsmáldaga frá 1397 kemur fram að eftir sögu Erlings Jónssonar ætti kirkjan í Nesi í Selvogi 6 hundruð í Þúfulandi.²⁰⁸

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um vesturhluta Ölfuss var tekin saman árið 1708. Þar má finna eftirfarandi umsögn um Kröggólfsstaði:

Land er so lítið, að kaupa þarf haga vetur og sumar af staðarhaldaranum í Arnarbæli fyrir xxx álnir árlega. En vetur og sumar til Núpa fyrir óákveðinn

¹⁹⁹Skjal nr. 5(41).

²⁰⁰Skjal nr. 5(200).

²⁰¹Skjal nr. 5(42).

²⁰²Skjöl nr. 5(43 og 44).

²⁰³Skjal nr. 5(45).

²⁰⁴Skjal nr. 5(46).

²⁰⁵Skjal nr. 5(52).

²⁰⁶Skjal nr. 5(53).

²⁰⁷*Sunnlenskar byggðir* III. S. 348–350.

²⁰⁸Skjal 4(65).

góðvilja, sem þeirra á millum forlíkast.²⁰⁹

Í sömu Jarðabók segir svo um Vötn/Vetni:

Landþröng er mikil, so haga þarf til að kaupa vetur og sumar, og geldur ábúandinn þar fyrir til bóndans á Núpum x álnir reglulega.²¹⁰

Kröggólfsstaðir voru seldir undan Skálholtsstóli 1. ágúst 1787 og í kjölfarið fylgdu Vötn. Þau voru seld 26. janúar 1791.²¹¹

Í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar frá 1840 koma eftirfarandi upplýsingar fram um Kröggólfsstaði, Vötn og Þúfu:

Þaðan í landsuður [frá Núpum] liggur svokallað Bæjapörp, norðanvert við Varmá, n(efni)lega Vetnir, Kröggólfsstaðir, báðar stólsjarðir, og Þúfa, 10 hndr. Þar er góður og mikill heyskapur, en hagaþröngt; teljast þær með bestu jörðum í Ölvesi.²¹²

Fjallað er um Kröggólfsstaðatorfuna í jarðamatinu frá árinu 1849. Lýsing á jörð og mat á henni eru höfð aðskilin. Hér er greint á milli þessara þátta með skástriki (/) og er lýsingin fyrst.

Í kaflanum um Kröggólfsstaði stendur eftirfarandi:

Uthagi er líttill og léttur, vetrarþeir engin. ... Dyrþítur er nokkur hér. / ... hagaleysi ríra þessa jörð, en tún og engjar gilda hana ... og þó afkoman sé vís á sumrum, er hún þó góð á vetrum þegar heyin notast vel.

Fram kemur að á Þúfu sé:

Uthagi ... enginn, og ábúandinn má kaupa beit bæði sumar og vetur. ... smalamennska fremur erfið, dyrþítur nokkur. ... / Hagleysi, fremur erfið smalamennska og dýrþítur hljóta að ríra nokkuð verð þessarar jarðar. ...

Í umfjölluninni um býlið Vötn stendur meðal annars:

Úthagi sárlíttill og lettur og hagþeir aðþeypt sumar og vetur. ... og dýrþítur nokkur. / Hagþeirarleysi, hættur og dyrþítur eru þessari jörð til galla, en til sérlegra kosta getur henni ekkert talist. ...²¹³

Landamerkjabréf jarðanna Kröggólfsstaða og Vatna var undirritað 4. júní 1890 og það þinglesið sex dögum síðar. Samkvæmt því eru landamerki jarðanna eftirfarandi:

1. Gagnvart Reykjatorfunni:

²⁰⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 418.

²¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 419.

²¹¹ Skjal nr. 4(1).

²¹² Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjásóknir“. S. 201.

²¹³ Skjal nr. 2(25) a–b.

Úr skjólgarðinum og þaðan eptir keldu, sem liggur í krókum fram að Farkeldupytti.

2. Gagnvart Arnarbæli:

Úr vörðu, sem hlaðin er upp við Farkeldupytt, í vörðu, sem hlaðin er upp á Bræðraborg, og þaðan beina stefnu í vörðu við Álptarós þar sem hann beygist fullt í vestur.

3. Gagnvart Núpum:

Úr Álptarós beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er upp vestast á Fífuhólma, og þaðan eptir upphlöðnum vörðum beina stefnu í Vatnastekk, og úr Vatnastekk í stein, sem er fyrir neðan Svarthúfugil, og þaðan beina stefnu til afrjetta.

4. Gagnvart Þúfu:

Úr ofanefndum skjólgarði í þúfu fyrir vestan Vatnakeldu og þaðan í lækjarfarveg á svonefndri Velliskák, og eptir þeim farveg í garðbrot, sem liggur á milli Þúfu og Kröggólfsstaða, og þaðan í Hundadal.

Þess skal geta, að heiðarland fyrir ofan bæina Kröggólfsstaði, Vötn og Þúfu, er óskipt (beitiland).²¹⁴

Undir bréfið skrifa umboðsmenn og eigendur Kröggólfsstaða: Guðni Símonsson, Nikulás Gíslason, Eyjólfur Gíslason. Lýsinguna samþykktu Ísl. Gíslason í umboði Nikulásar Jónssonar á Norðurkoti.²¹⁵ Þorgeir Þórðarson fyrir Núpa, Ísl. Gíslason vegna Arnarbælistorfunnar, Jón Jónsson fyrir Ölfusafrétt og Björn Jóhannsson fyrir Þúfu.

Landamerkjabréf Þúfu var undirritað 9. júní 1890 og því þinglýst næsta dag. Samkvæmt bréfinu eru landamerkin eftirfarandi:

1. Gagnvart Saurbæ:

Úr kekki, sem er við árfarið vestan til við „engjagarð“, sjónhending í stein, sem er rjett fyrir vestan túngarðinn í Litla-Saurbæ, þaðan sjónhending í „Hengladalalág“, þaðan sömu stefnu til afrjettar.

2. Gagnvart Reykjatorfu:

Úr ofanefndum kekki, eptir árfarinu vestur að „Þúfuskjólgarði“.

3. Gagnvart Kröggólfsstöðum og Vötnum:

Úr ofanefndum skjólgarði beina stefnu í kökk vestan við „Þúfukeldu“, þaðan eptir lækjarfarvegi upp á móts við „Kross-stykki“, þaðan beina stefnu í gamalt grjótgardlag, sem liggur á milli túngarðanna á Þúfu og Kröggólfsstöðum, þaðan beina stefnu vestan í „Hundadal“.²¹⁶

Undir bréfið skrifar Björn Jóhannsson, eigandi og umboðsmaður Þúfu. Lýsinguna samþykktu Þorgeir Þórðarson vegna Saurbæjar, Eyjólfur Gíslason vegna

²¹⁴Skjal nr. 4(100) a–b.

²¹⁵Norðurkot mun vera annað nafn á Reykjakoti.

²¹⁶Skjal nr. 4(99) a–b.

Valla, Guðni Símonsson og Nikulás Gíslason vegna Kröggólfsstaða og loks Gísli Guðmundsson vegna Reykjatorfunnar.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Kröggólfsstaði:

Landamerki? ...

Beitilandið er gott, heiðlendi til fjalls. Engin vetrarheit. Smalamenska erfið.²¹⁷

Einnig eru eftirfarandi umsagnir, sú fyrri um Þúfu og sú seinni um Vötn:

Landamerki eru talin ágreiningslaus. ...

Beitilandið er létt, heiðlendi til fjalls, snjóþingsli, engin vetrarheit; ... Smalamenska erfið.²¹⁸

Fasteignamatið 1932 segir um Vötn að jörðin verði ekki fyrir ágangi afréttarfjár. Landamerkjabréf hennar er hjá sýslumanni. Hluti beutilands Kröggólfsstaða er lélegt heiðarland. Minna er um ágang fjár á jörðinni en áður því tún og engjar eru afgirt. Landamerki jarðarinnar eru innrituð hjá sýslumanni. Beutiland Þúfu er lítið og lélegt. Jörðin þarf ekki að þola ágang afréttarfjár. Landamerkjabréf jarðarinnar er hjá sýslumanni. Engin jarðanna þriggja á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar allar afnot af Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi.²¹⁹

Beutilandi Vatna var skipt úr sameiginlegu beutilandi Kröggólfsstaða og Þúfu ásamt 1/12 af beutilandi Kröggólfsstaða, sem ábúandi Vatna taldi sig eiga, 29. desember 1942. Öllum hlutaðeigandi var boðið til skiptanna, aðeins ábúandi Vatna mætti. Skiptin urðu þessi:

Vatnaland nær að Núpamörkum að vestan samkvæmt landamerkjabréfum Núpa og Kröggólfsstaðatorfunnar.

Úr suðvesturhorni sauðhústöftarinnar sem er í landamerkjalinu Núpa og Kröggólfsstaðatorfunnar og hornrétt á þá línu austur eru mældir 249 m. og þar hlaðin varða, og í þeirri vörðu skal vera steypur steinn með stöfunum V. K.

Frá Bleikskletti, sem er við rætur Núpafjalls og í áðurgreindri landamerkjalinu, er mæld lína í austur og hornrétt á fyrnefnda landamerkjalinu 230 m. löng, og þar hlaðin varða með sömu ummerkjum og áður nefnd varða.

Landamerkjalinu Vatna og Kröggólfsstaða skal því vera úr túngirðingu Vatna og í beina stefnu eftir áður nefndum vörðum og í áframhaldandi beina línu í þverlínu, er skilur heimalönd og afrétti jarðanna.

²¹⁷Skjal nr. 2(22).

²¹⁸Skjal nr. 2(22).

²¹⁹Skjal nr. 2(26).

Vísað var til landskiptalaga nr. 46/1941, hvað varðar land, sem steypuefni væri tekið úr, en lenti mest allt í landi Vatna.²²⁰

Jörðin Þúfa, með öllum gögnum og gæðum, var seld Jarðeignasjóði ríkisins 23. nóvember 1973.²²¹

Vegna fyrirhugaðrar hraðbrautar á Helligheiði gerðu Landmælingar Íslands uppdrátt með mörkum þeirra jarða, sem áttu lönd undir veglínu hraðbrautarinnar. Voru þau dregin samkvæmt landamerkjabréfum, sem fylgdu beiðninni og öðrum upplýsingum frá ábúendum jarðanna. Um mörk Núpa annars vegar og Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu annars hins segir í bréfi 28. september 1971:

Í bréfi nr. 288 stendur: „Úr þverlínunni milli afréttar og heimalanda beint í stein undan Svarthúfugili, sem er undir Núpafjalli og úr honum í Vatnastekk“, og í bréfi nr. 289 stendur: „Úr Vatnastekk í stein, sem er fyrir neðan Svarthúfugil og þaðan beina stefnu til afréttar“.

Þar sem í báðum þessum bréfum er aðeins sögð bein stefna úr steininum undir Svarthúfugili í þverlínu eða til afréttar, en ekki talað um sömu stefnu eða sjónhendingu, er stefna markanna að þverlínunni óþekkt frá steininum undir Svarthúfugili og verður því ekki dregin á uppdráttinn samkvæmt nefndum bréfum.

Ingiber Guðmundsson, sem er fæddur að Núpum og búsettur þar um 25 ára skeið seldi núverandi ábúendum Núpaland. Hann bjó síðan á Kröggólfsstöðum í 15 ár.

Hann telur að mörkin séu bein lína úr Álftarós í þúfuna, sem er hlaðin upp á Fífuhólma í Vatnastekk og um stein undir Svarthúfugili til afrétta. Hann telur ennfremur, að línan hafi legið vestan Hengladalsár og um Skarðsmýri. Er markalínan dregin á uppdráttinn samkvæmt upplýsingum Ingibers.²²²

Landskipti milli Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu voru gerð 2. júní 1982. Skiptamenn voru ásáttir um að landamerki á engjalöndum héldust óbreytt frá því sem þau hefðu verið um margra ára bil og ekki væri ágreiningur um. Landskiptagerðin frá 1942 væri í gildi og merki teiknuð inn á loftmynd. Mælingar leiddu í ljós að afgirt nýrækt Vatnabónða, sunnan Þjóðvegarins til Þorlákshafnar, næði allnokkuð austur fyrir landamerki Vatna inn á óskipt land Kröggólfsstaða og Þúfu og félli eðlilega til Kröggólfsstaða samkvæmt landskiptunum.

3. Landamörk Kröggólfsstaða í hinu óskipta landi Þúfu og Kröggólfsstaða takmarkast að vestan af austurmörkum Vatnlands, sem áður er lýst.

²²⁰Skjal nr. 5(22).

²²¹Skjal nr. 5(23).

²²²Skjal nr. 8(78).

Að austan af línu samhliða framangreindum mörkum milli Vatna og Kröggólfsstaða, (austurmörk Vatnaland). Milli þessara samhliða lína er 362 m. breið landspilda, sem fellur til Kröggólfsstaða og takmarkast að sunnan af túngirðingu heima við gamla túnið að Vötnum og nær til fjalls í norðri.

4. Þúfuland liggur milli framangreindra austurmarka Kröggólfsstaðalands, 235,8 m. breið landspilda sem takmarkast að austan af vesturmörkum Litla-Saurbæjar, sbr. fskj. 2, sem er endurrit úr landamerkjabók Árnassýslu nr. 286 dags. 9. júní 1890, „Landamerki jarðarinnar Þúfu í Ölfushreppi gagnvart Saurbæ“. Þar segir: „Úr kekki sem er við árfarið vestan til við „engjagarð“, sjónhending í stein sem er rétt fyrir vestan túngarðinn í Litla-Saurbæ, þaðan sjónhending í „Hengladalalág“, þaðan sömu stefnu til afreitar.“ Um þessi landamerki er enginn ágreiningur.

Við þessi landskipti er tekið mið af fasteignamati þessara jarða eins og það er skráð árið 1861, sbr. fskj. 9, þó með þeirri breytingu, sem varð á mati Kröggólfsstaða er 1/12 hluti þeirrar jarðar gekk til Vatna, sbr. fskj. 5, 6, 7 og 8.²²³

Hinn 22. október 1985 gerðu eigandi Kröggólfsstaða og Þúfu (landbúnaðarráðuneytið) og eigandi Vatna leigusamning við Silfurlax hf. um nýtingu vatnsréttinda, heitra og kaldra, í óskiptri sameign jarðanna, samkvæmt landskiptagerðinni 1982. Samningurinn gildir til ársloka 2035.²²⁴

Landbúnaðarráðuneytinu barst árið 1990 fyrirspurn frá Vegagerð ríkisins varðandi efnistöku úr Núpanámum, sem mun hafa lotið að Kröggólfsstöðum, Þúfu og Vötnum. Í svari ráðuneytisins 26. apríl sama ár segir svo:

Af tilvitnuðu ákvæði skiptagerðarinnar [frá 2. júní 1982, varðandi steypufni-eða malartöku og vatnsréttindi] og með vísan til 3. gr. landskiptalaga telur ráðuneytið augljóst, að allar námur séu í óskiptri sameign jarðanna þriggja, ásamt öðrum þeim verðmætum, sem þar eru upp talin. Skiptir þá ekki máli þótt efni sé tekið í úrskiptu landi einnar jarðar.²²⁵

Hitaveita Reykjavíkur gerði eigendum Vatna kauptilboð í hluta jarðarinnar í óskiptu landi ofan fjalls með öllu sem fylgja bar 31. ágúst 1998. Um var að ræða 29,56% hlutdeild í 6,65 km² lands, sem taldist til háhitasvæðis, og 0,02 km² lands sem ekki taldist háhitasvæði.²²⁶ Landskipti voru staðfest af eigendum Vatna og fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins 9. og 10. nóvember 1998 og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps 18. febrúar 1999. Aðalefni landskiptanna var svohljóðandi:

Sá hluti jarðarinnar Vatna, sem er í óskiptri sameign með jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu ofanfjalls, er með landskiptum þessum skipt út úr landi Vatna. Hið óskipta land jarðanna ofan fjalls er sýnt sem land nr. 3 á

²²³Skjöl nr. 5(25 og 202).

²²⁴Skjal nr. 5(26).

²²⁵Skjal nr. 5(201).

²²⁶Skjal nr. 5(29).

upprætti Forverks hf., sem er í mælikvarðanum 1:50000 (teiknínúmer 01) dags. í október 1998 sem fylgir landskiptum þessum og telst hluti þeirra. Samkvæmt framangreindum upprætti er landstærð samtals 590 ha., og eru 479 ha. sunnan þverlínu 1, en 111 ha. milli þverlínu 1 og þverlínu 2. Eignarhluti Vatna er 29,56% í framangreindri sameign fyrrnefndra jarða ofanfjalls.²²⁷

Kaupsamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda Vatna var gerður um landið ofan fjalls 8. janúar 1999²²⁸ og afsal gefið út 21. apríl s.á. Í afsalinu er vísað til landamerkjabréfa Kröggólfsstaða og Vatna 1890 og Þúfu s.á., og landskipta 1942 og 1982.²²⁹ Lýsing hins selda lands er samhljóða landskiptagerðinni.

Landskipti vegna Kröggólfsstaða og Þúfu úr óskiptri sameign Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu ofanfjalls voru staðfest af landbúnaðarráðuneytinu 5. febrúar 1999. Taldist eignarhluti Kröggólfsstaða og Þúfu 70,44%.²³⁰

Kaupsamningur milli landbúnaðarráðherra og Orkuveitu Reykjavíkur um land Kröggólfsstaða og Þúfu í óskiptu landi ofan fjalls var gerður 3. febrúar 1999²³¹ og afsal gefið út 22. ágúst 2000. Í afsalinu er vísað til landamerkjabréfa Kröggólfsstaða og Vatna 1890 og Þúfu sama ár, og landskipta 1942 og 1982 og byggingarbréfa fyrir Þúfu 1973/1974 og Kröggólfsstöðum 1994.²³²

5.4.8. Saurbær

Í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 kemur fram að kirkjan á Reykjum átti:

.xxx. letorfs arliga j Saurbær land.²³³

Saurbær var seldur undan Skálholtsstóli 26. janúar 1791.²³⁴

Eftirfarandi upplýsingar um Saurbæ koma fram í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar í Arnarbæli:

Þaðan í landsuður [frá Núpum] liggur svokallað Bæjaþorp, ... Þar er góður og mikill heyskapur, en hagaþröngt; teljast þær með bestu jörðum í Ölvesi. Í landnorður þaðan er Saurbær, Yxnalækur, Ossabær, allar stólsjarðir. Liggja þær norðanvert við Varmá, rýrari að gæðum þeim fyrrnefndu, en hagarýmri.²³⁵

Í jarðamatinu 1849 er eftirfarandi umsögn um Saurbæ:

²²⁷Skjal nr. 5(30).

²²⁸Skjal nr. 5(31).

²²⁹Skjal nr. 5(34).

²³⁰Skjal nr. 5(33).

²³¹Skjal nr. 5(32).

²³²Skjal nr. 5(35).

²³³Skjal nr. 4(38). Þess er aftur getið í máldaga frá 1553–1554 og í Gíslamáldaga frá um 1570, sbr. skjöl nr. 4(37 og 39).

²³⁴Skjal 4(1).

²³⁵Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 201.

Útrými nokkurt og allbærilegt sumar og haust, en vetrarþeiti lítilfjörleg. ... fremur orðug smalamennska og ekki laust við dýrbít.

Í matinu segir meðal annars:

... orðug Smalamennska er þessari jörð til rírdar.²³⁶

Í ritinu *Sunnlenskar byggðir III* bindi kemur fram að um 1850 var fjórði hlutinn úr Saurbænum gerður að sérstakri jörð sem hlaut nafnið Litli-Saurbær.²³⁷

Landamerkjalyking Öxnalækjar í Ölfushreppi, sem er ódagsett, var þinglesin 29. maí 1889. Þar kemur eftirfarandi fram um merki móti Saurbæ:

Að vestanverðu milli Yxnalækjar og Saurbæjar úr áðurgreindri opnu eptir gömlu árfari er liggur til vesturs í þúfu sem er á milli svo kallaðrar spildu og miðengis. Úr þeirri þúfu í vörðu á milli tjeðra bæja beina stefnu í svokallaðann skyggir úr skyggirnnum sömu stefnu í áður greinda Hengladala á. Engjastykki sem kallað er Yxnalækjar-Reyn á jörðin austur í Reykjatorfu engjum.²³⁸

Landamerkjabréf Saurbæjar var undirritað 25. maí 1890 og það þinglesið 10. júní sama ár. Samkvæmt því eru landamerki jarðarinnar svohljóðandi:

1. Yxnalækur: Úr Raufarbergi við Hengladalaána og í svonefndan Signir, og úr honum í vörðu, sem hlaðin er upp milli Saurbæjar og Yxnalækjar, og svo þaðan í markþúfu við Varmá; úr þeirri vörðu í lækjarmunna, sem rennur úr Opnunum.
2. Vorslabær: Úr opnunum [blekið hefur verið skafið af og skrifað ofan í] eptir uppsettum Markaþúfum beint í þúfu fyrir vestan Engjagarð (hornmark).
3. Reykjatorfan: Úr áður nefndu hornmarki eptir árfarinu í þúfu, sem er hornmark milli Saurbæjar og Þúfu.
4. Þúfa: úr síðast nefndu hornmarki eptir uppsettum þúfum og í stein, sem er við Litla-Saurbæjartún að vestan, og úr þeim steini beina stefnu uppí Hengladalalág og þaðan beina leið inni þverlínu sem skilur heimaland og afrjett.²³⁹

Lýsingin var undirrituð af Þorgeiri Þórðarsyni og Gísla Guðmundssyni, eigendum Saurbæjar. Einnig skrifuðu undir Gísli Guðmundsson vegna Reykjatorfu, G. Guðmundsson vegna Öxnalækjar og Björn Jóhannsson vegna Þúfu.

Í fasteignamatinu 1916–1918 er einungis einn Saurbær tilgreindur en um hann segir:

²³⁶Skjal nr. 2(25) a–b.

²³⁷*Sunnlenskar byggðir III*. S. 351.

²³⁸Skjal nr. 4(174).

²³⁹Skjal nr. 4(98) a–b.

Landamerki eru þinglesin og vafalaus. ... Beitolandið er þröngt og rýrt, ...
Smalamenska erfið.²⁴⁰

Í kaflanum um Litla-Saurbæ í fasteignamatinu 1932 segir að beitolandið sé afskipt og frekar rýrt. Síðan girt var hefur jörðin ekki þurft að þola mikinn ágang afréttarfjár. Stóri-Saurbær hefur lélegt beitoland og þarf ekki að þola ágang afréttarfjár. Landamerkin eru innskrifuð hjá sýslumanninum. Hvorug jarðanna á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar báðar afnot af Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi.²⁴¹

Landræma [sem tengist Stóra-Saurbæ], 40 x 938 m, 37.520 m², (í Kömbum) var seld Vegagerðinni undir Suðurlandsveg, 3. júlí 1972, kort fylgdi.²⁴²

Eigendur Stóra-Saurbæjar seldu Orkuveitu Reykjavíkur hluta jarðarinnar, þ.e. allan eignarhluta Stóra-Saurbæjar í óskiptu landi með Litla-Saurbæ I ofan fjalls, með öllu sem fylgdi og fylgja bar, þar með jarðhitaréttindum. Kaupsamningur var gerður 8. apríl 1999 og í honum er vísað til skiptayfirlýsinga frá árunum 1971, 1992, 1994, landamerkjabréfs Saurbæjar 1890, helmingaskipta á beitolandi Stóra- og Litla-Saurbæjar og afsals frá árinu 1972.²⁴³ Landskiptagerð vegna Litla-Saurbæjar I og Stóra-Saurbæjar, þar sem umræddu landi var skipt út úr jörðunum, er frá 8. janúar 1999 og var hún samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps 11. febrúar sama ár. Afsal var síðan gefið út 21. apríl það ár.²⁴⁴

Býlið Litli-Saurbær II mun hafa orðið til með því að eigandi Litla-Saurbæjar seldi syni sínum fyrst 17,4 ha (26. ágúst 1953) og síðan u.þ.b. 20 ha spildur úr landi jarðarinnar 14. september sama ár. Af því voru 20 ha í heiðinni ofan bæjar.²⁴⁵ Nafnið Litli-Saurbær II var heimilað 3. september 1953.²⁴⁶ Árið 1957 fékk Litli-Saurbær II meira land frá Litla-Saurbæ I, einnig fylgdi 1/3 beitaréttinda í óskiptu landi Litla-Saurbæjar, svo og „auðsréttindi“ að einum þriðja.²⁴⁷

Landræma, 40 x 340 m, 13,600 m², úr löndum Litla-Saurbæjar I og II var seld Vegagerðinni undir Suðurlandsveg 8. júlí 1972.²⁴⁸

Litli-Saurbær I, þ.e. landið neðan við veg, sem liggur ofan í bæjaþorpið, með gögnum og gæðum (landið ofan vegar fylgdi ekki) var seldur með afsali 27. september 1986.²⁴⁹ Síðan skuldbundu fyrri eigendur Litla-Saurbæjar I sig 27. október

²⁴⁰Skjal nr. 2(22).

²⁴¹Skjal nr. 2(26).

²⁴²Skjal nr. 5(5).

²⁴³Skjal nr. 5(9).

²⁴⁴Skjöl nr. 5(10 og 11).

²⁴⁵Skjöl nr. 6(3 og 4).

²⁴⁶Skjal nr. 6(5).

²⁴⁷Skjal nr. 6(6).

²⁴⁸Skjal nr. 5(14).

²⁴⁹Skjöl nr. 6(8 og 9).

1986 til að afhenda eiganda Litla-Saurbæjar II 17,4 ha úr sameiginlegu landi Litla-Saurbæjar I ofan vegar í stað lands frá Litla-Saurbæ II sem fylgdi í sölnni.²⁵⁰

Ári síðar, 20. nóvember 1987, var Litli-Saurbær I seldur án þess að minnst væri á þá skiptingu, sem talað var um við sölnuna 1986.²⁵¹

Eigendur Litla-Saurbæjar I seldu Orkuveitu Reykjavíkur hluta jarðarinnar, þ.e. allan eignarhluta Litla-Saurbæjar I í óskiptu landi með Stóra-Saurbæ ofan fjalls, með öllu sem fylgdi og fylgja bar, þar með jarðhitaréttindum. Kaupsamningur var gerður 8. janúar 1999 en í honum er meðal annars vísað til landamerkjabréfs Saurbæjar 1890, landskipta á beitilandi Stóra- og Litla-Saurbæjar frá árinu 1942, afsals fyrir Litla-Saurbæ I frá árinu 1987, og athugasemda frá árinu 1989 við það afsal.²⁵² Landskiptagerð vegna Litla-Saurbæjar I og Stóra-Saurbæjar, þar sem umræddu landi var skipt út úr jörðunum, er frá 8. janúar 1999 og var hún samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps 11. febrúar sama ár. Afsal var síðan gefið út 21. apríl það ár.²⁵³

Ágreiningur hefur verið uppi um eignarrétt á þessu landi eins og kemur fram í kröfulýsingu eigenda Litla-Saurbæjar I og II, sem krefjast þess að spilda úr landi Litla-Saurbæjar I á Hellisheiði verði viðurkennd einkaeignarland þeirra, en þetta land var selt Orkuveitu Reykjavíkur 1999.²⁵⁴ Af þessu tilefni hafa verið höfðuð nokkur dómsmál. Því fyrsta var vísað frá með dómi Hæstaréttar 6. október 2000. Nýtt mál var höfðuð en það fellt niður með úrskurði 22. desember 2000. Enn var þingfest mál árið 2002 en því var vísað frá með dómi Hæstaréttar 1. september 2003 af því að málatilbúnaður þótti ekki nógu skýr.

5.4.9. Reykjatorfa (þ.e. Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross)

Reykir í Ölfusi eru færðir til bókar í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.²⁵⁵ Samkvæmt Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 átti kirkjan á Reykjum land á Völlum fyrir 20 hundruð, þriggja stakka engi sem bar nafnið Kirkjuhólmar [Kýrhólmar í einu handriti] og rétt til torfskurðar í Saurbæjarlandi (30 létorfs árlega).²⁵⁶

Í bréfi frá 1540 gefur Gissur biskup Einarsson, fyrir hönd dómkirkjunnar í Skálholti, Oddi Gottskálkssyni leyfi til þess að búa ævilangt á jörðinni Reykjum í Ölfusi og nýta sér öll hennar gæði og hlunnindi leigulaust. Einnig kemur fram í bréfinu að skógur sé í landi jarðarinnar.²⁵⁷

²⁵⁰Skjal nr. 6(11).

²⁵¹Skjal nr. 6(12).

²⁵²Skjal nr. 5(17).

²⁵³Skjöl nr. 5(10 og 19).

²⁵⁴Skjal nr. 6.

²⁵⁵Skjal nr. 4(35).

²⁵⁶Skjal nr. 4(30).

²⁵⁷Skjal nr. 4(31).

Fram kemur í bréfi, sem er talið vera frá því í nóvember 1540, að Gissur biskup Einarsson bannar öllum að byggja og bæla jörðina Reyki í Ölfusi nema með leyfi hans því jörðin sé eign dómkirkjunnar í Skálholti.²⁵⁸

Varðveitt er lögfasta Gissurar biskups og Skálholtsdómkirkju fyrir Reykjum sem mun vera frá 1541. Hún er með stöðluðu orðalagi og getur ekki landamerkja.²⁵⁹

Í máldaga Reykjakirkju frá 1553–1554 kemur fram að kirkjan með öllum sínum eignum tilheyri Skálholti. Þar er líkt og í Vilchinsmáldaga getið um Kirkjuhólma sem nú er skilgreint sem þriggja rasta engi. Jafnframt er minnst á rétt til torfskurðar í Saurbæjarlandi (30 létorfs árlega). Hins vegar er ekki minnst á Velli.²⁶⁰ Gíslamáldagar frá 1570 og síðar eru samhljóða því sem tilfært hefur verið úr Vilchinsmáldaga hér að ofan.²⁶¹

Hinn 3. ágúst 1642, í biskupstíð Brynjólfs Sveinssonar, var kirkjan á Reykjum vísiteruð. Í vísitasubókinni kemur eftirfarandi fram:

Visiterud Heilags Laurentii Kyrkja ad Reykium A land ad völlum fyrer xx hndr. ... hun á epter Maldaga herra Giisla Jonssonar þriuu Stax eingi er heita Kyrckiuhólmar, þriatiier lietorfs arlega i Saurbæar land ... enn huad vantar a Visitatiu Bók Herra Giisla J þessu ok odru Biifalar biskupinn Alfi Giislasyni ad lögsækia og dominn Jnnan Jafnleingdar ad afhenda til Skalhollts, ad hann meinar ad erfiingium herra Odds Einarssonar edur þeim sem þeir ad lögum til vísa Suo kyrckian nái Siinu.²⁶²

Sömu upplýsingar koma fram í vísitasíu Þórðar Þorlákssonar sem gerð var 1679 (líklega 31. ágúst) en þar segir um stakksengin þrjú er heita Kirkjuhólmar:

... þikest nu einginn vita huar finnast eigi ...²⁶³

Aðalatriði vísitasía úr biskupstíð Jóns Vídalíns, frá 15. september 1704, Jóns Árnasonar, frá 5. maí 1723, Ólafs Gíslasonar, frá 17. júní 1750, og Finns Jónssonar, frá 23. ágúst 1756 eru samhljóða vísitasíunni frá 1642 og því vísast til hennar.²⁶⁴ Í vísitasíu Steingríms Jónssonar frá 5. ágúst 1829 segir hins vegar:

... hún á Jordena Velli 20 hndr. ad dyrleika, 3 StakkaEingi sem heita Hólmar, Skógarhögg í Stángarhálsi móts vid Arnarbælis kyrkiu og 30 Lietorfs árl. i Saurbæar Lande ...²⁶⁵

Í lýsingu Hálfðanar Jónssonar á Ölfushreppi frá árinu 1703 er getið merkja Reykja og „afréttar“.

²⁵⁸Skjal nr. 4(32).

²⁵⁹Skjal nr. 4(34).

²⁶⁰Skjal nr. 4(36).

²⁶¹Skjal nr. 4(37).

²⁶²Skjal nr. 2(1).

²⁶³Skjal nr. 2(2).

²⁶⁴Skjöl nr. 2(3, 4, 5 og 6).

²⁶⁵Skjal nr. 2(7).

Nefnd á [Kaldá], þar hún nú rennur í nokkrum gljúfrum, hefur hún fyrir sunnan sig Saurbæjarhraun so kallað, hvort liggur til norðurs frá Kömbum, en að norðanverðu liggur Árstaðafjall. Þar við ána í fjallinu er gat á berginu og kallast Raufarberg, hvar með Reykjaland aðgreinist frá afréttinum.²⁶⁶

Einnig segir Hálfðan Raufarberg vera landamerki Ölfusvatns og Reykja.²⁶⁷

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1706 er að finna eftirfarandi umsögn um Reykjakot:

Hjábýli frá Reykjum og bygt í jarðarinnar landi (fyrir þeirra minni, er nú lifa) óskiftu.²⁶⁸

Um Reyki segir Jarðabók Árna og Páls:

Fjallhagar jarðarinnar eru á sumar góðir, en um vetur snjógjarnir, þar hæðir eru allvíða að melum og skriðum orðnar.²⁶⁹

Og Reykjahjáleigu:

Reikiahjáleiga er bygd í heimajarðarinnar túni. ...

Kostir allir og ókostir eru sem um heimajörðina talar.²⁷⁰

Jarðabók Árna og Páls segir um Kross:

Kross. Hjáleiga frá Reykjum, bygd í jarðarinnar heimalandi óskiftu fyrir manna minni [leiðrétt úr, manni], sem nú lifa, og er ekkert fyrirsvar á. ... Kostir flestir og ókostir sem heimajarðarinnar.²⁷¹

Að lokum er eftirfarandi upplýsingar að finna um Velli, hjáleigu Reykja, í jarðabókinni:

Jörðin liggur í óskiftu landi jarðarinnar Reykja.²⁷²

Hinn 1. ágúst 1787 voru Reykir ásamt hjáleigum, þ.e. Reykjakoti (Norðurkoti), Reykjahjáleigu (Suðurkoti) og Krossi, seldir undan Skálholtsstól.²⁷³

Í tilkynningu, sem dagsett er 13. maí 1824 og þinglesin samdægurs, greindi bóndinn í Reykjakoti frá því að mikið af afréttarfé sveitunga hans leitaði í slægjuland í hans eigu. Að sögn bóndans olli þetta honum miklum búsisfjum og því krafðist hann þess að eigendur afréttarfjár í sveitinni sæju til þess að það héldi sig frá högum hans í framtíðinni.²⁷⁴

²⁶⁶Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 240.

²⁶⁷Hálfðan Jónsson. „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 246.

²⁶⁸Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 399.

²⁶⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 400.

²⁷⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 401.

²⁷¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 401–402.

²⁷²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 402–403.

²⁷³Skjal nr. 4(1).

²⁷⁴Skjal nr. 2(29) a–b.

Eftirfarandi upplýsingar um jarðir Reykjatorfunnar koma fram í sóknalýsingu séra Jóns Matthíassonar frá árinu 1840:

Þá til norðurs [frá Saurbæ, Yxnalæk og Ossabæ] Reykjakot í dalverpi. Það er haga- og kostajörð mikil. Austur með Reykjafjalli eru Reykir og Reykjahjáleiga, að gæðum og landsvíðáttu nokkuð rýrari. Þaðan í suður fyrir austan Varmá, mittlands í sveitinni, er Vellir og Kross, að gæðum í meðallagi.²⁷⁵

Jafnframt koma eftirfarandi upplýsingar fram hjá séra Jóni í Arnarbæli:

Í Reykjadölum eru þessir smádalir: Reykjadalur og Grændalur, báðir slægjulönd; liggja frá suðri til norðurs. Reykjafjöll halda að þeim.²⁷⁶

Á manntalsþinginu á Bakkárholti 22. maí 1841 var:

... lýst forbodi frá bóndanum Guðmundi Gíslasyni á Reikjakoti til Ölvesmanna, að skilji eptir afrettarfenad sinn í slæju- eða beitar- landi.²⁷⁷

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 eru hjáleigur Reykja, sem áður var stólsjörð, Reykjakot (Norðurkot), Reykjahjáleiga (Suðurkot) og Kross.²⁷⁸ Vellir eru þar sagðir eign Reykjakirkju. Neðanmáls kemur fram að jarðarinnar sé ekki getið í stólsjarðabókinni en hafi þó líklega verið seld með Reykjum, þ.e. 1. ágúst 1787.²⁷⁹

Í jarðamatinu frá árinu 1849 er fjallað um jarðir Reykjatorfunnar, þ.e. býlin Velli, Reyki, Reykjakot, Reykjahjáleigu og Kross. Fram kemur að jörðin Reykir eigi:

... land töluverðt og er það gott sumar og haust, en vetrarríki töluverðt. ... Beitilandið er ekki laust við skemmdir af skriðum. ... Hér er dyrbítur nokkur.

Um hjáleiguna Reykjakot segir eftirfarandi:

Engjar reitingslegar innanum fjallið og vegur þangað lánkur, brattur og grýttur. Úthagi víðlendur og kostagóður vetrarþéttur nokkur; uthaginn liggur undir skriðum. ... Smalamennska örðug og talsverður dyrbítur.

Um Reykjahjáleigu segir meðal annars í jarðamatinu:

Úthagi er hér hinn sami sem á Reykjum ... og dyrbítur sem þar.

Einnig er minnst á hjáleiguna Kross með eftirfarandi orðum:

Úthagi er lítill og lettur og líður af umferð vegfarenda; vetrarþéttur lítillfjörleg.

Í umfjöllun jarðamatsins um Velli stendur meðal annars:

²⁷⁵Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 201.

²⁷⁶Jón Matthíasson, „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 196–197.

²⁷⁷Skjal nr. 2(34).

²⁷⁸Skjal nr. 4(1).

²⁷⁹Skjal nr. 4(1).

Beitiland er lítið og sameiginlegt með Reykjum og örðugt til notkunar, bítst þarð auki mikill partur þess af hestum ferðamanna.

Meginatriði jarðamatsins sjálfs er eftirfarandi:

Landrými og landgæði eru kostir þessarar jarðar, en okostir eru erfiðleiki með smalamennsku og heyaðdrætti, dyrbítur og skriður.

Þetta mun eiga við allar jarðirnar sem fjallað er um hér að ofan nema Velli en um þá segir:

... Framfærslan álitst þó í meðallagi, en afrakstur peningsins sárlítill vegna meгурðar landsins og haganna, bæði töðu og útheys.²⁸⁰

Á manntalsþingi, sem haldið var á Bakkárholti 2. júní 1881, var þinglýst bréfi frá 13. maí sama ár en í því höfnuðu S. Sæmundsson á Elliðavatni og G. Guðmundsson á Reykjakoti þeim landamerkjum, sem Eyjólfur Gíslason á Vötnum lét þinglýsa vorið 1880, varðandi jarðirnar í Reykjatorfunni. Eyjólfur Gíslason mótmælti kröftuglega þessum viðhorfum tvímeninganna og taldi þau á misskilningi byggð.²⁸¹

Landamerkjabréf Reykjatorfunnar, þ.e. Reykja, Reykjakots, Reykjahjáleigu, Valla og Kross, var undirritað 23. ágúst 1884 og þinglesið 29. maí 1889. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Að suðvestan um Forkelldupitt eptir árfari er liggur til norðurs vestan með Reykjaengjum og liggur þetta árfar í krókum til norðurs alla leið í „Varmá“ vestan til móts við Vossabæ, þaðan ræður Varmá alla leið inná móts við Reykjakotstún þaðan nefnist þessi á Hengladallsá og eptir stærsta farveg hennar eru mörkin inn að Helluvaði, sem er fyrir vestan Írstaðarfjall og úr Helluvaði beina stefnu til austnorður í einkennilega gjá, er liggur í krókum til norðurs. Eptir þessari gjá eru mörkin og úr nyrðsta gljúfri gjáarinnar beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnúka (hornmark), þaðan liggja mörkin til austurs um Raufarberg og yfir Brúkollublett norðan verðan, beina stefnu í grjóthól sunnan í Tjarnarhnjúkum, þaðan í bergnef sunnanvert við Álftartjörn. Þaðan beina stefnu austur yfir Folaldaháls í grjóthól er stendur einstæður í Killirssellsmýri og sömu stefnu austur yfir Klóarfjall og í hærsta melhrygg er skilur Klóarbugagil að sunnan og Villingaholtsvatnsbotna að norðan, og enn beint í vörðu sunnan við innri Efjumýri, en austan í Álút (hornmark).

Þaðan liggja mörkin til suðurs eptir uppsettum vörðum, austanvert með öllu Reykjafjalli beint alla leið fram í fögru brekku, framan í svokölluðum Múlum; þaðan liggja mörkin beina línu eptir vörðum, sem ~~þar eru uppsettar í dálitinn grjótmel sem er mitt á milli Reidingsholts og Reidingskletta og Móhólts~~ og enn sömu stefnu í Rauðalæk. [Fyrir ofan og aftan hinn

²⁸⁰Skjal nr. 2(25) a–b.

²⁸¹Skjal nr. 2(36).

yfirstríkaða texta hafa verið skrifuð nokkur orð og er þau eru lesin fæst eftirfarandi texti: austasta í hól sem <er> á Dagmálaholti úr hólum í vörðu á enginu.] Þaðan ræður Rauðilækur landamerkjum, þartil er krókóttur lækjarfarvegur liggur úr honum. Sá lækjarfarvegur skilur lönd allt að þúfu einni er stendur austanvert á svartsteigshorni (hornma<rk>). Úr þeirri þúfu liggja merkin til vesturs í svonefndan Forkeldupitt (hornmark), en þar byrjaði landamer<kja>lýsing þessi.²⁸²

Undir þetta skrifuðu Sæmundur Sæmundsson og Gísli Guðmundsson, eigendur Reykjatorfunnar. Lýsinguna samþykktu Jens Pálsson fyrir hönd prófastsins Jóh. Kr. Briem, eiganda Króks og Ölfusvatns, Þórunn Magnúsdóttir, Guðmundur Magnússon, Sigríður Þórðardóttir og Gísli Þórðarson sem eigendur Úlfljótsvatns í Grafningi og Sogns í Ölfusi, Ingimundur Gíslason, eigandi að hálfu Sogni, Björn Jóhannsson á Þúfu, Þorgeir Þórðarson á Núpum, Guðni Símonsson á Kröggólfsstöðum og Eyjólfur Gíslason vegna Gljúfurholts.

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Reyki:

Landamerki eru talin ágreiningslaus, þinglýst. ... Beitalandið er víðlent fjalllendi; góð sumarheit fyrir allar skepnur, skjólgott, snjóþungt, lítil vetrarheit. Smalamenska erfið.²⁸³

Um Reykjakot er að finna eftirfarandi umsögn:

Landamerki eru talin ágreiningslaus, þinglesin. ...

Beitalandið er kjarngott fjalllendi, snjóþungt, víðlent. Smalamenska erfið.²⁸⁴

Reykjahjáleiga fær svohljóðandi lýsingu:

Landamerki eru talin ágreiningslaus, þinglesin. ... Beitalandið er víðlent fjalllendi; góð sumarheit fyrir allar skepnur; skjólgott, snjóþungt; lítil vetrarheit. Smalamenska erfið.²⁸⁵

Í fasteignamatinu 1916–1918 er eftirfarandi umsögn um Velli:

Landamerki eru talin ágreiningslaus, þinglesin. ... Beitalandið er þröngt, engin vetrarheit, sumarheit rýr, einkum fyrir málnytupening. Smalamenska erfið.²⁸⁶

Loks segir svo um Kross:

Landamerki eru talin ágreiningslaus, þinglesin. ... Beitalandið er þröngt, engin vetrarheit, rýr sumarheit, einkum fyrir málnytupening. Ekki langt á það. Smalamenska erfið.²⁸⁷

²⁸²Skjal nr. 4(97). Sjá Þór Vigfússon. *Í Árneshöfði vestanverðu*. S. 157. Þar er talað um Kyllisfellsmyri en ekki Killirssellsmyri eins og hér er gert.

²⁸³Skjal nr. 2(22).

²⁸⁴Skjal nr. 2(22).

²⁸⁵Skjal nr. 2(22).

²⁸⁶Skjal nr. 2(22).

²⁸⁷Skjal nr. 2(22).

Í fasteignamatinu 1932 segir um Reykjakot að beitoland jarðarinnar sé víðlent og það sé bæði langt og stutt á það. Jörðin verður fyrir miklum ágangi af afréttarfé enda liggur hún að afréttinum. Beitoland Reykja er fjalllent, víðlent og skjólgott. Afréttarfé spillir jörðinni. Fram kemur um Reykjahjáleigu í fasteignamatinu 1932 að beitoland jarðarinnar sé fjalllendi og það sé víðlent og kjarngott. Jörðin verður fyrir ágangi afréttarfjár. Vellir hafa lítið og lélegt beitoland sem liggur að miklu leyti fjarri. Jörðin þarf að þola ágang afréttarfjár. Landamerki jarðarinnar eru sögð ágreiningslaus. Beitolandið er óskipt í Reykjatorfunni. Varðandi Kross kemur fram í fasteignamati 1932 að beitolandið er nærri. Landamerkjalyking fyrir jörðina Velli er til. Engin jarðanna í Reykjatorfunni á upprekstrarland. Þær hafa hins vegar allar afnot af Ölfusafrétti sem er kjarngott fjalllendi.²⁸⁸

5.4.10. Kolviðarhóll

Sæluhús var reist á Kolviðarhóli árið 1844. Stóðu presturinn í Arnarbæli í Ölfusi og bóndinn á Elliðavatni fyrir fjársöfnun til þess.²⁸⁹ Nýtt hús, sem byggt var með opinberum styrk og samskotum, var fullgert árið 1878 og hófst sæluhúsvarsla árið 1878 en búskapur árið 1883.²⁹⁰

Að beiðni Jóns Hjaltalíns landlæknis 31. ágúst 1874 var mælt út land í Sleggjubeinsdal inn af Bolavöllum en þar hugðist Jón reisa nýbýli. Í skýrslu, sem samin var í kjölfarið, kemur fram að hreppstjórar Ölfushrepps og Jón Hjaltalín hafi verið sammála um að nýbýlislandið væri afréttarland Ölfushrepps.

Í skýrslunni stendur einnig að niðurstaða skoðunarmannanna hafi verið sú að nýbýlið skyldi hafa eftirfarandi landamerki:

Úr Skarðsmýrarfjalls-horni syðsta beint í Sleggju, þaðan beint í Húsmúlabrún, þá eptir hæstu fjallabrúnum fyrir norðan innsta Hengladalsbotn í Strandarþúfu, þaðan beina stefnu í norðasta Skarðsmýrarfjallshorn og loks í hið fyrstnefnda hornmark.²⁹¹

Undir þessa útvísun skrifa Þ. Jónsson sýslumaður, Jón Hjaltalín landlæknir, Jón Árnason, Sigurður Gíslason, Hannes Hannesson, Þorlákur Guðmundsson, Ófeigur Vigfússon og Þorodur Gíslason.

Á öðrum stað í skýrslunni er nefnt að fyrrnefndir hreppstjórar hafi sent sýslumanninum í Árnassýslu álitserð um fyrirhugaða nýbýlisstofnun 20. júlí 1874. Í henni láta þeir í ljós þá skoðun sína að það væri mjög bagalegt fyrir hreppsúa ef nýbýlið yrði reist, því að staðurinn sem því var ætlað væri besta haglendið á öllum afrétti Ölfusinga, og lýstu þeir sig því andvíga þessum áformum. Hins vegar settu þeir

²⁸⁸Skjal nr. 2(26).

²⁸⁹Skúli Helgason. *Saga Kolviðarhóls*. Selfoss. 1959. S. 19. Skjal nr. 4(133). ÁR-721:012.

²⁹⁰Skúli Helgason. *Saga Kolviðarhóls*. S. 79–80 og 106–107. Skjal nr. 4(133). ÁR-721:014.

²⁹¹Skjal nr. 2(35) a–b.

sig ekki upp á móti því að Jón Hjaltalín hefði afnot af landinu í þeim tilgangi að safna steina- og jarðtegundum jafnvel þó að því fylgdi hugsanlega nokkurt umstang.²⁹²

Hinn 7. júlí 1884 bað Sigurbjörn Guðleifsson, sæluhúsvörður á Kolviðarhóli, amtmanninn yfir suðuramti um leyfi fyrir nýbýli í afréttarlandinu umhverfis Kolviðarhól. Ástæður beiðinnar voru þær að Sigurbjörn vildi geta sinnt ferðamönnum, sem færu um svæðið, betur og jafnframt sleppa undan áreiti hreppsnefndarinnar í Ölfusi. Amtmaðurinn óskaði álits hreppsnefndar Ölfushrepps á beiðninni og þeirri hugmynd að Sigurbirni yrði veitt leyfi til móskurðar, torf- og grjótristu og til þess að nýta slægjur á landinu í kringum Kolviðarhól gegn því að falla frá beiðninni. Í svarbréfi hreppsnefndarinnar kom fram að hún legðist gegn leyfinu því að nýbýlið yrði í miðjum afrétti Ölfusinga og landsvæðið þyrfti að nýstast ferðalöngum. Hreppsnefndin kvaðst ekkert hafa á móti því að Sigurbirni yrði veitt leyfi til móskurðar, torf- og grjótristu en hún mælti gegn því að hann fengi leyfi til þess að nýta slægjur. Sýslumaðurinn sendi svarbréfið til amtmannsins og notaði tækifærið til þess að tjá honum að hann væri sammála áliti hreppsnefndarinnar hvað nýbýlaleyfið varðaði. Hann minntist á að landsvæðið sem ferðalangar nýti kallist Efri- og Neðri-Bolavellir.

Amtmaður lét einnig kanna hvort einhver yrking hefði átt sér stað á Kolviðarhóli á meðan Jón Hjaltalín landlæknir hafði umráð yfir honum. Hann fékk þau svör að svo hefði ekki verið og að í raun teldu skiptastjórinn í dánarbúi Jóns og hreppsnefnd Ölfushrepps réttinn niður fallinn.

Er amtinu hafði borist álitsskjal hreppsnefndarinnar bað það um álit sýslunefndarinnar í Árnassýslu. Í bréfinu kom fram að nýbýlisréttur mundi látinn fylgja sæluhúsinu ef hann yrði veittur. Í svarbréfi til amtsins lögðust sýslunefndin og sýslumaðurinn gegn nýbýlisbeiðninni. Þessir aðilar báru fyrir sig sömu ástæður og reifaðar voru hér að framan. Þeir vildu hins vegar leyfa Sigurbirni að rækta tún og kálgarða. Ekkert virðist hafa orðið úr þessu máli frekar.²⁹³

Sýslunefnd Árnassýslu mun hafa veitt styrk til sæluhússins á Kolviðarhóli en á fundi 22.–23. apríl 1885 var eftirfarandi samþykkt:

Um styrkinn, sem veittur hefir verið úr sýslusjóði þessarar sýslu til sæluhússhalds á Kolviðarhóli komst nefndin í einu hljóði að þeirri niðurstöðu, að hann verði ekki veittur þetta ár og ekki svo lengi, sem hinn núverandi gestgjafi á Kolviðarhól heldur sæluhúsið, þar sem nefndinni er kunnugt, að hann hefir miður en skyldi staðið í stöðu sinni.²⁹⁴

Hreppsnefnd Ölfushrepps fór fram á við sýslunefnd í bréfi 8. apríl 1886 að nefndin veitti framvegis af sýslufé þann styrk til sæluhúshalds á Kolviðarhóli, er að undanfögnu hefði verið veittur í þessu skyni:

²⁹²Skjal nr. 2(47).

²⁹³Skjal nr. 2(47). Sjá einnig skjal nr. 8(75).

²⁹⁴Skjal nr. 8(83).

og vonum að hin heiðraða sýslunefnd treysti hreppsnefnd Ölfvshrepps til, að veita ekki öðrum þessa sýslan, en þeim, er hefir almennings traust, þótt veitingin hafi ekki enn átt sér stað.²⁹⁵

Sýslunefnd samþykkti 50 króna styrk fyrir þetta ár í einu hljóði á fundi 13. sama mánaðar.²⁹⁶

Hinn 13. október 1893 fór fram áreið að Kolviðarhóli til þess að mæla út nýbýlisland fyrir Guðna Þorbergsson í Reykjafellsafrétt Ölfusinga. Auk áreiðarmanna, sýslumanns Árnassýslu og fulltrúa Hjallakirkju, en hún átti land að Reykjafelli, voru mættir tveir fulltrúar hreppsnefndar Ölfushrepps. Þeir mótmæltu nýbýlislandinu fyrir hönd hreppsins á þeim forsendum að Jóni Jónssyni, ábúanda á Kolviðarhóli, hefði verið leyft að nýta og yrkja umrætt landssvæði og ef býli yrði reist þar, hefði hreppsnefndin ekki lengur þau yferráð yfir ráðningu sæluhúsvarðarins eins og hún ætti að hafa. Eftir að hafa hlýtt á mótmælin tilkynntu sýslumaður og áreiðarmenn að það væri ekki í þeirra verkahring að dæma um þetta heldur hlutaðeigandi amtmanns. Í kjölfarið fór áreiðin fram en í áreiðargjörðinni segir:

Úr hæsta hnúk á Reykjafelli sjónhending í Þverfell, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir húsmúlann í Norðmúlahornið, þaðan beint í vörðu, er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áðurnefndan hnúk á Reykjafelli.²⁹⁷

Allir áreiðarmennirnir samþykktu ofangreind landamerki auk sýslumannsins í Árnassýslu. Hann 14. desember 1893 veitti amtmaðurinn yfir suður- og vesturamti Guðna Þorbergssyni nýbýlisrétt á ofanefndu landssvæði.²⁹⁸

Jón Jónsson sagði upp starfi sæluhúsvarðar á Kolviðarhóli 10. desember 1894 en hann hafði gegnt því starfi, í umboði hreppsnefndar Ölfushrepps, síðan árið 1885 er Sigurbjörn Guðleifsson fór þaðan. Stuttu síðar skrifaði Guðni Þorbergsson, ábúandi á Kolviðarhóli, landshöfðingjanum bréf þar sem hann bauðst til þess að taka við starfi Jóns. Landshöfðinginn óskaði álits amtmannsins yfir suður- og vesturamti á þessu tilboði. Í svarbréfi hans kom fram að þar sem amtið hefði ekki í hyggju að greiða neitt til sæluhúsvarðarins í framtíðinni væri rétt að hafna þessu boði þar sem því fylgdi nokkur kostnaður. Þrátt fyrir þessa umsögn var Guðni ráðinn 15. júní 1895. Í bréfi amtmannsins kom einnig fram að amtið ætti byggingar á Kolviðarhóli, hesthús og baðstofu, sem keypt voru 8. nóvember 1889, sem amtmaðurinn vildi losna við og að hann hygðist leggja til við amtsráðið að það afsalaði þessum byggingum í hendur landssjóðs. Amtmaðurinn stóð við yfirlýsingu sína og samþykkti amtsráðið áform

²⁹⁵Skjal nr. 8(85).

²⁹⁶Skjal nr. 8(84).

²⁹⁷Skjal nr. 2(38) a–b.

²⁹⁸Skjal nr. 2(44) a–b.

hans. Í bréfi sem landshöfðinginn sendi amtmanninum 2. ágúst 1895, kom fram að hann, fyrir hönd landssjóðs, samþykkti þessa tilfærslu eigna.²⁹⁹

Á sýslunefndarfundi Árnessýslu 17. apríl 1895 var eftirfarandi bókað:

Sæluhúsvörður á Kolviðarhól sótti um 50 kr. styrk af sýslusjóði, og veitti Nefndin það [yfirstrikað: eptir fengnum upplýsingum] í þetta skipti, með því líka að upplýsingar komu fram um að sæluhúsvörður þessi mundi ekki framar leita slíks styrks.³⁰⁰

Í bókinni Saga Kolviðarhóls kemur fram að hreppsnefnd Ölfushrepps hefur átt að hafa eftirlit með áfengisveitingum á Kolviðarhóli, a.m.k. um 1890.³⁰¹

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um Kolviðarhól:

Jörðin hefur ekki verið metin áður. Landam. þinglesin. ...

Beitilandið er þröngt fjalllendi; kjarngott, snjóþungt, skjólgott, sumararbeit góð, vetrarbeit engin.³⁰²

Í fasteignamatinu 1932 kemur fram að jörðin Kolviðarhóll er í miðjum afrétti Ölfushrepps. Þar stendur einnig að sá sem semur umsögnina geti ekki sagt til um landamerki jarðarinnar.³⁰³

Valgerður Þórðardóttir á Kolviðarhóli afsalaði Íþróttafélagi Reykjavíkur eignar- og ábúðarjörð sinni, Kolviðarhóli, með öllu, sem fylgdi og fylgja bar, 10. apríl 1938.³⁰⁴

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) fór fram á það við hreppsnefnd Ölfushrepps 6. apríl 1938, að hreppurinn afsalaði sér sneið af fjalllendi til viðbótar Kolviðarhólslandi, sem félagið hugðist kaupa. Í bréfinu segir:

Núverandi landamerki eru samkv. afsals og veðbrjefabók Árnessýslu: „Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli sjónhending í Þverfell. þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsmúllann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áðurnefndan hnjúk á Reykjafelli.“

Með breytingu þeirri er við óskum yrðu landamerkin þannig: Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli beint í vörðu á Skarðsmýrarfjalli, merkt með hæðartölunni 570, á meðfylgj. korti. þaðan beint í Sleggju.

Valgerður Þórðardóttir, eigandi Kolviðarhóls, mælti eindregið með þessari beiðni.³⁰⁵

²⁹⁹Skjal nr. 2(45).

³⁰⁰Skjal nr. 8(88).

³⁰¹Skúli Helgason. *Saga Kolviðarhóls*. S. 108–109.

³⁰²Skjal nr. 2(22).

³⁰³Skjal nr. 2(26).

³⁰⁴Skjöl nr. 5(178) og 13(3).

³⁰⁵Skjal nr. 1(14).

Í bréfi Íþróttafélags Reykjavíkur 24. nóvember sama ár kemur fram að hnjúkurinn á Reykjafelli er merktur hæðartölunni 510. Einnig kemur þar fram að not Ölfushrepps af landinu, sem eingöngu hefði verið til sumarþeir, ættu ekki að koma í bága við starfsemi félagsins og því tekið fram að landið yrði ekki girt nema með samþykki hreppsins og beitarafnot heimil jafnt sem áður. Greiðsla, 500 kr., gengi til sundlaugarinnar í Hveragerði. ÍR þakkar oddvita Ölfushrepps fyrir landgjöf með bréfi 18. október 1939 og sendir 500 kr. að gjöf til sundlaugarinnar, sem forstöðumaður laugarinnar kvittar fyrir 22. s.m.³⁰⁶

Afsal Ölfushrepps til Íþróttafélags Reykjavíkur var gefið út 2. ágúst 1939.³⁰⁷ Sýslumaðurinn í Arnassýslu hafði tilkynnt hreppnum að sýslunefndin samþykkti að heimila hreppnum þessa gjöf 11. maí 1939.³⁰⁸

Erfiðleikar urðu við viðhald og rekstur húsa á Kolviðarhóli. Til þess að halda rekstrinum gangandi vildi rekstrarnefnd Kolviðarhóls hafa þar búskap og stóð í viðræðum við aðila, sem treyst var til búrekstrar og framkvæmda, en vegna skorts á ræktanlegu landi og hagkvæmu beitilandi vildi sá að tryggt yrði aukið landrými og nefndi Norðurvelli, Marardal og Engidal. Síðan segir í bréfi rekstrarnefndarinnar til hreppsnefndar Ölfushrepps 28. nóvember 1952:

Þar sem oss er mjög annt um, að ekki komi til samningsslita við væntanlegan leigutaka Kolviðarhóls, viljum vér hér með leita undirtektar yðar um möguleika á að fá tilgreind landsvæði úr afréttarlandi yðar til kaups, leigu eða erfðafestu.

Þar sem vér erum vel kunnugir öllum staðhátum í nágrenni við Kolviðarhól vitum vér að landsvæði þetta kemur ekki að þeim notum fyrir Ölfushrepp sem búast mætti við, því hestar og fé Reykvíkinga og Mosfellssveitarmanna gengur þar allt sumarið og fram á haust.³⁰⁹

Var málið tekið fyrir á hreppsnefndarfundum 15. janúar 1953 og því hafnað.³¹⁰

Íþróttafélag Reykjavíkur vildi síðan losna við Kolviðarhólseignina vegna breyttra forsendna og skrifaði borgarstjóra Reykjavíkur bréf 17. apríl 1954 um það efni. Meðal annars er kaupunum talið til framdráttar:

Síðast en ekki sízt er rétt að vekja athygli á því og minnst þess, að Kolviðarhóll á allt land í Sleggjubeinsskarði, þar sem vitað er að mikill hiti er í jörðu, hvort sem slíkur hiti er hagnýtanlegur fyrir bæinn eða ekki, en fullyrða má, að hægt yrði að setja þar upp gróðurhúsarækt, ef svo sýndist ráðlegt, í stórum stíl.³¹¹

³⁰⁶Skjal nr. 1(14).

³⁰⁷Skjal nr. 1(19).

³⁰⁸Skjal nr. 1(18).

³⁰⁹Skjal nr. 8(80).

³¹⁰Skjal nr. 8(73).

³¹¹Skjal nr. 5(179).

Þá var oddvita Ölfushrepps skrifað 8. ágúst 1955 varðandi kaup og verð á Kolviðarhóli³¹² en eignarjörðin Kolviðarhóll með húsum, gögnum og gæðum, þar með töldum jarðhitaréttindum, var afsöluð bæjarsjóði Reykjavíkur 11. október 1955, að undanskildum skíðaskálum knattspyrnufélaganna Vals og Víkings og skálanum Valgerðarstöðum. Skyldu skálarnir mega standa áfram leigulaust en auk þess mátti reisa einn skíðaskála til viðbótar „þar í landi jarðarinnar, sem kaupandi samþykkir.“³¹³

Ekki var neitt tekið fram um hluta Íþróttafélags Reykjavíkur úr „afréttarlandi“ Ölfushrepps, sem félagið eignaðist 2. ágúst 1939.

Árið 1955 sendi Íþróttafélag Reykjavíkur borgarstjóraskrifstofunni í Reykjavík veðbókarvottorð fyrir Kolviðarhól og landamerkjalyðingu Kolviðarhóls samkvæmt nýbýlisbréfi.³¹⁴ Ekki kemur fram hvort þessi skjalasending hefur staðið í sambandi við ágreining sem varð um landið sem fengið var frá Ölfushreppi.

Árið 1960 sóttu „Njálssynir“ í Landnemadeild Skátafélags Reykjavíkur um leyfi hjá bæjarráði Reykjavíkur til þess að reisa fjallaskála í Engjadal í landi Kolviðarhóls.³¹⁵ Framlögð skjöl geta ekki um afgreiðslu málsins.

Í minnisblaði frá skrifstofu borgarstjóra í Reykjavík 25. apríl 1979, þar sem vísað er til afsals fyrir Kolviðarhóli 1955, segir varðandi skíðaskála Vals og Víkings og skálann Valgerðarstaði, sem Íþróttafélag Reykjavíkur átti:

Samkvæmt upplýsingum frá íþróttafulltrúa hafa allir þessir skálar verið innan marka jarðarinnar Kolviðarhóls, en enginn þeirra staðið á spildunni, sem Íþróttafélagið fékk úr afréttarlandinu. Á skrifstofu sýslumanns Árnassýslu fékk ég þær upplýsingar, að Íþróttafélag Reykjavíkur væri þar þinglesinn eigandi þeirrar spildu, sem félaginu var gefin úr afréttarlandinu á sínum tíma. Af framansögðu virðist ljóst, að hún hafi ekki fylgt með í sölunni, þegar borgin kaupir Kolviðarhól.³¹⁶

Reykjavíkurborg hefur síðar talið sig hafa keypt land Íþróttafélags Reykjavíkur frá 1939, sbr. minnisblað borgarlögmanns 11. mars 1982, er ÍR vildi andæfa því að umtalað land fylgdi í Kolviðarhólssölunni og hafði tveimur árum fyrr afhent ljósrit af óundirrituðu bréfi dags. „27.1955“ þar sem „upplýst“ var að undanskilið væri í sölu Kolviðarhóls meðal annars: „Hamragilið í Skarðsmýrarfjalli, það er sá staður í landareign Kolviðarhóls, sem mest er notaður til skíðaiðkana. Og land það sem Ölfushr. gaf Í.R.“ Einnig: „Lóðir þær sem fylgja Vals og Víkingsskálunum, sem standa í Sleggjubeinsdal.“ Vísað var til bréfs ÍR frá 17. apríl 1954 varðandi jarðhitaréttindi og Sleggjubeinsdal.³¹⁷ Borgarritari bauð þá málamiðlun

³¹²Skjal nr. 5(181).

³¹³Skjöl nr. 5(182) og 13(4).

³¹⁴Skjal nr. 13(20).

³¹⁵Skjal nr. 5(183).

³¹⁶Skjal nr. 13(21).

³¹⁷Skjal nr. 5(185).

með bréfi 19. júní 1984 að borgin viðurkenndi eignarrétt félagsins gegn því að félagið viðurkenndi rétt borgarinnar til borunar og hagnýtingar á jarðhita innan landamerkja spildunnar án sérstaks endurgjalds og rétt til nauðsynlegra lagna og annarra aðgerða í því skyni ef ÍR vildi halda fram þeirri skoðun að afsalið næði ekki lögformlega til landspildunnar frá 1939. Yrði þetta ekki samkomulagsgrundvöllur, væri það tillaga að eignarréttur spildunnar yrði úrskurðaður með gerð.³¹⁸

Ekki verður séð af framlögðum skjölum að þessari tillögu hafi verið sinnt af hálfu ÍR.

Landsvirkjun leitaði eftir samþykki Íþróttafélags Reykjavíkur, fyrir hönd eigenda lands við Hamragil á Hellisheiði, á fyrirhuguðum framkvæmdum vegna lagningar Búrfellslínu 3 A, 11. júlí 1997. Við formlegt samþykki lægi fyrir að félagið hefði fullt forræði eða umboð til þess að ljúka samningsgerð.³¹⁹ Heimildaryfirlýsing var gefin 14. júlí sama ár og þinglesin 15. maí 2001.³²⁰

Hinn 15. október 1997 leigði Íþróttafélag Reykjavíkur Íslenska farsímafélaginu ehf. 35 m² lóð á lægri kalli Skarðsmýrarfjalls (570 m hæð) til þess að koma fyrir fjarskiptabúnaði og tækjaskúr til fimm ára frá undirritun samnings, með rétti til þess að framlengja samninginn fimm sinnum í fimm ár.³²¹ Og fjarskipti hf. yfirtóku rekstur Íslenska farsímafélagsins ehf. og var gerður viðauki við lóðarleigusamninginn af því tilefni 29. september 2003.³²²

Landssími Íslands hf. fékk einnig leigða af Íþróttafélagi Reykjavíkur 35 m² lóð á Skarðsmýrarfjalli til 10 ára 28. september 2000.³²³

Hinn 27. október 2000 óskaði Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar eftir heimild stjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur til þess að setja niður aðstöðu fyrir starfsmenn við byrjendalyftur félagsins og Víkings en ÍTR annaðist rekstur skíðasvæða ÍR og Víkings á Hengilssvæðinu. Leyfi var veitt 2. nóvember sama ár.³²⁴

Hinn 23. nóvember 2000 leigði ÍR Línu.Net/IRJA 35 m² lóð á Skarðsmýrarfjalli til þess að koma fyrir og reka tækjabúnað og tækjaskúr.³²⁵

Beiðst var nauðungarsölu á landi Íþróttafélags Reykjavíkur úr „afrétti“ Ölfushrepps í árslok 2000.³²⁶ Ekki varð af sölnunni.

Árið 2001 beiddist Orkuveita Reykjavíkur umsagnar borgarlögmans Reykjavíkur um bréf Íþróttafélags Reykjavíkur frá 20. nóvember það ár.

³¹⁸Skjal nr. 5(186).

³¹⁹Skjal nr. 13(5).

³²⁰Skjal nr. 13(29).

³²¹Skjal nr. 13(6).

³²²Skjal nr. 13(10).

³²³Skjal nr. 13(7).

³²⁴Skjal nr. 13(8).

³²⁵Skjal nr. 13(9).

³²⁶Skjöl nr. 13(27 og 28).

þar sem óskað var skýringa á hvers vegna framkvæmdir á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í Sleggjubeinsskarði við Skarðsmýrarfjall væru hafnar án samráðs við Íþróttafélag Reykjavíkur.³²⁷

Í bréfi borgarlögmanns 13. desember 2001 var vísað til áðurgreindra skoðanaskipta borgaryfirvalda og Íþróttafélags Reykjavíkur í upphafi nýunda áratugarins en síðan segir:

Forsvarsmenn Í.R. töldu að landspildan [úr „afrétti“ Ölfushrepps] hefði ekki fylgt með í kaupunum þar sem hún væri utan landamerkjia Kolviðarhóls.

Borgaryfirvöld hafa hins vegar ávallt túlkað afsalsgerninginn dags. 11. okt. 1955 á þann hátt að landspildan hafi einnig fylgt með í kaupunum.

Borgarlögmaður vísar til áður tilvitnaðs bréfs Íþróttafélags Reykjavíkur 17. apríl 1954³²⁸ þar sem meðal annars er talað um eign Kolviðarhóls á öllu landi í Sleggjubeinsdal og samþykktar fundar 28. júlí 1955:

Í samþykkt fundar í Formannafélagi Í.R. 28. júlí 1955, þar sem sala Kolviðarhóls er heimiluð er það skilyrði sett, „að Í.R. hafi full réttindi til afnota í landi jarðarinnar til iðkunar skíðaíþróttarinnar og að skíðaskálar þeir, sem nú standi í landi jarðarinnar, og ef til vill nýr skíðaskáli Í.R., sem byggður yrði, fái að vera þar áfram leigulaust“. Í samþykktinni er einnig tekið fram að skíðaskáli Víkings „stendur í landi Kolviðarhóls.“³²⁹

Sömuleiðis var vitnað til afsalsins 11. október 1955 þar sem talað var um jarðhitaréttindi og skíðaskála í landi jarðarinnar Kolviðarhóls. Telur borgarlögmaður það skoðun Reykjavíkurborgar að borgarsjóður hafi keypt allt land ÍR við Kolviðarhól að engu undanskildu nema tilgreindum skálum. Hefði ÍR viljað undanskilja aðrar eignir, og þar með það sem félagið hafði sterklega gefið í skyn að væri innifalið í sölnunni, bar félaginu að taka það skýrt fram í afsalinu eða með öðrum hætti.³³⁰

Eignaryfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur á jörðinni Kolviðarhóli 1. október 2003 var þinglesin 23. sama mánaðar.³³¹

Orkuveita Reykjavíkur og Íþróttafélag Reykjavíkur gerðu samning varðandi vatnsdælingu, umgengni Orkuveitunnar á svæði ÍR, efnisnám og samstarf aðila um svæðið 21. nóvember 2003. Þess var getið að Orkuveitan hefði gert fyrirvara um eignarrétt ÍR á svæðinu.³³²

Sömuleiðis gerðu Orkuveita Reykjavíkur og Íþróttafélag Reykjavíkur samning um efnisnám Orkuveitunnar gegnt skíðaskála ÍR í Hamragili 23. júní 2004. Þar kemur

³²⁷Skjal nr. 5(188).

³²⁸Skjal nr. 5(179).

³²⁹Sbr. skjal nr. 5(180).

³³⁰Skjal nr. 5(188).

³³¹Skjal nr. 5(189).

³³²Skjal nr. 13(22).

einnig fram að Orkuveitan gerir fyrirvara um eignarhald ÍR á svæðinu í kjölfar gildistöku laga um þjóðlendur.³³³

Samkvæmt þinglýsingarvottorði frá sýslumanninum á Selfossi er Íþróttafélag Reykjavíkur þinglýstur eigandi lands úr „afrétti“ Ölfushrepps samkvæmt gjafaafsali 2. ágúst 1939.³³⁴

Athugandi er að hreppsnefnd Ölfushrepps hefur leigt lóðir undir skíðaskála Víkings við Sleggjubeinsskarð og fyrrverandi skála Vals í Sleggjubeinsdal.³³⁵ Um það er fjallað í kaflanum um afrétt Ölfuss en hér gæti verið um að ræða land frá Kolviðarhóli.

5.5. Selvogs- og Ölfusafréttur

5.5.1. Almennt

Í lýsingu Hálfðanar Jónssonar, lögréttumans á Reykjum í Ölfusi, á Ölfushreppi árið 1703 segir um landið ofan Ölfuss:

Þegar áðurgreindar sandaaudnur ... minnka, tekur til meginbyggðin með fjallgarðshlíðunum í röð austur eftir sveitinni, allt til Þurrárhrauns. ...

Sérlegustu örnefni á þessum fjallgarði teljast Geitafell, Lambafell, Vífilfell, Lyklafell, Reykjafell, Vestrimeitill, Austrimeitill, Sanddalir, Langahlíð, Skóghlíð, Hverahlíð, Lakar, Skálafellshálsar, Kerlingarberg, Kálfsberg, Hestur etc.

Þessi hér skrifaði hreppsins partur hefur til fjalls á sumrum víða lyngi vaxið haglendi, en um vetrartímann oft byrgt af snjó.³³⁶

Af lýsingu Hálfðanar má ætla að hann hafi talið Svínahraun og jafnvel land allt niður í Fóelluvötn til Ölfushrepps. Hálfðan segir meðal annars:

Á norðanverðum Hvannavöllum, er strax taka til fyrir neðan skarðið [Hellisskarð], stendur Sælhús (ei langt frá veginum) so kallað, hvort allt til þessa tíma Ölves innbyggjarar hafa uppi haldið, vegfarandi fólki harla nauðsynleg á vetrartímanum til innvistar. Er og lofsvert, að þetta sælhús ei niður falli. Fyrir sunnan Húsmúlan, er liggur í útsuður undan Hengilsfjallinu, en fyrir norðan Hellirsskarð, liggja Sleggjubeinsdalir. Þar er náttstaður vesturleitarmanna úr Ölvesi, þá afréttinn á haustin leita. Í vestur og útnorður frá Sælhúsi og með Húsmúlanum liggja miklir grasvellir, nefndir Norðurvellir, og strekkja sig út allt suður undir Svínahraun, nær því undir

³³³Skjal nr. 13(23).

³³⁴Skjal nr. 13(18).

³³⁵Skjöl nr. 8(3 og 6). Ölfushreppur hafnaði einnig forkaupsrétti á skíðaskála í Sleggjubeinsdal árið 2003. Sjá skjal nr. 8(5).

³³⁶Hálfðan Jónsson, „Descriptio Ölveshrepps anno MDCCIII“. S. 236.

Bolavelli, en endast þó þar Uxabrekki heita. Inn með Hengilsfjallinu liggur dalur og fyrir norðan Húsmúlann, er Engidalur kallast. ... Ei alllangt frá Engidal eru almennar nautaréttir Ölvesinga og Kjalarnesþingsmanna, er árlega haldast þann þriðja dag októbris mánaðar, ef ei er helgur, annars næsta dag fyrir. Þessi fjallgarður brúkast almennilega fyrir nauta og hrossa afrétt. ... Í austur frá Engidal, upp á Henglinum, stendur þúfa, er enn nú nefnist Strendurþúfa; þangað eiga Strendurmenn í Selvogi með frí lambarekstra árlega. Frá þessari þúfu í útsuður hallar fjallinu, með stórum giljum og brekkum, allt ofan í Hengladali, hvorjir eru so sem þrír, hvör austur af öðrum. Þessir dalir er<u> grasi vaxnir með vallendi og mýrlendi, hafa fyrir sunnan sig Skarðsmýrarfjöll, graslaus, og liggja að norðanverðu við Hellisheiðarhraunið. ...

Nefnd á [Kaldá], þar hún nú rennur í nokkrum gljúfrum, hefur hún fyrir sunnan sig Saurbæjarhraun so kallað, hvort liggur til norðurs frá Kömbum, en að norðanverðu liggur Árstaðafjall. Þar við ána í fjallinu er gat á berginu og kallast Raufarberg, hvar með Reykjaland aðgreinist frá afréttinum. Þetta Árstaðafjall hefur upp á sér grösugan dal, er Fífudalur kallast. Fjallið er og sjálfst allvíða grasi vaxið, með góðu haglendi. Í norður frá fjallinu heita Molddalir og þar nærri eru Hverakjálkar. En heiðin þar fyrir vestan, allt á Svínahlíð, er kölluð Bitra.³³⁷

Loks segir Hálfdan:

Það þráttnefnda fjall Hengill er stórt og hátt og liggur til austurs og vesturs, að ofanverðu blásið með mosum, en til hliðanna, einkum að sunnan og austanverðu, með grasbrekkum. En á vestri síðuna hefur það stór gil og hamra. Það er kallaður Vörðuskeggi, þar fjallið er hæst, að austan. ... Þetta fjall með kringumliggjandi á allar síður fellum, hálsu, ásamt dölum og völlum, er afrétt Ölvesinga fyrir sauðfé, naut og einninn hross. Þennan afrétt munu og Suðurnesjamenn brúkað hafa í fyrri tíð, er hér að framan um getur. Örnefni fyrir vestan og norðan Hengilinn þessi: Marardalur, Grashólar, Skuflungar, Dýrunsfjöll, Folaldad<al>ir, Vegghamrar, Rauðuflog etc. Í austur og landnorður undan Henglinum er Jórutindur, ...

Fyrir neðan tindinn tekur til Jórukleif og eftir kleifinni kallast Jórugil, er liggur í Þingvallavatn. Þetta pláss er skógi vaxið og kallast Nesjaskógur. Í suður frá Jórutind er nefnd Hjallatorfa, Hjallakirkju skógarítak, nú mjög gagnlítið.³³⁸

Í lýsingu Hálfdanar kemur einnig eftirfarandi fram:

Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg

³³⁷Hálfdan Jónsson, „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 239–241.

³³⁸Hálfdan Jónsson, „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 246–247.

merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggju rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeini<n>g komið, hvar af Örustuhóll mun nafn sitt draga.³³⁹

Varðandi afréttarmál í Ölfusi, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, á það yfirleitt við sem segir um Nesja í Grafningi, en Grafningur og Ölfus voru þá einn hreppur:

Afrjett á jörðin undir Hengli tollfrí ásamt öðrum Ölvegg og Selvogsmönnum.³⁴⁰

Sömu orð eiga við um jörðina Reyki og hjáleigur hennar, þ.e. Reykjakot, Reykjahjáleigu, Kross og Velli.³⁴¹

Grafningur og efri hluti Ölfuss var tekinn til mats árið 1706 en neðri hlutinn mátti bíða til ársins 1708. Þar segir Jarðabókin um Gljúfurárholt:

Afrjett ut supra undir Hengli tollfrí sem segir um alla sveitina.³⁴²

Sama umsögn á við um eftirfarandi jarðir: Saurbæ, Kröggólfsstaði, Vötn (Vetnir), Þúfu, Núpa, Ytri- og Eystri-Þurá, Þóroddsstaði (Þórustaðir, Þórisstaðir), Riftún, Bakka, Grímslæk (Efri- og Syðri-), Breiðabólsstað, Litlaland og Hlíðarenda.³⁴³ Ekki er þess getið að Hjalli eigi afrétt og allir kostir og ókostir Hjalla eru sagðir sameiginlegir hjáleigum jarðarinnar, þ.e. Þorgrímsstöðum, Króki, Móakoti, Gerðakoti, Læk og Bjarnastöðum.³⁴⁴

Jarðabók yfir Selvog var samin árið 1706. Þar eru Snjóthús færð fyrst til bókar með eftirfarandi umsögn um afréttinn:

Afrjett hefur jörðin stundum brúkað tolllaust ásamt öðrum þessarar sveitar innbúendum, þar sem heitir Hengill. Nú láta menn það ógjört um stundir.³⁴⁵

Þessi umsögn gildir jafnt um jarðirnar Nes (ásamt hjáleigum), Bjarnastaði, Götu, Þorkelsgerði, Eymu, Vindás, Lambhús (hjáleiga Strandar sem var í eyði), Sigurðarhús (forn hjáleiga Strandar og nýlega endurreist lögbýli), Vogshús, Vogshúsahjáleigu, Hlíð, Stakkavík og Herdísarvík.³⁴⁶

Um afrétti segir séra Jón Matthíasson í Arnarbæli árið 1840:

Nauta- og sauðaafreitur liggur vestan og norðan Hellirsheiði, sameiginlegur við Grafningismenn. Sauðaréttir haldnar í Hvammi í Ölvesi fimmtudaginn 22

³³⁹Hálfðan Jónsson, „Descriptio Ölveshrepps anno MDCCIII“. S. 240.

³⁴⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 377.

³⁴¹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 399–403.

³⁴²Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 404.

³⁴³Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 416–424, 429 og 440–442.

³⁴⁴Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 426–428.

³⁴⁵Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 444.

³⁴⁶Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 445–447, 450, 452, 454, 456–457 og 460–467.

vik(ur) af sumri, nautaréttir þriðjudaginn í 23. vik(u) sumars í Márdal undir Hengli. Sótkar eru þær fyrri af Ölvesingum og Grafningsmönnum og nokkru leyti af Þingvalla- og Mosfellssveitum; nautaréttir af sömu, líka Seltjarnarneshrepp.³⁴⁷

Í sóknalýsingu séra Jóns Vestmanns í Vogsósum frá árinu 1840 kemur eftirfarandi fram um afréttarlönd:

Afréttarlönd í Selvogi er Heiðin háa, en í Krýsuvík fjöllin þar umhverfis. Réttir eru haldnar 22 vikur af sumri. Selvogur á til Hvamms í Ölvesi, en Krýsuvík til Kvíguvoga að sækja réttir.³⁴⁸

Björn Pálsson, prestur á Þingvöllum, gefur eftirfarandi upplýsingar um afrétt í lýsingu sinni á Þingvallaprestakalli frá árinu 1840:

... Afréttur fyrir Grafnings- og Ölvesmenn, sem rétta saman, er í fjöllumum milli Grafnings og Ölves, þegar kemur vestur fyrir Hrómundartind, og það vestur á Mosfellsheiði.³⁴⁹

Páll Melsteð sýslumaður lætur eftirfarandi upplýsingar um sæluhús í té í lýsingu sinni á Árnassýslu frá árinu 1842:

Frá brú þessari [yfir mýrar á alfaravegi suður frá Laugardælaferju og upp undir Ingólfsfjall] liggur vegurinn með Ingólfsfjalli suður Hellirsheiði. Er hann allgóður, sæmilega ruddur og vel varðaður á heiðinni, hvar líka eru 2 sæluhús, annað uppá háheiðinni, hitt fyrir sunnan hana, niðri á Bolavöllum. Hafa Ölvesmenn byggt þau bæði og halda þeim við. Þriðja sæluhúsið er niðri í Fóvelluvötnum, byggt á eiginn kostnað af Jóni hreppstjóra á Elliðavatni. Hefur fé verið gefið til þess viðurhalds bæði frá Gullbringu-, Árnass-, og eg meina einnig frá Rangárvallasýslu, svo það á nú 50 ríxdali) á leigu í konungsins fjárhirslu. Get eg þessa hér, þótt sæluhúsið liggja lítið eitt fyrir neðan sýslutakmörk, af því sæluhús þetta kemur Árnassýslubúum einna mest til nota á suðurferðum þeirra í illviðrum.³⁵⁰

Að beiðni Jóns Hjaltalíns landlæknis var mælt út land í Sleggjubeinsdal inn af Bolavöllum 31. ágúst 1874 en þar hugðist Jón reisa nýbýli. Niðurstaða skoðunarmannanna var sú að nýbýlið skyldi hafa eftirfarandi landamerki:

Úr Skarðsmýrarfjalls-horni syðsta beint í Sleggju, þaðan beint í Húsmúlabrún, þá eptir hæstu fjallabrúnum fyrir norðan innsta Hengladalsbotn í Strandarþúfu, þaðan beina stefnu í norðasta Skarðsmýrarfjallshorn og loks í hið fyrstnefnda hornmark.³⁵¹

³⁴⁷ Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir“. S. 203.

³⁴⁸ Jón Vestmann. „Selvogsping (Strandar- og Krýsuvíkursóknir)“. S. 220.

³⁴⁹ Björn Pálsson. „Þingvalla- og Úlfjótuvatnssóknir“. S. 182.

³⁵⁰ Páll Melsteð. „Árnassýsla“. S. 29.

³⁵¹ Skjal nr. 2(35) a–b.

Í skýrslunni, sem samin var í kjölfarið, kemur fram að hreppstjórar Ölfushrepps og Jón Hjaltalín hafi verið sammála um að nýbýlislandið væri afréttarland Ölfushrepps.

Í byrjun annars áratugar 20. aldar kærði oddviti Ölfushrepps ólöglega smölum á afrétti hreppsins til yfirvalda. Hinn 14. september 1911 voru tvö vitni yfirheyrð vegna málsins í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fyrri vitnið hét Gunnar Gunnarsson, til heimilis að Geithálsi. Hann skýrði frá því að þrjú undanfarin haust hefði hann að undirlagi leitarstjóra Mosfellshrepps, Gísla Björnssonar, bónda í Miðdal, og annars manns verið leitarmaður á Mosfellshreppsafrétt. Gunnar kvaðst hafa farið sömu leiðina, upprunalega eftir fyrirlagi leitarstjóra, í öllum þessum ferðum sínum. Að sögn hans lá hún:

Frá Brekku norður undan Hengli og fram á Þjófahlaup, frá Þjófahlaupi fram með árfarvegi sem liggur til Lyklafells.³⁵²

Gunnar sagðist aldrei hafa farið lengra austur. Í vitnisburði hans segir og:

Síðastliðið haust, er hann var á niðurleið ásamt dreng frá Elliðakoti, kveðst hann hafa mætt 5 leitarmönnum Ölfushrepps á svokölluðum Melum norðanvið Norðurvelli. Tóku þeir nokkuð af fjárhóp, er þeir ráku, og fóru með fje það austur, með þeim ummælum að þeir hefðu smalað í Ölfusafrietti.³⁵³

Seinna vitnið var leitarstjóri Mosfellshrepps, Gísli Björnsson. Hann kvaðst hafa gegnt þeirri stöðu nokkur undanfarin ár og sagðist hafa lagt fyrir leitarmenn að smala, og sjálfur smalað, sama pláss og smalað hefði verið undanfarið, a.m.k. síðastliðin 50 ár, átölulaust af Ölfushrepps hálfu. Að sögn Gísla höfðu takmörkin í smalamennskunni venjulega verið:

Niður með Brekkunni fram með Þjófahlaupi og suður að árförunum fyrir neðan Norðurvelli.³⁵⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir um afrétt Ölfushrepps:

Afrétt á hreppurinn fyrir norðan og vestan bygðina, um Reykjanessfjallgarð o.v., fremur góðan en ekki allmikinn. Ágangur er nokkur á hann.³⁵⁵

Afréttur Selvogshrepps fær eftirfarandi umsögn í sama fasteignamati:

Afrétt á hreppurinn fyrir ofan bygðina, ekki mikinn en fremur góðan, og er nokkur ágangur á hann.³⁵⁶

³⁵²Skjal nr. 2(49).

³⁵³Skjal nr. 2(49).

³⁵⁴Skjal nr. 2(49).

³⁵⁵Skjal nr. 2(22) a–b.

³⁵⁶Skjal nr. 2(22) a–b.

5.5.2. Afrétta-, hreppa- og sýslnamörk

Í landamerkjabréfi Breiðabólstaðar og Vindheima frá 28. maí 1889, sem þinglesið var degi síðar, segir svo:

Milli Ölfus-aftrjettar og Breiðabólstaðar og Vindheima úr Rauðhól beina stefnu í „Lambafell“.³⁵⁷

Í landamerkjabréfi frá 24. september 1889, sem var þinglýst 10. og 12. júní 1890, er að finna eftirfarandi lýsingu:

Landamerkjabréf fyrir Selvogsaftrjetti og Ölvesaftrjetti að innan, en Hlíðarbæja að neðan samþykkt af undirskrifuðum.

Úr Vífilfelli í Ólafsskarð, þaðan beina línu niður eptir Lambafellshrauni í vörðu, sem er norðaustan til á há-Geitafelli, úr henni beina línu í Fálkaklett.³⁵⁸

Undir þessa lýsingu rita Sæmundur Ingimundarson í Stakkavík og Kristján Oddsson í Bartakoti fyrir Selvogshrepp og Jón Jónsson á Hlíðarenda og Sæmundur Eiríksson á Vindheimum fyrir Ölfushrepp.

Einnig var gert landamerkjabréf 22. maí 1886, sem þinglýst var 10. júní 1890, en þar er afréttarmörkum Ölfushrepps og Grafningshrepps lýst þannig:

Raufarberg, sem er hornmark milli Ölfusvatns og Reykjatorfu, og svo úr Raufarbergi beina stefnu í vestasta horn á Ölfusvatnsskigni, sem er landamerki á Ölfusvatns- og Nesja-torfum, og úr vestasta horni á Ölfusvatnsskigni beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól, sem er í sýslumörkum á milli Árness- og Gullbringusýslna.³⁵⁹

Þessi lýsing var undirrituð af Þorgeiri Þórðarsyni á Núpum fyrir Ölfushrepp, Gísla Magnússyni á Króki fyrir hönd Grafningshrepps og Jóni Jónssyni vegna Ölfusafréttar.

Þá liggur fyrir útdráttur úr landamerkjaskráum jarðanna Miðdals og Elliðakots í Kjósarsýslu frá 3. október 1885, en hann fjallar um mörkin milli nefndra jarða og Grafningshrepps og Ölfushrepps. Útdrættinum var þinglýst 10. júní 1890. Samkvæmt honum eru þau þessi:

Miðdalsland að austanverðu frá vörðunni á hæsta Borgarhólnum til suðurs sjónhending á Vífilfell um sýslubúfu, sem er á Lágheiðinni fyrir austan Lyklafell niður að árfarinu, sem liggur niður Bolavelli.

³⁵⁷Skjal nr. 4(106) a–b.

³⁵⁸Skjal nr. 4(113) og 4(114) a–b.

³⁵⁹Skjal nr. 4(114) a–b.

Elliðakotsland að austanverðu frá nefndu árfari beint til Vífilfells eins og sjónhending ræður frá Borgarhólnum; þaðan niður sandskeiðið o.s.frv.³⁶⁰

Þessi lýsing var staðfest af Guðm. Einarssyni [væntanlega í Miðdal], Guðm. Magnússyni, Elliðakoti, og Jóni Jónssyni vegna Ölfusafréttar.

Árið 1919 sendi Stjórnarráð Íslands sýslumanni í Árnessýslu bréf þar sem óskað var eftir skýrslu um þau svæði í sýslunni sem talin væru almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hefðu tilheyrt eða tilheyrðu nokkru lögbýli. Var það byggt á þingsályktun 27. september 1919 um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum. Bað sýslumaður alla hreppstjóra um skýrslur.³⁶¹ Lögð hafa verið fram svör frá hreppstjórum í Ölfushreppi og Grafningshreppi:

Hreppstjóri Ölfushrepps svaraði þannig 28. febrúar 1920:

Um almenninga aðra enn það sem talið er að vera afrjettarland hreppsins er hjer enga að ræða enn afrjettarland þetta er og hefur að fornu verið norðvesturbrúnir Hellisheiðar, það er að segja Hengillinn og dalirnir í kríngum hann þá til suðvesturs Skarðsmýrarfjall, Reykjafell, Sauðadalahnjúkar um Lambafell og þaðan lína vestur í afrjettarmörk Selvogsmanna. Sunnan og austan að línu þessari lyggja búfjarlönd margra Jarða í sveitinni. Hinsvegar og norður og vestur frá fellum þessum er hinn eiginlegi afrjettur svo sem Bolavellir Svínahraun Norðurvellir og sauðasturtaglið [svo í frumriti] á Mosfellsheiði alla leið niður að sýslumörkum að vestan og afrjettarmörkum Grafningsmanna að norðan enn sýslumörkin það er mörkin milli Árnessýslu að austan og Gullbríngusýslu að vestan lyggja eptir línu sem dregin er úr Vífilfelli um Bolaöldu norður í Borgarhól á Mosfellsheiði. Munu að þeim mörkum að vestan lyggja afrjettarlönd Seltjerna og búfjarlönd Mosfellssveitarmanna. Úr Borgarhól lyggja svo mörkin um suðurtaglið á Mosfellsheiði uppí Skeggja það er norðausturhornið á Henglinum. Um enga á er að ræða í afrjettarlandi þessu nema litla sprænu sem sprettur upp í Innstadal sunnanundir Henglinum og úr verður Hengladalsá. Um lönd þau er lyggja umhverfis Ölfushrepp að öðru leiti skal þess getið að vestan er Selvogur og Selvogsafrjettur. Svo með sjó fram austur að Ölfusá þá með henni uppað Sogi og með því þar til land Grafningsmanna tekur við lyggja svo búfjarlönd Ölfusinga og Grafningsmanna saman um fjöllin vestur að Hengli.³⁶²

Hreppstjóri Grafningshrepps svaraði 8. apríl 1920:

Í Grafningshreppi eru ekki aðrir almenningar en afrjettur hreppsins. Landamerki umhverfis hann eru eptir því, sem mjer er kunnugt þau er nú skal greina: Bein stefna úr Vörðuskeggja sem er á Há-Hengli í stóra-Borgarhólinn, (sem er á Mosfellsheiði). Úr Borgarhólnum stefna í austur á Siðri-

³⁶⁰Skjal nr. 4(114) a–b.

³⁶¹Skjal nr. 8(23).

³⁶²Skjal nr. 8(24).

Moldbrekkur og þaðan í Klofningatjörn, sem er sunnan við Mosfellsheiðarveiginn, og úr Klofningatjörn bein stefna suður í fyrnefndann Vörðuskeggja. Afrjetturinn er því spilda úr miðri Mosfellsheiði, og má heita að svæði það sje með öllu vatnslaust á sumrin.³⁶³

Afrétti Selvogshrepps er svo lýst í *Göngum og réttum*:

Afréttur Selvogsbænda er norður og upp af byggðinni. Eru mörk hans að norðvestan um Sýslustein austan Geitahlíðar um Litla- og Stóra-Kóngsfell og Rauðuhnúka í háfell Vífilsfells, sem er nyrsti markapunktur afréttarins, en að austan eru mörkin úr Þrívörðum í Fálkaklett í Geitafelli, síðan yfir austanvert Geitafell um Rauðhól í Ólafsskarðshnúk og þaðan í háfell Vífilsfells.³⁶⁴

Vegna fyrirhugaðrar hraðbrautar á Helligsheiði gerðu Landmælingar Íslands uppdrátt með mörkum þeirra jarða, sem áttu lönd undir veglínu hraðbrautarinnar. Voru þau dregin samkvæmt landamerkjabréfum, sem fylgdu beiðninni, og öðrum upplýsingum frá ábúendum jarðanna. Um mörk heimalanda og „afrétta“ segir í bréfi 28. september 1971:

1. Mörk milli heimalanda og afrétta eru úr há Lambafelli í eystri háhnúk á Stóra-Reykjafelli, samanb. jarðamarkabréf Hjallatorfunnar nr. 217, og þaðan liggur svo nefnd þverlína í rauðleitan melhnúk, sem sést framundan Skarðsmýrafjalli. Þessi rauðleiti melhnúkur er settur á uppdráttinn eftir líkum. Umrædd þverlína hefur verið samþykkt athugasemdalaust við sáttagjörð í landamerkjaprætu milli Núpa og Þverárlanda [svo í forriti, átt er við Þurá].³⁶⁵

Oddviti Selvogshrepps gaf eftirfarandi yfirlýsingu um afréttarmörk 19. apríl 1979:

Ekki eru nein ákveðin merki milli afréttarlanda Selvogsbænda og heimalanda þeirra, en gagnvart öðrum sveitum eru landamerki afréttar- og heimalanda Selvogshrepps þessi:

Takmörk sveitarinnar eru að vestan: úr Seljabótarnefi um Sýslustein austan Geitarhlíðar, þaðan fjöll norður í Litla-Kóngsfell, þaðan í Stóra-Kóngsfell um Rauðuhnúka í topp Vífilsfells, sem er norðasti markapunktur afréttarins. Að austan: úr Þrívörðum vestan Keflavíkur, þaðan í Fálkaklett í Geitafelli, síðan yfir austanvert Geitafell um Rauðhól í Ólafsskarðshnúk³⁶⁶, þaðan í topp Vífilsfells.³⁶⁷

Samkomulag var gert um mörk Herdísarvíkur og Krísuvíkur sem einnig skyldu vera mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar og

³⁶³Skjal nr. 8(26).

³⁶⁴*Göngur og réttir*, II. b. Bragi Sigurjónsson gaf út. Reykjavík. 1984. S. 315.

³⁶⁵Skjal nr. 8(78).

³⁶⁶Skjal nr. 4(131). Gylfi Már Guðbergsson hefur gert athugasemd við Ólafsskarðshnúk. Hann telur að miða eigi við Ólafsskarð.

³⁶⁷Skjal nr. 4(131).

Selvogshrepps árið 1980, svo sem vikið var að í kaflanum um Herdísarvík. Þar er mörkunum lýst þannig:

Mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru bein lína úr hápunkti Litla Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.

Bréfið var undirritað af málsaðilum 25. og 29. janúar og 16. febrúar 1980 og staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. mars sama ár.³⁶⁸

Gylfi Már Guðbergsson landfræðingur sendi frá sér greinargerð með uppdrætti um landamerki og afréttarmörk í Ölfushreppi og sýslumörk Árnessýslu frá Kóngsfelli að Sýsluhólma 30. júlí 1990.³⁶⁹ Um mörk heimalanda og afréttar segir hann:

Mörkum afréttar og jarða hefur verið lýst fyrir undirrituðum sem línu frá „rauðleitum melhnúk fyrir framan svo nefnda Kýrgilshnúka í hæsta hnúk á Reykjafelli.“

Gylfi segir alla, sem við var rætt, virðast vera sammála um hvar þverlínán hefjist að austanverðu en enginn hafi nefnt neitt tiltekið kennileiti milli melhnúksins og Reykjafells sem línán lægi um. Eini staðurinn, sem landeigendur virtust geta verið ósammála um, væri vesturendi línunnar á Reykjafelli. Heimildir, sem Gylfi telur geta komið til álitá við ákvörðun afréttarmarkna á Reykjafelli, eru lýsing landamerkjja Ytri-Þurár og Þóroddsstaða í landamerkjabréfi Þóroddsstaða, landamerkjabréf Hjallatorfu, nýbýlisbréf Kolviðarhóls 1893 og samþykkt hreppsfundar Ölfuss 1938 vegna gjafar til Íþróttafélags Reykjavíkur. Tvö bréfin nefni hæsta hnúk (tind) á Reykjafelli, eitt eystra horn á Reykjafelli og eitt vörðu austan á Reykjafelli. Gerir Gylfi athugasemd vegna merkja Hjallatorfu og Þóroddsstaða annars vegar og hins vegar Þóroddsstaða og Ytri-Þurár hins vegar sem virðist skerast ef farið er í stein (drang) sem nefndur hafi verið sem nyrstu mörk Hjallatorfu. Gylfi ályktar af þessum gögnum:

að mörk Ytri-Þurár, Þóroddsstaða, Hjallatorfu, Kolviðarhóls, lands Í.R. og afréttarmörkin komi saman á hæsta hnúk Reykjafells og verði að telja það rétt mörk nema eitthvað finnist af traustari heimildum, sem segja annað.

Varðandi þverlínu, sem skildi jarðir og „afrétt“ og dregin var á meðfylgjandi afrétt, segist Gylfi hafa farið eftir fyrrgreindum heimildum, landamerkjabréfum jarðanna austur að landi Reykja og Hveragerðis, dómsátt um landamerki milli Núpa og Þurárjarða 1970, landskiptagerðum Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu 1942 og 1982 og skiptum milli Stóra- og Litla-Saurbæjar 1942. Rætt hafi verið við fólk á jörðunum og landeigendur og nafngreinir Gylfi þrjá menn sérstaklega. Einnig bendir hann á ónákvæmni í lýsingu á mörkum í Ölfusi og Selvogi í bókinni Sunnlenskar byggðir III,

³⁶⁸Skjal nr. 4(130).

³⁶⁹Skjal nr. 1(7).

bls. 279 og 473. Þeim beri ekki fyllilega saman innbyrðis og ekki heldur við landamerkjabréf um afréttarmörk.

Mörkum „jarða og afrétta í Ölfusi og Grafningi“, sem sett eru „eftir landamerkjabréfum jarða í Ölfusi og Grafningi og með aðstoð landeigenda og kunnugra manna sem bentu á kennileiti og örnefni“ lýsir Gylfi svo:

Skulu merkin nú rakin frá Inghóli, en þau liggja þaðan í Kaga. Síðan eru merkin í stóran stein sem er rétt norðaustan við hábungu Sandfells. Frá honum eru merkin í stóran stein í Klyftartungum. Frá steini þessum eru mörkin ekki fyllilega áreiðanleg að vörðu á austurtagli Álúts en þau eiga að vera frá Klyftartungum í vörðu sunnan við Efjumýri. Er hún sett á kortið eftir tilvísan manna í báðum sveitum en þeir komu sér saman um að merkja þennan stað þegar loftmyndir voru teknar (1976 eða 1977) og ábúendur voru beðnir að merkja kennileiti sem landamerki eru miðuð við. Síðan eru merki frá Álútsvörðunni í melhrygg er skilur Klóarbugagil og Villingavatnsbotna, þaðan í grjóthól í Kyllisfellsmyri, svo í bergnef sunnanvert við Álftatjörn. Úr bergnefinu eru merkin í grjóthól sunnan í Tjarnarhnúknum, þá yfir Brúnkollublett og í Raufarberg³⁷⁰ og þaðan í rauðleita melhnúkinn, sem fyrr var nefndur. Þar er hornmark Reykjatorfu, mörk Stóra-Saurbæjar og Ölfusvatnstorfu og einnig upphaf þverlínunnar sem skilur jarðir í Ölfusi og afréttinn. ... Frá rauðleita melhnúknum eru merkin upp Hengilssyllur í Nesjaskyggni og svo í Skeggja (Vörðuskeggja). Þaðan eru svo merkin í Stóra-Borgarhól sem er á sýslumörkum á Mosfellsheiði.

Eigendur og ábúendur Núpa, Þúfu, Kröggólfsstaða, Vatna og Litla-Saurbæjar I mótmæltu greinargerð Gylfa Mús Guðbergssonar, 30. september 1990, og töldu hana hlutdræga og tóku fram að þeir samþykktu ekki þverlínu sem aðskildi heimalönd og afrétt á korti Gylfa og Landmælinga Íslands.³⁷¹ Í framhaldi af því var boðað til funda með jarðeigendum í Vestur-Ölfusi og fulltrúum hreppsins en ekki hafa verið lögð fram skjöl sem sýna endanlega niðurstöðu.³⁷²

Árið 1991 var birt auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samkomulagi um mörk á Mosfellsheiði milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar á grundvelli landamerkjabréfs frá 23. janúar 1991. Mörkum er lýst þannig:

1. gr. Mörk milli Grafningshrepps og Ölfushrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og jarðarinnar Miðdals I hins vegar eru bein lína frá Sæluhústótt á Moldbrekkum í steiptan stöpul á Borgarhólum, þaðan bein lína í Sýsluþúfu, þaðan bein lína í Sýslustein austan Lyklafells, og þaðan bein lína í steiptan stöpul hæst á Vífilfelli.

³⁷⁰Myndir af Raufarbergi fylgja greinargerð Gylfa og eru einnig lagðar fram sem hluti skjals nr. 8(79).

³⁷¹Skjal nr. 1(8).

³⁷²Skjöl nr. 1(9 og 10).

Merkjalínur þessar hafa verið teiknaðar inn á viðfestan uppdrátt í mælikvarða 1:25000, útgefnum af Landmælingum Íslands.

Samkvæmt áritun á uppdráttinn eru punktar þeir, sem áður eru greindir, innmældir og reiknaðir af Verkfræðistofunni Hnit í landskerfi Íslands í júní 1990 og er staðsetning (hnit) samkvæmt því þessi:

Sæluhústótt: X = 663804.625 Y = 414608.553 merki í
miðri tótt

Borgarhólar: X = 667364.58 Y = 409273.28 stöpull

Sýsluþúfa: X = 669416.32 Y = 403969.94 mið þúfa

Sýslusteinn: X = 670916.53 Y = 401837.54 miður steinn

Steyptur stólpi

á Vífilfell: X = 673735.25 Y = 397742.27 stöpull

Undirritaðir aðilar eru sammála um það að ofangreind merki séu rétt túlkun merkja í eldri landamerkjabréfum um þessi mörk.

2. gr. Sveitarfélagamörk Grafningshrepps og Ölfushrepps annars vegar og Mosfellsbæjar hins vegar eru þau sömu og greind eru í 1. gr.

Fylgdi uppdráttur af mörkunum sem fylgiskjal I, en í fylgiskjali II, sem var yfirlýsing samningsaðila, 23. janúar 1991, segir að mörkin teldust ekki endanlega staðfest fyrir en Kópavogskaupstaður, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður hefðu samþykkt þau eða eins og þar segir:

Undirritaðir aðilar ... sem undirritað hafa í dag landsmerkjabréf um mörk á Mosfellsheiði frá Sæluhússtótt á Moldbrekkum í norðri í Vífilfell í suðri lýsa því hér með yfir að mörk í tóttu landamerkjabréfi frá Sýslusteini austan Lyklafells í Vífilfell teljast ekki endanlega staðfest fyrir en þeir aðilar aðrir en Mosfellsbær sem telja sig eiga lögsögu og/eða eiganarrétt að þeim mörkum þ.e. Kópavogskaupstaður, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður hafa fallist á mörk þessi fyrir sitt leyti.

Mosfellsbær telur þau mörk sem um getur í landamerkjabréfinu í heild vera mörk lögsagnarumdæmis bæjarfélagsins, en er kunnugt um að ofangreind sveitarfélög eru ekki sammála þeirri afstöðu, hvað varðar mörk frá Sýslusteini au<s>tan Lyklafells í Vífilfell.

Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi og borgarstjórinn í Reykjavík féllust á merkin með yfirlýsingu 30. janúar sama ár, en mótmæltu lögsögu og/eða eignarrétti Mosfellsbæjar á landi vestan við mörkin. Bæjarstjórinn í Kópavogi féllst einnig á merkin með yfirlýsingu 6. mars sama ár en mótmælti kröfum um lögsögu og/eða

eignarrétt Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar svo og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar á landinu vestan við mörkin.³⁷³

Hinn 7. júlí 1993 höfðaði Ölfushreppur dómsmál í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvar hluti vesturmarka hreppsins lægju. Nánar tiltekið vildi hreppurinn fá staðfest að landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda lægju frá Seljabótarnefi til norðurs í Sýslustein og síðan til norðausturs um Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhnjúka og í Vífilsfell. Málið var höfðað gegn Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Hafnarfjarðarkaupstað, Magnúsi Hjaltested og öðrum þeim sem töldu sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim sem fram komu í dómkröfum stefnandans. Grindavíkurbær óskaði eftir því 23. febrúar 1994 að fá að gerast aðili að málinu og var það samþykkt. Málið var dæmt með dómi Hæstaréttar 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848), en með dóminum voru landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttinum miðuð við línu sem dregin var úr stöpli á Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn, þaðan í Litla-Kóngsfell og þaðan eftir þinglýstri landamerkjalinu í landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980³⁷⁴ í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabótarnef.

5.5.3. Notkun lands í afréttum

Fénaður Reykvíkinga gekk mjög á því landi sem taldist til Árnessýslu. Á sýslunefndarfundum Árnessýslu 22. maí 1877 var eftirfarandi bókað:

Framlagt var bréf frá Sýslunefnd Gullbríngusýslu, dags. 28. Júlí f.á., snertandi upprekstur geldpenings Reykjavíkrmanna og fleiri, uppí lönd Arnessínga sunnan Hellisheiði. Og er þar mælt til, að maður úr Arnessýslu, annar fyrir Reykjavík, og þriðji fyrir Gullbríngusýslu, verði kosnir í nefnd, til að íhuga [yfirstrikað: útkljá] málefnið.

Sýslunefndin tók þessu vel, og vill sýna lit á, að samkomulag geti ákomist sem fyrst, þar sem hún hyggur, að Árnessýsla með réttu eigi allt land frá Hellisheiði suður á Bolaöldu og þvert norður í Borgarhóla og Sauðafell. Þareð nú Árnésingar þykjast eiga hér mestan hlut að máli, vill nefndin, að þrír menn úr vestasta hluta Árnessýslu og tveir menn að sunnan (úr Reykjavík og Gullbr.sýslu) verði kjörnir til þess, að segja álit sitt um málefnið, koma sér saman um reglugjörð fyrir notkun landsins, borgun Sunnanmanna fyrir hana, m.fl., sem þarað lítur. Árnésingar vænta, að kostnaður sá, er af þessu leiðir, ekki komi þeim við og ákveður nú Sýslunefndin [breytt úr: fyrir hönd Sýslunefndarinnar], að fundr hinna væntanlegu kjörnu manna skuli eiga sér stað á Kolviðarhól, á þeim degi, er Sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu ákveður,

³⁷³Skjal nr. 8(1). Sbr. skjal nr. 8(2).

³⁷⁴Skjal nr. 4(130).

með nægum fyrirvara. Nefndin fól oddvita á hendur, að nefna hina áðurnefndu 3 menn til samkomunnar.³⁷⁵

Kolbeinn Guðmundsson frá Úlfjótuvatni segir í ritinu *Göngur og réttir frá nautaréttum Ölfusinga, Seltirninga og Mosfellssveitarmanna*, sem haldnar voru í Marárdal [dalur þessi er yfirleitt nefndur Marardalur] vestan undir Henglinum þar sem hann er hæstur. Telur Kolbeinn þessar réttir hafa lagst niður laust fyrir 1860. Langflest naut hafi verið úr Ölfusi en aldrei mörg úr Grafningi. Kolbeinn hefur eftir glöggum manni, sem muni hafa verið í réttunum nálægt 1850, að nautin muni hafa verið alls um 200. Um afréttarsvæðið segir Kolbeinn:

Á meðan réttirnar voru í Marárdal, gengu nautin á sumrin að mestu leyti fyrir vestan Hengil á Norðurvöllum allt niður í Fóelluvötn, norður með undirhlíðum Hengilsins og á völlum fyrir neðan Kolviðarhól.

Að sögn Kolbeins héldu Ölfusingar áfram að reka naut á afrétt á sumrin en hættu því smám saman og um aldamótin 1900 lagðist það niður með öllu. Síðustu árin héldu nautin sig mest í Hengladölum.³⁷⁶

Kolbeinn lýsir leitum í Ölfusi þannig:

Fjalleitum var hagað þannig: leitirnar voru þrjár: *Vesturleit*. Það var svæðið fyrir vestan Hellsheiðarveg vestur að landamerkjum Selvogs og Ölfushrepps. *Miðleit* frá Hellsheiðarvegi að sunnan að Dyravegi að norðan upp að Brekku. *Norðurleit* frá Heiðarbæjarlandi og Borgarhólum, þaðan stefnu á Lyklafell að Dyravegsgötunni. Fyrir austan Hengil réð vegurinn, sem liggur um Ölkelduháls, merkjum að mestu leyti milli Miðleitar og Norðurleitar allt til rétta. ...

Ég sé á landabréfum, að búið er að færa örnefni og sýslumörkin talsvert austur á bóginn fyrir vestan Hengilinn, t.d. heita nú Vatnaöldur, þar sem til skamms tíma hét Bolöldur. En Bolalda er komin austur undir Húsmúla. Ekki veit ég, hvort þetta á rætur sínar að rekja til ósamkomulagsins í fjalleitunum eða það er af því, að fáir virðast vita, hvar Bolavellir voru kallaðir til forna, en þeir eru fyrir austan Lyklafell norður af Bolöldum, sem nú eru nefndar Vatnaöldur. En þar, sem nú eru kallaðir Bolavellir, hétu til forna Hvannavellir. (Sjá lýsingu Ölfushrepps eftir Hálfðan á Reykjum 1702).³⁷⁷

Samtökum Grafnings- og Ölfusmanna um smölun er lýst svo í ritinu *Göngur og réttir*:

Fram um 1900 eða 10 höfðu Ölfusingar og Grafningismenn félag um leitir og réttir. Skiptust leitirnar þá í þrennt: *Vesturleit*, *Miðleit* og *Norðurleit* og fóru allar fram samtímis. ... Miðleitarmenn smöluðu Mosfellsheiði austanverða,

³⁷⁵Skjal nr. 8(82).

³⁷⁶*Göngur og réttir*, II. b. S. 306–307. Bein tilvitnun af síðu 307.

³⁷⁷*Göngur og réttir*, II. b. S. 310–311.

Norðurvelli, Bolavelli, Hengil allan og miðsvæði afréttarins. ... Norðurleitina, austustu leitina, smöluðu Króksmenn, þ.e. þeir, sem búa kringum Ingólfsfjall og Grafningsmenn. ...

Á miðvikudag var safnsins vitjað á ný, og var nú smalað fram Hryggi og Kringluvatnsdal, Klufatungur, Seldali og það svæði allt, er þar liggur til. Þá var öll leitin komin saman ...³⁷⁸

Réttahald var sameiginlegt fyrir Ölfus og Grafning til ársins 1910. Einnig var Selvogur í því félagi en því var slitið nokkrum árum fyrr.³⁷⁹ Frásagnir Kolbeins eru ekki ársettar en þær birtust í fyrstu útgáfu ritsins *Göngur og réttir*, IV. bindi, árið 1952.

Þór Vigfússon nefnir í riti sínu, *Í Árneshreppi vestanverðu*, heyskaparland Stakkavíkur í landinu uppi á fjalli, norðaustan Katlahrauns, upp undir Urðarfelli. Ofan Urðarfells er mómýrin Móvatnsstæði, einasta mótekja Selvogsbúa.³⁸⁰ Einnig getur Þór um Stóra-Leirdal við Hvalskað, þar sem fyrrum hafi verið heyjað síbreiðugras og fengist hestburðir af besta heyi svo hundruðum skipti.³⁸¹ Þór segir einnig:

(Um Kóngsfell: Stóra-Kóngsfell er vestan Bláfjalla, rétt sunnan bílvegjar við afleggjarann að skíðasvæði. Þess hafa menn getið sér til um nafnið að svæðið umhverfis hafi verið óskipt afréttarland kóngsjarða í Seltjarnar- og Álftaneshreppum og kallað kóngsland. Því hafi Stóra-Kóngsfell verið kennt við kónginn í Kaupmannahöfn. ...)³⁸²

Þór segir Selvogsbændur hafa heyjað upp með Geitafelli fram undir 1930. Þar séu einnig Selsvellir en seltættur finnst ekki.³⁸³

Í reikningum Ölfushrepps á árunum 1902–1904 koma fram tekjur fyrir leigu af Innstadal en engar upplýsingar eru um til hverra nota.³⁸⁴

Einnig kemur fram í sveitarreikningum Ölfushrepps frá árunum 1914–1916 greiðsla „afréttartolls/afréttargjalds frá Seltjarnarneshreppi“.³⁸⁵

Á fundum hreppsnefndar Ölfushrepps 30. nóvember 1934 og 24. október 1937 voru teknar fyrir munnlegar beiðnir Boga A. Þórðarsonar varðandi rannsóknarleyfi á Ölkeldu í Henglinum. Í fyrra sinn var talið rétt að fá skriflega umsókn, síðar frestað til frekari athugunar.³⁸⁶

³⁷⁸ *Göngur og réttir*, II. b. S. 302–303.

³⁷⁹ *Göngur og réttir*, II. b. S. 11.

³⁸⁰ Þór Vigfússon. *Í Árneshreppi vestanverðu*. S. 64–65.

³⁸¹ Þór Vigfússon. *Í Árneshreppi vestanverðu*. S. 66.

³⁸² Þór Vigfússon. *Í Árneshreppi vestanverðu*. S. 67.

³⁸³ Þór Vigfússon. *Í Árneshreppi vestanverðu*. S. 83–85.

³⁸⁴ Skjal nr. 8(71).

³⁸⁵ Skjal nr. 8(72).

³⁸⁶ Skjal nr. 8(86).

Samkvæmt skjölum Selvogshrepps fékk sveitarsjóður greidda leigu fyrir skíðaskála Ármanns í Jósefsdal á árunum 1937–1942.³⁸⁷ Sömuleiðis eru þar bókfærðar tekjur fyrir leigu skíðaskála í Jósefsdal 1968–1974, síðan er farið að færa leigu frá skíðadeild Ármanns árið 1975 og frá Bláfjallanefnd 1978, þessar greiðslur koma fram í reikningum til ársloka 1988.³⁸⁸ Hreppsnefnd Selvogshrepps leigði Skíðadeild Ármanns Jósefsdal og Bláfjöllin, allt suður í Heiðina há, til fimm ára ásamt mögulegri framlengingu með samningi 25. febrúar 1968.³⁸⁹

Á fundi 6. júní 1944 leyfði hreppsnefnd Ölfushrepps Skátafélagi Reykjavíkur (Þórarni Björnssyni) að byggja skíðaskála í Innstadal á „afréttarlandi“ Ölfushrepps.³⁹⁰ Leigusamningur var gerður 14. maí 1945. Ekkert var tekið fram um landstærð.³⁹¹ Hinn 15. mars 1983 gerði Ölfushreppur lóðarsamning við Ágúst Guðmundsson um þessa lóð, sem er 1000 m² að stærð, til 12 ára.³⁹² Þar er skálinn kallaður Hreysi. Lóðarleigusamningur um lóðina var síðan gerður við Skíðafélagið Þeysi, 30. desember 1997, til fimm ára (miðað við 1998), og framlengdur um fimm ár með samningi 2. október 2002.³⁹³

Sex einstaklingar sóttu um skálabyggingarleyfi í Innstadal hjá hreppsnefnd Ölfushrepps með ódagsettu bréfi.³⁹⁴ Í bréfi Ólafs Björnssonar hrl. til óbyggðanefndar, 8. mars 2005, kemur fram að ekki hafi orðið af byggingu.³⁹⁵

Fjórir einstaklingar sóttu eftir því við Ölfushrepp 28. maí 1946 að mega byggja skíðaskála milli Sauðadalahnúka austan við Jósefsdal.³⁹⁶ Samkvæmt skjalaskrá óbyggðanefndar virðist sem þarna hafi verið um að ræða skála sem nefndist Dverghamar.³⁹⁷ Ef til vill tengist þetta umsókn tveggja manna um byggingu skála í Sauðadalahnúkum, sem tekin var fyrir á hreppsnefndarfundi Ölfushrepps 22. nóvember 1961 og var leyfð með leigu til 20 ára.³⁹⁸ Þ.e. að um endurbyggingu eldri skála hafi verið að ræða.³⁹⁹

Óskað var eftir leyfi til byggingar skíðaskála í landi Ölfushrepps við Ólafsskarð 1. júní 1946.⁴⁰⁰ Veitti hreppsnefnd Ölfushrepps það til 25 ára á fundi 28. júlí 1946.⁴⁰¹

³⁸⁷Skjöl nr. 8(30–31).

³⁸⁸Skjal nr. 8(32).

³⁸⁹Skjal nr. 8(33).

³⁹⁰Skjal nr. 8(41).

³⁹¹Skjal nr. 8(42).

³⁹²Skjal nr. 8(51).

³⁹³Skjöl nr. 8(48 og 49).

³⁹⁴Skjal nr. 8(43).

³⁹⁵Skjal nr. 8(52), 17. liður.

³⁹⁶Skjal nr. 8(36).

³⁹⁷Sjá skjal nr. 8(52).

³⁹⁸Skjal nr. 8(37).

³⁹⁹Sjá skjal nr. 8(89), 6. lið.

⁴⁰⁰Skjal nr. 8(34).

⁴⁰¹Skjal nr. 8(35).

Æskulýðsfylkingin í Reykjavík sótti eftir því við Ölfushrepp 7. október 1947 að mega byggja skíðaskála í dalverpi austan Draugahlíða en vestan Svínahrauns.⁴⁰² Hreppsnefndin veitti leyfi sitt 14. október 1947 gegn árlegri greiðslu.⁴⁰³ Þarna mun um sama skálastæði að ræða og Ölfushreppur leigði Æskulýðsnefnd Alþýðubandalagsins 15. ágúst 1982.⁴⁰⁴ En Ölfushreppur leigði Æskulýðsnefnd Alþýðubandalagsins 2000 m² lóð í Svínahrauni, í svonefndum Svínadal (á uppdrætti er talað um Sauðadali), til 10 ára 15. ágúst 1982.⁴⁰⁵ Þessi samningur var afsalaður Alþýðubandalaginu 29. mars 1983.⁴⁰⁶

Fjórir einstaklingar sóttu um skálabyggingarleyfi í Innstadal 11. júlí 1949.⁴⁰⁷ Það var samþykkt á hreppsnefndarfundum í Ölfushreppi 19. október sama ár.⁴⁰⁸ Ekki mun hafa orðið af byggingu.⁴⁰⁹

Hreppsnefnd Ölfushrepps samþykkti á fundi 15. október 1954 að leigja tveimur einstaklingum lóð í Innstadal undir skíðaskála.⁴¹⁰ Þessi skáli mun nú horfinn.⁴¹¹

Á almennum hreppsfundi í Ölfushreppi 30. október 1954 var eftirfarandi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

Almennur hreppsfundur haldinn á þingstað hreppsins 30/10 54 beinir þeim tilmælum til hreppsnefndar Ölfushrepps að hún banni utansveitarmönnum fuglaveiðar í afrétti hreppsins. Skal það auglýst mönnum til viðvörunar.⁴¹²

Hinn 12. maí 1960 veitti hreppsnefnd Ölfushrepps leyfi til þess að setja upp veitingastofu í Svínahrauni (Litlu kaffistofuna).⁴¹³ Beiðni um leyfi til yfirtöku leigulóðarinnar var send 10. febrúar 1982, og beiðni um stækkun lóðarinnar 8. september sama ár. Mælti byggingarnefnd með stækkuninni 28. sama mánaðar.⁴¹⁴ Ókúlus hf. seldi og afsalaði Olíuverzlun Íslands hf. fasteign í Svínahrauni við Suðurlandsveg, Ölfushreppi (Litlu kaffistofuna) 7. október 1992.⁴¹⁵ Lóðarleigusamningur virðist gerður 1. desember 1982 en ekki móttækinn til þinglýsingar fyrr en 26. nóvember 1991.⁴¹⁶

⁴⁰²Skjal nr. 8(39).

⁴⁰³Skjal nr. 8(38).

⁴⁰⁴Sjá skjal nr. 8(89), 6. lið.

⁴⁰⁵Skjöl nr. 8(16 og 40).

⁴⁰⁶Skjöl nr. 8(15 og 17).

⁴⁰⁷Skjal nr. 8(44).

⁴⁰⁸Skjal nr. 8(45). Sbr. skjal 8(46).

⁴⁰⁹Sjá skjal nr. 8(89), 6. lið.

⁴¹⁰Skjal nr. 8(47).

⁴¹¹Sjá skjal nr. 8(89), 6. lið.

⁴¹²Skjal nr. 8(90).

⁴¹³Skjal nr. 8(56).

⁴¹⁴Skjöl nr. 8(57 og 58).

⁴¹⁵Skjal nr. 8(11).

⁴¹⁶Skjal nr. 8(12).

Friðþjófur Karlsson sótti um efnistöku (hraungjall, bruni og fyllingarefni) í „afréttarlandi“ Ölfushrepps í Svínahrauni og nágrenni með bréfi 6. júlí 1963. Fóru fram bréfaskipti um málið en niðurstaða sést ekki. Sömuleiðis sóttu tveir aðilar eftir að taka á leigu brunanámu í Ölfushreppi, hægra megin við skarðið þegar ekið er upp í Jósefsdal, 9. mars 1965. Ekki sést heldur að um það hafi verið samið.⁴¹⁷

Hreppsnefnd Ölfushrepps leyfði Malbikun hf. efnistöku í „afréttarlandi“ hreppsins til tveggja ára á fundi 14. febrúar 1967.⁴¹⁸

Þá heimilaði hreppsnefnd Ölfushrepps einkarétt á efnistöku í Eldborgum milli Lambafells og Sauðadalahnúka í „afrétti“ Ölfushrepps á fundi 5. ágúst 1968.⁴¹⁹

Hinn 4. júlí 1969 gerðu hreppsnefnd Ölfushrepps og Samtök vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi samning til fimm ára með framlengingarrétti um kaup á öllu fyllingarefni, ofaníburði og öðru byggingarefni sem fyrirfyndist í „afrétti“ Ölfushrepps.⁴²⁰ Formaður Samtakanna kom á fund hreppsnefndar 30. maí 1970 og sagði Samtökin verða að höfða mál gegn Loftorku sf. í Reykjavík til þess að fá skorið úr um gildi samningsins og fór fram á að hreppsnefndin sækti um til dómsmálaráðuneytisins

að veitt verði gjafsókn í máli þessu, þar sem hér sé raunverulega um prófmál að ræða þar sem skorið verði úr um eignarétt hreppsins yfir afréttinum. Samþ. var að verða við þessum tilmælum og ennfremur að ef ekki fæst samþykki ráðuneytisins um gjafsókn þá skuli Ölfushreppur greiða málskostnað við mál þetta þar sem hér er fyrst og fremst um hagsmuni hreppsins að ræða.⁴²¹

Annar samningur var gerður við Samtök vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi, til tveggja ára, árið 1985. Samkvæmt honum var heimiluð efnistaka úr efnisnámmum Ölfushrepps, ótiltekið, en námur í Lambafelli voru undanskildar.⁴²²

Ölfushreppur kom að deilu um landamerki milli Þurárjarða og Núpa svo og „afréttarins“ árið 1970. Á fundi 4. ágúst það ár var kosinn fulltrúi til þess að fara yfir kort yfir hið umdeilda svæði og á fundi 2. desember sama ár var „bein brotalína (þverlína) á korti Ágústss Guðmundssonar landmælingamanns frá 1. marz '70“ talin geta staðist.⁴²³

Hreppsnefnd Ölfushrepps heimilaði Hveragerðishreppi brunatöku í „afréttarlandi“ Ölfushrepps í gryfjum hreppsins austan Skíðaskálans, þ.e. austan Reykjafells, á fundi 1. september 1975.⁴²⁴

⁴¹⁷Skjal nr. 8(81).

⁴¹⁸Skjal nr. 8(59).

⁴¹⁹Skjal nr. 8(60).

⁴²⁰Skjal nr. 8(62). Sbr. uppkast leigusamnings 20. júní 1969, þar sem talað er um: „Svínahraun að sýslumörkum að vestan eða afréttarlönd þau sem ekki teldust heimalönd.“ Skjal nr. 8(63). Svo og samþykkt hreppsnefndar 27. júní s.á. Skjal nr. 8(64).

⁴²¹Skjal nr. 8(61).

⁴²²Skjal nr. 8(65).

⁴²³Skjöl nr. 8(27–29).

⁴²⁴Skjal nr. 8(55).

Árið 1982 mótmælti Náttúruverndarráð við Skipulag ríkisins (með bréfi 28. október) og hreppsnefnd Ölfushrepps (bréf 14. desember) byggingu skíðaskála í Innstadal, sem hreppsnefndin hafði leyft án samráðs við skipulagsstjórn og Skipulag ríkisins síðan leyft, án þess að taka tillit til þess að Hengilssvæðið væri á Náttúruinjasráð og hugmyndir væru um gerð fólkvangs.⁴²⁵

Hreppsnefnd Ölfushrepps leigði skíðadeild knattspyrnufélagsins Víkings 1500 m² lóð undir skála þess í „afréttarlandi“ hreppsins ofan Kolviðarhóls við Sleggjubeinsskarð 11. maí 1983. Gilti samningurinn til 1. janúar 2003. Víkingur hafði byggingarleyfi frá gamalli tíð en lóðarsamningur ekki verið gerður fyrir.⁴²⁶

Hestamannafélagið Fákur sótti um aðstöðu í Marardal til þess að halda þar sumarhátíð. Landgræðsla ríkisins fékk landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands til þess að kanna aðstæður og lagðist síðan alfarið gegn samkomuhaldi í Marardal með bréfi til Ölfushrepps 2. júlí 1986.⁴²⁷

Ölfushreppur gaf út yfirlýsingu 15. mars 1989 um leigu til skíðadeildar Fram á u.þ.b. 130 m² lóð í Eldborgargili í Bláfjöllum.⁴²⁸

Hinn 6. maí 1993 skrifaði Völur hf. Vilhjálmí Árnasyni hrl. og tilkynnti að Völur hf. hefði haft afnot af landi til efnistöku í Bolaöldum norðan Vífilsfells frá og með árinu 1974. Greiðsla fyrir efnistöku hefði lengst af farið til Samtaka vörubílstjóra í Ölfusi en síðustu árin til skrifstofu Ölfushrepps.⁴²⁹

Hinn 6. mars 1995 veitti Ölfushreppur Veli hf. heimild til þess að nýta jarðefnanámu Ölfushrepps í norðausturjaðri Vífilsfells, Bolaöldum, 1. janúar 1995–31. desember 1997. Þó skyldi Ölfushreppur hafa fulla heimild til þess að nýta námuna til eigin framkvæmda.⁴³⁰ Annar sambærilegur samningur var gerður við Bolaöldur ehf. 2. apríl 2001 um efnistöku í sömu námum sem gildir frá 16. mars 2001 til 30. nóvember 2005 og getur framlengst um þrjú ár.⁴³¹ Kemur fram í reikningi frá 31. janúar 2004 að Bolaöldur hafa selt Vegagerð Reykjanesumdæmi reiðstígaefni og kvittar sveitarstjóri Ölfuss fyrir móttöku 17. mars 2005.⁴³²

Sveitarfélagið Ölfus og Árvélar hf. gerðu samning um framlengingu á leigu á námu- og efnistökurétti og landsvæði í og við Lambafell og við Þrengslaveg árið 1999. Eins og samningur þessi liggur fyrir í málinu er hann ódagsettur og óundirritaður.⁴³³ Ekki er ljóst hvort þessi samningur tengist samningnum við Hjallatorfueigendur frá sama ári varðandi Lambafell. Hins vegar hefur Sveitarfélagið Ölfus leigt Jarðefnaiðnaði ehf. heimild til þess að nýta jarðefnanámu sveitarfélagsins í

⁴²⁵Skjöl nr. 8(53 og 54).

⁴²⁶Skjal nr. 8(3).

⁴²⁷Skjöl nr. 8(76 og 77).

⁴²⁸Skjöl nr. 8(13 og 14).

⁴²⁹Skjal nr. 8(66).

⁴³⁰Skjal nr. 8(18).

⁴³¹Skjal nr. 8(21).

⁴³²Skjal nr. 8(91).

⁴³³Skjal nr. 8(68).

norðausturjaðri Lambafells frá 1. febrúar 2005 til 31. janúar 2010 með samningi 1. febrúar 2005.⁴³⁴

Ölfushreppur leigði Benedikt Bachmann 700 m² lóð í Sleggjubeinsdal, er skíðaskáli Knattspyrnufélagsins Vals stóð á, til 10 ára (15. nóvember 2009) 20. desember 1999.⁴³⁵

Íslenskar ævintýraferðir hf. seldu Afþreyingarfélaginu ehf. skíðaskála með lóðarréttindum í Sleggjubeinsdal 20. janúar 2003. Ekki kemur fram um hvaða skála er að ræða.⁴³⁶

5.6. Selstaða í Ölfusi og Selvogi

Hálfdan Jónsson, lögréttumaður á Reykjum í Ölfusi, samdi lýsingu Ölfushrepps árið 1703. Þar koma meðal annars eftirfarandi upplýsingar um Reyki fram:

Fyrir austan þessi örnefni [í Reykjadal] liggur Grænsdalur, beitarland og slæga frá Reykjakoti, ...

En til austurs frá Grænsdal taka til Klóarmelar, aldeilis graslausir. Plássið þar fyrir austan er selhagar frá Reykjum og það pláss kallað Reykjafjall, þó lágt liggji sem annar dalur. Þetta takmark er með grasi víða, so vallendi sem mýrum, gott til haglendis en undirlagt af snjóum á vetrartímanum, ...⁴³⁷

Í köflunum um Ölfus og Selvog í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en þeir voru samdir árin 1706 og 1708, er nokkrum sinnum minnst á selstöður.

Eftirfarandi texti fylgir umsögninni um Herdísarvík:

Selstöðu eigna menn jörðinni í Krísivíkurlandi, þar sem enn heitir Herdísarvíkursel. Ekki brúkast hún nú í nokkur ár, heldur önnur í heimalandi.⁴³⁸

Varðandi Vindás segir:

Selstaða á heiðinni vatnslaus sem annarstaðar.⁴³⁹

Um Sigurðarhús [hluti af Strandarkirkjueign] segir:

Selstöðu á jörðin gagnvæna í eigin landi, en þó vatnslausa nærri sjer, nema votviðri tilfalli, þó er hjer skemra til vatns en annarstaðar hjer í sveitum frá seljum.⁴⁴⁰

⁴³⁴Skjal nr. 8(67).

⁴³⁵Skjal nr. 8(6).

⁴³⁶Skjal nr. 8(5).

⁴³⁷Hálfdan Jónsson, „Descriptio Ölvshrepps anno MDCCIII“. S. 241.

⁴³⁸Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 466–467.

⁴³⁹Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 457.

⁴⁴⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 460–461.

Vogshús/Vogsósar voru eign kirkju og kirkjustaðar á Strönd. Um þau er að finna eftirfarandi umsögn í Jarðabókinni:

Selstöðu á jörðin í Hlíðarlandi og færa menn þó vatn til selfólks brúkunar, en kvikfje er vatnað stórbáginjalaust í Hlíðarlandi.⁴⁴¹

Um Stakkavík [eign Strandarkirkju] segir:

Selstöðu á jörðin yfrið erfiða, so valla er hestum fært á fjöll upp, þarf og vatn til að flytja, nema votviðri gáangi því meiri, og er hún fyrir þessara ókosta sakir í margt ár ekki brúkuð.⁴⁴²

Í Jarðabókinni er eftirfarandi umsögn um Eymu:

Selstöðu brúkar jörðin í heiðinni, vatnslausa so sem aðrir.⁴⁴³

Í kaflanum um Þorkelsgerði stendur:

Selstaða vatnslaus ut supra.⁴⁴⁴

Snjóthús fá þessa lýsingu:

Selstöðu brúkar jörðin í óskiftum úthögum, sem hún hefur saman við Nesmenn haft og brúkað ómótmælt so langt menn minnst.

Vötn engin nema sjóstemma, og er það flutt á hestum til seljanna á sumardag, en kvikfje rekið meir en fjórðung þingmannaleiðar til vatns.⁴⁴⁵

Í kaflanum um Nes segir:

Selstaða vatnslaus sem áður segir um Snjóthús.⁴⁴⁶

Sama er að segja um hinar hjáleigur Ness. Um Sauðagerðisbónda er eftirfarandi tekið fram:

Ekki brúkar þessi hjáleigumaður selstöðu, en mætti þó, ef hann vildi.⁴⁴⁷

Um Bjarnastaði í Selvogi segir:

Selstaða langt í frá og vatnslaus sem áður segir um Nes og Snjóthús.⁴⁴⁸

Gata fær þessa umsögn:

Selstöðu brúkar jörðin í sama stað sem Bjarnastaðamenn og hefur það verið tollfrí og átölulaust það lengst menn minnst.⁴⁴⁹

Eftirfarandi umsögn um Hlíðarenda er að finna í Jarðabókinni:

⁴⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 462–463.

⁴⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 465–466.

⁴⁴³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 456.

⁴⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 454.

⁴⁴⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 444.

⁴⁴⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 445.

⁴⁴⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 447.

⁴⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 450.

⁴⁴⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 452.

Sölvafjöru á jörðin í Selvogi fyrir Neslandi, þar sem kallast Hlíðarendabás. Þar í mót eiga Selvogs ábúendur frí að láta reka búsmala sinn yfir Hlíðarendaland til brynníngar að Hlíðarendalæk, skamt frá túninu, og þetta um sumartíma frá Nesseli, sem stendur á Selvogsheiði.⁴⁵⁰

Um Breiðabólstað segir:

Skipsuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir selstöðu í heimalandi.⁴⁵¹ [Er það kallað Þorlákshafnar- eða Hafnarsel og stendur undir Votabergi.]⁴⁵²

Í Jarðabókinni má finna eftirfarandi umsögn um jörðina Hjalla:

Haga selur jörðin sumar og vetur ábúandanum á Hrauni og Grímslækjum, og er þar til selstaða með beitinni ljenuð Hraunsmönnum, þó hefur ekki þessi selstaða brúkast í næstliðið ár eður þetta. Hjer fyrir hafa Hrauns ábúendur goldið xx, en Grímslækir fyrir beitina hvor um sig v álnir til bóndans á Hjalla allir saman.⁴⁵³

Um jörðina Reyki segir:

Selstaða er nýtanleg í heimalandi, og kokkast allur matur þar á hverri, en ei á eldi.⁴⁵⁴

Kross var hjáleiga frá Reykjum en um hana segir í Jarðabók Árna og Páls:

Selstaða hefur brúkuð verið í heimajarðarinnar landi, er enn nú til gagnleg, þó ei hafi í nokkur ár brúkast.⁴⁵⁵

Eftirfarandi upplýsingar um sel er að finna um aðra hjáleigu Reykja, Velli, í Jarðabókinni:

Selstaða er í betra lagi til fjalls í Reykjalandi, en hefur í nokkur ár ei brúkast.⁴⁵⁶

Í jarðamatinu 1804 segir meðal annars um Nes:

Selstade har Garden, som ikke bruges.⁴⁵⁷

Um selstöður og afrétti segir séra Jón Matthíasson í Arnarbæli árið 1840:

Engar eru selstöður notaðar í Ölvesi.⁴⁵⁸

Í sóknalýsingu séra Jóns Vestmanns í Vogsósum 1840 kemur eftirfarandi fram um selstöður og afréttarlönd:

⁴⁵⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 442.

⁴⁵¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 440.

⁴⁵² Skjal nr. 4(134) ÁR-554:041.

⁴⁵³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 426.

⁴⁵⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 400.

⁴⁵⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 401–402.

⁴⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. b. S. 402–403.

⁴⁵⁷ Skjal nr. 2(24).

⁴⁵⁸ Jón Matthíasson. „Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasókni“. S. 203.

Í fyrri tíð átti hvör jörð og jafnvel hvör hjáleiga selstöðu í Selvogsheiði. Af þeim hygg eg hann bera nafn, en ekki af selaveiði. ...⁴⁵⁹

Í jarðamatinu 1849 kemur fram um jörðina Nes:

Uthagar eru viðlendir og góðir, en fjarska erfiðir og ónotandi nema með selstöðu; vetrararbeit góð, en fjarska langt burtu, ...⁴⁶⁰

Árið 1855 voru Vogsósar metnir að undirlagi biskups. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Utantúnsslægjur eru eingar ordnar vegna sandfoks og vatnságáangs; Sumarhagar gódir, ef haft er í seli.- Vetrararbeit góð fyrir fé, lakari fyrir hross.⁴⁶¹

⁴⁵⁹Jón Vestmann, „Selvogsþing (Strandar- og Krýsuvíkursóknir)“. S. 220.

⁴⁶⁰Skjal nr. 2(25) a–b.

⁴⁶¹Skjal nr. 2(43) a–b.

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggir á. Þar verður fyrst fjallað um landnám á því svæði sem hér er til umfjöllunar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.⁴⁶² Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

Umfjöllun þessi er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, í fyrri úrskurðum og vísar til þeirra.⁴⁶³ Í hinum almennu niðurstöðum er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Nánar tiltekið er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjöru eign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þá hefur Hæstiréttur kveðið upp fyrstu dóma réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47–48/2004. Jafnframt liggja fyrir úrskurðir óbyggðanefndar í málum nr. 1–7/2000 í uppsveitum Árnassýslu (svæði 1), nr. 1–5/2001 í Austur-Skaftafellssýslu (svæði 2) og nr. 1–9/2003 í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu (svæði 3). Af þessum heimildum er einnig tekið mið, enda hafi einstakar niðurstöður almenna skírskotun.

⁴⁶²Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 17, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

⁴⁶³Sjá kaflann *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–7/2000 og *Viðauka við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í málum nr. 1–5/2001. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og fyrst birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1–9/2003. Sami viðauki fylgir hér.

Þess ber einnig að geta að óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum lagt til grundvallar að eðlismunur væri á þjóðlendu og eignarlandi, sbr. 1. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þjóðlenda væri landsvæði utan eignarlanda og því yrði eignarland ekki gert að þjóðlendu með því að eigandi þess afsalaði sér eignarráðum sínum. Þannig hefur óbyggðanefnd talið að jarðir í eigu ríkisins væru eignarland enda þótt ríkið hafi ekki kallað eftir slíkum rétti vegna ósamrýmanlegrar kröfu sinnar um afmörkun aðliggjandi þjóðlendu. Á þetta reyndi í dómi Hæstaréttar 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Íslenska ríkið gegn íslenska ríkinu vegna annars vegar Skaftafells I og III og hins vegar aðliggjandi þjóðlendu) en þar varð niðurstaðan sú að rannsóknarskylda óbyggðanefndar samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 breytti engu um að málsaðilar færu með forræði á máli sínu fyrir nefndinni. Með vísan til þessa dóms beindi óbyggðanefnd þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra, sbr. bréf dags. 10. mars 2006, hvort skilja bæri þjóðlendukröfur þannig að land í eigu ríkisins væri lagt til þjóðlendu, í þeim tilvikum þegar nefndin teldi að land á kröfuvæði væri eignarland. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. sama mánaðar, var erindinu svarað á þann veg að í þjóðlendukröfu ríkisins fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland. Verður því við það miðað í úrskurðum óbyggðanefndar hér eftir.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 verður þannig dregin sú ályktun að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Umfjöllun í úrskurðum óbyggðanefndar mun því einskorðast við þau landsvæði sem gerð hefur verið þjóðlendukrafa til en ekki gerð sérstök grein fyrir landsvæðum sem liggja innan þess landsvæðis, sem nefndin hefur upphaflega tekið til meðferðar, en utan þjóðlendukröfuvæða íslenska ríkisins, svo sem verið hefur.

6.2. Landnám

Í sögulegum kafla, þ.e. 5. kafla hér að framan, er nánari grein gerð fyrir frásögn Landnámu af landnámi á því svæði sem hér um ræðir og er þá fyrst og fremst horft til þess afmarkaða svæðis sem var innan fyrrum Ölfushrepps og Selvogshrepps og er til meðferðar í máli þessu.

Landnáma getur ýmissa manna sem land námu á svæðinu og er Ingólfur Arnarson þar fyrstur nefndur til sögunnar og spannaði landnám hans land „milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út.“ Lýsing á landnámi Ingólfs veldur staðfræðilega litlum vafa. Ormur hinn gamli nam neðsta hluta Grafnings og efsta hluta Ölfuss og bjó að Hvammi. Mörk landnáms hans eru talin hafa náð að Varmá. Álfur hinn egzki nam land handan Varmár, sennilega út á Selvogsheiði að hreppamörkum milli Ölfushrepps og Selvogshrepps en landnámsbærinn var Gnúpar sem nú kallast Núpar. Þá nam einnig land á þessu svæði

Þórir haustmyrkurs en mörk þess landnáms eru ekki þekkt. Bær sona hans var Vágr sem sennilega er Vogur í Selvogi.

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt í málinu, sem og í öðrum málum á svæði 4, að landnám Ingólfs, svo sem því er lýst hér að framan, beri fremur brag af hertöku, eða yfirráðatöku lands, en landnámi. Á þennan málátilbúnað ríkisins er ekki fallist af hálfu óbyggðanefndar. Þvert á móti hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að af lýsingum Landnámu, og rannsóknnum þar að lútandi, verði ráðinn neinn slíkur munur á tilhögun og eðli landnáms Ingólfs annars vegar og öðrum landnámslýsingum hins vegar. Er þá ekki síst hafður samanburður af fyrsta landnámi sem óumdeilanlega sýnist hafa verið verulega miklu stærra en síðara landnám. Sé tilgreining Landnámu þannig lögð óbreytt til grundvallar samkvæmt skýrum texta sínum má ráða að allt það landsvæði sem tekist er á um í þessu máli hafi í öndverðu verið numið.

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmarkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi. Á hinn bóginn hefur nefndin í fyrri málum lagt það til grundvallar að landsvæði, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir, séu þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem öðru haldi fram. Þó svo ekki sé útilokað að slík landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti þá skorti iðulega allt samhengi eignarréttar og sögu, yfirfærslu þeirra eignarréttarlegu heimilda sem mögulega hafi verið stofnað til á grundvelli námsins. Nýting landsins hafi fyrst og fremst, fyrr og síðar, falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafi verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá sé ljóst að löggjafinn hafi ráðstafað eignarréttindum að slíkum afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hafi um aldir verið talinn fara með, hafi einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar.⁴⁶⁴ Að þessu virtu er a.m.k. ekki sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttá sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en allajafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kann hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða

⁴⁶⁴Sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* (í viðauka).

stofnana er að ræða, enda benda slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu.

Um frekari ályktanir hér að lútandi fyrir niðurstöður máls þessa verður fjallað hér í framhaldinu.

6.3. Herdísarvík og Strandarkirkjueignir (Stakkavík, Hlíð, Vogsósar og Strönd)

6.3.1. Almennt

Vestast á því landsvæði sem er til úrlausnar í máli þessu liggur jörðin Herdísarvík. Næst til austurs kemur jörðin Stakkavík og síðan jörðin Hlíð. Til vesturs frá Herdísarvík eru sýslumörk Árnessýslu og Gullbringusýslu og vestan við þau liggur jörðin Krýsuvík, en til norðurs er Selvogsafiréttur. Til austurs frá jörðinni Hlíð eru síðan jarðirnar Vogsósar, Strönd, Þorkelsgerði, Eyma, Gata, Bjarnastaðir og Nes í þessari röð frá vestri til austurs.

Jörðin Herdísarvík stóð sjálfstætt og er landamerkjabréf hennar frá 20. nóvember 1886, en jarðirnar Stakkavík, Hlíð, Vogsósar og Strönd voru hluti svokallaðrar Strandarkirkjueigna, og er sameiginlegt landamerkjabréf þerra frá 4. september 1890. Að þessum gögnum verður nánar vikið hér í framhaldinu.

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð sú krafa að mörk þjóðlendu til suðurs gagnvart umræddum jörðum í Selvogi verði dregin úr Kistufelli sjónhendingu í Kálfahvamm fyrir vestan Geitafell. Vegna jarðarinnar Herdísarvíkur, sem er í eigu ríkisins, er gerð sama krafa um mörk jarðarinnar til norðurs gagnvart afrétti. Vegna jarðanna Stakkavíkur og Hlíð, í eigu Strandarkirkju, er hins vegar gerð sú krafa að mörk jarðanna gagnvart afrétti verði dregin frá hornpunkti í Litla-Kóngsfelli í Kálfahvamm.

Með hliðsjón af legu umræddra jarða og kröfugerð í málinu þykir rétt að leysa úr réttarstöðu jarðanna í samhengi eins og gert er í þessum kafla.

Hinn 20. nóvember 1886 var gert landamerkjabréf fyrir Herdísarvík og var það lesið á manntalsþingi að Nesi í Selvogi 3. júní 1889. Í landamerkjabréfinu er mörkum til austurs gagnvart Stakkavík lýst svo frá sjó: „bein stefna úr Breiðabás (=Helli samkvæmt máldögum), sem er fjöruvik nokkurt ekki allskammt fyrir austan Herdísarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan í Kóngsfell, sem er gömul, ekki há, grámosavaxin eldborg umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.“ Til vesturs er landamerkjum lýst sem stefnulínu „frá áður nefndu Kóngsfelli í Seljabótarnef lágan hraunhnjúk, vestast í Seljabót, við sjó fram.“ Landamerkjabréfið var samþykkt fyrir hönd Strandarkirkju. Í eldri og sértækum lýsingum Herdísarvíkur, sem nánar er gert grein fyrir í 5. kafla. er ekki að finna neina þá afmörkun jarðarinnar sem ekki fær samrýmst landamerkjabréfinu, sbr. þó nánari umfjöllun hér síðar.

Til vesturs við Herdísarvík liggur jörðin Krýsuvík, sem er í Gullbringusýslu. Landamerkjabréf fyrir Krýsuvík var gert 14. maí 1890 og var bréfið lesið á manntalsþingi að Brunnastöðum 20. júní sama ár. Landamerkjabréfið er meðal annars samþykkt vegna Strandarkirkju. Þar er mörkum til austurs lýst þannig: „samþykkt og þinglýst vesturmörk Herdísarvíkur, s: [þ.e.] sjónhending úr Kongsfelli sem er lág mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg, á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram.“ Þegar landamerkjabréf Krýsuvíkur og Herdísarvíkur voru gerð voru báðar jarðirnar í eigu Árna Gíslasonar, sem undirritaði bæði bréfin.

Landamerkjabréf fyrir Strandarkirkjueignir í Selvogi er frá 4. september 1890 og var lesið á manntalsþingi að Nesi í Selvogi 5. júní 1891 og fært í landamerkjabók. Í landamerkjabréfinu er mörkum til vesturs gagnvart Herdísarvík lýst þannig frá sjó: „bein stefna úr Breiðabás (= Helli samkvæmt máldögum), sem er fjöruvík nokkurt, ekki allskammt fyrir austan Herdýsarvík, með litlum hellisskúta í hrauninu fyrir ofan, í Kóngsfell, sem er gömul, en ekki há, grámosavaxin eldborg, umhverfis aflangan djúpan gíg, til hægri handar við þjóðveg úr Selvogi til Hafnarfjarðar, góðan spöl fyrir austan Kerlingarskarð, nálægt veginum.“ Í landamerkjabréfinu er mörkum einnig lýst til austurs gagnvart jörðinni Eymu þannig: „Við sjó ræður markhella: M. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli, og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból, austan til við Vindassel, og á Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.“ Landamerkjabréfið var samþykkt vegna Herdísarvíkur og eyðijarðarinnar Eymu. Samkvæmt þessu er mörkum lýst til beggja handa en ekki vikið sérstaklega að norðurmörkum gagnvart Selvogsafreitt að öðru leyti en því sem felst í tilgreiningu punktanna tveggja í Litla-Kóngsfelli og Kálfahvammi. Í eldri og sértækum lýsingum Strandarkirkjueigna, sem nánar er gert grein fyrir í 5 kafla er ekki að finna neina þá afmörkun jarðarinnar sem ekki fær samrýmst landamerkjabréfinu, sbr. þó nánari umfjöllun hér síðar.

Landamerkjabréf fyrir eyðijörðina Eymu er frá 13. maí 1890 og var það lesið á manntalsþingi að Nesi 12. júní sama ár. Þar er mörkum til vesturs gagnvart Vogsósum, sem er hluti Strandarkirkjueigna, lýst þannig: „Við sjó ræður Markhella; þaðan bein lína ... í vörðuna á Vörðufelli; og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norður yfir Eymuból, austan til við Vindassel, og í Gapa á Hellholt; þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli.“ Landamerkjabréfið er samþykkt fyrir Vogsósa.

Hinn 16. febrúar 1980 var gert landamerkjabréf, sem eigendur jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur undirrituðu ásamt sveitarstjórnnum og sýslunefndum í Árnessýslu og Gullbringusýslu. Auk þess er bréfið undirritað af landbúnaðarráðherra sem eiganda ýmissa réttinda í Krýsuvíkurlandi. Þá var bréfið staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. sama mánaðar „vegna ákvörðunar marka

lögsagnarumdæma.“ Í 1. gr. landamerkjabréfsins segir svo: „Mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.“ Í 3. gr. bréfsins segir síðan svo: „Mörk jarðanna Herðisarvíkur og Krýsuvíkur falla einnig saman við mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar.“

Svo sem rakið hefur verið lýtur ágreiningur á þessu svæði að því hvort mörk þjóðlendu verði dregin úr Kistufelli eða Litla-Kóngsfelli í Kálfahvamm fyrir vestan Geitafell. Af eldri heimildum um mörkin að þessu leyti ber að geta lýsingar Selvogspinga frá 1840 eftir séra Jón Vestmann, en samkvæmt henni voru vesturmörk Selvogspinga úr Kóngsfelli sjónhending vestur til Brennisteinsfjalla og um Lyngskjöld í Sýslustein og þaðan í sjó. Í lýsingunni segir jafnframt að þetta séu takmörk Gullbringusýslu og Krýsuvíkursóknar að austanverðu. Að þessu er einnig vikið í lýsingu Arnabælispinga, sem jafnframt var rituð árið 1840, eftir séra Jón Matthíasson, en þar segir að mörkin liggi um Kóngsfell og þaðan beygist stefnan yfir þveran Grindarskarðsveg eftir endilöngum Bláfjöllum allt til Vífilfells.

Til norðvesturs við það landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, eru Almenningskógar Álfaneshrepps, en fyrir þá er að finna merkjalýsingu Guðmundar Guðmundssonar, umsjónarmanns almennings Álfaness, í bréfi frá 21. júní 1849, sem lesið var á manntalsþingi í Görðum á Álfanesi 22. sama mánaðar og fært í þinglýsingabók. Í bréfinu segir meðal annars svo: „Með því mjer er á hendur falið í brjefi til mín af 19 Juni næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni [T. Guðmundsen, yfirstrikað] að boði Stifamtisins umsjón þess almennings, sem er að finna í Alptaneshrepp, þá orsakast jeg til að lysa þess almennings takmörkum fyrir alþýðu á manntalsfundinum í Görðum innan sama hrepps, sem jeg veit glöggast fráskilið annara eignum og er því að álíta sjerskilið almennings sameignar land gamlra lögbílisjarða í Alptaneshrepp, hvers takmörk eru þessi.“ Um mörkin að því landsvæði sem hér er til umfjöllunar segir svo í bréfinu: „A milli Gullbringu og Arnessýslna af Bláfjöllum vestur á Kistufell.“ Þegar lokið er lýsingu marka segir svo í bréfinu: „Þetta ofantalið afrjettar og almennings land, sem er að finna fráskilið annara eignum lísi jeg til rjettarins fullkomnari úrskurðar gamallra lögbylisjarðajarða afrjettar að öðru nafni almenningsland í Alptaneshrepp með öllum þeim herlegheitum sem þar er að finna.“

Árið 1993 höfðaði Ölfushreppur mál á hendur aðliggjandi sveitarfélögum til að leyst yrði úr ágreiningi um lögsögumörk á svæðinu frá Vífilfelli að Selvogi. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848). Í dómnum var lögð til grundvallar merkjalína úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein og þaðan í Seljabót. Var þessi niðurstaða reist á því að ekki hefði komið fram að mörk Gullbringusýslu og Árnessýslu hefðu á síðari tímum verið önnur en greindi í þinglýstum landamerkjabréfum frá ofanverðri nítjándu öld. Þóttu fram komnar heimildir aðrar en

lýsing Almenningssskóga Álftnesinga ekki gefa örugga vísbandingu um að sýslumörk væru önnur en frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabót. Þessu til stuðnings var vísað til lýsingar séra Jóns Vestmanns frá árinu 1840 sem áður er vikið að. Var því ekki talið að fyrrgreint landamerkjabréf frá 16. febrúar 1980 hefði falið í sér breytingu á staðarmörkum sveitarfélaga eða mörkum lögsagnarumdæma.

6.3.2. Málástæður aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er krafa um þjóðlendu miðuð við Kistufell í vestri og Kálfahvamm í austri. Er það öðru fremur byggt á framangreindri lýsingu Guðmundar Guðmundssonar, umsjónarmanns almennings Álftaness, á Almenningssskógum Álftaneshrepps frá árinu 1849. Er því haldið fram að lýsing marka við Kóngsfell í síðari tíma landamerkjabréfum fái þessu ekki breytt, enda gangi þær gegn eldri þinglýstum rétti. Enn fremur sé til þess að líta að merkjapunktur Herdísarvíkur þurfi ekki að vera mark í eignarlandi þar sem þess séu dæmi úr dómaframkvæmd og í úrskurðum óbyggðanefndar að land innan landamerkja jarða geti bæði verið eignarland og þjóðlenda. Loks bendir ríkið á að ekki sé mikið land eftir af fornum afrétti Selvogs ef jarðirnar Herdísarvík, Stakkavík og Hlíð eigi eignarland allt að Litla-Kóngsfelli í samræmi við landamerkjabréf.

Til samræmis við málatilbúnað sinn telur ríkið sem eigandi jarðarinnar Herdísarvíkur að mörk hennar gagnvart þjóðlendu miðist við framangreinda línu sem dregin er úr Kistufelli og þaðan sjónhending áleiðis í Kálfahvamm í Geitafelli.

Af hálfu eigenda jarðanna Stakkavíkur og Hlíðar er byggt á því að eignarland jarðanna nái allt að Litla-Kóngsfelli og eftir línu sem dregin er úr þeim markapunkti í Kálfahvamm í Geitafelli. Kröfugerð ríkisins um þjóðlendu nái hins vegar langt inn í eignarland jarðanna. Til stuðnings kröfu sinni vísar eigandi jarðanna til þinglýstra landamerkjabréfa. Jafnframt bendir landeigandi á að með upphaflegum landamerkjalögum frá árinu 1882 og með gildandi lögum frá árinu 1919 hafi verið komið á ákveðinni skipan og því eigi landamerki samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum stoð í þessum lögum. Varðandi landamerkjabréf fyrir Strandarkirkju frá 4. september 1890 vísar eigandi jarðanna til þess að alþekkt sé víða á landinu að þverlínunum gagnvart afrétti sé ekki lýst heldur látið við það sitja að lýsa línunum að afrétti til beggja handa. Eðli máls samkvæmt verði að miða við að bein lína sé síðan dregin milli þeirra marka sem þar sé lýst. Í þessu tilviki verði því að miða við línu úr Litla-Kóngsfelli í Kálfahvamm vestan í Geitafelli. Þessu til stuðnings er vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 varðandi jörðina Mörtungu og dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 um jörðina Hóla í Biskupstungum.

6.3.3. Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðanna er rakin í kafla 5. Þar kemur fram að Herdísarvíkur og Strandarkirkjujarða er getið í heimildum frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.⁴⁶⁵ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Að þessu gættu þarf að skera úr um mörk jarðanna Stakkavíkur og Hlíðar, sem eru hluti af Strandarkirkjueignum, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Í þeim efnum þarf að leysa úr því hvort hornmark jarðanna nær norður í Litla-Kóngsfell, sem er innan kröfufsvæðis ríkisins, og hvar mörkin liggja gagnvart því landi sem áður tilheyrði afrétti fyrrum Selvogshrepps. Af hálfu ríkisins er lagt til grundvallar, bæði í kröfugerð um þjóðlendu og jafnframt sem eigandi jarðarinnar Herdísarvíkur, að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu liggi úr Kistufelli eftir línu sem liggur sjónhendingu í átt að Kálfahvammi fyrir vestan Geitafell. Eins og ríkið hefur lýst málatilbúnaði sínum fyrir óbyggðanefnd, svo sem nánar er vikið að í kafla 6.1., felst þó ekki í þessu afsal á landi sem kann að vera í eigu ríkisins og því miðar ríkið við að sömu atriði verði lögð til grundvallar varðandi jörðina Herdísarvík og um annað eignarland á svæðinu. Að þessu gættu þarf jafnframt að leysa úr því hvort hornmark Herdísarvíkur liggur í Kistufell eða Litla-Kóngsfell.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið eru mörk utan kröfufsvæðisins og þarfnast ekki nánari umfjöllunar.

Í landamerkjabréfum frá árunum 1886 og 1890 fyrir jarðirnar Krýsuvík í Gullbringusýslu og Herdísarvík og Strandarkirkjueignir í Selvogi er miðað við hornmark í Kóngsfell. Á því leikur ekki vafi að átt er við Litla-Kóngsfell, sem var kennileiti í alfaraleið við Grindarskarðsveg. Kemur þetta einnig heim og saman við lýsingu Arnþælisþinga frá árinu 1840, eftir séra Jón Mattíasson, en þar segir að frá Kóngsfelli beygist stefnan yfir þveran Grindarskarðsveg. Tekur það af tvímæli um að átt sé við Litla-Kónsgsfell en ekki Stóra-Kónsgfell sem liggur allnokkuð norðar fjarri Grindarskarðsvegi. Til samræmis við lýsingu í þessum bréfum er markapunktur í landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980 miðaður við Litla-Kóngsfell. Þá eiga mörk við Litla-Kóngsfell sér einnig stoð í lýsingu Selvogþinga frá árinu 1840, eftir séra Jón Vestmann, en þar segir að vesturmörk liggja úr Kóngsfelli.

Í málatilbúnaði aðila hefur ekki verið vikið að því að í landamerkjabréfinu frá 16. febrúar 1980 voru mörk jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur færð til hið neðra þannig að þau fylgdu lögsagnarumdæmum. Í stað þess að miðað væri við beina línu úr Litla-Kóngsfelli í Seljabót er miðað við línu úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein og þaðan í Seljabót. Eins og málið liggur fyrir nefndinni getur þetta engu breytt um niðurstöðuna.

⁴⁶⁵Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Andspænis öllu þessu stendur hins vegar lýsing Guðmundar Guðmundssonar, umsjónarmanns almennings Álftaness, á Almenningssskógum Álftaneshrepps frá árinu 1849, en þar eru mörkin dregin sunnar í Kistufell. Við mat á þeirri heimild verður ekki hjá því litið að um er að ræða einhliða lýsingu sem hefur ekki verið samþykkt eða staðfest af jarðeigendum, auk þess sem sú heimild á sér ekki stoð í öðrum gögnum að því er varðar það svæði sem hér er til úrlausnar.

Með dómi Hæstaréttar 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848) var leyst úr ágreiningi um mörk lögsagnarumdæma sveitarfélaga á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Með dóminum var hins vegar ekki skorið úr um eignarrétt að landi sem liggur að umdæmamörkum. Allt að einu verður ekki hjá því litið að í umræddum dómi Hæstaréttar var niðurstaðan sú að ekki væri fram komið að á síðari tímum hafi verið álitid að mörk Gullbringusýslu og Árnassýslu væru önnur en greinir í þinglýstum landamerkjabréfum frá ofanverðri nítjándu öld. Var talið að fram komnar heimildir aðrar en lýsing Almenningssskóga Álftnesinga frá 1849 gæfu ekki öruggar vísbendingar um að sýslumörk hafi verið önnur en frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabót. Fyrir óbyggðanefnd hefur ríkið teft fram sömu lýsingu gegn þeim landamerkjabréfum sem lögð voru til grundvallar í umræddum dómi. Verður dómurinn því talinn renna frekari stoðum undir landamerkjabréf jarða á þessu svæði og jafnframt draga úr vægi lýsingar Almenningssskóga Álftnesinga sem fékk engu breytt um lyktir málsins. Þá mælir einnig gegn lýsingu Almenningssskóga að afrétturinn nái yfir umdæmamörk, enda eru ekki fyrir hendi nein önnur gögn sem styðja þá niðurstöðu, að stjórnsýslu- og eignamörk fari ekki saman á svæðinu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að umrædd lýsing Almenningssskóga Álftnesinga fái hnekkt samhljóða landamerkjabréfum um að hornmark Herdísarvíkur, Stakkavíkur og Hlíðar miðist við Litla-Kóngsfell. Breytir engu í því tilliti þótt landamerkjabréf jarðanna frá ofanverðri 19. öld hafi ekki verið samþykkt af sveitarfélögum vegna aðliggjandi afrétta. Verður ekki séð að nokkurn tíma hafi verið gerð athugasemd af því tilefni heldur þvert á móti var á árinu 1980 gert nýtt landamerkjabréf sem sveitarfélögin, sýslunefndir og eigendur jarðanna Krýsuvíkur og Herdísarvíkur áttu aðild að þar sem mörk eru miðuð við Litla-Kóngsfell. Jafnframt er til þess að líta að öllum landamerkjabréfum jarðanna var þinglýst og hafa jarðeigendur um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum væri þar rétt lýst.

Í landamerkjabréfi fyrir Strandarkirkju frá 4. september 1890 er mörkum jarðanna lýst til afréttar beggja vegna án þess að vikið sé að mörkum gagnvart afréttinum að öðru leyti. Verður venju samkvæmt, sbr. t.d. niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 um mörk jarðarinnar Mörtungu gagnvart Síðumannaafretti, að miða við að mörk miðist við línu sem dregin er milli endimarka landamerkjalysingar á hvora hlið, enda er ekkert komið fram sem mælir gegn þeim mörkum ef frá er talin

lýsing Almenningssskóga Álftaneshrepps sem áður er vikið að. Samkvæmt þessu verða mörk jarðanna miðuð við línu sem dregin er úr Litla-Kóngsfelli í Kálfahvamm vestan í Geitafelli.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan merkja jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðirnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan tilgreindra marka í landamerkjabréfum hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Land jarðanna til norðurs að afrétti hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmarkaðri.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Ölfusi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Stakkavíkur og Hlíðar sé þjóðlenda. Það sama á við um land innan landamerkja Herdísarvíkur. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁴⁶⁶ Samkvæmt þessu og með hliðsjón af því hvernig ríkið hefur hagað málalíbúnaði sínum verður lagt til grundvallar að allt land Herdísarvíkur liggja utan þjóðlendu.

Þá hefur óbyggðanefnd í samræmi við rannsóknarskyldu sína kannað eignarheimildir vegna Vogsósa og Strandar. Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis ríkisins á því landsvæði sem til umfjöllunar er í þessum kafla sé að finna svæði sem þarfnast frekari rannsóknar.

6.4. Eyma, Þorkelsgerði, Gata, Bjarnastaðir, Nes, Hlíðarendi og Litlaland

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að mörk þjóðlendu verði dregin úr Kálfahvamm vestan í Geitafelli í Fálkaklett og frá honum í vörðu norðaustan til á há Geitafelli og þaðan í Rauðhól. Sunnan við þjóðlendu ríkisins liggja jarðirnar Eyma, Þorkelsgerði, Gata, Bjarnastaðir, Nes, Hlíðarendi og Litlaland. Ná þær allar að kröfulínu ríkisins ef frá er talin jörðin Litlaland. Af hálfu eigenda umræddra jarða eru ekki gerðar kröfur í málinu.

⁴⁶⁶Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Óbyggðanefnd hefur í samræmi við rannsóknarskyldu sína kannað eignarheimildir þessara jarða og telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis ríkisins á því landsvæði sem til umfjöllunar er í þessum kafla sé að finna svæði sem þarfnast frekari rannsóknar.

6.5. Breiðabólsstaður/Vindheimar og Hjallatorfa

6.5.1. Almenn

Austan við Litlaland liggur jörðin Breiðabólsstaður. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 eru nefndar tvær hjáleigur jarðarinnar, Skriða og Vindheimar, sem þá voru aflagðar. Síðar var aftur stofnað til býlis á Vindheimum. Árið 1947 keyptu Sjöundadags aðventistar á Íslandi Breiðabólsstað og Vindheima.

Til austurs við Breiðabólsstað og Vindheima liggur Hjallatorfa, en innan hennar er jörðin Bakki I og Bakki II og Hjallahverfi. Innan Hjallahverfis eru jarðirnar Gerðakot, Lækur, Bjarnastaðir, Krókur, Þorgrímsstaðir og Hjalli. Með kaupsamningum og afsölum frá árunum 2000 og 2001 keypti Orkuveita Reykjavíkur óskipt land Hjallatorfunnar af eigendum annarra jarða en Bjarnastaða. Um er að ræða land ofan svokallaðs Efracjalls til norðvesturs. Við kaup þessi var þó Lambafell undanskilið.

Af hálfu ríkisins er gerð krafa um að mörk þjóðlendu á þessu svæði verði dregin úr Rauðhól í punkt í Sanddölum og þaðan í Reykjafell. Til vara er gerð sú krafa að línar verði dregin úr Rauðhól í Lambafell og þaðan í Reykjafell. Krafa jarðeigenda á svæðinu er samhljóða varakröfu ríkisins að þessu leyti.

Með hliðsjón af því að ágreiningur vegna þeirra jarða sem hér eru teknar saman til úrlausnar lýtur að sama ágreiningsefninu, þ.e. hvort hornmark þeirra til norðurs gagnvart afrétti sé í Sanddölum, svo sem ríkið byggir á, eða í Lambafelli, svo sem landeigendur byggja á, þykir rétt að fjalla um þær í einu lagi í þessum kafla.

Hinn 28. maí 1889 var gert sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Breiðabólsstað og Vindheima. Landamerkjabréfið var þinglesið á manntalsþingi 29. sama mánaðar. Í bréfinu er mörkum til vesturs að Litlalandi lýst úr Hálförum, þaðan í Draugshelli, þá í Gríslingahlíð og loks bein lína um miðja Þúfnavelli og þaðan beint í Rauðhól. Í landamerkjabréfi Litlalands frá 27. maí 1889, sem þinglesið var 29. sama mánaðar, er sambærileg lýsing á þessum mörkum að öðru leyti en því að Rauðhóll er nefndur Riðhóll. Mörkum Breiðabólsstaðar gagnvart afrétti er lýst úr Rauðhól í Lambafell. Ekki er til samtíma landamerkjabréf fyrir Ölfusafrétt en lýsing hreppstjóra Ölfushrepps á afréttarlandi hreppsins frá 28. febrúar 1920 er ekki í ósamræmi við þessa lýsingu, svo langt sem hún nær. Til austurs gagnvart Hjallatorfu er mörkum lýst úr Lambafelli beina stefnu í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan beint í Skógarhlíðargafli. Lýsing í landamerkjabréfi Hjallatorfu er sú sama, svo sem nánar verður rakið hér á eftir. Landamerkjabréf Breiðabólsstaðar og Vindheima var samþykkt vegna Litlalands, Hrauns og Hjallatorfu. Einnig var bréfið samþykkt vegna

afréttar Ölfushrepps. Landamerkjabréf Litlalands var samþykkt vegna Beiðabólsstaðar og Vindheima, Hlíðarenda og Þorlákshafnar. Af rannsókn óbyggðanefndar leiðir að ekki er þörf á því að staðreyna frekar mörk umræddra jarða til suðurs og austurs.

Landamerkjabréf fyrir Hjallatorfu er frá 28. maí 1889 og var það þinglesið á manntalsþingi 29. sama mánaðar. Í bréfinu er, svo sem fyrr segir, að finna samhljóða lýsingu á mörkum til vesturs og í fyrrgreindu landamerkjabréfi fyrir Breiðabólsstað og Vindheima, sem miðuð eru við Lambafell og þaðan beint í vestasta hornið á Lönguhlíð og síðan beint í Skógarhlíðargafli. Gagnvart afréttarlandi Ölfushrepps er mörkum lýst úr vörðu austast á Reykjafelli og þaðan beint í Lambafell. Þau mörk eru ekki í ósamræmi við fyrrgreinda lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps frá árinu 1920. Í bréfinu er jafnframt lýst mörkum gagnvart Þóroddsstöðum og Riftúni úr torfu í svonefndum Litlahvammi, þaðan í vörðu á Háskálafelli og þaðan beint í vörðu austan á Reykjafelli. Í landamerkjabréfi Þóroddsstaða frá 28. maí 1889, sem þinglesið var 29. sama mánaðar, er mörkum jafnframt lýst í Reykjafell. Landamerkjabréf Hjallatorfu var samþykkt vegna Grímslækja, Hrauns, Breiðabólsstaðar og vegna afréttar Ölfushrepps, en ekki fæst séð að það hafi verið samþykkt vegna Þóroddsstaða. Bréf Þóroddsstaða virðist ekki vera áritað um samþykki neinna aðliggjandi jarða. Af rannsókn óbyggðanefndar leiðir að ekki er þörf á því að staðreyna frekar mörk umræddra jarða til suðurs og austurs.

Hinn 24. september 1889 var gert landamerkjabréf fyrir Selvogsafrétt og Ölfusafrétt að innan en Hlíðarbæja að neðan. Var bréfið þinglesið á manntalsþingi að Nesi 10. júní 1890. Í bréfinu er mörkum lýst úr „Vífilsfelli í Ólafsskarð, þaðan beina línu niður eptir Lambafellshrauni í vörðu, sem er norðaustan til á há-Geitafelli, úr henni beina línu í Fálkaklett.“ Bréfið er samþykkt fyrir Selvogshrepp og Ölfushrepp.

Af eldri heimildum um landamerki á þessu svæði liggur fyrir máldagi og landamerkjaskrá fyrir Hjallakirkju í Ölfusi frá árinu 1400. Um er að ræða afskrift frá árinu 1612 fyrir Odd biskup Einarsson. Í máldaganum er meðal annars að finna svohljóðandi lýsingu á landamerkjum:

... Hier med a Hialle landed vestur j lækiarbotnalæk og j gard þann sem liggur firir utan borgarstígenn j göturnnar under fialled og fialled alltt gagnvart a motz vid skog hlijdararenda enn ytra.

alla lönguhlíjd j sanddale.

rædur þa merkium gata su er þar liggur.

a þa Hialle enn nordara partt. reykiarfell og laka med.

Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós aðrar eldri heimildir sem taldar verða hafa þýðingu við úrlausn um eignarrétt á þessu svæði.

Svo sem nánar verður rakið lýsir ágreiningur aðila sér í því að meðan jarðeigendur miða mörk gagnvart afrétti við framangreind landamerkjabréf þá byggir

ríkið kröfu sína um hornmark í Sanddölum á tilvitnuðum máldaga. Sjónarmið aðila verða nánar reifuð hér í framhaldinu.

6.5.2. Málsástæður aðila

Til stuðnings aðalkröfu íslenska ríkisins um að mörk Þjóðlendu verði dregin úr Rauðhól í punkt á Sanddölum og þaðan í Reykjafell er vísað til máldaga og landamerkjaskrá fyrir Hjallakirkju frá árinu 1400. Þar komi fram að kirkjan eigi „alla lönguhlíð í Sanddali“ og „ráði þá merkjum sú gata er þar liggur“. Samkvæmt þessari lýsingu liggja merkin upp eftir Lönguhlíð og inn í Sanddali og þaðan í Reykjafell. Í þessu sambandi bendir ríkið á að Lambafell hefði verið nefnt ef það hefði átt að vera hornmark Hjallatorfu. Því sé um að ræða síðari tíma mark í landamerkjabréfum sem gangi lengra en máldaginn. Verði því að leggja til grundvallar eldri merkjalýsingu sem gangi skemmra inn til landsins, enda vegi hún þyngra en yngri lýsing í landamerkjabréfi. Varakrafa ríkisins er reist á landamerkjabréfum þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar.

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur sem eiganda Hjallatorfu er gerð sú krafa að aðalkröfu ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd þar sem kröfugerðin brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnsluréttar. Til stuðnings þessu er því haldið fram að með varakröfu sinni sé ríkið að lýsa því yfir að ná megi markmiði um afmörkum Þjóðlendu gagnvart eignarlandi með þeirri markalýsingu sem þar er sett fram. Því beri eingöngu að taka til efnismeðferðar varakröfu ríkisins.

Að þessu slepptu halda eigendur Hjallatorfu og jarðarinnar Breiðabólstaðar/Vindheima því fram að allt land á þessu svæði hafi verið numið og sé undirorpið eignarrétti. Hið gagnstæða verði ekki ráðið af máldaganum frá árinu 1400, enda komi þar skýrt fram að jörðin Hjalli hafi átt land norður fyrir Reykjafell. Þá komi fram í máldaganum að Hjalli eigi Laka sem að mestu sé innan kröfusvæðisins til norðvesturs við kröfulínu ríkisins. Jafnframt hafi landsvæði enga sérstöðu varðandi gróðurfar og nýtingu miðað við nærliggjandi jarðir þannig að rök mæli með að Þjóðlenda sé innan merkja jarðanna.

Jarðeigendur benda á að nýting jarðanna styðji eindregið að um sé að ræða eignarlönd. Í því tilliti megi meðal annars nefna að frá fornu fari hafi Þorlákshöfn haft sel í landi Breiðabólstaðar, sem stóð undir Votabergi skammt fyrir norðan Þjóðveg um Þrengslin. Sel þetta hafi Þorlákshafnarbóndi haft í skiptum fyrir skipsuppsátur Breiðabólstaðarbóndans í Þorlákshöfn. Af þessu verði ráðið að eigendur jarðanna gátu bannað öðrum að nýta landið. Einnig er vísað til þess að jarðeigendur hafi um langa hríð nýtt Lambafellið til malarnáms, auk þess að hafa önnur not af landinu, svo sem leigu á lóðum undir skála.

Þá vísa jarðeigendur til þess að landamerkjabréfum hafi ekki verið hnekk og því beri að leggja þau til grundvallar lögum samkvæmt. Jafnframt hafi landamerkjabréfunum ekki áður verið andmælt heldur þvert á móti verið þinglýst án

athugasemda. Með hliðsjón af traustfangsreglum sem eigi sér stoð í þinglýsingalögum og vegna réttmætra væntinga jarðeigenda andspænis tómlæti ríkisins beri að hafna kröfu þess. Loks reisa jarðeigendur kröfur sínar á eignarhefð, enda sé öllum skilyrðum laga nr. 46/1905 um hefðarhald fullnægt.

6.5.3. Niðurstaða

Samkvæmt 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 65/2000, leggur ríkið fyrir óbyggðanefnd kröfulýsingu um þjóðlendu á því svæði sem nefndin hefur tekið til meðferðar. Það eitt að ríkið hafi uppi aðal- og varakröfu á grundvelli þess málatilbúnaðar sem lagður er fyrir nefndina getur ekki talist brot á meðalhófsreglu stjórnsluréttar þannig að varði frávísun aðalkröfu. Verður þeirri kröfu Orkuveitunnar því hafnað.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðanna er rakin í kafla 5. Þar kemur fram að Breiðabólsstaðar er getið í heimildum frá lokum 14. aldar en Hjalla í heimildum frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.⁴⁶⁷ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingu Landnámabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Að þessu gættu þarf að skera úr um mörk jarðanna á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Í þeim efnum þarf að leysa úr því hvort hornmark jarðanna nær norður í Lambafell sem er innan kröfusvæðis ríkisins. Mörkin að öðru leyti eru utan kröfusvæðisins og þarfnast ekki nánari umfjöllunar.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Breiðabólsstað og Vindheima annars vegar og Hjallatorfu hins vegar eru samhljóða um aðliggjandi mörk jarðanna frá Lambafelli beina stefnu í vestasta hornið á Lönguhlíð og þaðan beint í Skógarhlíðargafli. Bréfið fyrir Breiðabólsstað og Vindheima lýsir svo mörkum úr Rauðhól í Lambafellið en bréfið fyrir Hjallatorfu úr Lambafelli í vörðu austan á Reykjafelli. Bæði bréfin voru gerð 28. maí 1889 og þinglýst 29. sama mánaðar. Einnig eru þau bæði samþykkt af Ölfushreppi vegna afréttar. Þá lýsa landamerkjabréf aðliggjandi jarða að austan mörkum í Reykjafell.

Af hálfu ríkisins hafa mörk jarðanna í Lambafell verið vefngd á grundvelli fyrrnefnds máldaga og landamerkjaskrár fyrir Hjallakirkju í Ölfusi frá árinu 1400. Í máldaganum kemur fram að Hjalli eigi „alla Lönguhlíð í Sanddali“. Ætla verður að um sé að ræða sömu Lönguhlíð og vikið er að í landmerkjabréfum jarðanna. Þá segir til viðbótar í máldaganum að Hjalli eigi „enn norðari part. Reykjafell og Laka með“. Það svæði sem nefnt er Laka nær all nokkuð norðvestar en lína dregin úr punkti í Sanddölum í Reykjafell eins og ríkið leggur til grundvallar í aðalkröfu. Má meðal annars ráða þetta af örnefnum Lakahnjúkar og Lakastígur innan kröfusvæðis

⁴⁶⁷Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ríkisins. Hornmark jarðanna í punkt í Sanddölum verður því ekki stutt við máldagann sem augljóslega miðar við að hluti af því svæði sem er innan kröfulínu ríkisins sé land Hjalla. Þvert á móti verður talið að máldaginn fái samrýmst samhljóða landamerkjabréfum sem miða við Lambafell sem er greinilegasta kennileitið í landslaginu næst því svæði sem máldaginn getur um. Af hálfu ríkisins er sérstaklega til þess vísað að Lambafell sé ekki nefnt í tilvitnuðum máldaga og landamerkjaskrá Hjalla frá árinu 1400. Þá er þess hins vegar að gæta að Lambafell er skýrt norðausturhornmark í landamerkjabréfi Breiðabólstaðar og Vindheima og er sú lýsing í sjálfu sér ekki í ósamræmi við eldri heimildir um þá jörð. Að þessu gættu og að teknu tilliti til þess trausts sem jarðeigendur hafa í liðlega öld byggt á landamerkjalýsingunum eru ekki efni til að takmarka norðurmörk Hjallatorfu á annan hátt gagnvart afrétti en Breiðabólstaða og Vindheima. Fyrirnefnt landamerkjabréf fyrir Selvogsafrétt og Ölfusafrétt að innan en Hlíðarbæja að neðan frá 24. september 1889 virðist samræmast umræddri afmörkun. Verður það bréf ekki skilið á annan hátt en að það lýsi mörkum milli afrétta að Geitafelli og Fálkakletti en þau mörk eru ágreiningslaus merki jarða til norðurs.

Að öllu þessu virtu eru ekki efni til annars en að leggja til grundvallar markalýsingu í landamerkjabréfum úr Rauðhól í Lambafell og þaðan í Reykjafell.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan merkja Breiðabólstaðar og Vindheima og Hjallatorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðirnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan tilgreindra marka í landamerkjabréfum hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Land jarðanna til norðurs að afrétti hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þar ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Ölfusi, svo sem á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hjallatorfu og Breiðabólstaðar og Vindheima sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁴⁶⁸

⁴⁶⁸Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.6. Kolviðarhóll og athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur í Sleggjubeinsskarði

Í þessum kafla verður tekin afstaða til þess eignarréttarlega ágreinings sem stendur um landspildu þá sem Ölfushreppur afsalaði Íþróttafélagi Reykjavíkur 2. ágúst 1939 og lá að landi Kolviðarhóls sem félagið hafði eignast með afsali 10. apríl 1938. Um eignarréttarlega stöðu Kolviðarhólsjarðarinnar er ekki deilt en samhengisins vegna er nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir tilurð og réttarstöðu jarðarinnar.

Af hálfu óbyggðanefndar eru hins vegar ekki efni til að taka afstöðu til þess ágreinings sem er milli Íþróttafélags Reykjavíkur og Orkuveitunnar um eignarhald á spildunni sem afsalað var árið 1939, nema þá aðeins að óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að spildan sé þjóðlenda.

6.6.1. Stofnun nýbýlis

Kolviðarhóll dregur nafn sitt af Kolviði frá Elliðavatni, sem féll þar ásamt mönnum sínum fyrir Búa frá Esjubergi skömmu áður en Svínahraunsbruni rann. Á Kolviðarhóli var reist sæluhús árið 1844 fyrir forgöngu Jóns Jónssonar, hreppstjóra á Elliðavatni, og séra Páls Matthiesen í Arnarbæli í Ölfusi. Fyrstu áratugina var ekki búið að Kolviðarhóli en yfirvöld beittu sér fyrir því að þar yrði búseta. Var búið að Kolviðarhóli með nokkrum búskap frá árinu 1877 til 1951.

Hinn 13. október 1893 kom sýslumaðurinn í Árnessýslu að Kolviðarhóli ásamt tilkvöddum áreiðar- og gjörðarmönnum. Var eftir beiðni Guðna Þorbergssonar á Kolviðarhóli og samkvæmt fyrirskipan amtmannsins yfir suðuramti og vesturamti tekið fyrir að útvísa Guðna, á grundvelli nýbýlilátláttaskipunarinnar frá árinu 1776, landi til nýbýlis undir Reykjafelli á Ölfusafretti. Við gerðina var mætt af hálfu hreppsins og Hjallakirkju sem taldi sig eiga land að Reykjafelli. Eftirfarandi var fært í gerðabók sýslumanns:

Viðstaddir hreppsnefndarmenn Ölfushrepps lýstu yfir því, að hið fyrirhugaða nýbýlisland sé afréttarland Ölfushrepps og hreppsins eign og viðurkenndi gerðarbeiðandi að svo væri. Mótmæltu þeir því fyrir hönd hreppsins í téðum hreppi að útmæling færi fram, af því að land það, er spurning gæti verið að taka undir nýbýlið, hafi verið leyft til afnota og yrkingar núverandi sæluhúsaverði, Jóni Jónssyni ábúanda á Kolviðarhóli, sem hafi yrkt land þetta með því að slá það og gjöra tilraun til að græða þar út tún, taka upp mó, skera torf og yfirhöfuð hafa af því venjulegar leiguliða nytjar, og ennfremur af því, að hreppsnefndinni sé með nýbýlismælingu þessari gjört ómögulegt að hafa þau yfirráð til að ráða sæluhúsavörðinn, sem hún á að hafa og hefur haft. Lýsa þeir yfir því, að mótmæli þessi hafi ekki komið fyrri af því að hreppsnefndin hugði, að útmælingin mundi verða sunnan undir Reykjafelli í landi Hjallakirkju, að minnsta kosti að nokkru leyti, en Guðni Þorbergsson krefst þess, að sér verði útvísað landi undir nýbýlið þrátt fyrir þessi mótmæli, sem hann álítur að eigi sé á rökum byggð þar sem Jón Jónsson hafi ekkert

byggingarbréf haft fyrir landinu, heldur hafi aðeins munnlega verið leyft að slá bletti hér og hvar í landinu. Sýslumaður og gjörðarmenn álíta að það heyrir eigi undir þá að meta gildi þessara mótmæla, heldur sé það hlutaðegandi amtmanns að neita nýbýlingnum um byggingarbréf, ef mótmæli skyldu reynast á rökum byggð. Var því ákveðið að útvísunin skyldi fara fram og eftir að riðið hafði verið á landið og það nákvæmlega skoðað voru landamerki fyrirhugaðs nýbýlis ákveðin þannig: Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli sjónhending í Þverfell, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsamúlann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áðurnefndan hnjúk á Reykjafelli. Var Guðna Þorbergssyni útvísað landi því, er liggur milli þessara ummerkja til hins fyrirhugaða nýbýlis að geymdum rétti allra hlutaðeigandi.

Með bréfi amtmannsins yfir suðuramti og vesturamti 14. desember 1893 var Guðna Þorbergssyni veittur nýbýlisréttur yfir því landi sem hann hafði fengið útvísað á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776, þó að óskertum rétti sérhvers annars, ef sannaður yrði. Var nýbýlisbréfið þinglesið að Kröggólfsstöðum 29. maí 1894 og ritað í þinglýsingabók.

6.6.2. Athafnasvæði Íþróttafélags Reykjavíkur

Hinn 10. apríl 1938 fékk Íþróttafélag Reykjavíkur afsal fyrir jörðinni Kolviðarhóli frá þáverandi eiganda, Valgerði Þórðardóttur. Tilgangurinn með kaupum jarðarinnar var að koma á skíðastarfsemi í Reykjafelli.

Fyrir kaupin hafði Íþróttafélag Reykjavíkur farið þess á leit með bréfi 6. apríl 1938 að Ölfushreppur afsalaði til félagsins sneið úr fjallendi næst jörðinni þannig að við bættist spilda með mörkum úr hæsta hnjúk á Reykjafelli beint í vörðu á Skarðsmýrarfjalli og þaðan beint í Sleggju. Fram kom í bréfinu að félagið teldi nauðsynlegt samhliða kaupum á jörðinni að fá land upp á fjallsbrúnir þannig að brekkur þær sem best væru fallnar til skíðaiðkunar fylgdu jörðinni. Þessu erindi fylgdi Íþróttafélag Reykjavíkur eftir með bréfi 24. nóvember 1938 og bauðst jafnframt til að greiða allt að 500 krónur fyrir landið. Einnig var vísað til þess að hreppurinn hefði ekki haft önnur not af landinu en sumarbeit og gæti haft þau not eftirleiðis þar sem ekki stæði til að girða landið nema með samþykki hreppsins.

Á almennum hreppsfundi 15. nóvember 1938 var samþykkt að gefa Íþróttafélagi Reykjavíkur landspildu þá er félagið hefði haft til afnota og falað til kaups. Þetta var síðan borið undir sýslunefnd Árnassýslu 28. apríl 1939 og samþykkti hún ráðstöfunina. Í samræmi við þetta afsalaði oddviti hreppsins spildunni til félagsins 2. ágúst sama ár og var afsalið móttekið til þinglýsingar 20. október það ár. Félagið þakkaði „landgjöfina“ með bréfi 18. október 1939 og gaf jafnframt 500 krónur til sundlaugarbyggingar í Hveragerði.

Með bréfi 17. apríl 1954 til borgarstjórans í Reykjavík bauð Íþróttafélag Reykjavíkur Kolviðarhól til sölu í því skyni að afla fjár til að reisa félagsheimili og

Íþróttahús fyrir félagið. Í bréfinu var meðal annars tekið fram að Kolviðarhóll ætti allt land í Sleggjubeinsskarði þar sem mikill hiti væri í jörðu. Hinn 11. október 1955 gaf félagið síðan út afsal fyrir jörðinni til Reykjavíkurborgar og var það móttekið til þinglýsingar 9. desember sama ár. Í afsalinu er tekið fram að jörðin sé seld með húsum þeim sem á jörðinni séu, girðingum og öðrum mannvirkjum og öllum gögnum og gæðum, þar með töldum jarðhitaréttindum. Undanþegnir sölunni voru þó tveir skíðaskálar í eigu knattspyrnufélaganna Vals og Víkings og skálinn Valgerðarstaðir í eigu Íþróttafélags Reykjavíkur. Í afsalinu segir að skálar þessir megi standa áfram leigulaust auk þess sem kaupandi samþykki að seljandi megi reisa einn skíðaskála til viðbótar í landi jarðarinnar sem kaupandi samþykki. Í afsalinu var hins vegar ekki vikið berum orðum að landi því í Sleggjubeinsskarði sem Íþróttafélag Reykjavíkur fékk að gjöf frá Ölfushreppi með afsalinu 2. ágúst 1939.

Í tilefni af fyrirhuguðum tilraunarborunum Hitaveitu Reykjavíkur á árinu 1982 risu deilur milli borgarinnar og Íþróttafélags Reykjavíkur um hvort landið í Sleggjubeinsskarði hefði fylgt við sölu Kolviðarhóls til Reykjavíkur 11. október 1955. Af þessu tilefni tók borgaritari saman minnisblað 11. mars 1982 þar sem færð voru rök fyrir því að borgin hefði talið sig hafa keypt allt eignarland Íþróttafélags Reykjavíkur við Kolviðarhól að engu undanskildu. Með bréfi borgarritara 19. júní 1984 til Íþróttafélags Reykjavíkur var síðan ítarlega gerð grein fyrir röksemdum fyrir eignatilkalli borgarinnar. Var bréfið ritað í kjölfar þess að fyrirsvarsmenn félagsins höfðu haldið því fram á fundi með borgarritara að landið hefði verið undanskilið við sölu jarðarinnar til borgarinnar.

Af gögnum málsins verður ekki séð að frekar hafi verið aðhafst vegna deilu borgarinnar og Íþróttafélags Reykjavíkur fyrr en með bréfi félagsins 20. nóvember 2001 þar sem óskað var skýringa á framkvæmdum á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í Sleggjubeinsskarði án samráðs við félagið. Bréfið var sent borgarlögmanni til umsagnar og var því erindi svarað með bréfi 13. desember sama ár þar sem áréttuð voru fyrri sjónarmið sem borgaritari hafi sett fram á níunda áratugnum og áður er vikið að.

Hinn 1. október 2003 var gefin út eignaryfirlýsing til Orkuveitu Reykjavíkur fyrir Kolviðarhóli og var henni þinglýst á eignina. Var jörðin meðal þeirra eigna sem lagðar voru til fyrirtækisins við stofnun þess. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur er haldið fast við fyrri afstöðu borgarinnar til eignarhalds á spildunni í Sleggjubeinsskarði. Því er enn fyrir hendi ágreiningur um eignarrétt að spildunni og reisa bæði Íþróttafélag Reykjavíkur og Orkuveita Reykjavíkur kröfur sínar fyrir óbygðanefnd á fullu og óskoruðu eignarhaldi spildunnar.

Allar götur frá því Íþróttafélag Reykjavíkur fékk afsal fyrir umræddri spildu í Sleggjubeinsskarði 2. ágúst 1939 hefur félagið haft umfangsmikil not af landinu. Er við upptalningu þeirra nota stuðst við skjallag gögn málsins, hliðsjónargögn og

framburði fyrrverandi og núverandi fyrrsvarsmanna félagsins fyrir óbyggðanefnd. Eftirfarandi talning er ekki tæmandi:

1. Árið 1956 var hafist handa við að reisa skála félagsins í Hamragili og lauk framkvæmdum í mars 1962.
2. Árið 1979 var toglyfta tekin í notkun og sumarið 1980 var reist lyftuhús í gilbotninum og nokkru síðar skemma fyrir vélbúnað skíðadeildar félagsins.
3. Sumarið 1981 var reist önnur toglyfta í gilinu.
4. Sumarið 1982 var þriðja toglyftan reist ofar í fjallinu og náði hún alla leið upp á Skarðsmýrarfjall.
5. Í desember 1992 eyðilögðust lyftuhúsið og skemman í gilbotninum í snjóflóði. Um haustið 1993 var hafist handa við að reisa nýtt hús í gilbotninum og lauk þeim framkvæmdum í febrúar 1994.
6. Í kjölfar snjóflóðsins árið 1992 var hafist handa við að breyta landslagi í gilinu með efnisflutningum til að koma í veg fyrir að þar mynduðust snjóhengjur sem hrundið gætu af stað snjóflóði.
7. Með bréfi 11. júlí 1997 leitaði Landsvirkjun eftir samþykki Íþróttafélags Reykjavíkur fyrir því að Búrfellslína yrði lögð yfir landið gegn greiðslu bóta vegna umstangs á framkvæmdatíma og fyrir ótímabundin afnot af landi undir línu og vegaslóða. Í bréfinu var einnig vísað til þess að byggingabann legðist á 54 metra landræmu undir línunni, sbr. ákvæði þágildandi reglugerðar um raforkuvirki, nr. 264/1971. Í tilefni af þessu bréfi veitti stjórn félagsins formanni þess umboð til að ganga frá og undirrita fyrir hönd félagsins samning við Landsvirkjun um bætur. Línan var síðan reist og voru félaginu greiddar bætur að fjárhæð 258.984 krónur í febrúar árið 2000.
8. Hinn 15. október 1997 gerði Íþróttafélag Reykjavíkur samning við Íslenska farsímafélagið ehf. um leigu á 35 fermetra spildu á lægri kolli Skarðsmýrarfjalls til að koma fyrir fjarskiptabúnaði og tækjaskúr. Auk þess var áskilið að leigutaki hefði nauðsynlegt rými, umferðarrétt og rekstraraðstöðu eins og nánar var lýst í samningnum. Leigugjaldið fyrir umsamin afnot var 80.000 krónur á ári bundið vísitölu byggingarkostnaðar. Leigutími var til 5 ára en leigutaka var heimilt að framlengja leiguna 5 sinnum í 5 ár hverju sinni. Með viðauka 29. september 2003 við samninginn tók Og fjarskipti hf. yfir réttindi og skyldur samkvæmt samningnum. Einnig var ákveðið með viðaukanum að leiga yrði 120.000 krónur á ári bundið vísitölu.

9. Með samningi 28. september 2000 leigði Íþróttafélag Reykjavíkur 35 fermetra spildu af landinu til Landssíma Íslands hf. Fjárhæð leigu var 150.000 krónur árlega bundið vísitölu. Spildan var leigð til 10 ára en leigan framlengist um ár ef samningi er ekki sagt upp með 12 mánaða fyrirvara.
10. Með bréfi 27. október 2000 fór Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur, sem annaðist rekstur skíðasvæða Íþróttafélags Reykjavíkur og Víkings á Hengilssvæðinu, þess á leit að stjórn Íþróttafélags Reykjavíkur veitti heimild til að sett yrði niður aðstaða fyrir starfsmenn við byrjendalyftur félaganna. Á þessa málaleitan féllst stjórn félagsins með bréfi 2. nóvember 2000.
11. Hinn 23. nóvember 2000 gerði Íþróttafélag Reykjavíkur samning við Línu.Net/IRJA um leigu á 35 fermetra spildu á Skarðsmýrarfjalli til að koma fyrir fjarskiptabúnaði. Jafnframt var gert ráð fyrir að leigutaki hefði nauðsynlegan umferðarrétt og rekstaráðstöðu eins og nánar er lýst í samningnum. Leigugjaldið var 150.000 krónur á ári bundið vísitölu. Samningurinn var til 10 ára en leigutaka er heimilt að framlengja leiguna 5 sinnum í 5 ár hverju sinni.
12. Hinn 21. nóvember 2003 og 23. júní 2004 gerðu Orkuveita Reykjavíkur og Íþróttafélag Reykjavíkur með sér samninga í tilefni af jarðvarmavirkjun Orkuveitunnar á Helligsheiði. Samkvæmt samningum þessum var gert ráð fyrir því að Orkuveitan fengi umferðarrétt um svæðið og leyfi til að leggja slóða, lagnir, línur og borplön eftir nánara samkomulagi. Þá fékk Orkuveitan heimild til efnistöku á svæðinu gegn greiðslu. Einnig tók Orkuveitan að sér að byggja upp veg með klæðningu að skíðasvæðinu í Hamragili og ganga frá námasvæði að loknu efnisnámi. Í báðum samningnum var gerður fyrirvari af hálfu Orkuveitunnar um eignarhald Íþróttafélags Reykjavíkur að landsvæðinu. Samkvæmt kvittun Íþróttafélags Reykjavíkur 7. desember 2004 fékk félagið greiðslu að fjárhæð 6.116.055 krónur fyrir efnisnám á svæðinu.
13. Hinn 27. apríl 2000 var gert fjárnám í landinu til tryggingar á kröfu Tollstjórans í Reykjavík á hendur Íþróttafélagi Reykjavíkur. Í framhaldi af því var síðan krafist nauðungarsölu á landinu 15. desember sama ár. Fallið var síðar frá fullnustugerðum í eigninni.

6.6.3. Málsástæður aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er viðurkennt að land Kolviðarhóls sé eignarland á grundvelli nýbýlatiskipunarinnar frá árinu 1776 og nýbýlabréfs amtmanns frá 14. desember 1893. Á hinn bóginn er því haldið fram að landsvæði það sem Ölfushreppur ráðstafaði til Íþróttafélags Reykjavíkur með afsali 2. ágúst 1939 sé þjóðlenda. Til stuðnings þessu bendir ríkið á að umrædd ráðstöfun hafi farið fram löngu eftir að nýbýlatiskipunin hafi verið liðin undir lok og því hafi ekki verið fyrir hendi lagaheimild til að breyta þjóðlendu í eignarland. Í þessu sambandi tekur ríkið fram að landnám hafi falið í sér stofnun beins eignarréttar til lands undir býli, en ekki hafi þurft að nema land undir afrétti. Sama hafi átt við á tímum nýbýlatiskipunarinnar þannig að einungis hafi verið heimilt að stofna til beins eignarréttar að landi undir býli. Leiki því ekki vafi á að landið sé þjóðlenda eins og annað land á þessu svæði. Til stuðnings kröfu sinni bendir ríkið jafnframt á að nýbýlabréf amtmanns fyrir Kolviðarhól frá árinu 1893 feli í sér vísbendingu um að á þeim tíma hafi menn litið svo á að svæðið væri utan eignarlanda.

Íþróttafélag Reykjavíkur vísar til þess að spildunni í Sleggjubeinsskarði hafi verið afsalað til félagsins 2. ágúst 1939 og afsalinu verið þinglýst í júní árið 1940. Í afsalinu sé berum orðum tekið fram að landið sé lögmæt eign félagsins, auk þess sem þar komi fram glögg landamerki spildunnar. Íþróttafélag Reykjavíkur telur að eignarheimild félagsins geti ekki verið skýrari og þannig hafi hún verið í áratugi án þess að ríkið hafi borið bríður á hana fyrir en nú. Þá andmælir félagið því að um vanheimild hafi verið að ræða þegar Ölfushreppur afsalaði landinu. Til stuðnings því vísar félagið til málflutnings sveitarfélagsins Ölfuss um afréttinn.

Af hálfu Íþróttafélags Reykjavíkur er því mótmælt að nýbýlabréf fyrir Kolviðarhól frá árinu 1893 feli í sér vísbendingu um að landið hafi verið utan eignarlanda. Þvert á móti hafi verið tekið fram við útvísun landsins af fulltrúum sveitarfélagsins að landið væri eign hreppsins. Þá hafi hvorki leitt af nýbýlatiskipuninni né þeirri löggjöf sem leysti hana af hólmi að nýbýli yrði ekki stofnað á eignarlandi. Þannig hafi verið unnt að stofna nýbýli með samþykki landeiganda, eftir atvikum gegn greiðslu til hans.

Einnig vísar Íþróttafélag Reykjavíkur til þess að félagið hafi í hartnær 70 ár komið fram í öllu tilliti sem eigandi landsins. Þannig hafi félagið látið reisa fjölmörg mannvirki á landinu, svo sem skála, skíðalyftur o.fl., til afnota fyrir skíðastarfsemi félagsins. Jafnframt hafi félagið hirt arð af eigninni með því að leigja spildur og heimila efnistöku úr landinu. Félagið telur að samningar þess um landið bendi eindregið til að félagið hafi um langa hríð komið fram sem eigandi og verið viðurkennt sem slíkt af öðrum. Eigi það bæði við um einkaaðila og opinbera aðila eins og Reykjavíkurborg og Landsvirkjun. Þá hafi Tollstjórinn í Reykjavík gert fjárnám í landinu og krafist nauðungarsölu á því.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur Íþróttafélag Reykjavíkur í öllu falli ljóst að landið hafi verið hefðað á grundvelli laga nr. 46/1905 um hefð, verði ekki talið að þinglýst eignarheimild sé viðhlítandi grundvöllur fyrir óskoruðu eignarhaldi félagsins. Í því sambandi bendir félagið á að ríflega þrefaldur tími eignarhefðar sé liðinn frá því félagið fékk umráð landsins. Þá sé jafnframt til styrktar eignarheimildinni sú áratugavenja að félagið hafi farið með landið sem sína eign, auk þess sem skapast hafi réttmætar væntingar til landsins af hálfu félagsins og þeirra fjölmörgu félagsmanna sem starfað hafi áratugum sama í sjálfböðavinnu við uppbyggingu á svæðinu.

Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að umrætt landsvæði sé þjóðlenda krefst Íþróttafélag Reykjavíkur þess til vara með vísan til 5. gr. og c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998 að úrskurðað verði að félagið njóti allra sömu réttinda til landsins og það hefur neytt átölulaust frá árinu 1939.

Orkuveita Reykjavíkur vísar til þess að ríkið geri ekki tilkall til landsvæðis sem markast af merkjum nýbýlisins Kolviðarhóls. Af því leiði að ríkið hafi fyrir sitt leyti samþykkt að svæðið sé undirorpið beinum eignarrétti.

Varðandi spilduna sem Íþróttafélag Reykjavíkur fékk í Sleggjubeinsskarði með afsali 2. ágúst 1939 heldur Orkuveita Reykjavíkur því fram að um hafi verið að ræða eignarland Ölfushrepps sem ráðstafað hafi verið til félagsins. Megi meðal annars ráða þetta af afstöðu hreppsnefndarmanna þegar landinu var upphaflega útvísað til nýbýlis. Sama verði einnig ráðið af afstöðu sveitarfélagsins og sýslunefndar þegar landið var gefið Íþróttafélagi Reykjavíkur.

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur er því haldið fram að landið í Sleggjubeinsskarði hafi fylgt með við sölu Kolviðarhóls til Reykjavíkurborgar árið 1955. Tekur kröfugerð Orkuveitunnar fyrir óbyggðanefnd mið af því. Svo sem áður er rakið hefur Íþróttafélag Reykjavíkur mótmælt því að umrætt landsvæði hafi verið selt borginni og telur landið óskoraða eign félagsins.

6.6.4. Niðurstaða

Svo sem hér hefur nánar verið rakið var Guðna Þorbergssyni veittur nýbýlisréttur yfir Kolviðarhóli með bréfi amtmannsins yfir suðuramti og vesturamti 14. desember 1893. Mörkum nýbýlisins var lýst þannig: „Úr hæsta hnjúk á Reykjafelli sjónhending í Þverfell, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsamúlann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í áðurnefndan hnjúk á Reykjafelli.“

Hinn 10. apríl 1938 var Kolviðarhóli afsalað til Íþróttafélags Reykjavíkur, sem síðan seldi Reykjavíkurborg jörðina með afsali 11. október 1955. Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var jörðin síðan meðal þerra eigna sem lagðar voru til fyrirtækisins. Því til staðfestu var gefin út eignaryfirlýsing til fyrirtækisins 1. október 2003 og henni þinglýst á eignina.

Með stofnun nýbýlis að Kolviðarhóli samkvæmt nýbýlilatilskipuninni frá 15. apríl 1776 varð landið á grundvelli laga undirorpið beinum eignarrétti. Jörðin hefur síðan gengið kaupum og sölum þar til hún komst í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Í málinu liggur fyrir að merki jarðarinnar eru þau sömu og þegar landinu var útvísað til nýbýlis og tekur krafa ríkisins til þjóðlendu og krafa Orkuveittunnar sem landeiganda mið af því. Verður þetta lagt til grundvallar um mörk þjóðlendu gagnvart jörðinni Kolviðarhóli.

Svo sem að framan er rakið afsalaði Ölfushreppur Ípróttafélagi Reykjavíkur spildu úr Ölfusafrétti árið 1939. Með tilvitnuðu afsali oddvita Ölfushrepps 2. ágúst 1939 var því lýst yfir að landspildan í Sleggjubeinsskarði væri lögmæt eign Ípróttafélags Reykjavíkur. Voru mörk spildunnar tilgreind þannig: „Úr hæsta tindu Reykjafells í vörðu á Skarðsmýrarfjalli merktri með hæðartölunni 570 m. Þaðan í Sleggju.“ Mörkum spildunnar gagnvart Kolviðarhóli er ekki lýst en vafalaust er að landið afmarkast af merkjum jarðarinnar til suðausturs, enda var landinu afsalað til Ípróttafélags Reykjavíkur, sem þá var eigandi jarðarinnar og hafði óskað eftir frekara landi fyrir starfsemi félagsins. Krafa Ípróttafélags Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið að þessum merkjum.

Við mat á ráðstöfun hreppsins á landinu í Sleggjubeinsskarði til Ípróttafélags Reykjavíkur verður að líta til þeirra eignarréttarlegu heimilda sem sveitarfélagið naut í raun yfir landsvæðinu þegar því var afsalað. Gildi hér sú almenna og viðurkennda meginregla eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki afsalað víðtækari réttindum en hann sjálfur á. Svo sem nánar er rakið í kafla 6.9. er það niðurstaða óbyggðanefndar að Ölfusafréttur, sem landspildunni var ráðstafað úr, sé ekki undirorpin beinum einkaeignarrétti. Réttur viðkomandi afréttarhafa felist því fyrst og fremst í beitarrétti, veiðirétti og eftir atvikum öðrum þrengri notum eða því sem nefnt hefur verið afréttareign. Í samræmi við þetta skorti Ölfushrepp viðhlítandi eignarheimild til að ráðstafa umræddri landspildu árið 1939. Ípróttafélag Reykjavíkur var því ekki réttilega komið að þeim beinu eignarréttindum sem félagið að formi til fékk afsalað og getur því ekki reist slíkan rétt á afsalinu frá hreppnum. Að þessu gættu kemur til skoðunar sú málsástæða að félagið hafi öðlast beinan eignarrétt að landinu á grundvelli hefðar.

Þjóðlendulög nr. 58/1998 tóku gildi 1. júlí 1998. Frá því tímamarki er ekki unnt að öðlast eignarréttindi fyrir nám eða hefð, sbr. 7. mgr. 3. gr. laganna. Við gildistöku laganna voru liðin tæplega 59 ár frá því landspildunni í Sleggjubeinsskarði var afsalað til Ípróttafélags Reykjavíkur. Í málinu liggur fyrir og er ágreiningslaust að allar götur frá þeim tíma hefur landið verið nýtt undir starfsemi félagsins. Til að hafa not af landinu var reistur skáli, skíðalyftur og tengd mannvirki, auk þess sem jarðvegur hefur verið fluttur til í stórum stíl í því skyni að bæta og breyta landinu með hliðsjón af þessari hagnýtingu. Einnig hefur félagið gert fjölda ráðstafana varðandi landið með löggæringum svo sem fyrr er rakið. Þá hefur félagið fengið greiddar

bætur vegna hagnýtingar annarra á landinu, auk þess sem leitað hefur verið fullnustu í landinu vegna skulda félagsins.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* í fyrri úrskurðum nefndarinnar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir dómstólar hafi í tímans rás gert meiri kröfur til sönnunar eignarhefðar á landi sem liggur utan marka jarða og þá fyrst og fremst að landi sem legið hefur undir afréttum sem ekki hafa upprunalega verið undirorpnir beinum eignarrétti. Þannig hefur nefndin sagt að hefðbundin afréttarnot, svo sem sumarbeit og önnur takmörkuð not, séu ekki nægilegur grundvöllur eignarhefðar undir þeim kringumstæðum og jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda sem svo hagar til um, ekki hafa þýðingu við hið eignarréttarlega mat. Allt að einu hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði þó svo skilyrði til slíks séu þröng.

Í þessu tilviki hagar svo til að um mjög umfangsmikla hagnýtingu á skýrlega afmörkuðu landsvæði er að ræða. Þegar þetta er virt verður talið að Íþróttafélag Reykjavíkur hafi farið með landið líkt og það væri þess eign og komið þannig fram gagnvart öðrum. Verður því talið að eignarhaldið fullnægi skilyrðum eignarhefðar sem staðið hefur óslitið lengur en í 20 ár áður en lög nr. 58/1998 öðluðust gildi. Eru því skilyrði 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr., laga nr. 46/1905 um hefð fullnægt en ekki verður talið að skilyrði 2. mgr. 2. gr. sömu laga standi fullnaðri hefð í vegi.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að íslenska ríkið hafi sýnt fram á að landsvæði það sem upphaflega var ráðstafað til Íþróttafélags Reykjavíkur með afsali 2. ágúst 1939 sé þjóðlenda. Leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Eins og áður er vikið að er ágreiningur með Íþróttafélagi Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur um hvort landsvæði það sem Ölfushreppur afsalaði 2. ágúst 1939 hafi fylgt með þegar félagið seldi Reykjavíkurborg Kolviðarhól 11. október 1955. Fyrir óbyggðanefnd verður ekki leyst úr ágreiningi vegna þessara lögskipta, enda er hlutverk nefndarinnar eingöngu að kanna og skera úr um hvort svæðið sé þjóðlenda og um réttindi innan þjóðlendu ef því er að skipta, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.7. Þóroddsstaðir, Purá, Núpar, Kröggólfsstaðir og Vötn, Þúfa, Litli-Saurbær og Stóri-Saurbær

6.7.1. Almennt

Austast á því svæði sem hér er til meðferðar liggja jarðirnar Þóroddsstaðir, Purá, Núpar, Kröggólfsstaðir, Þúfa og Vötn, Litli-Saurbær og Stóri-Saurbær. Þar fyrir norðaustan liggur Reykjatorfa, en ekki er deilt um mörk þeirrar jarðar gagnvart þjóðlendu. Ágreiningur um mörk þjóðlendu á þessu svæði nær til landsvæðis jarðanna ofan fjalls gagnvart Ölfusafrétti, þ.e. lands innan og ofan þeirrar fjallsbrúnar sem blasir við af láglandi í Ölfusi. Með kaupsamningum og afsölum frá árunum 1999 til 2001 hefur Orkuveita Reykjavíkur keypt allt land ofan fjalls af eigendum jarðanna

Þóroddsstaða, Þurár, Núpa, Kröggólfsstaða, Þúfu, Vatna og Stóra-Saurbæjar. Á árinu 1999 gerði Orkuveita Reykjavíkur einnig kaupsamning og fékk afsal fyrir þeim hluta landsins sem tilheyrði Litla-Saurbæ ofan fjalls. Í málinu er hins vegar ágreiningur um hvort réttur eigandi hafi ráðstafað því landi en nánar verður rakinn ágreiningur um það eignarhald í kafla 6.8.

Af hálfu ríkisins er gerð sú aðalkrafa að mörk Þjóðlendu gagnvart jörðunum verði dregin frá markapunkti í Reykjafelli (hornmark Hjallatorfu) í Hengladalsá við Orrustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrarfjalli. Þaðan verði línan látin fylgja Hengladalsá niður að punkti, sem ríkið telur að sé svonefnt Helluvað, fyrir suðvestan Árstaðafjall. Umrætt Helluvað telur ríkið merkjapunkt gagnvart Reykjatorfulandi og krefst þess að Þjóðlendumörk fylgi ætluðum landamerkjum Reykjatorfu beina stefnu frá Helluvaði í norðurenda einkennilegrar gjár og þaðan beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnjúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka.

Af hálfu jarðeiganda, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur, og þeirra sem kalla til eignarréttar að landi Litla-Saurbæjar, er gerð sú krafa aðallega að mörk jarðanna gagnvart afrétti verði dregin beina línu úr Reykjafelli í rauðbleikan melhól upp af Kýrgili.

Af hálfu sveitarfélagsins Ölfuss er gerð sú aðalkrafa að miðað verði við línu dregna beint úr Reykjafelli í rauðbleikan melhól, sem staðsettur er suðaustar en melhóll sá sem landeigendur miða við í aðalkröfu sinni. Af hálfu ríkisins og Orkuveitu Reykjavíkur er gerð varakrafa um þverlínu gagnvart afrétti sem er sú sama og aðalkrafa sveitarfélagsins Ölfuss.

6.7.2. Um einstakar jarðir

6.7.2.1. Þóroddsstaðir

Landamerkjabréf fyrir Þóroddsstaði er frá 28. maí 1889 og var það þinglesið á manntalsþinginu að Kröggólfsstöðum 29. sama mánaðar. Bréfið er svohljóðandi:

Landamerki milli Þóroddsstaðar og Riftúns. Hornmark á bakka fram við Þorleifslæk Þúnarás sem ræður uppí Forarmót í Tjörn. Úr henni beint í Reiftúnslæk þar sem hann klýfst svo ræður hann upp undir alfaraveg, og þaðan beint í torfatóttir, úr þeim í klett í brúninni fyrir austan Reiftún, þaðan beint yfir fjöll og hálsa inn í Reykjafell.

Landamerki milli Þóroddsstaða og Ytri Þurár eru mörkin þessi:

Hornmark við ós á Þorleifslæk og beina leið að Lambakró og uppí stekk og upp í Þorodstaða háaleyti og svo beina leið í eystra horn á Reykjafelli.

Bréfið er undirritað af Eyjólfí Eyjólfssyni, án þess að sögð séu nánari deili á honum. Fyrir liggur hins vegar að hann hefur undirritað önnur landamerkjabréf fyrir hönd Þurárlanda, sem einn af eigendum. Bréf Þóroddsstaða er ekki að öðru leyti áritað um samþykki aðliggjandi jarða.

Í landamerkjabréfi Hjallatorfu frá 28. maí 1889, sem lesið var á manntalsþingi 29. sama mánaðar, er mörkum gegnvalt Þóroddsstöðum lýst úr „torfu í svonefndum „Litlahvammi“, á efri brún hennar kemur Þóroddsstaðaland á móti landi Hjallatorfunnar og liggja mörkin úr næsttöldu örnefni beint í vörðu á Háskálafelli og þaðan beint í vörðu austan á „Reykjafelli.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Þóroddsstaða.

6.7.2.2. Þurá

Landamerkjabréf fyrir Eystri-Þurá var ritað í maí 1885 og þinglýst 29. júní 1886. Í bréfinu er landamerkjum jarðarinnar lýst þannig:

1. Milli Eystri-Þurár og Núpa ræður frá „Strút“ garðlag austur við Þorleifslæk (Varmá), aptur ræður sjónhending frá „Strút“ í Vatnsskarð og svo til afréttar.
2. Milli Eystri-Þurár og Arnarbælis ræður Þorleifslækur (Varmá) frá áðurnefndu Garðlagi að Þurárósi.
3. Milli Eystri-Þurár og Ytri-Þurár ræður sjónhending frá Þurárósi um Þúfu vestan Eystri-Þurár-túnenda í Markaklett á Þurárflötum (brekkum) og ræður sú stefna til afréttar.

Samkvæmt þessu er mörkum í bréfinu lýst á báðar hendur án þess að greina frá því hvar mörkin liggja að ofanverðu gagnvart afrétti. Bréfið er samþykkt vegna Núpa og Ytri-Þurár.

Ekki er vitað til þess að landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Ytri-Þurá. Mörkum jarðarinnar er hins vegar lýst í fyrrgreindum landamerkjabréfum fyrir Eystri-Þurá og Þóroddsstaði.

Hinn 4. desember 1970 var gerð dómsátt um landamerki Núpa, Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár. Í sáttinni segir að milli jarðanna ráði „garðlag frá „Strúti“ austur að Þorleifslæk (Varmá). Frá „Strúti“ til norðurs ræður sjónhending um gjána í Vatnsskarði til afréttar í þverlínu, sem skilur heimalönd og afrétt ...“.

6.7.2.3. Núpar

Núpar er önnur tveggja landnámsjarða í Ölfusi en hin er jörðin Hvammur. Landamerkjabréf Núpa er frá 22. maí 1890 og var það þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 10. júní sama ár. Bréfið er svohljóðandi:

1. Milli Núpa og Kröggólfsstaðatorfu:

Úr þver línunni milli afrjeta og heimalanda beint í stein undan Svarthúfugili, sem er undir Núpafjalli, og úr honum í Vatnastekk og úr Vatnastekk beint í þúfu, sem hlaðin er upp á Fífuhólma, og úr þeirri þúfu á Alptaás, þar sem hann beygist fullt í vestur ...

3. Milli Þurárlanda eptir garðbrotinu upp í Strút, og úr honum í gjána, sem er í Vatnsskarði og þaðan beina sefnu í þverlínuna, sem skilur heimalönd og afrjett.

Samkvæmt þessu er mörkum lýst að austan og vestan án þess að tilgreina hvar mörkin liggja um þverlínu að ofanverðu gagnvart afrétti. Bréfið er samþykkt vegna Kröggólfsstaða og Vatna og vegna Þurár.

Af eldri heimildum um landamerki jarðarinnar liggja fyrir tvær efnislega samhljóða lögfestur frá 17. maí 1817 og 4. maí 1827. Í lögfestunum er mörkum jarðarinnar lýst þannig:

... og byrjar þá fyrst a Hól þeim er Strutur heitir og beint í árfarið i Vatnz Skardi, þaðan a fjall upp eptir árfarinu og í Fót á Hverahlíd so austur yfir Hraunið og í sama árfar alt innad Lamba Vadi a Varmá so eptir henni alt að Hellu Vade þaðan beina stefnu fram hia Nupa fialls enda og i Hólinn Sogaborg og þaðan í Sandarbotn [eða Sudarbortn] eptir henni i Vatnatiörn og eftir Skammár lækjar gamla farveg i Alftár ós fylgja so Mörkinn Læknum alt þar til fyrrnefndur Strutur er kominn opið Vatnasskard.

Svo sem áður er rakið voru landamerki Núpa, Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár ákveðin með dómsátt 4. desember 1970.

6.7.2.4. Kröggólfsstaðir, Púfa og Vötn

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir jarðirnar Kröggólfsstaði og Vötn var ritað 4. júní 1890 og þinglesið að Kröggólfsstöðum 10. sama mánaðar. Bréfið er svohljóðandi:

...

1. Gagnvart Reykjatorfunni.

Úr skjólgarðinum og þaðan eptir keldu, sem liggur í krókum fram að Farkeldupytti.

2. Gagnvart Arnarbæli:

Úr vörðu, sem hlaðin er upp við Farkeldupytt, í vörðu, sem hlaðin er upá Bræðraborg, og þaðan beina stefnu í vörðu við Alptarós þar sem hann beygist fullt í vestur.

3. Gagnvart Núpum:

Úr Álptarós beina sefnu í vörðu, sem hlaðin er upp vestast á Fífuhólma, og þaðan eptir upphlöðnum vörðum beina stefnu í Vatnastekk, og úr Vatnastekk í stein, sem er fyrir neðan Svarthúfugil og þaðan beina stefnu til afrjetta.

4. Gagnvart Púfu:

Úr ofanefndum skjólgarði í þúfu fyrir vestan Vatnakeldu og þaðan í lækjarfarveg á svonefndri Velliskák, og eptir þeim farvegi í garðbrot, sem liggur á milli Þúfu og Kröggólfsstaða og þaðan í Hundadal.

Þess skal geta, að heiðarland fyrir ofan bæina Kröggólfsstaði, Vötn og Þúfu er óskipt (beitiland).

Landamerkjabréf Kröggólfsstaða og Vatna er samþykkt vegna Núpa, Arnarbælistorfunnar, Þúfu og fyrir Ölfusafrétt.

Landamerkjabréf fyrir Þúfu, sem einnig tilheyrði Kröggólfsstaðartorfunni, er frá 9. júní 1890 og var það þinglesið að Kröggólfsstöðum 10. sama mánaðar. Bréfið er svohljóðandi:

...

1. Gagnvart Saurbæ:

Úr kekki, sem er við árfarið vestan til við „engjagarð“, sjónhending í stein, sem er rjett fyrir vestan túngarðinn í Litla-Saurbæ, þaðan sjónhending í „Hengladalalág“, þaðan sömu stefnu til afréttar.

2. Gagnvart Reykjatorfu:

Úr ofanefndum kekki, eptir árfarinu vestur að „Þúfuskjólgarði.“

3. Gagnvart Kröggólfsstöðum og Vötnum:

Úr ofanefndum skjólgarði beina stefnu í kökk vestan við „Þúfukeldu“ og þaðan eptir lækjarfarvegi upp á móts við „Kross-stykki“, þaðan beina stefnu í gamalt grjótgarðlag, sem liggur á milli túngarðanna á Þúfu og Kröggólfsstöðum, þaðan beina stefnu vestan í „Hundadal“.

Landamerkjabréf fyrir Þúfu er samþykkt fyrir Saurbæ, Velli, Kröggólfsstaði og Reykjatorfu.

Hinn 29. desember 1942 og 2. júní 1982 fóru fram landskipti milli Kröggólfsstaða, Þúfu og Vatna. Skiptin náðu þó ekki til landsvæðis ofan fjalls sem síðar var selt Orkuveitu Reykjavíkur, eins og áður er vikið að.

6.7.2.5. Saurbær (Litli- og Stóri-Saurbær)

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ var ritað 25. maí 1890 og þinglesið á manntalsþingi að Kröggólfsstöðum 10. júní sama ár. Bréfið er svohljóðandi:

...

1. Yxnalækur: Úr Raufabergi við Hengladalaána og í svonefndan Signir, og úr honum í vörðu, sem hlaðin er upp milli Saurbæjar og Yxnalækjar, og svo þaðan í markapúfu við Varmá; úr þeirri vörðu í lækjarmunna, sem rennur úr Opnunum.

2. Vorsabær: Úr opnunum eptir uppsettum Markaðsfum beint í þúfu fyrir vestan Engjagarð (hornmark).

3. Reykjatorfan: Úr áðurnefndu hornmarki eptir árfarinu í þúfu, sem er hornmark milli Saurbæjar og Þúfu.

4. Þúfa: úr síðastnefndu hornmarki eptir uppsettum Þúfum og í stein, sem er við Litla-Saurbæjartún að vestan, og úr þeim steini beina stefnu uppí Hengladalalág og þaðan beina leið inní þverlínu sem skilur heimaland og afrijet.

Landamerkjabréf Saurbæjar er samþykkt vegna Reykjatorfu, Yxnalækjar og Þúfu.

Um árið 1850 var fjórði hlutinn úr Saurbænum gerður að sérstakri jörð sem hlaut nafnið Litli-Saurbær. Á liðinni öld hefur síðan sú jörð skipst upp í Litla-Saurbæ I og Litla-Saurbæ II, án þess að efni séu til að rekja nánar þau tildrög hér. Að þeim verður hins vegar vikið nánar í kafla 6.8.

Næst Saurbæjarjörðunum til austurs liggur Reykjatorfan, en þær jarðir sem tilheyra henni eru Reykir, Reykjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross. Landamerkjabréf fyrir Reykjatorfuna er frá 23. ágúst 1884 og var það þinglesið að Kröggólfsstöðum 29. maí 1898. Um mörk Reykjatorfu til vesturs segir svo í bréfinu:

... Að suðvestan um Forkelldupitt eptir árfari er liggur til norðurs vestan með Reykjaengjum og liggur þetta árfar í krókum til norðurs alla leið í „Varmá“ vestan til móts við Vossabæ, þaðan ræður Varmá alla leið inná móts við Reykjakotstún þaðan nefnist þessi á Hengladallsá og eptir stærsta farveg hennar eru mörkin inn að Helluvaði, sem er fyrir vestan Írstaðarfjall og úr Helluvaði beina stefnu til austnorður í einkennilega gjá, er liggur í krókum til norðurs. Eptir þessari gjá eru mörkin og úr nyrsta gljúfri gjáarinnar beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnjúk fyrir framan svokallaða Kýrgilshnúka (hornmark), þaðan liggja mörkin til austurs um Raufarberg og yfir Brúkollublett norðan verðan, beina stefnu í grjóthól sunnan í Tjarnarhnjúkum, þaðan í bergnef sunnanvert við Álftartjörn. ...

Landamerkjabréf Reykjatorfunnar er meðal annars samþykkt fyrir Núpa, Þúfu og Kröggólfsstaði.

Af eldri heimildum um mörk Reykjatorfunnar til vestur ber að geta að Hálfðan Jónsson lögréttumaður getur merkja Reykja og afréttar í ritinu *Descriptio Ölvshrepps* frá árinu 1703 en þar segir svo:

Nefnd á [Kaldá], þar sem hún rennur í nokkrum gljúfrum, hefur hún fyrir sunnan sig Saurbæjarhraun so kallað, hvort liggur til norðurs frá Kömbum, en að norðanverðu liggur Árstaðarfjall. Þar við ána í fjallinu er gat á berginu og kallast Raufarberg, hvar með Reykjaland aðgreinist frá afréttinum.

6.7.3. Málsástæður aðila

Af hálfu ríkisins er aðalkrafa um þjóðlendumörk frá Reykjafelli í Hengladalsá við Orustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrarfjalli studd þeim rökum að allir Hengladalirnir hafi verið í afrétti Ölfusinga. Til forna hafi verið réttað við Orustuhól á miðsvæði afréttarins af íbúum úr Ölfusi og Mosfellssveit, allt þar til missætti varð milli þeirra og leiðir skildu. Til stuðnings þessu bendir ríkið á lýsingu Halfdanar Jónssonar lögréttumanns í ritinu *Descriptio Ölvshrepps* frá árinu 1703. Þar komi einnig fram að Raufarberg við Hengladalsá móts við Árstaðafjall greini Reykjaland frá afréttinum. Hafi afréttarmörkin verið þar á þeim tíma hljóti allt land handan Hengladalsár, þar með talið Orustuhóll, Litla- og Stóra-Skarðsmýrarfjall og Henglarnir, að hafa verið innan marka afréttarins. Aðalkrafa ríkisins nái því ekki jafn langt og þessi heimild segir til um.

Ríkið vísar einnig til þess að merkjalýsing Reykjatorfunnar fylgi Hengladalsánni frá Varmá allt upp að Helluvaði. Áin renni rétt við veginn yfir Hellisheiðina og engin jörð á láglandinu geti átt land fyrir innan Reykjatorfuland á heiðinni. Til að svo væri þyrftu jarðirnar að eiga land að Reykjatorfulandi og svo aftur meira land handan Reykjatorfu því land Reykjatorfu loki af lönd jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu og Litla- og Stóra-Saurbæjar. Merkjabréf jarðanna milli Hjallatorfu og Þóroddsstaða annar vegar og Reykjatorfu hins vegar lýsi merkjum ýmist til afréttar frá láglandi eða til miðlinu milli heimalanda og afréttar. Ekkert þeirra greini hins vegar frá merkjum handan við Reykjatorfulandið. Í landamerkjabréfi fyrir Þúfu sé merkjum aftur á móti lýst í Hengladalalág, en það örnefni sé í Kömbunum og því fyrir neðan land Reykja.

Málatilbúnaði sínum til frekari stuðnings bendir ríkið á að í landamerkjabréfi fyrir Núpa séu merki að austanverðu rakin úr þverlínunni milli afrétta og heimalanda beint í stein undan Svarthúfugili, sem er undir Núpafjalli, og að vestan frá Strút og úr honum í gjána, sem er í Vatnsskarði, og þaðan beina stefnu í þverlínuna sem skilur heimalönd og afrétt. Samkvæmt þessari lýsingu sé þverlínunni milli afrétta og heimalanda innar en Núpafjall. Það sama telur ríkið að ráðið verði af lögfestum fyrir Núpa frá árunum 1817 og 1827. Þar sé Hengladalsá kölluð Varmá og landamerkjum lýst frá Hverahlíð að Lambavaði og þaðan í Helluvað og svo í Núpafjallsenda. Þessi lína nái mun skemur en kröfulína ríkisins gagnvart jörðinni, auk þess sem línan loki einnig enn frekar merkjum jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu og Litla- og Stóra-Saurbæjar.

Vegna margbrotins ágreinings, ekki bara um þjóðlendumörk heldur einnig mörk jarða og afréttar, tekur ríkið fram að það telji rétt að hafa uppi varakröfu um að þjóðlendulína verði dregin úr Reykjafelli í rauðleitan melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka.

Orkuveita Reykjavíkur vísar til þess að hornmark Reykjatorfunnar til norðvesturs liggi í rauðleitan melhnjúk. Með sama hætti og Reykjatorfan afmarkist

gagnvart Ölfusvatni á þessum stað sé rökrétt að mörk Reykjatorfu gagnvart jörðum að sunnan og vestan séu á sama stað. Fyrir liggja að hornmark Hjallatorfunnar liggja í Reykjafell og því liggja beint við að mörk jarðanna til austurs gagnvart afrétti miðist við línu sem dregin er úr Reykjafelli í rauðleita melhnjúkinn. Þessu til stuðnings vísar Orkuveitan til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 um landamerki jarðarinnar Hóla.

Orkuveitan bendir á að aðalkrafa ríkisins sé lína dregin eftir Hengladalsá við Orustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrafjalli að Helluvaði fyrir vestan Árstaðarfjall, sem er merkjapunktur við Reykjatorfuland. Kröfulýsingu þessa telur Orkuveitan að ríkið reisi á lýsingu Hálfðans Jónssonar lögréttumans í fyrrgreindu riti frá árinu 1703, en þar komi fram að Reykjaland aðgreinist frá afrétti við Raufarberg við Árstaðarfjall. Orkuveitan telur kröfu ríkisins um þessi mörk þjóðlendu í mótsögn við meginmálatilbúnað þess um að hornmark Reykjatorfu liggja í rauðleitan melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Jafnframt bendir Orkuveitan á að Raufarberg við Árstaðarfjall í lýsingu Hálfðans sé annað Raufarberg en ríkið miði við í lýsingu á norðurmörkum Reykjatorfu.

Orkuveita Reykjavíkur vísar til þess að í riti Hálfðans Jónssonar lögréttumans frá árinu 1703 sé minnst á Lambavað við Smjörþýfi í Kaldá sem er Hengladalsá þegar hún nálgast byggð. Í lögfestum fyrir Núpa frá árunum 1817 og 1827 komi einnig fram örnefni Lambavað og Helluvað, en lýsing þeirra beri með sér að Helluvað sé neðar í landi og nær byggð. Nokkur vafi hafi hins vegar leikið á því hvar Helluvaðið sé að finna, en þess sé getið í landamerkjabréfi sem kennileitis um vesturmörk Reykjatorfu. Það breyti þó ekki því að landamerki hafi verið ágreiningslaus þegar ríkið seldi Orkuveitunni hluta af landi Kröggólfsstaða og Þúfu. Jafnframt telur Orkuveitan að Helluvaðið sé í Hengladalsá (Kaldá) við Raufarberg í Kömbum. Þá bendir Orkuveitan á að hvorki verði ráðið af lýsingu Hálfðans Jónssonar né öðrum heimildum að Orustuhóll hafi verið mark milli eignarlanda og afréttar.

Orkuveita Reykjavíkur bendir á að landamerkjabréf fyrir Reykjatorfuna frá 1884 hafi verið staðfest af eiganda Saurbæjar. Jafnframt hafi landamerkjabréf fyrir Saurbæ frá 1890 verið staðfest vegna Reykjatorfunnar. Af kröfulýsingu ríkisins verði ráðið að land það sem ríkið á sjálft, þ.e. Reykjatorfan, sé eina landið í Ölfusi sem réttilega sé afmarkað með landamerkjabréfi. Mörk Reykjatorfunnar séu hins vegar á engan hátt afmörkuð á annan veg en landamerki annarra jarða í Ölfushreppi.

Með aðilum er ágreiningur um hvar er að finna rauðleitan melhnjúk, sem er hornmark Reykjatorfunnar samkvæmt landamerkjabréfi. Af þeim sökum gerir Orkuveitan aðal- og varakröfu miðað við mismunandi staðsetningu melhnjúksins.

Í aðalkröfu Orkuveitu Reykjavíkur er lína dregin úr Reykjafelli í merkjapunkt norðanvert við Kýrgil. Um þá staðsetningu rauðleita melhnjúksins vísar Orkuveitan til landamerkjabréfs Króks og Ölfusvatns ásamt hjáleigunni Hagavík frá 15. ágúst 1885, en þar segi að merkjum ráði „bein stefna í bergeggar eða brúnir þær, er mynda

svonefndar „Hengilssyllur“ (austan í Henglinum); síðan liggur merkjalínan eptir eggum þessum, og úr þeim í mel einn, bleikrauðan til að sjá, er liggur upp af „Raufarbergi“ og þaðan í Raufarberg sjálft“. Af þessari lýsingu, sem bæði Orkuveitan og ríkið byggi á, sé ljóst að rauðbleiki melhóllinn (rauðleiti melhnjúkurinn) sé austan í Henglinum. Þetta sé einnig í samræmi við skoðun bænda í Ölfusi þegar Orkuveitan samdi um kaup á hluta jarða þeirra. Þá mæli það gegn þeim mel sem ríkið og sveitarfélagið Ölfus miði við í málatilbúnaði sínum að sá melur taki ekki við af Hengilssyllum og til þeirra sjáist ekki frá melnum. Sá melur komi því með engu móti heim og saman við tilgreinda lýsingu í landamerkjabréfi Króks, Ölfusvatns og Hagavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur heldur því fram að allt land á þessu svæði hafi verið numið og sé undirorpið eignarrétti. Einnig telur Orkuveitan að nýting jarðanna styðji eindregið að um eignarlönd sé að ræða auk þess sem sjálfstætt er byggt á því að eignarréttur hafi stofnast á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905. Um nýtingu jarða á þessu svæði aðra en beitarafnot er meðal annars bent á efnistöku og leigu á spildum undir skála, auk þess sem jarðeigendum hafi verið greiddar eignarnámsbætur vegna lagningar raforkulínu um landið.

Loks vísar Orkuveita Reykjavíkur til þess að landamerkjabréfum hafi ekki verið hnekkð og því beri að leggja þau til grundvallar lögum samkvæmt. Jafnframt hafi landamerkjabréfum ekki áður verið andmælt heldur þvert á móti verið þinglýst án athugasemda. Með hliðsjón af traustfangsreglum, sem eigi sér stoð í þinglýsingalögum, og vegna réttmætra væntinga jarðeigenda andspænis tómlæti ríkisins beri að hafna kröfu þess.

Af hálfu Sverris Jónssonar og Kristjáns Jónssonar, sem telja til eignarréttar að landi Litla-Saurbæjar ofan fjalls, sem selt var Orkuveitu Reykjavíkur, er byggt á sömu málsástæðum og Orkuveitan hefur haft uppi gegn því að landið sé þjóðlenda. Því til viðbótar er gerð sú krafa að óbyggðanefnd taki afstöðu til þess hvort Orkuveitan geti talið til réttinda yfir landinu á grundvelli fyrirbyggjandi eignarheimilda. Að ágreiningi milli Sverris og Kristjáns við Orkuveituna verður nánar vikið í kafla 6.8.

Af hálfu sveitarfélagsins Ölfuss er gerð sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur sveitarfélagsins að Ölfusafrétti, svo sem nánar verður rakið í kafla 6.9. Til stuðnings kröfu sveitarfélagsins um mörk afréttarins gagnvart jörðum á því svæði sem hér er til úrlausnar er vísað til kaupsamninga Orkuveitu Reykjavíkur um kaup jarðanna, sem þinglýst hafi verið athugasemdarlaust. Einnig komi lína sú sem sveitarfélagið byggi á fram í dómsátt frá 4. desember 1970 um landamerki Núpa, Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár. Þá bendir sveitarfélagið á að lína sú sem það miðar við á þessu svæði styðjist einnig við greinargerð Gylfa Más Guðbergssonar, landfræðings, frá 30. júlí 1990 um landamerki og afréttarmörk í Ölfushreppi. Varðandi rauðleita melhnjúkinn tekur sveitarfélagið undir með ríkinu og telur að hann

sé að finna fyrir framan Kýrgilshnjúka en ekki norðanvert við það kennileiti eins og Orkuveita Reykjavíkur miðar við.

6.7.4. Niðurstaða

Á því svæði sem hér er til úrlausnar hefur ríkið uppi aðal- og varakröfu. Orkuveita Reykjavíkur telur að þessi framsetning kröfugerðar brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins og krefst þess að aðalkröfu ríkisins verði vísað frá óbyggðanefnd. Með vísan til þeirra röksemda sem greinir í kafla 6.5.3. verður þessi frávísunarkrafa ekki tekin til greina.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðanna er rakin í kafla 5. Þar kemur fram að jarðanna er getið í heimildum allar götur frá lokum 14. aldar, auk þess sem vikið er að jörðinni Núpum í Landnámu. Af þessu verður ráðið að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.⁴⁶⁹ Þá er vafalaust að samkvæmt lýsingum Landnámaabókar náði landnám Ingólfs Arnarsonar m.a. yfir það landsvæði sem hér er til umfjöllunar, sbr. kafla 6.2.

Að þessu gættu þarf að skera úr um mörk jarðanna á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Í þeim efnum þarf að leysa úr því hvar mörkin liggja til norðurs gagnvart afrétti. Mörkin að öðru leyti eru utan kröfusvæðisins og þarfnast ekki nánari umfjöllunar.

Í landamerkjabréfum fyrir jarðirnar frá ofanverðri nítjándu öld er mörkum jarðanna til norðurs gagnvart afrétti eingöngu lýst með því að vísa til afréttarins eða þverlínu sem skilji að afrétt og heimalönd. Að öðru leyti er ekki að finna neina lýsingu á þverlínunni eða vísað til kennileita á mörkum jarðanna og afréttar. Af hálfu málsaðila er miðað við að þverlína þessi sé dregin úr Reykjafelli, sem er vafalaust hornmark jarðanna Þóroddsstaða og Ytri-Þurár, og þaðan í rauðleitan melhnjúk, sem er hornmark gagnvart Reykjatorfu og Grafningsjörðum, en ágreiningur er með aðilum um staðsetningu melhnjúksins, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa skiptir miklu hvort bréf hefur verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða og landsvæða. Landamerkjabréf þeirra jarða sem hér er fjallað um voru samþykkt innbyrðis, auk þess sem öll bréfin voru þinglýst og færð í landamerkjabók. Á hinn bóginn er eingöngu landamerkjabréf fyrir jarðirnar Kröggólfsstaði og Vötn áritað um samþykki vegna afréttarins. Það breytir þó ekki neinu í þessu tilliti þar sem ekkert bréfanna hefur í raun að geyma neina lýsingu á mörkum gagnvart afrétti heldur vísa eingöngu til hans eða þverlínu án nokkurrar útlistunar.

Til að landamerkjabréf verði lagt til grundvallar um mörk jarðar verður bréfið að vera lögmætt að efni til. Þannig getur eigandi jarðar ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Við mat á því hvort landamerkjabréf

⁴⁶⁹Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fái staðist að þessu leyti er einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir um mörkin. Dregur úr vægi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla gegn bréfinu og að sama skapi eykur það gildi bréfsins ef því verður fundinn stuðningur í eldri heimildum. Um þetta vísast nánar til kaflans um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, sem fylgja úrskurði þessum, og dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004.

Af eldri heimildum um landamerki þeirra jarða sem hér er fjallað um er ekki öðru til að dreifa en tveimur efnislega samhljóða lögfestum fyrir jörðina Núpa frá 17. maí 1817 og 4. maí 1827. Í lögfestunum er mörkum jarðarinnar lýst á allar hliðar en til norðurs eru mörkin þessi: „og í Fót á Hverahlíð so austur fyrir Hraunið og í sama árfar alt innad Lamba Vadi a Varmá so eptir henni alt að Hellu Vede“. Vegna þessara lýsingar er bent á samsvarandi tilvísun til kennileitisins Helluvaðs í landamerkjabréfi Reykjatorfu frá 23. ágúst 1884, en þar segir svo: „og eptir stærsta farvegi hennar [Hengladalsá] eru mörkin inn að Helluvaði, sem er fyrir vestan Írstaðarfjall og úr Helluvaði beina stefnu til austnorður í einkennilega gjá, er liggur í krókum til norðurs“. Nauðsynlegt er að huga nánar að því hvaða ályktanir um mörk gagnvart afrétti verði dregnar samkvæmt þessum lýsingum.

Með hliðsjón af því að lögfestur fyrir Núpa lýsa norðurmörkum jarðarinnar frá vestri til austurs leikur ekki vafi á því að kennileitið Lambavað liggur ofar í ánni en Helluvað. Ríkið miðar málatilbúnað sinn við að Helluvað liggi nærri þjóðveginum rétt áður en farið er niður Kambana. Er um að ræða svokallað neðra ístopp við Hengladalsána þar sem fyrirstaða var sett í ána um engjaslátt til að veita henni úr farvegi sínum suður á heiðina. Kröfugerð ríkisins um mörk þjóðlendu tekur mið af þessu auk þess sem ríkið leggur til grundvallar að þessi punktur sé hornmark Reykjatorfunnar sem er í eigu ríkisins. Í samræmi við þetta telur ríkið að Lambavað liggi ofar í ánni nærri efra ístoppi. Á hinn bóginn er af hálfu Orkuveitunnar byggt á því að Helluvað sé að finna neðar í ánni við Raufarberg í Kömbum.

Þegar þessum kennileitum er fundinn staður í Hengladalsá er til þess að líta að lögfestur fyrir Núpa draga línu frá Hverahlíð austur yfir hraunið og í árfar allt að Lambavaði. Frá fyrrgreindu neðra ístoppi, sem ríkið telur Helluvað, liggja árfarvegir sem rekja má allt þar til þeir hverfa undir hrauntungu sem liggur milli Hverahlíðar og Hurðarásvatna, sem eru nokkuð sunnan við gamla þjóðveginn. Þessir staðhættir koma því heim og saman við lögfesturnar þannig að vað á neðra ístoppi sé Lambavað en ekki Helluvað. Þá niðurstöðu styður einnig að ofar í ánni við Orustuhól og nærri svokölluðu efra ístoppi er ekki að finna árfarvegi sem raktir verða suður á Hellsheiði í línu sem liggur til austurs úr Hverahlíð. Hins vegar er sú staðsetning Helluvaðs sem byggt er á af hálfu Orkuveitunnar í samræmi við áðurgreinda lýsingu í landamerkjabréfi Reykjatorfunnar að því leyti að frá vaðinu er stefnan til norðausturs í einkennilegu gjána er liggur í krókum til norðurs. Aftur á móti kemur sú lýsing með engu móti heim og saman við að Helluvaðið liggi í neðra ístoppi fjarri gjánni sem

liggur til suðausturs frá þeim punkti. Þá verður talið að þessi staðsetning Helluvaðsins við Raufarberg í Kömbum sé ekki í ósamræmi við sama landamerkjabréf þótt Helluvað sé sagt vestar en Árstaðarfjall því rætur fjallsins ná austur fyrir þetta vað í ánni. Loks er til þess að líta að eldri farvegur Hengladalsár lá frá þessum stað niður Kambana og því í samræmi við landamerkjabréfið sem lýsir mörkum eftir stærsta farvegi árinna inn að Helluvaði.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður miðað við að Lambavað liggja við neðra ístoppið en Helluvað neðar í Kömbunum við Raufarberg. Að því gættu liggja mörk Núpa samkvæmt fyrrgreindum lögfestum mun austar en þegar miðað er við landamerkjabréf jarðarinnar frá 22. maí 1890. Þessi markalýsing í lögfestum nær einnig norður fyrir jarðirnar Vötn, Kröggólfsstaði, Þúfu og Litla- og Stóra-Saurbæ og lokar af gagnvart merkjum jarðanna til norðurs í átt til afréttar. Þá liggur lína sú sem dregin verður frá Hverahlíð austur yfir hraunið í Lambavað í samræmi við lögfestur fyrir Núpa mun sunnar en þverlína sú sem dregin er úr Reykjafelli í rauðleitan melhnjúk og er þá sama við hvora staðsetningu hans er miðað. Við gerð landamerkjabréfa fyrir jarðirnar í lok 19. aldar hefur því orðið sú breyting frá lýsingu í lögfestum fyrir Núpa, sem er landmesta jörðin, að merki Núpa eru dregin skemmra til austurs og mörkum allra jarðanna til norðurs síðan lýst með því að vísa til afréttar eða þverlínú milli afréttar og heimalanda. Á það einnig við um fyrrgreindar jarðir fyrir vestan Núpa sem gátu ekki átt land að afrétti miðað við lögfesturnar sem lýsa mörkum Núpa norður fyrir jarðirnar. Engin gögn hafa fundist um eignartilfærslur frá Núpum til jarðanna Kröggólfsstaða, Vatns, Þúfu eða Saurbæjar á tímabili því á 19. öld sem leið frá gerð lögfestnanna til gerðar landamerkjabréfanna.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið ná þverlínur þær sem málsaðilar aðrir en ríkið miða kröfulýsingu sína við um mörk jarðanna og afréttar mun lengra inn til landsins en lýsingar í eldri heimildum, sem er að finna í fyrrnefndum tveimur lögfestum fyrir Núpa frá árunum 1817 og 1827. Þá hafa ekki komið fram neinar aðrar eldri heimildir sem fá rennt stöðum undir þær þverlínur sem landeigendur miða við í kröfulýsingu sinni. Loks er til þess að líta að þverlínur þessar eiga sér takmarkaða stöð í landamerkjabréfunum sjálfum þar sem þau lýsa í raun ekki neinum mörkum til norðurs með því að rekja kennileiti gagnvart afrétti. Eru bréfin því ófullnægjandi í því tilliti.

Á hinn bóginn þarf að gæta að því að sveitarfélagið Ölfus, vegna Ölfusafréttar, lýsir mörkum jarða og afréttar norðar eða sem þverlínú milli Reykjafells og neðri rauðleita melhnjúksins. Sá sami rauðleiti melhnúkur er sem fyrr segir hornmark Reykjatorfu og Ölfusvatns (með Hagavík og Króki) í Grafningshreppi hinum forna. Þrátt fyrir ágreining um legu þverlínunnar milli afréttar og jarða í Ölfusi sýnist ekki hafa verið umdeilt á seinni árum að sú lína liggja ekki sunnar en fyrrnefnd kröfulína Ölfushrepps. Hins vegar er til þess að líta að engin gögn hafa fundist um afmörkun Ölfusafréttar sem styðja þessa þverlínú sérstaklega þó svo að óumdeild hornmörk

aðliggjandi eignarlanda séu annars vegar í Reykjafelli og hins vegar í rauðleitum melhnjúk. Þá verður afmörkun afréttar annars vegar og lands jarðanna hins vegar ekki ráðin af náttúrulegum skilum eða aðstæðum, hvorki þar sem umræddar þverlínur liggja né annars staðar ofan fjallsbrúnar.

Til álita gæti komið að afmarka efri mörk jarðanna Ytri-Þurár, Núpa, Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu og Saurbæjar, við beina línu milli fyrrgreindra og óumdeildra hornmarka í Reykjafelli og umræddum rauðleitum melhnjúk. Væri sú niðurstaða í samræmi við þá aðferðafræði sem Hæstiréttur beitti í máli nr. 48/2004 frá 21. október 2004 við afmörkun á norðurmörkum jarðarinnar Hóla. Þeirri aðferðafræði hefur óbyggðanefnd einnig beitt, sbr. t.d. niðurstöðu um norðurmörk jarðarinnar Mörtungu í máli nr. 8/2003 frá 10. desember 2004. Í nefndum málum er meðal annars litið til óumdeilda markapunkta, aðliggjandi fasteigna og mörk ákveðin miðað við það, sem bein lína milli þeirra punkta. Í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar er hins vegar sá skýri fyrirvari að ekkert hafi komið fram í því máli sem stutt gæti að munur yrði gerður á landi viðkomandi jarðar og aðliggjandi landsvæða sem rétturinn hafði komist að niðurstöðu um að væru eignarlönd. Svo sem að framan er rakið háttar ekki svo til í þessu máli þar sem fyrir liggja ósamrýmanlegar eldri heimildir um þessa afmörkun sem sannanlega gengur mun skemur. Er þá jafnframt vísað til fyrirvara í sama dómi þess efnis að landamerkjabréf eitt og sér nægi ekki til að sanna beinan eignarrétt að öllu landi, sem bréfið tekur til, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu.

Að öllu þessu virtu og með samanburði lögfestnanna frá 1817 og 1827 annars vegar og landamerkjabréfanna frá ofanverðri 19. öld hins vegar er ljóst að þverlínur þær sem miðað er við í málinu af hálfu annarra málsaðila en íslenska ríkisins um efri mörk framgreindra jarða fá ekki staðist og ekki verður fallist á að þær hafi legið til grundvallar þegar í landamerkjabréfunum er fjallað um afréttarmörk. Verður heldur ekki ráðið af landamerkjabréfunum né öðrum gögnum að mörk jarðanna að ofanverðu nái lengra en að kröfulínu ríkisins um þjóðlendu, en sú lína gengur sannanlega skemur að landi jarðanna að ofanverðu en markalýsingin í lögfestum fyrir Núpa. Það er hins vegar sjálfstætt athugunarefni hvort beinn eignarréttur viðkomandi jarðeigenda hafi stofnast á landsvæði ofan kröfulínu ríkisins á grundvelli annarra heimilda.

Fyrsta atriðið sem huga þarf að í þessu sambandi er sú staðreynd að af sveitarfélagsins hálfu sýnist ekki hafa verið um það ágreiningur við þessa jarðeigendur að mörk jarðanna og afréttarins lægju um þverlínú úr Reykjafelli í rauðleitan melhól. Á hinn bóginn er, svo sem fyrr segir, ágreiningur um staðsetningu rauðleita melhólsins. Ekki liggja fyrir óbyggðanefnd ótvíræðar heimildir um það hvenær umrædd þverlína er fyrst lögð til grundvallar með þeim hætti sem gert er af hálfu annarra aðila en íslenska ríkisins. Í skriflegum gögnum kemur þetta fyrst fram í tengslum við réttarsátt frá 4. desember 1970. Í framkvæmd hafa samskipti aðila vegna fjallendisins, þ.e. sveitarfélagsins annars vegar og jarðeiganda hins vegar, eðli

málsins samkvæmt snúist um smölun og framkvæmd fjallskila, en fram hefur komið við skýrslutökur í málinu að landið sunnan við umræddar þverlínur hefur verið smalað með Ölfusafrétti. Framangreind afstaða sveitarfélagsins til marka afréttar og lands jarðanna getur samkvæmt því ekki haft aðra og víðtækari þýðingu en þá að fela í sér viðurkenningu á einkarétti viðkomandi jarða til beitarafnota á viðkomandi svæði.

Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu Orkuveitu Reykjavíkur að eignarhefð hafi unnist að viðkomandi landsvæði. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* í fyrri úrskurðum nefndarinnar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir dómstólar hafi í tímans rás gert meiri kröfur til sönnunar eignarhefðar á landi sem liggur utan marka jarða og þá fyrst og fremst að landi sem legið hefur undir afréttum sem ekki hafa upprunalega verið undirorpnir beinum eignarrétti. Þannig hefur nefndin sagt að hefðbundin afréttarnot, svo sem sumarheit og önnur takmörkuð not, séu ekki nægilegur grundvöllur eignarhefðar undir þeim kringumstæðum og jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna, réttinda sem svo hagar til um, ekki hafa þýðingu við hið eignarréttarlega mat. Allt að einu hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði þó svo að skilyrði til slíks séu þröng. Á hinn bóginn hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að minna þurfi til að koma til sönnunar eignarhefðar á landi innan merkja jarða. Hvað þetta varðar er til þess að líta að landamerkjabréf jarðanna hafa hér verið skilin þannig að þverlínur þær sem miðað er við í málinu af hálfu annarra málsaðila en íslenska ríkisins um efri mörk framgreindra jarða hafi ekki legið til grundvallar þegar í landamerkjabréfunum er fjallað um afréttarmörk. Samkvæmt framansögðu hefur það áhrif við mat á sönnun eignarhefðar á umræddu landsvæði.

Í gögnum málsins er fyrst og fremst gerð grein fyrir hefðbundnum afréttarnotum að viðkomandi landsvæði. Í annan stað liggur fyrir, og er til þess sérstaklega vísað af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur, að gerðir hafi verið leigusamningar um skálabyggingar við einstaklinga og félag, auk þess sem Landsvirkjun hefur greitt bætur á grundvelli eignarnáms í tilefni af lagningu raflína um landið. Þá hefur verið vísað til a.m.k. eins samnings um efnistökurétt sem landeigendur hafa gert. Þessi not á umræddu landsvæði verða talin svo takmörkuð og stopul að þau geti ekki stofnað til eignarréttar á grunvelli hefðar. Er þeirri málsástæðu Orkuveitunnar því hafnað.

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur er ekki síst byggt á því að með kaupsamningum við jarðeigendur á árunum 1999 til 2001 hafi aðild ríkisins (landbúnaðarráðherra) sem eins jarðeigenda að landsvæðinu, sbr. kaupsamningur um hluta jarðarinnar Kröggólfsstaða og Þúfu frá 3. febrúar 1999, falið í sér viðurkenningu á beinum eignarrétti að umræddu landi. Sama telur Orkuveita Reykjavíkur leiða af því að ríkið (fjármálaráðherra) hafi hafnað forkaupsrétti vegna sölu á eignarhluta annarra jarða á umræddu svæði. Hvað þetta varðar er til þess að líta að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega komin að.

Hefur óbyggðanefnd í fyrri úrlausnum sínum komist að þeirri niðurstöðu að sama gildi um ríkið í því tilliti og aðra aðila, sbr. og Hrd. 1997/1183 og Hrd. 1997/1162. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningum getur því ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar sammingsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þá er á hinn bóginn þess að gæta, svo sem raunar kemur fram í málalíbúnaði Orkuveitu Reykjavíkur, að umrædd lögskipti áttu sér stað eftir lögtöku Þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við sammingsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu Þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu er því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hafi getað skapað neinar þær væntingar sem haft geta efnislega áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Að öllu því virtu sem hér hefur verið rakið verður ekki fallist á það með jarðeigendum að mörk jarðanna til norðurs verði dregin úr Reykjafelli til norðausturs í rauðleitun melhnjúk. Þess í stað verða merki jarðanna að ofanverðu miðuð við kröfulínu ríkisins um Þjóðlendu, svo sem fyrr er rökstutt.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telst umrætt landsvæði ofan kröfulínu ríkisins ekki eignarland jarðanna. Einnig er til þess að líta að kröfugerð sveitarfélagsins Ölfuss vegna Ölfusafréttar nær ekki til landsvæðis sunnan þverlínu milli Reykjafells og rauðleits melhnjúks fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka. Að þessu gættu verður landsvæði þetta talið Þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Við afmörkun á þessu svæði verður miðað við hornmark í rauðleitum melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka, en leyst er úr því í kafla 6.9. hvar melhnjúkurinn verður staðsettur. Að öðru leyti verður Þjóðlendun afmörkuð í samræmi við það sem hér hefur verið rakið og eru mörk hennar þessi:

Frá Reykjafelli beina sjónhendingu í Hengladalsá við Orustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrarfjalli, en þaðan fylgir markalínan Hengladalsá niður að Lambavaði við neðra ístopp. Frá Lambavaði er línan dregin beint í austur í norðurenda einkennilegrar gjár og þaðan beina stefnu í rauðleitun melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Frá því marki liggur línan beina sjónhendingu í fyrrgreint Reykjafell.

6.8. Réttindi innan Þjóðlendu á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar

6.8.1. Almennt

Svo sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði á Hellisheiði innan Þjóðlendukröfulínu ríkisins verði ekki talið til eignarlanda jarða í Ölfusi. Handan þessa landsvæðis er Ölfusafréttur en sveitarfélagið Ölfus miðar mörk afréttarins við þverlínu sem dregin er milli Reykjafells og rauðleits melhnjúks. Þar sem ekki er fallist á að þetta landsvæði sé undirorpið beinum eignarrétti kemur til skoðunar hvort viðurkennd verði önnur og takmarkaðri réttindi á þessu landsvæði, sbr.

c-liður 7. gr. laga nr. 58/1998. Kemur þá bæði til úrlausnar inntak þeirra réttinda svo og hver fari með eignarráð að þeim réttindum.

Landsvæði þetta, sem liggur næst byggð, hefur í aldanna rás verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota af búfjáreigendum í Ölfusi og hefur það fyrirkomulag verið ágreinings- og athugasemdarlaust. Að réttu lagi hefði landsvæði þetta getað talist til Ölfusafréttar en sveitarfélagið hefur dregið mörk afréttarins norðar til samræmis við kröfulýsingar vegna jarða í Ölfusi. Sá málatibúnaður sveitarfélagsins verður skilinn þannig að viðurkenndur sé einkaréttur jarðeigenda til að hafa not af landinu. Að þessu gættu verður talið að á þessu landsvæði tilheyri einstökum jörðum á svæðinu beitarréttur og önnur hefðbundin not sem fylgja afréttareign, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998, en þær jarðir sem um ræðir eru Þurá, Núpar, Vötn, Kröggólfsstaðir og Þúfa og Litli- og Stóri-Saurbær.

Með kaupsamningum og afsölum frá árunum 1999 til 2001 hefur Orkuveita Reykjavíkur keypt allt land ofan fjalls af eigendum Þurár, Núpa, Kröggólfsstaða, Þúfu, Vatna og Stóra-Saurbæjar. Með þeim gerningum gátu ekki yfirferst önnur réttindi en voru á hendi þess sem afsalaði þeim. Gildir þá sú almenna og viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki ráðstafað víðtækari rétti en hann sjálfur á. Í samræmi við þetta er það niðurstaða óbyggðanefndar að Orkuveita Reykjavíkur hafi með umræddum gerningum öðlast beitarrétt á þessu landsvæði svo og önnur hefðbundin not sem fylgja afréttareign.

Eftir standa þá þau réttindi sem fylgdu Litla-Saurbæ en á árinu 1999 gerði Orkuveita Reykjavíkur kaupsamning og fékk afsal fyrir því landi sem talið var tilheyra Litla-Saurbæ ofan fjalls. Í málinu er hins vegar ágreiningur um hvort réttur eigandi hafi ráðstafað því landi. Til að skera úr um hver fari með afnotarétt innan þjóðlendu á landsvæði innan marka kröfulýsingar vegna Litla Saurbæjar þarf að leysa úr þeim ágreiningi.

6.8.2. Eignarheimildir um Litla-Saurbæ

Með afsali 29. maí 1936 seldi Jón Guðmundsson hálfa jörðina Saurbæ í Ölfushreppi til Jóns Helgasonar. Í afsalinu var tekið fram að hið selda væri Litli-Saurbær.

Hinn 26. ágúst 1953 gaf Jón Helgason út afsal til sonar síns, Sverris Jónssonar, fyrir 17,4 ha spildu úr jörðinni. Var annars vegar um að ræða 7,4 ha spildu neðan bæjar með nánar tilgreindum merkjum og hins vegar 10 ha spildu úr heiðinni ofan bæjar sem enn hafði ekki verið skipt út úr jörðinni. Kom fram í afsalinu að það yrði gert síðar samkvæmt nánara samkomulagi þeirra feðga.

Með afsali 14. september 1953 seldi Jón Helgason syni sínum, Sverri Jónssyni, aftur tvær spildur úr jörðinni, samtals um 20 ha að stærð. Var önnur spildan um 10 ha að stærð sunnan og vestan bæjar með nánar tilgreindum merkjum, en þessi spilda var aðliggjandi spildunni sem Sverrir hafði áður fengið úr jörðinni. Hin spildan var einnig 10 ha að stærð og var hún úr heiðinni en henni hafði enn ekki verið skipt úr jörðinni.

Var gert ráð fyrir að það yrði gert síðar en þá yrði í einu lagi skipt út þeirri spildu og spildunni sem Sverrir hafði þegar fengið með fyrra afsali.

Með leyfisbréfi menntamálaráðherra 3. desember 1953 var Sverri Jónssyni heimilað að taka upp nafnið Litla-Saurbær II á nýbýli sem hann hafði reist í landi Litla-Saurbæjar.

Hinn 24. október 1957 afsalaði Jón Helgason ræktarlandi til Sverris Jónssonar. Í afsalinu voru mörk landsins nánar rakin en um var að ræða land umhverfis fjárhústún í Heiðinni og að gripahúsum. Þó var undanskilin spilda út frá gripahúsum sem átti áfram að tilheyra Litla-Saurbæ I. Auk útskipta landsins var Sverri afsalað beitarréttindum að einum þriðja í óskiptu beitilandi jarðarinnar, auk „auðsréttar“ að einum þriðja.

Með afsali 30. júní 1975 seldi Jón Helgason börnum sínum níu að tölu eignarjörð sína Litla-Saurbæ I með öllu því sem þeirri jörð fylgdi og fylgja bar. Meðal afsalshafa var fyrrgreindur Sverrir sem var eigandi Litla-Saurbæjar II.

Hinn 27. september 1986 afsöluðu börn Jóns Helgasonar Litla-Saurbæ I til Kristins Sigurðssonar. Í afsalinu kemur fram að hið selda sé sá hluti jarðarinnar „sem er neðan við veginn sem liggur niður í bæjarþorpið, ásamt öllum byggingum á því landi, ræktun, girðingum svo og öllum gögnum og gæðum er lögbýlinu Litla-Saurbæ I fylgja og fylgja ber“. Hins vegar er tekið fram í afsalinu að „landið ofan við áðurnefndan veg, ásamt fjárhúsi og hlöðu í því landi fylgja ekki með í kaupunum“. Þá segir í afsalinu að 17,44 ha hins selda tilheyri Litla-Saurbæ II en fylgi með í kaupunum. Í kjölfarið gáfu systkini Sverris Jónssonar út yfirlýsingu 27. október sama ár þar sem þau skuldbundu sig til að afhenda honum 17,4 ha spildu úr sameiginlegu landi þeirra systkina ofan vegar sem endurgjald fyrir landið sem hann lét af hendi neðan vegar. Í yfirlýsingunni var tekið fram að sú spilda ætti að liggja að landi Litla-Saurbæjar II.

Með afsali 20. nóvember 1987 seldi Kristinn Sigurðsson jörðina Litla-Saurbæ I til Guðmundar Birgissonar og Aðalsteins Karlssonar. Á því eignarhaldi varð síðan sú breyting með yfirlýsingu 10. júlí 1989 að eignarhluti Aðalsteins var færður á nafn eiginkonu hans, Steinunnar Tómasdóttur. Í afsalinu segir að jörðin sé seld ásamt öllum byggingum í landi jarðarinnar, ræktun, girðingum, svo og öllum gögnum og gæðum, er lögbýlinu Litla-Saurbæ I fylgja og fylgja ber. Einnig er tekið fram að með jörðinni teljist um 17,44 ha lands neðan við veginn, sem liggja niður í bæjarþorpið, er tilheyrði Litla-Saurbæ II áður en seljandi eignaðist jörðina. Loks segir í afsalinu að land Litla-Saurbæjar II ofan við nefndan veg, um 20 ha, fylgi ekki með í kaupunum.

Í tilefni af afsali Kristins Sigurðssonar fyrir jörðina Litla-Saurbæ I til Guðmundar Birgissonar og Aðalsteins Karlssonar ritaði Þorsteinn Júlíusson hrl. bréf til sýslumannsins í Árnessýslu 19. janúar 1989 og vakti athygli á því að lýsing á hinu selda í afsalinu væri nokkuð villandi þar sem ekki væri tekið fram að seljandi ætti ekki allt það land sem tilheyrði Litla-Saurbæ I. Í því sambandi benti lögmaðurinn á að

Kristinn hefði á sínum tíma ekki keypt það land ofan vegar sem lægi niður í bæjarþorpið, en á því landi stæði bæði fjárhús og hlaða sem Kristinn ætti ekkert í. Þá sagði að það mætti furðulegt telja að tekið væri fram í afsali Kristins til Guðmundar og Aðalsteins að land Litla-Saurbæjar II ofan við veginn fylgdi ekki með í kaupunum en af því mætti ranglega gagnálykta að eitthvert annað land tilheyrandi Litla-Saurbæ I ofan vegarins fylgdi með í kaupunum.

Hinn 3. nóvember 1988 undirrituðu systkini Sverris Jónssonar yfirlýsingu þar sem fullyrt var að við sölu á landi neðan vegar til Kristins Sigurðssonar með afsali 27. september 1986 hefði ekki fylgt heiðarland Litla-Saurbæjar I, enda hefði Sverrir þá átt þriðjung beitar og „auðsréttar“ í því landi samkvæmt afsali frá föður þeirra frá árinu 1957. Einnig var tekið fram í yfirlýsingunni að Sverrir hafi fyrir löngu fengið land þetta til eignar en farist hafi fyrir að afsala því til hans með formlegum hætti. Af því tilefni var tekið fram að landið væri eign Sverris sem borið hefði af því skatta og skyldur frá því hann tók við landinu árið 1965.

Með afsali 15. desember 1988 gaf Sverrir Jónsson bróður sínum, Kristjáni Jónssyni, helming jarðarinnar Litla-Saurbæjar II ásamt mannvirkjum öllum á jörðinni einnig að hálfu. Hinn 17. mars 1999 var gerður viðauki við það afsal en með honum afsalaði Sverrir að hálfu eignarhluta sínum í Litla-Saurbæ I. Auk þess var tekið fram að til stæði að sameina þetta land Litla-Saurbæjar I landi Litla-Saurbæjar II.

Eigendur Stóra-Saurbæjar og Litla-Saurbæjar I, þau Guðmundur Birgisson og Steinunn Tómasdóttir, gerðu með sér landskiptagerð 8. janúar 1999 um landið ofan fjalls. Samkvæmt landskiptagerðinni var landinu, sem sagt var í óskiptri sameign Stóra-Saurbæjar og Litla-Saurbæjar I, skipt út úr jörðunum og gert að sjálfstæðum eignarhluta í jafnri og óskiptri sameign jarðanna. Með landskiptagerðinni fylgdi uppdráttur með hnitasettum merkjum landsins.

Með kaupsamningum 8. janúar 1999 keypti Orkuveitan það land sem skipt hafði verið úr Stóra-Saurbæ og Litla-Saurbæ I með fyrrgreindri landskiptagerð sama dag. Hinn 21. apríl sama ár fékk Orkuveitan síðan afsal fyrir landinu frá eigendum Stóra-Saurbæjar annars vegar og þeim Guðmundir Birgissyni og Steinunni Tómasdóttur sem eigendum Litla-Saurbæjar I hins vegar.

Í aðdraganda þess að Orkuveitu Reykjavíkur var selt landið ofan vegar og þegar gengið var frá þeim kaupum ritaði lögmaður þeirra Sverris og Kristjáns Jónssona fjölda bréfa til Orkuveitunnar og Reykjavíkurborgar þar sem sölunni var andmælt á þeim grundvelli að þeir væru eigendur landsins en ekki Guðmundur Birgisson og Steinunn Tómasdóttir. Ekki eru efni til að rekja nánar hér þau bréfaskipti.

6.8.3. Málsástæður aðila vegna Litla-Saurbæjar

Með vísan til þeirra löggerna, sem hér hafa verið raktir, halda Sverrir og Kristján Jónssynir því fram að engu landi hafi verið ráðstafað til Kristins Sigurðssonar fyrir

ofan veg sem liggur niður í bæjarþorpið. Því landi hafi hins vegar öllu verið ráðstafað til Sverris og hann síðan ráðstafað því að hálfu leyti til bróður síns, Kristins. Orkuveita Reykjavíkur, sem leiði rétt sinn til landsins fyrir milliliði frá nefndum Kristni, hafi því ekki öðlast neinn rétt á grundvelli samnings við sína viðsemjendur.

Einnig benda Sverrir og Kristján á að ekki hafi komið til álita af hálfu þeirra og systkina við sölu á landi Litla-Saurbæjar I til Kristins með afsali 27. september 1986 að selja landið fyrir ofan veg, enda hafi Sverrir hagnýtt það land við búskap sinn allar götur frá árinu 1965. Af þeim sökum hafi landið verið undanskilið við söluna eins og beinlínis komi fram í afsalinu.

Verði ekki fallist á það sem hér hefur verið rakið byggja Sverrir og Kristján rétt sinn til landsins á því að hefð sé fullnuð í merkingu hefðarlaga, nr. 46/1905. Því til stuðnings er bent á að Sverrir hafi frá árinu 1965 nýtt landið og þar áður faðir hans.

Varakrafa Sverris og Kristjáns miðast við legu landsins eins og það er afmarkað í landskiptagerð frá 8. janúar 1999 vegna jarðanna Stóra-Saurbæjar og Litla-Saurbæjar I, en þá landskiptagerð telja þeir bræður hafa verið undirritaða án heimildar hvað varðar Litla-Saurbæ I. Varakrafan er sett fram ex tuto, enda liggi ekki fyrir ágreiningur um merki milli Litla- og Stóra-Saurbæjar.

Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur er á því byggt að fyrirtækið hafi með kaupsamningum og afsölum frá árinu 1999 öðlast allan rétt landeiganda Stóra og Litla Saurbæjar á Hellisheiði ofan fjalls.

6.8.4. Niðurstaða um réttindi Litla-Saurbæjar ofan fjalls

Svo sem hér hefur nánar verið rakið skiptist jörðin Litli-Saurbær upp í tvær jarðir þegar Sverrir Jónsson stofnaði nýbýlið Litla-Saurbæ II. Sá hluti sem talinn var tilheyrja jörðinni ofan fjalls var þó áfram hluti af jörðinni Litla-Saurbæ I ef frá er talin 20 ha spilda sem eigandi jarðarinnar ráðstafaði til Sverris með afsölum 26. ágúst og 14. september 1953.

Hinn 27. september 1986 var gefið út afsal fyrir jörðinni Litla-Saurbæ I til Kristins Sigurðssonar. Með afsalinu var þó undanskilið land jarðarinnar ofan við veginn sem liggur niður í bæjarþorpið eins og beinlínis er tekið fram í afsalinu. Að því gættu yfirferðust engin réttindi yfir því landi með afsalinu og ekkert hefur komið fram sem rennir stöðum undir að Kristinn hafi með öðru móti öðlast réttindi yfir því landi. Í samræmi við þá meginreglu eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki ráðstafað víðtækari rétti en hann sjálfur á gat Kristinn ekki afsalað fasteignarréttindum ofan vegarins.

Í afsali Kristins Sigurðssonar frá 20. nóvember 1987 til Guðmundar Birgissonar og Aðalsteins Karlssonar var tekið fram að ekki fylgdi með í kaupunum fyrrgreind 20 ha spilda ofan vegar sem ráðstafað hafði verið til Sverris Jónssonar. Af þessu er nærtækt að draga þá ályktun að annað land ofan vegar hafi átt að fylgja með í kaupunum. Svo sem hér hefur verið rakið var Kristinn hins vegar ekki bær til að

ráðstafa því landi og því yfirfærðust engin réttindi til þess lands með afsalinu. Af þeim sökum gátu jafnframt réttihafar samkvæmt umræddu afsali ekki skipt út landi á þessu svæði ásamt eigendum Stóra-Saurbæjar með landskiptagerð 8. janúar 1999 og síðan selt það land til Orkuveitu Reykjavíkur með kaupsamningi sama dag. Með umræddum gerningum öðlaðist því Orkuveitan engan rétt til lands Litla-Saurbæjar ofan fjalls.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að við sölu Litla-Saurbæjar I með afsali 27. september 1986 hafi fasteignarréttindi ofan fjalls verið undanskilin. Af því leiðir af Sverrir Jónsson og Kristján Jónsson eru eigendur að þeim afnotarétti í krafti ráðstöfunar á því landi með yfirlýsingum milli systkina þeirra og barna Jóns Helgasonar sem áður var eigandi Litla-Saurbæjar. Um afmörkun á því landi sem bundið er þessum réttindum er ekki ágreiningur en það afmarkast fyrir ofan mörk þjóðlendu af beinni línu til hvorrar handar í þverlínu gagnvart Ölfusafrétti, en legu þeirrar þverlínu verður nánar lýst í kafla 6.9.3.

6.9. Ölfusafréttur og Selvogafréttur

6.9.1. Almenn

Árið 1988 sameinuðust Selvogshreppur og Ölfushreppur í sveitarfélagið Ölfus. Afréttur sveitarfélagsins nær því til Selvogafréttar og Ölfusafréttar sem áður tilheyrðu samnefndum hreppum. Verður hér fjallað um þessa afrétti sveitarfélagsins í einu lagi.

Að Selvogafrétti liggja jarðir í Selvuginum til suðurs en til austurs liggja jarðir í Ölfusi og Ölfusafréttur. Til vesturs við afréttinn er Krýsuvík og Almenningskógur Álfaneshrepps og til norðvesturs er afréttur Seltjarnarness. Ölfusafréttur er norðvestur af Selvogafrétti, en til suðurs og austurs eru jarðir í Ölfusi og Grafningi. Til norðurs við Ölfusafrétt er Grafningsafréttur og til vesturs er sá hluti Mosfellsheiðar sem áður tilheyrði Mosfelli og afréttur Seltjarnarness.

Ölfusafréttur liggur að mestu leyti ofan 200 metra hæðar. Að norðanverðu er land tiltölulega slétt og gróið. Sunnar og austar taka við hraunbreiður og fjöll, fell og hryggir. Flest fellin eru mynduð úr móbergi, en þó er Mosfellsheiði og svæði suðaustan Hengils úr grágrýti. Helstu fjöll og fell á Ölfusafrétti eru: Skeggi í Hengli, sem er 803 metra hár, Nesjaskyggvir 768 metrar, og Skarðsmýrarfjall sem er 597 metrar.

Selvogafréttur er tiltölulega gróinn og liggur að mestu leyti ofan 300 metra hæðar. Bláfjallasvæðið, eins og það nefnist, er fjallaklasi í um 500–700 metra hæð og afmarkar afréttinn að vestanverðu. Nyrst í Bláfjallaklasanum er Vífilfell, 655 metrar, og sunnar eru Bláfjöll. Við suðvesturenda Bláfjalla tekur við samfelld hraunbreiða og er hæsti punktur hennar í gosdyngju 550 metrar að hæð nefnd Heiðin há. Austast á Selvogafrétti rís afmarkað Geitafellið í um 509 metra hæð. Norðan við Geitafell tekur við mosgróið Lambafellshraunið og Lambafell, 564 metrar.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína um þjóðlendu að mörkum jarða í Selvogi og Ölfusi og í sumum tilvikum inn fyrir landamerki jarðanna miðað við landamerkjabréf. Samkvæmt þessu telur ríkið að bæði Selvogsafréttur og Ölfusafréttur liggi að öllu leyti innan þjóðlendu. Á hinn bóginn hefur sveitarfélagið Ölfus gert kröfu um að viðurkenndur verði eignarréttur sveitarfélagsins að sama svæði. Þá hafa eigendur jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjars, Grænhóls, Hlíðartungu og Ósgerðis í Ölfusi gert kröfu um að viðurkenndur verði upprekstartaréttur jarðanna og önnur réttindi sem fylgja að lögum, ef talið verður að hluti afréttar Ölfusinga sé þjóðlenda.

6.9.2. Málsástæður aðila

Íslenska ríkið reisir kröfur sínar á því að grundvöllur að beinum eignarrétti að landi hérlendis hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin eignarrétti aldrei getað aukist, heldur hafi eigendalaus svæði orðið fleiri með tímanum. Þetta verði helst ráðið af lögtöku nýbýlatilskipunarinnar árið 1776 sem beinlínis hafi verið lögfest svo til væru úrræði til að efla byggð með því að taka eigendalaus svæði og gera að eignarlöndum. Tilskipunin hafi gert ráð fyrir því að landi væri útvísað, þó ekki stærra landi en hentaði fyrir meðalbú. Jafnframt hafi ekki verið heimilt að taka land til annarra nota en undir býli. Því megi segja að tilskipunin hafi verið samin í sama anda og landnámsreglur forfeðranna. Samkvæmt þeim hafi þurft nám til grundvallar eignarrétti að býli, nám hafi ekki þurft vegna lands sem tekið var til afnota sem almenningur eða afréttur.

Af hálfu ríkisins er vefengt að Ölfusafréttur og Selvogsafréttur hafi verið numdir í öndverðu. Landnámsmenn á svæðinu hafi numið land í skjóli Ingólfs Arnarsonar og heimildir um það landnám bendi ekki til að svæði ofan fjalls hafi verið numið. Því eigi sama við um þessa afrétti og aðra samnotaafrétti sem teknir hafi verið til sumarþeir og annarra takmarkaðri nota. Þá breyti engu þótt skálar og önnur mannvirki hafi verið reist á landsvæðinu á seinni tímum.

Sveitarfélagið Ölfus reisir kröfu um óskoraðan eignarrétt að afréttunum með öllum gögnum og gæðum á því að sveitarfélagið hafi frá ómunatíð farið með öll réttindi yfir landsvæðinu, en það hafi meðal annars lýst sér í því að öðrum hafi verið bönnuð afnot af eigninni. Öll nýting landsins hafi því verið bundin leyfi landeiganda, svo sem námuvinnsla og aðrar nytjar, en þessi hagnýting landsins hafi verið sveitarfélaginu mikilvæg tekjulind. Á þessum grundvelli hafi því stofnast til beins eignarréttar í skjóli hefðarhalds og langrar venju.

Sveitarfélagið bendir á að landsvæði þetta sé frábrugðið öðrum afréttum og hafi ekki sambærilega stöðu og samnotaafréttir, eins og Landmannaafréttur eða Auðkúluheiði. Það teljist frekar til byggðar en óbyggða og tilheyri ekki miðhálandinu. Á svæðinu miðju við Kolviðarhól hafi verið föst búseta um lengri eða skemmri tíma

um rúmlega aldar skeið. Af þeim sökum hafi nytjar og eignarumráð verið meiri og með öðrum hætti en á samnotaafréttum yfirleitt.

Sveitarfélagið vísar til að eignarheimild þess hafi frá upphafi verið talin gild í viðskiptum, meðal annars við leigu námuréttinda, en sú viðskiptavenja renni einnig stoðum undir eignarhaldið. Í þessu sambandi tekur sveitarfélagið fram að grundvallareglan um réttaröryggi sé reist á trausti og festu í öllum lögskiptum. Fáí með engu móti samrýmst þeirri reglu ef haft verði að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu lögskipta sem fólu í sér ráðstöfun auðlinda á svæðinu.

Af hálfu sveitarfélagsins er byggt á því að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að afréttarlandið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Í öllu falli sé ljóst að vefengingarkrafa ríkisins sé löngu fallin niður fyrir tómlæti og fyrningu, hafi á annað borð verið nokkur fótur fyrir slíkri kröfu. Jafnframt hafi öllum heimildarskjölum sveitarfélagsins varðandi afréttinn verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi þess hvernig sveitarfélagið hafi farið með og ráðstafað landinu með samningum er því haldið fram að nægar heimildir hafi verið færðar fram fyrir eignarhaldinu. Með þessu hafi sönnunarbyrðinni verið varpað yfir á ríkið sem verði að hnekkja staðhæfingu um að þrætuandið sé ekki eign sveitarfélagsins. Það hafi ríkið hins vegar ekki gert með neinum haldbærum rökum.

Einnig bendir sveitarfélagið á að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar fyrir eignarhaldi hafi verið réttmætar þegar metnar eru athafnir eða athafnaleysi ríkisvaldsins gegn réttindunum. Megi þar sérstaklega nefna að sveitarfélagið hafi leigt land á svæðinu undir ýmsa starfsemi og þeim samningum hafi verið þinglýst án athugasemda. Einnig hafi sveitarfélagið komið fram sem eigandi í dómsmálum sem rekin hafi verið vegna ágreinings um merki á svæðinu.

Þá vísar sveitarfélagið til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Því verði ekki gerðar strangari sönnunarkröfur til eiganda Ölfusafréttar og Selvogsafréttar en til annarra landeigenda á svæðinu. Sveitarfélagið hafi í ljósi eignarheimildar sinnar haft réttmætar væntingar til þess að afréttirnir væru undirorpnir beinum eignarrétti. Sá eignarréttur verði ekki tekinn af sveitarfélaginu bóttalaust, enda sé hann varinn bæði af stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu sem hafi lagagildi hér á landi.

Sveitarfélagið telur engum vafa undirorpið að allt land í Selvogi og Ölfusi hafi verið numið eins og ráðið verði af glöggum lýsingum Landnámu. Vísar sveitarfélagið til þess að Landnáma hafi verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarrétt, sbr. Hrd. 1960/726 og Hrd. 1994/2228.

Eigendur jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjarrs, Grænhóls, Hlíðartungu og Ósgerðis í Ölfusi taka fram að krafa þeirra sé reist á 5. gr. laga nr. 58/1998. Telja þeir rétt að hafa uppi sjálfstæðar kröfur í málinu þrátt fyrir

ákvæði 2. mgr. 11. gr. laganna, enda hafi þeir ekki verið upplýstir um að eignarréttinda þeirra yrði gætt af hálfu sveitarfélagsins og reyndar sumir þeirra fengið þær upplýsingar að það yrði ekki gert.

6.9.3. Niðurstaða

Í kafla 5 hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um Selvogsafrétt og Ölfusafrétt. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.⁴⁷⁰ Af þeim virðist ótvírætt að við gildistöku Þjóðlendulaga hafi landsvæði þetta talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.⁴⁷¹ Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Ölfusafréttar og Selvogsafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða, en kröfugerð íslenska ríkisins í máli þessu og fleiri málum á svæði 4 hjá óbyggðanefnd gerir ráð fyrir að hluti þessara landsvæða séu þjóðlendur.

Í kjölfar setningar landamerkjalaga árið 1882 og 1919 var hvorki gert heildstætt landamerkjabréf fyrir Ölfusafrétt né Selvogsafrétt. Hins vegar hafa verið gerð landamerkjabréf fyrir hluta af mörkum afréttanna, svo sem nánar verður rakið hér síðar.

Í apríl 1881 samþykkti sýslunefnd Árnassýslu fjallskilareglugerð fyrir hreppa sýslunnar vestan Hvítár og Ölfusár. Reglugerðin var ekki samþykkt af amtmanni og tók því ekki gildi. Í reglugerðinni er mörkum afrétta ekki lýst. Hinn 15. apríl 1886 var samþykkt í sýslunefndinni reglugerð um notkun afrétta o.s.frv. í Árnassýslu og var sú reglugerð staðfest af amtmanni 8. júlí sama ár. Reglugerðin var ekki birt í Stjórnartíðindum. Í þeirri reglugerð var heldur ekki vikið að mörkum afrétta. Sama á við um síðari reglugerðir um sama efni nr. 74/1895, 72/1909, 83/1941, 14/1955 og 163/1979. Í gildandi fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996, er mörkum afrétta ekki lýst. Þar segir hins vegar í 1. mgr. 2. gr. að hver sýsla sé fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum.

Eina heildstæðu lýsingu á mörkum Selvogsafréttar er að finna í lýsingu oddvita Selvogshrepps frá 19. apríl 1979. Lýsingin er svohljóðandi:

Ekki eru nein ákveðin merki milli afréttarlanda Selvogsbænda og heimalanda þeirra, en gagnvart öðrum sveitum eru landamerki afréttar- og heimalanda Selvogshrepps þessi:

⁴⁷⁰Sjá nánar í kafla 4.

⁴⁷¹Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Takmörk sveitarinnar eru að vestan: úr Seljabótarnefi um Sýslustein austan Geitarhlíðar, þaðan fjöll norður í Litla-Kóngsfell, þaðan í Stóra-Kóngsfell um Rauðuhnúka í topp Vífilfells, sem er norðasti markapunktur afréttarins. Að austan: úr Þrívörðum vestan Keflavíkur, þaðan í Fálkaklett í Geitafelli, síðan yfir austanvert Geitafell um Rauðhól í Ólafsskarðshnúk, þaðan í topp Vífilfells.

Í málinu liggur ekki fyrir hliðstæð seinni tíma lýsing frá sveitarstjórn fyrrum Ölfushrepps. Hins vegar liggur fyrir lýsing hreppstjóra Ölfushrepps frá 28. febrúar 1920 sem rituð var vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919. Af því tilefni hafði stjórnarráðið farið þess á leit við sýslumanninn í Árnassýslu að tekin yrði saman skýrsla um almenninga og afréttarlönd í sýslunni sem ekki sannanlega höfðu tilheyrð eða tilheyrðu þá nokkru lögbýli. Lýsing hreppstjórans er svohljóðandi:

Um almenninga aðra enn það sem talið er að vera afrjettarland hreppsins er hjer enga að ræða enn afrjettarland þetta er og hefur að fornu verið norðvesturbrúnir Hellisheiðar, það er að segja Hengillinn og dalirnir í kríngum hann þá til suðvesturs Skarðsmýrarfjall, Reykjafell, Sauðadalahnjúkar um Lambafell og þaðan lína vestur í afrjettarmörk Selvogsmanna. Sunnan og austan að línu þessari lyggja búfjarlönd margra Jarða í sveitinni. Hinsvegar og norður og vestur frá fellum þessum er hinn eiginlegi afrjettur svo sem Bolavellir Svínahraun Norðurvellir og sauðasturtaglið [svo í frumriti] á Mosfellsheiði alla leið niður að sýslumörkum að vestan og afrjettarmörkum Grafningsmanna að norðan enn sýslumörkin það er mörkin milli Árnassýslu að austan og Gullbríngusýslu að vestan lyggja eptir línu sem dregin er úr Vífilfelli um Bolaöldu norður í Borgarhól á Mosfellsheiði. Munu að þeim mörkum að vestan lyggja afrjettarlönd Seltjerna og búfjarlönd Mosfellssveitarmanna. Úr Borgarhól lyggja svo mörkin um suðurtaglið á Mosfellsheiði uppí Skeggja það er norðausturhornið á Henglinum. Um enga á er að ræða í afrjettarlandi þessu nema litla sprænu sem sprettur upp í Innstadal sunnanundir Henglinum og úr verður Hengladalsá. Um lönd þau er lyggja umhverfis Ölfushrepp að öðru leiti skal þess getið að vestan er Selvogur og Selvogsafrjettur. Svo með sjó fram austur að Ölfusá þá með henni uppað Sogi og með því þar til land Grafningsmanna tekur við lyggja svo búfjarlönd Ölfusinga og Grafningsmanna saman um fjöllin vestur að Hengli.

Hvorki verður séð að lýsing oddvita Selvogshrepps né hreppstjóra Ölfushrepps hafi fengið þá meðferð sem landamerkjälög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessar lýsingar verður því að líta sem einhliða yfirlýsingar um mörk afréttanna svo langt sem þær ná. Verður því að kanna önnur gögn um merki aðliggjandi landsvæða og meta lýsingu á mörkum afréttanna með hliðsjón af því. Á þeim grundvelli verður síðan skorið úr um merki afréttanna. Verður fyrst hugað að Selvogsafrétti en síðan að Ölfusafrétti.

Í lýsingu oddvita Selvogshrepps er mörkum gagnvart Ölfusafrétti lýst „úr Fálkaklett í Geitafelli, síðan yfir austanvert Geitafell um Rauðhól í Ólafsskarðshnúk, þaðan í topp Vífilfells.“ Þessi lýsing virðist í ágætu samræmi við landamerkjabréf fyrir Selvogsafrétt og Ölfusafrétt frá 24. september 1889 en þar er mörkum lýst „úr Vífilfelli í Ólafsskarð, þaðan beina línu niður eptir Lambafellshrauni í vörðu sem er norðaustan til á há-Geitafellinu, úr henni beina línu í Fálkaklett.“ Með hliðsjón af því að Selvogshreppur og Ölfushreppur hafa sameinast eru hins vegar ekki efni til að skera sérstaklega úr um mörk afréttanna að þessu leyti.

Bæði í lýsingu oddvita Selvogshrepps og í landamerkjabréfi fyrir afréttina eru mörk miðuð við Fálkaklett í Geitafelli. Kemur það einnig heim og saman við þinglýst landamerkjabréf fyrir Hlíðarenda frá 20. september 1886 og fyrir Nes frá sama degi sem lýsa merkjum í Fálkaklett. Er ágreiningslaust í málinu að Fálkaklettur er hornmark jarðanna Ness, Hlíðarenda og afréttarlands. Í lýsingu oddvítans er hins vegar ekki að finna neina markalýsingu afréttarins til suðurs gagnvart jörðum í Selvogi og er fullyrt að þar ráði engin ákveðin merki. Samkvæmt landamerkjabréfi Strandarkirkjueigna í Selvogi frá 4. september 1890 er hornmark til austurs dregið í Kálfahvamm og eru merki annarra jarða í Selvogi ágreiningslaus að línu sem dregin er úr Fálkakletti í Kálfahvamm. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í kafla 6.3.3. að eignarland jarðanna Hlíðar og Stakkavíkur nái að línu sem dregin er úr Kálfahvamm í Litla-Kóngsfell. Verður þessi lína úr Fálkakletti í Kálfahvamm og þaðan í Litla-Kóngsfell lögð til grundvallar um mörk Selvogsafrettar.

Í lýsingu oddvita Selvogshrepps eru mörk afréttarins dregin „úr Litla-Kóngsfelli í Stóra-Kóngsfell, um Rauðuhnúka í topp Vífilfells.“ Þessi lýsing er ekki í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 10. október 1996 (Hrd. 1996/2848) þar sem leyst var úr ágreiningi um mörk lögsagnarumdæma sveitarfélaga á þessu svæði. Fyrir Hæstarétti hafði sveitarfélagið Ölfus krafist þess að markalínan yrði dregin á sama veg og í lýsingu oddvítans, þó þannig að miðað var við stöpul á Vífilfelli sem liggur hæst á fjallinu. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að mörkin yrðu dregin „úr stöpli á Vífilfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn, og þaðan í Litla-Kóngsfell.“ Í dómi Hæstaréttar er rakið að mörk um Rauðuhjúka og Stóra-Kóngsfell hafi komið fram á korti dönsku landmælingastofnunarinnar, sem fyrst var gefið út 1909. Var ekki talið að fyrir þessum merkjapunktum væru sérstakar heimildir frá fyrri tíð. Í niðurlagi dómsins sagði síðan svo:

Þau mörk, sem dregin eru í héraðsdómi, eru glögg af völdum náttúrunnar og samrýmast þeim eldri lýsingum, sem einkum verður að líta til. Bláfjallahryggurinn sker sig úr landslaginu, og er markalína um hann hæstan eðlilegt framhald þess merkjapunkts, sem aðilar eru ásáttir um á Vífilfelli. Þegar lína er dregin úr Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla), skiptir sköpum, að Litla-Kóngsfell hefur verið ákvarðað sem merkjapunktur.

Við úrlausn um mörk Selvogsafréttar verður dómur Hæstaréttar lagður til grundvallar um nánar tilgreind merki frá Litla-Kóngsfelli allt að stöpli á Vífilfelli, en við þau mörk afréttarins er einnig miðað í kröfulýsingum málsaðila. Bendir rannsókn óbyggðanefndar ekki til þess að neinn greinarmunur verði þar gerður á stjórnsýslumörkum og eignamörkum.

Í lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps frá 28. febrúar 1920 eru mörk Ölfusafréttar til vesturs dregin eftir sýslumörkum Árnessýslu og Gullbringusýslu „úr Vífilfelli um Bolaöldu norður í Borgarhól.“ Aftur á móti er línan dregin þannig í landamerkjabréfi frá 23. janúar 1991 milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og eigenda Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar: „Úr stöpli hæst á Vífilfelli og þaðan beina línu í sýslustein austan Lyklafells, þaðan bein lína í Sýsluþúfu og þaðan beina línu í stöpul á Borgarhólnum.“ Þótt ekki sé orðrétt um sömu markalýsingu að ræða hjá hreppstjóranum og í landamerkjabréfinu bendir það ekki til ósamræmis. Þvert á móti verður að ætla að í landamerkjabréfinu sé lýst af meiri nákvæmni sömu mörkum og í bréfi hreppstjórans. Þá er þessi markalýsing í landamerkjabréfinu í samræmi við útdrátt landamerkja úr skrám jarðanna Miðdals og Elliðakots frá 3. október 1885 að því er snertir mörkin milli nefndra jarða og fyrrum Grafnings- og Ölfushrepps. Þar er mörkum lýst þannig: „Miðdalsland að austanverðu frá vörðunni á hæsta Borgarhólnum til suðurs sjónhending á Vífilfell um Sýsluþúfu, sem er á Lágheiðinni fyrir austan Lyklafell niður að árfarinu, sem liggur niður Bolafell. Elliðakotsland að austanverðu frá nefndu árfari beint til Vífilfells eins og sjónhending ræður frá Borgarhólnum.“ Útdráttur þessi er samþykktur vegna Ölfusafréttar. Að því virtu sem hér hefur verið rakið verður landamerkjabréfið frá 23. janúar 1991 lagt til grundvallar um mörk Ölfusafréttar að þessu leyti en þau mörk eru ágreiningslaus með málsaðilum.

Í lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps segir að mörk afréttarins til norðausturs gagnvart Grafningsafreйти liggi „úr Borgarhól ... um suðurtaglið á Mosfellsheiði upp í Skeggja, það er norðausturhornið á Henglinum.“ Þessi lýsing er í samræmi við lýsingu oddvita Grafningshrepps á landmörkum afréttar hreppsins frá 2. júní 1978, en þar er mörkum lýst „úr Skeggja í Borgarhól.“ Hins vegar segir í lýsingu á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshreppa innan Árnessýslu frá 22. maí 1886, sem þinglýst var 10. júní 1890, að mörkin liggi „úr vestasta horni á Ölfusvatnsskyggni beina stefnu fyrir norðan Hengil í vörðu, sem er á Stóraborgarhól.“ Þannig gerir sú lýsing ráð fyrir að Ölfusafreйти nái allt niður að Ölfusvatnsskyggni. Það er þó hvorki í samræmi við landamerkjabréf Nesjavalla frá 27. mars 1886 og þinglýst 24. maí sama ár, né landamerkjabréf Ölfusvatnstorfu frá 15. ágúst 1885 og þinglýst sumarið 1887, en í báðum þeim bréfum er merkjum lýst norður fyrir Ölfusvatnsskyggni í hrygg nokkurn á milli annars vegar Ölfusvatnstangans og Köldulaugar og hins vegar á milli Ölfusvatnslaugar og Köldulaugar. Þessi landamerkjabréf eru bæði samþykkt vegna afréttar Ölfushrepps. Þá er lýsingin í landamerkjabréfi Nesjavalla í ágætu samræmi

við lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps og oddvita Grafningshrepps en í landamerkjabréfinu er merkjum lýst úr framangreindum hrygg í Vörðuskeggjahnúk. Við það er enn fremur miðað í kröfulýsingum aðila, bæði í þessu máli og máli nr. 5/2004 hjá óbyggðanefnd, að mörk Ölfusafréttar liggja úr Skeggja í Borgarhól. Að þessu gættu verða þau mörk afréttarins lögð til grundvallar.

Í lýsingu hreppstjóra Öflushrepps er ekki vikið að mörkum afréttarins gagnvart jörðum í Grafningi að öðru leyti en því að tekið er fram að afrétturinn „sé og hafi að fornu verið norðvesturbrúnir Hellisheiðar, það er að segja Hengillinn og dalirnir í kríngum hann.“ Í landamerkjabréfi fyrir Nesjavelli frá 27. mars 1886, sem þinglesið var 24. maí 1889, er mörkum gagnvart Ölfusafrétti lýst „í Ölvisvatnsskyggni og þaðan beina stefnu í hrygg þann, sem liggur milli Ölvisvatnslaugar og Köldulaugar. Þaðan liggja landamerki Nesjavalla eptir beinni stefnu í Vörðuskeggja.“ Í landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Krók og Ölfusvatn með hjáleigunni Hagavík frá 15. ágúst 1885, sem þinglesið var sumarið 1887, er mörkum gagnvart Ölfusafrétti lýst þannig: „... í „Ölvisvatnsskygnir“ og úr honum aptur bein stefna í bergeggar eða brúnir þær, er mynda svonefndar „Hengilssyllur“ (austan í Henglinum), síðan liggur merkjalínan eptir eggjum þessum, og úr þeim í mel einn, bleikrauðan að sjá, er liggur upp af „Raufarbergi“ og þaðan í „Raufarbergið“ sjálft.“ Bæði landamerkjabréfin voru samþykkt vegna Ölfusafréttar. Í landamerkjabréfi Reykjatorfunnar frá 23. ágúst 1884, sem þinglesið var 29. maí 1889, er mörkum til vestust lýst þannig: „... úr Helluvaði beina stefnu til austnorður í einkennilega gjá, er liggur í krókum til norðurs. Eptir þessari gjá eru mörkin og úr nyrðsta gljúfri gjáarinnar beina stefnu til norðurs í rauðleitan melhnjúk fyrir frama svokallaða Kýrgilshnúka (hornmark), þaðan liggja mörkin til austurs um Raufarberg ...“

Með málsaðilum er ágreiningur um staðsetningu rauðleita (bleikrauða) melhnjúksins sem er hornmark gagnvart Reykjatorfu annars vegar og jarðanna Króks og Ölfusvatns með hjáleigunni Hagavík hins vegar. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hefur því verið haldið fram að melhnjúkurinn liggja upp af og norðanvert við Kýrgil. Af hálfu ríkisins og sveitarfélagsins Ölfuss er því hins vegar haldið fram að melhnjúkurinn liggja fyrir framan Kýrgilið. Með hliðsjón af niðurstöðu nefndarinnar í kafla 6.7. ræður melhóllinn, hvar sem hann verður staðsettur, ekki mörkum jarða austanvert í Ölfusi gagnvart þjóðlendu. Aftur á móti ræður staðsetning melhólsins mörkum afréttarins gagnvart Reykjatorfu og fyrrgreindum jörðum í Grafningi. Ágreiningur þessi lýtur eingöngu að staðsetningu melhólsins en allir aðilar eru einhuga um að hann eigi að ráða þegar kennileitinu hefur verið fundinn staður. Úrlausn þessa ágreinings hefur jafnframt þýðingu í máli nr. 5/2004, en eigendur fyrrgreindra jarða í Grafningi eiga aðild að því máli. Verður úrlausn þessa álitaefnis samræmd í þessum tveimur málum.

Á því leikur ekki vafi að annars vegar landamerkjabréf Reykjatorfunnar frá 1884 og hins vegar landamerkjabréf fyrir jarðirnar Krók og Ölfusvatn með hjáleigunni

Hagavík frá 1885 lýsa sömu kennileitum þegar vísað er til rauðleits melhnjúks eða bleikrauðs mels og Raufarbergs. Verður það ráðið af samhengi bréfanna sem bæði eru undirrituð með skömmu millibili af sömu einstaklingum sem voru í fyrirsvari vegna jarðanna. Af báðum bréfunum verður einnig ráðið að í grennd við melhólinn liggur Raufarberg og var því fundinn staður í tveimur vettvangsgöngum nefndarinnar með lögmönnum aðila. Liggur það kennileiti nær þeim melhól sem ríkið og Sveitarfélagið Ölfus miða við um staðsetningu melhólsins en ekki hefur verið fundið neitt annað kennileiti nærri þeim stað sem Orkuveitan miðar við sem kemur heim og saman við þá lýsingu. Þá verður ekki ráðið af landamerkjabréfinu fyrir Krók og Ölfusvatn með hjáleigunni Hagavík að melhólinn taki við af Hengilsnyllum og að óhjákvæmileg sjónlína sé milli melhólsins og Hengilsnyllna. Loks getur engu breytt hvort sjónlína er milli hólsins og Reykjavells, enda hafði þverlína milli þeirra marka enga þýðingu fyrir þær jarðir sem umrædd landamerkjabréf taka til, þ.e. jarðirnar í Grafningi og Reykjatorfuland. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar að rauðleiti melhólinn sé fyrir framan Kýrgilið á þeim stað sem ríkið og Sveitarfélagið Ölfus miðar við. Að þessu gættu verða mörk afréttarins dregin úr *Skeggja í Hengilsnyllur og þaðan í umræddan rauðleitan melhól* en syllurnar eru nú ágreiningslaust kennileiti með málsaðilum.

Í samræmi við kröfulýsingu sveitarfélagsins Ölfuss verða mörk afréttarins dregin frá rauðleita melhólnum sjónhendingu í Reykjavell. Hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði handan þeirrar þverlínu sé þjóðlenda með beitarítaki aðliggjandi jarða, svo sem rakið var í kafla 6.8.

Fyrir liggur að land úr Ölfusafrétti var lagt til nýbýlisins Kolviðarhóls með nýbýlisbréfi 14. desember 1893. Jafnframt afsalaði Ölfushreppur aðliggjandi landspildu úr afréttinum 2. ágúst 1939 til Íþróttafélagsins Reykjavíkur, sem þá var eigandi Kolviðarhóls. Í kafla 6.6. hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að allt þetta landsvæði sé undirorpið beinum eignarrétti og verða ágreiningslaus mörk afréttarins ákveðin í samræmi við það úr hæsta hnjúk á Reykjavelli í vörðu á Skarðsmýrarfjalli, þaðan beint í Sleggju og beina stefnu áfram yfir Húsmúllann í Miðmúlahornið, þaðan beint í vörðu er ber í Lambafellsháls, úr þeirri vörðu beint í aðurnefndan hnjúk á Reykjavelli.

Í lýsingu hreppstjóra Ölfushrepps er afréttinum til suðvesturs lýst um Skarðsmýrarfjall, Reykjavell, Sauðadalahnjúka um Lambafell og þaðan lína vestur í afréttarmörk Selvogsmanna. Þessi lýsing, svo langt sem hún nær, er ekki í ósamræmi við landamerkjabréf fyrir Hjallatorfu frá 28. maí 1889 en þar er mörkum gagnvart afrétti lýst úr vörðu austast á Reykjavelli og þaðan beint í Lambafell. Einnig er lýsing hreppstjórans ekki í ósamræmi við sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Breiðabólstað og Vindheima frá 28. maí 1889 en þar er mörkum gagnvart afrétti lýst úr Lambafelli í Rauðhól. Með hliðsjón af þessu verða mörk afréttarins miðuð við línu sem dregin er úr Reykjavelli í Lambafell og þaðan í Rauðhól.

Svo sem áður greinir eru mörk Selvogsafréttar miðuð við línu sem dregin er úr Rauðhól í Fálkaklett. Virðist þessi lýsing í samræmi við landamerkjabréf fyrir Selvogsafrétt og Ölfusafrétt frá 24. september 1889 en þar er mörkum lýst „frá Ólafsskarði í beinni línu niður eftir Lambafellshrauni í vörðu sem er norðaustan til á há-Geitafellinu og úr henni beina línu í Fálkaklett.“ Að þessu gættu verða mörk afréttarins miðuð við línu úr Rauðhól beint í vörðu norðaustan til á há-Geitafellinu og þaðan beint í Fálkaklett eins og miðað er við í kröfulýsingum aðila.

Svo sem áður er rakið var hvorki gert heildstætt landamerkjabréf fyrir Ölfusafrétt eða Selvogsafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga árið 1882 né árið 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum afréttanna. Einu heildstæðu lýsingarnar á merkjum eru lýsing oddvita Selvogsafréttar frá 19. apríl 1979 og lýsing hreppstjóra Ölfushrepps frá 28. febrúar 1920. Jafn langt sem þær lýsingar ná virðast þær vera í góðu samræmi við landamerkjalýsingar aðliggjandi jarða, sem gerðar voru í lok 19. aldar, og önnur gögn um mörkin gagnvart afrétti, svo sem hér hefur nánar verið rakið. Jafnframt voru landamerkjabréf samþykkt vegna aðliggjandi jarða og sum af fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga vegna afréttanna. Þessum landamerkjalýsingum var jafnframt þinglýst og þær færðar í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrir eða síðar komið fram. Þetta bendir allt til þess að þar sé merkjum gagnvart Ölfusafrétti og Selvogsafrétti rétt lýst. Þá verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu þótt merkjum sé lýst með aðeins öðrum hætti í lýsingu á afréttarmörkum milli Ölfus- og Grafningshreppa frá 1886, enda stangast sú lýsing á við lýsingar á merkjum þeirra jarða sem liggja að Ölfusafrétti og eru samþykktar vegna hans. Þeim landamerkjalýsingum var einnig þinglýst og þær færðar í landamerkjabók án þess að séð verði að nokkrar athugasemdir eða mótmæli hafi fyrir eða síðar komið fram. Þá er hvorki miðað við lýsinguna frá árinu 1886 í kröfugerð íslenska ríkisins né annarra aðila að þessu máli eða máli nr. 5/2004 hjá óbyggðanefnd.

Að öllu því gættu sem hér hefur verið rakið verða framangreind mörk Selvogsafréttar og Ölfusafréttar lögð til grundvallar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Ölfusafréttar og Selvogsafréttar, svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að hvorki skriflegar heimildir né rannsóknir á sviði fornleifafræði benda til þess að byggð hafi að fornu eða nýju verið á heiðalandsvæði því sem liggur undir afréttina. Lýsingar Landnámu á námi á þessu svæði hafa verið raktar og þær ályktanir dregnar að þó svo að fyrir liggja heimild um upphaflegt nám Ingólfs Arnarsonar á öllu landsvæðinu þá útiloki það ekki að einstaklingseignarréttur hafi síðar verið gefinn eftir og til núverandi afnotaréttar hafi verið stofnað með sama hætti og á samnotaafréttum endranær. Má um þessa ályktun, að sínu leyti, vísa til forsendna Hæstaréttar í dómi Hrd. 1994/2227 um Geitland. Tilheyrsla afréttanna hefur sannarlega verið með þeim hætti að þeir hafa tilheyrt jörðum í sveitarfélögunum sem

heild og síðar undir beinu forræði sveitarfélaganna en ekki tengst sérstaklega einstökum jörðum eða stofnunum.

Þegar þessa landsvæðis er getið í eldri fyrirbyggjandi heimildum er það í öllum tilvikum tengt upprekstri og afréttarnotum.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Ölfusi og Selvogi haft af afréttunum hefðbundin not, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Stofnun nýbýlis að Kolviðarhóli árið 1893 á grundvelli nýbýliltilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 styður frekar þá ályktun að ekki hafi verið litið á umrætt landsvæði sem eignarland og er þá annars vegar horft til fyrirmæla tilskipunarinnar sjálfrar og hins vegar þeirrar atburðarásar sem lýst er við stofnun nýbýlisins.

Af hálfu Sveitarfélagsins Ölfuss hefur krafa um viðurkenningu beins eignarréttar jafnframt verið reist á því að um þessa afrétti gildi sérsjónarmið sem ekki eigi allajafna við um afrétti. Í því sambandi er vísað til þess að þeir liggi nærri byggð, nánast innan byggðamarka, auk þess sem þar hafi verið fjölpættari nýting en gengur og gerist á afréttum. Er þar sérstaklega vísað til malarnáms, sem fram hafi farið á nokkrum stöðum á afréttunum, og mannvirkjagerðar, fyrst og fremst skálabygginga sem ráðist hafi verið í að fenginni heimild sveitarfélagsins. Verður nú hugað að þessum sjónarmiðum sérstaklega.

Hvað varðar legu landsins sérstaklega þá verður, að gættum þeim sjónarmiðum um landnám sem fyrr er getið, ekki fallist á að þetta atriði eitt og sér ráði úrslitum um eignarhald landsvæðisins. Er þá minnt á að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem og fyrri úrskurðum hafa staðhættir og lega lands ekki verið talin geta haft afgerandi þýðingu við hið eignarréttarlega mat þótt það ásamt öðru geti stutt eignartilkall sem og gagnstæða niðurstöðu.

Hvorki í kröfulýsingu né greinargerð sveitarfélagsins Ölfuss er að finna rækilega lýsingu á hagnýtingu afréttanna. Undir rekstri málsins hefur þó verið að nokkru úr þessu bætt með framlagningu gagna. Helsta hagnýting afréttarins hefur verið efnistaka úr námum, annars vegar í Bolaöldu og hins vegar í Lambafelli. Þá hefur í einhverjum mæli verið tekið efni á öðrum stöðum á afréttinum. Einnig afsalaði Ölfushreppur 2. ágúst 1939 spildu úr Ölfusafrétti í Sleggjubeinsskarði til Íþróttafélags Reykjavíkur, svo sem nánar er rakið í kafla 6.6. Loks hafa landspildur verið leigðar í nokkrum mæli á afréttunum en um er að ræða eftirtalda skála á Selvogafrétti: Skíðaskáli Glímufélagsins Ármanns í Jósefsdal og skáli, svonefnt Himnaríki, sunnan Jósefsdals. Á Ölfusafrétti er um að ræða lóðir undir eftirtalda skála: Skíðaskáli í Ólafsskarði, skáli í Dverghamri á milli Sauðadalshnjúka, skáli Æskulýðsfylkingar Alþýðubandalagsins í Svínadal, lóð undir Litlu kaffistofuna í Svínahrauni, skáli nefndur Húsavík í Sauðadölum, skáli Skátafélags Reykjavíkur í Innstadal milli Skarðsmýrarfjalls og Hengils, skáli skíðadeildar Fram í Eldborgargili, skáli

skíðadeildar Knattspyrnufélagsins Víkings ofan Kolviðarhóls við Sleggjubeinsskarð og skáli Knattspyrnufélagsins Vals í Sleggjubeinsdal.

Af hálfu sveitarfélagsins sýnist alfarið á því byggt að umrædd afnot hafi verið það víðtæk að þau styðji beinan eignarrétt að landsvæðinu í heild, eftir atvikum á grundvelli hefðar. Óbyggðanefnd telur ekki að af framangreindri nýtingu landsins verði neinar ályktanir dregnar um eignarréttindi sveitarfélagsins Ölfuss. Þá er til þess að líta að heimildir um þessa nýtingu eru ekki að fullu ljósar og ekki með þeim hætti, hvorki með tilliti til tíma, umráðs né umfangs, að eignarréttindi að afréttarlandinu í heild geti hafa stofnast á grundvelli hefðar. Þá ber þess sérstaklega að gæta að eingöngu er byggt á því af hálfu sveitarfélagsins að umrædd not styðji eignarréttartilkall að landsvæðinu í heild en því ekki haldið fram að sveitarfélagið eða aðilar sem frá því leiða rétt hafi á grundvelli hefðar stofnað til eignarréttar á einstökum afmörkuðum landspildum innan svæðisins. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum sínum, sbr. úrskurð í máli nr. 7/2000, komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki á færi nefndarinnar, undir kringumstæðum sem þessum, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar án þess að til komi bein og ótvíræð yfirlýsing viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi. Almenn og óútfærð tilvísun til hefðar nægir ekki í því tilliti. Að þessu gættu er ekki unnt að ákveða sveitarfélaginu önnur og afmarkaðri eignarréttindi á grundvelli hefðar.

Að öllu framangreindu virtu er það svo að engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Ölfusi eða Selvogi eru upphaflega komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Óbyggðanefnd telur að Ölfusafréttur og Selvogsfréttur kunni að hafa verið að öllu eða einhverju leyti innan upphaflegs landnáms á þessu svæði eða hafi á annan hátt orðið undirorpnir beinum eignarrétti. Að námi svæðisins er vikið hér fyrr, sbr. kafla 6.2. Þar kemur m.a. fram sú afstaða óbyggðanefndar að ekki sé sjálfgefið að eignarhaldi samnotaafréttta sé öðruvísi farið í þeim tilvikum þar sem af Landnámu má draga afdráttarlausari ályktanir um upphaflegt nám og að sönnunarbyrði sé þá öðruvísi farið en allajafna. Raunar virðist allt eins líklegt í þeim tilvikum að upphaflegt eignarhald hafi fallið niður og tilheyrsla samnotaafréttar hafi orðið til með svipuðum hætti og á ónumdum landsvæðum, þ.e. viðkomandi landsvæði tekið til sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Málið kunni hins vegar að horfa öðruvísi við undir þessum sömu kringumstæðum þegar um afrétti einstakra jarða eða stofnana er að ræða, enda bendi slík tengsl þá fremur til órofins eignarhalds frá öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlýsingu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til í öndverðu. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Réttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til eru því niður fallin. Að öllu þessu virtu er það mat nefndarinnar að engin vafi leiki á því að Ölfusafréttur og Selvogsfréttur séu svokallaðir samnotaafréttir og að frásögn Landnámu um upphaflegt nám svæðisins skipti ekki máli við mat á tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Ölfusafréttar og Selvogafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Ölfusi og Selvogi hafi tekið landsvæði þetta til sumardeildar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu sveitarfélagsins Ölfuss, hvorki fyrir eigin hönd né fyrir hönd eigenda tilgreindra jarða í sveitarfélaginu, að Ölfusafréttur eða Selvogafréttur séu eignarlönd. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttáð, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁴⁷²

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í fyrrum Ölfushreppi og Selvogshreppi hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeildar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í *Almennum niðurstöðum nefndarinnar*, að landsvæði það sem nefnt er Ölfusafréttur og Selvogafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Úr Fálkakletti í Geitafelli í Kálfahvamm og þaðan í Litla-Kóngsfell. Frá Litla-Kóngsfelli til austurs í Bláfjallahorn og eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í stefnu í Sýslustein austan Lyklafells, áfram í Sýslubúfu og í stöpul á Borgarhólnum. Þá til suðausturs í Vörðuskeggja og þaðan í punkt við Hengilssyllur og síðan í rauðleitan Melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnúka. Frá þeim punkti verður línán dregin beint í hæsta hnjúk á Reykjafelli. Þaðan í vörðu á Skarðsmýrarfjalli, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsmúlann í Miðmúlahornið, þaðan í vörðu er ber í Lambafellsháls og úr þeirri vörðu beint í fyrrgreindan hnjúk á Reykjafelli. Frá þeim punkti er línán dregin beint í Lambafell, þaðan í Rauðhól og í vörðu norðaustan til á há-Geitafellinu og loks í fyrrgreindan Fálkaklett.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Ölfushreppi og Selvogshreppi, nú í Sveitarfélaginu Ölfusi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir

⁴⁷²Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

6.10. Landsnet hf.

Í máli þessu gerir Landsnet hf. kröfur vegna háspennulína sem liggja innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Hér er um að ræða háspennulínur Landsnets sem liggja frá orkuverum á Þjórsársvæðum og Sogsvirkjun. Nánar tiltekið eru þetta háspennulínurnar Búrfellslína 2, Búrfellslína 3, Sogslína 2 og Sogslína 3. Af hálfu Landsnets hf. er gerð krafa um að háspennulínurnar fái að standa ótímabundið á landi því sem þær fara um og fyrirtækið hafi ótakmarkaðan umferðarrétt að þeim, sbr. 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Með vísan til úrskurða óbyggðanefndar á svæði 1 í Árnassýslu er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsnet hf. sé eigandi framangreindra orkuveitna sem liggja innan þjóðlendu í máli þessu og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra. Hins vegar er Landsnet hf. hvorki eigandi lands né annarra réttinda á svæði því sem orkuveitunnar liggja um, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.11. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Þess ber að geta að málskostnaðar var ekki krafist af hálfu Landsnets hf.

7. ÚRSKURÐARORÐ⁴⁷³

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Ölfusafréttur og Selvogsafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Úr Fálkakletti í Geitafelli í Kálfahvamm og þaðan í Litla-Kóngsfelli. Frá Litla-Kóngsfelli til austurs í Bláfjallahorn og eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í stefnu í Sýslustein austan Lyklafells, áfram í Sýslubúfu og í stöpul á Borgarhólnum. Þá til suðausturs í Vörðuskeggja og þaðan í punkt við Hengilsyllur og síðan í rauðleitan Melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Frá þeim punkti verður línán dregin beint í hæsta hnjúk á Reykjafelli. Þaðan í vörðu á Skarðsmýrarfjalli, þaðan beint í Sleggju, þaðan beina stefnu yfir Húsmúlann í Miðmúlahornið, þaðan í vörðu er ber í Lambafellsháls og úr þeirri vörðu beint í fyrrgreindan hnjúk á Reykjafelli. Frá þeim punkti er línán dregin beint í Lambafell, þaðan í Rauðhól og í vörðu norðaustan til á há-Geitafellinu og loks í fyrrgreindan Fálkaklett.

Sama landsvæði, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, er afréttur jarða í fyrrum Ölfushreppi og Selvogshreppi, nú í Sveitarfélaginu Ölfusi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði á Hellisheiði, sunnan Ölfusafréttar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá hæsta hnjúki á Reykjafelli beina sjónhendingu í Hengladalsá við Orustuhól syðst í Litla-Skarðsmýrarfjalli, en þaðan fylgir markalínan Hengladalsá niður að Lambavaði við neðra ístopp. Frá Lambavaði er línán dregin beint í austur í norðurenda einkennilegrar gjár og þaðan til norðvesturs í rauðleitan melhnjúk fyrir framan Kýrgilshnjúka. Frá því marki liggur línán beina sjónhendingu í fyrrgreindan hnjúk á Reykjafelli.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda eftirtalinna jarða: Ytri-Þurá, Núpar, Vötn, Kröggólfsstaðir og Þúfa og Litli- og Stóri-Saurbær, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Á þessu svæði fer Landsnet hf. með eignarrétt að Búrfellslínu 2, Búrfellslínu 3, Sogslínu 2 og Sogslínu 3, sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum, og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmannna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr.

⁴⁷³Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirleggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

17. gr. laga nr. 58/1998. Þóknun málflytjenda ákvarðast svo: Hjörleifur B. Kvaran hrl., kr. 1.100.000; Jóhannes K. Sveinsson hrl., kr. 920.000; Jörundur Gauksson hdl., kr. 140.000; Ólafur Björnsson hrl., v/Ölfushrepps og jarða í Ölfusi kr. 920.000 og v/Strandarkirkju og kirkjujarða kr. 480.000, Óskar Sigurðsson hrl., kr. 550.000; en þóknun lögmanna greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendlínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

Sjá bls. 195

FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



Ölfus



Ölfus
 Ölfus
 Ölfus

Þjóðendur í stéttaségn stökumna jarða
 skv. Ölfusvíki byggðanefndar

Ógagn 2010
 Ölfusvíki
 Ölfusvíki
 Ölfusvíki

II. Aðilaskrá

Þjóðlundur	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Afréttur Ölfusinga	Aldís Eyjólfsdóttir vegna Vatna
Afréttur Ölfusinga	Björgvin Ásgeirsson vegna Hlíðartungu
Afréttur Ölfusinga	Gunnar Arnarsson vegna Grænhóls
Afréttur Ölfusinga	Helgi Ellertsson vegna Kjarrs
Afréttur Ölfusinga	Lúðvík Haraldsson vegna Kross
Afréttur Ölfusinga	Lýður Ragnarsson vegna Þúfu
Afréttur Ölfusinga	Monika S. Pálsdóttir vegna Kröggólfsstaða
Afréttur Ölfusinga	Óskar Kristinsson vegna Ósgerðis
Afréttur Ölfusinga	Páll Auðar Pálsson vegna Sandhóls
Bakki I	Erla Steingrímsdóttir
Bakki I	Orkuveita Reykjavíkur
Bakki I	Valborg Eby Þorvaldsdóttir
Bakki II	Engilbert Hannesson
Bakki II	Orkuveita Reykjavíkur
Bjarnastaðir	Hjalti Þórðarson
Breiðabólstaður/Vindheimar	Sjöunda dags aðventistar á Íslandi
Eystri-Þurá I	Orkuveita Reykjavíkur
Gerðakot	Sigurður Hermannsson
Gerðakot	Orkuveita Reykjavíkur
Herdísarvík	Háskóli Íslands
Hjallakrókur	Jón Ögmundsson
Hjalli	Finnbogi Vikar Guðmundsson
Hjalli	Orkuveita Reykjavíkur
Hlíð	Strandarkirkja
Krókur (Hjallakrókur)	Orkuveita Reykjavíkur
Kröggólfsstaðir	Orkuveita Reykjavíkur
Landsvæði við Kolviðarhól	Íþróttafélag Reykjavíkur
Landsvæði við Kolviðarhól	Orkuveita Reykjavíkur
Litli-Saurbær I	Kristján Jónsson

Litli-Saurbær I	Orkuveita Reykjavíkur
Litli-Saurbæ I	Sverrir Jónsson
Litli-Saurbær II	Kristján Jónsson
Litli-Saurbær II	Sverrir Jónsson
Lækur	Jón E. Hjartarson
Lækur	Orkuveita Reykjavíkur
Núpar I	Orkuveita Reykjavíkur
Núpar II	Orkuveita Reykjavíkur
Núpar III	Orkuveita Reykjavíkur
Selvogsafréttur	Sveitarfélagið Ölfus
Stakkavík	Strandarkirkja
Stóri-Saurbær	Orkuveita Reykjavíkur
Strönd	Strandarkirkja
Vogsósar	Strandarkirkja
Vötn	Orkuveita Reykjavíkur
Ytri-Þurá	Orkuveita Reykjavíkur
Þorgrímsstaðir	Gunnar Konráðsson
Þorgrímsstaðir	Hjalti Þórðarson
Þorgrímsstaðir	Orkuveita Reykjavíkur
Þorgrímsstaðir	Sigurður Hermannsson
Þóroddsstaðir I	Orkuveita Reykjavíkur
Þóroddsstaðir II	Orkuveita Reykjavíkur
Þúfa	Orkuveita Reykjavíkur
Ölfusafréttur	Sveitarfélagið Ölfus
Landsnet hf.	

III. Skjalaskrá¹

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 6.2.2004.
- 1(1) Skjalaskrá með kröfulýsingu, dags. 15.2.2004.
- 1(2) Tilvísanaskrá með kröfulýsingu, dags. 15.2.2004.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, tilkynning um meðferð á svæði IV, dags. 27.10.2003.
- 1(6) Afrit úr sýslubókum vegna stofnunar nýbýlis að Kolviðarhóli og mörk jarðarinnar.
- 1(7) Greinargerð Gylfa Más Guðbergssonar landfr. um landamerki og afréttarmörk í Ölfushreppi, dags. 30.7.1990.
- 1(8) Mótmæli við greinargerð Gylfa Más um afréttarmörk í Ölfushreppi, dags. 30.9.1990.
- 1(9) Fundargerð með jarðeigendum í Ölfusi vegna afréttarmarka, dags. 25.10.1991.
- 1(10) Fundarboð vegna fundar um afréttarmörk, dags. 17.1.1992.
- 1(11) Landskiptagerð um skiptingu á beitilandi Saurbæjarjarðanna, dags. 24.4.1942.
- 1(12) Kort af afrétti Hjallasóknar frá 1969.
- 1(13) Greinargerð Gylfa Más Guðbergssonar um sýslumörk í Árnassýslu frá Kóngsfelli að Sýsluhólma.
- 1(14) Bréfaskipti Ölfushrepps og Íþróttafélags Reykjavíkur vegna landsvæðis á afréttinum, dags. 6.4.1938, 24.11.1938, 11.5.1939, 2.8.1939, 18.10.1939 og 22.10.1939.
- 1(15) Bréf Gylfa Más Guðbergssonar til sveitarstjóra Ölfushrepps, dags. 8.5.1989.
- 1(16) Kort sem sýnir breytingu á kröfugerð um þjóðlendumörk í sveitarfélaginu Ölfusi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr (mælikvarði 1:50.000), dags. 17.8.2004.
- 1(17) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Ölfushreppi. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 1(18) Tilkynning til oddvita Ölfushrepps frá sýslumanninum í Árnassýslu um að sýslunefndin samþykki að heimila Ölfushreppi að gefa ÍR landspildu í afréttarlandi hreppsins fyrir ofan Kolviðarhól, dags. 11.5.1939.
- 1(19) Afsal Ölfushrepps til ÍR á landspildu í afréttarlandi hreppsins fyrir ofan Kolviðarhól, dags. 2.8.1939.
- 1(20) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 22.9.2004.
- 1(21) Breytt kröfulína í þjóðlendumáli í Ölfusi, dags. 9.6.2005, ásamt uppdrætti, a-b dags. 8.6.2005.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 13.9.2005.
- Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:*
- 2(53) Krísuvík (Vigdísarvellir voru hjáleiga frá Krísuvík), dags. 14.5.1890, ásamt uppskrift.
 - 2(54) Elliðakot, dags. 28.7.1883.

¹ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttari númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(55) Lækjarbotnar, dags. 11.2.1868, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(56) Miðdalur, dags. 26.5.1890.
- 2(57) Stóra-Mosfell, dags. 29.5.1890.
- Afsals- og veðmálabækur:*
- 2(27) Lögfesta fyrir Núpum, dags. 17.5.1817, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(28) Forboð ábúendanna á Núpum gegn áningum í Núpabringum, dags. 12.5.1823, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(29) Forboð móti ágangi á Reykjakotsengjar, dags. 13.5.1824, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(30) Lögfesta fyrir Núpum, dags. 4.5.1827, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(39) Afsal fyrir Króki, dags. 19.12.1844.
- 2(58) Lýsing á mörkum almennings Álftnesinga, dags. 21.6.1849. Skjal nr. 81.
a-b (Skjalið skrifað upp), ásamt óstaðfestri uppskrift lagðri fram af Eyvindi Gunnarssyni hdl.
- Fasteigna- og jarðamöt:*
- 2(22) Fasteignamat 1916-1918, ásamt efnisyfirliti.
a-b
- 2(23)
- 2(24) Fasteignamat 1804.
- 2(25) Fasteignamat 1849, ásamt uppskrift að hluta.
a-b
- 2(26) Fasteignamat 1932.
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda:*
- 2(31) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 15.5.1726.
- 2(32) Manntalsþing í Nesi í Selvogi, dags. 10.5.1728.
- 2(33) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 14.5.1729.
- 2(34) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 22.5.1841.
- 2(35) Útvísun nýbýlislands á Sleggiubeinsdal, dags. 31.8.1874, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(36) Manntalsþing á Bakkárholti, dags. 2.6.1881.
- 2(37) Aukaþing í Nesi í Selvogi, dags. 3.6.1889.
- 2(38) Útmæling nýbýlislands á Kolviðarhóli, dags. 13.10.1893, ásamt uppskrift.
a-b
- 2(41) Landamerki Ytri-Þurár og Núpa. Ágreiningur um landamerki var tekinn fyrir í aukadómi Árnessýslu, dags. 13.7.1970, ásamt málsskjölum nr. 1, 2 og 3 og yfirlit yfir landamerkjaskjöl lögð fram í dómi 4.12.1970.
- 2(49) Vitnisburðartaka vegna kæru Árnesinga um ólöglega smölun á afrétti Ölfushrepps, dags. 14.9.1911. Tilgreind eru leitartakmörk Mosfellshrepps.
- 2(59) Dómsskjal nr. 3 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884
a-b Landamerkjalyking Vatnsendalands, dags. 22.5.1883, ásamt óstaðfestri uppskrift lagðri fram af Sigurbirni Þorbergssyni hdl.
- 2(60) Dómsskjal nr. 16 í landamerkjamáli Elliðavatns og Vatnsenda 1884, ásamt
a-b óstaðfestri uppskrift lagðri fram af Sigurbirni Þorbergssyni hdl.
- Vísitasíubækur biskupa:*
- 2(1) Reykir í Ölfusi, dags. 3.8.1642 (A.II, 9).
- 2(2) Reykir í Ölfusi, dags. 31.8.1679 (A.II, 11 A).
- 2(3) Reykir í Ölfusi, dags. 15. 9.1704 (A.II, 14).
- 2(4) Reykir í Ölfusi, dags. 5.5.1723 og skjal, dags. 14.5.1732 (A.II, 16).
- 2(5) Reykir í Ölfusi, dags. 17.6.1750 (A.II, 19).
- 2(6) Reykir í Ölfusi, dags. 23.8.1756 (A.II, 21).
- 2(7) Reykir í Ölfusi, dags. 5.8.1829 (C.I, 1).
- 2(8) Hjalli í Ölfusi, dags. 3.8.1642 (A.II. 9).

- 2(9) Hjalli í Ölfusi, dags. 30.8.1679 (A.II, 11 A).
 2(10) Hjalli í Ölfusi, dags. 15.8.1704 (A.II, 14).
 2(11) Hjalli í Ölfusi, dags. 5.5.1723 (A.II, 16).
 2(12) Hjalli í Ölfusi, dags. 16.6.1750 (A.II, 19).
 2(13) Hjalli í Ölfusi, dags. 24.8.1756 (A.II, 21).
 2(14) Hjalli í Ölfusi, dags. 4.8.1829 (C.I, 1).
 2(15) Strönd í Selvogi, dags. 3.8.1642 (A.II, 9).
 2(16) Strönd í Selvogi, dags. 28.8.1679 (A.II, 11 A).
 2(17) Strönd í Selvogi, dags. 19.8.1703 (A.II, 14).
 2(18) Strönd í Selvogi, dags. 5.5.1723 (A.II, 16).
 2(19) Strönd í Selvogi, dags. 8.6.1751 (A.II, 19).
 2(20) Strönd í Selvogi, dags. 25.8.1756 (A.II, 21).
 2(21) Strönd í Selvogi, dags. 4.8.1829 (C.I.).
- Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja:*
- 2(44) Kolviðarhóll. Nýbýlisbréf Guðna Þorbergssonar, dags. 14.12.1893.
 2(45) Skjöl varðandi sæluhúsrekstur á Kolviðarhóli 1894-1895. Þar á meðal miði, þar sem Jón Jónsson, sæluhúsvörður, segir upp starfinu, dags. 10.12.1894.
 2(46) Umsókn nýbýlisbeiðanda um nýbýli undir Reykjafelli, dags. 28.6.1875, ásamt uppskrift. Hluti af skjali nr. 8(74), sjá einnig skýringar í skilabréfi ÞÍ.
 2(47) Nýbýli í Sleggjubeinsdal og á Kolviðarhóli. Uppkast amtmanns að nýbýlisbréfi Jóns Hjaltalíns vegna nýbýlis í Sleggjubeinsdal, dags. 22.2.1875, og afrit af útmælingu frá 1874. Hluti af skjali nr. 8(75), sjá einnig skýringar í skilabréfi ÞÍ.
- Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands:*
- 2(40) Sala á Þorkelsgerði í Selvogi, beiðni dags. 6.4. og 5.8.1912. Lýsing á jörðinni og landamerkjum fylgir m.m.
 2(61) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta.
- Bréfasöfn og bréfabækur biskupa:*
- 2(42) Vogsósar. Mat á prestssetrinu 1839, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
 2(43) Vogsósar. Brauðamat 1855. Bréf til biskups úr Árnesprófastsdæmi 1845-1858, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 2(48) Vogsósar. Brauðamat 1867, ásamt uppskrift að hluta.
 a-b
- 3 Bréf Bjarkar Ingimundardóttur um leit Þjóðskjalasafns Íslands í Bréfabókum biskupa, dags. 19.8.2004.
- 4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 14.9.2004.
- Landamerkjabréf og önnur landamerkjaskjöl:*
- 4(97) Reykjatorfa (Reykir, Reyjakot, Reykjahjáleiga, Vellir og Kross), dags. 23.8.1884.
 4(98) Saurbær, dags. 25.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
 a-b
 4(99) Þúfa, dags. 9.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumannsembætti.
 a-b
 4(100) Kröggólfsstaðir og Vötn, dags. 4.6.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
 a-b
 4(101) Núpar, dags. 22.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
 a-b
 4(102) Eystri-Þurá, dags. í maí 1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.
 a-b

- 4(103) Þóroddsstaðir og Riftún, dags. 28.5.1889, ásamt uppskrift frá a-b sýslumanninum á Selfossi.
- 4(104) Hjallatorfan, dags. 24.5.1884, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(105) Grímslækur og Hraun, dags. 28.5.1889.
- 4(106) Breiðabólsstaður og Vindheimar, dags. 28.5.1889, ásamt uppskrift frá a-b sýslumanninum á Selfossi.
- 4(107) Litlaland, dags. 27.5.1889, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(108) Hlíðarendi, dags. 20.9.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(109) Nes og Hlíðarendi, dags. 20.9.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á a-b Selfossi.
- 4(110) Bjarnastaðir, dags. 19.11.1888.
- 4(111) Gata, dags. 12.5.1890.
- 4(112) Þorkelsgerði, dags. 13.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(113) Selvogs- og Ölfusafréttir, dags. 24.9.1889.
- 4(114) Selvogs-, Ölfuss- og Grafningsafréttir, dags. 24.9.1889, 22.5.1886 og a-b 3.10.1885, ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 4(115) Eyma, dags. 13.5.1890.
- 4(116) Strandarkirkjueign, dags. 4.9.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á a-b Selfossi.
- 4(117) Herdísarvík, dags. 20.11.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á a-b Selfossi.
- 4(174) Yxnalækur, þingl. 29.5.1889.
- 4(186) Nesjar, dags. 15.5.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(187) Nesjavellir, dags. 27.3.1886, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. a-b
- 4(188) Krókur, Ölfusvatn og Hagavík, dags. 15.8.1885, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi.

Máldagar o.fl. úr Íslenzku fornbréfasafni:

- 4(6) Breiðabólsstaður. Máldagi 1397 (Í.f. IV. B., bls. 98).
- 4(7) Breiðabólsstaður. Jarðaskipti 1501 (Í.f. VII. b., bls. 583-584).
- 4(8) Breiðabólsstaður. Kaupmáli 1542 (Í.f. XI. b., bls. 146).
- 4(9) Breiðabólsstaður. Kaupbréf 1551 (Í.f. XII. b., bls. 307).
- 4(10) Breiðabólsstaður. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 642).
- 4(11) Grímslækur. Jarðaskipti 1501 (Í.f. VII. b., bls. 583-584).
- 4(12) Grímslækur. Kaupmáli 1508 (Í.f. VIII. b., bls. 230-232).
- 4(13) Grímslækur. Tylftardómur 1510 (Í.f. VIII. b., bls. 321-323).
- 4(14) Grímslækur. Kaupmáli 1542 (Í.f. XI. b., bls. 146).
- 4(15) Grímslækur. Kaupbréf 1551 (Í.f. XII. b., bls. 307).
- 4(16) Hjalli. Rekaskrá Strandar 1275 (Í.f. II. b., bls. 123-124).
- 4(17) Hjalli. Máldagi 1397 (Í.f. IV. b., bls. 97).
- 4(18) Hjalli. Máldagi og landamerkjaskrá 1400 (Í.f. IV. b., bls. 243-244).
- 4(19) Hjalli. Afhending kirkju 1549 (Í.f. XI. b., bls. 740).
- 4(20) Hjalli. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 8).
- 4(21) Hjalli. Rekaágreiningur 1566 (Í.f. XIV. b., bls. 537-538).
- 4(22) Hjalli. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 642).
- 4(23) Hlíðarendi. Kaupmálalbréf 1535 (Í.f. IX. b., bls. 288).
- 4(24) Hlíðarendi. Kaupbréf 1551 (Í.f. XII. B., bls. 307).
- 4(25) Litlaland. Kaupmáli 1508 (Í.f. VIII. b., bls. 230).
- 4(26) Litlaland. Kaupmáli 1525 (Í.f. IX. b., bls. 288).
- 4(27) Litlaland. kaupmáli 1542 (Í.f. XI. b., bls. 146).

- 4(28) Núpar. Máldagi 1397 (Í.f. IV. b., bls. 95-96).
- 4(29) Núpar. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 643).
- 4(30) Reykir. Máldagi Reyjakirkju 1397 (Í.f. IV. b., bls. 96-97).
- 4(31) Reykir. Byggingarbréf 1540 (Í.f. X. b., bls. 575-576).
- 4(32) Reykir. Bann gegn óheimilum notum 1540 (Í.f. X. b., bls. 579).
- 4(33) Reykir. Reikningsskil 1541 (Í.f. X. b., bls. 599-600).
- 4(34) Reykir. Lögfesta 1541 (ekkert um landamerki) (Í.f. X. b., bls. 686).
- 4(35) Reykir. Kirknaskrá 1200 (Í. f. XII. b., bls. 8).
- 4(36) Reykir. Máldagi 1553-1554 (Í.f. XII. b., bls. 662).
- 4(37) Reykir. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 643-644).
- 4(38) Saurbær. Máldagi Reykja 1397 (Í.f. IV. b., bls. 96-97).
- 4(39) Saurbær. Máldagi Reykja 1553-1554 (Í.f. XII. b., bls. 662).
- 4(40) Vellir. Máldagi Reykja 1397 (Í.f. IV. b., bls. 96).
- 4(41) Vellir. Máldagi Reykja 1570 (Í.f. XV. b., bls. 643-644).
- 4(42) Bjarnastaðir. Máldagi Ness 1313 (Í.f. II. B., bls. 377-378).
- 4(43) Bjarnastaðir. Máldagi Ness 1397 (Í.f. IV. B., bls. 99).
- 4(44) Bjarnastaðir. Jarðaskiptabréf 1501 (Í.f. VII. b., bls. 583-584).
- 4(45) Bjarnastaðir. Kaupmálabréf 1508 (Í.f. VIII. b., bls. 230).
- 4(46) Bjarnastaðir. Tylftardómur 1510 (Í. f. VIII. b., bls. 321-322).
- 4(47) Eima. Jarðaskiptabréf 1501 (Í.f. VII. b., bls. 583-584).
- 4(48) Eima. Tylftardómur 1510 (Í.f. VIII. B., bls. 321-323).
- 4(49) Eima. Tylftardómur 1561 (Í.f. XIII. b., bls. 621-623).
- 4(50) Gata. Tylftardómur 1510 (Í.f. VIII. b., bls. 321-323).
- 4(51) Gata. Skiptabréf 1570 (Í.f. XV. b., bls. 407-408).
- 4(52) Herdísarvík. Rekaskrá Strandar 1275 (Í.f. II. b., bls. 123-124).
- 4(53) Herdísarvík. Máldagi Krísuvíkur 1307 (Í.f. II. b., bls. 361).
- 4(54) Herdísarvík. Máldagi Krísuvíkur 1275 (Í.f. III. b., bls. 3).
- 4(55) Herdísarvík. Máldagi Kirkjuvogs 1367 (Í.f. III. b., bls. 321-322).
- 4(56) Herdísarvík. Dómur um skipti á skógi og reka 1448 (Í.f. IV. b., bls. 731).
- 4(57) Herdísarvík. Máldagi Krísuvíkur 1477 (Í.f. VI. b., bls. 124).
- 4(58) Herdísarvík. Máldagi Krísuvíkur 1553-1554 (Í.f. XII. b., bls. 662).
- 4(59) Herdísarvík. Niðurlagning Krísuvíkurkirkju 1563 (Í.f. XIV. b, bls. 158).
- 4(60) Herdísarvík. Bygging Skálholtsjarða 1563 (Í.f. XIV. b., bls. 201-202).
- 4(61) Herdísarvík. Máldagi Krísuvíkur 1570 (Í.f. XV. b., bls. 641).
- 4(62) Hlíð. Jarðaskiptabréf 1501 (Í.f. VII. b., bls. 583).
- 4(63) Hlíð. Tylftardómur 1510 (Í.f. VIII. b., bls. 321-323).
- 4(64) Nes. Máldagi 1313 (Í.f. II. b., bls. 377-378).
- 4(65) Nes. Máldagi 1397 (Í.f. IV. b., bls. 99).
- 4(66) Nes. Getið í máldaga Hjalla 1400 (Í.f. IV. b., bls. 243-244).
- 4(67) Nes. Máldagi 1491-1518 (Í.f. VII. b., bls. 48).
- 4(68) Nes. Kaupmáli 1525 (Í.f. IX. b., bls. 288).
- 4(69) Nes. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 642).
- 4(70) Strönd. Kirknaskrá 1200 (Í.f. XII. b., bls. 9).
- 4(71) Strönd. Rekaskrá 1275 (Í.f. II. b., bls. 123-125).
- 4(72) Strönd. Máldagi Krísuvíkur 1307 (Í.f. II. B., bls. 360).
- 4(73) Strönd. Vitnisburður um máldaga og eignir Strandarkirkju 1367 (Í.f. III. b., bls. 212).
- 4(74) Strönd. Máldagi 1397 (Í.f. IV. b., bls. 100-101).
- 4(75) Strönd. Kaupmáli 1512 (Í.f. VIII. b., bls. 230-231).
- 4(76) Strönd. Máldagi 1570 (Í.f. XV. b., bls. 641-642).
- 4(77) Vogsósar=Vogur. Rekaskrá Strandar 1275 (Í.f. II. b., bls. 125-126).
- 4(78) Vogsósar=Vogur. Máldagi Krísuvíkur 1307 (Í.f. II. b., bls. 361).
- 4(79) Vogsósar=Vogur. Máldagi Krísuvíkur 1275 (Í.f. III. b., bls. 3).
- 4(80) Vogsósar=Vogur. Vitnisburður um Strandarkirkju 212 (Í.f. III. b., bls. 212).
- 4(81) Vogsósar=Vogur. Máldagi Krísuvíkur 1553-1554 (Í. f. XII. b., bls. 663).

- 4(82) Vogsósar=Vogur. Máldagi Krísvíkur 1570 (Í. f. XV. b., bls. 641).
 4(83) Þorkelsgerði. Virðingarbréf 1521 (Í.f. VIII. b., bls. 794-798 og 805).
 4(84) Þorkelsgerði. Virðingarbréf 1521 (Í.f. X. b., bls. 61).
 4(195) Árbær, Þórisstaðir og Fossnes og rekinn á skeiði. Jarðabréf. 1546 (Í.f. XI. b., bls. 472).
 4(196) Þórisstaðir. Bréf Gizurar biskups til Erlends lögmanns Þorvarðarsonar. 1547 (Í.f. XI. b., bls. 580-581).

Fasteigna- og jarðamöt:

- 4(1) Jarðatal 1847. Bls. 74-77.
 4(2) Ný jarðabók 1861. Bls. 32-33.
 4(3) Fasteignabók 1921. Bls. 255-258.
 4(4) Fasteignabók 1932. Bls. 18-19.
 4(5) Fasteignabók 1942. Bls. 76-77.
 4(182) Jarðatal 1847. Bls. 421-422.
 4(183) Ný jarðabók 1861. Bls. 33.

Fjallskilareglugerðir:

- 4(85) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár og fyrir hreppana í Árnassýslu milli Þjórsár og Hvítár, um notkun afrétta, upprekstur til fjalls, fjallskil, réttir og úrgang úr réttum, um refaveiðar o.fl. frá 1881, ásamt athugasemd við reglugerðina sem birt var í Stjórnartíðindum, bls. 3-13. Reglugerð þessi var samþykkt 1881 af sýslunefnd en ekki staðfest af amtmanni. Reglugerðin var ekki birt í Stjórnartíðindum.
 4(86) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár og fyrir hreppana í Árnassýslu milli Þjórsár og Hvítár, um notkun afrétta, upprekstur til fjalls, fjallskil, réttir og úrgang úr réttum, um refaveiðar o.fl. Bls. 16-26. Í sýslunefnd Árnassýslu, dags. 15.4.1886. Undirritað af amtmanni suðuramtsins þann 8.7.1886. Reglugerðin var ekki birt í Stjórnartíðindum.
 4(87) Reglugjörð fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, nr. 74/1895. Stjórnartíðindi 1895, B-deild, bls. 85-93.
 4(88) Reglugerð um breytingar á reglugjörð nr. 74/1895 fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, nr. 66/1901. Stjórnartíðindi 1901, B-deild, bls. 102.
 4(89) Reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, meðferð óskilafjenaðar, grenjaleitir og refaveiðar fyrir hreppana í Árnassýslu vestan Hvítár og Ölfusár, nr. 72/1909. Stjórnartíðindi 1909, B-deild, bls. 147-156.
 4(90) Reglugerð um breyting á reglugjörð fyrir Árnassýslu um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o.fl., vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1910, nr. 105/1910. Stjórnartíðindi 1910, B-deild, bls. 215.
 4(91) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Árnassýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o.fl. vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1909, nr. 62/1919. Stjórnartíðindi 1919, B-deild, bls. 113.
 4(92) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Árnassýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o.fl. vestan Hvítár og Ölfusár, dags. 6.8.1909 og annarri breytingu á reglugjörð frá 1919, nr. 49/1920. Stjórnartíðindi 1920, B-deild, bls. 100-101.
 4(93) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnassýslu, nr. 83/1941. Stjórnartíðindi 1941, B-deild, bls. 127-135.
 4(94) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnassýslu, nr. 14/1955. Stjórnartíðindi 1955, B-deild, bls. 14-22.
 4(95) Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnassýslu, nr. 163/1979. Stjórnartíðindi 1979, B-deild, bls. 268-276.
 4(96) Fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar, nr. 401/1996. Stjórnartíðindi 1996, B-deild, bls. 1074-1080.

Afsals- og veðmálabækur:

- 4(118) Kolviðarhóll. Útmæling, dags. 13.10.1893. Amtsbréf, dags. 14.12.1893, a-b ásamt uppskrift frá sýslumanni.
- 4(119) Lóðarsamningur um skíðaskálann Hreysi í Innstadal, dags. 30.12.1997.
- 4(120) Lóðarsamningar um Litlu kaffistofuna í Svínahrauni, dags. 15.1.1963, 14.11.1972 og 1.12.1982.
- 4(121) Húsaleigusamningur um Skíðaskálann í Hveradöllum, dags. 9.2.1995.
- 4(122) Þinglýsingarvottorð fyrir Hreysi, skíðaskáli í mynni Innstadals, ódags.
- 4(123) Þinglýsingarvottorð fyrir lóð í Svínahrauni, „Litla-Kaffistofan“, dags. 14.4.2002.
- 4(124) Þinglýsingarvottorð fyrir skíðaskálann í Hveradöllum, dags. 26.5.2003.
- 4(125) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjalla, ódags.
- 4(132) Umsókn landlæknis um stofnun nýbýlis í Sleggjubeinsdal inn af Bolavöllum, dags. 22.2.1875, ásamt skýringarkorti Björns Pálssonar héraðsskjalavardar Héraðsskjalasafns Árnesinga.
- 4(136) Herdísarvík, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(137) Stakkavík, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(138) Hlíð, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(139) Breiðabólstaður, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(140) Vindheimar, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(141) Bakki, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(142) Bjarnastaðir, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(143) Gerðakot, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(144) Þorgrímsstaðir, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(145) Krókur, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(146) Hjalli, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(147) Lækur, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(148) Kolviðarhóll, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(149) Núpar, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(150) Þúfa, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(151) Vötn, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(152) Kröggólfsstaðir, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(153) Saurbær, síða úr Veðmálaregistri Árnessýslu.
- 4(154) Herdísarvík, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(155) Stakkavík, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(156) Hlíð, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá fasteigna, a-b dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(157) Breiðabólstaður, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(158) Bakki II, spjald úr Afsals- og veðmálabók, ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(159) Bjarnastaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(160) Gerðakot, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(161) Hjalli, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá fasteigna, a-b dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(162) Ytri-Þurá, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(163) Eystri-Þurá I, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-b fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(164) Eystri-Þurá II, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá a-c fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.

- 4(165) Spilda úr Eystri-Þurá, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr a-b landskrá fasteigna, dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(166) Núpar I, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(167) Núpar II, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(168) Núpar III, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(169) Þúfa, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá fasteigna, a-b dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(170) Vötn, spjald úr Afsals- og veðmálabók ásamt útprenti úr landskrá fasteigna, a-b dagbókarvettvangur, dags. 3.2.2005.
- 4(171) Kröggólfsstaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(172) Stóri-Saurbær, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(173) Stóri-Saurbær, hl. jarðarinnar í óskiptu landi ofan fjalls, spjald úr Afsals- og veðmálabók.
- 4(175) Bjarnastaðir, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- 4(176) Litli-Saurbær, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- 4(177) Lækur, síður úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps (3 síður).
- 4(178) Núpar I, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- 4(179) Núpar II, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- 4(180) Núpar III, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- 4(181) Þóroddsstaðir II, síða úr Afsals- og veðmálabók Ölfushrepps.
- Landnámabók:*
- 4(128) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 42-47, 388-395.
- 4(185) Landnámabók (Íslensk fornrit I), Reykjavík 1986, bls. 367.
- Fornleifaskráning (yfirlit):*
- 4(133) Fornleifaskráning á afrétti Ölfushrepps, Reykjavík 1998 (Orri Vésteinnsson), bls 8-45.
- 4(134) Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi, Reykjavík 1999 (Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinnsson), bls. 74-94, 101-105, 126-128, 134-136, 142-149 og 152-168.
- Önnur óprentuð frumgögn:*
- 4(126) Skjalaskrá um afrétt Ölfusinga, gerð af Birni Pálssyni fyrir sveitarfélagið Ölfus í árslok 2001.
- 4(127) Kort sem sýnir sveitarfélagsmörk Hveragerðis, landamerki innan þess og eignarland merkt sérstaklega. Gert af Verkfræðistofu Suðurlands (mælikvarði 1: 12.500), dags. 16.1.2004.
- 4(129) Greinargerð vegna landamerkja Herðisarvíkur og Krísuvíkur, 25.6.1979.
- 4(130) Sátt um landamerki Krísuvíkur og Herðisarvíkur, dags. 23.4.1980.
- 4(131) Bréf oddvita Selvogshrepps um landamörk afréttar Selvogshrepps, dags. 19.4.1979.
- 4(189) Bréf hreppstjóra Þingvallahrepps til sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 16.3.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(190) Bréf hreppstjóra Ölfushrepps til sýslumannsins í Árnassýslu, dags. a-b 28.2.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti, ásamt svarbréfi Héraðsskjalasafns Árnesinga til óbyggðanefndar varðandi svör hreppstjóra í Gullbringu- og Kjósarsýslu til sýslumannsins, dags. 30.8.2005.
- 4(191) Bréf hreppstjóra Grafningshrepps til sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 8.4.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(192) Bréf hreppstjóra Selvogshrepps til sýslumannsins í Árnassýslu, dags. 8.4.1920, varðandi fyrirspurn um almenninga eða afrétti.
- 4(193) Sjá skjal nr. 20.
- 4(194) Sjá skjal nr. 20(1).

Lagt fram af Hjörleifi B. Kvaran hrl, fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, vegna Stóra-Saurbæjar, Litla-Saurbæjar, Kröggólfsstaða, Núpa I, II og III, Ytri-Þurár, Eystri-Þurár, Þóroddsstaða I, Þóroddsstaða II, Hjallatorfunnar, Bakka I, Bakka II, Lækjar, Króks, Þorgrímsstaða, Hjalla, Gerðakots og Kolviðarhóls:

- 5 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 5(1) Skjalaskrá með kröfulýsingu.
- 5(2) Kort sem sýnir kröfulínur Orkuveitu Reykjavíkur í Ölfushreppi. Gert af Maríu Thors (mælikvarði 1:50.000).
- 5(3) Kort sem sýnir landamerki og eignarhald á landi. Gert af Landmótun (mælikvarði 1:125.000).
- 5(4) Skiptayfirlýsing vegna Stóra-Saurbæjar, dags. 24.2.1971.
- 5(5) Afsal eigenda Stóra-Saurbæjar til Vegagerðar ríkisins á landræmu úr jörðinni Stóra-Saurbæjar, dags. 3.7.1972.
- 5(6) Yfirlýsing hreppstjóra Ölfushrepps, dags. 12.8.1980.
- 5(7) Skiptayfirlýsing vegna Stóra-Saurbæjar, dags. 5.1.1992.
- 5(8) Skiptayfirlýsing vegna Stóra-Saurbæjar, dags. 15.4.1994.
- 5(9) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Stóra-Saurbæjar ásamt uppdrætti, dags. 8.1.1999.
- 5(10) Landskiptagerð úttektarmanna vegna beitolands jarðanna Litla- Saurbæjar I og Stóra- Saurbæjar, dags. 8.1.1999. Sjá skjal nr. 5(9).
- 5(11) Afsal til Orkuveitu Reykjavíkur á Stóra-Saurbæ, dags. 21.4.1999.
- 5(12) Fasteignamatsvottorð fyrir Stóra-Saurbæ, dags. 26.5.2004.
- 5(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Litla- og Stóra-Saurbæ, dags. 1.6.2004, sjá skjal nr. 5(21).
- 5(14) Afsal Jóns Helgasonar til Vegagerðar ríkisins á Litla-Saurbæ, dags. 18.7.1972, auk uppdráttar.
- 5(15) Athugasemdir Þorsteins Júlíussonar hrl. til sýslumanns, dags. 19.1.1989.
- 5(16) Yfirlýsing Aðalsteins Karlssonar og Steinunnar Tómasdóttur, dags. 10.7.1989.
- 5(17) Kaupsamningur, Guðmundur Birgisson og Steinunn Tómasdóttir selja Orkuveitu Reykjavíkur hluta jarðarinnar Litla-Saurbæjar I, dags. 8.1.1999. Sjá skjal nr. 5(9).
- 5(18) Uppdráttur af jörðinni Króki (Hjallakrókur). Gert af Vali Þorvaldssyni, dags. 2.5.1983 (mælikvarði 1:2.500).
- 5(19) Afsal Guðmundar Birgissonar og Steinunnar Tómasdóttur til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Litla-Saurbæjar, dags. 21.4.1999.
- 5(20) Fasteignamatsvottorð fyrir Litla- og Stóra-Saurbæ, dags. 26.5.2004.
- 5(21) Þinglýsingarvottorð fyrir Litla- og Stóra-Saurbæ, dags. 1.6.2004, sjá skjal nr. 5(13).
- 5(22) Landskipti úttektarmanna á beitolandi Vatna úr sameiginlegu beitolandi Kröggólfsstaða og Þúfu ásamt $\frac{1}{2}$ af beitolandi Kröggólfsstaða, dags. 29.12.1942.
- 5(23) Afsal Sigurðar Ragnarssonar til Jarðeignasjóðs ríkisins á Þúfu, dags. 23.11.1973.
- 5(24) Byggingarbréf, dags. 6.12.1973.
- 5(25) Landskipti úttektarmanna milli jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 2.6.1982.
- 5(26) Leigusamningur, dags. 22.10.1985.
- 5(27) Byggingarbréf, dags. 11.11.1994.
- 5(28) Skiptayfirlýsing, dags. 12.7.1997.
- 5(29) Kauptilboð Hitaveitu Reykjavíkur til eigenda jarðarinnar Vatna, dags. 21.8.1998.
- 5(30) Landskipti vegna jarðarinnar Vatna, dags. 9.11.1998.
- 5(31) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á 29,56% af jörðinni Vötn, dags. 8.1.1999. Sjá skjal nr. 5(9).

- 5(32) Kaupsamningur Orkuveitur Reykjavíkur á 70,44% af óskiptu landi Vötnum, Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 3.2.1999.
- 5(33) Landskiptagerð á 70,44% af óskiptri sameign Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 5.2.1999. Sjá skjal nr. 5(9).
- 5(34) Afsal Aldísar Eyjólfsdóttur og Jónu Guðnýjar Eyjólfsdóttur til Orkuveitu Reykjavíkur á 29,56% af óskiptu landi jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 21.4.1999.
- 5(35) Afsal landbúnaðarráðherra til Orkuveitur Reykjavíkur á 70,44% af óskiptu landi jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 22.8.2000.
- 5(36) Fasteignamatsvottorð fyrir Kröggólfsstaði, dags. 26.5.2004.
- 5(37) Fasteignamatsvottorð fyrir Vötn, dags. 26.5.2004.
- 5(38) Fasteignamatsvottorð fyrir Þúfu, dags. 26.5.2004.
- 5(39) Fasteignamatsvottorð fyrir, Vötn, Þúfu og Kröggólfsstaði, dags. 26.5.2004.
- 5(40) Þinglýsingarvottorð fyrir Vötn, Þúfu og Kröggólfsstaði, dags. 1.6.2004.
- 5(41) Dómsátt um landamerki milli jarðanna Eystri-Þurár I og II og Ytri-Þurár annars vegar og Núpa hins vegar, dags. 13.7.1970.
- 5(42) Landskiptagerð fyrir jarðirnar Núpar I, II og III, ásamt uppdrætti, dags. 8.2.1983.
- 5(43) Viðauki við landskiptagerð frá 8.2.1983, dags. 22.12.1984.
- 5(44) Samningur, dags. 31.12.1983 (viðauki við viðauka á landskiptagerð frá 8.2.1983, dags. 22.12.1983).
- 5(45) Samkomulag um eignarhald á jörðinni Núpum I-III, dags. 19.3.1997.
- 5(46) Viðauki við landskipti jarðanna Núpa I, Núpa II og Núpa III, dags. 2.5.1997.
- 5(47) Afsal Jóhönnu Magnúsdóttur til Gunnlaugs Jóhannssonar á Núpum II, dags. 20.5.1967.
- 5(48) Afsal Jóhönnu Magnúsdóttur til Siggeirs Jóhannssonar á Núpum I, dags. 28.12.1971.
- 5(49) Afsal Helga Jóhannssonar til Guðmundar A. Birgissonar og Páls Melsted á Núpum III, dags. 8.4.1984.
- 5(50) Afsal Páls Melsted til Guðmundar Birgissonar á 50% eignarhluta Núpa III, dags. 18.5.1991.
- 5(51) Leigusamningur, dags. 7.11.1970.
- 5(52) Kaupsamningur á hluta jarðanna Núpa I, II og III, ásamt uppdrætti, sjá skjal nr. 5(10), dags. 8.1.1999.
- 5(53) Afsal Guðmundar A. Birgissonar o.fl. til Orkuveitu Reykjavíkur á öllu óskiptu landi jarðanna Núpa I, II, III ofan fjalls, dags. 21.4.1999.
- 5(54) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpa I og II, dags. 26.5.2004.
- 5(55) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpa III, dags. 26.5.2004.
- 5(56) Fasteignamatsvottorð fyrir Núpa I, II og III óskipt, dags. 26.5.2004.
- 5(57) Þinglýsingarvottorð fyrir Núpa I, allt óskipt land ofan fjalls o.fl., dags. 1.6.2004.
- 5(58) Þinglýsingarvottorð fyrir Núpa II, allt óskipt land ofan fjalls o.fl., dags. 1.6.2004.
- 5(59) Þinglýsingarvottorð fyrir Núpa III, allt óskipt land ofan fjalls o.fl., dags. 1.6.2004.
- 5(60) Landskipti úttektarmanna í Ölfushreppi milli Eystri-Þurár I og Eystri-Þurár II, dags. 9.9.1950.
- 5(61) Landskipti úttektarmanna á Eystri-Þurá I, dags. 3.11.1966.
- 5(62) Afstöðuuppdráttur af landi Bakka I, dags. 18.12.1998 (mælikvarði 1:5000).
- 5(63) Landskiptasamningur fyrir Eystri-Þurá I, dags. 23.12.1988.
- 5(64) Yfirlýsing um að Gunnar Eyjólfsson teldist sem eigandi að Ytri-Þurá en Ari Eggertsson að Eystri-Þurá I, dags. 1.11.1994.
- 5(65) Skiptayfirlýsing á jörðinni Eystri-Þurá, dags. 10.5.1995.
- 5(66) Yfirlýsing um nöfn jarðanna Eystri-Þurár I og II, dags. 20.2.1996.
- 5(67) Leigusamningur, dags. 19.11.1996.

- 5(68) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Ytri-Þurár, ásamt uppdrætti, sjá skjal nr. 5(10), dags. 8.1.1999.
- 5(69) Landskiptagerð vegna jarðanna Ytri-Þurár og Eystri-Þurár I ásamt uppdrætti, sjá skjal nr. 5(10), dags. 8.1.1999.
- 5(70) Afsal Þorgerðar K. Gunnarsdóttur og Karitasar H. Gunnarsdóttur til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Ytri-Þurár, dags. 21.4.1999.
- 5(71) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Þurá, dags. 26.5.2004.
- 5(74) Tilkyning Eignarhaldsfélagsins Árdags ehf. til Hitaveitu Þorlákshafnar um nýtingu á heitu vatni að Bakka, dags. 20.7.2000.
- 5(75) Bréf Hitaveitu Þorlákshafnar til Eignarhaldsfélagsins Árdags ehf. varðandi nýtingu á heitu vatni að Bakka, dags. 9.8.2000.
- 5(76) Afsal Helgu Aradóttur til Ara Eggertssonar á Eystri-Þurá I, dags. 8.5.1994.
- 5(77) Afsal Ara Eggertssonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Eystri-Þurár I, dags. 21.4.1999.
- 5(78) Fasteignamatsvottorð fyrir Eystri-Þurá I, dags. 26.5.2004.
- 5(79) Fasteignamatsvottorð fyrir Eystri-Þurá I (spilda), dags. 26.5.2004.
- 5(80) Þinglýsingarvottorð fyrir Eystri-Þurá II, dags. 1.6.2004.
- 5(81) Skiptayfirlýsing á Þóroddsstöðum, dags. 4.8.1992.
- 5(82) Yfirlýsing Arnheiðar og Guðrúnar Jónsdætra um afnotarétt Guðrúnar Daníelsdóttur, Þorsteins Jónssonar og Tómasar Jónssonar af jörðinni Þóroddsstöðum, dags. 2.9.1992.
- 5(83) Afsal Margrétar Jónsdóttur o.fl. til Þorsteins Jónssonar, dags. 27.11.1994.
- 5(84) Afsal Margrétar Jónsdóttur til Tómasar og Þorsteins Jónssona á 20% eignarhluta í Þóroddsstöðum, dags. 14.12.1998.
- 5(85) Yfirlýsing Þorsteins og Tómasar Jónssona varðandi hlut Margrétar Jónsdóttur, dags. 11.5.1999.
- 5(86) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Þóroddsstaða I, ásamt uppdrætti, dags. 18.12.2000.
- 5(87) Landskiptagerð vegna jarðanna Þóroddsstaða I og II, dags. 21.12.2000.
- 5(88) Afsal Arnheiðar Jónsdóttur o.fl. til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Þóroddsstaða I, dags. 28.6.2001.
- 5(89) Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstaði I, dags. 26.5.2004.
- 5(90) Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstaði I óskipt, dags. 26.5.2004.
- 5(91) Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstaði I og II, dags. 26.5.2004.
- 5(92) Þinglýsingarvottorð fyrir Þóroddsstaði I og II, allt óskipt land ofan fjalls, dags. 1.6.2004.
- 5(93) Afsal Jóns Þorsteinssonar til Þorsteins Magnúsar og Tómasar Jónssona á Þóroddsstöðum II, dags. 8.3.1949.
- 5(94) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Þóroddsstaða II, dags. 18.12.2000.
- 5(95) Afsal Tómasar og Þorsteins Jónssona til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Þóroddsstaða II, ásamt uppdrætti, sjá skjal nr. 5(10), dags. 28.6.2001.
- 5(96) Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstaði II, dags. 26.5.2004.
- 5(97) Þinglýsingarvottorð fyrir Þóroddsstaði I og II, allt óskipt land ofan fjalls, dags. 1.6.2004.
- 5(98) Skipti á landi Hjalla, Lækjar, Bjarnastaða, Gerðakots, Króks og Þorgrímsstaða, dags. 16.6.1943.
- 5(99) Skipti á landi Hjalla, Lækjar, Bjarnastaða, Gerðakots, Króks, Þorgrímsstaða og Bakka, dags. 25.6.1945.
- 5(100) Framhald af skiptum á Hjallatorfunni, dags. 14.6.1946.
- 5(101) Krafa um endurskipti engjalanda Hjallatorfunnar vísað frá, dags. 5.6.1948.
- 5(102) Endurrit úr gerðabók sýslumannsins á Selfossi varðandi sættir á landamerkjum nokkurra jarða í Ölfusi, dags. 25.7.1994.
- 5(103) Yfirlandsskipti á sameignarlandi Hjallatorfu í Ölfushreppi dags. 16.10.1996.

-
- 5(104) Landskiptagerð vegna jarðanna Bakka I og II, Gerðakots, Hjalla, Lækjar, Bjarnastaða og Þorgrímsstaða, dags. 21.12.2000.
- 5(105) Leigusamningur eigenda Hjallatorfunar við Knattspyrnufélag Reykjavíkur, dags. 1.10.1944.
- 5(106) Leigusamningur eigenda Hjallatorfunar við Skíða- og skautafélag Hafnarfjarðar, dags. 22.9.1947.
- 5(107) Afsal eigenda Hjallatorfunnar til Kristjáns Teitssonar á 4 ha, dags. 11.11.1951.
- 5(108) Leigusamningur eigenda Hjallatorfunar við Skíðafélag Reykjavíkur, dags. 29.11.1970.
- 5(109) Leigusamningur eigenda Hjallatorfunnar við Ýtutækni hf. á réttindum til efnistöku, dags. í júlí 1978.
- 5(110) Jarðeigendur í Ölfushreppi leyfa borun eftir heitu vatni, dags. í október 1975.
- 5(111) Samningur um lagningu stofnæðar frá Bakka I til Þorlákshafar, dags. 15.11.1979.
- 5(112) Framlenging leigusamnings eigenda Hjallatorfunar við Árvélar sf., ásamt uppdrætti, dags. 5.7.1999.
- 5(113) Samningur eigenda Hjallatorfunar við UMF Þór og Íþróttarfélagið Þór um Álfaborgir, dags. 11.3.1999.
- 5(114) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjallatorfuna ofan fjalls, dags. 25.6.2004.
- 5(115) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjallatorfuna ofan fjalls, dags. 23.6.2004.
- 5(116) Afsal Snorra Thorvaldssonar til Engilberts Hannessonar á Bakka I, dags. 24.6.1974.
- 5(117) Kaupsamningur og afsal. Eignarhaldsfélagið Árdagur afsalar til Hitaveitu Þorlákshafnar hluta úr jörðinni Bakka I, dags. 30.12.1998.
- 5(118) Kvöð eignarhaldsfélagsins Árdags og væntanlegs rekstrarfélags Árdags að heitavatsborholu og 5 ha spildu ásamt fiskeldishúsum á jörðinni Bakka I, dags. 30.12.1998.
- 5(119) Afsal Valborgar Eby Þorvaldsdóttur og Erlu Steingrímisdóttur til Guðjóns Ármanns Jónssonar og Eignarhaldsfélagsins Jöfurs, dags. 5.1.1999.
- 5(120) Afsal Guðjóns Ármanns Jónssonar og Eignarhaldsfélagsins Jöfurs til Eignarhaldsfélagsins Árdags á Bakka I, dags. 5.1.1999.
- 5(121) Kaupsamningur Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Bakka I, dags. 31.8.2000.
- 5(122) Afsal Valborgar Eby Þorvaldsdóttur og Erlu Steingrímisdóttur til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Bakka I, dags. 3.7.2000.
- 5(123) Fasteignamatsvottorð fyrir Bakka I, dags. 26.5.2004.
- 5(124) Fasteignamatsvottorð fyrir Bakka land, dags. 26.5.2004.
- 5(125) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakka I leigulóð, dags. 1.6.2004.
- 5(126) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakka I lóð, dags. 1.6.2004.
- 5(127) Þinglýsingarvottorð fyrir lóð úr landi Bakka I, með afnot af heitu og köldu vatni, dags. 1.6.2004.
- 5(128) Afsal Hannesar Guðmundssonar til Engilberts Hannessonar á hálfri jörðinni Bakka II, dags. 4.7.1945.
- 5(129) Samningur milli Engilberts Hannessonar, eiganda Bakka II, og Ölfushrepps um heimild til að bora eftir heitu og köldu vatni, dags. 8.1.1977.
- 5(130) Samkomulag vegna Gerðakots um breytingu á mörkum, dags. 30.10.1989.
- 5(131) Yfirlýsing Íþróttafélagsins Hamars og UMF Þórs, dags. 13.3.1998.
- 5(132) Yfirlýsing um umferðarrétt, dags. 24.11.1998.
- 5(133) Makaskiptasamningur milli Engilberts Hannessonar og Vésteins Rúna Eiríkssonar, dags. 5.7.1999.
- 5(134) Kaupsamningur Engilberts Hannessonar og Orkuveitu Reykjavíkur um hluta jarðarinnar Bakka II, dags. 21.12.2000.
- 5(135) Afsal Engilberts Hannessonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Bakka II, dags. 18.6.2001.

- 5(136) Fasteignamatsvottorð fyrir Bakka II, dags. 26.5.2004.
- 5(137) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakka II, dags. 24.6.2004.
- 5(138) Afsal Sigurðar Siggeirssonar til Jóns Hjartarsonar á Læk, dags. 25.4.1961.
- 5(139) Kaupsamningur milli Jóns E. Hjartarsonar og Framkvæmdasjóðs Íslands um landspildu úr landi Lækjar í Ölfusi, dags. 4.6.1991.
- 5(140) Afsal Framkvæmdasjóðs til Gylfa Sveinssonar á hluta úr jörðinni Læk, dags. 6.12.1996.
- 5(141) Afsal Gylfa Sveinssonar til Sigurhönnu Gunnarsdóttur á landspildu C, dags. 13.6.1996.
- 5(142) Kaupsamningur milli Gylfa Sveinssonar og Orkuveitu Reykjavíkur um hluta jarðarinnar Lækjar, dags. 18.12.2000.
- 5(143) Kaupsamningur milli Jóns Hjartarsonar og Orkuveitu Reykjavíkur um hluta jarðarinnar Lækjar, dags. 18.12.2000.
- 5(144) Afsal Jóns Hjartarsonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Lækjar, dags. 18.7.2001.
- 5(145) Afsal Gylfa Sveinssonar og Sigurhönnu Gunnarsdóttur til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Lækjar, dags. 18.7.2001.
- 5(146) Fasteignamatsvottorð fyrir Læk, dags. 25.6.2004.
- 5(147) Þinglýsingarvottorð fyrir Læk, dags. 24.6.2004.
- 5(148) Kaupsamningur Hannesar Svavarssonar og Ölfushrepps um spildu úr landi Hjallakróks, dags. 24.5.1983.
- 5(149) Afsal Hannesar Svavarssonar til Jóns H. Jónssonar á Hjallakrök, dags. 14.6.1984.
- 5(150) Afsal Jóns H. Jónssonar til Jóns Ögmundssonar á Krök, dags. 16.4.1991.
- 5(151) Afsal Hannesar Svavarssonar til Ölfushrepps á spildu úr Hjallakrök, dags. 10.10.1996.
- 5(152) Kaupsamningur milli Jóns Ögmundssonar og Orkuveitu Reykjavíkur um hluta jarðarinnar Króks (Hjallakróks), dags. 18.12.2000.
- 5(153) Afsal Jóns Ögmundssonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta jarðarinnar Króks (Hjallakróks), dags. 26.6.2001.
- 5(154) Fasteignamatsvottorð fyrir Krök, dags. 26.5.2004.
- 5(155) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjallakrök, dags. 26.5.2004.
- 5(156) Þinglýsingarvottorð fyrir Krök, að undant. spildum og jarðhitarétt., dags. 1.6.2004.
- 5(157) Afsal Ólafs Einarssonar til Gunnars Konráðssonar á $\frac{1}{16}$ úr Þorgrímsstöðum, dags. 3.10.1960.
- 5(158) Afsal Þórðar Símonarsonar til Hjalta Þórðarsonar á Bjarnastöðum ásamt $\frac{1}{4}$ hluta Þorgrímsstaða, dags. 29.12.1965.
- 5(159) Afsal Konráðs Einarssonar til Gunnars Konráðssonar á $\frac{7}{8}$ hlut Efri-Grímslækjar ásamt $\frac{3}{16}$ hlutum Þorgrímsstaða, dags. 24.6.1967.
- 5(160) Afsal Sólveigar Sigurðardóttur til Sigurðar Hermannssonar á $\frac{1}{6}$ hluta Þorgrímsstaða, dags. 16.9.1978.
- 5(161) Kaupsamningur og afsal Önnu Jónsdóttur til Gunnars Konráðssonar á $\frac{1}{3}$ hluta Þorgrímsstaða, dags. 30.12.1998.
- 5(162) Samningur um fjölnytjaskógrækt, dags. 26.3.1999.
- 5(163) Kaupsamningur, Gunnar Konráðsson selur Orkuveitu Reykjavíkur hluta Þorgrímsstaða, dags. 10.10.2000.
- 5(164) Kaupsamningur, Sigurður Hermannsson selur Orkuveitu Reykjavíkur hluta Þorgrímsstaða, dags. 10.10.2000.
- 5(165) Afsal Gunnars Konráðssonar til Orkuveitu Reykjavíkur hluta á Þorgrímsstaða, ásamt uppdrætti, dags. 13.6.2001.
- 5(166) Afsal Sigurðar Hermannssonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Þorgrímsstaða, dags. 11.6.2001.
- 5(167) Fasteignamatsvottorð fyrir Þorgrímsstaði, dags. 26.5.2004.
- 5(168) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorgrímsstaði að undanskilinni spildu,

- dags.1.6.2004.
- 5(169) Kaupsamningur, Finnbogi Vikar selur Orkuveitu Reykjavíkur hluta Hjalla, dags. 28.8.2000.
- 5(170) Afsal Finnboga Vikars til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Hjalla, dags. 13.6.2001.
- 5(171) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjalla, dags. 26.5.2004.
- 5(172) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjalla, dags. 24.6.2004.
- 5(173) Afsal Sólveigar Sigurðardóttur til Sigurðar Hermannssonar á Gerðakoti, dags. 16.9.1978.
- 5(174) Kaupsamningur, Sigurður Hermannsson selur hluta Gerðakots Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28.8.2000.
- 5(175) Afsal Sigurðar Hermannssonar til Orkuveitu Reykjavíkur á hluta Gerðakots, dags. 11.6.2001.
- 5(176) Fasteignamatsvottorð fyrir Gerðakot, dags. 26.5.2004.
- 5(177) Þinglýsingarvottorð fyrir Gerðakot, dags. 24.6.2004.
- 5(178) Afsal Valgerðar Þórðardóttur til Íþróttafélags Reykjavíkur á Kolviðarhóli, dags. 10.4.1938.
- 5(179) Bréf Íþróttafélags Reykjavíkur til borgarstjóra, dags. 17.4.1954.
- 5(180) Ályktun fundar í formannafélagi Íþróttafélags Reykjavíkur, dags. 28.7.1955.
- 5(181) Bréf til oddvita Ölfushrepps varðandi kaup og verð á Kolviðarhóli, dags. 8.8.1955.
- 5(182) Afsal Íþróttafélags Reykjavíkur til Reykjavíkurborgar á Kolviðarhóli, dags. 11.10.1955.
- 5(183) Bréf „Njálssona“ til bæjarráðs Reykjavíkur um að fá leyfi til að reisa fjallaskála í landi Kolviðarhóls í Engjadal, dags. 2.7.1960.
- 5(184) Bréf Páls Líndal til borgarráðs varðandi viðhald íbúðarhússins að Kolviðarhóli, dags. 19.7.1973.
- 5(185) Minnisblað borgarlögmans til borgarstjóra, hitaveitustjóra, borgarritara og borgarverkfræðings varðandi jarðhitaréttindi að Kolviðarhóli, dags. 11.3.1982.
- 5(186) Bréf borgarritara til Íþróttafélags Reykjavíkur varðandi kaup borgarsjóðs á jörðinni Kolviðarhóli og ágreining um hvort landspilda úr afrétti Ölfushrepps hafi fylgt með í kaupunum, dags. 19.6.1984.
- 5(187) Bréf fulltrúa borgarlögmans til borgarverkfræðings varðandi heimagrafreit að Kolviðarhóli, dags. 29.11.1999.
- 5(188) Bréf fulltrúa borgarlögmans til forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur varðandi borframkvæmdir OR í Sleggjubeinsskarði, dags. 13.12.2001.
- 5(189) Eignaryfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur á Kolviðarhóli, dags. 1.10.2003.
- 5(190) Fasteignamatsvottorð fyrir Kolviðarhól, dags. 26.5.2004.
- 5(191) Þinglýsingarvottorð fyrir Kolviðarhól, dags. 24.6.2004.
- 5(192) Greinargerð Hjörleifs B. Kvaran hrl. f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 9.11.2004.
- 5(193) Skrá yfir gögn sem lögð eru fram af Orkuveitu Reykjavíkur við 4. fyrirtöku, dags. 11.3.2005.
- 5(194) Leigusamningur milli landeigenda Hjallatorfunnar og A.C. Höyer um land í Hveradölum, dags. 18.6.1928.
- 5(195) Framlenging á leigusamningi milli landeigenda Hjallatorfunnar og A.C. Höyer um land í Hveradölum, dags. 30.10.1929.
- 5(196) Leigusamningur milli eigenda Hjallatorfunnar og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar um landspildu í Hveradölum á Hellisheiði, dags. 27.9.1947.
- 5(197) Leigusamningur milli landeiganda Núpa og Skátafélags Reykjavíkur um land undir skíðaskála, dags. 17.6.1943, ásamt uppdrætti.
- 5(198) Leigusamningur milli landeiganda Núpa og Skátafélags Reykjavíkur um land og jarðhita í suðurhlíðum Skarðsmýrarfjalls, dags. 5.6.1947, ásamt uppdrætti.

- 5(199) Leigusamningur milli landeiganda Núpa og Arent Claessen o.fl. um land undir skíðaskála á Hellisheiði, dags. 11.8.1945.
- 5(200) Samningur um námuréttindi á landamerkjum Núpa og Ytri-Þurár í Ölfusi, dags.1.6.1971.
- 5(201) Bréf Landbúnaðarráðuneytisins til Vegagerðar ríkisins vaðandi efnistöku úr Núpanámum í Ölfusi, dags. 26.4.1990.
- 5(202) Landskiptagerð milli jarðanna Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu, dags. 2.6.1982, ásamt skrá yfir fylgiskjöl varðandi landskipti Kröggólfsstaðatorfu.
- 5(203) Tilkynning sýslumanns Árnessýslu um að óskað sé eftir að gerð verði landskipti milli Kröggólfsstaða, Vatna og Þúfu, dags. 28.7.1978.
- 5(204) Afsal Aldísar Ólafsdóttur til Björns Sigurðssonar á 1/12 Kröggólfsstaða, dags. 10.1.1945.
- 5(205) Uppdráttur af landamerkjum Vatna, Kröggólfsstaða og Þúfu, ódags. Mælikvarði 1:5000.
- 5(206) Þinglýsingarvottorð Ytri-Þurár, dags. 10.3.2005.
- 5(207) Kaupsamningur, Ari Eggertsson selur Orkuveitu Reykjavíkur hluta Eystri-Þurár I, dags. 8.1.1999, ásamt uppdrætti, sjá skjal nr. 5(10).
- 5(208) Kort af Hjallatorfunni, Ölfushreppi, sem sýnir óskipt land ofan landgræðslugirðingar. Gert af verkfræðistofunni Forverk ehf. (mælikvarði 1:50.000).
- 5(209) Kort af Þóroddsstöðum, Ölfushreppi, sem sýnir landsvæði úr jörðinni Þóroddsstöðum ofan byggðar. Gert af verkfræðistofunni Forverk ehf. (mælikvarði 1:50.000).
- 5(210) Breyting á aðalkröfulínu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8.6.2005.
- 5(211) Kort sem sýnir breytta aðalkröfulínu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 6.6.2005. Gert af Maríu Thors.
- 5(212) Endurskoðuð aðalkröfugerð Orkuveitu Reykjavíkur, ásamt korti, dags. 28.9.2005.

Lagt fram af Óskari Sigurðssyni hrl. og Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl., vegna Litla-Saurbæjar I og II:

- 6 Kröfulýsing, dags. 2.6.2004.
- 6(1) Skjalaskrá, ódags.
- 6(2) Afsal Jóns Guðmundssonar til Jóns Helgasonar á hálfum Saurbæ, dags. 29.5.1936.
- 6(3) Afsal Jóns Helgasonar til Sverris Jónssonar á 17,4 ha úr Litla-Saurbæ, dags. 26.8.1953.
- 6(4) Afsal Jóns Helgasonar til Sverris Jónssonar á nokkrum spildum úr Litla-Saurbæ, dags. 14.9.1953.
- 6(5) Leyfisbréf menntamálaráðherra handa Sverri Jónssyni, dags. 3.12.1953.
- 6(6) Afsal Jóns Helgasonar til Sverris Jónssonar á Litla-Saurbæ II, dags. 24.10.1957.
- 6(7) Afsal Jóns Helgasonar til barna sinna á Litla-Saurbæ I, dags. 30.6.1975.
- 6(8) Kauptilboð Kristins Sigurðssonar í Litla-Saurbæ I, dags. 27.9.1986.
- 6(9) Afsal Ingilaugar Jónsdóttur o.fl. til Kristins Sigurðssonar á Litla-Saurbæ I, dags. 27.9.1986.
- 6(10) Veðskuldabréf Kristins Sigurðssonar, dags. 27.9.1986.
- 6(11) Yfirlýsing Ingilaugar Jónsdóttur o.fl. varðandi móttöku á greiðslu söluverðs Litla-Saurbæjar I sem seldur var Kristni Sigurðssyni, dags. 27.10.1986.
- 6(12) Afsal Kristins Sigurðssonar til Aðalsteins Karlssonar og Guðmundar Birgissonar á Litla-Saurbæ I, dags. 20.11.1987.
- 6(13) Afsal Sverris Jónssonar til Kristjáns Jónssonar á helmingi Litla-Saurbæjar II, dags. 15.12.1988.
- 6(14) Bréf Þorsteins Júlíussonar hrl. til fulltrúa sýsluskrifstofunnar á Selfossi varðandi orðalag í afsali á jörðinni Litla-Saurbæjar I, dags. 19.1.1989.

- 6(15) Kaupsamningur, Guðmundur A. Birgisson og Aðalsteinn Karlsson selja Norbert Müller og Christine Opp 10.000 m² úr landi Litla Saurbæjar I, dags. 25.4.1989.
- 6(16) Svarbréf landbúnaðarráðuneytisins til Framleiðsluráðs landbúnaðarins varðandi athugun á gögnum Litla-Saurbæjar I og II, dags. 1.8.1990.
- 6(17) Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Guðmundar Birgissonar og Steinunnar Tómadóttur, dags. 13.3.1995.
- 6(18) Yfirlýsing þinglýstra eigenda á hluta Litla-Saurbæjar I um að Sverrir Jónsson sé eigandi að heiðarlandi jarðarinnar, dags. 3.11.1998.
- 6(19) Yfirlýsing eiginmanna systra Sverris Jónssonar um að Sverrir Jónsson sé eigandi að heiðarlandi jarðarinnar Litla-Saurbæjar I, dags. 3.11.1998.
- 6(20) Bréf Framleiðsluráðs landbúnaðarins til Kristjáns Jónssonar og Sverris Jónssonar, dags. 6.11.1998.
- 6(21) Bréf Sigurðar Jónssonar hrl. til Hitaveitu Reykjavíkur varðandi kaup á landi á Hellisheiði, dags. 10.11.1998.
- 6(22) Bréf Sigurðar Jónssonar hrl. til Orkuveitu Reykjavíkur varðandi kaup á landi á Hellisheiði, dags. 26.1.1999.
- 6(23) Bréf Orkuveitu Reykjavíkur til Sigurðar Jónssonar hrl., dags. 3.2.1999.
- 6(24) Bréf Sigurðar Jónssonar hrl. til borgarlögmans varðandi land á Hellisheiði, dags. 9.2.1999.
- 6(25) Bréf Sigurðar Jónssonar hrl. til borgarlögmans, dags. 17.3.1999.
- 6(26) Viðauki við afsal Sverris Jónssonar til Kristjáns Jónssonar á helmingi Litla Saurbæjar II, dags. 17.3.1999.
- 6(27) Bréf borgarlögmans til Sigurðar Jónssonar hrl. varðandi kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut Litla-Saurbæjar I, dags. 25.3.1999.
- 6(28) Staðfesting sveitarfélagsins Ölfuss á greiðslu fjallskilagjalda, dags. 23.2.2000.
- 6(29) Uppdráttur Verkfræðistofu Suðurlands af löndum sunnan Þorlákshafnarveggar, dags. 30.7.1999 (mælikvarði 1:10.000 og 1:50.000).
- 6(30) Uppdráttur Verkfræðistofunnar Forverk ehf. af löndum úr jörðunum Ytri-Þurár, Núpum, Vatna, Kröggólfsstaða, Þúfu og Litla- og Stóra-Saurbæjar, dags. í október 1998 (mælikvarði 1:50.000).
- 6(31) Þinglýsingarvottorð fyrir Litla Saurbæ I, að undanskildum spildum, dags. 3.9.1999.
- 6(32) Þinglýsingarvottorð fyrir 10 ha spildu úr landi Litla-Saurbæjar I, dags. 13.6.2002.
- 6(33) Þinglýsingarvottorð fyrir Litla-Saurbæ II, dags. 3.9.1999.
- 6(34) Þinglýsingarvottorð fyrir Litla-Saurbæ ofan fjalls, dags. 13.6.2002.
- 6(35) Greinargerð Óskars Sigurðssonar hdl. og Guðjóns Æ. Sigurjónssonar hdl. f.h. eigenda jarðanna Litla-Saurbæjar I og II, dags. 9.11.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl., vegna Breiðabólsstaðar/Vindheima:

- 7 Kröfufylsing, dags. 24.5.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. v/ eigenda Selvogs- og Ölfusafreita, jarða Hjallatorfunnar, Breiðabólsstaðar/Vindheima og jarða Strandarkirkju, sjá skjal nr. 10(19).
- 7(1) Afsal Halldórs Magnússonar til Sandgræðslu Íslands á afgirtu landi Vindheima, dags. 29.12.1945.
- 7(2) Kaupsamningur, Halldór Magnússon selur O.J. Olsen Vindheima með Breiðabólsstað, dags. 30.3.1947.
- 7(3) Veðbókarvottorð Breiðabólsstaðar og Vindheima, dags. 22.2.1947.
- 7(4) Bréf oddvita Ölfushrepps til Halldórs Magnússonar, dags. 20.2.1947.
- 7(5) Samkomulag Sigurðar Þórðarsonar og Halldórs Magnússonar um landamerki, dags. 8.1.1939.
- 7(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Breiðabólsstað, dags. 2.6.2004.
- 7(7) Þinglýsingarvottorð fyrir Vindheima, ódags.

- 7(8) Útprintun af færslum fyrir Breiðabólstað II (landnr. 172257) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 7(9) Útprintun af færslum fyrir Breiðabólstað (landnr. 171690) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 7(10) Afnotasamningur um malarnám úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, dags. 9.7.1998.
- 7(11) Afnotasamningur um malarnám úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, dags. 22.5.2001.
- 7(12) Afstöðumynd af námasvæði í Lambafelli.
- 7(13) Reikningur og greiðslufirlit vegna greiðslna frá Jarðvélum sf. árið 2004.
- 7(14) Afstöðumynd af námasvæði í Sandfelli.
- 7(15) Reikningar, greiðslufirlit og bankayfirlit vegna greiðslna frá Magnúsi Sigurðssyni, Þorlákshöfn, vegna malartöku í Sandfelli 2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl., vegna Selvogs- og Ölfusafréttu:

- 8 Kröfúlýsing, dags. 3.6.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. v/ eigenda Selvogs- og Ölfusafréttu, jarða Hjallatorfunnar, Breiðabólstaðar/Vindheima og jarða Strandarkirkju, sjá skjal nr.10(19).
- 8(1) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi um mörk á Mosfellsheiði, milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I í Mosfellsbæ hins vegar, dags. 11.4.1991.
- 8(2) Landamerkjabréf um mörk milli Grafningshrepps og Ölfushrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og Miðdals I hins vegar, ásamt upprætti (mælikvarði 1:25.000), dags. 23.1.1991.
- 8(3) Lóðarleigusamningur um skála Víkings í Sleggjubeinsskarði, dags. 11.5.1983, ásamt fylgigögnum.
- 8(4) Útprint úr Landskrá fasteigna fyrir Sleggjubeinsdal, Þorlákshöfn, dagbókarvettvangur, ódags.
- 8(5) Afsal vegna skíðaskála, Sleggjubeinsdal, dags. 20.1.2003.
- 8(6) Lóðarleigusamningur um skála Vals, dags. 20.12.1999.
- 8(7) Útprint úr Landskrá fasteigna fyrir Sleggjubeinsdal, Þorlákshöfn, dagbókarvettvangur, ódags.
- 8(8) Kaupsamningur um Skíðaskálann í Hveradölum, dags. 7.3.1995.
- 8(9) Afsal um skíðaskálann í Hveradölum, mótt. til þingl. 15.9.1995.
- 8(10) Útprint úr Landskrá fasteigna fyrir Hveradali, Skíðaskála 17, Þorlákshöfn, dagbókarvettvangur, ódags.
- 8(11) Afsal um Litlu Kaffistofuna, dags. 7.10.1992.
- 8(12) Útprint úr Landskrá fasteigna fyrir Litlu Kaffistofuna, Þorlákshöfn, dagbókarvettvangur, ódags.
- 8(13) Yfirlýsing um lóð skíðadeildar Fram í Eldborgargili, dags. 15.3.1989.
- 8(14) Spjald úr Þinglýsingarbók fyrir „lóð í Eldborgargili, Bláfjöllum“.
- 8(15) Samningur um lóð og skála Alpýðubandalagsins, dags. 29.3.1983.
- 8(16) Lóðarsamningur um lóð Alpýðubandalagsins, dags. 15.8.1982.
- 8(17) Spjald úr Þinglýsingarbók fyrir „lóð úr afréttarlandi“ skáli Æskulýðsnefndar Alpýðubandalagsins, Fylkingunni.
- 8(18) Efnistökusamningur Ölfushrepps og Valar hf. í Bolöldu (norðausturjaðri Vífilsfells), dags. 6.3.1995.
- 8(19) Greinargerð eftir Sigfinn Snorrason jarðfr., athugun í Bolöldunámu, dags. 30.4.1996, ásamt korti.
- 8(20) Eftirlit með námuvinnslu í Bolöldu, dagbók (1995-1996).
- 8(21) Efnistökusamningur milli sveitarfélagsins Ölfuss og Bolaldna ehf., dags. 2.4.2001.
- 8(22) Yfirlit yfir tekjur af malarnámum í Ölfushreppi 1995.
- 8(23) Bréf Stjórnarráðs Íslands til sýslumanna um afrétti, dags. 29.12.1919.
- 8(24) Lýsing St. Steindórssonar hreppstjóra á afrétti Ölfusinga, dags. 28.2.1920.

- 8(25) Lýsing Jónasar Halldórssonar á almenningum Þingvallahrepps, dags. 16.3.1920.
- 8(26) Lýsing Kolbeins Guðmundssonar á almenningum í Grafningshreppi, dags. 8.4.1920.
- 8(27) Gerðabók Ölfushrepps, landamerki Þurár og Núpa, dags. 4.8.1970.
- 8(28) Gerðabók Ölfushrepps, landmerki Þurár og Núpa og afréttarlínan, dags. 2.12.1970.
- 8(29) Endurrit úr aukadómþingsbók Árnæssýslu, sátt um landamerki milli Núpa og Þurárjarða, dags. 4.12.1970, ásamt korti með innsettum landamerkjálnum.
- 8(30) Sveitarbók Selvogshrepps, ársreikningar 1938-1942, skálaleiga.
- 8(31) Kvittun Bjarna Jónssonar fyrir skálaleigu í Jósepsdal árin 1939-1940, dags. 2.2.1941.
- 8(32) Sveitarbók Selvogshrepps, ársreikningar 1968-1988, landleiga o.fl.
- 8(33) Samningur milli skíðadeildar Ármanns og hreppsnefndar Selvogshrepps um Jósefsdal og Bláfjöll, dags. 25.2.1968.
- 8(34) Bréf Ásgeirs og Magnúsar Eyjólfssona um byggingarleyfi skála við Ólafsskarð, dags. 1.6.1946.
- 8(35) Samþykkt hreppsnefndar um byggingu skála við Ólafsskarð, dags. 28.7.1946.
- 8(36) Bréf um skálabyggingu milli Sauðadalshnúka (Dverghamar), dags. 28.5.1946.
- 8(37) Samþykkt hreppsnefndar um skála í Sauðadalshn. 1961 (Dverghamar endurgerður?), dags. 22.11.1961.
- 8(38) Æskulýðsfylkingin í Reykjavík fær leyfi til að byggja skála, dags. 14.10.1947.
- 8(39) Bréfaskrif Æskulýðsfylkingarinnar í Reykjavík til oddvita Ölfushrepps, skömmtunarskrifstofu ríkisins, skömmtunarstjóra og félagsmanna vegna skála í Sauðadölum, dags. 7.10.1947, 4.12.1947, 18.2.1948 og 1.4.1948.
- 8(40) Lóðarsamningur, Ölfushreppur leigir Æskulýðsnefnd Alþýðubandalagsins lóð úr afrétti Ölfushrepps, dags. 15.8.1982.
- 8(41) Samþykkt um byggingu skála í Innstadal, dags. 6.6.1944.
- 8(42) Leigusamningur milli Þórarins Björnssonar og hreppsnefndar Ölfushrepps um leigu á landspildu á skála, dags. 14.5.1945.
- 8(43) Beiðni um leyfi til að byggja skála í Innstadal, ódags., með staðsetningu merka á korti.
- 8(44) Beiðni nokkurra manna fyrir skála í Innstadal, dags. 11.7.1949.
- 8(45) Samþykkt fyrir byggingu skála í Innstadal, dags. 19.10.1949.
- 8(46) Heimild til skálabyggingar í Innstadal, dags. 30.11.1954.
- 8(47) Heimild til skálabyggingar í Innstadal, dags. 15.10.1954.
- 8(48) Lóðarsamningur um lóð úr afréttarlandi Ölfusinga, dags. 20.12.1997.
- 8(49) Lóðarsamningur um lóð úr afréttarlandi sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 2.10.2002.
- 8(50) Stofnskjal Vallarbrautar, dags. 6.10.2002.
- 8(51) Bréf Skíðafélagsins Þeysis til sveitarstjóra Ölfushr. Varðandi Hreysi í Innstadal, dags. 31.10.1994 (lóðarleigusamningur, dags. 15.3.1983 er fylgiskjal).
- 8(52) Bréf Ólafs Björnssonar hrl. til óbyggðanefndar þar sem framlögð gögn eru tilgreind, dags. 8.3.2005.
- 8(53) Bréf Náttúruverndarráðs til Skipulags ríkisins um byggingu skála í Innstadal, dags. 28.10.1982.
- 8(54) Bréf Náttúruverndarráðs til hreppsnefndar Ölfushrepps um leyfisveitingu Skipulags ríkisins fyrir byggingu skála í Innstadal, dags. 14.12.1982, ásamt lögum um náttúruvernd nr. 47/1971.
- 8(55) Hveragerðishreppi er heimiluð brunataka í afrétti austan Reykjafells, dags. 1.9.1975.

- 8(56) Leyfi veitt fyrir Litlu kaffistofunni, (fundargerð úr gerðabók hreppsnefndar Ölfushrepps 1956-1970) dags. 12.5.1960.
- 8(57) Beiðni Fasteignamiðstöðvarinnar til Ölfushrepps um leyfi til yfirtöku á leigulóð Litlu kaffistofunnar, dags. 10.2.1982.
- 8(58) Beiðni eigenda Litlu kaffistofunnar um að fá viðbótarlóð til leigu, dags. 8.9.1982.
- 8(59) Fundargerð hreppsnefndar Ölfushrepps, fjallað er um samningsuppkast um efnistöku í afrétti, dags. 14.02.1967.
- 8(60) Fundargerð hreppsnefndar Ölfushrepps, samþykktur er einkaréttur til efnistöku úr Eldborgum, dags. 5.8.1968.
- 8(61) Fundargerð hreppsnefndar Ölfushrepps, fjallað er um einkarétt Samtaka vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi til efnistöku í afrétti, dags. 30.5.1970.
- 8(62) Samningur milli hreppsnefndar Ölfushrepps og Samtaka vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi um fyllingarefni o.fl. í afrétti Ölfushrepps, dags. 4.7.1969.
- 8(63) Leigusamningur. Vörubifreiðastjórar í Ölfushreppi taka á leigu malarnám í afrétti Ölfushrepps, dags. 20.6.1969.
- 8(64) Fundargerð hreppsnefndar Ölfushrepps, leigusamningur vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi um malarnám í afrétti Ölfushrepps samþykktur, dags. 27.6.1969.
- 8(65) Efnistökusamningur milli hreppsnefndar Ölfushrepps og Samtaka vörubifreiðastjóra í Ölfushreppi um efni í efnisnámmum Ölfushrepps, dags. 1985.
- 8(66) Staðfesting Valar hf. um afnot af landi til efnistöku í Bolaöldum, dags. 6.5.1993.
- 8(67) Efnistökusamningur milli Ölfushrepps og Jarðefnaiðnaðar ehf. um efnistöku í Lambafelli, dags. 1.2.2005.
- 8(68) Leigusamningur milli sveitarfélagsins Ölfuss og Árvéla sf. um námu og efnistökurétt í og við Lambafell, dags. 1999, ásamt bréfi Árvéla til Sveitarfélagsins Ölfus um málefni Árvéla sf. og efnistöku, ódags.
- 8(69) Bréf um starfsemi og samninga Árvéla sf. í og við Lambafell, dags. 3.6.1999, 5.7.1999, 18.6.1999 og 18.6.1999.
- 8(70) Leigusamningur eigenda nokkurra jarða í Ölfusi og óstofnaðs einkahlutafélags Námafis ehf. um námu og efnistökurétt í og við Lambafell, dags. maí 1999, ásamt uppdráttum.
- 8(71) Reikningar yfir tekjur og gjöld sveitarsjóðsins í Ölfushreppi árin 1902-1904.
- 8(72) Skýringar við jafnaðarreikning Ölfuss árin 1914-1915 og 1915-1916.
- 8(73) Bréf oddvita Ölfushrepps til rekstrarnefndar Kolviðarhóls vegna beiðni um aukið landrými, dags. 20.1.1953.
- 8(74) Beiðni um útvísun nýbýlis undir Reykjafelli 1872-75, - varð ekki, ásamt uppskriftum frá Þjóðskjalasafni Íslands (sjá nánari skýringar í skilabréfi ÞÍ, a-c, dags. 11.1.2005).
- 8(75) Beiðni um útvísun nýbýlis við Kolviðarhól 1884-85, - varð ekki.
- 8(76) Bréf Landgræðslu ríkisins til Ölfushrepps varðandi aðstöðu í Marardal, dags. 2.7.1986.
- 8(77) Bréf Búnaðarfélags Íslands til Landgræðslu ríkisins varðandi skoðunarferð í Marardal í Ölfusafretti, dags. 30.6.1986.
- 8(78) Minnisblað Landmælinga Íslands um hvernig landamörk jarða á Helligheiði séu dregin upp á uppdrátt eftir landamerkjabréfum og öðrum gögnum, dags. 28.9.1971, ásamt uppdraetti.
- 8(79) Ljósmyndir teknar af Birni Pálssyni síðla árs 2001 af Raufarbergi o.fl.
- 8(80) Bréf rekstrarnefndar Kolviðarhóls til hreppsnefndar Ölfushrepps varðandi endurbyggingu Kolviðarhóls, dags. 28.11.1952.
- 8(81) Bréfaskrif Friðþjófs Karlssonar og Hermanns Eyjólfssonar hreppstjóra varðandi leyfi til efnistöku í Svínahrauni og nágrenni, dags. 6.7.1963, 13.7.1963, 19.7.1963 og 9.3.1965.

- 8(82) Fundargerð sýslunefndar Árnassýslu varðandi nýtingu Reykvíkings o.fl. á afrétti Árneseinga, dags. 22.5.1877.
- 8(83) Fundargerð sýslunefndar Árnassýslu varðandi styrk til sæluhúshalds á Kolviðarhóli, dags. 20.-23.4.1885.
- 8(84) Fundargerð sýslunefndar Árnassýslu varðandi styrkt til Kolviðarhóls, dags. 13.4.1886.
- 8(85) Bréf til sýslunefndar Árnassýslu varðandi sæluhúshald á Kolviðarhóli, dags. 8.4.1886.
- 8(86) Fundargerðir hreppsnefndar Árnassýslu varðandi beiðni Boga A. Þórðarsonar til að nýta ölkeldu í Ölfusafirétti, dags. 30.11.1934 og 24.10.1937, ásamt uppdrætti.
- 8(87) Skrá Björns Pálssonar yfir gögn sem Ólafur Björnsson hrl. lagði fram við 4. fyrirtöku.
- 8(88) Fundargerð sýslunefndar Árnassýslu varðandi styrk til Kolviðarhóls, dags. 17.4.1895.
- 8(89) Upplýsingar og athugasemdir um Ölfusafirétt, tekið saman af Birni Pálssyni héraðsskjalaverði, dags. 14.3.2005.
- 8(90) Fundargerð hreppsfundar 30.10.1954, þar sem m.a. er fjallað um bann við rjúpnaveiðum á Ölfusafirétti.
- 8(91) Reikningur frá Bolaöldum ehf. til Vegagerðar Reykjanesumdæmis vegna reiðstígaefnis, kr. 23.630,- dags. 31.1.2004.
- 8(92) Breyting á kröfugerð sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 27.9.2005.
- 8(93) Sveitarfélagið Ölfus. Aðalskipulag 2002-2014, ásamt aðalskipulagskortu, dags. 25.9.2004.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl., vegna Bjarnastaða, Bakka I, Bakka II, Þorgrímsstaða, Hjallakróks, Lækjar, Hjalla og Gerðakots:

- 9 Kröfulýsing, dags. 24.5.2004. Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl. v/ eigenda Selvogis- og Ölfusafirétta, jarða Hjallatorfunnar, Breiðabólstaðar/Vindheima og jarða Strandarkirkju, sjá skjal nr.10(19).
- 9(1) Afsal Þorvaldar Sigurðssonar til barna sinna á Bakka, dags. 31.12.1951.
- 9(2) Leyfisbréf handa Finnboga G. Vikar til setu í óskiptu búi, dags. 7.5.2004.
- 9(3) Útrentun af færslum fyrir Bakka I (landnr. 171678) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(4) Útrentun af færslum fyrir Bakka I (landnr. 171679) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(5) Útrentun af færslum fyrir Bakka I, leigulóð (landnr. 193186) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(6) Útrentun af færslum fyrir Bakka I, lóð (landnr. 171680) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(7) Útrentun af færslum fyrir Bakka I, lóð (landnr. 195722) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(8) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakka að undantöldum spildum, ódags.
- 9(9) Útrentun af færslum fyrir Bakka II (landnr. 171681) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(10) Útrentun af færslum fyrir Bakka II, lóð (landnr. 171684) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(11) Útrentun af færslum fyrir Bakka II, lóð (landnr. 172296) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(12) Útrentun af færslum fyrir Bakka II, lóð (landnr. 192586) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(13) Þinglýsingarvottorð fyrir Bakka II, dags. 2.6.2004.
- 9(14) Útrentun af færslum fyrir Bjarnastaði (landnr. 171686) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(15) Útrentun af færslum fyrir Bjarnastaði (landnr. 171687) af heimasíðu

- Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(16) Útþrentun af færslum fyrir Bjarnastaði II (landnr. 171688) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(17) Þinglýsingarvottorð fyrir Bjarnastaði (landnr. 171687), dags. 2.6.2004.
- 9(18) Útþrentun af færslum fyrir Hjallakrók (landnr. 171717) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(19) Útþrentun af færslum fyrir Hjallakrók (landnr. 171720) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(20) Útþrentun af færslum fyrir Hjallakrók, lóð (landnr. 171719) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(21) Þinglýsingarvottorð fyrir Krók (Hjallakrók), að undantöldum spildum og jarðhitarétti, ódags.
- 9(22) Þinglýsingarvottorð fyrir Krók, ódags.
- 9(23) Útþrentun af færslum fyrir Hjalla (landnr. 171721) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, ódags.
- 9(24) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjalla, dags. 2.6.2004.
- 9(25) Útþrentun af færslum fyrir Læk I (landnr. 190234) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(26) Þinglýsingarvottorð fyrir Læk, ódags.
- 9(27) Útþrentun af færslum fyrir Gerðakot (landnr. 171703) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(28) Útþrentun af færslum fyrir Gerðakot (landnr. 173435) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(29) Útþrentun af færslum fyrir Gerðakot, lóð (landnr. 172258) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(30) Þinglýsingarvottorð fyrir Gerðakot (landnr. 171703), dags. 2.6.2004.
- 9(31) Útþrentun af færslum fyrir Þorgrímsstaði (landnr. 171819) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(32) Útþrentun af færslum fyrir Þorgrímsstaði, spilda I (landnr. 194356) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(33) Útþrentun af færslum fyrir Þorgrímsstaði, spilda II (landnr. 194357) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(34) Útþrentun af færslum fyrir Þorgrímsstaði, spilda III (landnr. 194358) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(35) Útþrentun af færslum fyrir Þorgrímsstaði, spilda IV (landnr. 194359) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 9(36) Þinglýsingarvottorð fyrir Þorgrímsstaði, að undantalinni spildu, ódags.
- 9(37) Loftmyndir með áteiknuðum línum jarða Hjallatorfunnar. Gert af Verkfræðistofu Suðurlands ehf.
a.) Mörk jarða og kröfulínur ríkisins, dags. 7.6.2004 (mælikvarði 1:50.000).
b.) Þverlína, dags. 8.3.2005 (mælikvarði 1:20.000)
c.) Mörk afréttar og kröfulínu ríkisins, dags. 8.3.2005 (mælikvarði 1:50.000).
- 9(38) Afsal Starfsmannafélags Landssmiðjunnar til Stúdentaráðs HÍ á skála í landi Hjallatorfu, dags. 24.1.1949.
- 9(39) Spjald úr Þinglýsingabók fyrir „Spildu í Hveradölum, úr Hjallatorfunni“.
a-b
- 9(40) Afsal Menntaskólans í Reykjavík til Skátafélagsins Dalbúa á Skála og lóðarréttindum úr Hjallatorfunni, dags. 3.1.1975.
- 9(41) Útþrent úr Landskrá fasteigna fyrir Hveradali, Þorlákshöfn, dagbókarvettvangur, ódags.
- 9(42) Afsal Jóns H. Jónssonar til Jóns Ögmundssonar á Krók, dags. 16.4.1991, hluti af skjali nr. 5(150).

- 10 Kröfulýsing, dags. 24.5.2004.
- 10(1) Afsal Vilhjálms Ámundssonar til sjóðs Strandarkirkju á húsum á jörðinni Vogsósum, dags. 17.11.1930.
- 10(2) Leigusamningur milli sýslumannsins í Árnessýslu og Stangveiðifélagsins Stakkavík um jarðirnar Stakkavík og Hlíð, dags. 7.2.1978.
- 10(3) Sameignarsamningur milli féлага í Stangveiðifélaginu Stakkavík varðandi hús félagsins í Stakkavík, dags. 15.3.1986.
- 10(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Hlíð, dags. 2.6.2004.
- 10(5) Þinglýsingarvottorð fyrir Stakkavík, dags. 2.6.2004.
- 10(6) Þinglýsingarvottorð fyrir Vogsósa, dags. 2.6.2004.
- 10(7) Útrentun af færslum fyrir Stakkavík (landnr. 171803) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(8) Útrentun af færslum fyrir Stakkavík (landnr. 172283) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(9) Útrentun af færslum fyrir Stakkavík lóð (landnr. 172284) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(10) Útrentun af færslum fyrir Stakkavík lóð (landnr. 172285) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(11) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa I (landnr. 171815) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(12) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa II (landnr. 171816) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(13) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa lóð (landnr. 172288) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(14) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa lóð (landnr. 172289) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(15) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa lóð (landnr. 172290) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(16) Útrentun af færslum fyrir Vogsósa lóð (landnr. 172291) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(17) Útrentun af færslum fyrir Hlíð (landnr. 171723) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(18) Útrentun af færslum fyrir Hlíð lóð (landnr. 172261) af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 19.5.2004.
- 10(19) Greinargerð Ólafs Björnssonar hrl.v/ eigenda Selvogs- og Ölfusafrétta, jarða Hjallatorfunnar, Breiðabólstaðar/Vindheima og jarða Strandarkirkju.
- 10(20) Leigusamningur milli kirkjuráðs og Stangveiðifélagsins Stakkavík um eyðijarðirnar Stakkavík og Hlíð í Selvogi, dags. 9.4.2003.

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl., vegna Herdísarvíkur:

- 11 Kröfulýsing, dags. 1.6.2004.
- 11(1) Skjalaskrá, dags. 1.6.2004.
- 11(2) Kort sem sýnir kröfulínur Herdísarvíkur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 11(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Herdísarvík, dags. 25.6.2004.
- 11(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Herdísarvík, dags. 9.3.2005.

Lagt fram af Jörundi Gauksyni hdl., vegna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjarrs, Grænhóls og Hlíðartungu:

- 12 Kröfulýsing, dags. 10.6.2004.
- 12(1) Greinargerð Jörundar Gaukssonar hdl. f.h. eigenda jarðanna Sandhóls, Kross, Kröggólfsstaða, Vatna, Þúfu, Kjarrs, Grænhóls og Hlíðartungu, dags. 7.11.2004.
- 12(2) Bréf Jörundar Gaukssonar hdl. vegna aðildar eiganda Ósgerðis í máli 6/2004

hjá óbyggðanefnd, dags.15.2.2005.

Lagt fram af Jóhannesi Karli Sveinssyni hrl., vegna eignarlands ÍR í Ölfusi:

- 13 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 13(1) Kort sem sýnir kröfulínum Ípróttafélags Reykjavíkur um eignarland. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni, landfr. (mælikvarði 1:50.000).
- 13(2) Loftmynd með áteiknuðum línnum lands Ípróttafélags Reykjavíkur. Gert af Verkfræðistofu Suðurlands ehf. (mælikvarði 1:15.000).
- 13(3) Afsal Valgerðar Þórðardóttur til Ípróttafélags Reykjavíkur á Kolviðarhóli, dags. 10.4.1938.
- 13(4) Afsal Ípróttafélags Reykjavíkur til bæjarsjóðs Reykjavíkur á Kolviðarhóli, dags. 11.10.1955.
- 13(5) Beiðni Landsvirkjunar um samþykki Ípróttafélags Reykjavíkur fyrir framkvæmdum við Búrfellslínu, ásamt uppdrætti, dags. 11.7.1997.
- 13(6) Lóðaleigusamningur milli Ípróttafélags Reykjavíkur og íslenska farsímafélagsins ehf. um landsspildu í Skarðsmýrarfjalli, ásamt fylgigögnum, dags. 15.10.1997.
- 13(7) Lóðaleigusamningur milli Ípróttafélags Reykjavíkur og Landsíma Íslands um 35 m² húsnæði á landareign Ípróttafélags Reykjavíkur, ásamt fylgigögnum, dags. 28.9.2000.
- 13(8) Beiðni Ípróttafélags Reykjavíkur um heimild stjórnar Ípróttafélags Reykjavíkur til að setja niður aðstöðu, dags. 27.10.2000.
- 13(9) Lóðarleigusamningur milli Ípróttafélags Reykjavíkur og Línu.Net/IRJA um not 35 m² svæðis á Skarðsmýrarfjalli á Hellisheiði, ásamt fylgigögnum, dags. 23.11.2000.
- 13(10) Viðauki við lóðarleigusamning, dags. 15.10.1997, milli Ípróttafélags Reykjavíkur og Og fjarskipta, dags. 29.9.2003.
- 13(11) Kort aðalskipulags sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Gert af Landmótun (mælikvarði 1:50.000), dags. 25.9.2003.
- 13(12) Skýringarkort um landamerki og eignarhald á landi með aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Gert af Landmótun (mælikvarði 1:125.000), dags. 3.3.2004.
- 13(13) Umfjöllun um skíðadeild Ípróttafélags Reykjavíkur í afmælisblaði félagsins 1907-1997, gefið út 1997.
- 13(14) Umfjöllun um skíðadeild Ípróttafélags Reykjavíkur á heimasíðu félagsins, dags. 23.4.2003., prentað út 3.6.2004.
- 13(15) Fasteignamatsvottorð fyrir Hamragil, dags. 3.6.2004.
- 13(16) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðsmýrarfjall (landnr. 187657), dags. 3.6.2004.
- 13(17) Fasteignamatsvottorð fyrir Skarðsmýrarfjall (landnr. 195004), dags. 3.6.2004.
- 13(18) Þinglýsingarvottorð fyrir land Í.R. úr Afrétti Ölfushrepps, dags. 3.6.2004.
- 13(19) Greinargerð Jóhannesar K. Sveinssonar hrl. f.h. ÍR, dags. 9.11.2004.
- 13(20) Bréf ÍR til Reykjavíkurborgar, dags. 4.8.1955, ásamt fylgiskjali.
- 13(21) Minnisblað skrifstofu borgarstjóra um Kolviðarhól, dags. 25.4.1979.
- 13(22) Samningur ÍR og Orkuveitu Reykjavíkur vegna Hellisheiðarvirkjunar, dags. 21.11.2003.
- 13(23) Samningur ÍR og Orkuveitu Reykjavíkur um efnisnám í Hamragili, dags. 23.6.2004.
- 13(24) Skrá yfir skjöl sem lögð voru fram vegna eignarlands ÍR í Ölfusi við 4. fyrirtöku, dags. 11.3.2005.
- 13(25) Endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík vegna fjárnáms í landi ÍR, dags. 27.4.2000.
- 13(26) Tilkynning Tollstjóraembættisins um fjárnám í landi ÍR, dags. 28.4.2000.
- 13(27) Beiðni Tollstjóraembættisins um nauðungarsölu á landi ÍR, dags.

- 15.12.2000.
- 13(28) Tilkynning sýslumannsins á Selfossi um nauðungarsölu á landi ÍR, dags. 7.8.2001.
- 13(29) Þinglýst yfirlýsing um kvöð á landi ÍR vegna línulagningar Landsvirkjunar, dags. 20.3.2001, ásamt samþykki ÍR sem eiganda.
- 13(30) Kvittun vegna greiðslu Landsvirkjunar á bótum til ÍR vegna línulagningar á landi ÍR, dags. 4.2.2000.
- 13(31) Reikningur vegna leigu ÍR á hluta lands síns til Línu.Net, dags. 2.10.2002.
- 13(32) Reikningur vegna leigu ÍR á hluta lands síns til Landsíma Íslands hf., dags. 7.10.2003.
- 13(33) Reikningur vegna leigu ÍR á hluta lands síns til Og fjarskipta hf., dags. 7.10.2003.
- 13(34) Reikningur vegna efnisnáms Orkuveitu Reykjavíkur á landi ÍR, dags. 7.12.2004.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl, vegna Landsvirkjunar:

- 14 Kröfulýsing, dags. 3.6.2004.
- 14(1) Kort sem sýnir raforkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi 2004.
- 14(2) Viðbætur á kröfulýsingu, frekari skýringar á legu háspennulína, ásamt skýringarkorti, dags. 21.4.2006.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 15 Yfirlitskort – Aðalkröfur. Mál nr. 6/2004 Ölfus. Tvö kort, annað í mælikvarða 1:50.000 og hitt í 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
- 16 Yfirlitskort – Varakröfur. Mál nr. 6/2004 Ölfus. Mælikvarði 1:100.000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila.
- 17 Greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar í Ölfusi, dags. 10.9.2004.
- 18 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í Ölfusi, dags. 11.7.2005.
- 19 (1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 14.9.2004.
- 19(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 12.10.2004.
- 19(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.11.2004.
- 19(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 11.3.2005.
- 19(5) Fundargerð aðalmeðferðar, 15.-18. mars 2005.
- 19(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 11.5.2006.
- 20 Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 10.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.
- 20(1) Svarbréf fjármálaráðherra við fyrirspurn óbyggðanefndar, dags. 28.3.2006, varðandi þjóðlendukröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins og ríkisjarðir.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Landnám Ingólfs eftir Guðna Jónsson, bls. 12-15.
- Ónr. Grein um örnefni á afrétti Hjallasóknar eftir Eirík Einarsson, bls. 6-15.
- Ónr. Lýsing Arnarbælisþinga 1840 eftir séra Jóna Matthíasson, bls. 79-89.
- Ónr. Úr lýsingu Árnessýslu 1746 eftir Brynjólf Sigurðsson, sýslumann, bls. 21-23.


- Ónr. Úr lýsingu Árnæssýslu 1842 eftir Pál Melsteð, sýslumann, bls. 35-39.
- Ónr. Descriptio Ölveshrepps anno 1703 eftir Hálf dán Jónsson, lögréttumann, bls. 1-19.
- Ónr. Lýsing Þingvallaprestakalls 1940 eftir Björn Pálsson, bls. 68-69 (Landnám Ingólfs 1937).
- Ónr. Lýsing Selvogspinga 1840 eftir séra Jón Vestmann, bls. 95-97, 104-111 og 120-121.
- Ónr. Árbók F.Í. 1984.
- Ónr. Göngur og réttir II. b. bls. 300-315.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl., vegna Selvogs- og Ölfusafrétta:


- Ónr. Í Árneshpingi vestanverðu eftir Þór Vigfússon í Árbók FÍ 2003, bls. 17-36.
- Ónr. Saga Kolviðarhóls. Skúli Helgason tók saman. Selfoss. 1959, bls. 106-117.
- Ónr. Árneshingur V. Sögufélag Árneshinga 1998, bls. 72-77.
- Ónr. Um afrétti og almenninga. Gaukur Jörundsson (erindi), bls. 12-19.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Lyfrd. eldri V: 137 og 471. Hraun.
- Ónr. Hrd. 1996: 2848, mál nr. 256/1995. Mörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi (Bláfjallamál). Skjalaskrár úr máli nr. 256/1995.
- Ónr. Hrd. nr. 372/2000. Litli-Saurbær. Skjalaskrár úr máli er varða Saurbæ (héraðsdómur).
- Ónr. Einar Arnórsson: Árneshping á landnáms- og söguöld, bls. 217-218.
- Ónr. Skúli Helgason: Saga Kolviðarhóls, bls. 19, 79-80, 108-109.
- Ónr. Sýslu- og sóknalýsingar. Árnæssýsla, bls. 18, 29, 174, 182, 195-197, 201, 203, 205, 211, 219, 220, 236, 239-241, 246, 250.
- Ónr. Þór Vigfússon: Í Árneshpingi vestanverðu, bls. 35, 52, 64-67, 83-85, 98, 157.
- Ónr. Skýrslur í máli 6/2004 hjá óbyggðanefnd, (46 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).



2, 3, 4, 5 og 6/2004



rikisins um þjóðlendumörk.
 eignarréttindi.
 ana jarða innan þjóðlendu
 ndar

0 5 10 km

Dags. 29.5.06

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur
 © Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

